Hæstaréttardómar 1940

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XI. BINDI
1940

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXLI

Reglulegir dómarar hæstaréttar 1940.

Þórður Eyjólfsson. Forseti dómsins frá 1. jan. 1940 til 31. ágúst s. á.

Gizur Bergsteinsson. Forseti dómsins frá 1. september 1940 til 31. desember s. á.

Einar Arnórsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Valdstjórnin gegn Axel Ármann Þorsteinssyni. Ólögleg áfengissala	12/1	1
2.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Steingrími Guðmundssyni. Líkamsárás	12/1	5
3.	Valdstjórnin gegn Berent Karli Berentssyni. Ólögleg áfengissala	15/1	11
4.	Valdstjórnin gegn Þorsteini Guðmundssyni. Ölvun við bifreiðarakstur	15/1	16
5.	Jón E. Waage gegn Síldarbræðslunni h/f Seyðisfirði. Sókn til efnda á loforði um framlagningu hlutafjár	19/1	21
6.	Valdstjórnin gegn Þorsteini Guðmundssyni. Ölvun við bifreiðarakstur	19/1	25
7.	Guðmundur Pétursson gegn eigendum og vátryggjendum e/s „Stabil“ og gagnsök. Bætur fyrir tjón af árekstri skipa	22/1	32
8.	Jóhannes Kristjánsson gegn Ingibjörgu Jóhannsdóttur. Meiðyrðamál	24/1	40
9.	Steindór Gunnarsson gegn Félagsprentsmiðjunni s/f og gagnsök. Ómerking héraðsdóms og heimvísun	26/1	44
10.	Réttvísin gegn Vagni Péturssyni. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar og heimvísun sakar	29/1	56
11.	Réttvísin gegn Sigurði Thórarensen og Þorkeli Steinssyni. Brot í sýslan	31/1	59
12.	Geir Pálsson gegn Garðari Þorsteinssyni. Útivistardómur	31/1	69

		Dómur	Bls.
13.	Þórhallur Arnórsson gegn Carli D. Tulinius. Útivistardómur	3½	70
14.	Valdstjórnin gegn Ásgeiri Ásmundssyni. Ólögleg áfengissala	½	70
15.	Halldór Sveinsson gegn Nancy Sigurðsson og gagnsök. Dánarbótamál	½	76
16.	Ingibjörg Bjarnadóttir gegn Gunver E. Limkær. Ómerking héraðsdóms og heimvísun sakar	½	82
17.	Útibú Útvegsbanka Íslands á Akureyri gegn Lárusi Þ. Blöndal og Ásgeiri Bjarnasyni. Kærumál. Ómerking frávísunardóms og heimvísun sakar	1½	87
18.	Landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Ara Páli Hannessyni. Ómerking héraðsdóms og matsgerðar. Vísun sakar frá héraðsdómi	1½	91
19.	Svínvetningabrautarfélagið gegn Karli Helgasyni. Lögtaksmál	1½	98
20.	Bæjarsjóður Reykjavíkur gegn Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi og Bifreiðaeinkasölu ríkisins. Ágreiningur um réttindi yfir bifreið	1½	104
21.	Eggert M. Bachmann og Landsbanki Íslands gegn Ívari Ívarssyni. Mál um forkaupsrétt leigulíða	1½	108
22.	Lárus Fjeldsted f. h. eiganda og skipshafnar b/v St. Malo gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Skaðabótamál vegna togaratöku	2½	115
23.	Shell á Íslandi h/f gegn Sturlu Vilhjálmssyni og gagnsök. Mál til greiðslu slysabóta	2½	122
24.	Daniel Jacobsen gegn Helga Benediktssyni. Kaupeftirstöðvar sjómanns	2½	136
25.	Íslenzk-rússneska verzlunarfélagið gegn síldarútvegsnefnd. Umboðslaun fyrir síldarsölu	2½	146
26.	Steindór Hjaltalín og Snorri Stefánsson gegn H/f Hugin og gagnsök. Skaðabótakrafa vegna samningsrofa	2½	153

		Dómur	Bls.
27.	Benedikt Benediktsson gegn Sigurði Ólasyni f. h. skrifstofu rikisspítalanna. Útivistardómur	2⅝	163
28.	Andersen & Lauth h/f gegn Franz Jezorski. Útivistardómur	2⅝	163
29.	Valdstjórnin gegn Sigurði Jónssyni. Ölvun við bifreiðarakstur	⅜	164
30.	Hjalti Benónýsson gegn Þóru Guðmundsdóttur. Barnsfaðernismál	⅝	168
31.	Alfred Nielsen gegn Camillu Petersen. Barnsfaðernismál	1⅛	174
32.	Gunnar Ólafsson gegn Kristjáni Linnet. Meiðyrðamál	1⅛	178
33.	Sigurjón Einarsson f. h. eigenda b/v Garðars G. K. 25 gegn Benedikt Jónssyni, Karli Eyjólfssyni og Jóni Eyjólfssyni. Skaðabótamál vegna ásiglingar	1⅜	183
34.	Sigurþór Jónsson og Ísleifur Jakobsson eigendur Veltusunds 1 og Hafnarstrætis 4 gegn Austurstr. 3 h/f. Eignarréttur að lóðarræmu og réttur til umferðar um hana	1⅝	189
35.	Verkamannafélagið Dagsbrún gegn Alþýðusambandi Íslands. Útivistardómur	1⅝	196
36.	Valdstjórnin gegn Einari Jóhanni Jónssni. Ölvun við bifreiðarakstur	¾	197
37.	Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni. Ólögleg áfengissala	¾	204
38.	Samband íslenzkra samvinnufélaga gegn Jóni Bjarnasyni. Verzlunarskuld. Aðildareiður	¾	207
39.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Sólborgu Sigurðardóttur. Ákvörðun meðlags. Valdmörk yfirvalds	⅞	211
40.	Áskell Snorrason, Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson fyrir sjálfan sig og f. h. Söltunarfélags verkalýðsins á Akureyri gegn bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs. Mál til leigugreiðslu eftir bryggju	1¼	215
41.	Sigurjón Fjeldsted gegn borgarstjóranum		

		Dómur	Bls.
	í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Valdmörk stjórnarvalds	1¼	225
42.	Valdstjórnin gegn Benedikt Gabríel Guðmundssyni. Brot á fyrirmælum um tollheimtu	1¼	229
43.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóni Jónssyni. Manndráp af gáleysi	2¾	231
44.	Höskuldur Jónas Austmar Sigurðsson gegn Olgu Dahlberg. Hafningardómur. Ómaksbætur	2¾	238
45.	Sigurður Hallbjarnarson gegn h/f Fiskimjöl. Hafningardómur. Ómaksbætur	2¾	238
46.	Jósef Björnsson gegn kirkjumálaráðherra f. h. kirkjujarðasjóðs og gagnsök. Mál um innlausn veðiréttinda	⅗	239
47.	Bæjarsjóður Vestmannaeyja gegn Bjarna Jónssyni. Ábyrgð bæjarsjóðs á húsaleigu styrkþega	⅘	246
48.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Páli Óskari Guðjónssyni. Sýknað af ákæru um manndráp af gáleysi	⅘	250
49.	Guðmundur Kristjánsson gegn Gunnlaugi Stefánssyni. Ómerking héraðsdóms og heimvísun sakar	⅘	254
50.	Fiskiræktar- og veiðifélag Árnesinga gegn Eyrarbakkahreppi og gagnsök. Ágreiningur um lögmæti félagsstofnunar	1⅕	257
51.	Elías Sigurðsson gegn Sesselju Sigurðardóttur. Skaðabótamál vegna bílslyss	1⅗	264
52.	Valdstjórnin gegn Bjarna Einarssyni. Ölvun við bifreiðarakstur	2⅘	268
53.	Síldarbræðslan á Norðfirði gegn Verzlun Sigfúsar Sveinssonar. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Máli vísað frá héraðsdómi	2⅖	271
54.	Þórhallur Jón Snjólfsson gegn Jakobi Jónssyni f. h. eiganda og útgerðarmanna l/v Öldunnar E. A. 625. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært	2⅖	275
55.	Kreppulánasjóður og hreppsnefnd Saur-		

		Dómur	Bls.
	bæjarhrepps f. h. hreppsins gegn Magnúsi Kristjánssyni. Mál um forkaupsrétt að jörð	2⅘	279
56.	Ófeigur Guðnason gegn Magnúsi Sveinssyni og Sigurði Gíslasyni. Kærumál um skyldu matsmanns til að svara vitnaspurningum	2⅘	284
57.	Kristján Jónsson f. h. Kiddabúðar gegn Magnúsi Thorlaciusi f. h. August Töpfer & Co. Um skyldu til greiðslu víxils í virkri erlendri mynt	2⅗	287
58.	Jón Grímsson gegn Eyjólfi Leós. Mál um forgangsrétt fjárnáms í kröfu fyrir framsali á henni	2⅘	291
59.	Björn Gottskálksson gegn Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f. Útivistardómur. Ómaksbætur	3⅕	297
60.	Olíusamlag Vestmannaeyja gegn Magnúsi Thorlaciusi f. h. Eagle Oil Company of New York G. m. b. H. Útivistardómur	3⅕	298
61.	Guðlaugur Jónsson gegn Gústavi Ólafssyni. Útivistardómur	3⅕	298
62.	Garðar Þorsteinsson gegn Magnúsi Brynjólfssyni. Áfrýjun til staðfestingar. Kröfu um frest hrundið	3⅕	298
63.	Ríkissjóður gegn K/f Fram og gagnsök. Lögtaksmál. Eignarhefð	⅝	301
64.	Gunnar Ólafsson & Co gegn Runólfi Jóhannssyni. Skuldamál. Aðgerðaleysisverkanir	⅞	307
65.	Júlíus Þorbergsson gegn Tryggingarstofnun ríkisins. Örorkubætur	1⅛	313
66.	Tómas Þorvaldsson gegn Ketilbjörgu Erlendínu Magnúsdóttur. Barnsfaðernismál. Úrskurður um framhaldsrannsókn	1⅛	319
67.	Kristján Jónsson og Sigurveig Kristjánsdóttir gegn Guðmundi Guðmundssyni. Réttur til umferðar á lóð	1⅛	320
68.	Þorleifur Th. Sigurðsson gegn Sveini M. Ólafssyni. Kærumál út af þingvottagjaldi	1⅞	325
69.	Jón Björnsson gegn dóms- og kirkjumála-		

		Dómur	Bls.
	ráðuneyti Íslands. Útburðarmál. Ábúðarréttur á jörð	1%	328
70.	Stjórn og byggingarnefnd Ungmennafélags Langnesinga gegn skólanefnd Sauðaness skólahéraðs og gagnsök. Málsmeðferð og héraðsdómur ómerktur	1%	332
71.	Kristján Eggertsson gegn bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál. Heimilsfang	1%	342
72.	Tryggvi Magnússon gegn Guðmundi Guðmundssyni og gagnsök. Skaðabótamál vegna bílslyss	2½	345
73.	Magnús Thorlacius f. h. A/S Spilkevigs Snörre- Not- og Garnfabrik gegn Gísla Vilhjálmssyni og gagnsök. Útivistardómur	2½	351
74.	Eiríkur Kristjánsson gegn Ólafi Ragnars. Útivistardómur. Ómaksbætur	2½	351
75.	Jón Jónsson gegn Gústavi Ólafssyni. Útivistardómur	2½	352
76.	Friðrik Björnsson, Sigurður Þorsteinsson, Felix Guðmundsson og Guðmundur R. Ólafsson gegn Ólafi Þorgrímssyni. Kærumál um frávísun máls frá héraðsdómi	2%	352
77.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Birni Guðmundssyni. Manndráp af gáleysi	2⅞	354
78.	Réttvísin gegn Þórði Sigurði Valdemar Ólafssyni. Saurlífismök við drengi	3%	358
79.	Sæmundur Stefánsson gegn Guðmundi Þorvaldssyni. Útivistardómur	3%	366
80.	Jón Eiríksson gegn Ragnari Bjarkan. Útivistardómur	3%	366
81.	Haraldur Valdimarsson gegn Guðrúnu Ágústsdóttur. Útivistardómur	3%	367
82.	Sveinafélag múrara gegn Vinnuveitendafélagi Íslands vegna Þorkels Ingibergssonar. Aðför og undanþágur þar frá	4/10	367
83.	Kristján Steingrímsson gegn Guðfinnu Einarsdóttur f. h. Sigursteins Heiðars Jónssonar. Mál um bætur vegna slyss af bifreiðarfarmi	7/10	370

		Dómur	Bls.
84.	Ásgeir Pétursson gegn bæjarfógetanum á Akureyri f. h. ríkissjóðs. Kærumál um lögtaksúrskurð. Vísað frá hæstarétti	9/10	375
85.	Eggert Claessen f. h. Tuxham A/S gegn Ástþóri Matthíassyni. Ágreiningur um uppgjöf skuldar og greiðslu	9/10	378
86.	Aðalsteinn Sveinsson gegn Alþýðusambandi Íslands og Iðju, félagi verksmiðjufólks á Akureyri. Skaðabótamál vegna vinnuvörnunar	11/10	382
87.	Steindór Gunnarsson gegn Félagsprentsmiðjunni s/f og gagnsök. Ýmsar kröfur út af félagsslitum og bókaforlagi	16/10	386
88.	Sveinn Jónsson gegn bæjarsjóði Reykjavíkur. Útsvarsmál. Heimilisfang	18/10	403
89.	Valdstjórnin gegn Óla Vernharði Metúsalemssyni. Brot á fyrirmælum um verðlag á vörum	21/10	405
90.	Þorvaldur Sigurðsson gegn Magnúsi Þorsteinssyni. Kærumál. Endurupptaka máls í héraði	21/10	411
91.	Eimskipafélagið Ísafold h/f gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Deila um loforð um vátryggingu	23/10	413
92.	Guðrún Guðbjörnsdóttir gegn Hallgrími Péturssyni. Barnsfaðernismál	28/10	421
93.	Skúli Pálsson gegn Sigurði B. Sigurðssyni f. h. Heildverzlunar Ásgeirs Sigurðssonar. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/10	428
94.	Eigendur og vátryggjendur v/b Frigg V. E. 316 gegn Friðþjófi G. Johnsen. Útivistardómur	30/10	428
95.	H/f Shell á Íslandi gegn bæjarstjórn Nesskaupstaðar. Útivistardómur	30/10	429
96.	Pétur Hoffmann Salómonsson gegn Eygerði Ester Runólfsdóttur, Jóni Traustasyni og Sigurði Guðbrandssyni. Útivistardómur	30/10	429
97.	Helgi Benónýsson gegn bæjarsjóði Vestmannaeyja, fjallskilanefnd Vestmanna-		

		Dómur	Bls.
	eyja og Hannesi Sigurðssyni sem gæzlumanni þarfanauta Vestmannaeyjabæjar. Útivistardómur	30/10	430
98.	Óskar Halldórsson gegn Theódór B. Líndal f. h. Ole J. Hansen. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/10	430
99.	Óskar Halldórsson gegn Theódór B. Líndal f. h. Oliver Olsen. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/10	431
100.	Óskar Halldórsson gegn Theódór B. Líndal f. h. Vilmund Hansen. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/10	431
101.	Óskar Halldórsson gegn Theódór B. Líndal f. h. Daniel Joensen. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/10	432
102.	Óskar Halldórsson gegn Theódór B. Líndal f. h. Sophus Jacobsen. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/10	432
103.	Óskar Halldórsson gegn Theódór B. Líndal f. h. H. J. Antoniussen. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/10	433
104.	Óskar Halldórsson gegn Theódór B. Líndal f. h. Johannes F. Hansen. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/10	433
105.	Ólafur Jónsson gegn bæjarsjóði Reykjavíkur. Útivistardómur	30/10	434
106.	Valdstjórnin gegn Ásgeiri Ingimar Ásgeirssyni. Ólögleg áfengissala	1/11	434
107.	Egill Jónasson gegn Albert Bjarnasyni. Ómerking málsmeðferðar og dóms í héraði. Vísun frá héraðsdómi	4/11	437
108.	Þórarinn Snorrason gegn Guðmundi Jónssyni og gagnsök. Landamerkjamál. Ómerking. Heimvísun	6/11	444
109.	Steingrímur Pétursson og Höskuldur Guðmundsson gegn Guðlaugi Kristjánssyni f. h. Margrétar Guðlaugsdóttur. Skaðabótamál vegna bifreiðarslyss. Ómerking. Heimvísun	8/11	448
110.	Hafnarstjórinn í Reykjavík f. h. hafnar-		

		Dómur	Bls.
	sjóðs gegn h/f Shell á Íslandi. Ásigling. Skaðabótamál	11/11	455
111.	Jóhann Magnússon gegn Svövu Thórarensen. Barnsfaðernismál	13/11	461
112.	Valdstjórnin gegn Adolf Kristni Ársæli Jóhannssyni. Landhelgisbrot	15/11	465
113.	Réttvísin gegn Pétri Jónssyni. Innbrotsþjófnaður	15/11	468
114.	Réttvísin gegn Georg Kristjánssyni. Saurlífismök við drengi	20/11	472
115.	Jón Finnsson, Magnús Halldórsson, Guðrún Finnsdóttir og Benedikt Finnsson gegn Verzlunarfélagi Steingrímsfjarðar. Lóðarleiga. Mat	23/11	478
116.	H/f Shell á Íslandi gegn bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	29/11	483
117.	Jón Þorsteinsson gegn Verzlunarfélaginu Borg h/f. Útivistardómur	29/11	486
118.	Björn Gottskálksson gegn Kristjáni Kjartanssyni. Kærumál. Deila um varnarþing	29/11	486
119.	Pétur Magnússon f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Dixie og farms þess gegn Skipaútgerð ríkisins og gagnsök. Björgunarlaun	1/12	488
120.	Sigurjón Jónsson gegn bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs. Framfærsluskylda sonar á móður sinni	11/12	494
121.	Guðmundur Ögmundsson gegn bæjarstjóra Hafnarfjarðar f. h. bæjarsjóðs. Deila um eignarrétt að bifreið	13/12	496
122.	Sigurður Jónsson og Björn Gunnlaugsson gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Bætur fyrir lögnumið land. Mat	16/12	500
123.	Bergsveinn Guðmundsson gegn Axel Cortes. Útburður úr íbúð	18/12	508
124.	Réttvísin gegn Þóroddi Guðmundssyni. Meiðyrðamál samkvæmt 102. gr. alm. hegningarl. 25. júní 1869	20/12	512

II. Nafnaskrá.

A. Einkamál.

Bls.

Aðalsteinn Sveinsson 382
Akureyrarkaupstaður 215, 342, 494
Albert Bjarnason 437
Aldan E. A. 625 l/v eigendur og útgerðarmenn .. 275
Alþýðusamband Íslands 196, 382
Andersen & Lauth h/f 163
Antoniussen, H. J. 433
Ari Páll Hannesson 91
August Töpfer & Co. 287
Austurstræti 3 H/f 189
Ásgeir Bjarnason 87
Ásgeir Pétursson 375
Áskell Snorrason 215
Ástþór Matthíasson 378
Bachmann, Eggert M. 108
Benedikt Benediktsson 163
Benedikt Finnsson 478
Benedikt Jónsson 183
Bergsveinn Guðmundsson 508
Bifreiðaeinkasala ríkisins 104
Bjarkan, Ragnar 366
Bjarni Jónsson 246
Björn Gottskálksson 297, 486
Björn Grímsson 215
Björn Gunnlaugsson 500
Blöndal, Lárus Þ. 87
Cortes, Axel 508
Dagsbrún, verkamannafélag 196

Bls.
Dahlberg, Olga 238
Dixie e/s, eigendur og vátryggjendur 488
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti Íslands 328
Eagle Oil Company of New York G. m. b. H. 298
Egill Jónasson 437
Eimskipafélagið Ísafold h/f 413
Eiríkur Kristjánsson 351
Elías Sigurðsson 264
Eygerður Ester Runólfsdóttir 429
Eyjólfur Leós 291
Eyrarbakkahreppur 257
Felix Guðmundsson 352
Félagsprentsmiðjan s/f 44, 386
Fiskimjöl h/f 238
Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga 257
Fjeldsted, Sigurjón 225
Fram k/f 301
Friðrik Björnsson 352
Frigg V. E. 316 v/b, eigendur og vátryggjendur 428
Garðar G. K. 25 b/v, eigendur 183
Garðar Þorsteinsson 69, 298
Geir Pálsson 69
Gísli Vilhjálmsson 351
Guðlaugur Jónsson 298
Guðmundur Guðmundsson 320
Guðmundur Guðmundsson, kaupmaður 345
Guðmundur Jónsson 444
Guðmundur Kristjánsson 254
Guðmundur R. Ólafsson 352
Guðmundur Pétursson 32
Guðmundur Þorvaldsson 366
Guðmundur Ögmundsson 496
Guðrún Ágústsdóttir 367
Guðrún Finnsdóttir 478
Guðrún Guðbjörnsdóttir 421
Gunnar Ólafsson 178
Gunnar Ólafsson & Co. 307
Gunnlaugur Stefánsson 254
Gústav Ólafsson 298, 352
Hafnarfjarðarkaupstaður 496
Hafnarsjóður Reykjavíkur 455

Bls.
Halldór Sveinsson 76
Hallgrímur Pétursson 421
Hannes Sigurðsson 430
Hansen, Johannes F. 433
Hansen, Ole J. 430
Hansen, Vilmund 431
Haraldur Valdimarsson 367
Heildverzlun Ásgeirs Sigurðssonar 428
Helgi Benediktsson 136
Helgi Benónýsson 430
Hjaltalín, Steindór 153
Hjalti Benónýsson 168
Hið íslenzka steinolíuhlutafélag 104
Huginn h/f 153
Höskuldur Guðmundsson 448
Höskuldur Jónas Austmar Sigurðsson 238
Iðja félag verksmiðjufólks á Akureyri 382
Ingibjörg Bjarnadóttir 82
Ingibjörg Jóhannsdóttir 40
Ísleifur Jakobsson 189
Íslenzk-rússneska verzlunarfélagið 146
Ívar Ívarsson 108
Jacobsen, Daniel 136
Jacobsen, Sophus 432
Jezorski, Franz 163
Joensen, Daniel 432
Jóhann Magnússon 461
Jóhannes Kristjánsson 40
Johnsen, Friðþjófur G. 428
Jón Bjarnason 207
Jón Björnsson 328
Jón Eiríksson 366
Jón Eyjólfsson 183
Jón Finnsson 478
Jón Grímsson 291
Jón Jónsson 352
Jón Traustason 429
Jón Þorsteinsson 486
Jósef Björnsson 239
Júlíus Þorbergsson 313
Karl Eyjólfsson 183

Bls.
Karl Helgason 98
Ketilbjörg Erlendína Magnúsdóttir 319
Kiddabúð 287
Kirkjujarðasjóður 239
Kreppulánasjóður 279
Kristján Eggertsson 342
Kristján Jónsson 320
Kristján Kjartansson 486
Kristján Steingrímsson 370
Landsbanki Íslands 108
Limkær, Gunver E. 82
Linnet, Kristján 178
Magnús Brynjúlfsson 298
Magnús Halldórsson 478
Magnús Kristjánsson 279
Magnús Sveinsson 284
Magnús Þorsteinsson 411
Margrét Guðlaugsdóttir 448
Nesskaupstaður 429
Nielsen, Alfred 174
Olíusamlag Vestmannaeyja 298
Olsen, Oliver 431
Ófeigur Guðnason 284
Ólafur Jónsson 434
Ólafur Þorgrímsson 352
Óskar Halldórsson 430, 431, 432, 433
Petersen, Camilla 174
Pétur Hoffmann Salómonsson 429
Ragnars, Ólafur 351
Reykjavíkurkaupstaður 104, 211, 225, 403, 434, 500
Ríkissjóður Íslands 91, 115, 301, 375
Ríkisspítalar 163
Runólfur Jóhannsson 307
Samband íslenzkra samvinnufélaga 207
Sauðaness skólahérað 332
Saurbæjarhreppur 279
Sesselja Sigurðardóttir 264
Seyðisfjarðarkaupstaður 483
Shell á Íslandi h/f 122, 429, 455, 483
Sigfús Baldvinsson 215
Sigurðsson, Nancy 76

Bls.
Sigurður Gíslason 284
Sigurður Guðbrandsson 429
Sigurður Hallbjarnarson 238
Sigurður Jónsson 500
Sigurður Þorsteinsson 352
Sigurjón Jónsson 494
Sigursteinn Heiðar Jónsson 370
Sigurveig Kristjánsdóttir 320
Sigurþór Jónsson 189
Síldarbræðslan á Norðfirði 271
Síldarbræðslan h/f Seyðisfirði 21
Síldarútvegsnefnd 146
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f 413
Skipaútgerð ríkisins 488
Skólanefnd Sauðaness skólahéraðs 332
Skúli Pálsson 428
Snorri Stefánsson 153
Sólborg Sigurðardóttir 211
Spilkevigs Snörre-Not- og Garnfabrik A/S 351
St. Malo b/v, eigendur og skipshöfn 115
Stabil e/s, eigendur og vátryggjendur 32
Steindór Gunnarsson 44, 386
Steingrímur Pétursson 448
Sturla Vilhjálmsson 122
Sveinafélag múrara 367
Sveinn Jónsson 403
Sveinn M. Ólafsson 325
Svínvetningabrautarfélagið 98
Sæmundur Stefánsson 366
Söltunarfélag verklýðsins á Akureyri 215
Thórarensen, Svava 461
Tómas Þorvaldsson 319
Tryggingarstofnun ríkisins 313
Tryggvi Magnússon 345
Tulinius, Carl D. 70
Tunnuverksmiðja Siglufjarðar s/f 297
Tuxham A/S 378
Ungmennafélag Langnesinga 332
Útibú Útvegsbanka Íslands á Akureyri 87
Verzlun Sigfúsar Sveinssonar 271
Verzlunarfélagið Borg h/f 486

Bls.
Verzlunarfélag Steingrímsfjarðar 478
Vestmannaeyjakaupstaður 246, 430
Vinnuveitendafélag Íslands 367
Waage, Jón E. 21
Þorkell Ingibergsson 367
Þorleifur Th. Sigurðsson 325
Þorvaldur Sigurðsson 411
Þóra Guðmundsdóttir 168
Þórarinn Snorrason 444
Þórhallur Arnórsson 70
Þórhallur Jón Snjólfsson 275

B. Opinber mál.

Adolf Kristinn Ársæll Jóhannsson 465
Axel Ármann Þorsteinsson 1
Ásgeir Ingimar Ásgeirsson 434
Ásgeir Ásmundsson 70
Benedikt Gabríel Guðmundsson 229
Berent Karl Berentsson 11
Bjarni Einarsson 268
Björn Guðmundsson 354
Einar Jóhann Jónsson 197
Georg Kristjánsson 472
Jón Jónsson 231
Ólafur Kjartan Ólafsson 204
Óli Vernharður Metúsalemsson 405
Páll Óskar Guðjónsson 250
Pétur Jónsson 468
Sigurður Jónsson 164
Steingrímur Magnús Guðmundsson 5
Thórarensen, Sigurður 59
Vagn Pétursson 56
Þorkell Steinsson 59
Þorsteinn Guðmundsson 16, 25
Þórður Sigurður Valdimar Ólafsson 358
Þóroddur Guðmundsson 512

III. Skrá

um lög, reglugerðir, samþykktir o. fl., sem vitnað er til í XI. bindi hæstaréttardóma.

Grágás, landbrigðaþáttur: Konungsbók 208. kap., 240.
Staðarhólsbók 438. kap., 240.
Jónsbók: Landsleigubálkur 56. kap., 240.
1786 17. nóv. Tilskipun um réttindi kaupstaðanna á Íslandi, 303.
4. gr., 303, 306.
5. gr., 303, 306.
1796 3. júní. Tilskipun um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu.
35. gr., 17.
1869 25. júní. Almenn hegningarlög handa Íslandi.
12. kap., 8, 515.
13. kap., 62.
16. kap., 57, 360, 473.
17. kap., 232, 251, 355.
18. kap., 7, 62, 68.
48. gr., 515.
63. gr., 237, 358, 365, 477.
83. gr., 515.
99. gr., 515.
102. gr., 512, 513, 515.
126. gr., 59, 60, 67.
129. gr., 59, 60, 67.
144. gr., 59, 61.
145. gr., 67.
174. gr., 59.
175. gr., 56.
177. gr., 59.

178. gr., 365, 477.
183. gr., 71.
186. gr., 365, 477.
200. gr., 237, 250, 350, 357.
205. gr., 6, 10.
217. gr., 43, 182.
218. gr., 182.
219. gr., 182.
231. gr., 205, 469, 472.

1891 nr. 3 13. marz. Lög um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl., 482.

1891 nr. 61 1. maí. Reglur um að fá útmældar lóðir í kauptúnum og á löggiltum kauptúnum o. fl., 482.

1893 nr. 28 26. okt. Lög um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl., 121.

1894 nr. 2 2. febrúar. Lög um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.
3. gr., 89.

1901 nr. 18 13. sept. Lög um manntal í Reykjavík 407.

1901 24. júní. Millirikjasamningur. Sjá nr. 3/1903.

1903 nr. 3 28. marz. Auglýsing um samning milli Hans hátignar konungsins í Danmörku og Hans hátignar konungsins í hinu sameinaða konungsríki Bretaveldi hinu mikla og Írlandi um tilhögun á fiskveiðum þegna hvors þeirra um sig fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland, 119, 120.

1905 nr. 14 20. okt. Lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.
3. gr., 311.

1905 nr. 46 10. nóv. Lög um hefð.
2. gr., 306.
3. gr., 306.

1907 nr. 39 16. nóv. Lög um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga, 6, 7.

1914 nr. 35 2. nóv. Lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
3. gr., 194.

1914 nr. 56 30. nóv. Siglingalög.
13. gr., 457.
225. gr., 460.

252. gr., 139.
1917 nr. 64 14. nóv. Lög um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m. 326.
8. gr., 326.
1917 nr. 75 14. nóv. Lög um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl. 479.
2. gr., 478, 479, 480, 481, 482.
1917 nr. 91 14. nóv. Lög um aðflutningsbann á áfengi.
15. gr., 434.
1919 nr. 41 28. nóv. Lög um landamerki.
15. gr., 446.
1920 nr. 5 18. maí. Lög um bann við botnvörpuveiðum, 466.
1. gr. 118, 468.
3. gr., 468.
— nr. 9 18. maí. Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands
62. gr., 481.
1920 nr. 79 12. okt. Samþykkt um sýsluveginn Svínvetningabraut.
3. gr., 99, 101, 102, 103.
1921 nr. 36 27. júní. Lög um samvinnufélög, 215.
3. gr., 218.
7. gr., 218.
9. gr., 218.
21. gr., 223.
— nr. 46 27. júní. Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.
14. gr. 173.
1924 nr. 4 11. apríl. Lög um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgibrot, 466, 468.
1926 nr. 40 15. júní. Lög um fræðslu barna.
28. gr., 333.
— nr. 55 15. júní. Lög um forkaupsrétt á jörðum, 281.
1. gr., 110.
1927 nr. 40 31. maí. Lög um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919 um landamerki o. fl. 446.
1928 nr. 51 7. maí. Lög um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, 57.
6. gr., 270, 470, 472.
7. gr., 469, 470, 472.
8. gr., 205.

1928 nr. 64 7. maí. Áfengislög, 72.
1930 nr. 2 7. jan. Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, 7, 251, 253, 355.
3. gr., 10.
7. gr., 251.
15. gr., 251.
46. gr., 237.
48. gr., 7.
96. gr., 10, 237.
— nr. 64 19. maí. Áfengislög.
6. gr., 205.
11. gr., 165.
13. gr., 165.
20. gr., 165.
27. gr., 165.
30. gr., 205.
32. gr., 165.
1931 nr. 70 8. sept. Lög um notkun bifreiða, 27, 165. 198, 232, 251, 253, 269, 355.
3. gr., 203, 237.
5. gr., 16, 18, 21, 30, 31, 165, 167, 203, 270.
6. gr., 203, 237, 354, 357.
14. gr., 16, 21, 30, 165, 167, 203, 237, 270, 354, 357.
15. gr., 31, 77, 237, 268, 345, 370, 372, 440.
1932 nr. 61 23. júní. Lög um lax- og silungsveiði, 242, 260.
VIII. kafli, 260, 261, 263.
IX. kafli 260, 261, 263.
1. gr., 261.
2. gr., 245.
3. gr., 239, 240, 241, 243, 245.
4. gr., 240.
39. gr., 262.
40. gr., 262.
41. gr., 259.
42. gr., 259, 261.
57. gr., 257, 262.
59. gr., 262.
61. gr., 259.
62. gr., 259, 261.
1933 nr. 8 11. apríl. Tilskipun um alþjóðlegar sjóferðareglur, sem fylgt skal á íslenzkum skipum.

9. gr., 186.
— nr. 48 19. júní. Lög um leiðsögu skipa.
14. gr., 460.
— nr. 57 19. júní. Lög um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, 6.
— nr. 65 19. júní. Lög um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, 230.
7. gr., 229, 230.
27. gr., 230.
— nr. 87 19. júní. Ábúðarlög.
9. gr., 329, 330, 331.
30. gr., 329.
1934 nr. 11 12. janúar. Reglugerð um leiðsögu skipa.
18. gr., 457.
— nr. 74 29. des. Lög um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. 150.
1935 nr. 33 9. jan. Áfengislög, 2, 12, 27, 71, 165, 198, 205, 269, 436.
15. gr., 1, 5, 15, 75, 206, 434, 437.
16. gr., 3.
17. gr., 205.
21. gr., 16, 31, 167, 203, 270.
33. gr. 1, 5, 15, 75, 206, 434, 437.
36. gr., 3.
37. gr., 205.
39. gr., 16, 167, 203, 270.
40. gr,, 268,
— nr. 112 18. maí. Lög um hæstarétt.
25. gr., 98.
38. gr., 136, 179, 254.
— nr. 135 31. des. Framfærslulög.
III. kafli, 211.
7. gr., 495, 496.
48. gr., 104, 106, 107, 498.
1936 nr. 7 1. febrúar. Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, 482.
— nr. 26 1. febrúar. Lög um alþýðutryggingar.
10. gr., 313.
1936 nr. 85 23. júní. Lög um meðferð einkamála í héraði.
5. gr., 271, 334.

9. gr., 412.
34. gr., 272.
38. gr., 377, 378.
41. gr., 326, 327.
80. gr., 487, 488.
82. gr., 209.
103. gr. 334.
108. gr., 333.
113. gr., 487.
114. gr., 487.
118. gr., 412, 413.
119. gr., 327.
120. gr., 44, 45, 84, 254, 392, 412.
130. gr., 286.
131. gr., 286.
132. gr., 286.
133. gr., 285, 286.
134. gr., 286.
137. gr., 280.
140. gr., 285.
178. gr., 275.
186. gr., 88, 275.
193. gr., 290, 448, 503.
198. gr., 376.
199. gr., 87, 376.
213. gr., 175, 424.
214. gr., 319.
— nr. 94 23. júní. Lög um fræðslu barna, 337.
13. gr., 333, 337.
14. gr., 333.
15. gr., 333.
17. gr., 333.
— nr. 95 23. júní. Lög um heimilisfang, 343.
— nr. 106 23. júní. Lög um útsvör.
8. gr., 405, 485.
1937 nr. 12 12. maí. Lög um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar.
19. gr., 91, 95.
— nr. 46 13. júní. Lög um samvinnufélög.
21. gr., 223.
— nr. 65 31. des. Fjárlög fyrir árið 1938.

22. gr., XXV. liður, 329.
— 1937 nr. 70 31. des. Lög um verðlag á vörum, 407, 410.
8. gr., 405.
9. gr., 410, 411.
— nr. 74 31. des. Lög um alþýðutryggingar.
10. gr., 313, 314.
1938 nr. 65. Lög um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.
1. gr., 377.
5. gr., 377.
— nr. 80. 11. júní. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur.
8. gr., 369.
— nr. 85 11. júní. Lög um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.
8. gr., 326.
10. gr., 89, 276.
— nr. 123 25. nóv. Reglugerð um tollheimtu og tolleftirlit, 230.
33. gr., 229, 230.
93. gr., 230.
1939 nr. 4 31. janúar. Auglýsing um samning milli Íslands og Danmerkur til að komast hjá tvísköttun af tekjum og eignum, 377.
8. gr., 377.
1939 11. febrúar. Auglýsing um verðlag á vefnaðarvörum og fatnaði (Lögbirtbl.. 14. febr. 1939) 405, 407, 410.
— 17. febrúar. Auglýsing verðlagsnefndar, (Lögbirtbl. 17. febr. 1939) 405, 407, 410.
— 13. apríl. Auglýsing verðlagsnefndar, (Lögbirtingabl. 18. apríl 1939) 405, 407, 410.
1940 nr. 19 12. febrúar. Almenn hegningarlög.
16. kap. 473.
23. kap., 470.
2. gr., 354, 358, 359, 405, 469, 472.
20. gr., 359.
77. gr., 354.
203. gr., 358, 359, 472.
215. gr., 354.
244. gr., 469.
1940 nr. 118 2. júlí. Lög um verðlag.
13. gr., 405.

IV. Efnisskrá.

A. Atriðisorð efnisskrár.

Ábúð, ábúðarlög.
Ábyrgð. Sbr. kaup og sala.
Aðfararfrestur, Sjá aðför.
Aðför. Sbr. fjárnám, lögtak.
Aðgerðaleysisverkanir.
Aðild.
Aðildareiður. Sjá barnsfaðernismál, eiður.
Aðiljaskýrslur.
Áfengislagabrot. Sbr. bifreiðar, blóðrannsókn, ítrekun, líkur, mat og skoðun, refsingar, sönnun, vitni.
Afnotahefð. Sjá hefð.
Áfrýjun. Sbr. aðild, áfrýjunarleyfi, kærumál.
Áfrýjunarleyfi.
Ágreiningsatkvæði. Sjá sératkvæði.
Ákæruvald.
Aldur.
Álitsgerðir. Sjá blóðrannsókn, mat og skoðun.
Alþjóðalög.
Alþýðutryggingar. Sjá slysatryggingar.
Analogía. Sjá lög, lögskýring.
Árekstur skipa.
Ásetningur. Sjá saknæmi, sönnun.
Ásigling. Sjá árekstur skipa.
Auðgun, auðgunarregla.
Áverki. Sjá líkamsáverkar.

Barnsfaðernismál.
Bifreiðar, bifreiðalöggjöf.
Björgun.
Blóðrannsókn.
Bona fide extinctio. Sjá traustnám.
Borgaraleg réttindi.
Borgfirzka sauðfjárveikin. Sjá mæðiveiki.
Botnvörpuveiðabrot.
Byggingarnefnd. Sjá valdmörk stjórnvalda.

Dagsektir.
Dánarbætur.
Dómar. Sbr. dómarar, endurupptaka, frávísun, heimvísun, ómerking.

Dómarar.
Dómsgerðir.
Dómstólar. Sbr. valdmörk stjórnvalda.
Dráttaraðstoð skips. Sjá björgun.

Eftirgrennslan brota. Sbr. blóðrannsókn, mat og skoðun, sönnun, vitni.
Eiður.
Eignarhefð. Sjá hefð.
Eignarnám. Sjá eignarréttur.
Eignarréttur. Sjá einnig ábúð, ábúðarlög.
Eignarupptaka. Sjá refsingar, upptaka.
Embættismenn og sýslunar. Sbr. dómarar, málflutningsmenn, mat og skoðun, valdmörk stjórnvalda.
Embættistakmörk yfirvalda. Sjá valdmörk stjórnvalda.
Embættisvottorð. Sjá einnig mat og skoðun.
Endurupptaka. Sbr. heimvísun.
Erfðaleiga. Sbr. leiga.

Fangelsi. Sjá refsingar.
Fasteignamál. Sjá eignarréttur, landamerkjamál, laxveiði og silungs, vettvangsmál.
Fasteignamat.
Fátækrastyrkur. Sjá framfærsla, framfærslulög.
Fébótaábyrgð ríkisins.
Félagsdómur.
Félög, félagsskapur. Sbr. hlutafélög.
Fiskveiðar. Sbr. botnvörpuveiðabrot.
Fjárhald. Sjá lögræði.
Fjárnám. Sbr. aðför.
Fógetagerðir. Sjá aðför, fjárnám, innsetningargerðir, kyrrsetning, lögtak, útburðargerðir.
Foreldrar og börn. Sbr. barnsfaðernismál, dánarbætur, framfærsla, lögræði.
Forkaupsréttur.
Framfærsla, framfærslulög.
Frávísun.
Frestir.
Fyrning sjóveðréttar.
Gagnsakir. Sjá málasamsteypa.
Gáleysi.
Gengi.
Gerðardómur. Sjá einnig félagsskapur.
Gjafsókn, gjafvörn.
Gjalddagi.
Gjaldeyrislög.
Greiðsla. Sjá gjaldeyrislög, skuldir, skuldamál.

Hafning máls.
Hafnir, hafnarsjóðir.
Handtaka.
Hefð.
Heilbrigðismál. Sjá læknar, sóttgæzla.
Heildsala. Sjá verðlag.
Heimilisfang.
Heimt. Sjá innheimta.

Heimvísun.
Helgidagar.
Hlutafélög. Sbr. félög, félagsskapur.
Hlutdeild.
Húsaleiga. Sjá leiga.
Húsfriður.

Iðgjöld. Sbr. skaðabætur.
Innheimta.
Innsetningargerðir. Sbr. útburðargerðir.
Ítrekun.
Ítök. Sjá eignarréttur, hefð.

Jarðir. Sjá ábúð, ábúðarlög.
Játning. Sjá aðiljaskýrslur.

Kaup og sala. Sjá einnig félagsskapur, skaðabætur, skuldir, skuldamál, verðlag.
Konungleg umboðsskrá. Sjá dómarar.
Kröfuréttindi.
Kvaðir. Sjá hefð, umferðarréttur.
Kynferðisbrot. Sbr. kynvilla.
Kynvilla.
Kyrrsetning.
Kærumál.

Landamerkjamál.
Landbúnaður. Sjá ábúð, ábúðarlög, laxveiði og silungs.
Laxveiði og silungs.
Leiðbeiningarskylda dómara. Sjá dómarar.
Leiga, sjá einnig erfðaleiga.
Leit. Sjá eftirgrennslan brota.
Líftryggingar.
Líkamsáverkar.
Líkur.
Lóðir. Sjá eignarréttur, hefð, leiga, umferðarréttur.
Loforð.
Læknar, lækningar. Sjá sóttgæzla, mat og skoðun.
Lög, lögskýring.
Löghald, Sjá kyrrsetning.
Lögnám. Sjá eignarréttur.
Lögreglumenn.
Lögreglusamþykktir.
Lögræði.
Lögtak.

Málasamsteypa.
Málflutningsmenn.
Málflutningur. Sbr. málflutningsmenn, málshöfðun, opinber mál, sáttir, stefnur.
Málsbætur.
Málshöfðun.
Málskostnaður.
Manndráp.
Mannorð. Sjá borgaraleg réttindi, ærumeiðingar.
Mat og skoðun. Sbr. blóðrannsókn, líkur, sönnun, vitni.
Meðalganga.
Meðlag. Sjá framfærsla, framfærslulög.
Meinyrði. Sjá einnig ærumeiðingar.

Merkjadómur.
Mæðiveiki.

Neyðarvörn.

Ofbeldi. Sjá líkamsáverkar.
Ómaksbætur.
Ómerking.
Ómöguleiki.
Opinber mál. Sbr. aðiljaskýrslur, ákæruvald, eftirgrennslan brota, líkur, lögreglumenn, mat og skoðun, refsingar, sönnun, vitni.
Opinber skjöl. Sjá embættisvottorð.
Orsakasamband.
Ósæmileg ummæli. Sjá meinyrði.

Peningar. Sjá gengi.

Refsingar.
Refsinæmi.
Reklamation. Sjá aðgerðaleysisverkanir.
Réttarfar. Sjá einnig aðild, aðiljaskýrslur, áfrýjun, ákæruvald, dómar, dómarar, eiður, frávísun, frestir, heimvísun, líkur, málasamsteypa, málflutningur, málshöfðun, málskostnaður, mat og skoðun, ómerking, opinber mál, sáttir, sjódómsmál, sjó- og verzlunardómur, sönnun, útivist aðilja, varnarþing, vettvangsmál, vitni.
Réttarfarssektir. Sjá dómarar, meinyrði.
Ríki. Sjá fébótaábyrgð ríkisins.
Ríthöfundaréttur.
Ritlaun.

Sakamál. Sjá ákæruvald, aldur, dómar, dómarar, eftirgrennslan brota, líkur, málskostnaður, opinber mál, refsingar, refsinæmi, saknæmi, sönnun, vitni.
Saknæmi.
Sameignarfélög. Sjá félagsskapur.
Samningar. Sbr. kaup og sala, skaðabætur, vinnusamningar.
Samvinnufélög.
Samþykki.
Sáttir.
Saurlífi. Sjá kynferðisbrot, kynvilla.
Sektir. Sjá refsingar.
Sératkvæði.
Siðferðisbrot. Sjá kynferðisbrot, kynvilla.
Siglingar. Sjá alþjóðalög, árekstur skipa, björgun, botnvörpuveiðabrot, fébótaábyrgð ríkisins, sjó- og verzlunardómur, sjóveð.
Síldarútvegsnefnd.
Síldveiðar. Sjá samningar.
Silungsveiði. Sjá laxveiði og silungs.
Sjódómur.
Sjó- og verzlunardómur.

Sjóveð.
Sjúkdómar.
Sjúkrasamlög. Sjá slysatryggingar.
Skaðabætur.
Skattar og gjöld.
Skilorðsbundnir dómar. Sjá dómar.
Skilyrði.
Skip. Sjá árekstur skipa, björgun, botnvörpuveiðabrot, sjóveð.
Skiprúmssamningar. Sjá vinnusamningar.
Skírlífisbrot. Sjá kynferðisbrot, kynvilla.
Skjöl, opinber. Sjá embættisvottorð.
Skólanefnd.
Skuldir, skuldamál. Sbr. ábyrgð, félög, félagsskapur, kröfuréttindi, kaup og sala, samningar, skaðabætur, sönnun, umboðssala, vinnusamningar.
Slysatryggingar.
Smásala. Sjá verðlag.
Sóttgæzla.
Stefnur. Sjá einnig kærumál, málshöfðun.
Stjórnarfar.
Sveitarstjórn. Sjá erfðaleiga, framfærslulög, stjórnarfar, valdmörk stjórnvalda.
Sölulaun. Sjá umboðssala.
Sönnun, sönnunarbyrði. Sbr. aðiljaskýrslur, líkur, mat og skoðun, vitni.

Tilraun.
Tollgæzla.
Traustnám.
Tryggingar. Sjá líftryggingar, slysatryggingar.

Umboð, umboðsmennska.
Umboðssala.
Umferðarréttur.
Uppboð.
Upptaka eignar.

Úrskurðir.
Útburðargerðir. Sbr. innsetningargerðir.
Útivist aðilja.
Útsvör. Sjá skattar og gjöld.

Valdmörk stjórnvalda.
Valdstjórn og allsherjarregla. Sjá lögreglumenn, refsingar.
Vangeymsla. Sjá aðgerðaleysisverkanir.
Varðhald. Sjá refsingar.
Varðskip.
Varnarþing.
Vátrygging. Sjá einnig slysatryggingar.
Veð.
Vegagjald. Sjá skattar og gjöld.
Veiði. Sjá laxveiði og silungs.
Venja.
Verðlag.
Verkfall.
Verzlun, verzlunarhættir. Sjá verðlag.
Vettvangsmál.
Vextir.
Vinnusamningar.
Vinnuvörnun. Sjá verkfall.

Vitni. Sbr. líkur, mat og skoðun, sönnun.
Víxlar.
Vottagjald. Sjá þingvottagjald.
Þingvottagjald.
Þjóðaréttur. Sjá alþjóðalög.
Þjófnaður.
Ærumeiðingar.
Örorkubætur. Sjá slysatryggingar.

B. Efnisskrá.

Ábúð, ábúðarlög.

Banki (B) fékk veðrétt í jörð A, og var jörðin fengin B til fullnægju, með því að A gat ekki staðið í skilum um greiðslu veðskuldarinnar. Síðar lét B jörðina koma í hendur A nokkru eða jafnvel miklu undir hálfvirði, miðað við venjuleg söluskipti. Með þessu þótti B hafa veitt A fjárhagsleg og persónuleg hlunnindi, er ábúandi jarðarinnar gæti ekki hagnýtt sér samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1926 gegn mótmælum B. Voru A og B því sýknaðir af kröfu ábúandans um forkaupsrétt að jörðinni 108
Jarðirnar Sv og B höfðu átt sameiginlegt land með jörðinni St að ánni H. Það varð þess vegna, að öðru ósönnuðu, að ætla, að þær hafi átt sameiginlega veiði í ánni með St, unz veiðin sannanlega við sölu þeirra hafði verið skilin undan þeim, sbr. ákvæði landabrigðaþáttar Grágásar um veiði, 208. kap. Konungsbókar og 438. kap. Staðarhólsbókar, svo og 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar og nú 4. gr. laga nr. 61/1932 239
Sú skýring veitt á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 61/1932, að aðilja, sem á veiðirétt fyrir landi fleiri en einnar jarðar í sömu veiðigrennd, sé ekki skylt að hlíta innlausn veiðiréttinda sinna, nema ¾ landeigenda, sem hann á veiðirétt fyrir landi þeirra, krefjist innlausnar. Ef landeigendur eru fleiri en einn og vilji þeir ekki allir leysa inn, þá er það auk þess skilyrði innlausnar samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, að veiðifélag sé stofnað .. 239

Fiskræktar- og veiðifélag átti að taka yfir laxveiði og silungs í tilgreindri á til ósa hennar, en samt skildu samþykktir þess nokkrar silungsár í fiskihverfinu undan. Þetta var andstætt 57. gr. laga nr. 61/1932. Voru samþykktir félagsins þess vegna ekki bindandi fyrir aðilja, sem höfðu greitt atkvæði gegn þeim 257

Stjórn Kreppulánasjóðs (K) byggði A, sem bjó á jörðinni X, jörðina Y 23. júlí 1937, og hafði A nytjar Y það ár, þótt hann hefði ekki aðsetur þar. Þann 11. febr. 1938 seldi K jörðina hreppnum S, er seldi hana aftur B og C 30. apríl s. á. A talinn eiga forkaupsrétt að Y samkvæmt lögum nr. 55/1926 279

A var byggð jörðin R til eins árs frá fardögum 1937, en hann fluttist þó ekki af henni í fardögum 1938. Snemma árs 1938 varð honum kunnugt, að jörðin skyldi nýtast af héraðsskóla. Hann hafði því ekki æfilanga byggingu á henni, sbr. 1. mgr. 9. gr. ábúðarlaga nr. 87/1933. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, sem eignazt hafði jörðina, sagði honum upp ábúðinni frá fardögum 1939, og fekk hann vitneskju um uppsögnina fyrir jól 1938. Þar sem uppsagnarfrestur ábúðar á jörðum, sem undan eru skildar æfilangri ábúð samkvæmt 1. mgr. 9. gr. ábúðarlaganna, er ekki lögákveðinn og þar sem ábúðarréttur A var langtum ótryggari en ábúð sú, er ákvæði 2. mgr. 9. gr. eiga við, þótti rétt að ákveða uppsagnarfrestinn í þessu sambandi eftir 30. gr. sömu laga, enda hefur sá frestur tíðkazt frá fornu fari um uppsögn ábúðar. Fékk A því nægilegan uppsagnarfrest og varð að víkja af jörðinni 328

Ábyrgð. Sbr. kaup og sala.

a) Sjálfskuldarábyrgð.

Síldarútvegsnefnd talin hafa haft að lögum heimild til að játast undir að greiða af fé, sem hún hafði yfir að ráða, sölulaun af síld, sem nefndin seldi fyrir síldarkaupmenn til útlanda, sbr. lög nr. 74/1934 146

Verkafólk við síldarsöltun í kaupstað og grennd stofnaði félag til að hagnýta sér arð af söltuninni. Inntökugjald í félagið var 5 krónur, og skyldi það ásamt 10% af ársarðinum renna í varasjóð. Ekki sást, að félagið réði annars yfir stofnfé. Hagnaður skyldi greiddur sem kaupuppbót. Rekstrarhalli skyldi jafnaður með afdrætti af kaupi hvers félagsmanns í hlutfalli við fjárhæð þess. Atvinnutjón félagsmanna vegna arðlítils rekstrar mátti að einhverju leyti bæta úr varasjóði. Sagt, að viðsemjendum félagsins hafi mátt vera það ljóst, að tilætlunin var ekki sú, að félagsmenn almennt eða stjórnendur félagsins sérstaklega skyldu ábyrgjast persónulega skuldir félagsins 215

Bæjarsjóður greiddi húsaleigu framfærsluþega. Bankaúibú eignaðist húsið. Fyrra eiganda (E) var samt greidd um sinn leiga úr bæjarsjóði. Þegar þetta vitnaðist, var lagt bann við því af hendi útibúsins, en atrekandi samt ekki gerður að heimtu leigunnar. Nokkrum árum seinna seldi útibúið A húsið með rétti til að heimta leiguna frá þeim tíma, er E tók hana síðast. Af hendi bæjarsjóðs var synjað greiðslu. Talið, að bæjarsjóður hefði vegna vistar styrkþegans í húsinu fengið verðmæti, er skylt væri að greiða, enda sýnilegt, að útibúið vildi fá leiguna. Skuldin varð því heimt, meðan krafa til einstakra leigugreiðslna var ekki fyrnd 246

Manni var stefnt til innlausnar ábyrgðar í því lögsagnarumdæmi, þar sem skuldbindinguna skyldi efna, og var hann þar staddur, þegar sáttakæra og stefna voru birtar. Málshöfðun var talin þar heimil samkvæmt 80. gr. laga nr. 85/1936, þótt stefndi ætti þar ekki heimavarnarþing 486

b) Ábyrgð á athöfnum starfsmanna.

Miðunarlína, sem togari var á kl. 4,18 samkvæmt mælingum varðskips, lá að nokkru innan og að nokkru utan landhelgi, en utan landhelgi svo langt frá dufli, sem togarinn var upp undir kl.

4,32 og stöð togarans kl. 4,55, að togarinn hefði orðið að sigla miklu hraðar en aðiljar voru ásáttir um, að hann hefði siglt, ef hann hefði verið utan landhelgi kl. 4,18. Þar sem þannig sterkar líkur voru fyrir því, að togarinn hefði verið að veiðum í landhelgi, varð ríkissjóður ekki dæmdur til bóta fyrir það, að varðskipsforinginn færði togarann til hafnar til rannsaks, enda þótt skipstjóri togarans væri ekki sakfelldur fyrir brot á lögum nr. 5/1920 115

Hafnarsjóður Rvíkur talinn bera ábyrgð á spjöllum, sem urðu af siglingu hafnsögubáts, er hann var á leið til móts við skip, sem leitað hafði aðstoðar hans 455

c) Ábyrgð á tækjum.

A, sem vann að afgreiðslu á olíum og benzíni í benzínstöð hlutafélagsins B, fékk ill-læknanlegan útbrotakláða víða um líkamann. Voru sterkar líkur að því leiddar, að olíur og benzín hefðu komizt í hruflsár, er hann fékk við vinnuna á handarbaki, og orðið þannig a. m. k. meðvöld að meini hans. Hins vegar var ósannað, að A hefði hlotið meinið vegna saknæmrar háttsemi fyrirsvarsmanna B, enda höfðu læknar þeir, sem gerðu að sári A, ekki sett honum, svo séð yrði, neinar varúðarreglur um meðferð sársins 122

Aðfararfrestur. Sjá aðför.

Aðför. Sbr. fjárnám, lögtak.

Eiganda jarðar dæmt skylt að afsala hana manni, sem átti forkaupsrétt að henni samkvæmt lögum nr. 55/1926, innan einnar viku frá birtingu hæstaréttardómsins 279

Eigendur tilgreinds húss, A og B, voru dæmdir til þess í hæstarétti að viðlögðum dagsektum að veita innan viku frá birtingu dóms hæstaréttar eiganda nágrannahúss (C) frjálsan aðgang um tiltekna spildu húslóðar A og B að stöfnum geymsluhúss C, er byggt var að nokkru inn á lóð A og B 320

Skuldheimtumanni (A) var falin heimta skuldar. Fékk hann dóm fyrir skuldinni, heimti hana að nokkru og gaf hana upp að nokkru, en gerði umbjóðanda sínum engin skil. Umbjóðandinn gat krafið skuldunaut um þá fjárhæð, er A hafði gefið upp, en ekki um þann hluta skuldarinnar, er hann hafði tekið við 378

Aðgerðaleysisverkanir.

Samkvæmt dagbók mælingamanns lóða í Rvík höfðu eigendur tilgreindrar fasteignar þar kallað á merkjastefnu til eignarréttar og umferðarréttar að gangræmu yfir nágrannalóðina, en ekki var getið um andsvör af hendi eigenda lóðarinnar, og ekki var merkjaskipun þarna skráð í lóðamerkjabók samkvæmt lögum nr. 35/1914. Í máli, er eigendur téðra fasteigna áttust við síðar, þótti ósannað, að eigendur lóðarinnar hefðu með framkomu sinni á merkjastefnunni firrt sig eignarrétti að neinum hluta lóðar sinnar 189

Ef A stæði ekki í skilum við B um greiðslu skuldar, skyldi B heimilt að taka úr vörzlum A og selja eftir mati óvilhallra manna til greiðslu upp í skuldina ýmsa fémuni, er A hafði áður „selt" B til jöfnunar viðskiptum þeirra, en B síðan leigt A með heimild til endurkaupa. Síðar tók B munina og seldi þá eftir virðingu tveggja manna, er hann og kaupandi munanna nefndu. A var ekki kvaddur til virðingarinnar og var því ekki talinn bundinn við þetta mat. Munirnir voru taldir A til tekna upp í skuld hans við B um þá fjárhæð, er A hafði metið þá við upphaflega samninga aðilja 215

A var af byggingarnefnd og bæjarstjórn kaupstaðar sett það skilyrði fyrir smíð íbúðarhúss á lóð sinni, að hann léti spildu af henni endurgjaldslaust undir götu. A reisti húsið, og stjórnvöld bæjarins lögðu götu um spilduna. Í máli, er A höfðaði nokkrum árum síðar, var viðurkenndur réttur hans til andvirðis lóðarspildunnar úr bæjarsjóði, enda þótti hann ekki hafa

með framkomu sinni eftir á svipt sig rétti til andvirðisins 225
Greidd hafði verið húsaleiga úr bæjarsjóði fyrir framfærsluþega í húsi, er bankaútibú eignaðist. Eftir að stjórnendur útibúsins urðu þess vísir, að leigan var greidd áfram fyrra eiganda (E) þrátt fyrir eigendaskiptin, lögðu þeir bann við því, en gerðu ekki reka að heimtu leigunnar handa útibúinu. Nokkrum árum seinna seldi útibúið A húsið ásamt rétti til að krefjast húsaleigu styrkþegans vegna úr bæjarsjóði frá þeim tíma, er E hætti að fá leigugreiðslur. Talið var, að stjórnvöldum bæjarins hefði mátt vera það ljóst, að útibúið vildi fá leiguna, og að útibúið hefði ekki firrt sig rétti til leigugreiðslu á hendur bæjarsjóði, meðan krafa til einstakra leigugreiðslna var ekki fyrnd, og var A því dæmd leigan fyrir téð tímabil 246
A sótti B, sem verið hafði formaður á fiskibátum A, til greiðslu verzlunarskuldar. B höfðaði gagnsök og krafðist m. a. 100 króna árlegrar þóknunar í 8 ár fyrir að vinna að útbúnaði vélbáta A í byrjun vertíða, en þessa þóknun kvaðst hann hafa fengið greidda fyrir 1 ár. Með því að B gat ekki sannað, að hann hefði, þrátt fyrir viðtöku viðskiptareikninga, hreyft því áður, að honum væri þessi þóknun vanreiknuð til tekna, taldist hann hafa firrt sig með þessu aðgerðaleysi rétti til að krefjast hennar í málinu 307
Fara varð inn á lóð hússins M til að komast að opi og dyrum á geymsluhúsi hússins N. Eigandi M tók um nokkur ár við gjaldi fyrir þessi lóðarafnot úr hendi eiganda N og játaði því notum þessum. Eftir að E, sem um nokkur ár hafði búið í M, var orðinn sameigandi þess, girti hann fyrir aðgang frá N að stöfnum geymsluhússins, enda þótt hann hlyti að vita um nefndan umferðarrétt og viðurkenndi hann að nokkru með því að girða ekki alveg í lóðamörkum. Eigendur M voru dæmdir til þess að viðlögðum dagsektum að veita eigendum N innan tilgreinds tíma

aðgang að stöfnum geymsluhússins yfir tiltekna lóðarræmu 320
Málflutningsmaður ekki talinn hafa firrt sig rétti til heimtu dómskuldar, þótt dregizt hefði af hans hendi aðför að skuldunaut, eftir að maður sá, er fyrir hans hönd hafði fengið dóm á hendur skuldunaut, hafði án hans vitundar gefið upp skuldina af hluta 378

Aðild.

a) Einkamál

Eigendur og vátryggjendur skips sóttir til bóta vegna siglingar þess á annað skip 32
A höfðaði mál á hendur B til greiðslu tiltekinnar fjárhæðar. B krafðist nokkurrar niðurfærslu á kröfu A og höfðaði auk þess gagnsök til greiðslu skuldar út af sömu viðskiptum 44, 386
Ekkja manns, sem orðið hafði fyrir bifreið og látið þannig líf sitt, sækir bifreiðarstjórann til greiðslu útfararkostnaðar og dánarbóta bæði sjálfs sín vegna og ennfremur fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar og hins látna 76
Frá fjárhæð þeirri, sem greindum mædgum var dæmd, kom ekki til álita að draga að nokkru eða öllu tilgreinda fjárhæð, sem ekkjan hafði fengið frá Tryggingarstofnun ríkisins, með því að téð stofnun gekk ekki inn í málið 76
Vátryggingarfélagi stefnt til að gæta réttar síns í máli til heimtu dánarbóta út af bifreiðarslysi .. 76
A sótti B til greiðslu kaupeftirstöðva fyrir vinnu á hattasaumastofu. B bar fyrir sig til skuldajafnaðar skaðabótakröfu á hendur A vegna rofa hennar á vinnusamningi þeirra 82
Veðhafar í bifreið (A og B), sveitarstjórn, sem skrifa hafði látið bifreiðina upp samkvæmt 48. gr. framfærslulaga nr. 135/1935, og kyrrsetjandi hennar deila fyrir uppboðsdómi um uppboðsandvirði hennar. Uppboðsdómur telur A og B eiga forgangsrétt að andvirðinu, með því að veðréttur þeirra var löglega stofnaður og þinglesinn áður en uppskriftin var gerð, en sveitarsjóð eiga

afgang andvirðisins. Sveitarstjórnin áfrýjar og stefnir bæði A og B 104
Banki (B) fékk veðrétt í jörð A, og var jörðin fengin B til eignar sem ófullnægðum veðhafa. Síðar lét B jörðina koma í hendur A nokkru eða jafnvel miklu undir hálfvirði, miðað við venjuleg söluskipti. Landseti jarðarinnar höfðaði nú mál gegn A og B til gildis forkaupsrétti sínum að jörðinni fyrir áminnzt verð, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1926. Hann vann málið fyrir héraðsdómi. A og B. áfrýjuðu síðan málinu 108
Eigendur og útgerðarmenn trillubáts sækja sameiginlega bætur tjóns, sem varð við siglingu togara á bátinn 183
Tveir sameigendur fasteignar sækja saman mál til eignarréttar og umferðarréttar að gangræmu um nágrannalóð 189
Stjórnendur svonefnds Söltunarfélags verklýðsins á Akureyri sóttir persónulega til greiðslu skuldar félagsins og ennfremur til greiðslu sömu skuldar f. h. félagsins 215
Í máli á hendur bílstjóra til greiðslu skaðabóta út af bílslysi var vátryggingarfélagi, þar sem bíllinn var tryggður, stefnt til að gæta réttar síns 264
A bjó á jörðinni X. Stjórn Kreppulánasjóðs (K) byggði honum jörðina Y 23. júlí 1937, og hafði A nytjar jarðarinnar það ár, þótt hann hefði ekki aðsetur þar. Þann 11. febrúar 1938 seldi K jörðina hreppnum S, er seldi hana á ný B og C. A höfðaði mál til ákvörðunar forkaupsrétti sínum á jörðinni og stefndi K, S, B og C. A vann málið í héraði. K og S áfrýjuðu málinu til hæstaréttar 279
A sótti B, sem hafði verið formaður á fiskibátum hans, til greiðslu skuldar. B höfðaði gagnsök bæði til greiðslu kröfuliða, er hann taldi sér vanreiknaða til tekna, og vegna kröfuliða, er hann taldi sér ofreiknaða til skuldar 307
Öll málsmeðferð og héraðsdómur ómerkt og máli vísað frá héraðsdómi ex officio vegna umboðsskorts varnaraðilja 332

Í máli á hendur eiganda bifreiðar til greiðslu bóta út af bílslysi var vátryggingarfélagi því, sem í hlut átti, stefnt til að gæta réttar síns 345
Móðir sjö ára drengs sækir skaðabótamál fyrir hans hönd 370
Maður sækir Alþýðusamband Íslands og Iðju félag verksmiðjufólks á Akureyri til skaðabóta vegna vinnuvörnunar 382
Sameigendur lóðar sækja saman mál út af leigunni 478
Tveir erfðaleigutakar sækja saman skaðabætur vegna missis leigulandsins 500

b) Opinber mál.

Ábyrgðarmaður blaðs var sýknaður í máli ákæruvaldsins til refsingar eftir 102. gr. hegningarlaganna frá 1869 fyrir meinyrði um yfirskattanefnd í blaði hans, þar sem ákæruvaldið átti ekki sókn þeirrar sakar 512

Aðildareiður. Sjá barnsfaðernismál, eiður.

Aðiljaskýrslur.

a) Einkamál.

Í skuldamáli, sem sótt var bæði sem aðalsök og gagnsök, vísaði héraðsdómari tveimur kröfuliðum gagnsakar frá dómi, með því að hann taldi skorta þá greinargerð um þá, að dómur yrði á þá lagður. Hæstiréttur ómerkti héraðsdóminn og lagði fyrir héraðsdómarann að kveðja aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, veita þeim kost á að bæta úr því, er hann taldi vera áfátt málflutningnum, og leggja síðan efnisdóm á alla kröfuliði málsins 44
A, sem verið hafði vinstra megin við ökutæki með háfermi, gekk aftur fyrir það út á veginn og varð fyrir bíl B, er ók aftur með fyrrnefndu ökutæki. B viðurkenndi, að hann hefði séð A vera að bograst vinstra megin við háfermið, áður en B kom þarna að 76
Erlend stúlka A, er vann á hattasaumastofu B, sagði upp ráðningu sinni eftir nokkurra mánaða

starfa. B taldi ráðninguna gilda eitt ár. Ógreið og óskýr greinargerð A fyrir dómi veikti mjög málstað hennar 82
Héraðsdómari taldi gagnkröfu, sem höfð var uppi til skuldajafnaðar við kaupkröfu, of lítið skýrða og vísaði henni frá dómi. Hæstiréttur ómerkti héraðsdóminn og lagði fyrir dómarann að kalla aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, veita gagnkrefjanda kost á því að skýra mál sitt og leggja síðan efnisdóm á aðalkröfu og gagnkröfu 82
Færeyskur maður (A), sem verið hafði háseti á bát B um vetrarvertíð, var á vegum B áfram frá 12. til 31. maí. Kvaðst B hafa látið hann hafa fæði þenna tíma, og mótmælti A því ekki. Þar sem A gerði enga grein fyrir því, hvernig vinnu sinni hjá B hefði verið háttað eftir vertíðarlok, þótti hann ekki eiga kröfu til meira kaups en 50 króna auk fæðis greindan tíma, enda kvaðst B hafa skotið skjólshúsi yfir hann, er hann hefði verið vegalaus í vertíðarlok 136
Síldarútvegsnefnd játast undir að greiða af fé því, sem hún hafði til umráða, sölulaun af síld, sem nefndin seldi fyrir síldarkaupmenn til útlanda, en neitar að greiða sölulaunin af umsömdu fobb-verði síldarinnar 146
Það var ágreiningslaust í máli til faðernis barns K á hendur M, að þau höfðu samrekkt á þeim tíma, er líklegast var, að barnið væri getið á, en á getnaðartímanum hafði K einu sinni dvalizt hjá A ölvuðum þrjá tíma að næturlagi á gistihúsi. Þau A neituðu samförum í það sinn, en játuðu samfarir þremur mánuðum seinna. Dæmt, að M skyldi teljast faðir barnsins, ef K staðfesti með eiði holdlegar samfarir við hann einan karlmanna á getnaðartímanum, en annars kostar skyldi hann vera meðlagsskyldur 168
Eigandi togara var í héraði dæmdur til að greiða bætur tjóns, sem trillubátur hlaut í árekstri við togarann. Togaraeigandinn áfrýjaði og krafðist sýknu, en véfengdi ekki, að tjón stefndu næmi

fjárhæð þeirri, sem þeim hafði verið dæmd í héraði 183
Aðilja í máli um faðerni barns greindi á um það, hvenær samfarir þeirra hefðu orðið. Skýrslur vitnismanna voru til styrktar skýrslu konunnar 174
Sannað var með vottorðum skipaafgreiðslu, að sending áburðar, er A var talinn hafa pantað, hafði verið send til heimasveitar hans og afhent þar gegn fylgibréfi, sem talið var hafa verið af misgáningi sent A beint í stað aðilja þeim, er andvirði áburðarins átti að heimta. A synjaði þess að hafa pantað áburðinn eða veitt honum viðtöku, en greind atriði þóttu vera svo sterkar líkur gegn honum, að úrslit málsins voru látin velta á synjunareiði hans 207
Héraðsdómur ómerktur í skuldamáli, sem hafði verið mjög lélega skýrt af hendi beggja aðilja, og lagt fyrir héraðsdómarann að taka það upp af nýju samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita aðiljum kost á því að koma að þeim gögnum og skýringum, sem þeir vildu og efni yrðu til 254
Í skaðabótamáli vegna bílslyss gefur bílstjórinn og aðili, er lemstur hlaut, skýrslu um aðdraganda slyssins 264, 345
Skipað fyrir um öflun frekari skýrslna í barnsfaðernismáli 319
Deilt um það, hvort fyrirsvarsmaður vátryggingarfélags hefði skuldbundið það til að takast á hendur vátryggingu. Málið látið velta á synjunareiði hans 413

b) Opinber mál.

A veitti B líkamsáverka, er B ætlaði eftir miðnætti inn í leiguíbúð þriðjamanns í húsi föður A, en þar hafði B verið að sumbli um kveldið. Með því að A og B voru ekki samsaga um viðureignina, var skýrsla sjónarvitnis eins lögð til grundvallar, að svo miklu leyti sem það greindi það, er fram fór. Skýrslan studdi að mestu frásögn B 5
Maður játar á sig neyzlu víns við akstur bifreiðar 16, 25
Tveir lögreglumenn játa, að þeir hafi ekki leitað sér

vitneskju um nafn eða heimili A, sem þeir tóku eitthvað vínkenndan á veitingahúsi og fluttu í hegningarhús 59
Maður, sem sakaður var um löglausa sölu áfengis, gaf ógreiðar skýrslur um framfæri sitt 70
Stúlka vann eið að því, að hún hefði neytt áfengis ásamt A í bíl hans og að hann hefði ekið bíl ölvaður. Lögreglumaður og annar maður, B, sáu stúlkuna og karlmann koma út úr bíl við íbúðarhús A og karlmanninn fara þangað heim, en B taldi bílinn ekki hafa verið við nefnt hús lítilli stundu áður. A reyndist hafa 1,95‰ í blóði sínu. A synjaði fyrir samvistir sínar og stúlkunnar og brot á áfengis- og bifreiðalögunum, en greindar líkur þóttu nægilegar honum til sakfellingar .. 164
A ók bíl út af vegi. Hann neitaði að hafa neytt annars áfengis þann dag en einnar flösku af pilsner, og var sú skýrsla staðfest af bróður hans, er kvaðst hafa verið með honum, en samkvæmt því hefði áfengismagnið í blóði hans að dómi læknis ekki átt að vera yfir 0,6‰, en það reyndist að vera 1,52‰. Skýrslur vitnismanna leiddu auk þess í ljós, að hann hafði verið með áhrifum víns 197
Bifreiðarstjóri, er ekið hafði bíl út af vegi, viðurkennir, að bifreiðin hafi verið handhemlalaus 197
Maður játar að hafa stundað áfengissölu 206
Maður varð fyrir bifreið A um kl. 6,30 síðla í nóvembermánuði og beið bana. A gekkst við því, að ljósin í framljóskerum bifreiðar hans hefðu verið svo dauf, þegar slysið varð, að þau hefðu næstum ekkert lýst fram fyrir bifreiðina. Enn fremur viðurkenndi A, að hemlar bifreiðarinnar hefðu verið mjög lélegir á öllum hjólum nema vinstra afturhjóli 231
Þegar bílstjóri, sem numið hafði staðar fyrir utan hús, ók úr stað, varð barn, tæpra tveggja ára, fyrir bílnum og lét þar líf sitt. Með því að ekki voru önnur sjónarvitni að slysinu en fjögra ára telpa, er ekki var yfirheyrð, var skýrsla bílstjórans um aðdraganda slyssins lögð til grundvallar í refsimáli á hendur honum 250

Maður játar að hafa verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðar 268
Maður játar á sig kynvillu og saurlífisverk .. 358, 472
Maður játar innbrotsþjófnað 468

Áfengislagabrot. Sbr. bifreiðar, blóðrannsókn, ítrekun, líkur, mat og skoðun, refsingar, sönnun, vitni.

Maður dæmdur til refsingar fyrir ítrekaða sölu áfengis 1, 11, 70
Bifreiðarstjóri dæmdur til refsingar og sviptur ökuleyfi um tiltekinn tíma fyrir neyzlu áfengis við bifreiðarakstur 16, 268
Bifreiðarstjóri dæmdur til refsingar og æfilangs missis ökuleyfis fyrir akstur bifreiðar í ölvunarástandi, er slys hlauzt af 25
Maður dæmdur í fjársekt fyrir að vera með áhrifum áfengis við akstur bifreiðar 164
Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 15. gr. sbr. 1. og 2. mgr. 33. gr. laga nr. 33/1935 fyrir ítrekaða sölu áfengis 204
Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 15. gr. sbr. 2. mgr. 33. gr. laga nr. 33/1935 fyrir að selja til neyzlu suðuspiritus, sem blandaður var gosdrykk. Sökunaut var ekki dæmd varðhaldsrefsing, þótt hann hefði einu sinni áður verið dæmdur fyrir sölu áfengis, þar sem nefnda 33. gr. þótti bera að skýra með hliðsjón af tilorðningu 15. gr. laga nr. 91/1917, sem hefur að þessu leyti samskonar ákvæði að geyma, á þá leið, að varðhaldsrefsingu beri ekki að beita fyrr en við þriðja brot, ef sala hefur ekki farið fram í atvinnuskyni 434

Afnotahefð. Sjá hefð.

Áfrýjun. Sbr. aðild, áfrýjunarleyfi, kærumál.

Héraðsdómari vísaði tveimur kröfuliðum gagnsakar í skuldamáli frá dómi, með því ekki yrði um þá dæmt vegna vantandi skýrslna. Gagnstefnandi í héraði, sem aðaláfrýjaði málinu, krafðist fyrst og fremst ómerkingar héraðsdómsins og að málinu yrði vísað heim í hérað til endurupptöku og

álagningar dóms að efni til einnig um þá liði gagnsakarinnar, sem héraðsdómari frávísaði. Var í hæstarétti dæmt um ómerkingar- og heimvísunarkröfuna út af fyrir sig 44

Héraðsdómari áleit gagnkröfu, sem upp var borin til skuldajafnaðar við kaupkröfu, of lítið skýrða og vísaði henni frá dómi. Hæstiréttur ómerkti héraðsdóminn og lagði fyrir dómarann að kalla aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita gagnkrefjanda kost á því að skýra mál sitt og leggja síðan efnisdóm á málið 82

A höfðaði mál til heimtu veðskuldar gegn B og C. B var dæmdur, en máli C var vísað frá dómi. A kærði héraðsdóminn samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936 og krafðist þess, að lagt yrði fyrir héraðsdómarann að dæma málið einnig gagnvart C „og veðinu". Talið var, að A krefðist einungis ómerkingar á frávísunarákvæði héraðsdómsins og að hann stæði því, að því leyti sem hann varðaði B 87

A höfðaði mál til skaðabóta vegna sauðfjár, er fargað var til varnar útbreiðslu mæðiveiki. Hæstiréttur ómerkti ákvæði héraðsdómsins um bætur, þar sem mat bóta bar undir dómkvadda menn samkvæmt 19. gr. laga nr. 12/1937. Hins vegar þótti þeirri varakröfu verða komið að í hæstarétti, að tiltekin atriði yfirmats væru ekki bindandi fyrir A, með því að bótakrafa hans var reist á ákveðnum aðfinnslum við atriði þessi 91

Tveir veðhafar í bifreið, sveitarstjórn, sem látið hafði skrifa bifreiðina upp samkvæmt 48. gr. framfærslulaga nr. 135/1935, og kyrrsetjandi hennar deildu fyrir uppboðsrétti um uppboðsandvirði bifreiðarinnar. Sveitarstjórnin áfrýjaði síðan málinu og stefndi veðhöfunum, sem fógeti taldi ganga fyrir sveitarsjóði til andvirðisins 104

Banki (B) fékk veðrétt í jörð A, og var jörðin fengin B til eignar sem ófullnægðum veðhafa. Síðar lét B jörðina koma í hendur A nokkru eða jafnvel miklu undir hálfvirði, miðað við venjulegar sölur. Landseti jarðarinnar höfðaði nú mál gegn A

og B til gildis forkaupsrétti sínum að jörðinni, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1926. Landseti vann málið í héraði. A og B áfrýjuðu því og unnu það í hæstarétti 108
Ný skjöl lögð fram í hæstarétti 122
Héraðsdómur ómerktur í skuldamáli, sem óreifað var í héraði, og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar af nýju samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita aðiljum færi á því að reifa það og skýra 254
Málskostnaðarákvæði héraðsdóms skotið til hæstaréttar eftir reglum um kærur, sbr. 186. gr. laga nr. 85/1936 275
Eiganda jarðar dæmt skylt að afsala hana manni, sem átti forkaupsrétt að henni, innan einnar viku frá birtingu hæstaréttardómsins 279
A, sem sóttur var til greiðslu skuldar, skrifaði eina greinargerð í því í héraði og sótti síðan ekki þing í því. Héraðsdómari dæmdi málið á hendur honum. A skaut málinu til hæstaréttar með löngum þingfestingarfresti. Gagnaðilinn B áfrýjaði þá til staðfestingar dóminum með mun styttri þingfestingarfresti. A krafðist þá frests til vitnaleiðslu, en gegn mótmælum B varð honum ekki veittur fresturinn, þar sem hann hafði átt þess nægan kost að leiða vitni, meðan málið var fyrir héraðsdómi. Var héraðsdómurinn staðfestur 298
Úrskurður um öflun frekari skýrslna í barnsfaðernismáli 319
Eigendur tilgreinds húss, A og B, voru dæmdir til þess í hæstarétti að viðlögðum dagsektum að veita innan viku frá birtingu hæstaréttardómsins eiganda nágrannahússins, C, frjálsan aðgang um tiltekna spildu húslóðar A og B að stöfnum geymsluhúss, sem var að nokkru byggt inn á lóð A og B 320
Málsástæðu, sem ekki var hreyft í héraði, var ekki gegn mótmælum gagnaðilja gaumur gefinn í hæstarétti 320
A áfrýjaði úrskurði fógeta þess efnis, að A skyldi borinn út af tilgreindri jörð. Málflytjandi gerðarkrefjanda B drap á það fyrir hæstarétti, að A

hefði fyrir atbeina B fengið aðra jörð sízt lakari en þá, sem hann var borinn út af. Þessu var ekki andmælt af málflytjanda A, en skýrslur málflytjanda gerðarkrefjanda um þetta þóttu samt svo óljósar, að ekki varð fullyrt, að A hefði svipt sig áfrýjunarheimild með framkomu sinni í sambandi við viðtöku jarðarinnar 328

Héraðsdómari hratt með úrskurði kröfu um vísun máls frá héraðsdómi. Með því að úrskurðurinn hefði átt að sæta kæru samkvæmt 3. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, varð honum ekki haggað eftir kröfu aðilja, er honum var áfrýjað ásamt dómi í málinu 332

Sagt, að áfrýjun máls hefði verið tilefnislítil, þar sem atriði þau, er úrslitum þess réðu, voru áður játuð af áfrýjanda 342

Úrskurði fógeta um það, hvort lögtak skyldi gert til tryggingar greiðslu tekjuskatts, var vísað frá hæstarétti ex officio, þar sem úrskurðurinn hafði verið kærður þangað andstætt reglum 4. tölul. a. 198. gr. laga nr. 85/1936 375

Áfrýjunarleyfi.

Áfrýjunarfrestur liðinn 32, 122, 153, 178, 207, 215, 307,313, 332, 342, 421, 455

Áfrýjunarfjárhæð 98

Ágreiningsatkvæði. Sjá sératkvæði.

Ákæruvald.

Maður hafði kynferðismök við tvær telpur, aðra fullra 12 ára, en hina 11 ára og 5—6 mánaða. Héraðsdómara láðist að spyrja foreldra eða forráðamenn eldri telpunnar um það, hvort þeir krefðust opinberrar málssóknar vegna hegðunar ákærða gegn henni, sbr. 175. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. Ennfremur átti dómarinn að spyrja foreldra eða forráðamenn yngri telpunnar hins sama, því að vera mátti, að ákærði hafði álitið hana eldri en hún var. Málsmeðferð og dómur var ómerkt og málinu vísað heim í hérað til meðferðar af nýju 56

Ábyrgðarmaður blaðs var sýknaður í máli ákæruvaldsins gegn honum til refsingar samkvæmt 102. gr. hegningarlaga frá 1869 fyrir meinyrði um yfirskattanefnd í blaði hans, þar sem ákæruvaldið átti ekki sókn þeirrar sakar 512

Aldur.

Maður, er kominn var á hinn efra aldur, hafði kynferðismök við tvær telpur, aðra fullra 12 ára, en hina 11 ára og 5—6 mánaða. Héraðsdómaranum láðist að spyrja ákærða um vitneskju hans eða hald um aldur telpnanna og leiða í ljós líkamsþroska þeirra. Ennfremur gleymdi dómarinn að spyrja foreldra telpnanna eða forráðamenn, hvort þeir krefðust opinberrar málssóknar á hendur ákærða. Málsmeðferðin og dómur var ómerkt og málinu vísað heim í hérað til rækilegri rannsóknar og dómsálagningar 56

Lögreglumenn vanrækja að taka skýrslu af fjögra ára telpu, sem var sjónarvottur að því, er ekið var á tveggja ára barn, en annarra sjónarvitna var ekki völ 250

Maður dæmdur samkvæmt 1. mgr. 203. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir kynferðismök við dreng, er var innan 14 ára aldurs, og samkvæmt 2. mgr. sömu greinar fyrir samskonar mök við drenginn, eftir að hann var orðinn 14 ára. Sami maður var einnig dæmdur eftir 2. mgr. 203. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940 fyrir tilraun til kynferðismaka við tvo drengi á aldrinum 14—18 ára 358

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 1. mgr. 203. gr. laga nr. 19/1940 fyrir kynferðismök við dreng, er var innan 14 ára aldurs, og samkvæmt 2. mgr. sömu greinar fyrir samskonar mök við drenginn, eftir að hann varð 14 ára, svo og fyrir kynferðismök við annan dreng, sem orðinn var 14 ára 472

Álitsgerðir. Sjá blóðrannsókn, læknar, mat og skoðun.

Alþjóðalög.

Sagt, að ekki verði staðhæft, að viðurkennd alþjóðaregla sé til, er setji það skilyrði fyrir eftirför togara, er grunaður er um ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, að stöðvunarmerki séu gefin, áður en eftirförin hefst 115

Alþýðutryggingar. Sjá slysatryggingar.

Analogía. Sjá Lög, lögskýring.

Árekstur skipa.

Eimskipi (E) var lagt við akkeri á hafnarlegu. Nokkru síðar sama dag var vélbát (V) lagt þar, og hlaut E eftir vindstöðunni að færast að eða á V, ef akkeri E héldi því ekki. Daginn eftir var kominn rokstormur, og rak þá E á V með þeim afleiðingum, að akkeriskeðja V slitnaði, og rak V síðan á land upp. Skipstjórnarmenn E voru aðallega taldir valdir að árekstrinum, með því að þeir hefðu um seinan hafizt handa til að afstýra honum og ekki haft, eins og á stóð, vél E tiltækilega fyrirvaralaust. Stjórnarmönnum V var einnig metið það til nokkurrar sakar, að þeir höfðu heldur ekki haft vél bátsins tiltækilega fyrirvaralaust, en ósannað var talið, að óstyrkleiki akkeriskeðju V hefði átt þátt í slysinu, og ekki var það borið fyrir, að V hefði verið lagt svo nærri E, að aðfinningum sætti. Eigendur E þóttu eiga að bæta tjónið af árekstrinum að þremur fjórðu hlutum 32

Dæmt sjóveð fyrir fébótum út af árekstri skipa og kostnaði af málssókn við heimtu bótanna 32

Togari sigldi að kveldlagi í nóvembermánuði á trillubát, sem var að draga línu sína á fiskmiðum og hafði varðljós uppi. Bátsmenn gátu ekki siglt bátnum úr stað, þegar þeir sáu til togarans, þar sem annar hólkurinn í vél bátsins verkaði þá ekki. Sú taldist orsök ásiglingarinnar, að skipstjórnarmenn togarans hefðu ekki veitt varðljósi

bátsins athygli í tæka tíð og þess vegna ekki breytt um stefnu til að forðast ásiglingu, og gerði það engan mun í þessu efni, þótt báturinn kynni samkvæmt siglingarreglum að hafa átt að bregða upp sérstöku ljósi til að sýna legu veiðarfæra sinna. Eigandi togarans var því dæmdur til að bæta eigendum og útgerðarmönnum bátsins fé tjón þeirra af ásiglingunni 183

Sjóveðréttur ekki dæmdur til tryggingar skaðabótum út af árekstri skipa, með því að hans var ekki krafizt 183, 455

Skipið S sigldi inn ytri höfn Rvíkur til suðausturs fram hjá stóru skipi (E), sem þar hafði verið lagt. Hafnsögumannsbátur (H) sigldi á móti S til aðstoðar, beygði fyrir framstefni E og rakst þar á S og olli spjöllum á því. Þar sem stjórnendur S og stjórnandi H máttu gera ráð hvor fyrir öðrum hinum megin við E og áttu að haga siglingu sinni samkvæmt því, þóttu þeir báðir eiga sök á árekstrinum. Sök stjórnanda H var talin meiri, með því að hann hafði siglt með fullum hraða og að öllu mjög ógætilega. Var hafnarsjóði Reykjavíkur því gert að bæta ⅔ hluta skaðans 455

Ásetningur. Sjá saknæmi, sönnun.

Ásigling. Sjá árekstur skipa.

Auðgun, auðgunarregla.

Bankaútibú eignaðist hús, þar sem framfærsluþegi bjó, er bæjarsjóður greiddi húsaleigu hans. Er stjórnendur útibúsins urðu þess vísir, að fyrri eigandi hússins (E) fékk áfram leigugreiðslur úr bæjarsjóði, lögðu þeir bann við því, en gerðu ekki reka að því að heimta greiðslur þessar handa útibúinu. Nokkrum árum seinna seldi útibúið A húsið ásamt rétti til að krefjast húsaleigu styrkþegans vegna frá þeim tíma, er E hætti að fá leiguna, en af hendi bæjarins var synjað greiðslu. Sagt, að bæjarsjóður hefði vegna vistar styrk-

þegans í húsinu fengið verðmæti, sem honum væri skylt að greiða, enda hefði stjórnvöldum bæjarins mátt vera það ljóst, að útibúið ætlaðist til að fá leiguna 246

Áverki. Sjá líkamsáverkar.

Barnsfaðernismál.

K eignaði M laungetið barn, sem fætt var 4. nóv. 1932. Ágreiningslaust var, að þau höfðu samrekkt sem hjón frá 6. jan. 1932 til 3. febr. s. á. jafnan, þegar M, sem var sjómaður, var í landi, en líklegast var, að barnið væri komið undir um mánaðamótin janúar og febrúar. Hins vegar kom það upp, að þann 3. febr. s. á. fylgdist K með öðrum manni, A, inn í tilgreint hótel kl. 10½ að kveldi og dvaldist þar hjá honum einum þar til kl. 1½ um nóttina. Kveða þau A hafa sofnað þarna bráðlega, enda hafi hann verið ofurölvi, og K setið síðan yfir honum, en neita samförum í þetta skipti. Þar á móti játuðu þau K og A samfarir um mót mánaðanna maí og júní s. á. Blóðrannsókn útilokaði hvorki M eða A frá faðerni barnsins. Dæmt, að M skyldi teljast faðir barnsins, ef K staðfesti með eiði sínum, að hún hefði ekki haft samfarir við aðra karlmenn en M á tímabilinu frá og með 1. jan. 1932 til og með 10 marz s. á. Ef K féllist á eiðnum, skyldi M vera sýkn af faðerniskröfunni, en vera hins vegar skyldugur til meðgjafar með barninu 168

K eignaði M laungetið barn, sem hún taldi komið undir við samfarir aðilja á heimili M tilgreindan dag, en þar hafði hún þá verið gestkomandi ásamt stúlkunni O og karlmanninum N. Hafði hún, K, og M farið frá þeim O og N út úr herbergi M og inn í annað herbergi og þar hafi M lagzt með henni. Líkur komu fram gegn því, að þessi samfundur hefði átt sér stað þann dag, sem K tiltók, en vitni þeirra N og O benti eindregið til, að samfundurinn hefði verið á getnaðartíma barnsins, því að O bjó einungis á þessum tíma í húsinu G, en

þangað kveða vitnin N hafa ekið O eftir samfund þeirra fjögurra á heimili M. Blóðrannsókn var framkvæmd á aðiljum og barninu án þess að leiða til úrslita. Lyktir málsins voru látin velta á sönnunareiði K 174

Rannsókn í barnsfaðernismáli var ófullnægjandi. Dómsuppsögu var þess vegna frestað í hæstarétti og héraðsdómara gert að afla frekari skýrslna 319

A eignaði B launget barn. Þau kváðust þrisvar hafa haft samræði á heimili B, en B taldi samfarirnar hafa farið fram fyrir getnaðartíma barnsins. Við fyrstu réttarrannsókn kvaðst A, sem læknir taldi andlega heila, en fávísa, ekki muna, á hvaða tíma árs samfarirnar hefðu átt sér stað, en síðar í réttarprófunum þóttist hún muna þetta. Leitt var í ljós af vitnum, að A var stödd á heimili B á þeim tíma, er barnið gat hafa komið undir. Einnig kvað eitt vitni hana hafa þjáðst af flökurleika nokkrum dögum síðar. Þrátt fyrir líkurnar fyrir málstað A var niðurstaða málsins vegna fávizku hennar látin velta á synjunareiði B 421

Konan S kenndi J launget barn. J gekkst við því, að hann hefði lagzt með henni á getnaðartíma barnsins, en í málinu kom það upp, að annar maður, sem áður hafði haft samfarir við S, hafði kvöld eitt á getnaðartíma barnsins verið 2 klukkustundir í herbergi S, eftir að hún var háttuð. Minnti mann þenna, að hann hefði þarna átt lag við S, en þorði ekki sakir ölvunar sinnar þá að staðhæfa það, en hún neitaði því. Blóðrannsókn útilokaði hvorugan manninn frá faðerninu. Dæmt, að J skyldi teljast faðir barnsins, greiða meðlag með því og barnsfarakostnað, ef S synjaði þess með eiði, að hún hefði haft samfarir við aðra karlmenn á getnaðartíma barnsins, en ef henni yrði eiðfall, skyldi J greiða meðlag með barninu og barnsfarakostnað 461

Bifreiðar, bifreiðalöggjöf.

Bifreiðarstjóri dæmdur til refsingar og sviptur ökuleyfi um tiltekinn tíma fyrir neyzlu áfengis við

bifreiðarakstur. Sami bifreiðarstjóri var sýknaður af kæru um ölvun við bifreiðarakstur í annað tiltekið skipti. Tvö vitni töldu hann hafa verið allmjög ölvaðan, en önnur fjögur vitni sögðust ekki hafa orðið þess vör, að hann væri ölvaður 16

Bifreiðarstjóri dæmdur til refsingar eftir áfengis- og bifreiðalögunum og sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir að aka bíl ölvaður og valda slysi 25

Nokkrir menn voru að flytja nótabát á fjórhjóluðum dráttarvagni, sem festur var aftan í bifreið. Bifreiðin nam staðar á vinstri vegbrún, og fór A vinstra megin við ökutækin til aðgæzlu á bátnum. Að svo búnu gekk hann aftur fyrir dráttarvagninn og inn á veginn, en rakst þá á vörubíl B, sem í þeim svifum ók aftur með dráttarvagninum. Hlaut hann af þessu dauðalemstur. Vangæzla A var talin aðalorsök slyssins, en allt að einu þótti mega ætla, að B, sem séð hafði A vera að bograst vinstra megin við bátinn, hefði getað stýrt undan slysinu, ef hann hefði ekið hægara, farið svo nærri vegbrún sem unnt var og gefið glöggt hljóðmerki. Samkvæmt þessu þótti með skirskotun til 15. gr. laga nr. 70/1931 hæfilegt að dæma B til að greiða konu og dóttur A helming dánarbóta og útfararkostnaðar 76

Stúlka vann eið að framburði sínum um vist sína í bíl A, áfengisneyzlu þeirra þar og akstur A í ölvunarástandi. Lögreglumaður og annar maður (B) sáu stúlkuna og karlmann koma út úr bíl við hús A og karlmanninn fara þangað heim, en B sagði bílinn ekki hafa verið þar lítilli stundu áður. Lögreglumaðurinn fylgdi stúlkunni heim. A reyndist hafa 1,95‰ áfengismagn í blóði sínu. A var dæmdur í sekt fyrir ölvun við bifreiðarakstur samkvæmt áfengis- og bifreiðalögunum þrátt fyrir neitun sína 164

A ók bíl sínum út af vegi. Fimm lögreglumenn, sem skömmu síðar sáu hann eða töluðu við hann, töldu hann vera með áhrifum áfengis. Sjónarvitni að bílslysinu hafði sömu sögu að

segja. Sömu skoðun lét í ljósi læknir sá, sem tók blóð úr honum, en nokkur önnur vitni þóttust ekki hafa séð vín á honum. Áfengismagn í blóði hans reyndist vera 1,52‰. A neitaði að hafa neytt annars áfengis en einnar flösku af pilsner, og var sú skýrsla staðfest af bróður hans, er verið hafði með honum, en samkvæmt því hefði áfengismagnið í blóði hans ekki átt að vera yfir 0,6‰. A var dómfelldur samkvæmt áfengis- og bifreiðalögum og sviptur ökuleyfi um sex mánaða skeið 197

A dæmdur eftir 1. og 3. tl. 3. gr. laga nr. 70/1931 fyrir að aka bifreið um kl. 6,30 síðla nóvembermánaðar með lítt nýttum ljósum í framljóskerum og með óvirkum hemlum á þremur hjólum. Akstur hans í sama sinn með ónýtum hraðamæli varðaði við 6. gr. 7. mgr. sömu laga. Þá þótti hann og hafa brotið 6. og 15. gr. nefndra laga með of hröðum og aðgæzlulausum akstri, Ennfremur varðaði akstur hans við 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Loks var hann dæmdur eftir 200. gr. hgl. 1869 fyrir að verða manni að bana með akstri þeim, er nú var lýst. Auk refsingar var hann sviptur ökuleyfi sínu æfilangt 231

A stöðvaði bíl sinn fyrir utan hús til að hleypa út úr honum drukknum manni. Þegar það tókst ekki, ók hann bílnum úr stað, og varð þá barn, tveggja ára tæpra, fyrir bílnum og beið bana. A kvaðst hafa litið fram á veginn og til hliðar, en ekki séð aðra en telpu, fjögra ára. Sagt, að það hefði verið varlegra af A að fara úr bílnum í aðgæzluskyni, áður en hann ók af stað, en varhugavert þótti að meta honum þetta til refsingar 250

Konan A taldi för sinni yfir breiða götu ekki stafa hættu af bifreið, er hún sá nálgast, en þegar hún var komin út á götuna, sá hún sér hættu búna, nam staðar og varð því næst fyrir bifreiðinni. Hlaut hún af því meiðsl. Ekki varð séð, að bílstjórinn hefði dregið neitt úr hrað-

anum, þegar hann sá A, þótt honum væri þess kostur. Þótti hann því eiga sök á slysinu, en við mat bóta þeirra, er honum bar að greiða A, var höfð hliðsjón af því, að telja varð það nokkra ógætni af hennar hendi að bíða ekki á gangstéttinni, meðan bíllinn ók fram hjá, og nema ekki fyrr staðar en hún gerði 264

Bifreiðarstjóri sektaður og dæmdur til að missa ökuskírteini sitt um 6 mánaða skeið vegna aksturs með áhrifum áfengis. Sökin var sönnuð með játningu hans og skýrslu vitnismanna, enda var og vínandi í blóði hans rétt eftir aksturinn 1,80‰ 268

Fundið að því í opinberu máli, að ekki var komið fram ábyrgð gegn A, sem lét það viðgangast, að maður með áhrifum víns ók bíl, er A hafði umráð yfir 268

A, sem neytt hafði nokkurs áfengis, var á gangi á vinstri brún þjóðvegar. Þegar bilið milli hans og bifreiðar, sem kom akandi á móti honum, var ca. 10—12 m, virðist hann, eftir vætti farþega í bifreiðinni og aðstöðunni að dæma, hafa slangrað eitthvað inn á veginn, og varð hann þá fyrir bílnum, sem bílstjórinn vék til hægri. A þótti hafa sýnt ógætni, en allt að einu þótti ekki sannað, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef bílstjórinn hefði vikið út á vinstri vegbrún, þegar hann varð A var, og var því eiganda bifreiðarinnar gert samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1931 að bæta meiðsl og tjón A fé að nokkru 345

A ók út á hægri brún fjölfarinnar götu til að komast fram hjá stórri bifreið. Í sömu andránni sá hann gangandi mann 5—6 metra framundan og varð svo bilt við, að hann missti stjórn á bifreið sinni. Hraktist maðurinn á undan henni um 10 metra og klemmdist síðan milli hennar og húsveggjar. Leiddi þetta hann til bana. Ef útsýn byrgðist A þarna, mátti hann eiga vegfarenda von þar í hvarfi, og bar honum að miða akstur sinn við það. Hvernig sem á atvik slyssins

var litið, taldist það því hafa orðið af handvömm hans, og var honum dæmt varðhald eftir 215. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 19/1940 og 6. sbr. 14. gr. laga nr. 70/1931, sbr. einnig 77. gr. laga nr. 19/1940, og sviptur æfilangt ökuleyfi 354

Við affermingu bifreiðar, sem hlaðin var heyi, varð 7 ára drengur fyrir sátu, er niður datt, og hlaut af lemstur. Bifreiðin stóð kyrr, og staður hennar virðist hafa verið hættulaus. Fébætur vegna slyssins urðu ekki dæmdar samkvæmt sérákvæðum 15. gr. laga nr. 70/1931, með því að slysið varð ekki af orsökum, sem samfara eru notkun bifreiða frekar öðrum ökutækjum. Skaðabótaskylda af öðrum ástæðum kom ekki til álita, með því að bótakröfur voru eingöngu reistar á ákvæðum 15. gr. nefndra laga 370

Styrkþegi (S) hafði bíl sveitarsjóðs að láni sér og skuldaliði sínu til framfærslu. Bíllinn var samt skráður í bifreiðaskrá á nafn S. Eftir að S hafði haft bílinn í sínum varnaði nokkur ár, seldi hann bílinn þriðja manni (Þ). Með því að sveitarstjórnin lét það við gangast, að bíllinn var í bifreiðaskránni skráður á nafn S, meðan hann var í vitum hans, og með því að ekki var hnekkt því, að Þ hefði verið grandlaus um eignarheimild S að bílnum, þegar kaupin milli þeirra urðu, þá var Þ talinn hafa eignazt bílinn fyrir traustnám 496

Björgun.

Eimskip (E), sem lá við akkeri á hafnarlegu, rak í stórviðri á vélbát (V), sem lá þar einnig við akkeri. Slitnaði keðja bátsins, og rak hann á land upp. Stjórnarmenn E þóttu eiga aðalsök árekstrarins. Eigandi V greiddi varðskipi tiltekna fjárhæð fyrir að draga bátinn af grunni. Í skaðabótamáli á hendur eigendum E var fjárhæð þessi ekki lögð til grundvallar, heldur var þeim gert að endurgreiða að sínum hluta bjarglaun þau, er hæfileg mátust 32

Norskt skip, sem var á leið til Ameriku, hlaðið trjá-

kvoðu, missti þann 1. desember 1939 skrúfu sína um 100 sjómílur í suðlæga stefnu frá Vestmannaeyjum. Veður var allslæmt og allra veðra von. Skipið var af alfaraleið skipa. Farmur þess var að nokkru laus og þess eðlis, að hann gat drukkið í sig vatn og bólgnað mjög. Samkvæmt beiðni vátryggjenda skipsins fór e/s Ægir til hjálpar 2. desember kl. 2,50. Um kl. 20 þann dag kom Ægir að skipinu og dró það til Reykjavíkur. Var komið þar á höfnina kl. 9.45 þann 4. des. Hjálp e/s Ægis var metin björgun. Hið bjargaða verðmæti var metið kr. 2226293.00. Bjarglaun voru ákveðin kr. 280000.00 488

Blóðrannsókn.

Framkvæmd rannsókn á áfengismagni í blóði bifreiðarstjóra, sem kærður var fyrir akstur bifreiðar með áhrifum áfengis 164
Framkvæmd blóðrannsókn í barnsfaðernismáli á konu, barni og tveimur mönnum, sem böndin bárust að um faðerni. Gat hvor þeirra sem var verið faðir að barninu 168
Blóðrannsókn framkvæmd í barnsfaðernismáli á aðiljum og barni. Gat maðurinn samkvæmt henni verið faðir að barninu, en rannsóknin sannaði ekki, að hann væri það 174
Framkvæmd rannsókn á blóði bifreiðarstjóra, sem kærður var fyrir akstur bifreiðar með áhrifum áfengis 197
Læknir gefur vottorð þess efnis, að áfengismagn í blóði fullorðins manns geti aldrei farið yfir 0,6‰, þótt innihalds einnar flösku af íslenzkum pilsner sé neytt nokkru fyrir blóðtökuna .. 197
Framkvæmd rannsókn á vínanda í blóði manns, er ekið hafði bifreið með áhrifum áfengis 268
Kveðið á um það með úrskurði, að móður laungetins barns skuli gefinn þess kostur að leggja sig og barn sitt undir blóðrannsókn 319
Blóðrannsókn framkvæmd í barnsfaðernismáli án þess að leiða til niðurstöðu 421, 461

Bona fide extinctio. Sjá traustnám.

Borgaraleg réttindi.

Maður gerðist sannur um kynvillu og saurlífismök við drengi, meðan hegningarlög frá 25. júní 1869 voru í gildi, en var dæmdur í hæstarétti samkvæmt hegningarlögum nr. 19/1940, sem þá höfðu öðlazt gildi. Hann var ekki í dóminum sviptur réttindum samkvæmt 68. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. þeirra laga 358, 472

Borgfirzka sauðfjárveikin. Sjá mæðiveiki.

Botnvörpuveiðabrot.

Miðunarlína, sem togari var á kl. 4,18 samkvæmt mælingum varðskips, var að nokkru innan og að nokkru utan landhelgi. Utan landhelgi lá hún svo langt frá dufli, er togarinn var upp undir kl. 4,32, og stöð togarans kl. 4,55, að togarinn hefði orðið að sigla miklu hraðar en aðiljar voru ásáttir um, að hann hefði siglt, ef hann hefði átt að vera utan landhelgi kl. 4,18. Þótti skipstjóri varðskipsins þess vegna hafa haft fulla ástæðu til að færa togarann til hafnar til rannsaks. Var ríkissjóður því sýknaður af skaðabótakröfu út af togaratökunni, enda þótt mál ákæruvaldsins á hendur skipstjóra togarans leiddi ekki til sakfellingar 115

Sagt, að ekki verði staðhæft, að viðurkennd alþjóðaregla sé til, er setji það að skilyrði fyrir því, að togara sé veitt eftirför, sem grunaður er um ólöglegar fiskveiðar, að stöðvunarmerki séu gefin, áður en eftirförin sé hafin 115

Togaraskipstjóri dæmdur til refsingar samkvæmt 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924, fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi 465

Byggingarnefnd. Sjá valdmörk stjórnvalda.

Dagsektir.

Ákvæði merkjadóms Reykjavíkur um brotttöku girðingar milli tveggja lóða að viðlögðum dagsektum fellt úr gildi 189

Eigendur tilgreinds húss dæmdir til þess að viðlögðum dagsektum að veita eiganda nágrannahúss innan viku frá birtingu dóms hæstaréttar frjálsan aðgang um tiltekna spildu húslóðar dómþolanda að stöfnum geymsluhúss dómhafa, er var byggt að nokkru inn á lóð dómþolanda 320
Ákvæði um afplánun dagsekta varð ekki sett í dóm í máli tveggja félaga, með því að dagsektanna var ekki krafizt af neinum ákveðnum manni .. 413

Dánarbætur.

Bifreiðarstjóri dæmdur til þess samkvæmt 15. gr. laga nr. 70/1931 að greiða ekkju og dóttur manns, er varð fyrir bifreið hans og lét þannig líf sitt, helming dánarbóta, eða kr. 6500.00. Af þessari fjárhæð fékk ekkjan kr. 3700,00, en dóttirin kr. 2800.00. Enn fremur var bifreiðarstjórinn dæmdur til að greiða helming af útfararkostnaði hins látna 76

Dómar. Sbr. dómarar, endurupptaka, frávísun, heimvísun, ómerking.

Maður dæmdur í sekt fyrir brot gegn 205. gr. alm. hgl. 25. júní 1869. Sektin höfð skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 57/1933 5
Dæmt í barnsfaðernismáli, að M skyldi talinn faðir að barni K, og greiða henni málskostnað fyrir báðum dómum, ef hún ynni eið að því, að hún hefði ekki haft samfarir við aðra karlmenn en hann á tilteknum tíma, en ef K yrði eiðfall, skyldi M vera sýkn af faðerniskröfunni, en þó vera skylt að greiða meðlag með barninu, greiða K málskostnað í héraði, en málskostnaður fyrir hæstarétti skyldi þá falla niður, enda átti þóknun talsmanns K, sem fengið hafði gjafvörn fyrir hæstarétti, að greiðast úr ríkissjóði 168, 461
A var af byggingarnefnd og bæjarstjórn kaupstaðar sett það skilyrði fyrir byggingu íbúðarhúss á lóð sinni, að hann léti af hendi spildu af henni endurgjaldslaust undir götu. Þar sem skilyrði þetta var löglaust, var réttur hans til endurgjalds fyrir lóðarspilduna úr bæjarsjóði viðurkenndur 225

Sú krafa A var ekki talin dómhæf, að reikningur B á hendur honum fyrir geymslu tilgreindrar vöru yrði ómerktur, en til vara, að honum (A) yrði gert að greiða þóknun fyrir geymsluna eftir mati dómsins. Var dómur og málsmeðferð í héraði því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi 271

Gerð athugasemd um það, að héraðsdómari hafði kveðið upp dóm í einkamáli með skírskotun til matsgerðar, sem þá hafði ekki farið fram, gagnstætt fyrirmælum 2. mgr. 137. gr. laga nr. 85/1936 279

Eiganda jarðar dæmt skylt að afsala hana manni, sem átti forkaupsrétt að henni, innan einnar viku frá birtingu dóms hæstaréttar 279

A var dæmdur eftir kröfu sinni og varakröfu lánardrottins í hæstarétti til að greiða víxil, er hann hafði samþykkt í virkum sterlingspundum, í íslenzkri mynt eftir gengi á gjalddaga, með því að honum var ómögulegt samkvæmt gjaldeyrislögum að afla sterlingspunda, enda mátti umboðsmanni lánardrottins við samþykkt víxilsins vera þetta ljóst 287

Tveir eigendur húss dæmdir til þess að viðlögðum dagsektum að veita eiganda nábýlishúss innan viku frá birtingu dóms hæstaréttar frjálsa umferð um spildu húslóðar þeirra 320

Sakaraðili sýknaður að svo stöddu af kröfulið, þar sem enn var óvíst um ýmis atriði, sem réttmæti kröfuliðsins valt á 386

Í landamerkjamáli, þar sem deilt var um skilning á landamerkjadómi frá 1890, ómerkti hæstiréttur héraðsdóminn, vísaði málinu heim í hérað til meðferðar af nýju og gaf landamerkjadómi fyrirmæli um ákvörðun merkjanna. Er málið kom aftur í hérað, staðhæfði annar aðilja, að endi merkjagarðs, sem merkjalínan lá í, hefði brotnað frá 1890, og ætti því nú að miða við hinn forna merkjagarðsenda. Breytti landamerkjadómur merkjunum samkvæmt þessari kröfu. Þessu hafði ekki verið hreyft við fyrri meðferð málsins fyrir dómstólunum, og hafði hæstiréttur í fyrri dómi sínum miðað við enda

merkjagarðsins, eins og hann er nú, og voru merkin því ákveðin fullnaðardómi. Hinn síðastnefndi landamerkjadómur var því ómerktur og málinu á ný vísað heim til nýrrar dómsálagningar 444

Í máli til fébóta vegna bifreiðarslyss lét héraðsdómarinn sé nægja að vísa um atburð sakarinnar til refsidóms, er hann hafði kveðið upp yfir aðilja málsins. Með því að þessi meðferð málsins var andstæð ákvæði 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju 448

Hæstiréttur leggur til grundvallar dómi sínum í kærumáli málsástæðu, er ekki hafði verið hreyft af aðilja, er var ólöglærður, í héraði, sbr. 113. og 114. gr. laga nr. 85/1936 486

Í máli út af yfirmati lögnumins lands tjáði héraðsdómari sig fallast á grundvöll yfirmatsins, en lét ekkert uppskátt um það, á hvaða rökum hann reisti niðurstöðu sína. Þessi meðferð máls var átalin. Einn dómenda hæstaréttar taldi málsmeðferð þessa fara í bága við 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 og vildi ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju 500

Dómarar.

Héraðsdómari gleymdi að senda dómsmálaráðuneytinu dómsgerðir opinbers máls, og fékk ráðuneytið þær ekki fyrr en eftirmaður hans fann þær við rekstur annars opinbers máls á hendur kærða. Fyrir þessa vanrækslu sætti dómarinn sekt samkvæmt 35. gr. tilsk. 3. júní 1796 16

Átalið, að héraðsdómari vanrækti að yfirheyra ýmis vitni um sakargift á hendur bílstjóra fyrir ölvun við akstur 16

Héraðsdómari vísaði tveimur kröfuliðum gagnsakar í skuldamáli frá dómi, með því að hann taldi sér ekki unnt að dæma um þá vegna vantandi skýrslna. Í hæstarétti var héraðsdómurinn ómerktur og lagt fyrir dómarann að kveðja aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita þeim kost á að bæta úr því, er hann

taldi vera áfátt skýrslum málsins, og leggja síðan dóm á alla kröfuliði málsins 44
Í rannsókn á hendur A fyrir kynferðismök við tvær telpur, aðra fullra 12 ára, en hina 11 ára og 5—6 mánaða, krafði héraðsdómari hann engra sagna um vitneskju hans eða hald um aldur telpnanna, og ekkert var leitt í ljós um líkamsþroska þeirra. Foreldrum var ekki veitt færi á að krefjast opinberrar málssóknar, sbr. 175. gr. hgl. 1869, þar sem önnur telpan var 12 ára að aldri og ákærði gat álitið hina telpuna eldri en hún var. Héraðsdómurinn var því ómerktur og málinu vísað heim til rækilegrar rannsóknar og dómsálagningar 56
Dómari samkvæmt konunglegri umboðsskrá rannsakar og dæmir opinbert mál 59
Það átalið, að rúmir 4 mánuðir liðu frá því að opinbert mál var tekið til dóms og þangað til dómur var upp kveðinn 59
Héraðsdómari vísaði frá dómi gagnkröfu, sem borin var upp til skuldajafnaðar við kaupkröfu, þar sem gagnkrafan væri of lítið skýrð. Hæstiréttur ómerkti héraðsdóminn og lagði fyrir dómarann að kveðja aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita gagnkrefjanda kost á því að skýra mál sitt og leggja síðan efnisdóm á málið 82
Ákvörðun héraðsdómara um ritlaun handa sér fyrir eftirrit af skjölum dómsmáls skotið til hæstaréttar samkvæmt 186. gr. og 199. gr. laga nr. 85/1936. Við mat ritlaunanna samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938 var á það litið, hversu leturmergð á hverri blaðsíðu eftirritsins var minni en miðað er við í 3. gr. laga nr. 2/1894..... 87
Héraðsdómur ómerktur í skuldamáli, sem hafði í héraði verið látið óskýrt af aðiljum, og lagt fyrir héraðsdómarann að taka málið til meðferðar af nýju samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita aðiljum kost á því að koma að þeim gögnum og skýringum, sem þeir vildu og efni yrðu til 254
Ólöglærður umboðsmaður A gerði þá ódómhæfu

kröfu, að reikningur B á hendur A fyrir geymslu tilgreindrar vöru yrði ómerktur, en til vara, að A yrði gert að greiða þóknun fyrir geymsluna eftir mati dómsins. Kröfur þessar voru ekki lagðar til sáttanefndar, svo sem mælt er í 5. gr. laga nr. 85/1936. Loks hafði dómarinn ekki leitað sátta um þá kröfu í flutningi málsins af hendi umboðsmanns B, er einnig var ólöglærður, að B yrði dæmd öll sú krafa, er reikningur hans greindi. Dómur og málsmeðferð í héraði var af þessum sökum ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, og héraðsdómarinn, sem vanrækt hafði leiðbeiningarskyldu sína um málatilbúnað og skýringu málsatriða, var sektaður ex officio samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 um 50 kr. til ríkissjóðs 271

Héraðsdómari talinn hafa haft samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1936 heimild til að taka í kærumáli ritlaun fyrir hvert þriggja eintaka, er öll voru handrituð, af eftirriti varðandi málið 275

Fundið að því, að héraðsdómari hafði kveðið upp dóm í einkamáli, þar sem skírskotað var til matsgerðar, er síðar skyldi fram fara, andstætt ákvæðum 2. mgr. 137. gr. laga nr. 85/1936 .. 279

Gerð athugasemd um það, að héraðsdómari hafði vikið sæti í fógetamáli, án þess að sjáanleg ástæða væri til þess 301

Með því að málflytjandi vildi einungis greiða hvorum votti í þinghaldi 50 aura eftir 41. gr. laga nr. 85/1936, en ekki eina krónu samkvæmt 8. gr. laga nr. 85/1938, hóf héraðsdómari málið þegar með úrskurði í stað þess að kveða fyrst upp úrskurð um vottagjaldið og hefja málið síðar, ef aðili neitaði skilorðslaust að hlíta honum. Hafning málsins var því felld úr gildi í hæstarétti, þótt skoðun héraðsdómara um vottagjaldið væri þar staðfest 325

Dómara ámælt fyrir hraflkennda rannsókn í barnsfaðernismáli 421

Í skaðabótamáli vegna bílslyss vísaði héraðsdómari um atburð sakarinnar til refsidóms, sem hann

hafði kveðið upp um aðilja. Þessi meðferð var andstæð ákvæði 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, og var héraðsdómurinn því ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju 448

Eigandi verzlunarlóðar, sem leigð var 1896 um ótilgreindan tíma fyrir tiltekið árgjald, krafðist 1939 leigu samkvæmt mati, sem hann lét þá fara fram. Hann takmarkaði samt ekki kröfur sínar við 10 ára tímabil samkvæmt lögum nr. 75/1917, sem eiga þóttu við um lögskipti aðilja, og láðist héraðsdómara að leiðbeina honum, sem var ólöglærður, um þetta. Dómarinn leiddi heldur ekki athygli gagnaðilja, sem líka var ólöglærður, að því, að hann gæti mótmælt matsgerðinni á þeim grundvelli, að afnotahafa lóðarinnar hefði ekki verið gert við vart um matið og veitt færi á því að koma þar að athugasemdum sínum. Dómur í héraði og málsmeðferð var ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar 478

A, sem taldi sig reka atvinnu í Siglufirði á síldarvertíð, en eiga heima á Seltjarnarnesi, var sóttur í Siglufirði til greiðslu leigu, er hann hafði ábyrgzt fyrir tvo snurpunótabáta við síldveiðar. Leigan átti að greiðast í lok vertíðar, og var A í Siglufirði, þegar sáttakæra og stefna voru birtar. Málssókn í Siglufirði var því heimil samkvæmt 80. gr. laga nr. 85/1936. Málshöfðun á hendur A var að vísu reist á því, að hann ætti heimili í Siglufirði, en frávísunarkröfu hans var samt hrundið, enda hafði dómarinn næga ástæðu til að benda stefnanda á 80. gr. nefndra laga og leiðbeina honum, sem er ólöglærður og fór sjálfur með mál sitt, um vörn við frávísunarkröfu samkv. 114. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 113. gr. sömu laga 486

Í máli til bóta fyrir lögnumið land kvaðst dómarinn fallast á yfirmat landsins án þess að ræða rök þau, sem fram voru borin gegn matinu. Þetta var átalið. Einn dómari hæstaréttar taldi þessa meðferð málsins andstæða 1. mgr. 193. gr. laga

nr. 85/1936 og vildi því ómerkja dóminn og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju 500
Það talið athugavert, að dómari hafði beint rannsókn opinbers máls að ýmsum atriðum, sem sýnilega gátu ekki skipt máli, og að dómarinn hafði farið í óþarfa ferðalag vegna málsins 512

Dómsgerðir.

Ákvörðun héraðsdómara um ritlaun handa sér fyrir eftirrit af skjölum dómsmáls skotið til hæstaréttar samkvæmt 186. og 199. gr. laga nr. 85/1936. Við mat ritlaunanna samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938 var á það litið, hversu leturmergð á hverri blaðsíðu eftirritsins var minni en gert er ráð fyrir í 3. gr. laga nr. 2/1894 87
Héraðsdómari talinn hafa haft samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938 heimild til að taka í kærumáli ritlaun fyrir hvert þriggja eintaka, er öll voru handrituð, af eftirriti varðandi málið .. 275

Dómstólar. Sbr. valdmörk stjórnvalda.

Eimskip rak á hafnarlegu á vélbát með þeim afleiðingum, að akkeriskeðja hans slitnaði og hann rak á land upp. Í máli á hendur eigendum eimskipsins til skaðabóta út af árekstrinum ætluðust dómstólarnir á um hagnað þann af fiskveiðum, er eigandi vélbátsins hafði farið á mis vegna árekstrarins 32
Dómstólar ekki taldir eiga dóm um hæð fébóta fyrir sauðfé, er fargað var vegna mæðiveikihættu samkvæmt 19. gr. laga nr. 12/1937, með því að ákvörðun þeirra ber undir dómkvadda menn, ef ekki semst. Hæstiréttur ómerkti þess vegna ákvæði héraðsdóms um hæð bóta fyrir þess konar sauðfé og vísaði málinu að því leyti frá héraðsdómi. Í máli þessu varð hins vegar komið að þeirri varakröfu í hæstarétti, að tiltekin atriði yfirmats væru ekki bindandi fyrir eiganda fargaðs sauðfjár, með því að bótakrafa hans var reist á ákveðnum aðfinnslum við atriði þessi 91
Merkjadómur Reykjavíkur fer með og dæmir mál út

af ágreiningi um eignarrétt og meðferðarrétt að gangræmu um lóðir í Reykjavík 189
Ekkju synjað aðfararhæfs dóms til meðlags, er lögreglustjóri í Rvík hafði að boði ráðuneytis ákveðið henni með dreng hennar samkvæmt III. kafla laga nr. 135/1935, með því að upplýsingar, sem ráðuneytið tjáðist hafa í höndum meðlagsákvörðun til styrktar, höfðu ekki verið lagðar fyrir framfærslunefnd til álita 211
Dómstólar áttu dóm á því, hvort samþykktir fiskræktar- og veiðifélags brytu í bága við lög nr. 61/1932, enda þótt ráðherra hefði samþykkt þær 257
Ákvæði 2. tölul. 10. gr. laga nr. 26/1936 og nú 3. tölul. 10. gr. laga nr. 74/1937 um alþýðutryggingar, þar sem um greiðslu örorkubóta er vísað til dóms læknis Tryggingarstofnunar ríkisins, talin mega skilja þannig, að tryggingarstofnunin greiði ekki slíkar bætur án ráði læknis síns, nema boðið sé í dómi, en svipti ekki bótakrefjanda rétti til að bera undir dómstóla nokkur þau atriði, sem kröfu hans varða 313
Tveir samdómendur dæma ásamt héraðsdómara mál um umferðarrétt um lóð í kaupstað 320
Félagar í stúkum góðtemplara ekki taldir geta, svo að bindandi sé, afsalað sér almennt rétti sínum til þess að leita úrlausnar almennra dómstóla um árásir á mannorð sitt af hendi dómnefnda, er stúkur skipa 352
Dómstólar dæma um víðtæki gerðardóms 386
Dómstólar taldir eiga almennt úrlausnarvald um aðferðir matsmanna í starfa sínum, um greiðsluháttu matsfjár og um það, í hvaða röð tilteknar fjárhæðir, er dragast áttu frá matsfjárhæð, skyldu koma til frádráttar 500

Dráttaraðstoð skips. Sjá björgun.

Eftirgrennslan brota. Sbr. blóðrannsókn, mat og skoðun, sönnun, vitni.
Lögreglumenn fylgjast með breytni manns, sem grunaður var um sölu áfengis 11, 70

Lögregla framkvæmir rannsókn á stað, þar sem bifreiðarslys hafði orðið 197
Rannsóknarlögreglu lagt það til ámælis, að hún hafði ekki látið eftirlitsmenn bifreiða skoða þegar í stað bifreið, sem ekið hafði verið út af vegi 197
Lögregla rannsakar hemlaför á vegi, þar sem bifreiðarslys hafði orðið. Enn fremur rannsakar hún bifreið þá, sem slysið hlauzt af 231
Lögregla rannsakar vettvang, þar sem bílslys hafði orðið 250, 354
Lögregla athugar bifreið, sem ekið var á fótgangandi mann 231, 354

Eiður.

Í máli á hendur manni fyrir áfengissölu vinna vitni eið að skýrslu sinni um áfengiskaup sín hjá honum og önnur atriði, er bentu til áfengissölu af hans hendi 1, 70
Sjónarvitni að líkamsárás staðfestir framburð sinn með eiði 5
Vitni, er kváðust hvert í sínu lagi hafa keypt áfengi af A, látin staðfesta framburð sinn með eiði .. 11
K kvað M vera föður að laungetnu barni, er hún hafði fætt. Ágreiningslaust var, að þau höfðu samrekkt á þeim tíma, er líklegt var, að barnið væri komið undir, en líkur voru fyrir því, að K hefði einnig verið í tygi við A á getnaðartímanum. Dæmt, að M skyldi teljast faðir barnsins, ef K staðfesti það með eiði sínum, að hún hefði haft samfarir við M einan karlmanna á getnaðartímanum, en ef hún féllist á eiðnum, skyldi M vera sýkn af faðerniskröfunni, en skyldur til greiðslu meðlags með barninu 168
Úrslit í máli til faðernis barns látin fara eftir sönnunareiði konunnar 174
Sjónarvitni að bílslysi kveður hafa verið auðsætt, að bílstjórinn var með áhrifum áfengis. Vitnið staðfestir með eiði skýrslu sína 197
Með vottorðum skipaafgreiðslu var sannað, að tiltekin áburðarsending, er Áburðareinkasala ríkis-

ins taldi A hafa pantað, hafði verið send til heimakauptúns hans og afhent þar gegn fylgibréfi, er einkasalan kvað af aðgæzluleysi hafa verið send beint til A í stað aðilja þess, er annast átti afgreiðslu áburðarins og heimtu andvirðis hans. A synjaði þess að hafa pantað áburðinn eða veitt honum viðtöku, en greind atriði þóttu svo sterkar líkur gegn málstað hans, að málslyktir voru látnar fara eftir synjunareiði hans 207

Forstjóri hlutafélags (H), sem starfaði að tryggingum fyrir vátryggingarfélag (V), og tveir starfsmenn H sögðu forstjóra V hafa heitið að gefa út líftryggingarskírteini handa skipverjum á hafskipi eimskipafélags samkvæmt ákvæðum um styrjaldartryggingu í samningi útgerðarmanna og sjómanna 7. okt. 1939. Forstjóri V gekkst ekki við slíku heiti. Þar sem mál eimskipafélagsins á hendur V varðaði H fjárhagslega og forstjóra H siðferðislega, töldust vitni þessi ekki lögfull. Málið var látið vera komið undir synjunareiði forstjóra V. 413

Í barnsfaðernismáli studdu ýmsar líkur málstað konunnar, en hún var svo fáráð, að hún gat ekki við fyrstu réttarrannsókn málsins tilgreint samfaratíma aðiljanna. Voru úrslit málsins þess vegna látin vera komin undir synjunareiði mannsins 421

J játaði samförum við konuna S á þeim tíma, að hann gæti verið faðir barns hennar. En í málinu kom það upp, að R, sem hún hafði verið áður í tygi við, hafði kvöld eitt á getnaðartíma barnsins verið 2 klukkustundir í herbergi hennar, eftir að hún var háttuð. Hún neitaði samförum við R þá, en hann þorði ekki vegna ölvunar í það sinn að staðhæfa þær. Blóðrannsókn skar ekki úr um faðernið. Dæmt, að J skyldi teljast faðir, ef S særi fyrir aðra karlmenn á getnaðartímanum, en annars kostar skyldi J greiða barnsfarakostnað og meðlag með barninu 461

Eignarhefð. Sjá hefð.

Eignarnám. Sjá eignarréttur.

Eignarréttur. Sjá einnig ábúð, ábúðarlög.
Fasteignin X liggur að götunni H í Rvík. Sunnan við greinda fasteign liggur fasteignin Y að götunni A. Austanvert á lóðum X og Y var afgirt gangræma milli téðra gatna. Núverandi eigendur X kölluðu alla gangræmuna sína eign. Í ágúst 1898 höfðu báðar eignirnar verið seldar af sama aðilja, hvor sínum kaupanda, og rekja núverandi eigendur hvorrar eignar fyrir sig heimildir sínar aftur til þeirra afsala. Þessi afsöl virðast bera það með sér, að téð gangræma væri austasti hluti lóðanna X og Y, enda eigendum X í téðum afsölum ekki veittur neinn umferðarréttur út að götunni A. Þá var og ósannað, að fyrri eigendur Y hefðu með framkomu sinni á tilgreindri merkjastefnu firrt sig eignarrétti að nokkrum hluta lóðar sinnar. Eigendur X töldust ekki hafa unnið eignarhefð á gangræmunni alla leið að götunni A, þótt þeir hefðu farið um gangræmuna, eins og hver einn, sem vildi þarna stytta sér leið milli gatnanna A og H. Loks þóttu hvorki eigendur X né eigendur Y hafa fyrir afnotahefð öðlazt umferðarrétt að hinna hluta af gangræmunni. Sagt, að gangur þessi sé, eins og mörg samskonar auð sund milli húsa í Rvík, nokkurs konar almennings leið, er enginn megi öðrum fremur helga sér vegna umferðar sinnar einnar, enda hafi aðiljar haft nægar aðrar leiðir að húsum sínum en um gangræmuna yfir lóð hinna. Eigendum lóðarinnar Y því talið heimilt að þvergirða ganginn á lóðamörkum 139
A, sem sótti vátryggingarfélag til fébóta út af bílslysi, framseldi bróður sínum B, sem lánaði honum fé til framfærslu sér, bótakröfu sína á hendur félaginu, þannig að B skyldi fá lánið endurgreitt af bótunum, en A hafa afganginn, ef nokkur yrði. Málið var samt rekið áfram í

nafni A, en á kostnað B. Nokkrum mánuðum síðar, en þó áður skaðabótamálið væri dæmt í hæstarétti, gerði C fjárnám fyrir skuld sinni á hendur A í væntanlegri kröfu hans gegn vátryggingarfélaginu. Þegar dómur var genginn í hæstarétti í skaðabótamálinu, var skuld A við B orðin hærri en hinar dæmdu bætur. Þar sem framsal A á skaðabótakröfunni til B var tryggingarráðstöfun, að því leyti sem fullnægja átti kröfum, er B síðar eignaðist á hendur A, og þar sem ekki var gætt við gerning þenna þeirra reglna, sem nauðsynlegar eru til stofnunar lögmæts veðs, tilkynningar til skuldunauts, þá varð framsalið að víkja fyrir fjárnáminu, sem ekki hafði verið áfrýjað 291

Fara varð inn á lóð hússins M til að komast að opi og dyrum á geymsluhúsi hússins N. Eigandi M tók um nokkur ár við gjaldi fyrir þessi lóðarafnot úr hendi eiganda N og játaði þannig notunum. Eftir að E, sem í nokkur ár hafði átt heima í M, var orðinn sameigandi þess húss, var girt fyrir för frá N að opi og dyrum geymsluhússins, enda þótt E vissi um umferðarréttinn og viðurkenndi hann að nokkru með því að girða ekki alveg í lóðamörkum milli húsanna. Eigendur M voru dæmdir til þess að viðlögðum dagsektum að veita eiganda N innan tilgreinds tíma frjálsa för að stöfnum geymsluhússins yfir afmarkaða lóðarræmu 320

Styrkþegi (S) hafði bíl sveitarsjóðs að láni sér og skuldaliði sínu til framfærslu. Í bifreiðaskrá var S talinn eigandi bílsins. S hafði bílinn í sínum varnaði nokkur ár, en seldi hann síðan þriðja manni (Þ). Þar sem sveitarstjórnin lét það viðgangast, að S var talinn fyrir bílnum í bifreiðaskránni, meðan hann var í vitum S, og þar sem því var ekki hnekkt, að Þ hefði verið grandlaus um eignarheimild S að bílnum, þegar kaupin milli þeirra urðu, þá þótti Þ hafa eignazt bílinn fyrir traustnám 496

Árið 1937 samþykkti bæjarráð Reykjavíkur að taka

undir götur og byggingar erfðaleiguland í Reykjavík samkvæmt ákvæðum í erfðaleigusamningi og gegn greiðslu matsverðs. Yfirmatsmenn mátu fyrst hæfilegt söluverð landsins, miðað við sölur smátt og smátt undir byggingar, en drógu síðan frá þeirri fjárhæð 20%, þar sem eigendur fengu allt andvirðið þegar. Dómstólar taldir eiga dóm um heimild matsmanna til þessa. Sagt, að matsmönnum væri rétt, að miða matsverðið við greiðsluháttu, en ekki yrði skorið úr því, hvort matsmenn hefðu farið óhæfilega langt í þessu efni, þar sem ómerkingar á matinu hefði ekki verið krafizt. Matsmenn drógu því næst til greiðslu í bæjarsjóð 20% frá andvirði landsins samkvæmt ályktun bæjarstjórnar 17. nóv. 1901, þar sem slík greiðsla var gerð að skilyrði fyrir því að breyta erfðaleigulöndum í byggingarlóðir. Frá þeirri fjárhæð, sem þá var eftir, drógu matsmenn gjald til gatnagerðar, 2 krónur fyrir hvern fermetra, samkvæmt ályktun bæjarstjórnar 18. des. 1919. Það talið bera undir dómstóla að ákveða, í hvaða röð tveir síðastnefndir frádráttarliðir væru taldir, og matsmönnum talið einungis hafa verið heimilt að draga 20% gjaldið í bæjarsjóð frá þeirr fjárhæð, sem aðiljar raunverulega fengu fyrir landið, eftir að götugjaldið hafði verið dregið frá matsverði þess 500

Eignarupptaka. Sjá refsingar, upptaka.

Embættismenn og sýslunar. Sbr. dómarar, málflutningsmenn, mat og skoðun, valdmörk stjórnvalda.

Lögreglumennirnar A og B voru kvaddir í veitingahús hálfri stundu fyrir miðnætti vegna manns, er hefði þar óspektir í frammi. Lítið skiptu þeir sér samt af manni þessum, heldur tók A að hasta á C, sem var í anddyri veitingahússins að fara í yfirhöfn sína og nú var tekinn að syngja, enda nokkuð með áhrifum áfengis. C herti samt söng-

inn, og ber hann því við, að hann hafi ekki heyrt skipun lögreglumannsins. A og B kveða C hafa ætlað þessu næst að slá A, en ekki segjast sjónarvitni hafa orðið þess áskynja. Að svo búnu réðst A að C og færði hann með valdi út í lögreglubíl, og aðstoðaði B hann við það. Lögðu þeir þar járn á hendur C og fóru með hann umsvifalaust upp í hegningarhús og settu hann þar í kistu eða stokk handa æstum mönnum og ölvuðum án þess áður að grennslast eftir nafni hans eða heimilisfangi og án þess að veita honum kost á að fara heim til sín. A og B taldir hafa átt að reyna liðlegri og vægari aðferðir við C, áður en þeir beittu greindum harðræðum, sem framferði og áfengisáhrif C réttlættu ekki. Var þeim því refsað fyrir nefnt atferli samkv. 126. gr. og 129. gr. hgl. 1869. C, er í fyrstu hafði veitt hart viðnám, var strax við komuna í fangahúsið máttvana og rænulítill, og flökurleiki sótti að honum, enda benti áverki, er hann síðar reyndist að hafa aftan á hálsi, til þess, að hann hefði verið lostinn kylfuhögg, þótt ekki þætti það fullsannað. Fleiri áverka hafði hann hlotið. Þannig á sig kominn skildu A og B hann eftir í fangaklefanum, og var hann þar aðhlynningarlaus í 9 klukkustundir. Var þetta atferli metið lögreglumönnunum til stórkostlegs hirðuleysis, er varðaði þá við 144. gr. hgl. 1869 59

Maður nokkur sakaði bæjarfógeta um það m. a, að hann setti á reikninga frá embættisskrifstofu sinni og tæki í sinn vasa á löglausan hátt svonefnd „klareringargjöld" af skipum, er höfnuðu sig í umdæmi hans. Það var að vísu talið óviðeigandi, að bæjarfógeti skráði gjöld þessi á embættisreikninga, svo sem þau væru lögmælt gjöld, en hins vegar var ekki sannað, að hann hefði tekið gjöldin, án þess að komið hefði á móti af hans hendi nægilegt gagngjald, sem ekki var embættisskylda hans að inna af hendi. Voru ummælin þess vegna ekki nægilega réttlætt og vörðuðu refsingu 178

Ekkju synjað aðfararhæfs dóms til meðlags, er lög-

reglustjóri í Rvík hafði að boði ráðuneytis ákveðið henni með dreng hennar samkvæmt III. kafla laga nr. 135/1935, þar sem skýrslur, sem ráðuneytið tjáðist hafa í höndum meðlagsákvörðun til styrktar, höfðu ekki verið lagðar fyrir framfærslunefnd til álita 211

Embættistakmörk yfirvalda. Sjá valdmörk stjórnvalda.

Embættisvottorð. Sjá einnig mat og skoðun.

Í skaðabótamáli á hendur ríkissjóði út af töku togara við ætlaðar fiskveiðar í landhelgi markaði skipherra varðskips þess, er tekið hafði togarann í embættisnafni á sjóuppdrátt miðanir og mælingar varðskipsins. Héraðsdómari taldi þenna uppdrátt skipherrans ekki hafa fullt sönunargildi, þar sem skipherrann gæti ekki talizt óviðriðinn málið. Hæstiréttur taldi uppdráttinn hafa fullt sönnunargildi sem önnur opinber skjöl, og yrði hann því að teljast réttur, þar til annað sannaðist 115

Endurupptaka. Sbr. heimvísun.

Mál á hendur A, sem var fjarvistum frá þingstað við þingfestingu þess, varð ekki tekið upp af nýju samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936, með því að ósannað var gegn andmælum gagnaðilja, að A hefðu bægt þær nauðsynjar, sem í 9. gr. sbr. 4. mgr. 118. gr. nefndra laga greinir. Af sömu ástæðu varð málið heldur ekki tekið upp samkvæmt 120. gr. sömu laga honum til hagsbóta, þótt endurupptaka málsins samkvæmt þessu ákvæði kunni að hafa verið stefnanda heimil .. 411

Erfðaleiga. Sbr. leiga.

A var krafinn 1937 samkvæmt samþykkt nr. 79/1920 um vegagjald fyrir árið 1936 til Svínvetningabrautar af landi, er hann hafði á erfðaleigu frá Blönduósshreppi. Hann var talinn eiga að greiða vegagjald, miðað við fasteignamat jarðabóta hans á landinu án húsa, enda hefði téður hreppur greitt vegagjaldið fyrir 1936, miðað við fast-

eignamat landsins óræktaðs, en með því að fasteignamatið var ekki nægilega skýrt eða sundurliðað um þessi atriði, varð gjald það, er á hendur A skyldi falla, ekki ákveðið með vissu, og var því synjað um framkvæmd lögtaksins .. 98
Tilgreint land bæjarsjóðs Reykjavíkur var selt á erfðaleigu 1901. Bæjarsjóði var áskilinn forkaupsréttur, og erfðaleiguhafa var skylt að láta af hendi landið til gatna og annarra afnota bæjarins gegn endurgjaldi eftir mati. Árið 1937 samþykkti bæjarráð að taka erfðaleiguland þetta undir götur og byggingar. Yfirmatsmenn landsins tilgreindu fyrst það verð, er ætla mætti, að fengist fyrir landið við sölu þess smátt og smátt, en drógu síðan 20% frá þeirri fjárhæð, þar sem andvirðið skyldi greitt allt í einu. Sagt, að matsmönnum hafi verið heimilt að miða verð landsins við greiðsluháttu, en ekki yrði skorið úr því, hvort matsmenn hefðu farið óhæfilega langt í þessu efni, þar sem ómerkingar á matinu hefði ekki verið krafizt. Matsmenn drógu því næst enn fremur 20% frá matsverðinu til greiðslu í bæjarsjóð samkvæmt ályktun bæjarstjórnar 17. nóv. 1901 um skilyrði leyfis til að breyta erfðaleigulöndum í byggingarlóðir. Frá þeirri fjárhæð, sem þá var eftir, drógu þeir gjald til gatnagerðar, 2 krónur af hverjum fermetra, samkvæmt ályktun bæjarstjórnar 18. des. 1919. Matsmenn taldir hafa einungis mátt draga 20% gjaldið í bæjarsjóð frá þeirri fjárhæð, sem aðiljar raunverulega fengu fyrir landið, eftir að tveggja krónu gjaldið á fermetra til gatnagerðar bæjarins hafði verið dregið frá matsverði þess 500

Fangelsi. Sjá refsingar.

Fasteignamál. Sbr. eignarréttur, landamerkjamál, laxveiði og silungs, vettvangsmál.

Mál til gildis forkaupsrétti að jörðum rekið á varnarþingi fasteigna 108, 279
Mál um lóðarleigu rekið á varnarþingi fasteignar .. 478

Fasteignamat.

A hafði land á erfðaleigu frá Blönduósshreppi. Sagt, að hann ætti 1937 að greiða vegagjald fyrir 1936 samkvæmt samþykkt nr. 79/1920, miðað við fasteignamat jarðabóta hans á landinu án húsa, en téður hreppur hafði greitt vegagjaldið 1936, miðað við fasteignamat landsins óræktaðs, en með því að fasteignamatið var ekki nógu skýrt eða sundurliðað um þessi atriði, varð gjaldið á hendur A ekki ákveðið með vissu, og var þess vegna synjað um framkvæmd lögtaks 98

Fátækrastyrkur. Sjá framfærslulög.

Fébótaábyrgð ríkisins.

Miðunarlína, sem togari var á kl. 4,18 samkvæmt mælingum varðskips, lá að nokkru innan og að nokkru utan landhelgi, en utan landhelgi svo langt frá dufli, sem togarinn var upp undir kl. 4,32, og stöð togarans kl. 4,55, að togarinn hefði orðið að sigla miklu hraðar en aðiljar töldu hann hafa siglt, ef hann hefði átt að vera utan landhelgi kl. 4,18. Sterkar líkur voru þannig fyrir því, að togarinn hefði verið að veiðum í landhelgi, og varð ríkissjóður þegar af þeirri ástæðu ekki sóttur til bóta fyrir það, að skipstjóri varðskipsins færði togarann til hafnar til rannsaks, enda þótt skipstjóri togarans væri sýknaður í máli ákæruvaldsins á hendur honum fyrir brot á 1. gr. laga nr. 5/1920 115

Félagsdómur.

Styrktarsjóður Sveinafélags múrara í Rvík ekki talinn undanþeginn fjárnámi eftir 8. gr. laga nr. 80/1938 til tryggingar skuld samkvæmt dómi félagsdóms, þar sem eitt hlutverk sjóðs þessa er að veita félagsmönnum styrk, ef verkfall eða verkbann kemur til framkvæmda þeim til atvinnumissis 367

Félög, félagsskapur. Sbr. hlutafélög.
Svonefnt Söltunarfélag verklýðsins á Akureyri var stofnað til að gefa verkafólki á A. og í grennd „kost á að njóta sjálft arðsins af söltuninni". Félagið var ekki tilkynnt til félagaskrár. Inntökugjald var 5 krónur á mann, er greiðast skyldi í varasjóð. Í þenna sjóð skyldi einnig leggja 10 aura af hverri tunnu, er félagið saltaði, og 10% af ársarði af starfsemi þess, en að öðru leyti skyldi skipta hagnaði milli félagsmanna sem uppbót á kaupgjald þeirra. Ekki sást, að félagið réði yfir stofnfé. Rekstrarhalli skyldi, ef með þyrfti, jafnaður með afdrætti af kaupi hvers félagsmanns í hlutfalli við fjárhæð þess. Ef rekstur gengi mjög illa eitthvert ár, mátti aðalfundur ráðstafa ótilteknum hluta varasjóðs til að bæta félagsmönnum að einhverju leyti atvinnutjón. Félag þetta varð ekki talið fullnægja þeim skilyrðum, sem lög setja um samvinnufélög, sbr. einkum 6. tölulið 3. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 36/1921, og voru stjórnendur félagsins því ekki taldir persónulega ábyrgir um skuld félagsins við bæjarsjóð Akureyrar, hvorki vegna þátttöku sinnar í félagsskapnum eftir lögum um samvinnufélög, sbr. 2. tölul. 3. gr. nefndra laga, né sökum þátttöku sinnar í stjórn félagsins, sbr. 2. mgr. 9. gr. sömu laga. Talið ennfremur, að viðsemjendum félagsins, og þar á meðal stjórnvöldum Akureyrar alveg sérstaklega, hafi mátt vera það ljóst, að tilætlunin var ekki, að félagsmenn almennt eða stjórnendur sérstaklega skyldu ábyrgjast persónulega skuldir félagsins 215
Fiskræktar- og veiðifélag átti að taka yfir laxveiði og silungs í fiskihverfi tilgreindrar ár til ósa hennar, en þrátt fyrir það skildu samþykktir félagsins nokkrar silungsár í fiskihverfinu undan. Þetta fór í bága við 2. tölulið 57. gr. laga nr. 61/1932. Voru samþykktir félagsins því ekki bindandi fyrir aðilja, sem hafði greitt atkvæði gegn þeim 257

S var félagi í sameignarfélagi um rekstur prentsmiðju (F). Gerðardómur skyldi fjalla um ágreining aðilja. S seldi F bókaforlag sitt, og skyldi salan miðuð við 1. maí 1933. Úr ágreiningi, er verða kynni af sölunni, skyldi leyst af gerðardómi. Árið 1935 komst gerðardómur að þeirri niðurstöðu, að S hefði vanefnt samning aðilja um prentsmiðjuna og að sameigendum hans væri því heimilt að kaupa eignarhluta hans í henni fyrir lok júní 1935, en félagsslita mættu þeir krefjast fyrir árslok 1935. Samningnum um bókaforlagið skyldi einnig riftað, S skyldi taka við öllum bókum þess og eignum og endurgreiða andvirði þess að viðbættum kostnaði F af því, en að frádregnum hagnaði F af því. Dómkvaddir menn skyldu reikna fjártölur þess, ef ekki semdist. Dómkvaddir menn töldu S eiga að greiða F kr. 7299.98. F taldi S eiga auk þess að endurgreiða þóknun til nafngreinds manns fyrir söfnun auglýsinga í vasa- og skrifstofudagbækur bókaforlagsins. S þótti eiga að standa skil á þóknun þessari fyrir árin 1933 og 1934, meðan F fór með bókaforlagið, en frá skuld S voru dregnir oftaldir vextir. S gerði gagnkröfur. Í fyrsta lagi krafðist hann andvirðis óskilaðra bóka, og var þessi krafa tekin til greina. Við úrlausn þessa atriðis var talning bókanna 1933 í hendur F lögð til grundvallar. F var að svo stöddu sýknað af kröfu S vegna óviðurkenndra skulda bóksala við bókaforlagið, þar sem S hafði ekki sannreynt með rannsókn og málssókn á hendur bóksölum, að ekki yrði treyst greinargerð F um þessi viðskipti. S taldi sig eiga allan ágóða af vasabókum, skrifstofudagbókum o. fl. fyrir 1936, sem gengið var frá 1935. Þessar tekjur voru ekki til fallnar fyrr en eftir 1. júlí 1935, er reikningsskil bókaforlagsins átti að fara fram í hendur S. Af þessu og þar sem rithöfundarréttur S að sumum þessara bóka a. m. k. var alls ekki fyrir hendi, var þessari kröfu S hrundið, en með því að S var sam-

eigandi í F allt árið 1935, átti hann ⅓ þessa ágóða. Hann átti hins vegar ekkert tilkall til samskonar ágóða fyrir 1937 386

Fiskveiðar. Sbr. botnvörpuveiðabrot.

A og B, sem ráku síldarverksmiðju á Siglufirði, lofuðu 1937 hlutafélaginu H að kaupa „í sumar fyrir gangverð alla bræðslusíld af skipum félagsins, veidda austan Skaga, losun í sömu röð og eigin skip". Lofendur sögðust samkvæmt þessu ekki skyldir að taka við síld H fyrr en verksmiðja þeirra væri tekin til starfa og farin að taka við síld úr þeirra eigin skipum. Ennfremur kváðust þeir ekki skyldir að taka við síld á sunnudögum. Þessar viðbárur þóttu ekki á rökum reistar, og voru þeir því dæmdir til að greiða H bætur fyrir að synja að veita viðtöku síld úr skipum H þann 13. júní 153

Fjárhald. Sjá lögræði.

Fjárnám. Sbr. aðför.

Fjárnám, sem gert var í bifreið eftir dómi í kyrrsetningarmáli, varð að víkja fyrir áður löglega stofnuðum og þinglesnum veðréttum og enn fremur fyrir áður stofnuðum rétti samkvæmt uppskrift eftir 48. gr. laga nr. 135/1935, er einnig hafði verið þinglesin 104

A framseldi B, er lagði honum fé, skaðabótakröfu, er A sótti fyrir dómstólum á hendur vátryggingarfélagi. Skyldi B fá greidda skuld sína af bótum þeim, er A yrðu dæmdar, en skila honum afganginum, ef einhver yrði. Þegar lokadómur gekk í skaðabótamálinu, var skuld A við B orðin meiri en hinar dæmdu bætur. Með því að framsalið til B var tryggingarráðstöfun, að því leyti sem fullnægja átti kröfum, er B síðar eignaðist á hendur A, og þar sem ekki var gætt þeirra reglna, sem nauðsynlegar eru til stofnunar lögmæts veðs, tilkynningar til skuldunauts, þá varð framsalið að víkja fyrir fjárnámi,

sem C hafði gert í skaðabótakröfunni í millibilinu og ekki hafði verið áfrýjað 291
Stýrktarsjóður Sveinafélags múrara í Rvík ekki talinn undanþeginn fjárnámi eftir 8. gr. laga nr. 80/1938 til tryggingar skuld samkvæmt dómi félagsdóms, þar sem eitt hlutverk sjóðs þessa er að veita félagsmönnum styrk, ef verkfall eða verkbann kemur til framkvæmda þeim til atvinnumissis 367

Fógetagerðir. Sjá aðför, fjárnám, innsetningargerðir, kyrrsetning, lögtak, útburðargerðir.

Foreldrar og börn. Sbr. barnsfaðernismál, dánarbætur, framfærsla, lögræði.
Með úrskurði lögreglustjórans í Reykjavík, staðfestum af ráðuneyti, var A, sem heimili átti í Rvík, gert að greiða meðlag með móður sinni (M), 82 ára að aldri, sem dvaldist á Akureyri og hafði verið þar um 38 ár. A synjaði greiðslu, þar sem M neitaði að flytjast á heimili hans, sbr. 7. gr. laga nr. 135/1935. Með því að nokkur ástæða þótti til að ætla, að flutningur M á heimili A, sem hún hafði haft sama og engin samskipti við frá fæðingu hans, hefði haft óheppileg áhrif á líðan hennar, þótt henni stafaði ekki bein hætta af honum, þá var A talið lögskylt að greiða meðlagið 494

Forkaupsréttur.
Með því að A gat ekki greitt banka (B) skuldir sínar, voru B fengnar sem ófullnægðum veðhafa fjórar jarðahálflendur, sem A hafði sett honum að veði. Síðar afsalaði B þremur hálflendunum í hendur A gegn því, að A tók að sér skuldir þær, sem hvíldu á þeim, og greiddi skuldir sínar við B. Heimti A eignirnar með þessum hætti nokkru eða jafnvel miklu undir hálfvirði þess, er ætla mátti, að þær hefði mátt selja í venjulegum viðskiptum. Ábúandi einnar hálflendunnar (C) höfðaði nú mál gegn A og B til gildis

forkaupsrétti sínum að hálflendu þeirri, er hann sat, fyrir það verð, sem B hafði afsalað hana í hendur A. Sagt, að B hefði með greindri ráðstöfun veitt A fjárhagsleg og persónuleg hlunnindi, sem C gæti ekki þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 55/1926 hagnýtt sér gegn mótmælum B. Voru A og B því sýknaðir af kröfum C 108

A bjó á jörðinni X. Stjórn Kreppulánasjóðs (K) byggði honum jörðina Y 23. júlí 1937, og hafði A nytjar jarðarinnar það ár, þótt hann hefði ekki aðsetur þar. Þann 11. febrúar 1938 seldi K téða jörð hreppnum S, er seldi hana á ný B og C. A var talinn hafa öðlazt forkaupsrétt að jörðinni samkvæmt lögum nr. 55/1926, og voru því kaupgerningar K, S, B og C um jörðina dæmdir ógildir 279

Framfærsla, framfærslulög.

Veðréttir í lausafé, sem löglega voru til orðnir og þinglesnir, áður en framkvæmd var uppskriftargerð í lausafénu samkvæmt 48. gr. laga nr. 135/1935, gengu fyrir þeim rétti, sem uppskriftin veitti 104

Samkvæmt tillögu framfærslunefndar í Rvík úrskurðaði lögreglustjóri ekkju (E) meðlag samkvæmt III. kafla laga nr. 135/1935 með öðrum tveggja drengja hennar frá tilteknum tíma, en synjaði henni meðlags með hinum drengnum. Síðar úrskurðaði lögreglustjóri E einnig meðlag með síðarnefndum dreng að boði ráðuneytis, er tjáðist hafa í höndum upplýsingar þeirri úrlausn til styrktar, en þar sem þessar upplýsingar voru ekki bornar undir framfærslunefnd, þótti greind úrlausn ráðuneytis og lögreglustjóra ekki lögmætur grundvöllur greiðsluskyldu bæjarsjóðs 211

Úr bæjarsjóði var greidd húsaleiga fyrir framfærsluþega, er bjó í húsi, er bankaútibú eignaðist. Stjórnendur útibúsins bönnuðu framhald leigugreiðslna til fyrri eiganda hússins, en gerðu ekki atrekanda að heimta þessar greiðslur handa útibúinu. Nokkrum árum seinna seldi útibúið A

húsið ásamt rétti til leigu styrkþegans vegna frá þeim tíma, er leigan var síðast greidd, en af hendi bæjarsjóðs var synjað greiðslu. Talið var, að bæjarsjóður hefði vegna vistar styrkþegans í húsinu fengið verðmæti, sem honum væri skylt að greiða, enda hefði stjórnvöldum bæjarins mátt vera það ljóst, að útibúið ætlaðist til að fá leiguna, og útibúið þótti ekki hafa firrt sig rétti til leigugreiðslu, meðan krafa til einstakra leigugreiðslna var ekki fyrnd 246

Með úrskurði lögreglustjórans í Reykjavík, staðfestum af ráðuneyti, var A, er búsettur var í Reykjavík, gert að greiða meðlag frá tilteknum degi með móður sinni (M), 82 ára að aldri, sem dvaldist á Akureyri og hafði verið þar um 38 ár. A taldi sér óskylt að greiða meðlagið, þar sem M hefði ekki viljað flytjast á heimili sitt, sbr. 7. gr. laga nr. 135/1935. Þar sem nokkur ástæða þótti til að ætla, að flutningur M til Reykjavíkur á heimili A, sem hún hafði haft sama og engin samskipti við frá fæðingu hans, hefði haft óheppileg áhrif á líðan hennar, þótt henni stafaði ekki bein hætta af honum, var A talið skylt að inna meðlagið af hendi og lögtak fyrir því látið fara fram 494

Frávísun.

a) Frá héraðsdómi.

Héraðsdómari vísaði tveimur kröfuliðum gagnsakar í skuldamáli frá dómi vegna vantandi greinargerðar um þá. Hæstiréttur ómerkti héraðsdóminn og lagði fyrir undirdómarann að kveðja aðilja fyrir sig, veita þeim samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 kost á að skýra málið og leggja síðan efnisdóm á alla kröfuliði þess 44

Héraðsdómari vísaði gagnkröfu, sem höfð var uppi til skuldajafnaðar við kaupkröfu, frá dómi vegna ófullnægjandi skýrslna um hana. Hæstiréttur ómerkti héraðsdóminn og lagði fyrir héraðsdómarann að kalla aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, veita gagnkrefjanda kost á því

að skýra mál sitt nánar og leggja síðan efnisdóm á aðalkröfu og gagnkröfu 82
A, sem búsettur var erlendis, hafði í veðskuldabréfi játast undir, að stefna til heimtu skuldarinnar væri birt á hinni veðsettu eign hér á landi. Stefnuvottar tjáðust hafa birt samskuldara hans (B) stefnu út af skuldinni á téðri eign auk birtingar fyrir honum sjálfum og afhent B annað afrit af stefnunni, en ekki sögðu þeir berum orðum, að sú birting væri vegna A. Með því að B mátti vera það ljóst, að honum var einnig birt stefnan vegna A, var ákvæði héraðsdómsins um frávísun máls A vegna vöntunar á stefnubirtingu ómerkt og lagt fyrir héraðsdómarann að kveða upp efnisdóm í málinu, að því leyti sem því var stefnt á hendur A 87
A vildi ekki una við bætur, er dómkvaddir menn mátu honum fyrir sauðfé, er hann var látinn farga samkvæmt 19. gr. laga nr. 12/1937, og krafðist því skakkans fyrir dómi. Það var ekki talið vera á valdi dómstóla að ákveða fjárhæð bótanna, og var ákvæði héraðsdómsins um bætur ómerkt, en hins vegar þótti mega koma að í hæstarétti þeirri varakröfu, að tiltekin atriði yfirmatsins væru ekki bindandi fyrir A, með því að bótakrafa hans var reist á ákveðnum aðfinnslum við þau atriði 91
A gerði þá ódómhæfu kröfu á hendur B, að reikningur B á hendur honum yrði dæmdur ómerkur, en til vara, að honum (A) yrði gert að greiða B fyrir þjónustu þá, sem í reikningnum greindi, eftir mati dómsins. Gagnstætt ákvæðum laga nr. 85/1936 voru kröfurnar ekki lagðar til sáttanefndar. Loks leitaði dómarinn ekki sátta um þá kröfu af hendi B í málflutningnum, að honum yrði dæmd öll reikningsfjárhæðin. Þessir gallar á meðferð málsins leiddu til þess, hvor fyrir sig og báðir saman, að það allt ásamt dómi var ómerkt og því vísað frá héraðsdómi 271
Dómur og málsmeðferð í máli á hendur skólanefnd til skaðabóta vegna riftunar á leigumála á skóla-

húsnæði var ómerkt ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi, þar sem skólanefndin hafði ekki umboð til að svara í málinu fyrir þá, sem leggja barnaskólum á landi hér fé 332
Úrskurður héraðsdómara, þar sem hrundið var kröfu um vísun máls frá héraðsdómi, hefði átt að sæta kæru samkvæmt 3. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936 og varð því ekki haggað í hæstarétti eftir kröfu aðilja, er honum var áfrýjað ásamt dómi í aðalmálinu 332
Úrskurði héraðsdómara, þar sem hrundið var kröfu um frávísun máls, skotið til hæstaréttar að hætti kærumála, og var hann staðfestur þar 352
Umboðslaus maður var kvaddur á sáttafund fyrir hönd varnaraðilja máls, og var sáttatilraun því löglaus. Um framhaldskröfu í málinu var alls ekki leitað sátta. Öll meðferð málsins og dómur var ómerkt, og var málinu vísað frá héraðsdómi 437
A, sem tjáði sig reka atvinnu í Siglufirði (S) á síldarvertíð, en eiga heima á Seltjarnarnesi, var sóttur í S til greiðslu leigu, er hann hafði ábyrgzt fyrir tvo snurpunótabáta við síldveiðar. Leigan átti að greiðast í lok vertíðar, og var A í S, þegar sáttakæra og stefna voru birtar. Málssókn í S var því heimil samkvæmt 80. gr. laga nr. 85/1936. Málshöfðun á hendur A fyrir dómi í S var að vísu reist á því, að hann ætti þar heimili, en frávísunarkröfu hans var samt hrundið, enda hafði héraðsdómari næga ástæðu til að benda stefnanda á 80. gr. nefndra laga og leiðbeina honum, sem er ólöglærður maður og fór sjálfur með mál sitt, um vörn við frávísunarkröfu A samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 113. gr. sömu laga 486

b) Frá hæstarétti.

A áfrýjaði úrskurði fógeta þess efnis, að hann skyldi borinn út af tilgreindri jörð. Málflytjandi gerðarkrefjanda (B) hreyfði því fyrir hæstarétti, að A hefði fyrir atbeina B fengið aðra jörð sízt lakari en þá, sem hann var borinn út af. Þessu var

ekki andmælt af málflytjanda A, en skýrslur málflytjanda B um þetta voru svo óljósar, að ekki varð fullyrt, að A hefði svipt sig áfrýjunarheimild með framkomu sinni í sambandi við viðtöku jarðarinnar. Var málinu því ekki vísað frá hæstarétti 328
Úrskurði fógeta um það, hvort lögtak skyldi gert til tryggingar greiðslu tekjuskatts, var vísað frá hæstarétti ex officio, með því að honum hafði verið skotið þangað eftir kærureglum andstætt ákvæðum 198. gr. 4. tölul. a. laga nr. 85/1936 .. 375

Frestir.

Aðilja synjað samkvæmt kröfu gagnaðilja um frest til vitnaleiðslu í hæstarétti, þar sem honum hafði verið þess nægur kostur að leiða vitni, meðan málið var fyrir héraðsdómi 298
Barnsfaðernismáli frestað til öflunar skýrslna 319

Fyrning sjóveðréttar.

Sjóveðréttur var fyrndur fyrir kaupi háseta á fiskiskipi, þar sem meira en eitt ár var liðið frá lokum starfstímans, þegar hásetinn höfðaði mál til heimtu kaupsins 136

Gagnsakir. Sjá málasamsteypa.

Gáleysi.

Tveir lögreglumenn tóku mann nokkurn, sem var nokkuð með áhrifum víns, fastan með harðræðum og fluttu hann í fangahús. Er þangað var komið, var maðurinn orðinn máttvana og rænulítill, og flökurleiki sótti að honum. Hann var samt látinn vera einn í fangaklefa aðhlynningarlaus um 9 klukkustundir. Með því að lögreglumönnunum mátti vera það ljóst, að rænuleysi hins handtekna manns gat ekki stafað einvörðungu af áfengisnautn hans, þá varðaði atferli þeirra, er metast varð þeim til stórkostlegs hirðuleysis, þá við 144. gr. hgl. 1869 59
Bifreið og dráttarvagn, sem við hana var festur

og á var nótabátur, námu staðar á vinstri vegbrún. A ók aftur með ökutækjum þessum í vörubíl sínum. B, sem verið hafði vinstra megin við bátinn, fór í sömu svifum aftur fyrir dráttarvagninn inn á veginn, varð þar fyrir bíl A og lét líf sitt. Vangæzla B taldist aðalorsök dauða hans, en allt að einu þótti mega ætla, að A, sem séð hafði B vera að bograst vinstra megin við bátinn, hefði getað stýrt undan slysinu, ef hann hefði ekið hægara, farið svo nærri vegbrún sem unnt var og gefið glöggt hljóðmerki 76

A ók bifreið sinni, sem var með lítt nýt framljós og bilaða hemla á þremur hjólum, á fótgangandi mann, sem fór í sömu átt eftir veginum og bifreiðin, og beið hann bana. A þótti eiga aðalsökina á slysinu og var dæmdur m. a. eftir 200. gr. hgl. 1869 231

Bílstjóri, sem numið hafði staðar fyrir utan hús, ók bílnum aftur úr stað, og varð þá barn, tæpra tveggja ára, fyrir bílnum og beið bana. Bílstjórinn kvaðst hafa litið fram á veginn og til hliðar, en ekki séð aðra en fjögra ára stúlku. Talið var, að það hefði verið varlegra af honum að fara út úr bílnum í aðgæzluskyni, áður en hann ók af stað aftur, en samt þótti varhugavert að fullyrða, að hann hefði sýnt þess konar aðgæzluskort, að honum yrði refsað eftir 200. gr. hgl. 1869 250

A slangraði fyrir bíl og hlaut töluverð meiðsl. Ógætni hans þótti sönnuð, en hins vegar ekki fullsönnuð nægileg aðgæzla af hendi bílstjórans, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1931 345

A ók út á hægri brún fjölfarinnar götu til að komast fram hjá stórri bifreið, en í sömu svifum sá hann gangandi mann fram undan og varð við það svo felmsfullur, að hann ók á manninn, er af hlaut banvæn lemstur. Ef bílar byrgðu A útsýn þarna, þá mátti hann eiga þar vegfarenda von í hvarfi. Hvernig sem á atvik slyssins var litið, varð handvömm A um það kennt 354

Gengi.

Verzlunarumboðsmanni erlends firma, sem viðskipti hafði við A, mátti vera það ljóst, að A hafði það ekki á valdi sínu samkvæmt gildandi gjaldeyrislögum að greiða í sterlingspundum víxil, sem hann hafði samþykkt í þeirri mynt virkri. Átti umboðsmaðurinn því ekki að hafna tilboði A á gjalddaga um greiðslu í íslenzkri mynt, eftir að A hafði verið synjað um sterlingspund af forráðamönnum gjaldeyrismála. Var A þess vegna eftir kröfu sinni og varakröfu lánardrottins í hæstarétti dæmdur til greiðslu fjárhæðarinnar í íslenzkri mynt eftir því gengi, sem sterlingspund hafði hér á landi á gjalddaga víxilsins .. 287

Sekt fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi ákveðin eftir gullgengi íslenzkrar krónu á dómsuppsögudegi fyrir hæstarétti 465

Gerðardómur. Sjá einnig félagsskapur.

Gerðardómur leysir úr ágreiningi út af sameignarsamningi og kaupi á bókaforlagi 386

Gjafsókn, gjafvörn.

Gjafsóknarmál eða gjafvarnar 98, 122

Gjafsóknarhafi tapar máli og er dæmdur til þess að greiða gagnaðilja sínum málskostnað, en talsmanni dæmd málflutningsþóknun úr ríkissjóði 98

Gjafsóknarhafi vinnur mál. Gagnaðilja hans dæmt að greiða málskostnað, sem skipt var þannig, að ríkissjóður skyldi fá það, sem honum hefði borið, réttargjöld og kostnað, talsmaður gjafsóknarhafa tilgreinda fjárhæð og gjafsóknarhafi sjálfur afganginn 136

Í barnsfaðernismáli skyldi maðurinn (M) teljast faðir að barninu og greiða málskostnað fyrir báðum dómum, ef konan (K) ynni eið að samförum við hann einan á getnaðartímanum, en ef henni yrði eiðfall, skyldi M vera meðlagsskyldur með barninu, greiða málskostnað í héraði, en málskostnaður fyrir hæstarétti falla niður, enda

átti þóknun handa talsmanni K, sem hafði gjafvörn, að greiðast úr ríkissjóði 168, 461
Málsúrslit látin fara eftir eiði gjafsóknarhafa. Ef eiður yrði unninn, þá skyldi gagnaðili greiða gjafsóknarhafa málskostnað. En ef eiður yrði ekki unninn, þá skyldi gjafsóknarhafi greiða gagnaðilja málskostnað, en laun talsmanns gjafsóknarhafa greiðast úr ríkissjóði 174
Gjafsókn veitt bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Málskostnaður í báðum dómum látinn falla niður, en talsmanni gjafsóknarþega dæmd laun úr ríkissjóði 313
Gjafsókn veitt konu í barnsfaðernismáli. Úrslit málsins voru látin velta á eiði mannsins, málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður, en laun talsmannsins dæmd á hendur ríkissjóði 421

Gjalddagi.

Krafizt var útburðar á leigutaka, sem átti vangreidda húsaleigu fyrir á annan mánuð. Skortur á nauðsynlegri lagfæringu íbúðarinnar þótti ekki nægileg varnarástæða, þar sem aðiljar höfðu komið sér saman um lækkun húsaleigunnar, unz íbúðin yrði lagfærð 510

Gjaldeyrislög.

A var dæmdur eftir kröfu sinni og varakröfu lánardrottins í hæstarétti til að greiða víxil, er hann hafði samþykkt í virkum sterlingspundum, í íslenzkri mynt eftir gengi á gjalddaga, með því að honum var ómögulegt samkvæmt gjaldeyrislögum að afla sterlingspunda, enda mátti umboðsmanni lánardrottins við samþykkt víxilsins vera þetta ljóst 287

Greiðsla. Sjá gjaldeyrislög, skuldir, skuldamál.

Hafning máls.

Mál hafið eftir ósk áfrýjanda, og voru stefnda dæmdar ómaksbætur 238
Með því að málflytjandi vildi einungis greiða hvorum votti í þinghaldi í máli 50 aura eftir 41. gr.

laga nr. 85/1936, en ekki 1 krónu samkvæmt 8. gr. laga nr. 85/1938, hóf héraðsdómari málið þegar með úrskurði í stað þess að kveða fyrst upp úrskurð um vottagjaldið og hefja málið síðar, ef aðili neitaði skilorðslaust að hlíta honum. Úrskurðurinn var í heild sinni kærður til hæstaréttar, og var hafning málsins þar felld úr gildi, en vottagjaldið ákveðið samkvæmt 8. gr. laga nr. 85/1938 325

Hafnir, hafnarsjóðir.

Hafnarsjóður Rvíkur talinn bera ábyrgð á siglingu hafnsögubáts, er hann var á leið á móti skipi, sem leitað hafði aðstoðar hans 455

Handtaka.

Lögreglumennirnir A og B tóku C, er var nokkuð með áhrifum víns og var syngjandi að fara í yfirhöfn sína í anddyri veitingahúss, með valdi, færðu hann út í lögreglubíl, lögðu þar járn á hendur honum, fluttu hann í fangelsi og settu hann þar í kistu eða stokk handa ölvuðum mönnum og æstum án þess áður að grennslast eftir nafni hans og heimilisfangi og án þess að veita honum kost á því að fara heim til sín. Sagt, að slíkum harðræðum, er framkoma C og áfengisáhrif réttlættu ekki, hefði ekki mátt beita, fyrr en reyndar hefðu verið liðlegri aðferðir. Atferli A og B varðaði þá við 126. gr. og 129. gr. hgl. 1869 59

Miðunarlína, sem togari var á kl. 4,18 samkvæmt mælingum varðskips, lá að nokkru utan og að nokkru innan landhelgi. Það hennar, sem utan var landhelgi, var svo langt frá dufli, sem togarinn var upp undir kl. 4,32, og stöð togarans kl. 4,55, að togarinn hefði orðið að sigla miklu hraðar en aðiljar töldu hann hafa siglt, ef hann hefði átt að vera utan landhelgi kl. 4,18. Var þannig mjög líklegt, að togarinn hefði verið að veiðum í landhelgi, og varð ríkissjóður ekki sóttur til bóta fyrir það, að skipstjóri varðskipsins færði togarann til hafnar til rannsaks 115

Hefð.

Fasteignin X liggur að götunni H í Rvík. Sunnan við greinda fasteign liggur fasteignin Y að götunni A. Um austasta hluta lóðanna X og Y var gangræma afgirt milli téðra gatna. Eigendur fasteignarinnar X töldust ekki hafa unnið eignarhefð að þeim hluta gangsins, sem lá um lóðina Y, þótt þeir hefðu um tilskilinn tíma farið þar um, eins og hver einn, sem vildi þarna stytta sér leið milli gatnanna A og H. Ennfremur þóttu hvorki eigendur X né eigendur Y hafa fyrir afnotahefð öðlazt umferðarrétt að hinna hluta af gangræmunni, þar sem hún sé, eins og mörg samskonar auð sund milli húsa í Rvík, nokkurs konar almennings leið, er enginn megi öðrum fremur helga sér vegna umferðar sinnar einnar, enda aðiljar málsins virzt hafa nægar aðrar leiðir að húsum sínum en um hluta hinna af ofannefndri gangræmu 189

Synjað var um lögtak, er krafizt var af hendi ríkissjóðs fyrir leigu af verzlunarlóð í Vestmannaeyjum, með því að varnaraðili og þeir, sem hann rakti heimildir sínar til, höfðu unnið eignarhefð á lóðinni 301

Heilbrigðismál. Sjá læknar, sóttgæzla.

Heildsala. Sjá verðlag.

Heimilisfang.

Mál um heimilisfang manns rekið samkvæmt lögum nr. 95/1936 342

Lögheimili manns varð ekki talið annars staðar en þar, sem hann dvaldist og hafði atvinnu sína .. 342

A átti hluta í sameignarfélagi í Sandgerði og stundaði þar atvinnu sína. Kona hans átti hús í Rvík, og þar dvaldist A að staðaldri hjá fjölskyldu sinni. Hann var talinn útsvarsskyldur í Rvík .. 403

Heimt. Sjá innheimta.

Heimvísun.

Héraðsdómari vísaði tveimur kröfuliðum gagnsakar í skuldamáli frá dómi, með því að ekki yrði um þá dæmt vegna vantandi skýrslna. Hæstiréttur ómerkti dóminn og lagði fyrir héraðsdómarann að kveðja aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita þeim kost á að gefa frekari skýrslur og leggja síðan efnisdóm á málið 44

A sótti B um eftirstöðvar kaups. B taldi A hafa rofið vinnusamning aðilja og hafði uppi gagnkröfu til fébóta út af því. Héraðsdómari vísaði gagnkröfunni frá dómi vegna ónógrar greinargerðar af hendi B. Í hæstarétti var héraðsdómurinn ómerktur, og lagt var fyrir dómarann að kveðja aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, veita B kost á því að skýra málið og leggja síðan efnisdóm á aðalkröfuna og skuldajafnaðarkröfuna 82

A hafði í veðskuldabréfi játast undir, að stefna til heimtu skuldar væri birt á hinni veðsettu eign. Stefnuvottar birtu samskuldara hans (B) stefnu í máli út af skuldinni á téðri eign og afhentu honum tvö afrit af stefnunni. Þar sem B mátti vera það ljóst, að honum var einnig birt stefnan vegna A, þótt stefnuvottar tækju það ekki fram berum orðum, þá var frávísunarákvæði héraðsdómarans, sem taldi stefnuna óbirta A, úr gildi fellt og lagt fyrir dómarann að kveða upp efnisdóm um mál A 87

Héraðsdómur ómerktur í skuldamáli, sem hafði í héraði verið látið óskýrt af aðiljum, og var lagt fyrir héraðsdómarann að taka málið til meðferðar af nýju samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita aðiljum kost á því að koma að þeim gögnum og skýringum, sem þeir vildu og efni yrðu til 254

Í landamerkjamáli, þar sem deilt var um skilning landamerkjadóms frá 1890, ómerkti hæstiréttur héraðsdóminn, vísaði málinu heim í hérað til meðferðar af nýju og gaf landamerkjadómi fyrir-

mæli um ákvörðun merkjanna. Þegar málið kom aftur í hérað, staðhæfði annar aðilja, að endi merkjagarðs, sem merkjalínan lá í, hefði brotnað frá því 1890, og ætti því að miða við hinn forna merkjagarðsenda. Tók landamerkjadómur þessa kröfu til greina. Þessi síðarnefndi landamerkjadómur var einnig ómerktur og málinu vísað heim til meðferðar í annað sinn, þar sem greindri málsástæðu hafði ekki verið hreyft við fyrri meðferð málsins fyrir dómstólunum, hæstiréttur því í fyrri dómi sínum miðað við enda merkjagarðsins, eins og hann er nú, og merkin því ákveðin fullnaðardómi 444

Verzlunarlóð var leigð 1896 um ótilgreindan tíma fyrir tiltekið árgjald. Lóðareigandi krafðist 1939 ákvörðunar leigunnar samkvæmt matsgerð, sem hann lét fram fara, en takmarkaði samt ekki kröfur sínar við 10 ára tímabil samkvæmt lögum nr. 75/1917, sem eiga þóttu við um lögskipti aðilja, og láðist héraðsdómara að leiðbeina honum, sem var ólöglærður, um þetta. Dómarinn leiddi heldur ekki athygli gagnaðilja, sem líka var ólöglærður, að því, að hann gæti mótmælt matsgerðinni á þeim grundvelli, að afnotahafa lóðarinnar hefði ekki verið veitt færi á því að vera við staddur matið og koma þar að athugasemdum sínum. Var héraðsdómur og málsmeðferð ómerkt frá þingfestingu og málinu vísað heim í hérað til meðferðar af nýju 478

Helgidagar.

A og B, sem játað höfðu því að kaupa bræðslusíld úr bátum H, þóttu ekki hafa heimild til að synja síld viðtöku, sem bátar H komu með til síldarverksmiðju þeirra á sunnudegi. Sagt í héraðsdómi, að það sé alkunn venja í Siglufirði, að síldarverksmiðjur taki á móti síld úr síldarskipum á sunnudögum, meðan nægilegt þróarrúm er fyrir hendi 153

Hlutafélög. Sbr. félög, félagsskapur.
Maður taldi sér óskylt að inna af hendi skráð hlutarframlag til hlutafélags, þar sem ekki hefði verið staðið við tilgreint skilyrði, er hann kvaðst hafa sett munnlega við safnanda framlaganna. Hann var talinn allt að einu bundinn við hlutarloforðið, þar sem hann hafði ekkert aðhafzt, sem þýðingu hefði, til þess að aðrir, sem hlutafé lofuðu, eða viðsemjendur fyrirtækisins mættu fá vitneskju um skilyrðið 21

Hlutdeild.
Tveir lögreglumenn dæmdir til refsingar eftir 126., 129. og 144. gr. hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir harðræði og aðhlynningarleysi við handtekinn mann 59

Húsaleiga. Sjá leiga.

Húsfriður.
A, syni húseiganda nokkurs, talið heimilt að varna B, sem var með áhrifum víns, inngöngu í leiguíbúð þriðjamanns í húsinu eftir miðnætti, enda hafði B verið þar að sumbli um kveldið með leigjandanum, og í ljós var leitt, að vist B í húsinu olli húsráðendum baga 5

Iðgjöld. Sbr. skaðabætur.
Drengir brutu glugga í verzlunarbúð og stálu þaðan varningi. Tveimur dögum seinna framdi A þar þjófnað ásamt þeim. Í refsimáli á hendur A varð hann ekki dæmdur til greiðslu iðgjalda, þar sem ekki var greinilega í ljós leitt, hverju drengirnir stálu einir og hverju A stal með þeim, né heldur, hverju hafði verið skilað af hvoru þýfinu fyrir sig, og auk þess hafði hvorki eigandi þýfisins verið látinn staðfesta fyrir dómi skýrslu sína um þýfið né skýrslan verið nægilega undir ákærða borin 468

Innheimta.

Skuldheimtumaður (A), sem f. h. málflytjanda (M) aflaði skuldardóms á hendur B, gaf B fullnaðarkvittun fyrir dómskuldinni gegn greiðslu hennar af hluta, en gerði M síðan engin skil. Þar sem B þótti mega telja A bæran til viðtöku greiðslu, gat M ekki krafið B um þann hluta skuldarinnar, er samkvæmt kvittuninni hafði runnið til A. Hins vegar mátti B ekki gera ráð fyrir heimild A til uppgjafar skuldarinnar af hluta, enda ósönnuð heimild hans til uppgjafar. Var því dæmt fjárnám á hendur B fyrir eftirstöðvunum 378

Innsetningargerðir. Sbr. útburðargerðir.

Styrkþegi (S) hafði bíl sveitarsjóðs að láni sér og skuldaliði sínu til framfærslu. Hann hafði bílinn í sínum varnaði nokkur ár. Var hann talinn eigandi hans í bifreiðaskrá, og lét sveitarstjórn það viðgangast. S. seldi síðan Þ bílinn. Sveitarstjórn krafðist atbeina fógeta til töku bílsins úr hendi Þ, en þeirri kröfu var hrundið, þar sem Þ var talinn hafa verið grandlaus um eignarheimild S og því hafa eignazt bílinn traustnámi 496

Ítrekun.

Maður dæmdur fyrir ítrekaða sölu áfengis 1, 11

Maður dæmur til refsingar fyrir ítrekaða ölvun við akstur bifreiðar 25

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 15. gr. sbr. 1. og 2. mgr. 33. gr. laga nr. 33/1935 fyrir ítrekaða sölu áfengis 70, 204

Sökunaut, sem dæmdur var til refsingar samkvæmt 15. gr. sbr. 33. gr. laga nr. 33/1935 fyrir sölu áfengis í annað sinn, var ekki dæmd varðhaldsrefsing, þar sem nefnda 33. gr. þótti bera að skýra með hliðsjón af 15. gr. laga nr. 91/1917, sem hafði að þessu leyti samskonar ákvæði að geyma, á þá leið, að varðhaldsrefsing beri ekki að beita fyrr en við þriðja brot, ef sala hefur ekki farið fram í atvinnuskyni 434

Ítök. Sjá eignarréttur, hefð.

Jarðir. Sjá ábúð, ábúðarlög.

Játning. Sjá aðiljaskýrslur.

Kaup og sala. Sjá einnig félagsskapur, skaðabætur, skuldir, skuldamál, verðlag.

Í, sem hafði milligöngu um sölu síldar til útlanda, þótti eiga tilkall til mæltra sölulauna af mæltu fobbverði síldarinnar á íslenzkri höfn, þrátt fyrir það, þótt seljendur veittu afslátt af kaupverðinu, eftir að síldin var komin í hendur kaupenda, enda átti Í enga sök á því, að kaupendum þótti síldin ekki fullgóð vara, og var ekki viðriðinn samninga um afsláttinn og hafði ekki afsalað sér rétti til hinna mæltu sölulauna 146

Tveir eigendur (E) síldarverksmiðju á Siglufirði játuðu því 1937 að kaupa af hlutafélaginu H „í sumar fyrir gangverð alla bræðslusíld af skipum félagsins, veidda austan Skaga, losun sömu röð og eigin skip". Það talið brot á þessum samningi, að E synjuðu viðtöku síld, er þrír bátar H komu með þann 13. júní, þótt E væru ekki teknir að afferma þar eigin síldarskip. Voru E því dæmdir til að bæta mismun venjulegs gangverðs síldar úr nefndum bátum og þess verðs, er H fékk fyrir hana. Ennfremur fékk H bætur fyrir veiðimissi þann 14. júní, og var meðaltalsafli báta á þeim miðum, er bátar H sóttu, lagður til grundvallar 153

Konungleg umboðsskrá. Sjá dómarar.

Kröfuréttindi.

Skráð hlutafjárloforð talið bindandi án tillits til skilyrðis, er lofandi þess kvaðst hafa sett munnlega við safnanda hlutafjárframlaganna, þar sem lofandinn hafði ekkert aðhafzt, er máli skipti, til að birta skilyrðið öðrum hlutafjárlofendum eða viðsemjendum félagsins 21

A framseldi bróður sínum B, er lagði fé til framfærslu honum, skaðabótakröfu, er hann sótti vátryggingarfélag til greiðslu hennar. Skyldi B fá þannig greidda skuld sína, en skila A afganginum. Skuld A við B varð meiri en bætur þær, sem dæmdar voru lokadómi. Með því að framsalið til B var tryggingarráðstöfun, að því leyti sem fullnægja átti kröfum, er B síðar eignaðist á hendur A, og með því að ekki var gætt þeirra reglna, sem nauðsynlegar eru til stofnunar lögmæts veðs, tilkynningar til skuldunauts, þá varð framsalið að víkja fyrir fjárnámi, sem hafði verið gert í millibilinu í skaðabótakröfunni og ekki hafði verið áfrýjað 291

Kvaðir. Sjá hefð, umferðarréttur.

Kynferðisbrot. Sbr. kynvilla.

Við prófun opinbers máls á hendur A fyrir saurlíft atferli við tvær telpur, aðra 12 ára fullra, en hina 11 ára og 5—6 mánaða, láðist héraðsdómaranum *að* krefja A sagna um vitneskju hans eða hald um aldur telpnanna og *að* veita foreldrum telpnanna færi á að krefjast opinberrar saksóknar, sbr. 175. gr. hgl. 1869. Ennfremur gleymdi dómarinn að skýra frá líkamsþroska telpnanna. Málsmeðferð og dómur var ómerkt og málinu vísað heim til rækilegri rannsóknar og dómsálagningar 56

Kynvilla.

Maður dæmdur eftir 1. mgr. 203. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir kynferðismök við dreng innan 14 ára aldurs og eftir 2. mgr. sömu greinar fyrir sams konar mök við drenginn eftir 14 ára aldur hans. Sami maður einnig dæmdur samkvæmt 2. mgr. 203. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940 fyrir tilraun til kynmaka við tvo drengi á aldrinum 14—18 ára. Refsing ákærða var ákveðin með hliðsjón af 2. gr. laga nr. 19/1940, þar sem brotin voru framin, meðan hegningarlögin frá 1869 voru í gildi 358

Maður dæmdur eftir 1. mgr. 203. gr. laga nr. 19/1940 fyrir kynferðismök við dreng innan 14 ára aldurs og eftir 2. mgr. sömu greinar fyrir samskonar mök við sama dreng eftir 14 ára aldur hans svo og fyrir slík mök við annan dreng yfir 14 ára. Refsing ákærða var ákveðin með hliðsjón af 2. gr. laga nr. 19/1940, þar sem brotin voru framin, meðan hegningarlögin frá 1869 voru í gildi 472

Kyrrsetning.

Sagt í úrskurði uppboðsdóms, að kyrrsetning verði að víkja fyrir veðrétti og rétti samkvæmt uppskrift eftir 48. gr. framfærslulaga nr. 135/1935, með því að kyrrsetning veitir einungis vernd gegn ráðstöfunum skuldunauts, en afstýrir ekki aðgerðum lánardrottna 104

Kærumál.

Frávísunarákvæði héraðsdóms um mál annars tveggja samskuldara skotið til hæstaréttar samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936 87

Í máli, sem skotið var til hæstaréttar samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936, var krafizt úrlausnar hæstaréttar um það, hvort og hversu há ritlaun greiða skyldi héraðsdómara fyrir eftirrit það af skjölum málsins, er fyrir hæstarétt komu. Þetta atriði var talið eiga að sæta kæru samkvæmt analogiu 186. gr. laga nr. 85/1936 87

Útgerðarmaður var í héraði dæmdur til að greiða skipverja á línuveiðaskipi hans kaup samkvæmt skriflegum samningi, er þeir höfðu upphaflega gert með sér, en málskostnað lét dómarinn falla niður, þar sem sterkar líkur komu fram um það, að aðiljar hefðu síðar samið um hlutarráðningu. Skipverjinn kærði málskostnaðarákvæðið í hæstarétti samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936, en það var staðfest þar samkvæmt 178. gr. sömu laga 275

Héraðsdómari talinn hafa haft samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938 heimild til að taka í kærumáli

ritlaun fyrir hvert þriggja eintaka, er öll voru handrituð, af eftirriti varðandi málið 275
Maður, sem dómkvaddur hafði verið til matsgerðar til afnota í einkamáli, neitaði við staðfesting matsgerðarinnar að svara spurningu, er hann taldi ekki koma matinu við, og tók héraðsdómari neitun hans til greina. Aðili einkamálsins kærði úrskurðinn til hæstaréttar og krafðist þess, að matsmaðurinn yrði skyldaður til að svara spurningunni og gagnaðilinn til að greiða kostnað kærumálsins 284
Með því að málflytjandi vildi einungis greiða hvorum votti í þinghaldi í máli 50 aura eftir 41. gr. laga nr. 85/1936, en ekki 1 krónu samkvæmt 8. gr. laga nr. 85/1938, hóf héraðsdómari málið þegar með úrskurði í stað þess að kveða fyrst upp úrskurð um vottagjaldið og hefja málið síðar, ef aðili neitaði skilorðslaust að hlíta honum. Í hæstarétti þótti mega dæma bæði um þingvottagjaldið og hafningu málsins, þar sem aðili kærði úrskurðinn í heild sinni og markmið hans var að fá úr báðum þessum atriðum skorið 325
Synjunarúrskurði héraðsdómara um vísun máls frá dómi var áfrýjað ásamt dómi í málinu, en með því að úrskurðurinn átti að sæta kæru samkvæmt 3. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, varð honum nú ekki haggað eftir kröfu aðilja 332
Úrskurði héraðsdómara, þar sem hrundið var kröfu um frávísun máls, skotið til hæstaréttar að hætti kærumála, og var hann staðfestur þar, sbr. 3. mgr. 108 gr. laga nr. 85/1936 352
Úrskurði fógeta um það, hvort lögtak skyldi gert til tryggingar greiðslu tekjuskatts, var andstætt ákvæðum 4. tölul. a. 198. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar eftir kærureglum, og var úrskurðinum því vísað þar frá dómi ex officio 375
Stefndi í máli var fjarvistum, er mál hans var þingfest, en ósannað var gegn andmælum stefnanda, að honum hefði bægt þær nauðsynjar, er greinir í 9. gr. laga nr. 85/1936. Varð mál hans því

hvorki tekið upp af nýju eftir 118. né 120. gr. téðra laga 411
A krafðist frávísunar máls, þar sem honum var stefnt fyrir dóm utan heimavarnarþings síns. Héraðsdómarinn hratt frávísunarkröfunni. A kærði úrskurð dómarans til hæstaréttar, sem staðfesti úrskurðinn, með því að málið var löglega höfðað samkvæmt 80. gr. laga nr. 85/1936 486

Landamerkjamál.

Í landamerkjamáli deildu aðiljar um merki, sem dæmt hafði verið um af landamerkjadómi 1890. Hæstiréttur taldi niðurstöðuna í héraði ranga, ómerkti því héraðsdóm og vísaði málinu heim í hérað til meðferðar af nýju. Þegar málið kom nú aftur fyrir landamerkjadóminn, bar annar aðilja það fyrir, að brotið hefði síðan 1890 af enda merkjagarðs, er hæstiréttur taldi merkin frá, og ætti því nú að miða við hinn forna merkjagarð. Tók landamerkjadómurinn þessa kröfu til greina. Því hafði ekki verið hreyft í flutningi málsins í fyrra skiptið, hvorki í héraði né hæstarétti, að merkjagarð þenna þrjóti nú á öðrum stað en 1890, og vafalaust var því, að í fyrra dómi hæstaréttar var átt við enda merkjagarðsins, eins og hann er nú, og merkin því ákveðin fullnaðardómi. Þar sem landamerkjadómurinn hafði þannig ekki fylgt fyrirmælum hæstaréttar um ákvörðun merkjanna, var einnig síðastnefndur landamerjadómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju 444

Landbúnaður. Sjá ábúð, ábúðarlög, laxveiði og silungs.

Landhelgi. Sjá botnvörpuveiðabrot.

Laxveiði og silungs.

Í sölu kirkjujarðanna Sv og B til ábúanda þeirra voru ekki veiðiréttindi í ánni H fyrir landi jarðanna,

heldur fylgdu þau prestsetrinu St. Síðar krafðist einkaeigandi Sv og B (E) innlausnar veiðiréttindanna samkvæmt 3. gr. laga nr. 61/1932. Þar sem Sv og B áttu sameiginlegt land með prestsetrinu St að nefndri á, varð, að öðru ósönnuðu, að ætla, að þær hafi átt sameiginlega veiði í ánni með St, unz veiðin í sölu þeirra var undan þeim skilin, sbr. ákvæði landabrigðaþáttar Grágásar um veiði, 208. kap. Konungsbókar og 438. kap. Staðarhólsbókar, svo og 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar og nú 4. gr. laga nr. 61/1932. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 61/1932 var skýrð þannig, að aðilja, sem á veiðirétt fyrir landi fleiri en einnar jarðar í sömu veiðigrennd, sé ekki skylt að hlíta innlausn veiðiréttinda sinna, nema ¾ landeigenda, sem hann á veiðirétt fyrir landi þeirra, krefjist innlausnar. Ef landeigendur eru fleiri en einn og vilji þeir ekki allir leysa inn, þá er það auk þess talið skilyrði innlausnar samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, að veiðifélag sé stofnað. Þar sem E var einkaeigandi jarðanna Sv og B, girtu greind skilyrði laganna ekki fyrir innlausnarrétt hans 239

Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga, sem stofnað var 26. marz 1938, tók eftir samþykktum sínum bæði yfir laxveiði og silungs í fiskihverfi Ölfusár til ósa hennar, og voru í samþykktunum greindar silungsár, er félagsskapurinn skyldi ráða yfir, en hins vegar skyldi félagið eftir samþykktunum ekki taka yfir ár, sem renna í Ölfusá vestan úr Ölfusi og silungur veiðist í. Þar sem félagssvæðið náði yfir ósa Ölfusár, varð það samkvæmt samþykktunum og 2. tölulið 57. gr. laga nr. 61/1932 að taka yfir allt fiskihverfi árinnar, bæði laxveiði og silungs. Voru samþykktir félagsins þess vegna ekki í samræmi við greind lög og því ekki bindandi fyrir aðilja, sem hafði greitt atkvæði gegn þeim 257

Sagt í héraðsdómi í máli fiskræktar- og veiðifélags Árnesinga, að stofnun félags þessa hefði ekki verið lögleg, þar sem eigendum og neytendum

veiðiréttar í ám þeim, er renna vestan úr Ölfusi, hefði ekki verið boðaður stofnfundur félagsins 257

Leiðbeiningarskylda dómara. Sjá dómarar.

Leiga. Sjá einnig erfðaleiga.

Syni húseiganda var talið heimilt að varna A, sem var vínðrukkinn, inngöngu í leiguíbúð þriðja manns í húsinu eftir miðnætti, þar sem A hafði verið þar að sumbli um kvöldið með leigjandanum og vist hans þar hafði verið húseiganda að baga 5

Fátækrafulltrúi tók ábyrgð á greiðslu húsaleigu fyrir styrkþega (S), og var leigan síðan greidd húseiganda (A) í marga mánuði úr bæjarsjóði. Síðar eignaðist bankaútibú húsið. Húsaleiga fyrir S var samt greidd A um tíma, en útibúið lagði bann við greiðslum til A, er það fékk vitneskju um þær, en ekki gerði útibúið strax reka að heimtu húsaleigunnar til sín. Nokkrum árum seinna seldi útibúið B húsið ásamt rétti til að krefjast húsaleigu vegna S úr bæjarsjóði frá þeim tíma, er A hætti að taka við henni, en af hendi bæjarsjóðs var synjað greiðslu. Sagt, að stjórnvöldum bæjarins hafi mátt vera það ljóst, að útibúið ætlaðist til húsaleigugreiðslu áfram fyrir S, meðan hann var á framfæri bæjarins, og að bæjarsjóður hefði vegna vistar S í húsinu fengið verðmæti, er honum væri skylt að greiða, eftir því sem á stóð, enda hefði útibúið ekki firrt sig rétt til leigugreiðslu á hendur bæjarsjóði, meðan krafa til einstakra leigugreiðslna var ekki fyrnd 246

Verzlunarlóð var leigð 1896 fyrir tiltekið árgjald. Þar sem lóðareigandi gat ekki sagt leigutaka upp lóðarafnotunum, átti lóðareigandi heimild þess að krefjast með hæfilegum fyrirvara mats á leigunni, og eftir gildistöku laga nr. 75/1917 þótti 2. mgr. 2. gr. þeirra laga eiga við um lögskipti aðilja. Var lóðareiganda samkvæmt því heimilt 1939 að krefjast mats á leigunni um 10 ár í senn 478

Leigutaki, sem var í vanskilum með greiðslu leigu fyrir á annan mánuð, var borinn út úr íbúð sinni. Leigutaki barði við vöntun á lagfæringu íbúðarinnar, en sú varnarástæða þótti ekki nægileg, þar sem aðiljar höfðu komið sér saman um lækkun húsaleigunnar, unz íbúðin yrði lagfærð 508

Leit. Sjá eftirgrennslan brota.

Líftryggingar.

Eimskipafélag (E) sótti vátryggingarfélag (V) til efnda heitis um útgáfu líftryggingarskírteina, er E átti að láta skipverjum á hafskipi sínu í té til fullnægju á stríðsáhættufyrirmælum í samningi 7. okt. 1939 milli útgerðarmanna og sjómanna. Hlutafélag (H), sem safnaði tilboðum um tryggingar fyrir V, var ekki talið hafa heimild til að heita E þessari tryggingu. Forstjóri H og tveir starfsmenn kváðu forstjóra V hafa heitið téðri tryggingu, en hann neitaði því. Þar sem málið varðaði H fjárhagslega, forstjóra H siðferðislega og hin vitnin voru starfsmenn H, töldust vitni þessi ekki lögfull. Málið var látið velta á synjunareiði forstjóra V um loforðið 413

Líkamsáverkar.

B sat að sumbli hjá kunningja sínum að kveldi dags í leiguíbúð hans. Upp úr miðnætti gekk B út til að tala við bílstjóra, sem hann hafði símað eftir, en er B ætlaði aftur inn í húsið, varnaði A, sonur húsráðanda, honum inngöngu. Fór í harðleikni með þeim, og hlaut B áverka af. A var talinn hafa unnið til refsingar, en hún var metin með hliðsjón af því, að honum var rétt að varna B, sem var með áhrifum víns, inngöngu í húsið, enda var vist B þar húsráðendum til óþæginda 5

Lögreglumennirnir A og B tóku C fastan með harðræðum án nægilegs tilefnis og fluttu hann í fangahús. Daginn eftir var C skoðaður af tveimur læknum. Líðan hans benti til þess, að hann

hefði orðið fyrir heilahristing. Hafði hann ýmsa áverka, þar á meðal bólgugarð aftan á hálsi, sem virtist vera af völdum einhvers sveigjanlegs og sívals hlutar. Síðastnefndur áverki þótti ekki sannaður á hendur A eða B, og voru þeir sýknaðir af ákæru eftir 18. kap. hgl. 1869 59

Líkur.

a) Í einkamálum.

Erlend stúlka, A, er vann á hattasaumastofu B, sagði upp ráðningu sinni eftir nokkurra mánaða starfa. B taldi ráðninguna gilda eitt ár, og var sú staðhæfing studd af fyrri húsbændum A, sem milligöngu höfðu um ráðninguna, svo og því, að B hafði játazt undir að greiða ferðakostnað A frá útlöndum og til útlanda, þegar vinnusambandinu væri lokið. Ennfremur var greinargerð A fyrir héraðsdómi mjög óskýr. Ráðning eitt ár var talin sönnuð 82

Miðunarlína, sem togari var á kl. 4,18 samkvæmt mælingum varðskips, lá að nokkru innan og að nokkru utan landhelgi, en utan landhelgi svo langt frá dufli, sem togarinn var upp undir kl. 4,32, og stöð togarans kl. 4,55, að togarinn hefði orðið að sigla miklu hraðar en aðiljar voru ásáttir um, að hann hefði siglt, ef hann hefði átt að vera utan landhelgi kl. 4,18. Sterkar líkur voru því fyrir því, að togarinn hefði verið að fiskveiðum í landhelgi, þótt ekki teldist það fullsannað 115

A, sem vann að afgreiðslu á olíum og benzíni í benzínstöð hlutafélagins B, hruflaðist á handarbaki og fékk útbrotakláða (eczem) kringum sárstaðinn. Kláðinn og útbrotin dreifðust út um líkamann. Samkvæmt álitum lækna og öðrum skýrslum þóttu sterkar líkur að því leiddar, að olíur og benzín hefðu komizt í sárið og orðið a. m. k. meðvöld að meininu 122

K tilgreindi M sem föður að laungetnu barni sínu. Ágreiningslaust var, að þau höfðu samrekkt á þeim tíma, er líklegast var, að barnið væri getið,

en einnig var í ljós leitt, að K hafði dvalizt einu sinni á getnaðartímanum í tilgreindu hóteli frá því kl. 10½ að kveldi þar til kl. 1½ að nóttu hjá A einum. Kveða þau A hafa sofnað þarna bráðlega, enda hafi hann verið ofurölvi, og K setið síðan yfir honum, en þau neituðu samförum í þetta skipti. Þar á móti játuðu þau K og A holdlegar samfarir þremur mánuðum seinna. Blóðrannsókn útilokaði hvorki M eða A frá faðerninu. Dæmt var, að M skyldi teljast faðir barnsins, ef K staðfesti með eiði holdlegar samfarir við hann einan karlmanna á getnaðartímanum, en ef henni yrði eiðfall, skyldi A vera sýkn af faðerniskröfunni, en vera skyldur til meðlagsgreiðslu með barninu 168

K kenndi M laungetið barn, sem hún taldi getið á heimili M tiltekinn dag. Hafi hún verið stödd hjá M í herbergi hans ásamt karlmanninum N og stúlkunni O, en farið síðan með M inn í annað herbergi og þau komið þar saman að líkamsmunuð. Líkur voru gegn því, að téður samfundur hefði verið á heimili M þann dag, er K nefndi, en af vætti þeirra N og O mátti ráða, að greindar fjórar persónur hefði verið samtímis á heimili M á getnaðartíma barnsins, því að vitnin kveða N hafa ekið O eftir samfund þeirra fjögurra að húsinu G, en þar bjó O einungis á þeim tíma, er barn K gat hafa komið undir. Nægilegar líkur þóttu fram komnar til að láta úrslit málsins velta á sönnunareiði K 174

Sannað var með vottorðum skipaafgreiðslu, að tiltekin sending áburðar, er Áburðareinkasala ríkisins taldi A hafa pantað, hafði verið send til heimasveitar hans og afhent þar gegn fylgibréfi, er einkasalan kvað af misgáningi hafa verið sent A beint í stað aðilja þeim, er heimta átti andvirði áburðarins, A synjaði að hafa pantað áburðinn eða veitt honum viðtöku, en greind atriði þóttu svo sterkar líkur gegn honum, að úrslit málsins voru látin velta á synjunareiði hans 207

Forstjóri hlutafélags (H), sem vann að öflun trygginga fyrir vátryggingarfélag (V), og tveir starfsmenn H kváðu forstjóra V hafa lofað að tryggja skipverja á hafskipi félagsins E styrjaldartryggingu samkvæmt samningi útgerðarmanna og sjómanna. Þar sem málið varðaði H fjárhagslega og forstjóra þess siðferðislega, töldust vitni þessi ekki lögfull. Lyktir málsins voru látin fara eftir eiði forstjóra V, sem ekki hafði gengizt við heitinu 413

Í barnsfaðernismáli luku aðiljar upp einum munni um þrennar samfarir sínar, en maðurinn taldi þær hafa farið fram fyrir getnaðartíma barnsins. Konan gat af fávizku ekki tilgreint samfaratímann. Leitt var í ljós af vitnum, að konan var stödd á heimili mannsins, þegar barnið gat hafa komið undir, og húsmóðir hennar kvað hana hafa þjáðst af flökurleika nokkrum dögum síðar. Þrátt fyrir þessar líkur gegn manninum voru úrslit málsins látin sökum fávísi konunnar vera komin undir eiði mannsins 421

J gekkst við því, að hann hefði lagzt með konunni S á þeim tíma, að hann gæti verið faðir barns hennar. Í málinu kom það upp, að R, sem hún hafði áður verið í tygi við, hafði kvöld eitt á getnaðartíma barnsins verið 2 klukkustundir í herbergi hennar, eftir að hún var háttuð. Hún neitaði samförum við R þá, en hann þorði vegna ölvunar þá ekki að staðhæfa þær. Blóðrannsókn útilokaði hvorki J né R frá faðerninu. Dæmt, að J skyldi teljast faðir, ef S særi fyrir aðra karlmenn á getnaðartímanum, en annars meðlagsskyldur 461

b) Í opinberum málum.

Manni, sem kærður var fyrir áfengissölu, tókst ekki að gera grein fyrir, af hverju hann hafði viðurlífi sitt 1

Bifreiðarstjóri vísaði B á A sem líklegan áfengissala. Sagði bifreiðarstjórinn B hafa farið inn í hús A í vetrarfrakka, en komið þaðan frakkalausan.

B kvaðst hafa keypt eina flösku víns af A og sett frakkann að veði. Lögreglumenn fundu flösku af whisky á B, er hann kom út úr húsinu. Auk þess sögðust vitni hafa keypt áfengi af A hvert í sínu lagi, og tveir bifreiðarstjórar kváðust hafa keypt fyrir hann mikið áfengi í áfengisverzlun og flutt heim til hans. A var dæmdur fyrir sölu áfengis 1

Skýrsla þriggja vitna um áfengiskaup þeirra hvers í sínu lagi af A, ráf hans um göturnar við höfnina í Rvík fram á nætur að hætti áfengissala, fundur flaskna undan víni í fórum hans, fortíð hans og ósennileiki annars viðurlífis hans, sem var eignalaus og atvinnu, taldar nægar líkur til að sakfella hann fyrir áfengissölu .. 11

Tveir farþegar í bifreið báru ölvun á bifreiðarstjórann, en aðrir tveir farþegar og tveir bifreiðarstjórar, sem töluðu við hann eftir aksturinn, sögðust ekki hafa orðið ölvunar hans varir. Ölvun ekki talin sönnuð á hendur honum 16

Formaður áfengisvarnarnefndar kvað, í viðtali við dómara, A hafa játað fyrir nefndinni neyzlu áfengis við akstur bifreiðar. Formaðurinn kom einn nefndarmanna fyrir dóm, en var ekki spurður um þetta atriði. Sakargiftin var talin ósönnuð 16

Lögreglumennirnir A og B tóku C fastan án nægilegs tilefnis og fluttu hann með harðræðum í fangahús. Daginn eftir handalögmálið reyndist C hafa ýmsa áverka, þar á meðal bólgugarð aftan á hálsi, er læknar töldu sennilega vera af völdum einhvers sveigjanlegs, sívals hlutar. Þetta þótti benda til, að C hefði verið lostinn með lögreglukylfu, þótt sú sök teldist ekki sönnuð á hendur A eða B 59

Vætti allmargra manna um áfengiskaup þeirra hvers í sínu lagi af A, vætti fimm lögreglumanna um rölt hans við höfnina í Rvík að hætti áfengissala, fyrri áfengislagabrot hans og ógreiðar skýrslur hans um framfæri sitt talin veita sönnur fyrir áfengissölu af hans hendi 70

Stúlka vann eið að skýrslu sinni um vist sína í bíl A, áfengisneyzlu þeirra þar og akstur A í ölvunarástandi. Lögreglumaður og annar maður, B, sáu stúlkuna og karlmann koma út úr bíl við íbúðarhús A og karlmanninn fara þangað heim, en B taldi bílinn ekki hafa verið við nefnt hús lítilli stundu áður. A reyndist hafa 1,95‰ áfengis í blóði sínu. Hann synjaði fyrir samvistir sínar og stúlkunnar og brot á áfengis- og bifreiðalögunum, en greindar líkur þóttu nægilegar honum til sakfellingar 164

Bilstjóri, sem ók bíl út af vegi, neitaði að hafa neytt annars áfengis þann dag en einnar flösku af pilsner, og var sú skýrsla staðfest af bróður hans, er kvaðst hafa verið með honum, en samkvæmt því hefði áfengismagnið í blóði hans að dómi læknis ekki átt að vera yfir 0.6‰, en það reyndist að vera 1,52‰. Þessar líkur leiddu ásamt öðrum gögnum til áfellisdóms á hendur honum 197

Hemlafar á vegi, þar sem bifreiðarslys hafði orðið, þótti að dómi lögreglumanna benda til þess, að bifreiðarstjórinn hefði ekið hraðara en hann gekkst við eða að hann hefði ekki neytt þeirra hemla, sem nýtir voru, svo sem unnt var 231

Lóðir. Sjá eignarréttur, hefð, leiga, umferðarréttur.

Loforð.

Maður dæmdur til greiðslu hlutafjár, sem hann hafði skráð sig fyrir í hlutafélagi, þótt ekki væri fullnægt skilyrði, sem hann kvaðst hafa sett munnlega við safnanda hlutaframlaganna, þar sem hann hafði ekkert aðhafzt, er máli skipti, til þess að aðrir hlutafjárlofendur eða viðsemjendur félagsins kynntust skilyrðinu 21

Forstjóri hlutafélags (H), sem vann að öflun tryggginga fyrir vátryggingarfélag (V), og tveir starfsmenn H kváðu fyrirsvarsmenn V hafa lofað að tryggja skipverja á hafskipi félagsins E styrj-

aldartryggingu samkvæmt samningi sjómanna og útgerðarmanna. Þar sem málið varðaði H fjárhagslega og forstjóra þess siðferðislega, töldust vitni þessi ekki lögfull. Úrslit málsins voru látin velta á synjunareiði fyrirsvarsmanns V, sem ekki hafði gengizt við heitinu 413

Læknar, lækningar. Sjá sóttgæzla, mat og skoðun.

Lög, lögskýring.

Héraðsdómari vísaði tveimur kröfuliðum gagnsakar skuldamáls frá dómi vegna ófullnægjandi skýrslna um þá. Sagt, að dómarinn hefði átt að kveðja aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita þeim kost á að skýra málið. Héraðsdómurinn var því ómerktur, og var málinu vísað heim til þannig lagaðrar meðferðar 44

Héraðsdómari vísaði frá dómi gagnkröfu, sem höfð var uppi til skuldajafnaðar við kaupkröfu, með því að hann taldi gagnkröfuna of lítið skýrða. Hæstiréttur ómerkti héraðsdóminn og lagði fyrir dómarann að kveðja aðilja fyrir sig samkvæmt 120 gr. laga nr. 85/1936, veita gagnkrefjanda kost á því að skýra mál sitt og leggja síðan efnisdóm á málið 82

Sagt, að úrlausn þess, hvort og hversu há ritlaun svara skuli héraðsdómara fyrir eftirrit það af skjölum kærumáls, er fyrir hæstarétt kom, eigi að sæta kæru samkvæmt analogíu 186. gr. laga nr. 85/1936 87

Dómstólar ekki taldir eiga dóm um hæð fébóta fyrir sauðfé, sem fargað var samkvæmt 19. gr. laga nr. 12/1937 vegna mæðiveikihættu, með því að ákvörðun bóta þessara ber undir dómkvadda menn, ef ekki semst. Hins vegar voru nokkur atriði slíks mats ekki talin bindandi fyrir sauðfjáreiganda vegna rangrar aðferðar hinna dómkvöddu manna við matið 91

Veðréttir í flytjanda eyri, sem löglega voru til orðnir og þinglesnir, áður en fram færi uppskrift á téðum eyri eftir 48. gr. laga nr. 135/1935, gengu fyrir þeim rétti, sem uppskriftin veitti 104

Sagt í úrskurði uppboðsdóms, að kyrrsetning verði að víkja fyrir veðrétti og rétti samkvæmt uppskrift eftir 48. gr. laga nr. 135/1935, með því að kyrrsetning veitir einungis vernd gegn ráðstöfunum skuldunauts, en afstýrir ekki aðgerðum lánardrottna 104

Banki (B) fékk veðrétt í jörð A, og var jörðin fengin B sem ófullnægðum veðhafa, með því að A gat ekki staðið í skilum með veðskuldina. Síðar lét B jörðina koma í hendur A nokkru eða jafnvel miklu undir hálfvirði, miðað við venjuleg söluskipti. Með þessu þótti B hafa veitt A fjárhagsleg og persónuleg hlunnindi, er ábúandi jarðarinnar gæti ekki hagnýtt sér samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1926 gegn mótmælum B. Voru A og B því sýknaðir af kröfu ábúandans um forkaupsrétt að jörðinni 108

Síldarútvegsnefnd talin hafa heimild til að greiða af því fé, sem hún hafði til ráðstöfunar, söllaun síldar, sem hún seldi fyrir nokkra síldarkaupmenn til Rússlands, sbr. lög nr. 74/1934 146

Lögreglustjóri í Rvík úrskurðaði ekkju samkvæmt III. kafla laga nr. 135/1935 meðlag með dreng hennar gegn tillögum framfærslunefndar, en að boði ráðuneytis, er kvað sig hafa í höndum skýrslur þessari niðurstöðu til styrktar. Með því að þessar skýrslur voru ekki lagðar fyrir framfærslunefnd til álits, þótti greind úrlausn ráðuneytis og lögreglustjóra ekki lögmætur grundvöllur greiðsluskyldu bæjarsjóðs 211

Verkafólk í kaupstað nokkrum og grennd hans stofnaði söltunarfélag til að hagnýta sér arð af söltun síldar. Inntökugjald í félagið var 5 krónur, og skyldi það ásamt 10% af ársarðinum renna í varasjóð. Ekki varð séð, að félagið réði yfir stofnfé. Hagnaður af rekstrinum skyldi greiddur sem kaupuppbót. Rekstrarhalli skyldi jafnaður með afdrætti af kaupi hvers félagsmanns í hlutfalli við fjárhæð þess. Atvinnutjón félagsmanna, ef rekstur gengi illa eitthvert ár, mátti bæta að einhverju leyti úr varasjóði. Félag

þetta var ekki talið fullnægja þeim skilyrðum, sem lög setja um samvinnufélög, sbr. einkum 6. tl. 3. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 36/1921, og voru stjórnendur félagsins því ekki taldir persónulega ábyrgir um skuld félagsins, hvorki vegna þátttöku sinnar í félagsskapnum eftir lögum um samvinnufélög, sbr. 2. tl. 3. gr. nefndra laga, né sökum þátttöku sinnar í stjórn félagsins, sbr. 2. mgr. 9. gr. sömu laga 215

Sagt, að byggingarnefnd og bæjarstjórn kaupstaðar hafi brostið að lögum heimild til að setja eiganda lóðar það skilyrði fyrir smíð íbúðarhúss á lóðinni, að látin væri af hendi spilda af henni endurgjaldslaust undir götu. Var þess vegna með dómi viðurkenndur réttur húseiganda til andvirðis lóðarspildunnar úr bæjarsjóði 225

Þar sem jarðirnar Sv og B höfðu átt sameiginlegt land með jörðinni St að ánni H, varð, að öðru ósönnuðu, að ætla, að þær hafi átt sameiginlega veiði í ánni með St, unz veiðin sannanlega við sölu þeirra hafði verið skilin undan þeim, sbr. ákvæði landabrigðaþáttar Grágásar um veiði, 208. kap. Konungsbókar og 438. kap. Staðarhólsbókar, svo og 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar og nú 4. gr. laga nr. 61/1932 239

1. mgr. 3. gr. laga nr. 61/1932 skýrð þannig, að aðilja, sem á veiðirétt fyrir landi fleiri en einnar jarðar í sömu veiðigrennd, sé ekki skylt að hlíta innlausn veiðiréttinda sinna, nema ¾ landeigenda, sem hann á veiðirétt fyrir landi þeirra, krefjist innlausnar. Ef landeigendur eru fleiri en einn og vilja þeir ekki allir leysa inn, þá er það auk þess talið skilyrði innlausnar samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, að veiðifélag sé stofnað 239

Héraðsdómur ómerktur í skuldamáli, sem óreifað var í héraði, og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar af nýju samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita aðiljum kost á því að reifa það og skýra 254

Fundið að því, að dómari hafði kveðið upp dóm í

einkamáli með skírskotun til matsgerðar, er þá hafði ekki farið fram, gagnstætt fyrirmælum 2. mgr. 137. gr. laga nr. 85/1936 279
Þótt fiskræktarfélag ætti að taka yfir laxveiði og silungs í fiskihverfi tilgreindrar ár, skildu samþykktir félagsins undan nokkrar silungsár í fiskihverfinu. Þetta fór í bága við 2. tölulið 57. gr. laga nr. 61/1932. Voru samþykktir félagsins því ekki bindandi fyrir aðilja 257
A var samkvæmt kröfu sinni og varakröfu lánardrottins í hæstarétti dæmdur til að greiða víxil, er hann hafði samþykkt í virkum sterlingspundum, í íslenzkri mynt eftir gengi á gjalddaga, með því að honum var ómögulegt samkvæmt gjaldeyrislögum að afla sterlingspunda, enda mátti umboðsmanni lánardrottins við samþykkt víxilsins vera það ljóst, að A átti ekki ráð sterlingspunda 287
Regla 2. mgr. 133. gr. laga nr. 85/1936 um heimild vitnastefnda til að láta spyrja vitni um allt það, sem hann hyggur máli skipta, enda þótt hann hafi ekki stefnt því til vitnisburðar, talin eiga fullkomlega við um staðfestingu matsgerðar, sbr. 2. mgr. 140. gr. sömu laga, sem vísar um staðfestingu matsgerða til 130.—134. gr. laganna, eftir því sem við á 284
Ákvæði 2. tölul. 10. gr. laga nr. 26/1936 og nú 3. tölul. 10. gr. laga nr. 74/1937 um alþýðutryggingar, þar sem um greiðslu örorkubóta er vísað til dóms læknis Tryggingarstofnunar ríkisins, skýrð svo, að tryggingarstofnunin greiði ekki slíkar bætur án ráði læknis síns, nema boðið sé í dómi, en svipti ekki bótakrefjanda rétti til að bera undir dómstóla nokkur þau atriði, sem kröfu hans varða 313
Ákvæði 8. gr. laga nr. 85/1938 talin hafa fellt úr gildi ákvæði 41. gr. laga nr. 85/1936 um þingvottagjald, og ber því að ákveða það samkvæmt 8. gr. laga nr. 85/1938 325
Ábúð manns á jörð var þannig háttað, að hann varð að víkja þaðan, er jörðin yrði tekin til opin-

berra nota. Uppsagnarákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1933 áttu ekki við um þessa ábúð. Var fresturinn ákveðinn samkvæmt 30. gr. sömu laga, þ. e. útbygging framkvæmd fyrir jól til brottflutnings í næstu fardögum talin réttmæt 328

Dómur og málsmeðferð í máli á hendur skólanefnd til skaðabóta vegna riftunar á leigumála á skólahúsnæði var ómerkt ex officio, og var málinu vísað frá héraðsdómi, þar sem skólanefndin hafði ekki umboð til að svara fyrir þá, sem leggja barnaskólum hér á landi fé, sbr. 15. og 17. gr. laga nr. 94/1936 sbr. við 13. og 14. gr. sömu laga og 28. gr. laga nr. 40/1926 332

Héraðsdómari hratt með úrskurði kröfu um vísun máls frá héraðsdómi. Þar sem úrskurðurinn hefði átt að sæta kæru samkvæmt 3. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, varð honum ekki haggað eftir kröfu aðilja, er honum var áfrýjað ásamt dómi í málinu 332

Mál um heimilisfang manns rekið samkvæmt lögum nr. 95/1936. Lögheimili hans varð ekki talið annars staðar en þar, sem hann dvaldist og hafði atvinnu sína 342

Refsing manns, sem dæmdur var m. a. samkvæmt 215. gr. laga nr. 19/1940, var ákveðin með hliðsjón af 2. gr. sömu laga, þar sem brotið var drýgt, meðan hegningarlögin frá 1869 voru í gildi 354

Refsing manns, sem dæmdur var eftir 215. gr. laga nr. 19/1940 og 6. sbr. 14. gr. laga nr. 70/1931, var ákveðin með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 354

Refsing manns, sem dæmdur var að nokkru eftir 1. mgr. 203. gr. laga nr. 19/1940 og að nokkru eftir 2. mgr. 203. sbr. 20. gr. sömu laga, var metin með hliðsjón af 2. gr. nefndra laga, þar sem brotin voru framin, meðan hegningarlögin frá 1869 voru í gildi 358, 472

Við affermingu bifreiðar, sem hlaðin var heyi, varð drengur fyrir sátu, er niður datt, og hlaut lemstur. Þar sem slysið varð ekki af orsökum, sem

samfara eru notkun bifreiða frekar öðrum ökutækjum, varð slysið ekki bætt fé samkvæmt sérreglu 15. gr. laga nr. 70/1931 370
Úrskurði fógeta um það, hvort lögtak skyldi gert til tryggingar greiðslu tekjuskatts, var vísað frá hæstarétti ex officio, þar sem úrskurðurinn hafði verið kærður þangað andstætt reglum 4. tl. a. 198. gr. laga nr. 85/1936 375
Það þótti verða að skýra 33. gr. laga nr. 33/1935 með hliðsjón af tilorðningu 15. gr. laga nr. 91/1917, sem hafði um ítrekun samskonar ákvæði að geyma, á þá leið, að varðhaldsrefsingu beri ekki að beita fyrr en við þriðja brot, ef sala áfengis hefur ekki farið fram í atvinnuskyni 434
Í skaðabótamáli vegna bifreiðarslyss vísaði héraðsdómari um lýsing atburða til refsidóms, sem hann hafði kveðið upp yfir aðilja málsins. Þar sem þessi meðferð málsins var andstæð ákvæði 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju 448
Stórþjófnaður, sem drýgður var, áður en lög nr. 19/1940 tóku gildi, talinn varða við 7. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 4. lið 231. gr. hegningarlaga 25. júní 1869, en sökunaut refsað samkvæmt 2. mgr. 244. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. þeirra laga 468
Verzlunarlóð var leigð 1896 fyrir tiltekið árgjald. Þar sem lóðareigandi gat ekki sagt leigutaka upp lóðarafnotunum, átti lóðareigandi heimild þess að krefjast með hæfilegum fyrirvara mats á leigunni, og eftir gildistöku laga nr. 75/1917 þótti 2. mgr. 2. gr. þeirra laga eiga við um lögskipti aðilja. Var lóðareiganda því nú heimilt að krefjast mats á leigunni um 10 ár 478
Manni var stefnt til innlausnar ábyrgðar í lögsagnarumdæmi, þar sem skuldbindinguna skyldi efna, og var hann staddur þar, þegar sáttakæra og stefna voru birtar. Málshöfðun var talin þar heimil samkvæmt 80. gr. laga nr. 85/1936, þótt

stefndi ætti þar ekki heimili. Það varðaði engu um úrslit málsins, að stefnandi, sem var ólöglærður, reisti heimild sína til málshöfðunar á því, að stefndi ætti heimili þar í þinghá, sbr. 113. og 114. gr. laga nr. 85/1936 486

Löghald. Sjá kyrrsetning.

Lögnám. Sjá eignarréttur.

Lögreglumenn.

Tveir lögreglumenn tóku A, sem var með áhrifum víns, fastan með harðræðum og fluttu hann í fangahús og settu hann þar í kistu eða stokk handa æstum mönnum og ölvuðum, án þess áður að grennslast eftir nafni hans og heimilisfangi og án þess að veita honum kost á að fara heim til sín. Lögreglumennirnir taldir hafa átt að reyna liðlegri aðferðir og vægari, áður en þeir beittu þessum harðræðum, sem háttsemi A réttlætti ekki. Fyrir þetta atferli var lögreglumönnunum refsað eftir 126. gr. og 129. gr. hgl. 1869. Þegar í fangahúsið kom, var A orðinn máttvana og rænulítill, og flökurleiki sótti að honum. Hann var samt látinn einn í fangaklefa aðhlynningarlaus um 9 klukkustundir. Þar sem lögreglumönnunum mátti vera það ljóst, að rænuleysi hans gat ekki stafað einvörðungu af áfengisnautn hans, þá var þetta atferli þeirra metið þeim til stórkostlegs hirðuleysis og þeim refsað samkvæmt 144 gr. hgl. 1869 fyrir það 59

Lögreglusamþykktir.

Of hraður akstur bílstjóra talinn m. a. varða við 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Refsing ákveðin m. a. samkvæmt 96. gr. sömu samþykktar 231

Lögræði.

Ekkja manns, sem orðið hafði fyrir bifreið og látið þannig líf sitt, sækir bifreiðarstjórann til

greiðslu dánarbóta fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar og hins látna 76
Móðir sjö ára drengs sækir fyrir hönd hans mál til skaðabóta vegna meiðsla, er hann hlaut af bifreiðarfarmi 370

Lögtak.

A var 1937 krafinn samkvæmt sþ. 79/1920 um vegagjald fyrir árið 1936 til Svínvetningabrautar af landi, er hann hafði á erfðaleigu frá Blönduóshreppi. Sagt, að hann ætti að greiða vegagjald, miðað við fasteignamat jarðabóta hans á landinu án húsa, enda hefði téður hreppur greitt vegagjaldið fyrir árið 1936, miðað við fasteignamat landsins óræktaðs, en með því að fasteignamatið var ekki nógu skýrt eða sundurliðað um þessi atriði, varð gjald það, er á hendur A skyldi falla, ekki ákveðið með vissu, og var því synjað um framkvæmd lögtaksins 98
Synjað var um lögtak, er krafizt var af hendi ríkissjóðs fyrir leigu af verzlunarlóð í Vestmannaeyjum, með því að varnaraðili og þeir, sem hann rakti heimildir sínar til, höfðu unnið eignarhefð á lóðinni 301
Úrskurði fógeta um það, hvort lögtak skyldi gert til tryggingar greiðslu tekjuskatts, var vísað frá hæstarétti ex officio, þar sem honum hafði verið skotið þangað eftir kærureglum andstætt ákvæðum 4. tölul. a. 198. gr. laga nr. 85/1936 375
A átti hluta í sameignarfélagi í Sandgerði og stundaði þar atvinnu sína. Kona hans átti húseign í Rvík, og þar dvaldist A að staðaldri hjá fjölskyldu sinni. Lögtak var heimilað fyrir útsvari, er lagt var á hann í Rvík 403
Lögtak gert fyrir útsvari, er lagt var á olíufélag vegna benzín- og olíusölu þess á Seyðisfirði 483
Lögtak látið fara fram til heimtu meðlags úr hendi sonar til framfærslu móður sinnar, 82 ára, er hann hafði engin samskipti haft við frá fæðingu, enda þótti synjun hennar um að flytjast á heimili hans réttmæt, þar sem slíkur flutningur

mátti hafa óheppileg áhrif á líðan hennar, þótt ekki stafaði henni bein hætta af honum, sbr. 7. gr. laga nr. 135/1935 494

Málasamsteypa.

a) Einkamál.

I. Kröfusamlag.

1. Kröfusamlag af hálfu sækjanda.

Krafizt fébóta fyrir ásiglingu og sjóveðs til tryggingar bótum 32

Krafizt refsingar fyrir ætluð meinyrði og ómerkingar þeirra 40, 178

Krafizt kaupeftirstöðva sjómanns og sjóveðs til tryggingar þeim í fiskiskipi 136

Ýmsar kröfur ... 44, 104, 108, 189, 257, 307, 386

2. Gagnkröfur.

A höfðaði mál á hendur B til greiðslu tiltekinnar fjárhæðar, B krafðist nokkurrar niðurfærslu á kröfu A og höfðaði auk þess gagnsök til greiðslu skuldar út af sömu viðskiptum 44, 386

Héraðsdómari vísaði tveimur kröfuliðum gagnsakar frá dómi vegna ófullnægjandi reifunar þeirra. Hann var talinn hafa átt að kveðja aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita þeim kost á því að skýra málið. Héraðsdómurinn var því ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar 44

A sótti B til greiðslu kaupeftirstöðva fyrir vinnu á hattasaumastofu. B bar fyrir sig til skuldajafnaðar fébótakröfu á hendur A vegna rofa hennar á vinnusamningi þeirra 82

Héraðsdómari taldi gagnkröfu, sem höfð var uppi til skuldajafnaðar kaupkröfu, óreifaða og vísaði henni frá dómi. Hæstiréttur ómerkti héraðsdóminn og lagði fyrir dómarann að kveðja aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, veita gagnkrefjanda kost á því að skýra mál sitt og leggja síðan efnisdóm á málið 82

A sótti B, sem hafði verið formaður á fiskibátum hans, til greiðslu verzlunarskuldar. B höfðaði gagnsök bæði til greiðslu kröfuliða, er hann taldi sér vanreiknaða til tekna, og kröfuliða, er hann taldi sér ofreiknaða til skuldar 307
Fjárhæð, sem dæmd var í gagnsök máls, var ekki dregin frá fjárhæð, sem dæmd var í aðalsökinni, með því að hærri vaxta var krafizt í gagnsök en aðalsök 386
Dómi áfrýjað af hendi beggja aðilja 32, 44, 76, 122, 153, 239, 257, 307, 332, 345, 351, 386, 444, 488

II. Aðiljasamlag.

1. Sóknaraðilja.

Konu og dóttur hennar og manns, sem lét líf sitt í umferðarslysi, voru dæmdar dánarbætur. Það kom ekki til álita að draga frá bótunum að nokkru eða öllu tilgreinda fjárhæð, sem ekkjan hafði fengið frá Tryggingarstofnun ríkisins, með því að téð stofnun gekk ekki inn í málið 76
Þrír eigendur og útgerðarmenn trillubáts sækja sameiginlega fébætur tjóns, sem varð við ásiglingu togara á bátinn 183
Tveir sameigendur fasteignar sækja saman mál til eignarréttar og umferðarréttar að gangræmu um nágrannalóð 189
Sameigendur lóðar sækja mál vegna leigumála á henni 478
Tveir erfðaleigutakar lands sækja mál til bóta vegna lögnáms erfðaleiguréttar þeirra .. 500

2. Varnaraðilja.

Tveir veðhafar í bifreið, sveitarstjórn, sem skrifa hafði látið bifreiðina upp samkvæmt 48. gr. framfærslulaga nr. 135/1935, og kyrrsetjandi hennar deila fyrir uppboðsrétti um uppboðsandvirði hennar. sveitarstjórnin áfrýjar síðan málinu og stefnir veðhöfunum, sem taldir voru ganga fyrir rétti sveitarsjóðs til andvirðisins .. 104

Banki (B) fékk veðrétt í jörð A, og var jörðin fengin B til eignar sem ófullnægðum veðhafa. Síðar lét B jörðina koma í hendur A nokkru eða jafnvel miklu undir hálfvirði, miðað við venjulegar sölur. Landseti jarðarinnar höfðaði nú mál gegn A og B til gildis forkaupsrétti sínum að jörðinni fyrir áminnzt verð, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1926. Landseti vann málið í héraði. A og B áfrýjuðu því 108

Stjórnendur svonefnds Söltunarfélags verklýðsins á Akureyri sóttir persónulega til greiðslu skuldar félagsins og ennfremur f. h. félagsins 215

A bjó á jörðinni X. Stjórn Kreppulánasjóðs byggði honum jörðina Y 23. júlí 1937, og hafði A nytjar jarðarinnar það ár, þótt hann hefði ekki aðsetur þar. Þann 11. febrúar 1938 seldi K jörðina hreppnum S, er seldi hana á ný B og C. A höfðaði mál til ákvörðunar á forkaupsrétti sínum á jörðinni og stefndi K, S, B, og C. A vann málið í héraði. K og S áfrýjuðu því til hæstaréttar 279

Mál til umferðar um lóð sótt á hendur sameigendum lóðarinnar 320

Dómnefndarmenn í Stórstúku Íslands sóttir til viðurlaga vegna ummæla um sækjanda í úrskurði um stúkumálefni 352

Alþýðusamband Íslands og Iðja félag verksmiðjufólks á Akureyri sótt sameiginlega til bóta vegna vinnuvörnunar 382

b) Opinber mál.

1. Aðili kærður fyrir fleiri brot en eitt 1, 11, 16, 56, 70, 358, 405, 468, 472

2. Fleiri en einn aðili ákærðir í sama máli.
Tveir lögreglumenn sóttir til refsingar fyrir brot gegn 13. kap. og 18. kap. almennra hegningarlaga frá 1869 59

Málflutningsmenn.

Málflutningsmaður, sem flutti mál til bóta út af árekstri skipa og reiknaði sér full málflutningslaun fyrir það, gat einungis tekið venjulega þóknun fyrir að sækja dóm við sjóprófin, en ekkert fyrir lögfræðilega aðstoð þar 32
Meinyrði málflutningsmanns í málsskjali um tilgreindan mann dæmd dauð og ómerk, en ekki talin ástæða til að sekta málflutningsmanninn 257
Skuldheimtumaður (A) aflaði f. h. málflytjanda (M) skuldardóms á hendur B, og veitti A síðan fullnaðarkvittun fyrir dómskuldinni gegn greiðslu hennar af hluta, en gerði M síðan engin skil ráðsmennsku sinnar. Þar sem B þótti mega telja A bæran til viðtöku greiðslu, gat M ekki krafið B um þann hluta skuldarinnar, sem runnið hafði samkvæmt kvittuninni til A. Hins vegar mátti B ekki treysta heimild A til uppgjafar skuldarinnar af hluta, enda ósönnuð heimild hans til uppgjafar. Var því gert fjárnám á hendur B fyrir eftirstöðvunum 378

Málflutningur. Sbr. málflutningsmenn, málshöfðun, opinber mál, sáttir, stefnur.

Í máli út af árekstri skipa, er lagt hafði verið í hafnarlægi, var því ekki hreyft, að skipinu A hefði verið lagt svo nærri skipinu B, að aðfinningum sætti. Kom þessi varnarástæða því ekki til álita 32
Ómerkingarkrafa og heimvísunar tekin til dóms eða úrskurðar út af fyrir sig í hæstarétti 44
Héraðsdómari vísaði tveimur kröfuliðum gagnsakar í skuldamáli frá dómi, þar sem ekki yrði um þá dæmt vegna vantandi skýrslna. Hæstiréttur ómerkti dóminn og lagði fyrir héraðsdómarann að kveðja aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, veita þeim kost á að gefa frekari skýrslur og leggja síðan efnisdóm á málið 44
Héraðsdómari taldi gagnkröfu, sem höfð var uppi til skuldajafnaðar, of lítið skýrða og vísaði henni frá dómi. Hæstiréttur ómerkti héraðdóminn og

lagði fyrir dómarann að kalla aðilja fyrir sig samkæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, veita gagnkrefjanda kost á því að skýra mál sitt og leggja síðan efnisdóm á aðalkröfu og gagnkröfu 82

A krafðist bóta fyrir sauðfé, er hann var látinn farga samkvæmt 19. gr. laga nr. 12/1937 vegna mæðiveikihættu. Það var ekki á valdi dómstóla að ákveða bætur, en hins vegar þótti mega koma að í hæstarétti þeirra varakröfu, að tiltekin atriði yfirmats um bætur væru ekki bindandi, með því að bótakrafa A var reist á ákveðnum aðfinnslum við þau atriði 91

Eigandi togara var í héraði dæmdur til að greiða bætur tjóns, sem trillubátur hlaut í árekstri við togarann. Togaraeigandinn áfrýjaði og krafðist sýknu, en véfengdi ekki, að tjón stefndu næmi fjárhæð þeirri, sem þeim hafði verið dæmd í héraði 183

Í skuldamáli, sem var ómerkt og vísað heim til meðferðar samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, hafði stefndi með viljandi röngum málflutningsyfirlýsingum, að því er virtist, borið úr býtum sýknudóm í héraði. Með hliðsjón af þessu og úrslitum málsins var stefndi dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir hæstarétti 254

A gerði þá ódómhæfu kröfu á hendur B, að reikningur B á hendur honum yrði dæmdur ómerkur, en til vara, að honum (A) yrði gert að greiða B eftir mati dómsins þjónustu þá, sem í reikningnum greindi. Þessar kröfur voru ekki lagðar til sáttanefndar samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936. Loks leitaði dómarinn ekki sátta um þá kröfu af hendi B í málflutningnum, að honum yrði dæmd öll reikningsfjárhæðin. Þessir gallar á meðferð málsins leiddu til ómerkingar þess og vísunar frá héraðsdómi 271

A var dæmdur samkvæmt kröfu sinni og varakröfu lánardrottins í hæstarétti til að greiða víxil, er hann hafði samþykkt í virkum sterlingspundum, í íslenzkri mynt eftir gengi á gjalddaga, með því að honum var ómögulegt samkvæmt gjaldeyris-

lögum að afla sterlingspunda, enda mátti umboðsmanni lánardrottins við samþykkt víxilsins vera þetta ljóst 287
Nýjar skýrslur fengnar í barnsfaðernismáli eftir uppkvaðningu héraðsdóms og lagðar fram fyrir hæstarétt 319
Málsástæðu, sem ekki var hreyft í héraði, var ekki gaumur gefinn í hæstarétti gegn mótmælum gagnaðilja 320
A var borinn út af tilgreindri jörð samkvæmt úrskurði fógeta. A áfrýjaði. Fyrir hæstarétti drap málflytjandi gerðarbeiðanda á það, að A hefði fyrir atbeina gerðarbeiðanda fengið aðra jörð sízt lakari en þá, sem hann varð að víkja af. Þessu var ekki andmælt af málflytjanda A, en skýrslur um þetta þóttu svo óljósar, að ekki varð samt fullyrt, að A hefði svipt sig áfrýjunarheimild með framkomu sinni í sambandi við viðtöku jarðarinnar 328
Dómur og málsmeðferð í máli á hendur skólanefnd til skaðabóta vegna riftunar á leigumála á skólahúsnæði var ómerkt ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi, þar sem skólanefnd er ekki að lögum ætlað fé til slíkra bóta og hafði ekki í málinu umboð til að svara fyrir þá, sem leggja barnaskólum fé, sbr. 15. og 17. gr. laga nr. 94/1936 sbr. við 13. og 14. gr. sömu laga og 28. gr. laga nr. 40/1926 332
Sagt, að þar sem skaðabótakrafa hefði einungis verið reist á 15. gr. laga nr. 70/1931, kæmi skaðabótaskylda vegna annarra ástæðna ekki til álita í málinu 370
Málflytjandi fól skuldheimtumanni (A) heimtu skuldar. A aflaði dóms um skuldina, heimti síðan fjárhæð dómsins að nokkru og gaf hana upp að nokkru, en gerði umbjóðanda sínum engin skil. Umbjóðandinn gat krafið skuldunaut um þá fjárhæð, er A hafði gefið upp, en ekki um þann hluta skuldarinnar, er hann hafði tekið við ... 378
A var fjarvistum frá þingstað við þingfestingu máls á hendur honum. Þar sem ósannað var gegn and-

mælum gagnaðilja, að A hefðu bægt þær nauðsynjar, sem í 9. gr. sbr. 4. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 greinir, varð málið ekki tekið upp af nýju samkvæmt 118. gr. sömu laga. Af sömu ástæðu varð málið heldur ekki tekið upp samkvæmt 120. gr. sömu laga honum til hagsbóta, þótt endurupptaka málsins samkvæmt þessu ákvæði kunni að hafa verið stefnanda heimil 411

Hæstiréttur reisir dóm sinn í kærumáli á málsástæðu, er ólöglærður aðili í héraði hafði ekki borið fyrir sig, sbr. 113. og 114. gr. laga nr. 85/1936 486

Málsbætur.

A talið hafa verið heimilt að bægja B, sem var með áhrifum vins, frá inngöngu eftir miðnætti í leiguíbúð þriðja manns í húsi föður A, þar sem B hafði áður um kveldið verið að sumbli, enda var leitt í ljós, að vist B í húsinu var bagaleg húsráðendum. Þetta var metið A til málsbóta við ákvörðun refsingar á hendur honum fyrir áverka, er hann þá veitti B 5

Málshöfðun.

a) Einkamál.

A gerði þá ódómhæfu kröfu á hendur B, að reikningur B til hans yrði dæmdur ómerkur, en til vara, að A yrði gert að greiða B eftir mati dómsins fyrir þjónustu B. Þessar kröfur voru ekki lagðar til sáttafundar samkvæmt boði 5. gr. laga nr. 85/1936. Loks leitaði dómari ekki sátta um þá kröfu af hendi B í málflutningnum, að honum yrði dæmd fjárhæð reikningsins. Þessir gallar á meðferð málsins leiddu til ómerkingar þess og vísunar frá héraðsdómi 271

Manni var stefnt til innlausnar ábyrgðar í því lögsagnarumdæmi, þar sem skulbindinguna skyldi efna, og var hann þar staddur, þegar sáttakæra og stefna voru birtar. Málshöfðun var talin þar heimil samkvæmt 80. gr. laga nr. 85/1936, þótt stefndi ætti þar ekki heimili. Það breytti engu um úrslit málsins, að stefnandi, sem er ólög-

lærður, reisti heimild sína til málshöfðunar á því, að stefndi ætti heimili þar í þinghá, sbr. 113. og 114. gr. laga nr. 85/1936 486

b) Opinber mál.

Sökunaut var einungis tilkynnt málssókn samkvæmt lögum um bifreiðar nr. 70/1931 fyrir neyzlu áfengis við bifreiðarakstur. Kærði var samt einnig dæmdur eftir lögum nr. 33/1935, með því að hann gekk þess ekki dulinn, að honum var gefin áfengisneyzla við bifreiðarakstur að sök 16

Í máli ákæruvaldsins á hendur A fyrir kynferðismök við tvær telpur, aðra 12 ára, en hina 11 ára og 5—6 mánaða, láðist héraðsdómaranum að veita foreldrum telpnanna eða forráðamönnum færi á að krefjast opinberrar saksóknar, sbr. 175. gr. hgl. 1869 56

Ákæruvaldið lét höfða mál gegn ábyrgðarmanni blaðs til refsingar eftir 102. gr. hegningarlaga frá 1869 fyrir meinyrðagreinir um yfirskattanefnd, er birzt höfðu í blaði hans. Ákæruvaldið var ekki talið eiga sókn sakar út af meinyrðunum, og var ábyrgðarmaðurinn því sýknaður 512

Málskostnaður.

a) Í einkamálum.

1. Málskostnaður látinn falla niður:

Kröfur áfrýjanda teknar til greina að öllu eða nokkru leyti, en málskostnaður þó látinn falla niður 108, 122, 211, 239, 287, 291, 313, 325, 370

Áfrýjandi tapaði máli, en var þó eigi dæmdur til að greiða málskostnað 115, 178, 189, 321, 328, 352, 486, 494

Áfrýjandi tapar máli að nokkru leyti, en málskostnaður í báðum dómum látinn falla niður 215

Kærandi tapar kærumáli að nokkru, en vinnur það að nokkru. Málskostnaður í hæstarétti látinn falla niður 325

Úrslit skuldamáls látin velta á eiði hins ætlaða skuldunauts, en málskostnaður í báðum dómum látinn falla niður án tillits til þess, hvort eiðurinn yrði unninn 207

Meðferð einkamáls og dómur í því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en málskostnaður fyrir hæstarétti látinn falla niður .. 271
Skipverji (A) á línuveiðara krafðist ákveðins kaups úr hendi útgerðarmanns samkvæmt samningi, en útgerðarmaður taldi svo hafa samizt munnlega með aðiljum, að A skyldi hafa hluta af aflanum að launum, og komu fram í málinu ýmsir vitnisburðir, er bentu til hlutarráðningar. Héraðsdómari dæmdi A kaup eftir upphaflegum samningi aðilja, en lét málskostnað falla niður. A kærði málskostnaðarákvæðið samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936, en það var staðfest í hæstarétti, sbr. 178. gr. sömu laga, þar sem málið þótti nægilega vafasamt til að láta málskostnað falla niður 275
Í máli til heimtu víxilskuldar í virkum sterlingspundum var A dæmdur til greiðslu í íslenzkri mynt eftir gengi á gjalddaga, eins og hann hafði boðizt til, áður en mál var höfðað. Málskostnaður var því látinn falla niður .. 287
Staðfestur var úrskurður fógeta um útburð ábúanda af jörð, sem nýtast átti til hags héraðsskóla. Málskostnaður í báðum dómum látinn falla niður 328
Málskostnaður í kærumáli látinn falla niður, með því að málið var að efni dæmt í vil kærða, sem engar kröfur gerði fyrir hæstarétti .. 352
Krefjandi bóta vegna bifreiðarslyss tapaði málinu fyrir hæstarétti, en málskostnaður fyrir báðum dómum var samt látinn falla niður 370
Kærumáli var vísað frá dómi í hæstarétti ex officio. Málskostnaður var látinn falla niður, enda hafði varnaraðili hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð 375
Stefnandi tapar máli í báðum dómum, en málskostnaður var samt látinn falla niður 382
Mál var flutt bæði sem aðalsök og gagnsök. Kröfur beggja aðilja voru teknar til greina, en þó í ríkara mæli kröfur aðalstefnanda í hér-

aði. Málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður 386
Úrslit máls látin fara eftir eiði, en málskostnaður látinn falla niður 413
Úrslit barnsfaðernismáls látin velta á eiði mannsins, en málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður 421
Meðferð máls og dómur í héraði ómerkt og máli vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður látinn falla niður 437
Héraðsdómur í einkamáli ómerktur vegna skorts á atvikalýsing og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Málskostnaður í hæstarétti látinn falla niður 448
Héraðsdómur og málsmeðferð í héraði frá þingfestingu ómerkt og málskostnaður látinn falla niður 478
A krafðist frávísunar máls, þar sem honum var stefnt fyrir dóm utan heimavarnarþings síns. Héraðsdómarinn taldi A eiga heima þar í þinghá og hratt kröfunni. A kærði úrskurð dómarans til hæstaréttar, sem staðfesti hann að niðurstöðu, með því að málið var löglega höfðað samkvæmt 80. gr. laga nr. 85/1936. Málskostnaður í hæstarétti var látinn falla niður 486
Styrkþegi (S) hafði bíl sveitarsjóðs að láni sér og skuldaliði sínu til framfærslu. Hann hafði bílinn í sínum varnaði í nokkur ár. Var hann skráður eigandi hans í bifreiðaskrá, og lét sveitarstjórn það afskiptalaust. S seldi síðan Þ bílinn. Sveitarstjórn krafðist, að fógeti tæki bílinn af Þ og afhenti sér hann. Þ þótti hafa eignazt bílinn fyrir traustnám, og var þessari kröfu því synjað. Málskostnaður í báðum dómum var látinn falla niður 496
2. Aðilja, sem áfrýjaði dómsathöfn til breytinga og fékk kröfur sínar teknar til greina að meira eða minna leyti, dæmdur málskostnaður 32, 76, 87, 136, 146, 153, 225, 307, 378, 411, 500
Í máli til fébóta út af bílslysi var málskostnaður

dæmdur bótakrefjanda í einu lagi fyrir báðum dómum, þótt bætur væru lækkaðar í hæstarétti 345

3. Áfrýjandi, sem áfrýjaði dómsathöfn til breytinga, en kröfur hans voru alls ekki eða að litlu leyti teknar til greina, dæmdur til að greiða málskostnað 21, 40, 76, 98, 104, 153, 183, 246, 257, 264, 279, 301, 342, 367, 403, 444, 455, 483 488

A höfðaði mál gegn B og fékk kröfur sínar að nokkru teknar til greina í héraði. B áfrýjaði héraðsdóminum. Í hæstarétti fékk A kröfur sínar einnig að nokkru teknar til greina, en þó ekki að sama skapi og í héraði. A var dæmd tiltekin fjárhæð í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti 91

Bílstjóri var dæmdur til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarslyss í héraði. Hann skaut málinu til hæstaréttar, þar sem bæturnar voru nokkuð lækkaðar. Bílstjórinn var dæmdur í hæstarétti til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum, og var hann ákveðinn í einu lagi 264

4. Áfrýjun til staðfestingar.

Máli áfrýjað til staðfestingar. Áfrýjanda dæmdur málskostnaður, með því að stefndi hafði veitt efni til málsskots 298

5. Barnsfaðernismál.

Ef K ynni eið að því, að hún hefði haft samfarir við M einan karlmanna á getnaðartíma barns hennar, skyldi hann teljast faðir barnsins og greiða henni málskostnað fyrir báðum dómum, en ef K yrði eiðfall, skyldi M vera sýkn af faðerniskröfunni, en meðlagsskyldur með barninu, greiða K málskostnað í héraði, og skyldi málskostnaður fyrir hæstarétti þá falla niður, enda átti þá þóknun talsmanns K, sem fengið hafði gjafvörn fyrir hæstarétti, að greiðast úr ríkissjóði 168, 461

Konunni dæmdur málskostnaður, ef hún ynni eiðinn, en hins vegar gert að greiða manninum málskostnað, ef hún féllist á eiðnum,

en laun talsmanns konunnar, sem fékk gjafsókn, skyldu greiðast úr ríkissjóði 174
Úrslit barnsfaðernismáls látin velta á eiði mannsins, en málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður. Laun talsmanns konunnar, sem fékk gjafsókn, greidd úr ríkissjóði 421
6. Eiðsmál.
Úrslit máls látin fara eftir eiði, en málskostnaður látinn falla niður án tillits til þess, hvort eiðurinn yrði unninn 207, 413
7. Gjafsóknarmál og gjafvarnar.
Gjafsóknarhafi tapar máli og er dæmdur til að greiða gagnaðilja sínum málskostnað, en talsmanni dæmd málflutningsþóknun úr ríkissjóði 98
Gjafsóknarhafi tapar máli. Málskostnaður látinn falla niður, en laun talsmanns hans greidd úr ríkissjóði 122
Gjafsóknarhafi vinnur mál. Gagnaðilja hans dæmt að greiða málskostnað þannig, að ríkissjóður skyldi fá réttargjöld og kostnað, talsmaður gjafsóknarhafa tilgreinda fjárhæð og gjafsóknarhafi sjálfur afganginn 136
8. Ómerkingardómar.
Í skuldamáli, sem sótt var í héraði sem aðalsök og gagnsök, vísaði héraðsdómari tveimur kröfuliðum gagnsakar frá dómi, þar sem þeir væru ekki nægilega reifaðir. Gagnstefnandi í héraði áfrýjaði, og stefnandi í héraði gagnáfrýjaði. Hæstiréttur ómerkti héraðsdóminn og vísaði málinu heim til meðferðar samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, og var gagnáfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti 44
Í kaupkröfumáli var höfð uppi gagnkrafa til skuldajafnaðar vegna rofs á vinnusamningi. Héraðsdómari vísaði gagnkröfunni frá dómi vegna vantandi skýrslna. Hæstiréttur ómerkti dóminn og vísaði málinu heim í hérað til meðferðar samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936. Málshöfðandi í héraði, sem stefnt

var fyrir hæstarétt, var dæmdur til greiðslu málskostnaðar 82
Héraðsdómari vísaði máli annars tveggja samskuldara frá dómi, þar sem hann taldi stefnu ekki hafa verið birta á hendur honum. Frávísun þessi var kærð til hæstaréttar, sem ómerkti hana og dæmdi stefnda til greiðslu málskostnaðar 87
Í skuldamáli, sem var ómerkt og vísað heim til meðferðar samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, hafði stefndi með viljandi röngum málflutningsyfirlýsingum, að því er virtist, borið úr býtum sýknudóm í héraði. Með hliðsjón af þessu og úrslitum málsins var stefndi dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir hæstarétti 254
Héraðsdómur var ómerktur og máli vísað frá héraðsdómi, vegna þess að krafa stefnanda var ódómhæf svo og vegna vöntunar á sáttaumleitun. Málskostnaður fyrir hæstarétti látinn falla niður 271
Dómur og málsmeðferð í máli á hendur skólanefnd til skaðabóta vegna riftunar á leigumála á skólahúsnæði var ómerkt ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi vegna umboðsskorts stefnda. Stefnandi, sem áfrýjað hafði málinu, var dæmdur til greiðslu málskostnaðar 332
Héraðsdómur ómerktur vegna vöntunar sakarlýsingar, en málskostnaður látinn falla niður 448
Héraðsdómur og málsmeðferð ómerkt frá þingfestingu vegna leiðbeiningarskorts dómara og málskostnaður látinn falla niður 478
Dæmt sjóveð fyrir fébótum út af árekstri skipa og kostnaði við málssókn til heimtu þeirra 32

b) Í opinberum málum.

1, Aðili dæmdur sekur.
a. Einn aðili sakfelldur og dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar 1, 5, 11, 16, 25, 70, 164,

197, 204, 229, 231, 268, 354, 358, 405, 434, 465, 468, 472
b. Tveir dæmdir sekir og dæmdir in solidum til að greiða sakarkostnað 59
2. Aðili sýknaður og sakarkostnaður allur lagður á ríkissjóð 250, 512
3. Málsmeðferð og dómur ómerkt og ríkissjóði gert að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar 56

Manndráp.

Maður, sem var á gangi á þjóðveginum við Tungu rétt innan við Rvík kl. um 6,30 að morgni síðla nóvembermánaðar, varð fyrir bifreið A, sem kom akandi á eftir honum. Leitt var í ljós, að hemlar allra hjóla bifreiðarinnar nema vinstra afturhjóls voru allt að því óvirkir, og A gekkst við því, að ljós bifreiðarinnar hefðu verið svo dauf, að þau lýstu næstum ekkert fram fyrir bifreiðina, enda kvaðst A ekki hafa séð manninn, fyrr en bifreiðin var að rekast aftan á hann. Hemlafar á slysstaðnum benti að dómi lögreglumanna til þess, að A hefði ekið hraðara en hann kannaðist við eða að hann hefði ekki hemlað vinstra afturhjól svo sem kostur var. A var dæmdur til refsingar eftir 200. gr. hgl. 1869, 1. og 3. tl. 3. gr., 7. mgr. 6. gr. og 15. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 70/1931 og 46. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur 231

A stöðvaði bíl sinn fyrir utan hús, þar sem drukkinn maður átti að fara út úr bílnum, en er hann fékkst ekki til þess, ók A bílnum úr stað, og varð þá barn, tæpra tveggja ára gamalt, fyrir bílnum og beið bana. A kvaðst hafa litið fram á veginn og til hliðar, áður en hann ók úr stað, og ekki séð önnur börn en fjögra ára stúlku hægra megin við bílinn. Önnur sjónarvitni en telpan voru ekki þarna, en ekki var tekin skýrsla af henni. Talið var, að það hefði verið varlegra af A að fara út úr bílnum í aðgæzluskyni, áður en hann ók af stað aftur, en samt þótti varhugavert að

fullyrða, að hann hefði sýnt þesskonar aðgæzluskort, að honum yrði refsað eftir 200. gr. hgl. 1869 250
A ók bifreið sinni á fjölfarinni götu fram hjá stórri fólksflutningsbifreið, sem ekið var úr stað í sömu andránni þvert inn á götuna til hægri. A, sem kominn var út á hægri vegbrún, sá nú mann með hjólbörur 5—6 metra framundan, og missti A þá í ofboði stjórn á bifreið sinni. Hraktist maðurinn á undan henni um 10 metra og klemmdist síðan milli hennar og húsveggjar. Hlaut hann af því áverka, er leiddu hann til bana. Ef bílar hafa byrgt A útsýn, þá átti hann að gera ráð fyrir vegfarendum í hvarfi þarna og haga akstri sínum eftir því. Hvernig sem á atvik slyssins varð litið, taldist hann því hafa valdið því af gáleysi, og var honum refsað samkvæmt 215. sbr. 2. gr. laga nr. 19/1940 og 6. sbr. 14. gr. laga nr. 70/1931, sbr. einnig 77. gr. laga nr. 19/1940 354

Mannorð. Sjá borgaraleg réttindi, ærumeiðingar.

Mat og skoðun. Sbr. blóðrannsókn, líkur, sönnun, vitni.
Læknir lýsir áverka, sem maður hlaut í ryskingum 5
Héraðslæknir lýsir áverkum, er menn urðu fyrir í bifreiðarslysi 25
Læknisskoðun á áverka, er maður hlaut, er hann var handtekinn af tveimur lögreglumönnum 59
Samkvæmt 19. gr. laga nr. 12/1937 mátu dómkvaddir menn fébætur handa A fyrir sauðfé, sem hann hafði verið látinn farga vegna mæðiveikihættu. Hann taldi yfirmatsmenn ekki hafa ákveðið sér fullar bætur og höfðaði mál gegn ríkissjóði til heimtu skakkans. Hæstiréttur taldi það vera utan valdsviðs dómstóla að ákveða hæð bótanna, þar sem ákvörðun þeirra samkvæmt greindum lögum ber undir dómkvadda menn, ef ekki semst. Var ákvæði héraðsdómsins um bótahæðina því

ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi að því leyti. Hins vegar þótti mega koma að í hæstarétti véfengingu á eftirgreindum atriðum matsins, með því að aðalkrafa A var reist á aðfinnslum við þau. Yfirmatsmennirnir virtust hafa ætlast á um, en ekki kynnt sér aldur hins fargaða sauðfjár A og látið undir höfuð leggjast að rannsaka gangverð á sauðfé til lífs á þeim slóðum, þar sem A keypti sauðfé í skarðið, til samanburðar hins fargaða sauðfjár og hins aðkeypta. Þetta töldust svo miklir annmarkar, að A var ekki bundinn við þessi atriði yfirmatsins 91

A talinn eiga að fá greiddan kostnað við yfirmat á bótum fyrir sauðfé, sem fargað hafði verið samkvæmt 19. gr. laga nr. 12/1937 vegna mæðiveikihættu, með því að hann hefði haft fulla ástæðu til að krefjast yfirmatsins 91

A hafði land á erfðaleigu frá Blönduósshreppi. Sagt, að hann ætti 1937 að greiða vegagjald fyrir árið 1936 samkvæmt samþykkt nr. 79/1920, miðað við fasteignamat jarðabóta hans á landinu án húsa, en téður hreppur hafði greitt vegagjaldið 1936, miðað við fasteignamat landsins óræktaðs, en þar sem fasteignamatið var ekki nægilega skýrt eða sundurliðað um þessi atriði, varð gjaldið á hendur A ekki ákveðið með vissu, og var þess vegna synjað um framkvæmd lögtaks 98

Læknar lýsa orsökum útbrotakláða (eczem), sem maður, er vann að afgreiðslu á benzínstöð, hlaut 122

Læknir lýsir yfir því, að vínandi í blóði fullorðins manns geti aldrei farið yfir 0,6‰, þótt innihaldi einnar flösku af íslenzkum pilsner sé neytt nokkru fyrir blóðtöku 197

Ef A stæði ekki í skilum við B um greiðslu skuldar, skyldi B heimilt að taka úr vörzlum A og selja eftir mati óvilhallra manna til greiðslu upp í skuldina ýmsa fémuni, er A hafði áður „selt“ B til jöfnunar viðskiptum þeirra, en B síðan „leigt“ A með heimild til endurkaupa. Síðar tók B munina og seldi þá eftir virðingu tveggja manna, er hann og kaupandi þeirra nefndu, en A var

ekki kvaddur til þeirrar virðingar. A var ekki talinn bundinn við þetta mat, og voru munirnir því taldir honum til tekna upp í skuld hans við B um þá fjárhæð, er A hafði metið þá við upphaflega samninga aðilja um þá 215
Háskólakennari í réttarlæknisfræði framkvæmir skoðun á líki manns, sem látizt hafði af bifreiðarslysi 231, 354
Lögregla rannsakar og gefur skýrslu um hemlaför á vegi, þar sem ökuslys hafði orðið. Ennfremur framkvæmir hún rannsókn á bifreið þeirri, er slysið hlauzt af 231
Læknar gefa skýrslu um meiðsli, er hlutust af bílslysi, og um lækningu þeirra 264
Það var athugað við dóm í einkamáli, að dómarinn hafði kveðið hann upp með skírskotun til matsgerðar, er þá hafði ekki farið fram, gagnstætt fyrirmælum 2. mgr. 137. gr. laga nr. 85/1936 .. 279
Maður, sem hafði samkvæmt dómkvaðningu framkvæmt yfirmat á gæðum smíðisgripa og staðfesta átti matið fyrir dómi, var um það spurður, hvað ógert hefði verið af smíðinni, er hann skoðaði smíðisgripina, nokkru áður en hann var dómkvaddur. Honum var talið skylt að svara spurningu þessari, þótt honum hefði ekki verið stefnt til vitnisburðar í málinu, þar sem 2. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936 vísar um staðfestingu matsgerða til 130.—134. gr. laganna, að því er við á, 2. mgr. 133. gr. heimilar vitnastefnda að láta spyrja vitni um allt það, er hann hyggur máli skipta, þótt hann hafi ekki stefnt því til vitnisburðar, og regla þessi á fullkomlega við um staðfesting matsgerða 284
Læknar láta uppi álit um starfræna (funktionel) truflun, neurosis traumatica, er maður hlaut út af slysi, er hann varð fyrir í slysatryggðri vinnu 313
Læknar lýsa lemstri, er hlauzt af bílslysi 370
Læknir rannsakar andlega heilsu og sálarþroska konu, sem átti í barnsfaðernismáli 421

Í máli til ákvörðunar lóðarleigu samkvæmt matsgerð leiddi dómari ekki athygli afnotahafa lóðarinnar að því, að hann gæti mótmælt matsgerðinni á þeim grundvelli, að honum hefði ekki verið veitt færi á að vera viðstaddur matið og koma þar að athugasemdum sínum. M. a. af þessari ástæðu var héraðsdómur og málsmeðferð ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar 478

Tilgreint land bæjarsjóðs Reykjavíkur var selt á erfðaleigu 1901. Bæjarsjóði var áskilinn forkaupsréttur, og erfðaleiguhafa var skylt að láta af hendi landið til afnota bæjarins gegn endurgjaldi. Árið 1937 samþykkti bæjarráð að taka landið undir götur og byggingar. Yfirmatsmenn tilgreindu fyrst hæfilegt söluverð landsins undir byggingar, miðað við sölur smátt og smátt, en drógu síðan 20% frá þeirri fjárhæð, þar sem eigendur fengu allt andvirðið þegar. Dómstólar taldir eiga dóm um heimild matsmanna til þessa. Sagt, að matsmönnum væri heimilt að miða matsverðið við greiðsluháttu, en að ekki yrði skorið úr því, hvort matsmenn hefðu farið óhæfilega langt í þessu efni, þar sem ómerkingar á matinu hefði ekki verið krafizt. Matsmenn drógu enn fremur 20% frá matsverðinu til greiðslu í bæjarsjóð samkvæmt ályktun bæjarstjórnar 17. nóv. 1901, þar sem þessi greiðsla var gerð að skilyrði þess að breyta erfðaleigulöndum í byggingarlóðir. Frá þeirri fjárhæð, sem þá var eftir, drógu þeir gjald til gatnagerðar, 2 krónur fyrir hvern fermetra, samkvæmt ályktun bæjarstjórnar 18. des. 1919. Dómstólar sagðir eiga dóm um, í hvaða röð þessir frádráttarliðir væru taldir, og matsmönnum talið einungis hafa verið heimilt að draga 20% gjaldið í bæjarsjóð frá þeirri fjárhæð, sem aðiljar raunverulega fengu fyrir landið, eftir að gjaldið til gatnagerðar hafði verið dregið frá matsverði þess 500

Meðalganga.

Ekkja manns, sem varð fyrir bifreið og beið bana, sækir bifreiðarstjórann til bóta handa sér og dóttur sinni og hins látna. Frá fjárhæð þeirri, sem mæðgunum var dæmd, kom ekki til álita að draga að nokkru eða öllu tilgreinda fjárhæð, sem ekkjan hafði fengið frá Tryggingarstofnun ríkisins, þar sem téð stofnun gekk ekki inn í málið 76

Tveir veðhafar í bifreið, sveitarstjórn, sem látið hafði skrifa bifreiðina upp samkvæmt 48. gr. framfærslulaga nr. 135/1935 og kyrrsetjandi hennar deila fyrir uppboðsrétti um uppboðsandvirði hennar. Uppboðsréttur taldi veðhafana eiga forgangsrétt að andvirðinu, þar sem veðréttur þeirra var löglega stofnaður og þinglesinn, áður en uppskriftin var gerð, en sveitarstjórn eiga afgang andvirðisins. Sveitarstjórn áfrýjar og stefnir veðhöfunum 104

Meðlag. Sjá framfærsla, framfærslulög.

Meinyrði. Sjá einnig ærumeiðingar.

Meinyrði málflutningsmanns í málsskjali um tilgreindan mann dæmd dauð og ómerk, en ekki talin næg ástæða til að sekta málflutningsmanninn 257

Merkjadómur.

Merkjadómur Reykjavíkur fer með og dæmir mál út af ágreiningi um eignarrétt og umferðarrétt að gangræmu um lóðir í Reykjavík 189

Mæðiveiki.

A var látinn samkvæmt 19. gr. laga nr. 12/1937 farga sauðfé sínu vegna mæðiveikihættu, og mátu dómkvaddir menn bætur handa honum fyrir það. Hann taldi bæturnar ekki fullnægjandi og höfðaði mál á hendur ríkissjóði til heimtu skakkans. Hæstiréttur taldi dómstóla ekki eiga dóm um hæð bótanna, þar sem ákvörðun þeirra eftir

nefndum lögum ber undir dómkvadda menn, ef ekki semst, og ómerkti þess vegna ákvæði héraðsdómsins um bótahæðina og vísaði málinu frá héraðsdómi að því leyti. Í málinu varð hins vegar komið að í hæstarétti vefengingu á eftirgreindum atriðum matsins, með því að aðalkrafan var reist á aðfinnslum við þau. Yfirmatsmennirnir ætluðust á um, en kynntu sér ekki aldur hins fargaða sauðfjár A og vanræktu að rannsaka gangverð á sauðfé til lífs á þeim slóðum, þar sem A keypti sauðfé í staðinn, til samanburðar á hinu fargaða sauðfé og hinu aðkeypta. A var því ekki bundinn við þessi atriði yfirmatsins 91

Neyðarvörn.

A sat að sumbli hjá kunningja sínum að kveldi dags í leiguíbúð hans. Upp úr miðnætti gekk A út úr húsinu erinda sinna, en er hann ætlaði inn aftur, varnaði B, sonur húseiganda, honum þess. Fór í harðleikni með þeim, og B veitti A áverka. Refsing sú, er B þótti hafa unnið til, var ákveðin með hliðsjón af því, að honum var rétt að varna A, sem var með áhrifum víns, för inn í húsið, enda var vist A þar húseiganda til óhæginda .. 5

Ofbeldi. Sjá líkamsáverkar.

Ómaksbætur.

Stefnda dæmdar ómaksbætur, af því að áfrýjandi mætti ekki eða hóf mál 70, 163, 238, 351, 428 430, 431, 432, 433

Ómerking.

a) Einkamál.

Í skuldamáli, sem sótt var bæði sem aðalsök og gagnsök, vísaði héraðsdómari tveimur kröfuliðum gagnsakar frá dómi, með því að hann taldi skorta þá greinargerð um þá, að dómur yrði á þá lagður. Hæstiréttur taldi, að héraðsdómarinn hefði átt að kveðja aðilja fyrir sig samkv.

120. gr. laga nr. 85 frá 1936 og veita þeim kost á að bæta úr því, er hann taldi vera áfátt málflutningnum. Var héraðsdómurinn þess vegna ómerktur og lagt fyrir héraðsdómarann að fara að, sem nú var sagt, og leggja síðan efnisdóm á alla kröfuliði málsins 44

Í kaupkröfumáli A á hendur B hafði B uppi til skuldajafnaðar skaðabótakröfu vegna rofs A á vinnusamningi þeirra. Héraðsdómarinn vísaði gagnkröfunni frá dómi vegna vantandi skýrslna af hendi B. Hæstiréttur ómerkti dóminn og lagði fyrir héraðsdómarann að kveðja aðilja fyrir sig samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, veita B kost á því að skýra málið og leggja síðan efnisdóm á aðalkröfuna og skuldajafnaðarkröfuna 82

Héraðsdómari vísaði máli annars tveggja samskuldara (A) frá dómi, þar sem hann taldi stefnuna ekki hafa verið birta honum. Með því að stefnan hafði verið birt á veðsettri eign hinum samskuldaranum samkvæmt heimild í veðskuldabréfi, þá var frávísunarákvæði dómsins ómerkt og lagt fyrir héraðsdómarann að kveða upp efnisdóm um mál A 87

Það ekki talið vera á valdsviði dómstóla að meta hæð fébóta fyrir sauðfé, sem fargað var samkvæmt 19. gr. laga nr. 12/1937 vegna mæðiveikihættu, með því að dómkvaddir menn eiga ákvörðun um bætur þessar, ef ekki semst. Hæstiréttur ómerkti þess vegna ákvæði héraðsdóms um tilteknar bætur fyrir þess konar sauðfé og vísaði málinu að því leyti frá héraðsdómi 91

Ákvæði merkjadóms Reykjavíkur um brotttöku girðingar milli tveggja lóða að viðlögðum dagsektum fellt úr gildi, þar sem girðingin þótti hafa verið sett upp með fullum rétti 189

Skuldamál talið vera svo lélega skýrt af hendi beggja aðilja í héraði, að héraðsdómarinn hefði átt að taka það til meðferðar af nýju samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómurinn var því ómerktur, og var lagt fyrir undir-

dómarann að veita aðiljum kost á því að koma að þeim gögnum og skýringum, er þeir kynnu að óska og efni yrðu til 254
Sú krafa A var ekki talin dómhæf, að reikningur B á hendur honum fyrir geymslu tilgreindrar vöru yrði ómerktur, en til vara, að honum (A) yrði gert að greiða þóknun fyrir geymsluna eftir mati dómsins. Þá höfðu kröfur þessar ekki verið lagðar til sátta, svo sem mælt er í 5. gr. laga nr. 85/1936. Loks hafði dómarinn ekki leitað sátta um þá kröfu B, er hann gerði í flutningi málsins, að honum yrði dæmd öll sú krafa, er reikningur hans greindi. Varð af þessum ástæðum að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi 271
Dómur og málsmeðferð í máli á hendur skólanefnd til skaðabóta vegna riftunar á leigumála á skólahúsnæði var ómerkt ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi, með því að skólanefnd hefur eigi að lögum undir höndum fé, er henni væri heimilt að verja til slíkra bóta, og skorti í málinu heimild til að svara fyrir þá aðilja, er leggja barnaskólum á landi hér fé, sbr. 15. og 17. gr. laga nr. 94/1936 sbr. við 13. og 14. gr. sömu laga og 28. gr. laga nr. 40/1926, og var málinu þannig beint gegn umboðslausum aðilja 332
A kvaddi stjórnanda bifreiðar (B) fyrir sáttanefnd til þess að fá hann til þess að játast fyrir hönd eiganda bifreiðarinnar og vátryggjanda undir greiðslu skaðabóta fyrir meiðsl, er A hlaut, þegar hann var að ýta bifreiðinni af stað. Sáttagerðin var ólögmæt, þar sem B hafði ekkert umboð til sáttargerðar fyrir greinda aðilja. Síðar tók eigandi bifreiðarinnar við vörn málsins, og jók A nú kröfur sínar á hendur honum með framhaldsstefnu, en ekki var leitað sátta um kröfuaukann. Öll málsmeðferðin og dómur var ómerkt, og málinu vísað frá héraðsdómi 437
Í landamerkjamáli, þar sem deilt var um skilning á landamerkjadómi frá 1890, ómerkti hæstiréttur

héraðsdóminn, vísaði málinu heim í hérað til meðferðar af nýju og gaf landamerkjadómi fyrirmæli um ákvörðun merkjanna. Er málið kom aftur í hérað, staðhæfði annar aðilja, að endi merkjagarðs, sem merkjalínan lá í, hefði brotnað frá 1890, og ætti því nú að miða við hinn forna merkjagarðsenda. Ákvað landamerkjadómur merki samkvæmt þessari kröfu. Þessu hafði ekki verið hreyft við fyrri meðferð málsins fyrir dómstólunum, og hafði hæstiréttur í fyrri dómi sínum miðað við enda merkjagarðsins, eins og hann er nú. Hinn síðari landamerkjadómur var því ómerktur og málinu vísað heim til nýrrar meðferðar 444

Í máli til skaðabóta vegna bifreiðarslyss lét héraðsdómarinn sér nægja að vísa um atburð sakarinnar til refsidóms, er hann hafði kveðið upp yfir aðilja málsins. Þessi málsmeðferð fór í bága við ákvæði 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, og var því héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju 448

Verzlunarlóð var leigð 1896 fyrir tiltekið árgjald. Lóðareigandi krafðist þess 1939, að honum yrði framvegis greidd sú leiga, er matsmenn höfðu metið hæfilega. Hann var talinn eiga heimild þess að krefjast með hæfilegum fyrirvara mats á leigunni, og eftir gildistöku laga nr. 75/1917 þótti 2. mgr. 2. gr. þeirra laga eiga við um lögskipti aðilja. Hins vegar takmarkaði lóðareigandi ekki kröfur sínar við 10 ára bil, eins og í lögum þessum segir, og láðist héraðsdómara að leiðbeina honum, sem var ólöglærður, um þetta. Dómari tjáði heldur ekki gagnaðilja, sem var einnig ólöglærður, að hann gæti mótmælt matsgerðinni á þeim grundvelli, að afnotahafa lóðarinnar var ekki veitt færi á að vera viðstaddur matið og koma þar að athugasemdum sínum. Af þessum ástæðum var málsmeðferð í héraði frá þingfestingu svo og hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar 478

b) Opinber mál.

A, sem var kominn á hinn efra aldur, hafði kynferðismök við tvær telpur, aðra fullra 12 ára, en hina 11 ára og 5—6 mánaða. Héraðsdómarinn krafði A engra sagna um vitneskju sína eða hald um aldur telpnanna, og ekkert var leitt í ljós um líkamsþroska þeirra. Foreldrum var ekki veitt færi á því að krefjast opinberrar málsóknar, sbr. 175. gr. hgl. 1869, þar sem önnur telpan var 12 ára að aldri og ákærði gat hafa álitið hina telpuna eldri en hún var. Héraðsdómurinn var því ómerktur og málinu vísað heim til rækilegrar rannsóknar og dómsálagningar 56

Ómöguleiki.

A, sem samþykkt hafði víxil í virkum sterlingspundum til greiðslu skuldar sinnar við erlent firma, var ómögulegt vegna gildandi gjaldeyrislaga að lúka skuldina í þeirri mynt. Þar sem verzlunarumboðsmaður, er milligöngu hafði hér á landi um viðskipi A og firmans, mátti vita, að A hafði ekki á valdi sínu að inna greiðsluna af hendi eftir aðalefni sínu, átti hann ekki að neita tilboði A um greiðslu í íslenzkri mynt. Var A því eftir aðalkröfu sinni og varakröfu lánardrottins í hæstarétti dæmdur til að greiða fjárhæðina í íslenzkri mynt eftir því gengi, sem sterlingspund hafði hér á landi á gjalddaga víxilsins .. 287

Opinber mál. Sbr. aðiljaskýrslur, ákæruvald, eftirgrennslan brota, líkur, lögreglumenn, mat og skoðun, refsingar, sönnun, vitni.

Héraðsdómari víttur fyrir drátt á því að hefja rannsókn opinbers máls og fyrir vanrækslu á því að yfirheyra ýmis vitni um sakargiftirnar. Sami dómari var enn fremur sektaður samkvæmt 35. gr. tilsk. 3. júní 1796 fyrir að vanrækja að senda dómsgerðir málsins til dómsmálaráðuneytisins 16

Fundið að því, að fæðingarvottorðs ákærðs manns hafði ekki verið aflað 56

Lögreglumönnum ámælt fyrir það, að þeir höfðu ekki látið eftirlitsmenn bifreiða skoða þegar í stað bifreið, sem ekið hafði verið út af vegi 197
Lögreglumenn vanrækja að taka skýrslu af fjögra ára telpu, sem var sjónarvottur að því, að ekið var á tveggja ára barn, en annarra sjónarvitna var ekki völ 250
Fundið að því í refsimáli á hendur bifreiðarstjóra, að ekki hafði verið komið fram ábyrgð gegn manni, er léði bifreiðarstjóranum bifreiðina, þótt hann væri með áhrifum víns 268
Með héraðsdómi var gerður upptækur ágóði A af verðlagningu á vörur, er fór í bága við 3. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1937, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 118/1940. Í hæstarétti var A sýknaður af þessu kæruatriði, þar sem ekki varð séð, hvernig hin upp tekna fjárhæð var reiknuð né við hvaða sölur hún var miðuð né heldur, að hún hefði verið borin undir A og honum veitt færi á því að gæta réttar síns í því sambandi 405
Drengir brutu glugga í verzlunarbúð og stálu þaðan varningi. Tveimur dögum seinna framdi A þar þjófnað ásamt þeim. Í refsimáli á hendur A varð hann ekki dæmdur til greiðslu iðgjalda, þar sem ekki var í ljós leitt, hverju drengirnir stálu einir og hverju A stal með þeim, né heldur, hverju hafði verið skilað af hvoru þýfinu fyrir sig. Auk þess hafði hvorki eigandi þýfisins verið látinn staðfesta fyrir dómi skýrslu sína um þýfið né skýrslan verið nægilega undir ákærða borin 468
Það athugað, að dómari hafði beint rannsókn opinbers máls að ýmsum atriðum, sem sýnilega gátu ekki skipt máli, og að dómarinn hafði farið í óþarfa ferðalag vegna málsins 512

Opinber skjöl. Sjá embættisvottorð.

Orsakasamband.

Starfræn (funktionel) truflun, neurosis traumatica, er maður hlaut út af slysi, er hann varð fyrir í

slysatryggðri vinnu, þótti vera svo náin afleiðing slyssins, að eigi væri heimild til þess í lagaákvæðum um slysatryggingar að varna honum örorkubóta vegna meinsins 313

Ósæmileg ummæli. Sjá meinyrði.

Peningar. Sjá gengi.

Refsingar.

1. Um refsingar og einstök refsiverð verk.

Refsing manns, sem dæmdur var að nokkru eftir 1. mgr. 203. gr. laga nr. 19/1940 og að nokkru eftir 2. mgr. 203. gr. sbr. 20. gr. sömu laga, ákveðin með hliðsjón af 2. gr. greindra laga, þar sem brotin voru framin, meðan hegningarlögin frá 1869 voru í gildi 358

Refsing manns, sem dæmdur var samkvæmt 215. gr. laga nr. 19/1940, var ákveðin með hliðsjón af 2. gr. sömu laga, með því að brotið var drýgt meðan hegningarlögin frá 1869 voru í gildi .. 354

Refsing manns, sem dæmdur var eftir 215. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 19/1940 og 6. sbr. 14. gr. laga nr. 70/1931, var ákveðin með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 354

Við ákvörðun refsingar A, sem dæmdur var eftir 3. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1937 um verðlag á vörum, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga um verðlag nr. 118/1940, var höfð hliðsjón af því, að verðlagsnefnd hafði ekki áminnt hann eða lagt fyrir hann að breyta um verðlagningu, áður en hún kærði hann fyrir lögreglustjóra, þótt eftirlitsmaður hennar hefði oft athugað verðlagningu hans. Þá var og ákvæði héraðsdóms um upptöku ágóða A af hinni ólöglegu verðlagningu úr gildi fellt, þar sem ekki varð séð, hvernig hann var reiknaður né við hvaða sölur miðaður, enda hafði A ekki verið veitt færi á því að gæta réttar síns í því sambandi 405

Ákvæði um afplánun dagsekta varð ekki sett í dóm í máli tveggja félaga, með því að dagsektanna var ekki krafizt af neinum ákveðnum manni 413

Sökunaut, sem refsað var í annað sinn samkvæmt 15. gr. sbr. 33. gr. laga nr. 33/1935 fyrir sölu áfengis, var ekki dæmd varðhaldsrefsing, þar sem skýra þótti bera nefnda 33. gr. með hliðsjón af 15. gr. laga nr. 91/1917, sem hafði að þessu leyti samskonar ákvæði að geyma, á þá leið, að varðhaldsrefsingu beri ekki að beita fyrr en við þriðja brot, ef sala hefur ekki farið fram í atvinnuskyni 434

Stórþjófnaður, sem drýgður var, áður en lög nr. 19/1940 tóku gildi, talinn varða við 7. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 4. lið 231. gr. hegningarlaga 25. júní 1869, en sakborning refsað samkvæmt 2. mgr. 244. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. þeirra laga 468

Refsing manns, sem dæmdur var samkvæmt 1. og 2. mgr. 203. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 var ákveðin með hliðsjón af 2. gr. nefndra laga, þar sem brotin voru framin, meðan hegningarlögin frá 1869 voru í gildi 472

2. Einstakar refsitegundir.

a. Sektir dæmdar 1, 5, 11, 16, 25, 59, 70, 164, 197, 204, 229, 268, 405, 434, 465

b. Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi 1, 11, 70, 204, 231

c. Fangelsi samkvæmt hegningarlögum nr. 19/1940 358, 468, 472

d. Varðhald samkvæmt hegningarlögum nr. 19/1940 354

Refsinæmi.

Í yfirlýsingu, sem A ásamt fleiri mönnum undirritaði og sendi opinberum starfsmanni, var svo mælt, að vegna hinnar alkunnu óvildar B til C teldu yfirlýsendur B „alls ekki vitnisbæra um þau mál, sem snerta nefndan mann". Í ummælum þessum þótti ekki felast nein slík aðdróttun eða móðgun, er A ætti að sæta refsingu fyrir, en hins vegar voru ummælin ómerkt, því að A brast rök fyrir svo víðtækri ályktun 40

Reklamation. Sjá aðgerðaleysisverkanir.

Réttarfar. Sjá einnig aðild, aðiljaskýrslur, áfrýjun, ákæruvald, dómar, dómarar, eiður, frávísun, frestir, heimvísun, líkur, málasamsteypa, málflutningur, málshöfðun, málskostnaður, mat og skoðun, ómerking, opinber mál, sáttir, sjódómsmál, sjó- og verzlunardómur, sönnun, útivist aðilja, varnarþing, vettvangsmál, vitni.

Sú krafa A var ekki talin dómhæf, að reikningur B á hendur honum fyrir tilgreinda þjónustu yrði ómerktur, en til vara, að honum (A) yrði gert að greiða B þóknun eftir mati dómsins. Var dómur í héraði og málsmeðferð því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi 271

Það átalið, að héraðsdómari hafði kveðið upp dóm í einkamáli með skírskotun til matsgerðar, sem þá hafði ekki farið fram, gagnstætt fyrirmælum 2. mgr. 137. gr. laga nr. 85/1936 279

Eiganda jarðar dæmt skylt að afsala hana manni, sem átti forkaupsrétt að henni samkvæmt lögum nr. 55/1926 innan viku frá birtingu hæstaréttardómsins 279

Þar sem 2. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936 vísar um staðfestingu matsgerða til 130.—134. gr. sömu laga, eftir því sem við á, 2. mgr. 133. gr. heimilar vitnastefnda að láta spyrja vitni um allt það, er hann hyggur máli skipta, þótt hann hafi ekki stefnt því til vitnisburðar, og regla þessi á fullkomlega við um staðfestingu matsgerða, þá var dómkvöddum matsmanni við staðfestingu mats talið skylt að svara spurningu um ástand hinna metnu hluta, er hann skoðaði þá nokkru fyrir dómkvaðninguna, enda þótt matsmanninum hefði ekki verið stefnt til vitnisburðar 284

A samþykkti víxil í virkum sterlingspundum til greiðslu skuldar sinnar við erlent firma. Umboðsmaður firmans hér á landi mátti vita, að A hafði ekki á valdi sínu samkvæmt íslenzkum galdeyrislögum að efna þá greiðslu eftir aðalefni sínu. Hann átti þess vegna ekki að hafna

greiðslu í íslenzkri mynt á gjalddaga. Var A því dæmdur til þeirrar greiðslu, sem hann hafði boðið, eftir kröfu sinni og varakröfu lánardrottins í hæstarétti 287

Í máli A á hendur B og C til gildis rétti til umferðar um lóð var því haldið fram af hendi B og C í hæstarétti, að réttur A væri fallinn niður vegna vanskila á gjaldi fyrir afnotin. Þessari varnarástæðu, sem ekki var hreyft í héraði, varð ekki gegn mótmælum A gaumur gefinn 320

Dómur og málsmeðferð í máli á hendur skólanefnd til skaðabóta vegna riftunar á leigumála á skólahúsnæði var ómerkt ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi, þar sem skólanefnd er ekki að lögum ætlað fé til slíkra bóta og hún hafði ekki í málinu umboð til að svara fyrir þá, er leggja barnaskólum fé, sbr. 15. og 17. gr. laga nr. 94/1936 sbr. við 13. og 14. gr. sömu laga og 28. gr. laga nr. 40/1926 332

Sakaraðili sýknaður að svo stöddu af kröfulið, þar sem enn var óvíst um ýmis atriði, sem réttmæti hans valt á 386

Manni var stefnt til innlausnar ábyrgðar í því lögsagnarumdæmi, þar sem skuldbindinguna skyldi efna, og var stefndi þar staddur, er sáttakæra og stefna voru birtar. Málshöfðun var talin þar heimil samkvæmt 80. gr. laga nr. 85/1936, þótt stefndi ætti þar ekki heimavarnarþing, og breytti það engu í því efni, þótt stefnandi, sem var ólöglærður, reisti heimild sína til málshöfðunar á því, að stefndi ætti heimili þar í þinghá, sbr. 113. og 114. gr. laga nr. 85/1936 486

Réttarfarssektir. Sjá dómarar, meinyrði.

Rithöfundaréttur.

Maður ekki talinn eiga neinn rithöfundarétt að tilgreindum veggalmanökum 386

Ritlaun.

Ákvörðun héraðsdómara um ritlaun handa sér fyrir eftirrit af skjölum dómsmáls skotið til hæsta-

réttar samkvæmt 186. og 199. gr. laga nr. 85/1936. Hæstiréttur ákvað ritlaunin samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938 með hliðsjón af því, hversu leturmergð á hverri blaðsíðu eftirritsins var minni en ætlast er til í 3. gr. laga nr. 2/1894 87

Héraðsdómari talinn hafa haft samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1936 heimild til að taka í kærumáli ritlaun fyrir hvert þriggja eintaka, er öll voru handrituð, af eftirriti varðandi málið, sbr. 199. gr. laga nr. 85/1936 275

Sakamál. Sjá ákæruvald, aldur, dómar, dómarar, eftirgrennslan brota, líkur, málskostnaður, opinber mál, refsingar, refsinæmi, saknæmi, sönnun, vitni.

Saknæmi.

Tveir lögreglumenn tóku mann, sem var með áhrifum víns, fastan með harðræðum og fluttu hann í fangahús og settu hann þar í kistu eða stokk handa æstum mönnum og ölvuðum án þess áður að grennslast eftir nafni hans og heimilisfangi og án þess að veita honum kost á að fara heim til sín. Lögreglumennirnir taldir hafa átt að reyna liðlegri og vægari aðferðir við manninn, áður en þeir beittu greindum harðræðum, sem háttsemi hans réttlætti ekki. Var lögreglumönnunum refsað fyrir atferli sitt eftir 126. gr. og 129. gr. hgl. 1869. Er í fangahúsið var komið, var maðurinn orðinn máttvana og rænulítill, og flökurleiki sótti að honum. Hann var samt látinn einn í fangaklefa aðhlynningarlaus um 9 klukkustundir. Þar sem lögreglumönnunum mátti vera ljóst, að rænuleysi hans gat ekki stafað einvörðungu af áfengisnautn hans, þá var þetta atferli þeirra metið þeim til stórkostlegs hirðuleysis og þeim refsað samkvæmt 144. gr. hgl. 1869 fyrir það 59

Bifreið og dráttarvagn, sem við hana var festur og á var nótabátur, námu staðar á vinstri vegbrún. A ók aftur með þeim í vörubíl. Í sömu

svifum gekk B, sem verið hafði vinstra megin við bátinn, aftur fyrir hann og inn á veginn, varð fyrir bíl A og hlaut dauðalemstur. Vangæzla B þótti vera aðalorsök dauða hans, en allt að einu mátti ætla, að A, sem séð hafði B bograst vinstra megin við bátinn, hefði getað stýrt undan slysinu, ef hann hefði ekið hægara, farið svo nærri vegbrún sem unnt var og gefið glöggt hljóðmerki 76

A ók bifreið með lítt nýtum framljósum og biluðum hemlum á þremur hjólum á fótgangandi mann, sem fór í sömu átt eftir veginum og bifreiðin. Maðurinn beið bana. A þótti eiga aðalsökina á slysinu og var dæmdur m. a. eftir 200. gr. hgl. 1869. 231

Þegar bílstjóri, sem numið hafði staðar fyrir utan hús án þess að fara út úr bílnum, ók úr stað, varð barn, tæpra tveggja ára, fyrir bílnum og lét þar líf sitt. Bílstjórinn kvaðst hafa litið fram á veginn og til hliðar, áður en hann ók aftur af stað, en ekki séð aðra en fjögra ára telpu. Hún var ekki yfirheyrð. Talið, að það hefði verið varlegra af honum að fara út úr bílnum í aðgæzluskyni, áður en hann ók af stað aftur, en samt þótti varhugavert að fullyrða, að hann hefði sýnt þesskonar aðgæzluskort, að honum yrði refsað eftir 200. gr. hgl. 1869 250

Kona varð fyrir bíl, þegar hún var að fara yfir breiða götu og hlaut af meiðsli. Með því að bílstjórinn dró ekki úr hraðanum, þegar hann varð konunnar var, taldist hann eiga sök á slysinu, en við mat skaðabóta á hendur honum var á það litið, að það var ógætni af hendi konunnar að bíða ekki á gangstéttinni, meðan bíllinn fór fram hjá, og nema ekki fyrr staðar á götunni en hún gerði 264

A slangraði fyrir bíl og hlaut veruleg meiðsl. Ógætni hans þótti sönnuð, en hins vegar ekki sönnuð nægileg aðgæzla af hendi bílstjórans, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1931 345

A ók út á hægri brún fjölfarinnar götu til að komast

fram hjá stórri bifreið, en í sömu svifum sá hann gangandi mann framundan og varð við það svo felmtsfullur, að hann ók á manninn, er hlaut dauðalemstur. Handvömm A þótti vera orsök slyssins 354

Verzlun A var tilkynnt til firmaskrár sem umboðs- og heildverzlun, og í símaskránni var hún skráð með þessu heiti. Í verzluninni var ekki regluleg sölubúð, heldur einungis skrifstofur, og fór þar fram sala á húsgagnaáklæði með smásöluálagningu. Kaupunautar voru einkum húsgagnabólstrarar. Kváðust þeir álíta sig skipta við heildsöluverzlun. A talinn hafa komið fram gagnvart þeim sem heildsali og því brotið ákvæði 3. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1937, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 118/1940 og 2. gr. laga nr. 19/1940 405

Hafnsögubátur (H) var á leið skipi (S) til aðstoðar. Bæði þessi skip ætluðu að sigla fyrir framan stórt skip (E), sem lá kyrrt á leið þeirra, en rákust á fyrir framan E. Þar sem stjórnendur H og stjórnendur S máttu gera ráð hvor fyrir öðrum hinu megin við E og áttu að haga siglingu sinni samkvæmt því, þóttu hvorir tveggja eiga sök á árekstrinum. Sök stjórnenda H var þó meiri, með því að þeir höfðu siglt með fullum hraða og mjög ógætilega. Var hafnarsjóði því gert að bæta ⅔ skaðans 455

Sameignarfélög. Sjá félagsskapur.

Samningar. Sbr. kaup og sala, skaðabætur, vinnusamningar.

A var dæmdur til að greiða hlutafé, sem hann hafði skráð sig fyrir í hlutafélagi, þótt ekki væri hlítt skilyrði, sem hann kvaðst hafa sett munnlega við safnanda hlutaframlaganna, þar sem A hafði ekkert gert, er máli skipti, til þess að öðrum hlutafjárlofendum eða viðsemjendum félagsins yrði kunnugt skilyrðið 21

Í, sem hafði milligöngu um sölu síldar til útlanda, þótti eiga tilkall mæltra sölulauna af mæltu fobb-

verði síldarinnar í íslenzkri höfn, þrátt fyrir það þótt seljendur veittu afslátt af kaupverði, eftir að síldin var komin í hendur kaupenda, enda átti Í enga sök á því, að kaupendum þótti síldin ekki fullgóð vara, og var ekki viðriðinn samninga um afsláttinn og hafði ekki afsalað sér rétti til hinna mæltu sölulauna 146

A og B, sem ráku síldarverksmiðju í Siglufirði, sömdu 1937 við hlutafélagið H að kaupa „í sumar fyrir gangverð alla bræðslusíld af skipum félagsins, veidda austan Skaga, losun í sömu röð og eigin skip". Það var talið brot á þessum samningi, að A og B synjuðu að veita viðtöku síld, sem þrír bátar H komu með þann 13. júní s. á., enda þótti sú varnarástæða A og B ekki hafa við rök að styðjast, að þeir væru ekki skyldir til viðtöku síldar H fyrr en verksmiðja þeirra væri tekin til starfa og farin að taka við síld úr þeirra eigin skipum 153

Ef A stæði ekki í skilum við B um greiðslu skuldar, skyldi B vera heimilt að taka úr vörzlum A og selja eftir mati óvilhallra manna til jöfnunar viðskiptum þeirra tilgreinda muni, er A hafði áður „selt" B til lúkningar skuldar sinnar, en B síðan leigt A með heimild til endurkaupa. Síðar tók B munina og seldi þá eftir virðingu tveggja manna, er hann og kaupandi nefndu. A var ekki kvaddur til virðingarinnar og því ekki bundinn við þetta mat. Munirnir voru taldir A til tekna upp í skuld hans við B um þá fjárhæð, er A hafði metið þá við upphaflega samninga aðilja 215

A var af byggingarnefnd og bæjarstjórn kaupstaðar sett það skilyrði fyrir því að reisa íbúðarhús á eignarlóð sinni, að hann léti spildu af henni endurgjaldslaust undir götu. A reisti húsið og stjórnvöld bæjarins lögðu götu um lóðina. Þar sem greint skilyrði var löglaust, var A dæmd heimild til að fá lóðarspilduna greidda úr bæjarsjóði 225

A samþykkti víxil í virkum sterlingspundum til

greiðslu skuldar við erlent firma, en var ómögulegt vegna gildandi gjaldeyrislaga að lúka skuldina í þessari mynt. Þar sem umboðsmaður firmans hér á landi mátti vita, að A hafði ekki á valdi sínu að inna greiðsluna af hendi eftir aðalefni sínu, átti hann ekki að neita tilboði A um greiðslu í íslenzkri mynt. Var A því eftir aðalkröfu sinni og varakröfu lánardrottins í hæstarétti dæmdur til að greiða fjárhæðina í íslenzkri mynt eftir því gengi, er sterlingspund hafði hér á landi á gjalddaga víxilsins 287

A framseldi bróður sínum B, sem lagði honum fé til framfæris, skaðabótakröfu sína á hendur vátryggingarfélagi. Skyldi B fá þannig greidda skuld sína, en skila A afganginum. Skuld A við B varð meiri en skaðabæturnar samkvæmt lokadómi. Þar sem framsalið til B var tryggingarráðstöfun, að því leyti sem lúka átti kröfur, er B myndi síðar eignast á A, og þar sem ekki var farið eftir þeim reglum, er nauðsynlegar eru til stofnunar lögmæts veðs, tilkynningar til skuldunauts, þá varð framsalið að víkja fyrir fjárnámi, sem C gerði í skaðabótakröfunni á hendur vátryggingarfélaginu, eftir að téður samningur bræðranna var gerður, en áður lokadómur gengi um skaðabótakröfuna, en fjárnámi þessu hafði ekki verið áfrýjað 291

Fara varð inn á lóð hússins M til að komast að opi og dyrum á geymsluhúsi hússins N. Eigandi M tók um nokkur ár við gjaldi fyrir þessi lóðarafnot úr hendi eiganda N og játaði því notum þessum. Eftir að E, sem um nokkur ár hafði búið í M, var orðinn sameigandi þess, girti hann fyrir leiðina frá N að stöfnum geymsluhússins, þótt hann hlyti að vita um þenna umferðarrétt og viðurkenndi hann að nokkru með því að girða ekki alveg í lóðamörkum. Eigendur M voru dæmdir til þess að viðlögðum dagsektum að veita eigendum N innan tilgreinds tíma aðgang að stöfnum geymsluhússins yfir tilgreinda lóðarræmu 320

Forstjóri hlutafélags (H), sem annaðist öflun tryggginga fyrir vátryggingarfélag (V) og tveir starfsmenn H sögðu fyrirsvarsmann V hafa í viðurvist þeirra heitið að gefa út líftryggingarskírteini handa skipverjum á hafskipi eimskipafélags samkvæmt ákvæðum um styrjaldartryggingu í samningi útgerðarmanna og sjómanna 7. október 1939. Fyrirsvarsmaður V gekkst ekki við þessu heiti. Þar sem mál eimskipafélagsins á hendur V til efnda slíks heitis varðaði H fjárhagslega og forstjóra H siðferðislega, töldust vitni þessi ekki lögfull. Málið var látið velta á synjunareiði fyrirsvarsmanns V 413

Verzlunarlóð var leigð 1896 fyrir tiltekið árgjald. Þar sem lóðareigandi gat ekki sagt leigutaka upp lóðarafnotunum, átti lóðareigandi þess kost að krefjast með hæfilegum fyrirvara mats á leigunni, og eftir gildistöku laga nr. 75/1917 þótti 2. mgr. 2. gr. þeirra laga eiga við um lögskipti aðilja. Var lóðareiganda því nú heimilt að krefjast mats á leigunni 478

Samvinnufélög.

Verkafólk í kaupstað og grennd stofnaði söltunarfélag til að hagnýta sér arð af söltun síldar. Inntökugjald í félagið var 5 krónur, og skyldi það ásamt 10% af ársarðinum renna í varasjóð. Ekki sást, að félagið réði yfir stofnfé. Hagnaður skyldi greiddur sem kaupuppbót. Rekstrarhalli skyldi jafnaður með afdrætti af kaupi hvers félagsmanns í hlutfalli við fjárhæð þess. Atvinnutjón félagsmanna, ef rekstur gengi illa eitthvert ár, mátti eftir ákvörðun aðalfundar bæta að einhverju leyti úr varasjóði. Félag þetta varð ekki talið fullnægja þeim skilyrðum, sem lög setja um samvinnufélög, sbr. einkum 6. tölul. 3. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 36/1921, og voru stjórnendur félagsins því ekki taldir persónulega ábyrgir um skuld félagsins, hvorki vegna þátttöku sinnar í félagsskapnum eftir lögum um samvinnu-

félög, sbr. 2. tölul. 3. gr. nefndra laga, né sökum þátttöku sinnar í stjórn félagsins, sbr. 2. mgr. 9. gr. sömu laga 215

Samþykki.

Félagar í stúkum Góðtemplara ekki taldir geta, svo að bindandi sé, afsalað sér almennt rétti sínum til að leita úrlausnar almennra dómstóla um árásir á mannorð sitt innan vébanda félagsskapar þeirra 352

Sáttir.

A gerði þá kröfu í máli, að reikningur B á hendur honum fyrir geymslu tilgreindrar vöru yrði ómerktur, en til vara, að honum (A) yrði gert að greiða þóknun fyrir geymsluna eftir mati dómsins. Kröfur þessar höfðu ekki verið lagðar til sáttanefndar, enda þótt ekki væri skilyrði til að ganga fram hjá sáttanefnd samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936. Auk þess hafði dómarinn ekki leitað sátta um þá kröfu B, er hann hafði uppi í málflutningnum, að honum yrði dæmd öll sú krafa, er reikningur hans greindi. Af þessum sökum var dómur og málsmeðferð í héraði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi 271

Í skaðabótamáli á hendur eiganda bifreiðar og vátryggjanda fyrir áverka, er hlauzt af bifreiðinni, var bifreiðarstjóranum stefnt fyrir sáttanefnd f. h. varnaraðilja. Sáttatilraun var ólögmæt, þar sem bifreiðarstjórann brast umboð til sáttargerðar. Eftir að eigandi bifreiðarinnar hafði tekið við vörn málsins, jók stefnandi kröfur sínar með framhaldsstefnu, en leitaði ekki sátta um kröfuaukann. Öll meðferð málsins og dómur var ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi 437

Saurlífi. Sjá kynferðisbrot, kynvilla.

Sektir. Sjá refsingar.

Sératkvæði.
Formaður sjó- og verzlunardóms gerir sératkvæði í máli 136
Ágreiningur í hæstarétti um formhlið máls 500

Siðferðisbrot. Sjá kynferðisbrot, kynvilla.

Siglingar. Sjá alþjóðalög, árekstur skipa, björgun, botnvörpuveiðabrot, fébótaábyrgð ríkisins, sjó- og verzlunardómur, sjóveð.

Síldarútvegsnefnd.
Síldarútvegsnefnd talin hafa haft að lögum heimild til að játast undir að greiða af fé því, sem hún hafði yfir að ráða, sölulaun af síld, sem nefndin seldi fyrir síldarkaupmenn til útlanda, sbr. lög nr. 74/1934 146

Síldveiðar. Sjá samningar.

Silungsveiði. Sjá laxveiði og silungs.

Sjódómur.
Skaðabóta krafizt vegna tjóns af ásiglingu skipa .. 32

Sjó- og verzlunardómur.
Mál til heimtu kaupeftirstöðva sjómanns 136
Skaðabóta krafizt vegna rofa samnings um kaup síldar af síldveiðiskipum 153
Skaðabóta krafizt vegna tjóns af ásiglingu skipa 183, 455
Mál til ákvörðunar bjarglauna 488

Sjóveð.
Dæmt sjóveð fyrir fébótum út af árekstri skipa og kostnaði við málssókn til heimtu þeirra 32
Sjóveðréttur fyrir hásetakaupi var fyrndur, með því að meira en eitt ár var liðið frá lokum starfstímans, þegar málið var höfðað 136
Sjóveðréttur í skipi ekki dæmdur til tryggingar skaðabótum út af árekstri skipa, með því að hans var ekki krafizt 183

Sjúkdómar.

Skipstjóri, sem kom á skipi sínu frá útlöndum, dæmdur til refsingar samkvæmt 7. gr. sbr. 27. gr. laga nr. 65/1933 fyrir að leggja skipinu að hafskipabryggju í Vestmannaeyjum án þess að bíða eftir sóttgæzlumanni eða gefa á nokkurn hátt til kynna komu sína 229

Sjúkrasamlög. Sjá slysatryggingar.

Skaðabætur.

a) vegna vanefnda á samningi eða slíkra sambanda.

A, sem vann að afgreiðslu á olíum og benzíni hjá félaginu B, hruflaðist við vinnuna á handarbaki og fékk útbrotakláða (eczem) kringum sárstaðinn. Kláðinn ágerðist og dreifðist út um líkamann. Margs konar lækningatilraunir voru gerðar, en reyndust árangurslitlar. Samkvæmt álitum lækna og öðrum skýrslum þóttu sterkar líkur að því leiddar, að téð efni hefðu komizt í sár hans og átt a. m. k. þátt í meini hans. Hins vegar var ósannað, að A hefði hlotið meinið vegna saknæmrar háttsemi fyrisvarsmanna B, enda höfðu læknar þeir, sem bjuggu um sár A, ekki sett honum, svo séð yrði, neinar varúðarreglur um meðferð sársins. Var B því sýknað af skaðabótakröfu A 122

Íslenzk-rússneska verzlunarfélagið (Í) annaðist fyrir Síldarútvegsnefnd (S) milligöngu um sölu á um 20 þús. tunnum síldar, er S seldi í umboði nokkurra síldarkaupmanna. Mælt fobbverð hverrar tunnu á ísl. höfn var kr. 22.00, og skyldi Í hafa 3% af því í sölulaun, er S tók að sér að greiða. Síldin þótti gölluð, þegar hún kom til Rússlands, og féllust seljendur á afslátt söluverðs. S vildi miða sölulaunin við það, er fékkst fyrir síldina, en Í krafðist sölulauna af upphaflega mæltu fobbverði. Þar sem Í átti enga sök á því, að kaupandi var ekki ánægður með síldina, og hafði engin afskipti af samningum um afslátt af verði

hennar, þá voru Í dæmd upphaflega mælt sölulaun af fobbverði síldarinnar 146
A og B, sem ráku síldarverksmiðju í Siglufirði, játuðu því 1937 að kaupa af hlutafélaginu H „í sumar fyrir gangverð alla bræðslusíld af skipum félagsins, veidda austan Skaga, losun í sömu röð og eigin skip". Það var talið brot á þessum samningi aðilja, að A og B synjuðu viðtöku síld, er þrír bátar H komu með þann 13. júní s. á., þótt A og B væru ekki teknir að afferma þar síld úr eigin skipum. Það breytti engu í þessu efni, að 13. júní bar upp á sunnudag. Voru þeir því dæmdir til að bæta H mismun venjulegs gangverðs síldar úr téðum bátum og þess verðs, er H fékk fyrir hana. Ennfremur fékk H bætur fyrir veiðimissi þann 14. júní. Við ákvörðun þessara bóta var lagður til grundvallar meðaltalsafli þeirra báta, er voru téðan dag að veiðum á þeim miðum, sem bátar H sóttu. Staðhæfing A og B um affermingartíma báta H þann 13. júní var tekin gild, með því að hún kom heim við affermingartíma eins bátsins, enda ekki annað leitt í ljós um þetta efni .. 153
Starfræn (funktionel) truflun, neurosis traumatica, er maður tók út af slysi, er hann varð fyrir í slysatryggðri vinnu, var talin vera svo náin afleiðing slyssins, að eigi væri heimild til þess í lagaákvæðum um slysatryggingar að varna honum örorkubóta vegna meinsins 313
Árið 1937 ákvað bæjarráð Reykjavíkur að taka undir götur og byggingar land, sem kaupstaðurinn hafði selt á erfðaleigu 1901, en erfðaleigu-hafa var skylt samkvæmt erfðaleigusamningi að láta af hendi land þetta til greindra afnota gegn endurgjaldi eftir mati. Yfirmatsmenn landsins mátu fyrst hæfilegt söluverð þess, miðað við sölur smátt og smátt undir byggingar, en drógu síðan 20% frá þeirri fjárhæð, með því að andvirðið skyldi greitt allt í einu. Sagt, að matsmönnum hafi verið heimilt að hafa hliðsjón af

greiðsluháttum við matið, en að ekki yrði úr því skorið, hvort matsmenn hefðu farið óhæfilega langt í þessu efni, þar sem ómerkingar á matinu hefði ekki verið krafizt. Matsmenn drógu því næst til greiðslu í bæjarsjóð 20% frá andvirði landsins samkv. ályktun bæjarstjórnar 17. nóv. 1901, þar sem slík greiðsla var gerð að skilyrði þess að breyta erfðaleigulöndum í byggingarlóðir. Frá þeirri fjárhæð, sem þá var eftir, drógu þeir gjald til gatnagerðar, 2 krónur fyrir hvern fermetra, samkvæmt ályktun bæjarstjórnar 18. des. 1919. Það var talið bera undir dómstóla að ákveða, í hvaða röð tveir síðastnefndir liðir væru taldir, og var matsmönnum talið hafa einungis verið heimilt að draga 20% gjaldið í bæjarsjóð frá þeirri fjárhæð, sem aðiljar raunverulega fengu fyrir landið, eftir að götugjaldið hafði verið dregið frá matsverði þess 500

b) Skaðabætur utan samninga.

Í máli ákæruvaldsins á hendur manni fyrir líkamsáverka var honum gert að greiða þeim, er fyrir áverkanum varð, fébætur 5

Bifreiðarstjóri, er ók bíl ölvaður og olli bifreiðarslysi, dæmdur til greiðslu kostnaðar við læknishjálp og sjúkrahúsvist manns, er varð fyrir áverka 25

Á hafnarlegu rak eimskip á vélbát með þeim afleiðingum, að keðja bátsins slitnaði og hann rak á land upp. Stjórnarmenn eimskipsins þóttu eiga aðalsök árekstrarins, þar sem þeir hefðu um seinan reynt að afstýra honum og ekki haft vél skipsins, eins og veðri var háttað, tiltækilega fyrirvaralaust. Stjórnarmönnum vélbátsins var og metið það til nokkurrar sakar, að þeir höfðu ekki vél bátsins tiltækilega fyrirvaralaust. Eigendur eimskipsins voru látnir bera þrjá fjórðu hluta tjónsins, en eigandi vélbátsins einn fjórða hluta þess 32

Í skaðabótamáli út af árekstri eimskips á vélbát

ætluðust dómstólarnir á um tjón það, er eigandi bátsins beið við það, að bátnum varð ekki siglt til fiskjar um tíma 32

Eiganda vélbáts, sem varð fyrir spjöllum í árekstri við eimskip, dæmdur úr hendi eigenda eimskipsins, í hlutfalli við sök skipanna á árekstrinum, kostnaður við ferðalag til að gæta hagsmuna sinna vegna árekstrarins 32

Í skaðabótamáli út af árekstri eimskips og vélbáts krafðist eigandi bátsins (A) bóta fyrir spjöll, er bátur þriðja manns varð fyrir í ferð fyrir A út af árekstrinum. Með því að A bar ekki ábyrgð á spjöllum þessum, gat hann ekki krafizt bóta fyrir þau úr hendi eigenda eimskipsins 32

Bifreið og dráttarvagn, sem við hana var festur og á var nótabátur, námu staðar á vinstri vegbrún. A fór síðan vinstra megin við ökutækin til aðgæzlu á bátnum. Því næst gekk hann aftur fyrir dráttarvagninn og inn á veginn, en rakst þá á vörubíl B, sem í þessum svifum ók þarna fram hjá, og hlaut A bana af. Vangæzla A þótti vera aðalorsök slyssins, en þess töldust allt að einu vonir, að B, sem séð hafði A vera að bograst vinstra megin við bátinn, hefði getað firrt hann, þ. e. A, slysinu, ef hann hefði ekið hægara, farið svo nærri vegbrún sem unnt var og gefið glöggt hljóðmerki. Samkvæmt þessu þótti með skírskotun til 15. gr. laga nr. 70/1931 hæfilegt að dæma B til að greiða helming dánarbóta og útfararkostnaðar A 76

Það talið vera utan valdsviðs dómstóla að meta hæð fébóta fyrir sauðfé, sem fargað var samkvæmt 19. gr. laga nr. 12/1937 vegna mæðiveikihættu, með því að dómkvaddir menn eiga ákvörðun um bætur þessar, ef ekki semst 91

Miðunarlína, sem togari var á kl. 4,18 samkvæmt mælingum varðskips, lá að nokkru innan og að nokkru utan landhelgi. Utan landhelgi var hún svo langt frá dufli, er togarinn var upp undir kl. 4,32, og stað þeim, þar sem togarinn staðnæmdist kl. 4,55, að togarinn hefði orðið að sigla

miklu hraðar en aðiljar töldu hann hafa siglt, ef hann hefði verið utan landhelgi kl. 4,18. Varð því að telja mjög líklegt, að togarinn hefði verið að fiskveiðum í landhelgi, og þótti skipherra varðskipsins þess vegna hafa haft fulla ástæðu til að færa togarann til hafnar til rannsaks. Samkvæmt framansögðu var ríkissjóður sýknaður af skaðabótakröfu eigenda togarans vegna töku hans, enda þótt skipstjóri togarans hefði áður verið sýknaður af saksókn ákæruvalds fyrir brot á 1. gr. laga nr. 5 frá 1920 115

Togari sigldi á trillubát, sem var að næturlagi að draga línu sína á fiskimiðum og hafði varðljós uppi. Ásiglingin þótti hafa orðið af þeim sökum, að skipstjórnarmenn togarans veittu ekki varðljósi bátsins athygli í tæka tíð, og gerði það engan mun í því efni, þótt báturinn kynni samkvæmt siglingarreglum að hafa átt að bregða upp öðru ljósi til að sýna legu veiðarfæra sinna. Eiganda togarans var því gert að bæta eigendum og útgerðarmönnum bátsins tjón þeirra af ásiglingunni 183

Kona varð fyrir bíl, þegar hún var að fara yfir breiða götu og hlaut af meiðsl. Bílstjórinn þótti eiga sök á slysinu, með því að hann dró ekki úr hraðanum, er hann varð konunnar var, en við mat skaðabóta á hendur honum var á það litið, að það var nokkur ógætni af hendi konunnar að bíða ekki á gangstéttinni, meðan bíllinn fór fram hjá, og nema ekki staðar á götunni fyrr en hún gerði 264

Ósannað þótti, að ekki hefði mátt afstýra því, að bíll æki á mann, er slangraði í veg fyrir hann, ef bílstjórinn hefði vikið út á vinstri vegbrún. Eiganda bifreiðarinnar var því gert samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1931 að bæta manninum að nokkru fé meiðsl hans og tjón 345

Við affermingu bifreiðar, sem hlaðin var heyi, varð 7 ára drengur fyrir sátu, er niður datt, og hlaut af lemstur. Bifreiðin stóð kyrr, og staður hennar virtist vera hættulaus. Þar sem slysið varð ekki

af orsökum, sem samfara eru notkun bifreiða frekar öðrum ökutækjum, varð slysið ekki bætt fé samkvæmt sérreglu 15. gr. laga nr. 70/1931, og skaðabótaskylda af öðrum ástæðum kom ekki til álita, með því að bótakröfur voru eingöngu reistar á ákvæðum 15. gr. nefndra laga 370

Framkvæmd verkfalls, sem hafið var til að fá viðurkenningu verksmiðjueigenda á aðild félags verksmiðjufólks um heildarsamninga varðandi vinnukjör, var ekki talin skaðabótaverk gagnvart verkamanni í verksmiðju, er verkfallið tók yfir, með því að ekki var sannað, að honum hefði með valdi eða hótun um valdbeiting verið varnað inngöngu í verksmiðjuna 382

Hafnsögubátur (H) var á leið skipi (S) til aðstoðar. Bæði H og S ætluðu að sigla fyrir framan stórt skip (E), sem lagt hafði verið á leið þeirra. Þegar H var kominn fyrir framstefni E, rakst hann á S. Þar sem stjórnandi H og stjórnendur S máttu gera ráð hvor fyrir öðrum hinum megin við E og áttu að haga siglingu sinni samkvæmt því, þóttu hvorir tveggja eiga sök á ásiglingunni. Sök stjórnanda H var þó meiri, með því að hann hafði siglt með fullum hraða og mjög ógætilega. Var hafnarsjóði því gert að bæta ⅔ hluta skaðans, sem varð á S 455

Skattar og gjöld.

1. Útsvör.

A rak atvinnu í Sandgerði og átti þar hluta í sameignarfélagi. Kona hans átti hús í Rvík, og þar dvaldist A að staðaldri. A var talinn útsvarsskyldur í Rvík 403

Fisksölufélagið F hafði á hendi sölu á benzíni og olíum fyrir félagið Sh í kaupstaðnum S. Sh átti þar benzíndælu. Vörur þær, sem Sh sendi F, skyldu vera greindar frá vörum F, og ábyrgðist F þær gegn handvömm sinna manna, en ekki gegn óviðráðanlegum atvikum. Sh greiddi uppskipunarkostnað, hafnargjöld, útskipun á tómtunnum, símskeyti, aðkeyptan akstur, ritföng og

skrifstofubækur. Ennfremur endurgreiddi Sh allt það fé, sem F greiddi úr eigin sjóði vegna afgreiðslu varanna, að svo miklu leyti sem útgjöldin voru nauðsynleg. F mátti ekki lána vörur og ábyrgðist útistandandi skuldir, sem myndast kynnu. Sérstakt bókhald var um allar vörur, er F seldi fyrir Sh. Allt fé, sem inn kom fyrir vörur Sh, skyldi látið í sérstakan sjóð og greitt daglega í banka á nafn Sh. Skilagrein skyldi F gera um söluna ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði. F skyldi setja Sh kr. 5000.00 tryggingu. Laun F voru ákveðin viss krónutala af hverju tonni af hreinolíu og hráolíu, sem seldist, tilgreind auratala af hverjum benzínlítra og tiltekið hundraðsgjald af andvirði seldrar smurningsolíu. Sh var talið útsvarsskylt af greindum rekstri í S 483

2. Vegagjald.

A tók á erfðaleigu af Blönduósshreppi landspildu við Svínvetningabraut. Árið 1937 var hann krafinn um vegagjald af landi þessu fyrir árið 1936 samkvæmt sþ. nr. 79/1920, 3. gr. a-lið. Talið, að hann ætti að greiða vegagjald, miðað við fasteignamat jarðabóta hans á landinu án húsa, enda hefði téður hreppur greitt vegagjaldið fyrir 1936, miðað við fasteignamat landsins óræktaðs, en með því að fasteignamatið var ekki nógu skýrt eða sundurgreint um þessi atriði, varð gjald það, er á hendur A skyldi falla, ekki ákveðið með vissu, og var því synjað um framkvæmd lögtaksins 98

Skilorðsbundnir dómar. Sjá dómar.

Skilyrði.

Skráð hlutafjárloforð talið bindandi án tillits til skilyrðis, er lofandi þess kvaðst hafa sett munnlega við safnanda hlutaframlaganna, þar sem lofandinn hafði ekkert aðhafzt, er máli skipti, til að birta skilyrðið öðrum hlutafjárlofendum eða viðsemjendum félagsins 21

Skip. Sjá árekstur skipa, björgun, botnvörpuveiðabrot, sjóveð.

Skiprúmssamningar. Sjá vinnusamningar.

Skírlífisbrot. Sjá kynferðisbrot, kynvilla.

Skjöl, opinber. Sjá embættisvottorð.

Skólanefnd.

Dómur og málsmeðferð í máli á hendur skólanefnd til skaðabóta vegna riftunar á leigumála um skólahúsnæði var ómerkt ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi, þar sem skólanefnd er ekki að lögum ætlað fé til slíkra bóta og hún hafði ekki í málinu umboð til að svara fyrir þá, er leggja barnaskólum fé, sbr. 15. og 17. gr. laga nr. 94/1936 sbr. 13. og 14. gr. sömu laga og 28. gr. laga nr. 40/1926 332

Skuldir, skuldamál. Sbr. ábyrgð, félög, félagsskapur, kröfuréttindi, kaup og sala, samningar, skaðabætur, sönnun, umboðssala, vinnusamningar.

Maður dæmdur til greiðslu hlutafjár, sem hann hafði skráð sig fyrir í hlutafélagi, þótt ekki væri fullnægt skilyrði, sem hann kvaðst hafa sett munnlega við safnanda hlutaframlaganna, þar sem hann hafði ekkert aðhafzt, sem þýðingu hefði, til þess að aðrir hlutafjárlofendur eða viðsemjendur félagsins kynntust skilyrðinu 21

Áburðareinkasala ríkisins krafði A um greiðslu fyrir 4 poka af kalksaltpétri og 6 poka af nitrophoska, er hann synjaði að hafa veitt viðtöku. Sannað var með vottorði skipaafgreiðslu þeirrar, er í hlut átti, að áburðurinn hafði verið sendur til heimasveitar A og látinn þar af hendi gegn viðtöku fylgibréfs, er einkasalan kvað hafa verið sent A af misgáningi í stað jarðræktarfélags, er afgreiða átti áburðinn og heimta andvirði hans. Greind atriði þóttu veita svo sterkar líkur fyrir því, að A hefði fengið áburðinn, að úrslit málsins voru látin velta á synjunareiði hans 207

A sigldi til fiskjar á bát B um vetrarvertíð og var eftir vertíðarlok frá 12. til 31. maí áfram á vegum B, er kvaðst hafa veitt honum fæði þessa 19 daga og greitt honum kr. 50 fyrir ýmis viðvik. A þótti ekki eiga kröfu til meiri launa, þar sem óvíst var um störf hans þenna tíma. A var háseti á bát B við síldveiðar sumarið eftir. Hann þótti eiga kröfu til kaups á ferð bátsins norður til veiðanna og þaðan aftur, með því að hann hafði ómótmælt unnið hásetastörf á sjóferðum þessum. Auk þess kaups, sem hann var ráðinn fyrir, fékk hann 100 krónur fyrir að vinna nokkurn hluta tímans að matsveinsstörfum 136

Síldarsöltunarfélag verkalýðsins á Akureyri tók 1931 á leigu hafnarbryggju í nefndum kaupstað til síldarsöltunar fyrir 2700 króna sumarleigu. Á árinu 1933 viðurkenndi félagið að vera skuldugt hafnarsjóði um 2700 krónur, sem greiða skyldi þannig, að félagið „selur" hafnarsjóði söltunartæki sín, er félagsstjórn virti „lauslega" á 2000 krónur, en hafnarsjóður „leigir" síðan tækin félaginu, sem skyldi greiða þau ásamt afgangi skuldarinnar á næstu þremur árum. Ef ekki yrði staðið í skilum af hendi félagsins, skyldi hafnarsjóður mega taka tækin eftir mati óvilhallra manna, enda skyldu eftirstöðvar skuldarinnar þá falla í gjalddaga. Hafnarsjóður tók tækin 1937 og seldi þau fyrir 232 krónur eftir tveggja manna virðingu, er félagsstjórnin var ekki kvödd til, og sótti síðan félagið til greiðslu 2468 króna. Með því að hafnarsjóður neytti ekki heimildar sinnar til að láta meta sér tækin lögmætu mati upp í skuldina, þegar þau voru tekin úr vörzlum félagsins, þá þótti hann bundinn við nefnda 2000 króna verðlagningu þeirra og fékk því einungis dæmdar 700 krónur af upphaflegu skuldinni 215

A var af byggingarnefnd og bæjarstjórn kaupstaðar sett það skilyrði fyrir því að reisa íbúðarhús á lóð sinni, að hann léti spildu af henni endurgjaldslaust undir götu. A reisti húsið og stjórn-

völd bæjarins lögðu götu um lóðina. Þar sem greint skilyrði var löglaust, var A dæmdur réttur til andvirðis lóðarspildunnar úr bæjarsjóði 225
Bankaútibú eignaðist hús, þar sem framfærsluþegi bjó, og greiddi bæjarsjóður húsaleigu hans. Þegar fyrirsvarsmenn útibúsins urðu þess vísir, að fyrri eigandi hússins (E) fékk leigu áfram úr bæjarsjóði þrátt fyrir eigendaskiptin, lögðu þeir bann við því, en gerðu ekki reka að heimtu leigunnar. Nokkrum árum seinna seldi útibúið A húsið ásamt rétti til að krefjast húsaleigu styrkþegans frá þeim tíma, er hætt var að greiða E leiguna. Af hendi bæjarsjóðs var synjað greiðslu. Sagt, að bæjarsjóður hefði vegna vistar styrkþegans í húsinu fengið verðmæti, sem skylt væri að greiða, enda hefði stjórnvöldum bæjarins mátt vera það ljóst, að útibúið ætlaðist til að fá leiguna. Skuldin varð því heimt, meðan krafa til einstakra leigugreiðslna var ekki fyrnd 246
A framseldi bróður sínum B, sem lagði honum fé til framfæris, skaðabótakröfu sína á hendur vátryggingarfélagi. Skyldi B fá þannig greidda skuld sína, en skila afganginum. Skuld A við B varð meiri en skaðabæturnar samkvæmt lokadómi. Þar sem framsalið til B var tryggingarráðstöfun, að því leyti sem fullnægja átti kröfum, er B síðar eignaðist á hendur A, og þar sem ekki var gætt þeirra reglna, sem nauðsynlegar eru til stofnunar lögmæts veðs, tilkynningar til skuldunauts, þá varð framsalið að víkja fyrir fjárnámi, sem C hafði í millibilinu gert í skaðabótakröfunni 291
A sótti B, sem verið hafði formaður á fiskibátum hans, til greiðslu verzlunarskuldar. B höfðaði gagnsök og krafðist í fyrsta lagi 100 króna árlegrar þóknunar um 8 ára tímabil fyrir vinnu við útbúnað vélbáta A í byrjun vertíða, en þessa þóknun kvaðst hann hafa fengið eitt ár, en þar sem B gat ekki sannað, að hann hefði, þrátt fyrir viðtöku viðskiptareikninga, hreyft því áður, að honum væri þessi þóknun vanreiknuð til tekna,

taldist hann hafa firrt sig rétti til að krefjast hennar í málinu. Þá hélt B því fram, að A hefði lofað honum að reikna ekki vexti af skuldum hans, meðan viðskipti þeirra héldust, og benti á, að A hefði ekki reiknað vexti sum árin. B var ekki talinn hafa sannað frekari vaxtaafslátt. Enn fremur þótti B ekki hafa sannað, að honum hefði verið heitið að fá afslátt af vöruúttekt. Loks hafði B verið réttilega reiknað slysatryggingargjald til skuldar, þar sem hann var ráðinn gegn hluta í afla. B var því dæmdur til greiðslu verzlunarskuldarinnar án frádráttar 307

Skuldheimtumaður (A), sem fengið hafði f. h. málflytjanda (M) skuldardóm á hendur B, gaf B fullnaðarkvittun fyrir allri dómskuldinni gegn greiðslu nokkurs hluta hennar, en gerði M síðan engin skil. Með því að B þótti mega telja A bæran til viðtöku skuldarinnar, gat M ekki krafið hann síðar um þann hluta hennar, er kvittunin tjáði hafa runnið til A. Hins vegar mátti B ekki gera ráð fyrir heimild A til uppgjafar hennar af hluta, enda ósönnuð heimild hans til þess. Var því dæmt fjárnám á hendur B fyrir eftirstöðvunum 378

Ýmis skuldaskipti út af félagsslitum og bókaforlagi (sjá félög) 386

Slysatryggingar.

Í máli til heimtu dánarbóta út af bifreiðarslysi kom ekki til álita að draga frá þeirri fjárhæð, sem ekkju og dóttur hins látna var dæmd, fé, sem ekkjan hafði fengið hjá Tryggingarstofnun ríkisins, með því að stofnun þessi hafði ekki gerzt aðili málsins 76

A þótti hafa skráð slysatryggingargjald réttilega skuldamegin á reikning B, sem var formaður á fiskibátum A, með því að B var ráðinn gegn hluta í afla 307

Verkamaður (A), sem var í slysatryggðri vinnu, varð fyrir slysi. Tryggingarstofnun ríkisins (T) greiddi fyrst læknishjálp fyrir hann og hon-

um sjálfum dagpeninga, unz læknir T áleit hann verkfæran. A reyndist samt getulítill til vinnu aðallega vegna skjálfta og titrings. Að lokinni rannsókn taldi trúnaðarlæknir T óvinnuhæfi A stafa af starfrænni (funktionel) truflun, neurosis traumatica, þ. e. taugaáfalli út af slysi, er myndi batna, og A eiga þess vegna ekki kröfu til örorkubóta samkvæmt 2. tölul. 10. gr. laga nr. 26/1936 og nú 3. tölul. 10. gr. laga nr. 74/1937. Taugalæknar tveir sögðu svona lagaðan sjúkdóm oft batna eftir 2—3 ár. Héraðslæknir taldi hins vegar, að bati væri „mjög vafasamur, en ekki óhugsandi", og mat örorkuna 60—65%. Þar sem mein A þótti það náin orsök slyssins, að honum yrði ekki þess vegna varnað örorkubóta, og ekkert varð fullyrt um batalíkur, voru A dæmdar 65% örorkubóta þeirra, er getur í greindum lögum 313

Ákvæði 2. tölul. 10. gr. laga nr. 26/1936 og nú 3. tölul. 10. gr. laga nr. 74/1937 um alþýðutryggingar, þar sem um greiðslu örorkubóta er vísað til dóms læknis Tryggingarstofnunar ríkisins, talin mega skilja þannig, að tryggingarstofnunin greiði ekki slíkar bætur án ráði læknis síns, nema boðið sé í dómi, en svipti ekki bótakrefjanda nokkrum rétti til að bera kröfu sína undir dómstóla 313

Smásala. Sjá verðlag.

Sóttgæzla.

Skipstjóri, sem kom á skipi sínu frá útlöndum, dæmdur til refsingar samkvæmt 7. gr. sbr. 27. gr. laga nr. 65/1933 fyrir að leggja skipinu að hafskipabryggju hér á landi án þess að bíða eftir sóttgæzlumanni eða gefa á nokkurn hátt til kynna komu sína 229

Stefnur. Sjá einnig kærumál, málshöfðun.

A, sem búsettur var erlendis, gaf út ásamt B veðskuldabréf, þar sem hann skuldbatt sig til að

sæta málssókn vegna skuldar eða veðsetningar fyrir dómi á Akureyri og láta sér nægja birtingu stefnu á hinni veðsettu eign í Siglufirði og með stefnufresti svo sem væri hann búsettur á Akureyri. Í máli til heimtu skuldarinnar birtu stefnuvottar B stefnuna á hinni veðsettu eign, og kváðust þeir í birtingarvottorði hafa birt honum stefnuna auk birtingar fyrir honum sjálfum og fengið honum annað eftirrit af stefnunni, en ekki sögðu þeir berum orðum, að sú birting væri vegna A. Stefnan var talin nægilega birt einnig gagnvart A, þar sem B hefði mátt vera það ljóst, að stefnan var einnig birt vegna A. Frávísunarákvæði héraðsdómsins um mál A vegna vöntunar á stefnubirting var þess vegna úr gildi fellt og lagt fyrir héraðsdómarann að kveða upp efnisdóm í málinu að því leyti 87

Stjórnarfar.

Samkvæmt tillögu framfærslunefndar Rvíkur úrskurðaði lögreglustjóri samkvæmt III. kafla laga nr. 135/1935 ekkju meðlag með öðrum tveggja drengja hennar, en synjaði henni meðlags með hinum drengnum. Síðar ákvað hann henni meðlag með hinum drengnum að boði ráðuneytis, er kvaðst hafa skýrslur, er réttlættu þessa úrlausn. Þar sem þessar skýrslur voru ekki lagðar fyrir framfærslunefnd til álita, var úrskurðurinn ekki lögmætur grundvöllur greiðsluskyldu bæjarsjóðs 211

Byggingarnefnd og bæjarstjórn kaupstaðar taldar hafa án heimildar í lögum sett eiganda lóðar það skilyrði fyrir byggingu íbúðarhúss á lóðinni, að látin væri af hendi spilda af henni endurgjaldslaust undir götu. Var þess vegna með dómi ákveðinn gildur réttur húseiganda til andvirðis lóðarspildunnar úr bæjarsjóði 225

Dómstólar áttu dóm um það, hvort samþykktir fiskræktarfélags og veiði færu í bág við lög nr. 61/1932, enda þótt ráðherra hefði samþykkt þær 257

Sveitarstjórn. Sjá erfðaleiga framfærslulög, stjórnarfar, valdmörk stjórnvalda.

Sölulaun. Sjá umboðssala.

Sönnun, sönnunarbyrði. Sbr. aðiljaskýrslur, líkur, mat og skoðun, vitni.

a) Einkamál.

Eimskip, sem lá við akkeri á hafnarlegu, rak í stórviðri á vélbát, sem einnig lá þar við akkeri. Akkeriskeðja bátsins slitnaði, og rak hann á land upp. Ekki þótti verða staðhæft, að óstyrkleiki keðju bátsins hefði með nokkrum hætti átt þátt í slysinu 32

A ók bíl sínum aftur með bifreið og viðfestum dráttarvagni, er numið höfðu staðar á vinstri vegbrún. Í sömu svifum kom B, sem verið hafði vinstra megin við bát, er var á dráttarvagninum, inn á veginn, varð fyrir bíl A og lét þannig líf sitt. Vangæzla B taldist aðalorsök dauða hans, en allt að einu þótti mega ætla, að A, sem séð hafði B vera að bograst vinstra megin við bátinn, hefði getað stýrt undan slysinu, ef hann hefði ekið hægara, farið svo nærri vegbrún sem unnt var og gefið glöggt hljóðmerki. Samkvæmt þessu þótti með skírskotun til 15. gr. laga nr. 70/1931 hæfilegt að dæma A til að greiða helming dánarbóta og útfararkostnaðar B 76

A, sem er erlend, réðst á hattasaumastofu B hér á landi. A taldi ráðningartímann óákveðinn og sagði samningi þeirra upp eftir nokkurra mánaða starfa. B taldi ráðninguna gilda eitt ár, og var staðhæfing hennar studd af vottorði fyrri húsbænda A, sem milligöngu höfðu um ráðninguna, svo og því, að B hafði játast undir að greiða ferðakostnað A frá útlöndum og til útlanda aftur, þegar vinnusambandinu væri lokið. Ennfremur var greinargerð A fyrir héraðsdómi mjög óskýr. Ráðning eitt ár var talin sönnuð 82

Miðunarlína, sem togari var á kl. 4,18 samkvæmt mælingum varðskips, var að nokkru innan og

að nokkru utan landhelgi. Utan landhelgi lá hún svo langt frá dufli, er togarinn var upp undir kl. 4,32, og stöð togarans kl. 4,55, að togarinn hefði orðið að sigla miklu hraðar en aðiljar voru ásáttir um, að hann hefði siglt, ef hann hefði verið utan landhelgi kl. 4,18. Þóttu því vera mjög sterkar líkur fyrir því, að togarinn hefði verið að fiskveiðum í landhelgi, þótt ekki teldist það fullsannað 115

Í máli á hendur ríkissjóði til fébóta út af töku togara við ætlaðar fiskveiðar í landhelgi markaði skipherra varðskipsins í embættisnafni miðanir og mælingar varðskipsins á sjóuppdrátt. Héraðsdómarinn taldi þenna uppdrátt ekki hafa fullt sönnunargildi, þar sem skipherrann gæti ekki talizt óviðriðinn málið. Hæstiréttur taldi uppdráttinn hafa fullt sönnunargildi sem önnur opinber skjöl, og yrði hann því að teljast réttur, þar til annað sannaðist 115

Sterkar líkur voru að því leiddar, að olíur og benzín hefðu komizt í hruflsár, er A fékk við vinnu á benzínstöð hlutafélagsins B, og valdið þannig útbrotakláða (eczem), er A fékk víða um líkamann. Hins vegar var ósannað, að A hefði hlotið meinið vegna saknæmrar háttsemi fyrirsvarsmanna B, enda varð ekki víst, að læknar þeir, sem gerðu að sári A, hefðu sett neinar varúðarreglur um meðferð þess 122

Færeyskur maður (A), sem verið hafði háseti á bát B um vetrarvertíð, var á vegum B áfram frá 12. maí til 31. s. m., og lét B hann hafa fæði og 50 kr. um þenna síðarnefnda tíma. Með því að A gerði enga grein fyrir því, hvernig vinnu sinni hjá B hefði verið háttað þenna tíma eftir vertíðina, þótti hann ekki eiga kröfu til meira kaups, enda kvaðst B hafa skotið skjólshúsi yfir A, er verið hefði vegalaus í vertíðarlok .. 136

Þrír bátar H töfðust frá síldveiðum vegna vanefnda A og B á samningi um viðtöku síldar úr þeim. Í skaðabótamáli út af vanefndunum var lagður til grundvallar við mat tjónsins meðaltalsafli

þeirra báta, sem veiði stunduðu á þeim miðum, er bátar H sóttu á þeim tíma, er töfin varð .. 153
Í sama máli töldu A og B uppskipun úr bátum H hafa tekið 12 kls., en H taldi sama tíma 10 kls. Með því að uppskipun úr einum bátnum hafði samkvæmt útdrætti úr dagbók hans staðið yfir í 12 kls. og annað var ekki leitt í ljós um þetta ágreiningsefni, var staðhæfing A og B lögð til grundvallar 153
Bæjarfógeta var í blaðagrein talið það til áfellis, að hann setti á reikninga frá embættisskrifstofu sinni og tæki í sinn vasa á löglausan hátt svonefnd „klareringargjöld" af skipum, sem höfnuðu sig í umdæmi hans. Skráning gjalda þessara á embætisreikninga, svo sem þau væru lögmælt, þótti óviðeigandi, en hins vegar var ósannað, að bæjarfógeti hefði tekið þau, án þess að komið hafi á móti af hans hendi nægilegt gagngjald, er ekki var embættisskylda hans að láta í té, og voru ummælin því ekki nægilega réttlætt .. 178
Togari sigldi í myrkri á trillubát og olli spjöllum á honum. Í skaðabótamáli vegna ásiglingarinnar hélt eigandi togarans því fram, að bátverjar hefðu skyggt á ljós bátsins, en engar sennilegar líkur voru færðar fram þeirri fullyrðingu til styrktar 183
Fasteignirnar X og Y höfðu fyrir rúmum 40 árum verið í eigu eins og sama aðilja. Núverandi eigendur X voru ekki taldir hafa sannað, að eigandi beggja eignanna hefði á sínum tíma við afsal þeirra, hvorrar til síns kaupanda, áskilið eigendum X eignarrétt eða umferðarrétt að gangræmu um lóð Y. Ennfremur var talið ósannað, að eigendur Y hefðu með framkomu sinni á tilgreindri merkjastefnu firrt sig eignarrétti að nokkrum hluta lóðar sinnar 189
Samkvæmt yfirlýsingu skipaafgreiðslu hafði tiltekin áburðarsending, er Áburðareinkasala ríkisins taldi A hafa pantað, verið send til kauptúns, þar sem hann átti heimili, og látin þar af hendi gegn fylgibréfi, sem einkasalan kvað hafa verið

sent beint til A af gáleysi í stað aðilja þess, er annaðist þar afgreiðslu áburðarins. Ekki þótti fullsannað gegn neitun A, að hann hefði pantað vöruna eða tekið við henni, en nægilegar líkur töldust fram komnar gegn málstað hans til að láta úrslit málsins velta á synjunareiði hans .. 207

Jarðirnar Sv og B höfðu átt sameiginlegt land með jörðinni St að ánni H. Þar sem annað var ekki sannað, varð því að ætla, að jarðir þessar hefðu átt sameiginlega veiði í ánni með St, unz veiðin sannanlega við sölu þeirra var skilin undan þeim, sbr. ákvæði landabrigðaþáttar Grágásar um veiði, 208. kap. Konungsbókar og 438. kap. Staðarhólsbókar, svo og 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar og nú 4. gr. laga nr. 61/1932 239

A, sem hafði verið formaður á fiskibátum B, taldi sér vanreiknaða til tekna í viðskiptum þeirra þóknun fyrir að vinna að útbúnaði vélbáta B í byrjun vertíða í 8 ár. Þessi krafa var ekki tekin til greina, þar sem hann gat ekki sannað, að hann hefði, þrátt fyrir viðtöku viðskiptareikninga, hreyft því áður, að honum væri þessi þóknun vanreiknuð til tekna. Ennfremur var talið ósannað af hendi A, að hann ætti kröfu á því, að vextir væru felldir niður af verzlunarskuld hans til B eða að hann ætti kröfu á afslætti af verði varnings, er hann hafði tekið út úr verzlun B 307

A slangraði fyrir bíl og hlaut af mikil meiðsl. Ógætni hans þótti sönnuð, og af hendi bílstjórans þótti ekki fullsönnuð nægileg aðgæzla, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1931. Var því eiganda bílsins gert að bæta A að nokkru meiðsl hans og tjón 345

Talið ósannað, að skuldheimtumaður, sem hafði f. h. málflytjanda fengið dóm á hendur manni til greiðslu skuldar, hefði heimild til uppgjafar hennar af hluta 378

Framkvæmd verkfalls, sem hafið var til að fá viðurkenningu verksmiðjueigenda á aðild félags verksmiðjufólks um heildarsamninga varðandi

vinnukjör, var ekki talin skaðabótaverk gagnvart verkamanni í verksmiðju, er verkfallið tók yfir, þar sem ekki var sannað, að honum hefði með valdi eða hótun um valdbeitingu verið varnað inngöngu í verksmiðjuna 382

Stefndi í máli var fjarvistum, er mál hans var þingfest, en ósannað var gegn andmælum gagnaðilja, að honum hefðu bægt þær nauðsynjar, er greinir í 9. gr. sbr. 4. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Varð mál hans því hvorki tekið upp aftur af nýju samkvæmt 118. né 120. gr. sömu laga 411

Forstjóri hlutafélags (H), sem starfaði að öflun trygginga fyrir vátryggingarfélag (V), og tveir starfsmenn H kváðu forstjóra V hafa lofað að gefa út líftryggingarskírteini handa skipverjum á hafskipi félagsins E til fullnægju á fyrirmælum um styrjaldartryggingu í samningi útgerðarmanna og sjómanna 7. okt. 1939. Þar sem mál þetta varðaði H fjárhagslega í allríkum mæli og forstjóra H siðferðislega, töldust vitnin ekki lögfull. Úrslit málsins voru látin velta á synjunareiði forstjóra V, sem ekki hafði gengizt við heitinu 413

Styrkþegi (S) hafði bíl sveitarsjóðs að láni sér og skuldaliði sínu til framfærslu. Hann hafði bílinn í varnaði sínum nokkur ár og var skráður eigandi hans í bifreiðaskrá. Ósannað þótti, að Þ, sem keypti bílinn af S, hefði vitað um eignarheimild sveitarsjóðs að bílnum 496

b) Opinber mál.

Bifreiðarstjóri ók B, sem langaði í áfengi, að húsi A. Kvaðst B hafa fengið hjá A eina flösku af whisky og sett vetrarfrakka sinn að veði fyrir andvirðinu. Bifreiðarstjórinn kvað B hafa farið í vetrarfrakkanum inn í húsið, en komið þaðan frakkalausan. Lögreglumenn, er þá voru komnir þarna að, sannreyndu, að B hafði whiskyflösku meðferðis. Nokkur vitni báru, að þau hefðu hvert í sínu lagi og án þess að aðrir væru við það staddir keypt áfengi af A. Tveir bifreiðarstjórar kváðust hafa oft keypt mikið áfengi í

áfengisverzlun fyrir A og flutt heim til hans. A talinn sannur að áfengissölu 1
A veitti B áverka í ryskingum. Þeir voru ekki samsaga um atburðinn. Var því einkum lögð til grundvallar skýrsla eins sjónarvitnis, að svo miklu leyti sem það greindi viðureignina, en skýrsla þessi var að mestu í samræmi við frásögn B 5
A, sem var atvinnulaus og eigna og áður hafði verið dæmdur fyrir sölu áfengis, hafði um langan tíma dag eftir dag ráfað um götur Reykjavíkur við höfnina að hætti áfengissala. Einn peli víns, óátekinn, og nokkrar flöskur undan víni fundust í fórum hans og vistarveru. Þrjú vitni kváðust hafa keypt vín af honum, hvert í sínu lagi. A var talinn sannur að áfengissölu 11
Tveir farþegar í bifreið kváðu bifreiðarstjórann hafa verið allmjög ölvaðan. Tveir aðrir farþegar sögðust ekki hafa verið vísir slíks ástands hans, og tveir bifreiðarstjórar, sem áttu tal við hann eftir aksturinn, sögðust ekki hafa skynjað ölvun hans. Ölvun ekki talin sönnuð á hendur honum 16
C, sem var handtekinn af lögreglumönnunum A og B án nægilegs tilefnis, hafði daginn eftir handalögmálið við þá ýmsa áverka, þar á meðal bólgugarð aftan á hálsi, er læknar töldu sennilega vera af völdum einhvers sveigjanlegs sívals hlutar. Áverkinn þótti ekki sannaður á hendur A eða B 59
Mörg vitni kváðust hafa hvert í sínu lagi keypt áfengi af A, sem oft hafði áður verið refsað fyrir áfengissölu. Fimm lögreglumenn báru, að A hefði um langt skeið rölt um götурnar við höfnina í Rvík að hætti áfengissala. Loks gat A ekki gert nægilega grein fyrir því, hvaðan hann hefði fé til framfæris sér. Hann var því sakfelldur fyrir ítrekaða áfengissölu 70
Eiðfestur framburður stúlku um vist sína í bíl A, áfengisneyzlu hennar og A og um akstur hans í ölvunarástandi, framburður lögreglumanns og annars manns, B, að stúlkan og karlmaður hefðu stigið út úr bíl við hús A og karlmaðurinn farið

þangað heim, sú frásögn B, að bíllinn hefði ekki verið við hús þetta litlu áður, svo og áfengismagn, 1,95‰, í blóði A talið allt nægileg sönnun til sakfellingar hans fyrir ölvun við bifreiðarakstur þrátt fyrir neitun hans. 164

A ók bíl út af vegi. Hann neitaði að hafa neytt annars áfengis þann dag en einnar flösku af pilsner, og var sú skýrsla staðfest af bróður hans, er kvaðst hafa verið með honum, en samkvæmt því hefði áfengismagnið í blóði hans að dómi læknis ekki átt að vera yfir 0,6‰, en það reyndist vera 1,52‰. Fimm lögreglumenn og læknir, er tók honum blóð, kváðust hafa séð vín á honum. Sjónarvitni að slysinu kveður hann hafa verið með áhrifum áfengis, en nokkur önnur vitni þóttust ekki hafa tekið eftir því, að hann væri með áhrifum áfengis. Áfallsdómur gekk á hendur honum 197

Bílstjóri, sem numið hafði staðar fyrir utan hús, ók bílnum aftur úr stað, og varð þá barn, tæpra tveggja ára, fyrir bílnum og beið bana. Bílstjórinn kvaðst hafa litið fram á veginn og til hliðar, áður en hann ók aftur af stað, en ekki séð aðra en fjögra ára telpu. Skýrsla hans um þetta var lögð til grundvallar. Telpan var ekki látin gefa skýrslu 250

Farþegar í bíl gefa skýrslu um atvik að því, að maður varð fyrir bílnum 345

Drengir, sem höfðu mök við kynvilltan mann, lýsa háttsemi hans 358, 472

Drengir brutu glugga í búð og stálu þar varningi. Tveim dögum seinna drýgði A þar þjófnað ásamt þeim. A varð ekki dæmdur til greiðslu iðgjalda, þar sem það kom ekki upp, hverju drengirnir stálu einir og hverju A stal með þeim, né heldur, hverju hafði verið skilað af hvoru þýfinu fyrir sig, og auk þess hafði hvorki eigandi þýfisins verið látinn staðfesta fyrir dómi skýrslu sína um þýfið né skýrslan verið nægilega undir ákærða borin 468

Tilraun.

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 2. mgr. 203. gr. laga nr. 19/1940, sbr. einnig 20. gr. sömu laga, fyrir tilraun til kynferðismaka við tvo drengi á aldrinum 14—18 ára 358

Tollgæzla.

Skipstjóri, sem kom frá útlöndum á skipi sínu, dæmdur til refsingar samkvæmt 33. gr. sbr. 93. gr. rgj. nr. 123/1938 um tollheimtu og tolleftirlit fyrir að leggja skipinu að hafskipabryggju hér á landi án þess að bíða komu tolleftirlitsmanna og án þess að tilkynna vist sína þar á nokkurn hátt 229

Traustnám.

Maður talinn bundinn við skráð hlutaloforð til hlutafélags án tillits til skilyrðis, er hann kvaðst hafa sett munnlega við safnanda hlutaframlaganna, þar sem hann hafði ekkert aðhafzt, sem þýðingu hefði, til þess að aðrir framlagsmenn hluta eða kaupunautar félagsins mættu fá vitneskju um skilyrðið 21

Sveitarstjórn keypti bíl og lánaði hann styrkþega sveitarinnar (S), til þess að hann gæti við akstur aflað sér og skuldaliði sínu viðurværis. Var bíllinn skráður í bifreiðaskrá á nafn S. Eftir að S hafði haft bílinn undir höndum í nokkur ár, seldi hann bílinn þriðja manni (Þ). Með því að sveitarstjórn lét það viðgangast, að bíllinn var í bifreiðaskránni skráður á nafn S, meðan S hafði hann í vörzlum sínum, og með því að því var ekki hnekkt, að Þ var grandlaus um eignarheimild S að bílnum, þegar kaupin urðu milli þeirra, þá var Þ talinn hafa eignazt bílinn fyrir traustnám 496

Tryggingar. Sjá líftryggingar, slysatryggingar.

Umboð, umboðsmennska.

Ekkja manns, sem hafði orðið fyrir bifreið og látið líf sitt, sækir bifreiðarstjórann til greiðslu dánar-

bóta fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar og hins látna 76
Með því að verzlunarumboðsmaður erlends firma mátti vita, að A átti ekki samkvæmt gjaldeyrislögum vald til þess að lúka í sterlingspundum víxil, er hann hafði samþykkt í þeirri mynt virkri til handa firmanu, átti umboðsmaðurinn ekki að hafna á gjalddaga tilboði A um greiðslu í íslenzkri mynt, er sterlingspunda varð ekki aflað. Var A því eftir kröfu sinni og varakröfu lánardrottins í hæstarétti dæmdur til að greiða víxilinn í íslenzkri mynt eftir því gengi, sem sterlingspund hafði hér á gjalddaga 287
Dómur og málsmeðferð í máli á hendur skólanefnd til skaðabóta vegna riftunar á leigumála á skólahúsnæði var ómerkt ex officio og málinu vísað frá héraðsdómi, þar sem skólanefnd er ekki að lögum ætlað fé til slíkra bóta og hún hafði ekki í málinu umboð til að svara fyrir þá, er leggja barnaskólum fé, sbr. 15. og 17. gr. laga nr. 94/1936 sbr. við 13. og 14. gr. sömu laga og 28. gr. laga nr. 40/1926 332
Skuldheimtumaður (A) aflaði f. h. málflytjanda (M) skuldardóms á hendur B. Síðar fékk B fullnaðarkvittun A fyrir skuldinni gegn greiðslu hennar af hluta. A gerði M engin skil. B þótti hafa mátt telja A bæran til viðtöku greiðslu. Gat M því ekki krafið B um þann hluta skuldarinnar, er samkvæmt kvittuninni hafði runnið til A. Hins vegar mátti B ekki gera ráð fyrir heimild A til uppgjafar skuldarinnar af hluta, og ósönnuð var heimild A til uppgjafar. Varð B því að greiða M eftirstöðvarnar 378
Eimskipafélag (E) sótti vátryggingarfélag (V) til efnda heitis um útgáfu líftryggingarskírteinis skipverja á hafskipi E. Hlutafélag, sem starfaði að tryggingum fyrir V, var ekki talið hafa heimild til að heita E þessari tryggingu 413
Í skaðabótamáli á hendur eiganda bifreiðar og vátryggjanda vegna lemsturs, sem hlauzt af bifreiðinni, var bifreiðarstjórinn kvaddur fyrir

sáttanefnd f. h. varnaraðilja, en þar sem hann brast umboð til sáttargerðar, var sáttatilraunin löglaus. Málsmeðferð og dómur var ómerkt m. a. af téðri ástæðu 437

Umboðssala.

Síldarútvegsnefnd (S) seldi í umboði nokkurra síldarkaupmanna verzlunarsendisveitinni rússnesku í Kaupmannahöfn fyrir milligöngu íslenzk-rússneska verzlunarfélagsins (Í) um 20 þús. tunnur saltsíldar fyrir 22 kr. fobbverð á íslenzkri höfn, og skyldi Í hafa 3% í sölulaun, sem S tók að sér að greiða. Þegar síldin kom til Rússlands, þótti hún gölluð, og féllust seljendur á nokkurn afslátt af henni. S vildi nú miða sölulaunin við það, sem raunverulega fékkst fyrir síldina, en Í krafðist sölulauna af upphaflega umsömdu fobbverði hennar. Þar sem Í átti enga sök á því, að kaupandi var ekki ánægður með síldina, og hafði engin afskipti af samningum um afslátt af verði hennar, en S þótti hins vegar hafa haft heimild til að taka að sér greiðslu þeirra sölulauna, er Í átti tilkall til, þá voru Í dæmd sölulaun af upphaflega umsömdu fobbverði síldarinnar 146

Umferðarréttur.

Fasteignin X liggur að götunni H í Rvík. Sunnan við greinda fasteign liggur fasteignin Y að götunni A. Um austasta hluta lóðanna X og Y var afgirt gangræma milli téðra gatna. Hvorki eigendur X né eigendur Y þóttu hafa fyrir afnotahefð unnið umferðarrétt um hinna hluta af gangræmunni, þótt þeir hefðu farið um hana hefðartíma fullan, með því að hún væri, eins og mörg sams konar auð sund milli húsa í Rvík, nokkurs konar almennings leið, er enginn megi öðrum fremur helga sér vegna umferðar sinnar einnar, enda hefðu aðiljar haft nægar aðrar leiðir að húsum sínum en um hluta hinna af ofannefndri gangræmu 189

Geymsluhús, sem taldist til hússins N, var að hálfu byggt inn á lóð hússins M, og varð að fara inn á lóð M til þess að komast að opi og dyrum á stöfnum geymsluhússins. Eigandi M tók um nokkur ár við gjaldi fyrir þessi lóðarafnot úr hendi eiganda N og játaði því notunum. Eftir að E, sem í nokkur ár hafði átt heima í M, var orðinn sameigandi þess, var girt fyrir aðgang N að stöfnum geymsluhússins, enda þótt E hlyti að vita um nefndan umferðarrétt og viðurkenndi hann að nokkru með því að girða ekki alveg í lóðamörkum. Eigendur M voru dæmdir til þess að viðlögðum dagsektum að veita eigendum N innan tilgreinds tíma aðgang að stöfnum geymsluhússins yfir tiltekna lóðarræmu 320

Uppboð.

A veitti B og C veðrétti í bifreið sinni. Daginn áður en veðbréfin voru þinglesin kyrrsetti D bifreiðina. Þremur dögum eftir kyrrsetninguna lét sveitarstjórn skrifa upp bifreiðina eftir 48. gr. laga nr. 135/1935, og var uppskriftin þinglesin. Því næst gerði D fjárnám í bifreiðinni samkvæmt dómi í kyrrsetningarmálinu, og nokkru síðar gerðu B og C fjárnám í bifreiðinni. Var hún nú seld á uppboði eftir kröfu fjárnámshafa. Fjárnámshafar og sveitarstjórn lögðu síðan ágreining sinn um skiptingu uppboðsandvirðisins undir úrskurð uppboðsdóms 104

Upptaka eignar.

Í refsimáli á hendur kaupmanni fyrir ólöglega verðlagningu var ákvæði héraðsdóms um upptöku rangfengins ágóða fellt úr gildi í hæstarétti, þar sem ekki varð séð, hvernig hin upp tekna fjárhæð var reiknuð né við hvaða sölur hún var miðuð né heldur, að hún hefði verið borin undir kærða og honum veitt færi á að gæta réttar síns í því sambandi 405

Úrskurðir.

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð í barnsfaðernismáli 319

Úrskurður héraðsdómara í einkamáli, þar sem hrundið var kröfu um vísun máls frá héraðsdómi, hefði átt að sæta kæru samkvæmt 3. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936 og varð því ekki haggað í hæstarétti eftir kröfu aðilja, er honum var áfrýjað ásamt dómi í aðalmálinu 332

Útburðargerðir. Sbr. innsetningargerðir.

A var byggð jörðin R til eins árs frá fardögum 1937, en hann fluttist þó ekki af henni 1938. Honum var snemma árs 1938 orðið það kunnugt, að reisa skyldi héraðsskóla á jörðinni. Hann hafði þess vegna ekki öðlazt ævilanga byggingu þar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1933. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sem hafði eignarumráð jarðarinnar, sagði honum upp ábúð hennar frá fardögum 1939, og fékk hann vitneskju um uppsögnina fyrir jól 1938. Þar sem uppsagnarfrestur ábúðar jarða, sem þegnar eru undan ævilangri ábúð samkvæmt 1. mgr. 9. gr. nefndra laga, er ekki ákveðinn í lögum og þar sem ábúðarréttur A var langtum ótryggari en ábúð sú, er 2. mgr. 9. gr. tekur yfir, var uppsagnarfresturinn hér ákveðinn eftir 30. gr. sömu laga, enda hefur sá frestur tíðkazt frá fornu fari um uppsögn ábúðar. A fékk því nægilegan uppsagnarfrest og varð að víkja af jörðinni 328

Krafizt var útburðar leigutaka, sem átti vangreidda húsaleigu fyrir á annan mánuð. Vöntun á lagfæringu íbúðarinnar þótti ekki nægileg varnarástæða, þar sem aðiljar höfðu komið sér saman um lækkun húsaleigunnar, unz íbúðin yrði lagfærð 510

Útivist aðilja.

1. Áfrýjandi sótti ekki dómþing. Útivistardómur 69, 70, 163, 297, 298, 351, 352, 366, 367, 428, 429, 430, 431, 432, 433, 434, 486

2. Útivist stefnda. Mál flutt skriflega eftir 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 136, 178, 254

Útsvör. Sjá skattar og gjöld.

Valdmörk stjórnvalda.

Samkvæmt tillögum framfærslunefndar Rvíkur úrskurðaði lögreglustjóri samkvæmt III. kafla laga nr. 135/1935 ekkju meðlag með öðrum tveggja drengja hennar, en synjaði henni meðlags með hinum drengnum. Síðar ákvað hann henni einnig meðlag með síðarnefndum dreng að boði ráðuneytis, er tjáðist hafa í höndum skýrslur þessari niðurstöðu til styrktar, en með því að þessar skýrslur voru ekki lagðar fyrir framfærslunefnd til álita, þótti greind úrlausn ráðuneytis og lögreglustjóra ekki lögmætur grundvöllur greiðsluskyldu bæjarsjóðs 211

A fékk leyfi byggingarnefndar og bæjarstjórnar í Rvík til þess að reisa íbúðarhús á lóð sinni gegn því að hann léti spildu af lóðinni undir götu. A reisti húsið, og stjórnvöld bæjarins lögðu götu um lóðarspilduna. Nokkrum árum seinna var réttur A til endurgjalds úr bæjarsjóði fyrir lóðarspilduna viðurkenndur með dómi, þar sem heimild brast að lögum til að binda byggingarleyfið greindu skilyrði 225

Dómstólar áttu dóm um það, hvort samþykktir fiskræktar- og veiðifélags færu í bága við lög nr. 61/1932, enda þótt ráðherra hefði samþykkt þær 257

Valdstjórn og allsherjarregla. Sjá lögreglumenn.

Vangeymsla. Sjá aðgerðaleysisverkanir.

Varðhald. Sjá refsingar.

Varðskip.

Skipstjóri togara var sýknaður af kæru um fiskveiðar í landhelgi. Ríkissjóði var síðan stefnt til skaðabóta vegna töku togarans. Skipherra varðskips þess, sem tekið hafði togarann, markaði til afnota í skaðabótamáli þessu á sjóupp-

drátt miðunarlínur og mælingar varðskipsins. Héraðsdómari taldi þenna uppdrátt skipherrans ekki hafa fullt sönnunargildi, þar sem skipherrann gæti ekki talizt óviðriðinn málið. Hæstiréttur taldi uppdráttinn hafa fullt sönnunargildi, eins og önnur opinber skjöl, og yrði hann því að teljast réttur, unz annað sannaðist 115

Varnarþing.

a) Einkamál.

Ákveðið var í skuldabréfi, sem tryggt var með veði í fasteign í Siglufirði, að mál til heimtu skuldarinnar skyldi rekið á Akureyri, þótt annar skuldunauta væri búsettur í Siglufirði, en hinn erlendis 87

Ábúandi jarðar í Barðastrandarsýslu sækir mál til gildis forkaupsrétti sínum að jörðinni fyrir aukarétti Barðastrandarsýslu og stefnir manni, búsettum í Reykjavík, og bankaráði Landsbanka Íslands 108

Mál gegn Síldarútvegsnefnd höfðað eftir samkomulagi aðilja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 146

Mál til heimtu andvirðis áburðar sótt í heimaþingha Áburðareinkasölu ríkisins samkvæmt 82. gr. laga 85/1936 207

Mál til innlausnar veiðiréttinda í Hvítá í Borgarfirði samkvæmt 3. gr. laga nr. 61/1932 sótt í Reykjavík á hendur dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem átti réttindin 239

Mál til gildis forkaupsrétti að jörð í Eyjafirði rekið fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu á hendur Kreppulánasjóði og aðiljum í Eyjafirði 270

Mál gegn manni, er heima átti á Ísafirði, rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 291

Mál á hendur Alþýðusambandi Íslands og Iðju félagi verkafólks á Akureyri til skaðabóta vegna vinnuvörnunar rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur .. 382

A, sem tjáði sig fást við atvinnurekstur í Siglufirði á síldarvertíð, en eiga heimili á Seltjarnarnesi, var ábyrgðarmaður leigugjalds fyrir tvo snurpunótabáta um síldarvertíð 1940 í Siglufirði. Eftir

öllum atvikum virtist leigan hafa átt að gjaldast í Siglufirði í lok síldarvertíðar. A var enn í Siglufirði, þegar sáttakæra og stefna var birt í máli á hendur honum til heimtu leigunnar. Samkvæmt þessu var heimilt að höfða mál þetta á hendur honum fyrir dómi í Siglufirði eftir ákvæðum 80. gr. laga nr. 85/1936 486

b) Opinber mál.

Togari, sem gerður var út frá Akranesi, var tekinn vegna landhelgibrots út af Arnarfirði. Málið var rannsakað og dæmt í Barðastrandarsýslu 465

Vátrygging. Sjá einnig slysatrygging.

Forstjóri hlutafélags (H) sem starfaði að vátryggingum fyrir vátryggingarfélag (V) og tveir starfsmenn H sögðu forstjóra V hafa í návist þeirra heitið að líftryggja skipverja á hafskipi eimskipafélags samkvæmt ákvæðum um styrjaldartryggingu í samningi útgerðarmanna og sjómanna 7. október 1939. Fyrirsvarsmaður V gekkst ekki við þessu heiti. Þar sem mál eimskipafélagsins á hendur V til efnda slíks heitis varðaði H fjárhagslega og forstjóra H siðferðislega, voru greind vitni ekki metin lögfull. Úrslit málsins voru látin velta á synjunareiði fyrirsvarsmanns V 413

Veð.

A veitti B og C veðrétt í bifreið sinni. Deginum fyrir þinglýsingu verðbréfanna kyrrsetti D bifreiðina. Þremur dögum eftir kyrrsetninguna lét sveitarstjórnin í Rvík skrifa upp bifreiðina samkv. 48. gr. framfærslulaga nr. 135/1935, og var uppskriftin þinglesin. Að svo búnu gerði D fjárnám í bifreiðinni eftir dómi í kyrrsetningarmálinu, og nokkru síðar gerðu B og C fjárnám í henni. Bifreiðin var nú seld á uppboði eftir kröfu fjárnámshafa. Allir aðiljar lögðu síðan ágreining sinn um skiptingu uppboðsandvirðisins undir úrskurð uppboðsdóms. Þar sem veðréttir B og C voru löglega til orðnir og þinglesnir, áður

en uppskriftin fór fram, gengu þeir fyrir rétti samkvæmt henni. Kyrrsetningin varð að víkja bæði fyrir veðréttunum og uppskriftargerðinni, með því að kyrrsetningin veitir einungis rétt gegn ráðstöfunum skuldunauts, en afstýrir ekki aðgerðum lánardrottna. Sveitarstjórnin í Rvík áfrýjaði og stefndi B og C, en úrskurður uppboðsdóms var um skipti aðilja staðfestur í hæstarétti að öðru leyti en því, að B og C var ekki dæmdur veðréttur í uppboðsandvirði fyrir málskostnaði, þar sem þeir höfðu einungis veðrétt í uppboðsandvirði á hendur veðsala 104

A framseldi B, er lagði honum fé til framfærslu, skaðabótakröfu, er A sótti fyrir dómstólum á hendur vátryggingarfélagi. Skyldi B fá greidda skuld sína af væntanlegum skaðabótum, en skila A afganginum af þeim, ef einhver yrði. Málið var síðan rekið í nafni A, en á kostnað B. Nokkru síðar gerði C fjárnám fyrir skuld sinni á hendur A í téðri skaðabótakröfu. Þegar dómur í skaðabótamálinu var genginn í hæstarétti, var skuld A við B orðin hærri en hinar dæmdu skaðabætur. Þar sem framsal A til B var tryggingarráðstöfun, að því leyti sem fullnægja átti kröfum, er B síðar eignaðist á hendur A, og þar sem við framsalið hafði ekki verið gætt þeirra reglna, sem nauðsynlegar eru til stofnunar lögmæts veðs, tilkynningar til skuldunauts, þá varð framsalið að víkja fyrir fjárnáminu, sem ekki hafði verið áfrýjað 291

Vegagjald. Sjá skattar og gjöld.

Veiði. Sjá laxveiði og silungs.

Venja.

Sagt í héraðsdómi, að það sé alkunn venja í Siglufirði, að síldarverksmiðjur taki við síld á sunnudögum, meðan nægilegt þróarrúm er fyrir hendi 153

Verðlag.

Verzlun A var tilkynnt til firmaskrár sem umboðs- og heildsöluverzlun, og í símaskránni var hún

skráð með þessu heiti. Í verzluninni var ekki regluleg sölubúð, heldur einungis skrifstofur, og fór þar fram sala á húsgagnaáklæði með smásöluálagningu. Kaupunautar voru einkum húsgagnabólstrarar, er seldu húsgögn. Kváðust þeir álíta sig skipta þarna við heildsöluverzlun, enda hafi þeir síðan lagt á vöruna sem næst lögheimilli smásöluálagningu. A var talinn hafa komið fram sem heildsali gagnvart kaupunautum sínum og því brotið ákvæði 3. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1937 um verðlag á vörum, sbr. auglýsingu ráðuneytis 11. febrúar 1939 og auglýsingar verðlagsnefndar 17. febrúar og 13. apríl s. á., og var honum refsað eftir 3. mgr. 13. gr. laga um verðlag nr. 118/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar var til þess litið, að eftirlitsmaður verðlagsnefndar, sem athugað hafði nokkrum sinnum verðlagningu A, hafði ekki áminnt hann, áður en hann var kærður fyrir lögreglustjóra. Ákvæði héraðsdóms um upptöku ólöglegs ágóða var úr gildi fellt, með því að ekki varð séð, hvernig hann var reiknaður, enda hafði A ekki, svo séð yrði, verið veitt færi á að gæta réttar síns í því sambandi 405

Verkfall.

Styrktarsjóður Sveinafélags múrara í Reykjavík ekki talinn undanþeginn fjárnámi eftir 8. gr. laga nr. 80/1938 til tryggingar skuld samkvæmt dómi félagsdóms, með því að eitt hlutverk sjóðs þessa er að veita félagsmönnum styrk, ef verkfall eða verkbann kemur til framkvæmda þeim til atvinnumissis 367

Félagi verksmiðjufólks í kaupstað var talið heimilt að hefja verkfall í því skyni að fá viðurkenningu verksmiðjueigenda á staðnum á því, að félagið væri réttur aðili fyrir hönd verksmiðjufólks þar um heildarsamning varðandi vinnukjör þess. Framkvæmd verkfallsins var ekki talin ólögleg eða skaðabótaverk gagnvart A, sem vann í verk-

smiðju í kaupstaðnum, með því að ekki voru leiddar sönnur að því gegn neitun téðs félags, að A, sem var ófélagsbundinn verkamaður, hafi með valdi eða hótun um valdbeitingu verið varnað inngöngu í verksmiðjuna til vinnu .. 382

Verzlun, verzlunarhættir. Sjá verðlag.

Vettvangsmál. Sbr. fasteignamál, landamerkjamál.

Merkjadómur Reykjavíkur fer með og dæmir mál út af ágreiningi um eignarrétt og umferðarrétt að gangræmu um lóðir í Reykjavík 189
Tveir samdómendur dæma ásamt héraðsdómara mál varðandi umferðarrétt um lóð í kaupstað 320

Vextir.

Vextir dæmdir frá útgáfudegi sáttakæru eða héraðsstefnu samkvæmt kröfu þar um 32, 76, 136, 183, 246, 264, 345, 455, 488
6% ársvextir dæmdir af dæmdri fjárhæð samkvæmt kröfu stefnanda 21, 136, 146, 153, 207, 246, 287, 455
6% ársvaxta krafizt í héraði, en héraðsdómari tók einungis 5% vexti til greina. Í hæstarétti var síðan einungis krafizt 5% vaxta og hærri vextir því ekki dæmdir þar .. 264, 298, 307, 488
Einungis krafizt 5% ársvaxta 32, 82, 91, 115, 122, 183, 345, 500
Hlutafélagi dæmt lofað hlutarframlag ásamt 6% ársvöxtum frá gjalddaga 21
Skipstjóri togara var dæmdur til greiðslu sektar af héraðsdómi fyrir ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, og var sektin greidd í ríkissjóð. Síðar var skipstjórinn sýknaður af verknaði þessum í hæstarétti. Ríkissjóður var dæmdur skv. kröfu til greiðslu 5% vaxta af sektarfénu um tímabil það, er hann hafði það í vörzlum sínum 115
Í máli til heimtu umboðssölulauna af síld voru vextir dæmdir frá gjalddaga 146
Vextir af skaðabótum vegna samningsrofa einungis dæmdir frá sáttakærudegi, þrátt fyrir kröfu í

hæstarétti um vexti frá þeim tíma, er samningurinn var rofinn 153
Mál til heimtu andvirðis seldrar vöru var látið velta á eiði ætlaðs skuldunauts. Ef hann féllist á eiðnum, skyldi hann greiða skuldina ásamt vöxtum frá gjalddaga 207
Samið hafði verið um að skuld skyldi vera vaxtalaus, og voru vextir því ekki dæmdir 215
Vextir af víxilkröfu dæmdir frá gjalddaga 287
Maður hafði áframhaldandi viðskipti við verzlun árum saman. Hann var dæmdur til að greiða vexti af skuldinni, eins og hún var um hver áramót, enda var ósannað af hans hendi, að honum hefði verið heitið undanþágu frá vaxtagreiðslu 307
Vextir af örorkubótum dæmdir frá þeim tíma, að þeirra var fyrst krafizt úr hendi Tryggingarstofnunar ríkisins 313
Vextir af kröfum út af félagsslitum og bókaforlagi dæmdir frá þeim tíma, er félaginu var slitið .. 386
Fjárhæð, sem dæmd var í gagnsök máls, var ekki dregin frá fjárhæð, sem dæmd var í aðalsök, með því að 6% vaxta var krafizt í aðalsök, en ekki nema 5% í gagnsök 386
Í máli til heimtu bóta fyrir lögnumið erfðaleiguland voru vextir dæmdir frá þeim tíma, er krefjendur misstu afnot landsins 500

Vinnusamningar.

A, sem búsett var erlendis, réðst á hattasaumastofu B hér á landi gegn ákveðnu mánaðarkaupi og gegn því, að B gyldi ferðakostnað hennar hingað til lands og aftur til útlanda, þegar vinnusambandinu væri lokið. A taldi ráðningartímann óákveðinn, sagði upp starfanum eftir nokkra mánuði og krafðist eftirstöðva kaups síns. B, sem taldi A hafa verið ráðna til eins árs, hafði uppi gagnkröfu til skaðabóta út af samningsrofum. Staðhæfing B var studd af vottorði erlendra húsbænda A, sem milligöngu höfðu við ráðninguna. Ólíklegt þótti, að B hefði játað greiðslu

ferðakostnaðar, ef vinnutíminn hefði átt að vera óákveðinn. Greinargerð A fyrir héraðsdómi var og nokkuð loðin. Ráðning til árs var talin sönnuð 82

Færeyskur maður (A) var háseti á bát B um vetrarvertíð og einnig um síldarvertíð sumarið eftir. A krafði B um kaup, sem svaraði til 200 króna mánaðarkaups frá lokum vetrarvertíðar 12. maí til 31. s. m., en B kvaðst hafa veitt A fæði út maímánuð, þar sem A hefði verið vegalaus, og auk þess greitt honum 50 krónur fyrir ýmis viðvik á þessum tíma. Með því að A gerði enga grein fyrir því, hvernig vinnu sinni hjá B hefði verið háttað á téðum tíma, þótti hann ekki eiga kröfu til meira kaups fyrir hana en B vildi greiða honum, þ. e. 50 krónur auk fæðis. Laun A við síldveiðarnar áttu að miðast við afla, þó svo, að þau yrðu ekki minni en 200 krónur um mánuð hvern auk fæðis. A þótti eiga kröfu á háseta-kaupi á bátnum á leiðinni til síldarverstöðvar og þaðan aftur, með því að hann hélt því ómótmælt fram, að hann hefði unnið algeng háseta-störf á sjóferðum þessum. Í síldarverinu vildi A fá 300 krónur um mánuðinn auk fæðis, þar sem hann hefði unnið matsveinsstörf. B viðurkenndi, að A hefði unnið matsveinsstörf meðfram nokkurn hluta tímans, enda hefði verið greitt fyrir það aukreitis 100 kr. A, sem ekki kunni sérstaklega til þessara starfa, þótti ekki eiga tilkall til frekari þóknunar fyrir þau 136

Vinnuvörnun. Sjá verkfall.

Vitni. Sbr. líkur, mat og skoðun, sönnun.

Bifreiðarstjóri vitnaði, að hann hefði bent B á A sem líklegan áfengissala. Hafði B síðan farið inn í hús A í vetrarfrakka, en komið þaðan aftur frakkalaus. B kvaðst hafa fengið eina flösku víns hjá A og lagt frakka sinn að veði fyrir henni. Lögreglumenn fundu vínflösku í vörzlum hans, er hann kom út úr húsinu. Nokkur vitni töldu sig hafa keypt vín af A hvert í sínu

lagi, og tveir bílstjórar sögðust hvor í sínu lagi hafa oft keypt mikið áfengi í áfengisverzlun fyrir A og flutt það heim til hans. Fullnaðarsönnun talin fram komin á hendur A 1
Skýrsla sjónarvitnis um ryskingar tveggja manna, er annar þeirra hlaut áverka af, lögð til grundvallar, að svo miklu leyti sem það greindi viðureignina. Skýrslan studdi að mestu frásögn þess, sem fyrir áverkanum varð 5
Skýrsla þriggja vitna um áfengiskaup þeirra hvers í sínu lagi hjá A ásamt ýmsum öðrum líkum talin nægileg sönnun fyrir áfengissölu A 11
Tveir farþegar í bifreið töldu bifreiðarstjórann hafa verið allmjög ölvaðan við akstur. Tveir aðrir farþegar kváðust ekki hafa orðið þess varir, að hann væri ölvaður, og tveir bifreiðarstjórar, sem áttu tal við hann eftir aksturinn, sögðust ekki hafa skynjað, að hann væri ölvaður. Ölvun ekki talin sönnuð á hendur honum 16
Héraðsdómari víttur fyrir að vanrækja að yfirheyra ýmis vitni um kæru á hendur bílstjóra fyrir ölvun við akstur bifreiðar 16
Vitni gefa skýrslu um bifreiðarslys og ölvun bifreiðarstjórans 25
Skýrsla fimm vitna um áfengiskaup þeirra hvers í sínu lagi hjá A ásamt ýmsum öðrum líkum talin nægileg sönnun um áfengissölu A 70
Stúlka vann eið að skýrslu sinni um vist sína í bíl A, áfengisneyzlu þeirra þar og akstur A í ölvunarástandi. Lögreglumaður og annar maður, B, sáu stúlkuna og karlmann koma út úr bíl við íbúðarhús A og karlmanninn fara þangað heim, en B taldi bílinn ekki hafa verið við húsið lítilli stundu áður. Vætti þessara manna og áfengi í blóði A leiddi til sakfellingar hans fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögunum 164
K nefndi M föður að laungetnu barni sínu, sem hún taldi komið undir á heimili M tiltekinn dag, en þá var hún þar gestkomandi ásamt karlmanninum N og stúlkunni O. Líkur voru gegn því, að þessar persónur hefðu verið á heimili M nefnd-

an dag, en af vitni þeirra N og O mátti ráða, að samfundur þeirra þar hefði verið á getnaðartíma barnsins, því að einungis á þeim tíma bjó O í húsinu G, en þangað kveða vitnin N hafa ekið O af téðum samfundi. Úrslit málsins voru látin fara eftir sönnunareiði K 174
Fimm lögreglumenn, læknir o. fl. kváðust hafa séð vín á A, er ekið hafði bíl út af vegi. Nokkur önnur vitni kváðust ekki hafa tekið eftir því, að hann væri með áhrifum áfengis, og bróðir A, sem sagðist hafa verið með honum, staðfesti þá skýrslu hans, að hann hefði einungis neytt einnar flösku af pilsner. A var sakfelldur samkvæmt bifreiðalögum, enda studdi áfengisrannsókn á blóði hans sögu þeirra, er séð höfðu vín á honum 197
Sjónarvitni að bílslysi gefa skýrslu um akstur bifreiðar, hraða og önnur atriði, er slysið vörðuðu 197
Sagt, að leggja yrði frásögn bifreiðarstjóra, sem kærður var fyrir manndráp af gáleysi, um aksturshraða hans, er slysið varð, til grundvallar, þar sem skýrslur sjónarvitna um hraðann voru óljósar 231
Lögreglumenn vanrækja að taka skýrslu af fjögra ára telpu, sem var sjónarvottur að því, að bíl var ekið á tveggja ára barn, en annarra sjónarvotta var ekki völ 250
Regla 2. mgr. 133. gr. laga nr. 85/1936 um heimild vitnastefnda til að láta spyrja vitni um allt, er hann hyggur máli skipta, enda þótt hann hafi ekki stefnt því til vitnisburðar, talin eiga fullkomlega við um staðfestingu matsgerða, sbr. 2. mgr. 140. gr. sömu laga, sem vísar um staðfestingu matsgerða til 130.—134. gr. sömu laga, eftir því sem við á 284
Aðilja ekki veittur frestur í hæstarétti til vitnaleiðslu gegn mótmælum gagnaðilja, þar sem frestbeiðanda hafði verið þess nægur kostur að leiða vitni, meðan málið var fyrir héraðsdómi 298
Farþegar í bíl gefa skýrslu um aðdraganda bílslyss 345

Drengir, sem urðu fyrir ástleitni kynvillts manns, krafðir vættis 358, 472
Forstjóri hlutafélags (H), sem starfaði að tryggingum fyrir vátryggingarfélag (V), og tveir starfsmenn H tjáðu forstjóra V hafa lofað að gefa út líftryggingarskírteini handa skipverjum á hafskipi E samkvæmt ákvæðum um styrjaldartryggingu í samningi útgerðarmanna og sjómanna 7. okt. 1939. Þar sem mál þetta varðaði H fjárhagslega í allríkum mæli og forstjóra H siðferðislega, töldust vitni þessi ekki lögfull 413

Víxlar.

A samþykkti víxil í virkum sterlingspundum til lúkningar viðskiptum sínum við erlent firma. Umboðsmaður firmans hér á landi mátti vita, að A hafði ekki á valdi sínu samkvæmt íslenzkum gjaldeyrislögum að efna greiðslu þessa eftir aðalefni sínu, enda gat hann ekki aflað sterlingspunda á gjalddaga. Átti umboðsmaðurinn því þá ekki að hafna greiðslu í íslenzkri mynt. Var A því eftir kröfu sinni og varakröfu lánardrottins í hæstarétti dæmdur til að greiða víxilinn í íslenzkri mynt eftir því gengi, sem sterlingspund hafði hér á landi á gjalddaga víxilsins 287
Lánardrottinn var talinn hafa haft réttmæta ástæðu til að afsegja ofangreindan víxil, og var A því dæmdur til að greiða afsagnarkostnað hans .. 287

Vottagjald. Sjá þingvottagjald.

Þingvottagjald.

Þingvottagjald í máli ákveðið samkvæmt 8. gr. laga nr. 85/1938 1 króna um hverja klukkustund eða brot úr klukkustund 325

Þjóðaréttur. Sjá alþjóðalög.

Þjófnaður.

A stóð á verði, meðan drengir fóru inn um glugga, sem þeir höfðu brotið í verzlunarbúð, og stálu þar varningi. Síðar sama dag fór A inn í sömu

búð og stal þar vörum ásamt drengjunum. Þessir verknaðir vörðuðu A við 7. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 4. tl. 231. gr. hegningarlaga 25. júní 1869, og var A refsað eftir 2. mgr. 244. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. þeirra laga 468

Drengir brutust inn í verzlunarbúð og drýgðu þar þjófnað. Tveimur dögum seinna drýgði A þar þjófnað ásamt þeim. Hann var ekki í refsimáli dæmdur til greiðslu iðgjalda, þar sem ekki var komið upp, hverju drengirnir stálu einir og hverju A stal með þeim, né heldur, hverju hafði verið skilað af hvoru þýfinu fyrir sig. Auk þess hafði hvorki eigandi þýfisins verið látinn staðfesta fyrir dómi skýrslu sína um þýfið né skýrslan verið nægilega undir ákærða borin 468

Ærumeiðingar.

Í yfirlýsingu, sem A ásamt fleiri mönnum undirritaði og sendi opinberum starfsmanni, var svo mælt, að vegna þeirrar alkunnu óvildar, sem B bæri til C, teldu yfirlýsendur B „alls ekki vitnisbæra um þau mál, sem snerta nefndan mann". Í þessum ummælum þótti ekki felast nein slík aðdróttun eða móðgun, er A ætti að sæta refsingu fyrir, en hins vegar voru tilvitnuð ummæli ómerkt, með því að A brast rök fyrir svo víðtækri ályktun 40

Maður sektaður fyrir meiðandi ummæli um bæjarfógeta í greinum í vikublaði og dagblaði. Hann bar bæjarfógeta m. a. á brýn, að hann setti á reikninga frá embættisskrifstofu sinni og tæki í sinn vasa á löglausan hátt svonefnd „klareringargjöld" af skipum, er höfnuðu sig í umdæmi hans. Það þótti að vísu óviðeigandi, að bæjarfógeti skráði gjöld þessi á embættisreikninga, svo sem þau væru lögmælt gjöld, en hins vegar var ósannað, að hann hefði tekið gjöldin, án þess að komið hafi á móti af hans hendi nægilegt gagngjald, sem ekki var embættisskylda hans að láta í té. Ummælin um atriði þetta voru því ekki nægilega réttlætt 178

Sagt, að hvernig sem skilja ber tilgreind ákvæði í „Lögbók Góðtemplara“ um dómsvald dómnefnda, er stúkur skipa, þá geti félagar í stúkum ekki, svo bindandi sé, afsalað sér almennt rétti sínum til þess að leita úrlausnar almennra dómstóla um árásir á mannorð sitt 352

Ábyrgðarmaður blaðs var sýknaður í máli ákæruvaldsins gegn honum til refsingar eftir 102. gr. hegningarlaga frá 1869 fyrir meinyrði um yfirskattanefnd í blaði hans, þar sem ákæruvaldið átti ekki sókn þeirrar sakar 512

Örorkubætur. Sjá slysatryggingar.

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: **Hæstiréttur.**

XXI. árgangur. **1940.**

Föstudaginn 12. janúar 1940.

Nr. 112/1939. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Axel Ármanni Þorsteinssyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Þrátt fyrir neitun kærða verður að telja sannað, að hann hafi selt Birgi Runólfssyni eina flösku af whisky aðfaranótt 15. febrúar 1939. Hefur kærði með því gerzt sekur við 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, og ber því að staðfesta hann að niðurstöðu til, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 9. okt. 1939.

Ár 1939, mánudaginn 9. október, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1968/1939: Valdstjórnin gegn Axel Ármanni Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 5. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Axel Ármanni Þorsteinssyni, atvinnulausum verkamanni, til heimilis á Skólavörðustíg 46 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1924 $^{8}/_{12}$ Kærður fyrir þjófnað. Málið afgreitt til dómara.
1925 $^{6}/_{2}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 $^{7}/_{7}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{2}3/_{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 kr. sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.
1935 $^{3}/_{6}$ Sætt: 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1935 $^{16}/_{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 kr. sekt og 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.
1935 $^{6}/_{12}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{3}/_{6}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Ekki talin ástæða til opinberra aðgerða.
1936 $^{12}/_{10}$ Sætt: 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1937 $^{2}/_{5}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar.
1937 $^{14}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 króna

sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti 19/11 1937.

1938 ½ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2200 króna sekt fyrir áfengissölu. Staðfest í hæstarétti 27/4 1938.

1938 23/4 Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.

1938 29/4 Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.

1938 30/7 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 króna sekt fyrir brot gegn 16. gr. 1. mgr. sbr. 36. gr. áfengislaganna nr. 33/1935.

1939 15/2 Undir rannsókn fyrir meinta áfengissölu. Féll niður vegna sannanaskorts.

1939 9/5 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður:

Undanfarið hefir lögreglan haft grun um, að kærði fengist við áfengissölu. Hafa í rannsókn málsins komið fram fjögur vitni, sem hafa borið, að þau hafi keypt áfengi af kærða heima hjá honum, en sameiginlegt er það öllum þessum tilfellum, að enginn þriðji maður er til frásagnar. Skal nú vikið að hverju vitni fyrir sig.

Vitnið Birgir Runólfsson skýrir svo frá, að aðfaranótt miðvikudagsins 15. febrúar s. l. hafi hann hitt mann við Hótel Heklu hér í bæ. Þeir höfðu báðir bragðað áfengi og munu hafa viljað fá sér meira, en báðir voru peningalausir. Hinn maðurinn bauðst þá til að setja vetrarfrakka sinn að veði fyrir áfengi, ef vitnið gæti útvegað það. Vitnið náði í Ingvar Vilberg Brynjólfsson, bifreiðarstjóra, og bað hann að aka með sig til einhvers áfengissala. Bifreiðarstjórinn ók að húsi kærða og benti vitninu á að reyna að fá áfengi þar. Vitnið fór inn með frakkann, hitti kærða og fékk hjá honum eina flösku af whisky, sem kostaði kr. 21.00, setti frakkann að veði fyrir andvirðinu, og átti hann að leysast út daginn eftir. Þegar þetta gerðist, var vitnið lítilsháttar undir áhrifum áfengis. Það, sem nú hefir sagt verið um bifreiðarstjórann, hefir hann staðfest. Hann hefir og borið, að hann hafi heyrt, að kærði seldi áfengi, og stundum hafi hann ekið mönnum í námunda við hús þetta og hefir grunað, að þeir keyptu þar áfengi. Bifreiðarstjórinn sá, að vitnið fór inn í vetrarfrakkanum, en kom út frakkalaust. Þegar vitnið kom út frá

kærða, var lögreglan þar fyrir og gekk úr skugga um, að hann var með whiskyflösku á sér, og sagði hann lögreglunni þá þegar, að hann hefði keypt flöskuna fyrir kr. 21,00 og sett frakkann að veði.

Vitnið Þorvaldur Þorkelsson, prentari, hefir borið, að hann hafi 4—5 sinnum á þessu ári keypt brennivín af kærða heima hjá honum og þar af hafi hann keypt tvo whiskypela, nærri fulla af brennivíni, af honum síðari hluta sunnudagsins 27. ágúst s. l. fyrir alls krónur 11.00. Kveðst vitnið aldrei hafa verið allsgáð, þegar kaupin fóru fram, og er fremur óákveðið í framburði sínum.

Vitnið Óskar Nikulásson Erlendsson, klæðskerameistari, hefir borið, að hann hafi stöku sinnum keypt áfengi af kærðum, þó ekki nýlega, nema í eitt skipti um mánaðamótin júlí og ágúst s. l. Þá keypti hann af kærða í eldhúsinu heima hjá honum einn whisky-pela með brennivíni fyrir kr. 5,50. Annan brennivínspela kveðst vitnið hafa keypt af kærða um síðustu jól.

Vitnið Jóhann Garðar Björnsson, vélsmiður, kveðst um kl. 5—6 laugardaginn 9. f. m. hafa farið heim til kærða og keypt af honum whiskypela, axlafullan af brennivíni, fyrir kr. 5,50.

Framantalin vitni, sem kveðast hafa keypt áfengi af kærða, hafa öll staðfest framburði sína með eiði.

Kærði hefir neitað að hafa selt vitnum þessum áfengi, síðan hann var síðast dæmdur fyrir áfengissölu, og hefir hann undir öllum rekstri málsins neitað sekt sinni.

Fólksflutningsbifreiðarstjórarnir Þorleifur Gíslason og Sofus Ingvar Bender hafa borið, að þeir hafi hvor í sínu lagi undanfarinn vetur og sumar keypt mikið áfengi fyrir kærða í áfengisverzluninni og flutt heim til hans. Hafi hvor þeirra keypt sem næst vikulega fyrir hann 10—15 flöskur. Að þessu hafa báðir bifreiðarstjórarnir unnið eið. Kærði hefir neitað, að þessir framburðir væru réttir, en segir, að bifreiðarstjórarnir hafi stöku sinnum keypt fyrir sig eina eða tvær flöskur.

Þá hefir kærða verið boðið að gera grein fyrir, af hverju hann hafi lifað undanfarið. Það hefir kærða ekki tekizt. Verður ekki hirt um hér að gera grein fyrir skýrslu hans um þetta atriði, en hún er mestmegnis vífilengjur einar.

Þrátt fyrir neitun kærða um áfengissölu, þykir, eins og

málsatvikum nú hefir verið lýst, og með tilliti til fortíðar kærða nægilega sannað, að hann hafi, frá því hann síðast var dæmdur fyrir áfengissölu, gerzt sekur um sölu áfengis, og ber að heimfæra brot hans undir 15. sbr. 33. gr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 75 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og greiði 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 75 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. janúar 1940.

Nr. 90/1939. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Steingrími Magnúsi Guðmundssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Líkamsárás.

Dómur hæstaréttar.

Í framhaldsprófum í máli þessu hefir það verið upplýst, að Gunnar Sigursveinn Arnbjarnarson hafi komið nokkuð oft í íbúð Þorsteins Þorsteinssonar á Njálsgötu 15 A og neytt þar víns, einkum að kvöldi til, og má telja það komið í ljós, að það hafi haft í för með sér nokkur óþægindi fyrir húsráðendur, for-

eldra ákærða. Ákærði hafði því ástæðu til að bægja Gunnari frá inngöngu í húsið eftir miðnætti aðfaranótt 12. maí 1939, enda var Gunnar þá undir áhrifum áfengis. Hinsvegar verður að telja, að ákærði hafi beitt óþarflega mikilli harðneskju, er hann varnaði Gunnari inngöngu, og geti því ekki komizt hjá því að sæta refsingu fyrir áverka þann, er Gunnar hlaut í viðskiptum þeirra. Varðar brot hans við 205. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing fyrir það hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá því að ákærða verður tilkynnt, að refsiákvæði dóms þessa verði fullnægt, ef því verður að skipta. Með skírskotun til þess, að málsbætur voru fyrir hendi, eins og að ofan segir, þykir mega ákveða frestun á fullnustu refsingarinnar samkvæmt lögum nr. 57/1933, og niður skal hún falla að fimm árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Svo verður og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Steingrímur Magnús Guðmundsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá því, er honum verður tilkynnt, að refsiákvæði dóms þessa verði fullnægt, ef því verður að skipta. En fresta skal

fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. júlí 1939.

Ár 1939, fimmtudaginn 13. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, settum lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1414/1939: Réttvísin og valdstjórnin gegn Steingrími Magnúsi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms þann 22. júní s. l.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Steingrími Magnúsi Guðmundssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Njálsgötu 15 A hér í bæ, fyrir brot gegn 18. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. apríl 1907, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1930 $^{2}/_{4}$ Sátt: 15 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot.
1930 $^{25}/_{10}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
1931 $^{2}/_{3}$ Sátt: 250 kr. sekt fyrir bannlagabrot.
1931 $^{3}/_{3}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{13}/_{11}$ Sátt: 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
1936 $^{1}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 50 kr. sekt fyrir brot gegn 48. gr. lögreglusamþykktar Reykjavík-

ur, en sýknaður af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 12. kap. alm. hegningarlaga.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Á neðri hæð hússins Njálsgötu 15 A býr eigandi hússins, Guðmundur Guðmundsson, og sonur hans, ákærður, en á efri hæðinni Þorsteinn Þorsteinsson, bifreiðastöðvarstjóri. Þannig hagar til, að af sömu útitröppunum, sem eru nokkuð háar steintröppur, sem glögglega sjást frá götunni, liggja tveir inngangar í húsið, annar inn á neðstu hæðina, en hinn inn á þá efri, og er sá síðarnefndi fjær götunni.

Að kvöldi fimmtudagsins 11. maí s. l. var Gunnar Sigursveinn Arnbjarnarson, bifreiðarstjóri, Hörpugötu 23, staddur í íbúð Þorsteins Þorsteinssonar ásamt Þorsteini og öðrum manni, og voru þeir við skál, og kveðst Gunnar hafa verið nokkuð undir áhrifum áfengis, þegar það atvik gerðist, er mál þetta fjallar um. Kl. að ganga eitt um nóttina hringdi Gunnar á bifreiðastöðina Bifröst og bað um, að sér yrði send bifreið að húsinu Njálsgötu 13, en hann bað um, að hún yrði stöðvuð þar sökum þess, að annars kynni fólkið á neðri hæðinni á Njálsgötu 15 A að verða fyrir ónæði af komu hennar. Bifreið kom og nam staðar framan við húsið nr. 13. Þegar Gunnar bjóst við, að bifreiðin væri að koma, fór hann út úr húsinu, en lokaði ekki á eftir sér útidyrunum. Hann gaf bifreiðarstjóranum merki og ætlaði síðan að fara inn aftur til að kveðja. Ákærður hafði heyrt inn á neðri hæðina, að gengið var út úr húsinu og útidyrahurðinni var ekki lokað. Hann gekk því út á húströppurnar, en þegar hann kom þangað, var Gunnar að koma að útidyrunum, sem liggja að ganginum upp á efri hæðina. Ákærður gekk í veg fyrir Gunnar og sagði, að það kæmi ekki til mála, að hann færi inn í húsið að nóttu til drukkinn.

Nú greinir Gunnar og ákærðan á um, hvað gerðist. Frásögn Gunnars er á þá leið, að hann kveðst hafa sagt ákærðum, að hann þyrfti að fara inn, en ætlaði síðan að fara. Ákærður hafi þá slegið sig á nefið, svo að hann hafi fengið fossandi blóðnasir. Kveðst hann þá hafa spurt ákærðan, hvað þetta ætti að þýða, en þá hafi ákærður slegið undan sér fæturna og barið sig heljar mikið högg á augað, þar sem hann lá, og síðan hent sér niður tröppurnar. Ákærður skýrir svo frá, að þegar hann hafi sagt Gunnari, að ekki kæmi til mála, að hann færi inn í húsið, hafi Gunnar ætlað

að ryðjast inn, en ákærður hafi þá staðið fyrir og varnað honum inngöngu. Hafi orðið úr þessu fangbrögð og ryskingar þeirra á milli, og Gunnari tekizt að ryðja ákærðum inn í forstofuna, og þar hafi þeir skollið báðir í stigann, en tröppur hans eru með járnbrúnum. Ryskingarnar hafi haldið áfram og ákærðum tekizt að koma Gunnari út á tröppurnar, og þar hafi þeir velzt um og eitthvað niður í tröppurnar, en þar hafi ákærður staðið upp og gengið inn og þannig skilið með þeim. Hefir ákærður eindregið neitað að hafa slegið Gunnar í þessari viðureign eða hrint honum eða hent niður tröppurnar.

Að þessari viðureign var, svo vitað sé, einungis eitt vitni, Páll Þórðarson, bifreiðarstjóri, sá er stýrði bifreið þeirri, er beið Gunnars úti á götunni.

Hann hefir skýrt svo frá, að þegar Gunnar ætlaði inn, hafi ákærður bannað honum inngöngu. Sá nú vitnið, að Gunnar datt inn úr dyrunum og að ákærður fór inn á eftir honum, en kom mjög skjótt út aftur og ýtti Gunnari á undan sér fram á tröppubrúnina, en þegar þangað var komið, sló hann Gunnar höfuðhögg, og hentist Gunnar því niður tröppurnar, skall utan í húsvegginn og lá fyrir neðan tröppurnar, þegar hann nam staðar, en stóð brátt upp.

Vitnið hefir sagzt ekki hafa séð Gunnar gera neitt á hluta ákærðs og ekki einu sinni verja sig, og virtist vitninu hann helzt ekki átta sig á, hvað væri að gerast.

Síðar hefir vitnið tekið fram, að það vilji ekki fullyrða, að Gunnar hafi ekki varið sig eða streitzt á móti ákærðum.

Vitnið hefir staðfest framburð sinn með eiði.

Daginn eftir að atvik þessi gerðust, skoðaði Sveinn Pétursson læknir Gunnar, og segir í vottorði hans um þá skoðun á þessa leið: „Hægra auga er sokkið af bólgu og húðin allt í kring um augað er rispuð og sprungin. Við augað sjálft virðist ekkert vera að athuga. Á enni hægra megin er húðin skröpuð af á 4 × 2 cm svæði. Nefið er stokkbólgið með smásári ofan á nefinu. Það er mjög aumt viðkomu, og öll merki upp á brest í nefbeininu."

Þá hefir verið lagt fram undir rannsókn málsins vottorð sama læknis, dags. 13. f. m., svo hljóðandi: „Gunnar Arnbjarnarson, Hörpugötu 23, hefir verið skoðaður af háls-, nef- og eyrnasérfræðingi (E. Gunnarssyni), er telur brest í nefbeini h. megin. Einnig er nefið skakkt og hnútur hægra

megin. Ef á að rétta nefið, verður að öllum líkindum að brjóta það upp aftur."

Rétturinn lítur svo á, að byggja verði dóm af (svo) hinum eiðfesta framburði vitnisins, svo langt sem hann nær, studdum af framburði Gunnars. Vitnið hefir eigi getað borið glöggt um staðreyndir í upphafi viðureignarinnar og þar til þeir Gunnar og ákærður komu aftur út úr dyrunum. Þykir því eigi vera unnt að segja um það með vissu, hvor þeirra, ákærði eða Gunnar, átti upptökin að handalögmáli þeirra eða ryskingum, og verður vafi um það atriði ákærðum til hags. En þó að svo hafi verið, að Gunnar hafi átt upptökin, gaf atferli hans, eftir að þeir komu út úr dyrunum og vitnið fylgdist með hverri þeirra hreyfingu, ákærðum eigi heimild til að leika hann svo sem hann gerði, og þar sem þau meiðsli hlutust af viðureign þessari, sem framannefnd vottorð lýsa, þykir ákærður hafa gerzt brotlegur við 205. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og 3. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Refsing ákærðs þykir hæfilega ákveðin 150 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Gunnar Sigursveinn Arnbjarnarson hefir krafizt þess, að ákærður verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér í skaðabætur kr. 44,00 fyrir læknishjálp, læknisskoðun og fatahreinsun, kr. 30.00 fyrir vinnutap í 2 daga og kr. 600.00 fyrir nefbrot, glóðarauga, önnur óþægindi og sársauka, er af framanlýstri viðureign hlauzt, eða alls kr. 674,00.

Til vara hefir hann krafizt þess, að sér verði tildæmdar þær skaðabætur, er hæfilegar þyki.

Þessum kröfum hefir ákærður mótmælt á þeim grundvelli, að hann telji sig enga sök eiga á meiðslum Gunnars.

Þar sem sú niðurstaða er fengin, að ákærður hafi á refsiverðan hátt átt sök á meiðslum Gunnars, verður að dæma hann til greiðslu hæfilegra skaðabóta. Fyrir fyrsta kröfuliðnum, kr. 44.00, hefir Gunnar lagt fram reikninga, og verður hann því tekinn til greina. Annar kröfuliðurinn þykir nægilega réttlættur og verður tekinn til greina. Þriðji kröfuliðurinn, kr. 600.00, er þess eðlis, að illt er að ákveða, hvaða upphæð sé hæfileg. Óvarlegt er að taka kröfuna til greina að fullu og þykir eftir atvikum hæfilegt að dæma

300 króna bætur samkvæmt þessum lið. Samkvæmt þessu verður ákærður því dæmdur til að greiða Gunnari kr. 374,00 í skaðabætur.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Adolps Bergssonar lögfræðings, kr. 50,00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Steingrímur Magnús Guðmundsson, greiði 150 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði Gunnari Sigursveini Arnbjarnarsyni kr. 374,00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Adolps Bergssonar lögfræðings, kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. janúar 1940.

Nr. 102/1939. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Berent Karli Berentssyni
(Lárus Jóhannesson).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málslyktum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Berent Karl Berentsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. sept. 1939.

Ár 1939, þriðjudaginn 12. september, var í lögregluréttí Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjórans, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1801/1939: Valdstjórnin gegn Berent Karli Berentssyni, sem tekið var til dóms 11. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Berent Karli Berentssyni, atvinnulausum til heimilis í Tjarnargötu 3 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935. Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. desember 1902, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1922 3/6 Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1925 2/5 Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1927 1/4 Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1927 2/6 Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1928 1/4 Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1930 2/5 Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1930 2/9 Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1932 3/5 Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1933 2/1 Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1934 1/3 Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1934 1/5 Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1934 3/8 Kærður fyrir fylliri og barsmíðar í heimahúsum. Ekki talin ástæða til málssóknar.

1934 $1\frac{1}{9}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $2\frac{6}{10}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1934 $2\frac{8}{10}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1934 $2\frac{7}{12}$ Sætt: 75 kr. sekt og 75 króna skaðabætur fyrir ölvun og mótþróa við lögregluna.
1935 $2\frac{3}{1}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.
1935 $2\frac{8}{1}$ Kærður fyrir sama. Látið falla niður.
1935 $\frac{9}{3}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $3\frac{0}{3}$ Sætt: 30 kr. sekt fyrir ölvun og mótþróa við lögreglu.
1935 $1\frac{3}{5}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $2\frac{1}{6}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1935 $\frac{9}{9}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1935 $1\frac{4}{11}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1936 $\frac{8}{2}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1936 $\frac{6}{3}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1936 $2\frac{2}{7}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1936 $\frac{1}{10}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1937 $2\frac{6}{1}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1937 $1\frac{8}{5}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1937 $1\frac{4}{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1938 $\frac{1}{2}$ Dómur sama réttar: 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 600 kr. sekt fyrir áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $\frac{9}{4}$ 1938, nema sektin hækkuð í 700 krónur.
1938 $1\frac{1}{7}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $\frac{4}{5}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1939 $2\frac{8}{7}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1939 $1\frac{3}{8}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

Undanfarið hefir lögreglan haft sterkan grun um, að kærði seldi stöðugt áfengi. Það er upplýst, að kærði, sem er og hefir verið eigna- og atvinnulaus, hefir engan opinberan styrk fengið og hefir ekki hlotið þá hjálp skyldmenna, að nægt hafi getað til framfærslu hans. Fyrir liggur skýrsla lögreglunnar um, að kærði hafi undanfarið neytt nokkurs áfengis, enda sýnir hegningarvottorð hans það einnig, og að hann, eftir ýmsum ytri kringumstæðum að dæma, skorti ekkert. Þá er það sannað, að kærði hefir undanfarinn langan tíma flesta daga fram á kvöld og stund-

um fram á nætur gengið fram og aftur um göturnar í grennd við höfnina, aðallega Hafnarstræti, Kolasund, Veltusund og steinplanið við höfnina, og hagað sér svipað þeim mönnum, sem uppvísir hafa orðið að sölu áfengis á götunum.

Við handtöku kærða hafði hann á sér fjóra tóma whiskypela og aðra fjóra meðferðis, og í herbergi hans voru tíu tómar brennivínsflöskur og einn peli með brennivíni. Fyrir tómu pelunum hefir kærði gert þá grein, að hann hafi ætlað að eiga þá og nota þá undir ýmislegt, t. d. lýsi, en frekar virðist það ósennilegt, þar sem um einhleypan mann er að ræða.

Þrjú vitni hafa komið fram í málinu, sem borið hafa, að kærði hafi selt þeim áfengi. Vitnið Haukur Magnússon, koparsmiður, hefir borið, að kvöld eitt fyrir fáum vikum hafi sig langað í vín eftir lokunartíma áfengisbúðarinnar og þá hitt kærða í Hafnarstræti og falazt eftir áfengi hjá honum. Gengu þeir þá inn í Kolasund, og afhenti kærði honum þar whiskypela, fullan af brennivíni, og kostaði hann 5 krónur. Enginn þriðji maður var viðstaddur kaup þessi. Þá kveðst sama vitni áður hafa keypt áfengi af kærða nokkrum sinnum og hafi eitthvað af þeim kaupum áreiðanlega farið fram, eftir að kærði var síðast dæmdur fyrir áfengissölu. Þessi kaup fóru fram þannig, að vitnið hitti kærða á götunum, helzt við höfnina, og bað hann þar um áfengi. Fóru kaupin síðan fram einhversstaðar afsíðis.

Vitnið Pétur Hoffmann Salomonsson, fiskkaupmaður, hefir borið, að kvöld eitt seint í síðastliðnum októbermánuði hafi sig langað í vín eftir lokunartíma áfengisbúðarinnar og þá hitt kærða á planinu við Tryggvagötu og keypt þar af honum einn whiskypela, fullan af brennivíni, fyrir kr. 5.50, og fór afhendingin fram í hléi við kaffivagn, sem stóð á planinu. Enginn þriðji maður var þarna viðstaddur. Áður kveðst vitnið hafa keypt áfengi af kærða, en síðan séu mörg ár.

Vitnið Katrín Svava Alexandersdóttir var í vist hjá konu einni hér í bænum sumarið 1938 og fram að mánaðamótum nóvember og desember það ár. Á þessu tímabili sendi húsmóðir hennar hana tíðum á kvöldin, einkanlega um helgar, út til að kaupa áfengi, en vitnið kvaðst þekkja mann,

sem hún gæti keypt af áfengi. Hefir vitnið borið, að fyrra hluta vetrarins hafi hún í tvö eða þrjú skipti keypt brennivín af kærða, sem hún þekkti og hafði heyrt, að seldi áfengi. Í þessi skipti hitti vitnið kærða í Hafnarstræti, og fór hann í öll skiptin með henni inn í forstofu hússins Hafnarstræti 18 og seldi henni þar áfengið, án þess fleiri væru viðstaddir. Áfengið var brennivín í whiskypelum, sem kærði hafði á sér, og kostaði pelinn kr. 5.50. Öll vitnin hafa staðfest framburð sinn með eiði.

Eins og atvikum nú hefir verið lýst og með tilliti til fortíðar kærða, þykja vera fram komnar nægilegar sannanir fyrir því, að kærði hafi síðan hann síðast var dæmdur fyrir áfengissölu, gerzt sekur um áfengissölu, en eigi er unnt að gera sér grein fyrir, hve veruleg hún hefir verið.

Kærði hefir því gerzt brotlegur við 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 1000 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 45 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50,00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Berent Karl Berentsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og greiði 1000 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 45 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. janúar 1940.

Nr. 59/1939. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Þorsteini Guðmundssyni
(Eggert Claessen).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Það þykir ekki vera fram komin örugg sönnun fyrir því, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis við bifreiðarakstur þann 23. júlí 1936, og ber því að sýkna hann af því kæruatriði. Hinsvegar hefir kærði játað á sig neyzlu áfengis við bifreiðarakstur þann 2. ágúst s. á. Varðar þetta brot hans við 5. gr. laga nr. 70 frá 1931 og 21. gr. laga nr. 33 frá 1935, en dæma ber kærða einnig eftir hinum síðartöldu lögum, þótt héraðsdómarinn hafi ekki tilkynnt honum málshöfðun eftir þeim, með því að kærði gekk þess ekki dulinn, að honum var gefin áfengisneyzla við bifreiðarakstur að sök. Refsing kærða þykir samkvæmt 14. gr. laga nr. 70 frá 1931 og 39. gr. laga nr. 33 frá 1935 hæfilega ákveðin 100 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist í 7 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Samkvæmt þessum málslyktum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Meðferð héraðsdómarans, Jóns Steingrímssonar, fyrrverandi sýslumanns í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, á máli þessu hefir verið að ýmsu leyti aðfinnsluverð, og ber einkum að geta eftirtalinna atriða:

1. Málið var upphaflega kært til dómarans 4. maí 1936, en hann hóf ekki rannsókn í því fyrr en 4. september s. á.

2. Rannsóknin er mjög losaraleg og ónákvæm. Ekki hafa verið yfirheyrðir a. m. k. 10 menn, sem ástæða var til að æskja vitnisburðar þeirra um sakargiftirnar á hendur kærða. Einkum hefði átt að krefja sagna Lárus Jónatansson, sem ók bifreiðinni ásamt kærða aðfaranótt 3. ágúst 1936 og virðist þá einnig hafa neytt áfengis eftir framburði kærða að dæma. Einnig hefði átt að yfirheyra vegagerðarmann þann, sem kærði kveður hafa veitt þeim Lárusi áfengi í téð skipti. Ennfremur hefði dómarinn átt að láta alla áfengisvarnarnefndarmenn Kolbeinsstaðahrepps gera grein fyrir því, hvort kærði hafi játað fyrir þeim áfengisneyzlu þann 23. júlí 1936, en um þetta hefir formaður nefndarinnar, sem þó mætti fyrir rétti, ekki einu sinni verið spurður.

3. Loks gleymdi héraðsdómarinn að senda dómsmálaráðuneytinu dómsgerðir málsins eftir uppkvaðningu héraðsdómsins. Fékk ráðuneytið ekki dómsgerðirnar fyrr en sýslumaður sá, sem nú skipar dómarasess í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, fann þær á síðasta ári í sambandi við rekstur annars opinbers máls á hendur kærða. Vegna greindrar yfirsjónar héraðsdómarans, Jóns Steingrímssonar, verður samkvæmt 35 gr. tilsk. 3. júní 1796 að dæma hann til að greiða í fátækrasjóð Stykkishólmshrepps 50 króna sekt, sem afplánist með 5 daga einföldu

fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Þorsteinn Guðmundsson, greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um sviptingu ökuleyfis kærða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Eggerts Claessens, 80 krónur til hvors.

Jón sýslumaður Steingrímsson greiði 50 króna sekt til fátækrasjóðs Stykkishólmshrepps í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 6. febr. 1937.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Þorsteini Guðmundssyni, bifreiðarstjóra á Grund í Kolbeinsstaðahreppi, fyrir brot á 5. gr. bifreiðalaganna nr. 70 frá 1931.

Málavextir eru á þessa leið: Með kæru, dags. 9. ág. 1936,

kærði Guðmundur Jóhannesson, bóndi á Syðri-Görðum, yfir því, að kærði hefði keyrt bifreið undir áhrifum víns á ferð til Reykholts 2. ágúst og á ferð til Borgarness nokkru fyrr.

Við réttarrannsókn útaf kæru þessari neitaði Þorsteinn því eindregið, að hann hefði neytt víns, er hann keyrði bifreiðina SH. 28 til Reykholts 2. ág., en viðurkennir, að er hann kom heim kl. 1 um nóttina, hafi hann farið að kenna Lárusi Jónatanssyni, er var að læra á bifreið hjá honum. Hittu þeir þá vegagerðarmann og fluttu hann suður að Fiflholtum. Var hann með flösku af brennivíni og gaf þeim úr henni og það, sem í henni var, er þeir skildu. Kveðst kærði hafa drukkið á heimleiðinni 2—3 sopa af brennivíni úr flöskunni. Jafnframt segir hann, að Lárus hafi stjórnað bifreiðinni á heimleiðinni.

Samkvæmt þessu hefir kærði viðurkennt, að hann hafi neytt áfengis í bifreið sinni umrædda nótt, og verður það á engan hátt talið honum til afsökunar, að hann eigi keyrði bifreiðina, eftir að hann neytti áfengisins, þegar það er upplýst, að hann var að kenna nemanda, er eigi hafði bifreiðarskírteini, og hlaut þá sem kennari að bera ábyrgð á keyrslunni. Ennfremur verður það að teljast sérstaklega vítavert af honum sem kennara að neyta áfengis, á meðan á keyrslu stóð, og gefa nemanda sínum þar með vont fordæmi.

Að því er snertir þann lið kærunnar, að hann hafi verið undir áhrifum víns á ferð til Borgarness nokkru fyrr, segir kærði, að það sé alveg tilhæfulaust. Hann kveðst hafa farið til Borgarness 23. júlí og þá farið með honum Magnús Magnússon, bóndi á Hraunholtum, og dóttir hans, Kjartan Halldórsson á Oddsstöðum og Guðmundur Halldórsson og Jón Lífgjarnsson á Rauðamel. Kveðst hann alls ekki hafa neytt áfengis um daginn, nema hvað hann hafi drukkið um hádegi hjá Jóni Björnssyni í Borgarnesi 3 lítil staup af brennivíni. Kl. 8 um kvöldið kveðst hann hafa farið frá Borgarnesi, en er hann kom vestur að Hofslæk, sprakk vegarkantur undan öðru afturhjóli bifreiðarinnar, svo taka varð varninginn af til að ná henni inn á veginn. Er þeir voru þarna á veginum, komu þar að á bifreið Magnús Ísleifsson, bifreiðarstjóri í Stykkishólmi, og Jón Sigurgeirsson, bifreiðarstjóri á Vegamótum, með hon-

um. Kveðst mætti hafa verið mjög þreyttur, enda nýlega staðinn upp úr legu eftir meiðsli, og því fengið Jón til að keyra bifreiðina fyrir sig það, sem eftir var.

Af farþegum þeim, sem með bifreiðinni voru umræddan dag, hafa verið yfirheyrð þau: Magnús Magnússon á Hraunholtum og dóttir hans Sigríður og Guðmundur Halldórsson og Jón Lífgjarnsson á Rauðamel. Hafa þau Magnús og Sigríður borið það, að þeim hafi virzt, að kærður væri allmjög ölvaður, er hann keyrði frá Borgarnesi um kvöldið. Hinsvegar hafa þeir Guðmundur og Jón borið það, að þeir hafi ekki merkt á nokkurn hátt, að Þorsteinn væri ölvaður við keyrsluna umræddan dag, en segjast báðir hafa veitt því eftirtekt, að hann var mjög þreyttur, er hann keyrði heim um kvöldið, enda hafi hann þá nýlega verið staðinn upp úr legu. Ennfremur hafa þeir verið yfirheyrðir bifreiðarstjórarnir Magnús Ísleifsson og Jón Sigurgeirsson, og báðir borið það, að þeir hafi ekki getað merkt það, er þeir hittu kærða umrætt kvöld, að hann væri ölvaður.

Formaður áfengisvarnarnefndar Kolbeinsstaðahrepps, Sveinbjörn Jónsson, bóndi á Snorrastöðum, upplýsti, er dómarinn sneri sér til hans, að áfengisvarnarnefndin hefði frétt, að kærður hefði keyrt bifreið ölvaður 23. júlí, og samið þá kæru á hendur honum. Kæruna sendi nefndin þó eigi til sýslumannsins, því er hún kallaði kærða fyrir sig, bað hann sig undan því og „lofaði nefndinni mjög eindregið að láta eigi koma fyrir framvegis, að hann stýrði bíl ölvaður."

Í réttarhaldi 4. sept. var ökuskírteini kærða tekið af honum. Rétturinn verður að líta svo á, að samkvæmt framansögðu sé það viðurkennt af kærðum, að nóttina milli 2. og 3. ág. f. á., er hann var að kenna á bifreið, hafi hann neytt áfengis. Ennfremur að það sé sannað með framburði vitnanna Magnúsar Magnússonar og Sigríðar Magnúsdóttur og á óbeinni játningu kærða fyrir áfengisvarnarnefnd Kolbeinsstaðahrepps, að hann hafi keyrt bifreið ölvaður á leið frá Borgarnesi til Grundar 23. júlí s. l.

Kærður hefir ekki áður verið dæmdur fyrir brot á bifreiðalögunum, en hefir verið sektaður fyrir ölvun og óspektir 9 sinnum í Reykjavík og 1 sinni í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Framangreint brot kærða varðar við 5. gr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70 frá 8/5 1931, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 kr. sekt og missir ökuskírteinis í 6 mánuði.

Kærði greiði allan kostnað málsins.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Þorsteinn Guðmundsson, bifreiðarstjóri á Grund í Kolbeinsstaðahreppi, greiði 100 — eitt hundrað — króna sekt í ríkissjóð, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá skal kærður missa ökuskírteini það, er hann hefir haft í 6 mánuði, eða frá 4. sept. 1936 til 4. marz 1937.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. janúar 1940.

Nr. 57/1937. **Jón E. Waage** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Síldarbræðslan h/f Seyðisfirði
(Einar B. Guðmundsson).

Hlutafjárloforð talið bindandi án tillits til skilyrðis, sem eigi var birt öðrum hlutafjárlofendum eða viðsemjendum félagsins.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júní 1937, hefir krafizt *aðallega* skilorðslausrar sýknunar af kröfum stefnda, en *til vara*, að hann verði sýknaður, ef hann staðfestir það með eiði sínum, að hann hafi sett það

skilyrði, er hann skráði hlutarloforð sitt til síldarverksmiðju á Seyðisfirði, að Seyðisfjarðarkaupstaður gengi ekki í ábyrgð fyrir rekstri téðrar verksmiðju. Loks hefir áfrýjandi krafizt málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Það skiptir eigi máli, hvaða ummæli áfrýjandi kann að hafa haft um skilyrði fyrir hlutarloforði sínu við þann mann, er safnaði hlutafjárloforðum til stefnda, með því að áfrýjandi gerði ekkert, er þýðingu hefði, til þess að aðrir, er hlutafé lofuðu, eða viðsemjendur fyrirtækisins mættu fá vitneskju um skilyrðið. Verður því að dæma áfrýjanda til að greiða fjárhæð þá, sem hann lofaði samkvæmt loforðalistanum, og má því staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón E. Waage, greiði stefnda, Síldarbræðslan h/f Seyðisfirði, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðarkaupstaðar 11. marz 1937.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Seyðisfjarðarkaupstaðar með stefnu, útgefinni 4. janúar 1937, af Gunnari Bjarnasyni f. h. Síldarbræðslan h/f Seyðisfirði gegn Jóni E. Waage, verzlunarstjóra á Seyðisfirði, til greiðslu á 1000

kr. hlut til Síldarbræðslan h/f Seyðisfirði samkv. skriflegu loforði.

Krefst stefnandi þess samkv. stefnunni, að stefndi greiði Síldarbræðslan h/f Seyðisfirði kr. 1000.00 með 6% ársvöxtum af kr. 500.00 frá 1. marz 1934 og 6% ársvöxtum af kr. 500.00 frá 1. maí sama ár til greiðsludags. Svo krefst og stefnandi málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómarans, en málskostnaðurinn nemur eftir framlögðum reikningi kr. 125.00.

Stefndi mótmælir eindregið stefnukröfunum og krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnandans í máli þessu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað.

Ástæðuna fyrir sýknukröfu sinni telur stefndi vera þá, að hann sé ekki bundinn við hlutarloforð sitt, eitt þúsund króna hlut til hlutafélagsins Síldarbræðslan h/f Seyðisfirði, sem honum er stefnt fyrir. Að vísu kannast stefndi við að hafa skrifað sig fyrir hlutarloforði þessu, en skilyrði sitt fyrir greiðsluloforði á hlutaloforða-listanum, rskj. nr. 2, segir stefndi hafa verið það, að Seyðisfjarðarkaupstaður ábyrgðist ekki rekstur síldarbræðslustöðvarinnar. En þar sem Seyðisfjarðarkaupstaður hafi gengið í ábyrgð síðar vegna stofnunar og rekstrar síldarbræðslustöðvarinnar, þá hafi skilyrði sínu ekki verið fullnægt eða ekki tekið til greina, og sé hann því laus við loforðið, eða með öðrum orðum, að loforð sitt sé orðið ógilt.

Samkvæmt hlutaloforða-listanum, rskj. nr. 2, eru skilyrðin fyrir loforðum þeirra, er árita, þessi:

1. Að stofnað yrði félag í þeim tilgangi að reisa og starfrækja síldarbræðslustöð á Seyðisfirði og
2. Að ríkisábyrgð fengist fyrir nægilegu láni, til þess að fyrirtækið kæmist á fót.

Báðum þessum skilyrðum hefir verið fullnægt, og virðist þá óhjákvæmilegt fyrir þá, sem árituðu loforðalistann, að greiða lofað hlutafé, jafnt fyrir stefnda sem aðra, því önnur skilyrði eru ekki sett samkv. rskj. nr. 2.

En skilyrði það, sem stefndi kveðst hafa sett um, að Seyðisfjarðarkaupstaður ábyrgist ekki rekstur síldarbræðslustöðvarinnar, er ekki tekið fram á þessum lista, rskj. nr. 2, og var þó stefnda innan handar að árita skilyrðið við nafn sitt. Reyndar heldur stefndi því fram, að

hann hafi talað um það við þann, sem færði honum listann til áskriftar, að hann vildi ekki kaupa hlut í væntanlegu félagi, nema með umræddu skilyrði. En hann virðist hafa horfið frá því, þar sem hann ritaði hlutarloforð sitt án frekari skilyrða, og virðist þá hafa sætt sig við skilyrðin 1 og 2 að ofan, sbr. rskj. nr. 2. Hver, sem skrifar sig fyrir hlut í félagi, lýsir yfir því fyrir þeim, sem þegar hafa lofað þátttöku og síðar lofa henni, að hann ætli að kaupa hlut í félaginu, og við þessa yfirlýsingu eða loforð virðist hann vera bundinn, verði félagið stofnað í þeim tilgangi, sem áskilinn var. Vilji hann binda loforð sitt öðrum skilyrðum, þá verður áritunin að bera þau með sér. Að öðrum kosti er skilyrðið ógilt gagnvart félaginu, nema á annan hátt sannist, að loforðið var bundið skilyrðinu.

Eins og áður er getið, hefir stefndi ekki áritað skilyrðið á hlutaloforðalistann, sem honum var innan handar. Ekki virðist hann heldur hafa vottfest skilyrðið, munnlega eða skriflega, sem var honum einnig innan handar, úr því hann vildi ekki árita skilyrðið á hlutaloforðalistann. Að minnsta kosti hefir ekki komið fram í málinu fullnægjandi vottorð hér að lútandi. Stefndi virðist hafa látið sér nægja að taka fram skilyrðið munnlega við mann þann, sem kom með hlutaloforðalistann til hans, Sig. Í. Guðmundsson, og sem sönnun fyrir því telur stefndi tvö skjöl í málinu, nr. 10 og nr. 13.

Nr. 13 er bréf frá Sigurði Í. Guðmundssyni, dags. $^{1}/_{12}$ 1936, þar sem segir, að stefndi hafi viljað setja skilyrði fyrir hlutafjárloforði sínu, að hann minnir, vegna væntanlegrar bæjarábyrgðar frekar en þess, hvar staður skyldi valinn til að reisa væntanlega síldarbræðslustöð á. Hér virðist bréfritarinn ekki muna með vissu, hvort skilyrðið var bæjarábyrgðin eða byggingarstaðurinn, og er sönnunargagn þetta því ófullnægjandi.

Nr. 10 er vottorð frá Sigurði Í. Guðmundssyni, dags. 6. febrúar 1937. Þar segir, að skilyrðið hafi verið: engin bæjarábyrgð. Er því vottorð þetta ekki í fullu samræmi við rskj. nr. 13, og þar af leiðandi sönnunargildi þess minna.

Bæði réttarskjölin nr. 13 og nr. 10 frá einum og sama manni eru ófullnægjandi sönnunargögn, þar eð þau virðast ekki byggð á fullkomlega öruggu minni. Þar við bætist, að fullnægjandi sönnunargagn telst ekki vottorð eins

manns, heldur tveggja fullgildra vitna. En engin önnur sönnunargögn fyrir liggja í málinu viðvíkjandi umræddu skilyrði stefnda.

Það verður því að álítast ekki löglega sannað, að stefndi hafi bundið hlutafjárloforð sitt við umrætt skilyrði, að Seyðisfjarðarkaupstaður ábyrgðist ekki rekstur síldarbræðslustöðvarinnar.

Þar sem skilyrðunum á hlutaloforðalistanum, rskj. nr. 2, hefir verið fullnægt og að öðru leyti hlutafélagið stofnað, að því er virðist, á löglegan hátt, þá virðist samkvæmt framanrituðu stefndur skyldur að standa við loforð sitt um greiðslu hlutafjárins samkvæmt rskj. nr. 2. Og samkvæmt rskj. nr. 3 virðist stefndi skyldur að greiða vexti frá gjalddaga, eins og krafizt er í stefnunni.

Samkvæmt framanrituðu ber að taka kröfur stefnandans til greina, þar með talinn málskostnað, kr. 125.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jón E. Waage, greiði stefnandanum, Gunnari Bjarnasyni f. h. Síldarbræðslan h/f Seyðisfirði, kr. 1000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 500.00 frá 1. marz 1934 og 6% ársvöxtum af kr. 500.00 frá 1. maí sama ár til greiðsludags, svo og kr. 125.00 í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja innan fimmtán daga frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. janúar 1940.

Nr. 60/1939. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Þorsteini Guðmundssyni
(Eggert Claessen).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að fjárhæð sekt-

arinnar ákveðst 600 krónur, er renni í ríkissjóð, og komi í stað hennar einfalt fangelsi í 30 daga, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Þorsteinn Guðmundsson, sæti 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar einfalt fangelsi í 30 daga, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu réttar til þess að stjórna bifreið, greiðslu sakarkostnaðar í héraði og greiðslu skaðabóta eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Eggerts Claessens, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 30. des. 1938.

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Þórði Þorsteini Guðmundssyni, til heimilis Grund í Kolbeinsstaðahreppi, fyrir brot gegn lögum um notkun bif-

reiða nr. 70 frá 8. sept. 1931 og áfengislögum nr. 33 frá 9. janúar 1935.

Málavextir eru sem hér segir:

Sunnudaginn þann 24. júlí s. l. ók kærður bifreiðinni S.H. 28 frá Grund í Kolbeinsstaðahreppi með fólk að Vegamótum í Miklaholtshreppi, en þann dag var skemmtisamkoma þar, og er kærður var kominn að Vegamótum, ók hann á bifreið þessari „inn á fjall" til þess að sækja vegavinnumenn þangað og ók með þá að Vegamótum. Næstu nótt, er skemmtisamkomunni á Vegamótum var lokið, ók kærður framangreindri bifreið til baka áleiðis að Grund með fólk.

Framangreind bifreið, sem er eign Helga Guðmundssonar, Grund, er vöruflutningabifreið, yfirbyggð að framan, og er þar (í yfirbygginguni) sæti fyrir 6—8 farþega, en aftan við yfirbygginguna er burðarborð á bifreiðinni og þiljað fyrir báðar hliðar þess, en aftan við það hleri á hjörum, sem taka má frá. Er kærður ók að Vegamótum, kveður hann hafa verið um 25 farþega á bifreiðinni, en gat ekki sagt nákvæmlega um, hve margir, og þar af hafi verið 8—10 inni í bifreiðinni, en hinir staðið á burðarborðinu. En á leiðinni frá Vegamótum, hafi verið eitthvað fleiri farþegar, en kærður gat heldur ekki sagt nákvæmlega um, hve margir þeir voru, en kveður vel mega vera, að þeir hafi verið 31, eins og vitni hefir borið, að þeir hafi verið að minnsta kosti. Og ekki gat kærður sagt um, hve margir af þeim hafi verið inni í bifreiðinni, en sama vitni og bar, að 31 farþegi hafi verið á bifreiðinni alls, hefir borið, að 10—11 hafi verið inni í bifreiðinni, en hinir, þ. e. um 20, hafi staðið á burðarborðinu og engin sæti verið þar fyrir þá.

Er kærður var kominn á bifreiðinni að svo nefndum „Stöpum" norðan Haffjarðarár, sem virðist, samkv. því sem upplýst er í málinu, hafa verið kl. 1½—2 framangreinda nótt, stöðvaði hann bifreiðina og fór út úr henni til þess að tala við fólk, sem var þar á ferð ríðandi, og hafði áð þar. Er kærður hafði stansað hjá fólki þessu stutta stund, ók hann aftur af stað, en rétt strax eftir að hann ók af stað, valt bifreiðin austur af veginum og hvolfdi (svo) niður í skurðinn vestan við veginn. Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, virðast 2—3 menn,

sem stóðu á burðarborði bifreiðarinnar, hafa stokkið af henni um leið og hún valt, en ekki náðist til þeirra manna við rannsókn málsins til yfirheyrslu, — en hitt fólkið varð allt undir bifreiðinni. 2 menn, sem áðu hjá Stöpum og kærður hafði tal af, er hann stansaði þar, þeir Ingvar Frímannsson, bóndi í Skógum í Kolbeinsstaðahreppi, og Magnús Árnason, Stóra-Hrauni, sama hreppi, — fóru þegar að bifreiðinni, er þeir sáu, að hún var oltin, og tóku þeir og framangreindir 2—3 menn að lyfta bifreiðinni, og gátu þeir fljótlega lyft henni svo mikið, að fólkið komst undan bifreiðinni og út úr henni.

Nokkrir menn, sem í bifreiðinni voru við umrætt tækifæri, meiddust nokkuð, og kom héraðslæknirinn í Stykkishólmi til fólks þessa strax um nóttina, og samkvæmt vottorðum frá honum, sem lögð hafa verið fram í málinu, hlutu eftirtaldir meiðsli, sem hér segir:

1. Ársæll Jónsson, verzlunarmaður frá Hafnarfirði, meiddist þannig, að neðan til við hné var ca. 3 cm langt gapandi sár, en aðrir áverkar ekki.

2. Guðrún Þórðardóttir, Mýrdal, skarst á báðum fótleggjum neðan hnéskelja, ca. 4 cm langur skurður á vinstra fæti og 4—5 cm langur skurður á hægra fæti, og voru skurðir þessir 1—2 cm djúpir. Auk þess voru smáskrámur framan á báðum lærum hennar, en engar þeirra náðu nema rétt inn úr húðinni og inn í húðina.

3. Benjamín Jónsson, Haukatungu, meiddist hægra megin á höfði ofan eyra, þannig að upp hljóp kúla, ca. 6—7 cm í diameter, og hafði hann þar eymsli allmikil, og framan í miðju enni var húðin skrámuð, en eigi djúpt.

4. Björvin Björnsson frá Reykjavík kvartaði um sársauka við öndun, jafnt beggja megin, og yfir 6.—8. rifi beggja vegna, framan frá og aftur í bak, voru eymsli, ef á var stutt, en engin finnanleg brot eða sár.

5. Inga Björnsdóttir, Kolbeinsstöðum, kvartaði um verk í höfði og „hræðslu fyrir hjarta“, en engin meiðsli voru finnanleg.

Þá hefir og Guðrún Gísladóttir, til heimilis Suðurgötu 22 í Reykjavík, borið við rannsókn málsins, að hún hafi við umrætt tækifæri hlotið kúlu á höfuðið og marizt á vinstra fæti og hægra læri og einnig marizt á baki eða

þannig, að gamalt mar tókst upp, en hún var ekki, svo vitað sé, skoðuð af lækni.

Kærður hefir kannazt við að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, er bifreiðinni hvolfdi, en heldur fram, að hann hafi ekki verið mikið drukkinn. Hann kveðst hafa neytt áfengis, sem honum hafi verið boðið af nokkrum mönnum, á meðan hann var á Vegamótum, en hefir neitað að hafa drukkið áfengi í bifreiðinni. Hann kveðst hafa ekið með mjög hægri ferð, er slysið varð, enda nýlagður af stað, og kveðst hann hafa verið að skipta úr öðrum „gear" í þriðja, þegar bifreiðin fór út af veginum, en það kveður hann hafa atvikazt þannig, að hægri (vestri) vegbrúnin, sem hann ók þá eftir, hafi bilað undan hægra afturhjólinu, og hafi bifreiðin þá strax hallazt til hægri, en við það hafi fólkið, sem stóð á burðarborði bifreiðarinnar, runnið út í hægri hlið bifreiðarinnar, og henni þá hvolft, og kveður hann rúður í bifreiðinni hafa brotnað, en hún ekki skemmzt að öðru leyti.

Vitnið Ingvar Frímannsson hefir og borið, að er bifreiðin valt, hafi hægra afturhjól bifreiðarinnar fyrst farið út af veginum, og sama hefir vitnið Ársæll K. Jónsson borið. Hinsvegar hefir einn maður, Árni Þórðarson, sem stóð á burðarborði bifreiðarinnar, borið, að hann hafi ekki orðið var við, að vegbrúnin bilaði neitt, og að honum hafi virzt eindregið, að bifreiðin færi fyrst út af veginum að framan.

Að því er ölvun kærða snertir, þá hefir vitnið Ingvar Frímannsson, sem kærður talaði við, er hann stansaði hjá „Stöpum", borið, að kærður hafi þá verið bersýnilega mikið drukkinn og hafi það meðal annars sézt á því, að hann hafi reikað í spori og viðhaft drykkjuröfl, og vitnið Magnús Árnason, sem einnig talaði við kærðan á nefndum stað, hefir borið, að kærður hafi verið bersýnilega mikið drukkinn. Vitnið Guðrún Ásta Pálsdóttir, sem sat inni í bifreiðinni í framsæti hjá kærðum, hefir borið, að hann hafi sýnilega verið mikið drukkinn á leiðinni frá Vegamótum, og vitnið Ársæll K. Jónsson hefir borið, að honum hafi virzt kærður vera töluvert mikið drukkinn, er hann fór út úr bifreiðinni, skömmu áður en slysið varð. Þá hafa vitnin Ingvar Frímannsson og Magnús Árnason

og borið, að eftir að þeir sáu til bifreiðarinnar, þar til hún nam staðar hjá þeim, hafi hún ekið mjög hægt, en þó hlykkjótt eftir veginum.

Samkvæmt því, sem þannig er upplýst í málinu, verður að telja nægjanlega sannað, að kærður hafi verið mikið ölvaður við umrætt tækifæri.

Kærður, sem er fæddur 30. september 1900, hefir áður sætt refsingum og ákærum, sem hér segir:

1. Í desember 1917 varð hann uppvís að þjófnaði í hlutdeild með öðrum unglingum, — í Reykjavík.
2. Þann 30. nóvember 1920 undirgekkst hann í Reykjavík að greiða 20 krónur í skaðabætur fyrir árás og áflog.
3. Þann 3. júní 1921 var hann í Reykjavík dæmdur í 25 króna sekt fyrir lögreglubrot.
4. Þann 19. febrúar 1923 var hann í Reykjavík sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
5. Þann 31. maí 1923 var hann undir rannsókn í Reykjavík fyrir meinta þjófnaðarhilmingu.
6. Þann 5. marz 1924 var hann í Reykjavík undir rannsókn fyrir meintan þjófnað.
7. Þann 24. júní 1924 var hann sektaður í Reykjavík um 50 krónur fyrir ölvun.
8. Þann 14. nóvember 1924 var hann sektaður í Reykjavík um 70 krónur fyrir barsmíðar o. fl.
9. Þann 25. desember 1924 var hann sektaður í Reykjavík um 50 krónur fyrir ölvun.
10. Þann 28. júní 1925 var hann sektaður um 50 krónur í Reykjavík fyrir ölvun.
11. Þann 3. desember 1925 var hann sektaður í Reykjavík um 50 krónur fyrir ölvun.
12. Þann 1. nóvember 1934 var hann sektaður í Reykjavík um 50 krónur fyrir ölvun.
13. Þann 24. september 1932 var hann sektaður um 150 kr. í lögregluréttí Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir brot gegn þágildandi áfengislögum o. fl.
14. Með dómi, uppkveðnum í lögregluréttí Snæfellsness- og Hnappadalssýslu þann 6. febrúar 1937, var hann dæmdur í 100 króna sekt og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot gegn 5. gr. og 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70 frá 8. september 1931.

Öðrum refsingum eða ákærum hefir kærður ekki áður sætt.

Með framangreindu framferði sínu hefir kærður að áliti réttarins brotið gegn 5. gr. og 15. gr. laga nr. 70 frá 8. sept. 1931 um notkun bifreiða og gegn 21. gr. áfengislaganna nr. 33 frá 9. janúar 1935, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber og að svipta kærðan æfilangt rétti til þess að stjórna bifreið, en hann var sviptur ökuleyfi af dómaranum, þegar er rannsókn máls þessa byrjaði, eða þann 25. júlí s. l.

Framannefndur Ársæll K. Jónsson hefir krafizt þess, að kærður verði dæmdur til þess að greiða honum skaðabætur fyrir kostnað við læknishjálp og sjúkrahúsvist vegna framangreindra meiðsla, að upphæð kr. 87.80, og hefir kærði samþykkt þá kröfu, og ber því að dæma hann til þess að greiða Á. K. J. þá upphæð. Aðrar skaðabótakröfur hafa ekki komið fram í málinu á hendur kærðum.

Loks ber að dæma kærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Þórður Þorsteinn Guðmundsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal og æfilangt sviptur rétti til þess að stjórna bifreið.

Hann greiði Ársæli K. Jónssyni kr. 87.80 í skaðabætur innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. janúar 1940.

Nr. 111/1938. **Guðmundur Pétursson**
(Theódór B. Líndal)
gegn
Eigendum og vátryggjendum e/s „Stabil“ og gagnsök
(Pétur Magnússon).

Bætur fyrir tjón af árekstri skipa.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir uppkveðið Guðmundur Hannesson bæjarfógeti með meðdómendum Jóni Jóhannessyni skipstjóra og Guðmundi Björnssyni vélsmið.

Aðaláfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi þann 8. okt. 1938 hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. nóv. s. á., hefir krafizt þess, *aðallega* að gagnáfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða honum kr. 15163.57 með 5% ársvöxtum frá 11. sept. 1936 til greiðsludags, en *til vara,* að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum hluta af fjárhæð þessari í því hlutfalli, er dómurinn metur. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Loks krefst hann sér dæmdan sjóveðrétt í e/s „Stabil“ R 115 S frá Stavanger til tryggingar framannefndum upphæðum.

Gagnáfrýjendur, sem að fengnu áfrýjunarleyfi þann 12. jan. 1939 hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu 8. febr. s. á., krefjast þess, *aðallega* að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara,* að bótakrafa aðaláfrýjanda verði lækkuð og að þeim verði dæmt að greiða hluta af henni í því hlutfalli, er dómurinn metur, en til *þrauta-*

vara, að ákvörðun héraðsdóms um kröfuna og skiptingu hennar milli aðilja verði staðfest. Loks krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Að kvöldi fimmtudagsins 12. sept. 1935 lögðust skipin e/s „Stabil" og v/b „Liv" á Siglufjarðarhöfn. Lagðist e/s „Stabil" á 5 faðma dýpi við bakborðsakkeri og 45 faðma keðju, en v/b „Liv" lagðist nokkru grynnra, einnig við bakborðsakkeri og við 37 faðma keðju. Virðist e/s „Stabil" hafa verið lagzt þar, þegar vélbáturinn kom. Norðaustan stormur var. Lagðist vélbáturinn aftur af eimskipinu, og hlaut það eftir vindstöðunni að færast að eða á bátinn, ef svo færi, að akkerið héldi því ekki. Eigi er því haldið fram, að vélbátnum hafi verið lagt svo nærri eimskipinu, að aðfinningum sæti. Að morgni þess 13. september var kominn rokstormur af sömu átt. Tók e/s „Stabil" þá að reka og virðist skjótt hafa tekið að höggva á stefni bátsins. Verður ekki séð, að skipverjar á eimskipinu hafi aðhafzt nokkuð til þess að afstýra árekstri fyrr en einn af skipverjum á bátnum kallaði yfir til manns, sem var á þilfari, og sagði, að þeir yrðu að „gaa forover", ef þeir gætu, því að skipin væru tekin að rekast á. Skipstjórinn á v/b „Liv" lét þá gefa út meira af keðju, en hún slitnaði í þeim svifum, og rak þá bátinn ört að landi, því að stórviðri var á, og upp á land að lokum.

Skipverji sá á e/s „Stabil", sem kallað var til, virðist þegar hafa gert skipstjóra viðvart um það, hvernig komið var. Eftir skýrslu vélstjóra var þá tekið að hita upp vélina, en gagn varð ekki að því, því að þegar tilraun var gerð til þess að neyta vélarinnar, reyndist keðjan frá vélbátnum hafa farið í

skrúfu skipsins. Virðist keðjan hafa farið þannig, meðan verið var að láta hana út, af því hvað eimskipið var komið nærri bátnum, og slitnað í þeim svifum og af þeim átökum, er þá virðast hafa orðið.

Það tvennt, að stjórnarmenn e/s „Stabil" virðast ekki hafa hafizt handa fyrr en um seinan til þess að afstýra árekstri og að vél skipsins var ekki tiltækileg fyrirvaralaust, virðist fella þeim á hendur ríka sök á árekstrinum og þar með á strandi v/b „Liv".

Í flutningi málsins fyrir hæstarétti er stjórnendum v/b „Liv" og eiganda fundið það til saka, að vélin í bátnum hafi ekki verið tiltækileg fyrirvaralaust og að keðja bátsins, sú er úti var og út var látin, hafi verið óstyrkari en vera ber. Um síðara atriðið er þess að geta, að ekki verður staðhæft, að óstyrkleiki keðjunnar hafi með nokkrum hætti átt þátt í slysinu, enda er ekkert komið fram um það, að akkeri vélbátsins hafi ekki haldið honum, þangað til keðjan slitnaði með þeim atvikum, sem virðast hafa valdið því óhappi og áður er getið. Um fyrra atriðið virðist það fram komið, að vélin í bátnum var ekki heldur tiltækileg fyrirvaralaust, eins og átt hefði að vera, því að í því veðri, sem var, mátti gera ráð fyrir því, að nauðsyn kynni að verða á því að neyta hennar þegar í stað. Að þessu leyti virðast stjórnarmenn v/b „Liv" einnig hafa fellt sér á hendur nokkra sök á slysinu.

Með skírskotun til þess, sem að framan er mælt, þykir rétt að skipta tjóni því, er í máli þessu kemur til greina, þannig, að aðaláfrýjandi beri fjórðung þess, en gagnáfrýjendur þrjá fjórðu hluta.

Krafa aðaláfrýjanda er, sem fyrr segir, kr. 15163,57. Þar af er þessum liðum mótmælt:

1. Kr. 170.00, sem er ferðakostnaður aðaláfrýjanda til Siglufjarðar til að gæta hagsmuna sinna vegna strands v/b „Liv". Ekki þykir óeðlilegt, að hann færi þessa ferð. Ekki er því haldið fram, að upphæðin sé of há, og þykir því rétt að taka liðinn til greina.

2. Kr. 80.00 fyrir spjöll á trossum, tilheyrandi v/b „Liv". Þær eru sagðar hafa verið notaðar við björgun bátsins og hafa þá skemmzt. Krafan er ekki talin of há, og þykir því einnig rétt að taka liðinn til greina.

3. Kr. 200.00, þóknun til lögfræðings. Af ástæðum þeim, er í héraðsdómi segir, þykir rétt að færa lið þenna niður um kr. 140.00, eins og þar er gert.

4. Kr. 146.00, skemmdir á bát og kostnaður af mati á þeim. Þenna lið þykir rétt að fella niður af sömu ástæðum sem í héraðsdómi greinir.

5. Kr. 5000.00, björgunarlaun v/b „Liv". Eftir því sem fram er komið, virðist björgun bátsins hvorki hafa verið hættu né sérstökum erfiðleikum bundin. Verðmæti þess, sem úr hættu var bjargað, virðist hafa verið nálægt kr. 25000.00. Björgunarlaunin voru greidd eftir samkomulagi, en gagnáfrýjendur eru ekki þar við bundnir og eigi skyldir til að taka þátt í greiðslu hærri björgunarlauna en metin eru hæfileg með dómi. Þegar til þessarar björgunar kemur, virðast kr. 4000.00 eigi vera of lág laun, og þykir því rétt að færa lið þenna niður um kr. 1000.00.

6. Kr. 5000.00, aflatjón áætlað. Þótt staðhæfing aðaláfrýjanda um það, að hann hafi ætlað að halda vélbátnum úti haustið 1935 á síldveiðar fyrir Suðurlandi og í Faxaflóa, sé lögð til grundvallar, verður áætlun hans um 5000.00 króna hreinágóða þar af

ekki talin áreiðanleg. Eftir því sem í málinu er komið fram um hagnað af slíkri útgerð, þykir mega áætla þessar bætur kr. 1000.00. Lið þenna verður því að færa niður um kr. 4000.00.

Samkvæmt framansögðu verður bótakrafa sú, er til greina kemur í máli þessu, kr. 15163.57 ÷ (kr. 140.00 + kr. 146.00 + kr. 1000.00 + kr. 4000.00) = kr. 9877.57. Þar af ber gagnáfrýjendum að greiða þrjá fjórðu hluta, eða kr. 7408.18 með vöxtum, eins og krafizt er.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað þykir mega staðfesta. Í málskostnað fyrir hæstarétti þykir rétt að dæma gagnáfrýjendur til að greiða aðaláfrýjanda 600 krónur.

Til tryggingar upphæðum þeim, er gagnáfrýjendum ber að greiða aðaláfrýjanda samkvæmt framanskráðu, skal aðaláfrýjandi hafa sjóveðrétt í e/s „Stabil" R 115 S frá Stavanger.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjendur, eigendur og vátryggjendur e/s „Stabil" R 115 S frá Stavanger, greiði aðaláfrýjanda, Guðmundi Péturssyni, kr. 7408.18 með 5% ársvöxtum frá 11. sept. 1936 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins á að vera óraskað. Í málskostnað fyrir hæstarétti greiði gagnáfrýjendur aðaláfrýjanda 600 krónur.

Aðaláfrýjandi hefir sjóveðrétt í ofannefndu eimskipi til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómnum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjódóms Siglufjarðar 10. jan. 1938.

Með stefnu, dags. 11. sept. 1936, krefst stefnandi, Guðmundur Pétursson, útgerðarmaður, Akureyri, að stefndur Þormóður Eyjólfsson, konsúll, Siglufirði, f. h. skipstjóra Kristians Wingers vegna eigenda og vátryggjenda e/s „Stabil" R. 115. S. frá Stavanger verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 15163.57 með 5% vöxtum frá 11. sept. 1936 fyrir skemmdir, er e/s „Stabil" olli skipi stefnanda v/s „Liv", sem strandaði af völdum e/s „Stabil", fyrir tjóni, er það strand olli, kostnað við að ná skipinu út og gera við það og fyrir aflatjón, meðan á því stóð. Þá krefst og stefnandi greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, sem í málflutningnum er krafizt með kr. 786.76 samkv. sundurliðuðum reikningi, og sjóveðs í e/s „Stabil" fyrir kröfum sínum.

Stefndur krefst sýknunar og málskostnaðar:

Málavextir eru þessir:

13. september 1935, að kveldi, lágu bæði skipin e/s „Stabil" og v/s „Liv" fyrir akkerum á Siglufjarðarhöfn, „Stabil" dýpra, en v/s „Liv" grynnra. Var um skipslengd skips eins og „Stabils" á milli skipanna, en að því er ráða má af málflutningnum, virðist „Liv" hafa lagzt síðar. Morguninn eftir var komið ofsarok, og kl. 8—9 um morguninn fór „Stabil" að reka og rak loks á „Liv" og heggur á stefni þess. Skipstjórinn á „Liv" lét þá gefa út keðju skipsins til þess að reyna að forðast árekstur, en í því slitnaði keðja skipsins „Liv", svo að það rak upp í fjörur Siglufjarðarhafnar og strandaði þar, en varðskipið „Óðinn" var fengið til þess að draga v/s „Liv" aftur á flot, og kostaði það 5000.00 kr., sem stefnandi hefir greitt, og er sú upphæð hluti úr dómkröfunni. Við strandið laskaðist „Liv" og varð að draga skipið til Akureyrar og koma því þar í „slipp" til aðgerðar, og kostaði sú viðgerð kr. 3350.00 auk flutningskostnaðar, og er hvorttveggja innifalið í dómkröfunni.

Stefnandi krefst og bóta fyrir aflatjón með kr. 5000.00, og er sú upphæð innifalin í áðurnefndri dómkröfu.

Stefndur heldur því fram, að skipstjórinn á e/s „Stabil" eigi ekki sök á árekstrinum á v/s „Liv" og því síður á strandi vélskipsins. Hafi e/s „Stabil" að vísu rekið á v/b „Liv", en það hafi verið fyrir ofsarok, sem sé óviðráðan-

leg atvik. Hinsvegar hafi skipstjórinn á v/s „Liv“ með því að leggjast ekki fjær „Stabil“ en lengd „Stabils“ og því að gefa út það af skipskeðju sinni, sem var ekki nema 13 mm gild, þótt „Liv“ hefði lögmælta lengd lögmæltrar gildrar skipskeðju, sem fyrir skip sem „Liv“, yfir 50 smál., sé 19—22 mm gildleiki. Hafi þessi mjóa viðbótarkeðja slitnað, af því að hún var ekki eins gild og lög áskilja, og óvíst, að hún hefði slitnað eða öllu heldur ekki slitnað (svo), ef aðeins það af keðjunni, sem hafði lögmæltan gildleika, hefði verið gefið út. Þá hefði v/s „Liv“ ekki strandað, ef keðjan hefði ekki slitnað.

Það er nú rétt, að nokkuð af keðju v/s „Liv“, sem út var gefið, hafði ekki lögmætan gildleika og að telja verður sannað í málinu, að það er þessi hluti keðjunnar, sem slitnar, og verður að telja slíkt sök hjá skipstjóranum á v/s „Liv“. Hinsvegar er skipstjórinn á e/s „Stabil“ í ekki minni sök, að hafa ekki „uppi gufu“ á skipinu, einkum er hann sá, hve nærri honum skip eins og v/s „Liv“ var, og veður tók að versna. Með því tók hann á sig áhættu á, að skip hans ræki á v/s „Liv“. Að vísu var eins ástatt með „Liv“, að þar var vél ekki í gangi, en úr því að „Liv“ rak ekki á annað skip, kemur það ekki eins til álita í þessu máli. Þótt segja megi, að ef „Liv“ hefði haft vél í gangi, hefði það aldrei strandað, verður þá að telja, að skipstjóranum á „Liv“ bar ekki að gera ráð fyrir, að „Stabil“ rækist á „Liv“ og að „Stabil“ hefði ekki vél í gangi. Að vísu telur skipstjórinn á Stabil, að þegar hafi rekið nokkuð, hafi það haft vél í gangi, en hann ekki þorað að láta spaða skipsins hreyfast vegna þess, að akkeri skipsins „Liv“ hafi verið flækt utan um spaðana á „Stabil“, en það getur ekki hafa verið, áður en „Stabil“ fór að reka eða um leið og „Stabil“ byrjaði að reka. En það, að „Stabil“ rakst á „Liv“, er aftur á móti orsök þess, að „Liv“ strandar.

Af því, sem nú hefir verið sagt, verður að telja, að bæði skipstjórinn á „Stabil“ og skipstjórinn á „Liv“ eigi sök á því, að „Liv“ strandaði og þar sem atvik liggja þannig, að eigi verður byggð á þeim skipting skaðabótanna í ákveðin hlutföll, ber skipstjóranum á „Stabil“ og skipstjóranum á „Liv“ að bæta tjónið að hálfu hvor.

Er þá að finna út það tjón, er bæta ber.

Af dómkröfum stefnanda hefir stefndur fyrst og fremst mótmælt björgunarlaununum til varðskipsins „Óðinn“ fyrir að draga „Liv“ út og koma því aftur á flot, kr. 5000.00, sem hann hefir mótmælt sem of háum. Á þetta verður eigi fallizt. Þau verða eftir atvikum að teljast eigi óhæfileg.

Þá hefir stefndur sérstaklega mótmælt kr. 170.00, kostnaði við ferð eiganda skipsins „Liv“ til Siglufjarðar til þess að gæta hagsmuna sinna þar. Virðist slíkt ekki óeðlilegt og því ekki hægt að taka slík mótmæli til greina.

80 kr. fyrir skemmdir á trossum v/s „Liv“, sem er mótmælt, verður að taka til greina þrátt fyrir mótmælin.

Þá hefir stefndur af 200 kr. kröfu frá málflutningsmanni stefnanda til stefnda og sem (svo) tekin er upp í dómkröfuna mótmælt kr. 140.00 sem það hærra (svo) en lágmarkstaxti málflutningsmannafélags Íslands greinir og þar sem á reikningnum, þar sem krafan er framsett, er ekki tilfært nema „mót í sjórétti og lögfræðileg aðstoð í sambandi við strand v/s „Liv“, en hann flytur mál þetta fyrir stefnanda og reiknar sér þar full málflutningslaun, virðist hann aðeins geta fengið venjulegt kaup fyrir að mæta við sjóprófin, en ekkert fyrir lögfræðilega aðstoð, og ber því að taka mótmælin til greina og lækka þann lið um kr. 140.00. Þá verður samkv. kröfu stefnds að lækka dómkröfuna ennfremur um kr. 146.00, kr. 126.00 fyrir skemmdir á v/b „Baldvini Þorvaldssyni“, er hann skemmdist í ferð vegna strandsins, og kr. 20.00 fyrir það mat á slíkum skemmdum ber stefnandi ekki ábyrgð, er hann fékk bátinn í för fyrir ákveðna borgun, og er því óheimilt að krefja hana af stefndum sem kostnað vegna strandsins. Þá mótmælir stefndur loks aflatjónskröfunni. Rétturinn er þeirrar skoðunar, að sanngjarnt sé að meta aflatjónið á kr. 2000.00. Samkvæmt þessu ber stefndum að greiða af dómkröfunni, sem var kr. 15163. 57, helminginn af 11877.57, eða kr. 5938.78 með 5% ársvöxtum frá 11. sept. 1936, en vera sýkn af frekari kröfum stefnanda.

Málskostnað er hæfilegt að stefndur greiði stefnanda með kr. 400.00.

Fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum tildæmist stefnanda sjóveðréttur í skipinu e/s „Stabil“ R. 115 S. frá Stavanger í Noregi og í vátryggingarupphæðum skipsins, ef um þær aðeins væri að ræða.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þormóður Eyjólfsson, konsúll, Siglufirði, f. h. skipstjóra Kristians Wingers vegna eigenda og vátryggjenda e/s „Stabil" R. 115 S. frá Stavanger, greiði stefnandanum, Guðmundi Péturssyni, útgerðarmanni, Akureyri, kr. 5938.78 með 5% vöxtum frá 11. sept. 1936 og kr. 400.00 í málskostnað, en sé sýkn af frekari kröfum stefnanda.

Stefnanda tildæmist og sjóveðréttur í umræddu skipi, „Stabil" R. 115 S. frá Stavanger í Noregi, og í vátryggingarupphæð skipsins fyrir tildæmdum kröfum.

Hið ídæmda ber að greiða innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. janúar 1940.

Nr. 95/1939. **Jóhannes Kristjánsson**
(Eggert Claessen)
gegn
Ingibjörgu Jóhannsdóttur
(Einar B. Guðmundsson).

Meiðyrðamál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af hinum reglulega héraðsdómara Skagafjarðarsýslu, Sigurði sýslumanni Sigurðssyni.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. sept. 1939. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar af henni fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í hinum átöldu ummælum verður ekki talin felast nein slík aðdróttun eða móðgun, er áfrýjandi eigi að sæta refsingu fyrir. Hinsvegar þykir bera að ómerkja þau ummæli áfrýjanda, að hann telji stefndu „alls ekki vitnisbæra um þau mál, sem snerta nefndan mann", með því að áfrýjanda brast rök fyrir svo víðtækri ályktun.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, 250 krónur samtals.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind ummæli skulu vera dauð og marklaus.

Áfrýjandi, Jóhannes Kristjánsson, skal vera sýkn af refsikröfu stefndu, Ingibjargar Jóhannsdóttur, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals 250 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Skagafjarðarsýslu 14. júní 1939.

Mál þetta er höfðað að undangenginni árangurslausri sáttatilraun fyrir aukaþingi Skagafjarðarsýslu með stefnu, dags. 6. febr. þ. á., af frú Ingibjörgu Jóhannsdóttur, Varmahlíð í Seyluhreppi, gegn Jóhannesi Kristjánssyni, bónda, Brúnastöðum í Lýtingsstaðahreppi, og tekið til dóms 25. maí þ. á.

Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndur verði dæmdur til refsingar fyrir meiðyrði um hana í yfirlýsingu, sem hann hefir undirritað og send var símaumdæmisstöðvarstjóranum á Akureyri, að meiðyrðin verði dæmd dauð og ómerk og að stefndur verði dæmdur til að greiða henni málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Ummæli þau í yfirlýsingunni, sem stefnandi telur sér-

staklega meiðandi fyrir sig og eigi að ómerkjast og varða stefnda ábyrgð, eru þessi: „Vegna þessarar alkunnu óvildar, sem frúin ber til séra Tryggva H. Kvaran, teljum vér hana alls ekki vitnisbæra um þau mál, sem snerta nefndan mann."

Stefndur hefir hinsvegar krafizt sýknu af kröfum stefnanda, sér tildæmdan málskostnað og að stefnandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu.

Stefndur telur hin átöldu ummæli réttmæt í alla staði, og máli sínu til stuðnings telur hann upp óviðurkvæmileg orð, sem hann segir stefnanda hafa haft um séra Tryggva og heimili hans, bæði við einstaka menn og á mannamótum, og þessu til sönnunar hefir stefndur lagt fram tvö vottorð (rjskj. 6 og 15), sem segja, að stefnandi hafi kallað séra Tryggva glæpamann, eitt vottorð (rjskj. nr. 8), sem segir, að stefnandi hafi kallað séra Tryggva andlegan aumingja, og eitt vottorð (rjskj. 10), undirritað af tveimur mönnum, sem segir, að hún hafi viðhaft þessi ummæli við Steinsstaðalaug 12. sept. 1937: „Þegar ég var barnakennari á Mælifelli var meira að segja flatlús á fólki þar." Svo hefir stefndur lagt fram fjögur vottorð, sem lúta að deilum, sem urðu á milli stefnanda og séra Tryggva á fundi ungmennafélagsins „Framför" hinn 4. febrúar 1936 (rjskj. nr. 5, 7, 9 og 11). Í vottorði réttarskjals nr. 5 segir, að vegna deilu stefnanda og séra Tryggva um einkamál þeirra hafi orðið að slíta félagsfundi, áður en fundarmálefni voru að fullu afgreidd. Í vottorði, réttarskjali nr. 7, stendur: „Virtist mér framkoma frú Ingibjargar og séra T. H. Kvaran bera vott um mikla óvild þeirra á milli." Í vottorði, rjskj. nr. 11, stendur: „... ég gat ekki skilið annað en fullkomin óvild væri þeirra í milli", og í vottorði, rskj. nr. 9, stendur „... þykjumst glöggt muna til þess, að persónuleg orðaskipti á fundinum á milli séra Tryggva H. Kvaran og frú Ingibjargar Jóhannsdóttur í Varmahlíð hafi verið á þá lund, að svo virtist sem það stappaði nærri hatri á milli þeirra."

Stefndur telur það augljóst af framangreindum vottorðum, að stefnandi beri eða hafi borið alkunna óvild til séra Tryggva, og óvildarhugur þessi sé það sterkur, að hann myndi rýra eða jafnvel ómerkja vitnisburð stefnanda á móti honum.

Stefnandi hefir ekki mótmælt greindum vottorðum sem óstaðfestum, þar sem hún telur þau ekki sýna, að hún beri óvild og því síður alkunna óvild til séra Tryggva. Hinsvegar hefir stefnandi mótmælt efni vottorðanna og orðalagi.

Stefnandi viðurkennir, að þau séra Tryggvi hafi deilt sín á milli, en mótmælir því, að deilur þeirra hafi verið óeðlilegar eða ósæmilegar, og staðhæfir, að hún hafi hvorki fyrr né síðar borið óvild til hans, og veit ekki til þess, að hún hafi sýnt honum annað en fullan drengskap í viðskiptum þeirra.

Eftir því sem upplýst er í málinu, hafa verið deilur á milli séra Tryggva og stefnanda og þær svo harðar á köflum, að vottorðsgefendum hefir virzt þær bera vott um mikla óvild eða jafnvel stappa nærri hatri á milli þeirra. En þó vottorðsgefendum komi deilur þeirra þannig fyrir sjónir og vottorðin væru, þrátt fyrir mótmæli stefnanda, talin rétt að efni og orðavali, þá er þess að gæta, að erfitt er að dæma um hug manns í garð annars, og ógætileg og óviðurkvæmileg orð geta hafa fallið hjá stefnanda um séra Tryggva og harðar orðasennur verið þeirra í milli, án þess að stefnandi beri almenna og hvað þá heldur alkunna óvild til hans og hana svo mikla, að hún sé alls ekki vitnisbær um þau mál, er varða séra Tryggva.

Lítur rétturinn svo á, að hin umstefndu ummæli hafi ekki verið réttlætt í málinu, og þar sem þau eru meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda, sérstaklega þar sem yfirlýsingin með ummælunum er send í annað hérað til að hnekkja umkvörtun hennar, þá ber að ómerkja þau og láta stefnda sæta refsingu samkv. 217. gr. hinna almennu hegningarlaga, sem þykir eftir málavöxtum hæfilega ákveðin 50 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn, 4 daga einfalt fangelsi. Svo greiði stefndur stefnanda kr. 125.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Hin umstefndu ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndur, Jóhannes Kristjánsson, greiði 50 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd, áður en aðfararfrestur er liðinn,

4 daga einfalt fangelsi. Ennfremur greiði stefndur stefnandanum kr. 125.00 í málskostnað.

Dóminum (ber) að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. janúar 1940.

Nr. 120/1938. **Steindór Gunnarsson**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Félagsprentsmiðjan s/f og gagnsök
(cand. jur. Kristján Guðlaugsson).

Ómerking héraðsdóms og heimvísun málsins.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu, sem skotið er til hæstaréttar með aðalstefnu 3. des. 1938 og gagnstefnu 4. janúar 1939, hefir aðaláfrýjandi fyrst og fremst krafizt þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til endurupptöku og álagningar dóms að efni til einnig um 2. og 3. kröfulið gagnsakarinnar í héraði. Ennfremur krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi hefir mótmælt kröfum aðaláfrýjanda. Er ómerkingar- og heimvísunarkrafan tekin undir dóm eða úrskurð útaf fyrir sig.

Héraðsdómarinn taldi skorta þá greinargerð um 2. og 3. kröfulið gagnsakarinnar, að efnisdómur yrði á þá lagður. Bar honum þess vegna samkvæmt 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 að kveðja aðilja fyrir dóm og veita þeim kost á að bæta úr því, er hann taldi áfátt vera málflutningnum. Þetta hefir héraðsdómarinn ekki gert, heldur frávísað nefndum kröfu-

liðum. Verður því að ómerkja héraðsdóminn og leggja fyrir héraðsdómarann að hafa þá meðferð á málinu, er í 120. gr. nefndra laga segir, og leggja síðan efnisdóm á alla kröfuliði málsins.

Samkvæmt þessum málslyktum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera ómerkur og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar samkvæmt 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 og til dómsálagningar að efni til um alla kröfuliði málsins.

Gagnáfrýjandi, Félagsprentsmiðjan s/f, greiði aðaláfrýjanda, Steindóri Gunnarssyni, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. okt. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 4. okt. 1937, af s/f Félagsprentsmiðjunni hér í bæ gegn Steindóri Gunnarssyni, prentsmiðjustjóra, Suðurgötu 8 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 9349.98 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Aðalstefndur, Steindór Gunnarsson, hefir krafizt þess í aðalsök, að stefnuupphæð hennar verði lækkuð um tvær upphæðir, er síðar verða greindar, samtals að upphæð kr. 2050.00, og að sér verði tildæmdur málskostnaður. En jafnframt hefir hann með gagnstefnu, útg. 16. nóvember 1937, höfðað gagnsök og gert í henni þær réttarkröfur, að aðalstefnandi, s/f Félagsprentsmiðjan, verði með eða án skuldajafnaðar við stefnuupphæð aðalsakar dæmdur til að greiða sér kr. 20851.56 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1935 til greiðsludags, og málskostnað í gagnsökinni að skaðlausu.

Í gagnsökinni krefst aðalstefnandi algerrar sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Í rekstri málsins hafa báðir aðiljar gert varakröfu, og verður þeirra getið á viðeigandi stöðum hér á eftir, er hinir einstöku kröfuliðir, er þær standa í sambandi við, verða ræddir.

Málsatvik eru þau, að með afsali, dags. 8. júní 1933, afhenti aðalstefndur, sem þá var einn af eigendum s/f Félagsprentsmiðjunnar og prentsmiðjustjóri hennar, Félagsprentsmiðjunni allt bókaforlag sitt frá 1. maí 1933 að telja, en forlagi þessu hafði hann komið sér upp samhliða prentsmiðjustjórastarfinu. Segir í afsalinu, að með séu taldar allar bókaleifar í Reykjavík og út um land, dagbækur, vasabækur og almanök án nokkurrar undantekningar. Þá segir ennfremur, að í afsalinu séu innifalin öll réttindi aðalstefnds til endurútgáfu og endurprentunar á þessum bókum og skuldbinding af hans hálfu um að gefa þær ekki út framar, enda sé aðalstefnanda heimilt að hagnýta sér þær að öllu leyti eftir eigin vild frá nefndum degi.

Jafnframt því sem aðalstefndur gaf aðalstefnanda afsal þetta, var gerður samningur um forlagið, dagsettur sama dag og afsalið, og viðurkennir aðalstefndur í upphafi hans, að aðalstefnandi hafi greitt sér kr. 15000.00 sem fullnaðargreiðslu fyrir forlagið, er hann hafi afhent samkvæmt afsalinu. Jafnframt skuldbindur aðalstefndur sig til að endurgreiða aðalstefnanda þá upphæð, sem vanta kunni á, að nettóhagnaður af hinum seldu bókaleifum og framhaldsútgáfu þeirra, þar með töldum vasabókum, dagbókum og veggalmanökum, jafni að fullu kaupverðið, kr. 15000.00, ásamt 5% ársvöxtum fyrir 1. maí 1937, og skuli sú reikningsuppgerð byggjast á sérstökum reikningi yfir út- og innborganir viðvíkjandi forlaginu, sem halda skyldi í bókum aðalstefnanda. Á hinn bóginn skuldbatt aðalstefnandi sig til að endurgreiða aðalstefndum það af nettóhagnaðinum á hinu selda, sem kynni að verða fram yfir kaupverðið, kr. 15000.00, ásamt 5% ársvöxtum á fyrrnefndu tímabili til 1. maí 1937. Loks eru í samningnum ákvæði um, að aðalstefnandi annist allt reikningshald og afgreiðslu endurgjaldslaust og að úr ágreiningi aðilja útaf samkomulaginu skuli skorið á sama hátt og ágreiningi útaf sameignarsamningi aðilja í Félagsprentsmiðjunni, þ. e. af þriggja manna

gerðardómi þannig skipuðum, að hvor deiluaðilja kysi sinn gerðarmann, en þeir tilnefni síðan oddamann, eða ef þeir gætu ekki orðið ásáttir um oddamanninn, skyldi hann útnefndur af bæjarfógetanum (nú lögmanni) í Reykjavík.

Áður en samningur aðilja um bókaforlagið var gerður, mun hafa verið ágreiningur þeirra í milli um ýmis atriði í félagssamningi þeirra um prentsmiðjuna svo og í sambandi við bókaforlag stefnds. Virðist ágreiningurinn hafa farið vaxandi eftir forlagssamninginn, og lögðu aðiljar loks ágreininginn fyrir gerðardóm samkvæmt ákvæðum sameignarsamningsins, og var sá dómur fullskipaður 12. jan. 1935, en á þeim tíma var aðalstefndur hættur störfum hjá Félagsprentsmiðjunni og farinn að vinna í þágu annarar prentsmiðju. Kröfur sameiganda aðalstefnds fyrir gerðardóminum voru bæði útaf sameigninni í prentsmiðjunni og forlagssamningnum.

Að því er snertir forlagssamninginn frá 8. júní 1933, voru kröfur sameigenda aðalstefnds m. a. þær: „1) Að honum yrði rift og þeir leystir undan öllum skyldum hans. 2) Að aðalstefndum yrði gert að endurgreiða þeim kaupverð forlagsbókanna, kr. 15000.00, með 5% ársvöxtum frá 8. júní 1933 til greiðsludags að frádregnum þeim hagnaði, er kynni að hafa orðið á forlaginu, frá því að þeir tóku við því og þar til það yrði gert upp. 3) Að ekki yrði tekið með í uppgjör forlagsins útgáfa vasabókar og hagnaður af þeirri útgáfu á árunum 1934 og 1935, heldur renni sá hagnaður allur til þeirra. 4) Að fyrir umsjón með forlaginu, húsnæði, afgreiðslu, innheimtu etc. greiði aðalstefndur þeim kr. 4400.00, er dragist frá hagnaði forlagsins, en greiddist af aðalstefndum persónulega, ef hagnaðurinn hrykki ekki til þess. 5) Að byggt yrði á uppgjöri þeirra og yrði það bindandi fyrir báða aðilja, en til vara, að forlagið yrði gert upp af tveimur dómkvöddum mönnum og að uppgjör þeirra yrði bindandi fyrir báða aðilja.

Niðurstaða gerðardómsins um kröfur sameigenda aðalstefnds var, að því er snertir sameignina í prentsmiðjunni, sú, að aðalstefndur var talinn hafa rofið verulega ákvæði ákveðinnar greinar félagssamningsins og með tilliti til sölutilboðs, er hann hafði gert 12. nóv. 1934, var sameigendum hans heimilaður réttur til kaupa á eignarhluta hans í Félagsprentsmiðjunni, ef þeir, einn eða tveir eða allir

þrír í sameiningu, samþykktu það fyrir lok júnímánaðar 1935, enda yrði verð eignarhlutans ákveðið af tveimur dómkvöddum mönnum, nema samkomulag yrði. Ennfremur var svo ákveðið, að hvor aðilja ætti, enda þótt ekki yrði úr kaupunum fyrir 1. júlí 1935, rétt á að heimta félagsslit innan hæfilegs tíma, er var ákveðinn til og með 31. des. 1935. Hvað viðvék kröfunum útaf forlagssamningnum varð niðurstaða gerðardómsins þessi:

1) Samningnum var riftað og sameigendur aðalstefnds leystir undan skyldum sínum samkvæmt honum. 2) Aðalstefndur var skyldaður til að endurgreiða prentsmiðjunni söluverð bókaforlagsins, kr. 15000.00 með 5% ársvöxtum frá 8. júní 1933, en að frádregnu því, sem inn hafði komið nettó til prentsmiðjunnar af sölu forlagsbókanna, enda yrði aðalstefndum þá afhent það af forlagsbókaupplögunum, sem þá yrði eftir í vörzlum prentsmiðjunnar. 3) Þessi krafa var ekki tekin til greina að neinu leyti, heldur ákveðið, að aðalstefndur ætti heimtingu á, að það, sem inn hefði komið fyrir þessar bækur, yrði dregið frá upphæðinni undir kröfulið 2, þegar gert yrði upp. 4) Í sambandi við úrlausn sína um þetta atriði segir gerðardómurinn, að þegar gerð verði upp skipti aðilja samkvæmt kröfulið 2, bætist að sjálfsögðu við áðurgreindar kr. 15000.00 allur útlagður kostnaður, sem prentsmiðjan hafi haft vegna forlagsbókanna, svo sem umbúðir, flutnings-, innheimtu- og vátryggingarkostnaður o. s. frv. Eftir forlagssamningnum hafi prentsmiðjan átt að annast afgreiðslu og reikningshald endurgjaldslaust og virtist tilætlunin því hafa verið sú, að prentsmiðjan teldi ekki í þessu sambandi rekstrarkostnað forlagsins annað en það, sem beinlínis væri útlagt. En þrátt fyrir þetta ákvað gerðardómurinn þó með tilliti til allrar framkomu aðalstefnds, sem nánar er lýst í úrskurði gerðardómsins, að aðalstefndur skyldi greiða prentsmiðjunni þóknun, er hæfilega þótti metin kr. 500.00, fyrir reikningshald og afgreiðslu og geymslu bókanna. Þá var og ákveðið undir þessum lið, að reikningsskil vegna forlagsins færu fram 1. júlí 1935, ef sameigendur aðalstefnds notuðu kauparétt sinn skv. framansögðu, en annars 1. janúar 1936. 5) Ef ekki yrði samkomulag um aðra tilhögun, var ákveðið, að tveir dóm-

kvaddir menn framkvæmdu reikningsskilin og aðalstefndur bæri kostnaðinn.

Í samræmi við þar að lútandi ákvæði gerðardómsins tilkynntu sameigendur aðalstefnds honum með bréfi, dags. 21. júní 1935, að þeir vildu neyta kauparéttar síns að eignarhluta hans, og með bréfi til lögmanns, dagsettu sama dag, óskuðu þeir eftir, að hann dómkveddi tvo menn til að meta hlutann. Voru matsmennirnir síðan dómkvaddir, og varð að samningum milli aðilja, að matsgerðin miðaðist við 31. des. 1935. Sérstaklega var tekið fram í samkomulagi þessu, að það væri að öllu leyti óviðkomandi uppgjöri á bókaforlaginu. Í samræmi við þetta fóru síðan fram kaup á eignarhluta aðalstefnds í prentsmiðjunni.

Að því er snertir uppgjörið á bókaforlaginu, fól aðalstefnandi löggiltum endurskoðanda framkvæmd þess og greiddi honum kr. 800.00 sem þóknun, en þessu uppgjöri vildi aðalstefndur þó ekki una. Í samræmi við ákvæði gerðardómsins voru þá dómkvaddir tveir menn til að framkvæma uppgjörið, þeir Ari Thorlacius, löggiltur endurskoðandi, og Þorvarður Þorvarðsson, fyrrv. prentsmiðjustjóri, en sá síðarnefndi andaðist þó, áður en uppgjörinu yrði lokið, og var þá Guðbjörn Guðmundsson, fyrrv. prentsmiðjustjóri, dómkvaddur í hans stað til að ljúka verkinu. Luku hinir dómkvöddu menn störfum 17. febrúar 1937 og skiluðu skýrslu viðvíkjandi uppgjörinu, en samkvæmt henni bar aðalstefndum að greiða aðalstefnanda kr. 7299.98, og var sú upphæð skuld aðalstefnds 30. júní 1935 að frádregnum innborgunum frá þeim tíma til næstu áramóta. Við þessa niðurstöðu hinna dómkvöddu manna höfðu báðir aðiljar ýmislegt að athuga. Töldu sameigendur aðalstefnds, að í uppgjörinu væru vantaldar til gjalda tvær upphæðir, þ. e. kr. 800.00 til löggilts endurskoðanda, er þeir höfðu látið gera forlagið upp, áður en þeir Ari voru útnefndir, eins og áður segir, og kr. 1250.00, er þeir höfðu greitt nafngreindum manni aðallega fyrir söfnun auglýsinga í vasa- og skrifstofudagbækur forlagsins á árunum 1933, 1934 og 1935. Töldu þeir skuld aðalstefnds því nema samtals kr. 9349.98 og höfðuðu aðalsökina til greiðslu hennar. Aðalstefndur taldi uppgjörið rétt, að því er snerti það, að þessum liðum var sleppt, og hefir því krafizt sýknu af greiðslu

þeirra í aðalsökinni. Hinsvegar taldi hann ýmsar greiðslur vantaldar forlaginu til tekna og höfðaði því gagnsökina til þess að fá þær greiðslur teknar til greina með eða án skuldajafnaðar við þá upphæð, er aðalstefnanda kynni að verða tildæmd í aðalsök.

Aðalsökin.

1. *800.00 kr. greiðslan.* Eins og áður segir, lét aðalstefnandi löggiltan endurskoðanda gera upp forlagið, án þess að fyrir lægi samþykki aðalstefnds til þess, og er hérgreind upphæð greiðsla fyrir það uppgjör. Þetta uppgjör neitaði aðalstefndur, eins og einnig er vikið að áður, að taka gilt, og voru þá hinir dómkvöddu menn látnir gera forlagið upp og í samræmi við ákvæði gerðardómsins, en kostnað þann, er af því leiddi, hefir aðalstefndur þegar greitt. Eftir ákvæðum úrskurðar gerðardómsins skyldi forlagið gert upp af dómkvöddum mönnum, nema aðiljar kæmi sér saman um annað. Og þar sem aðalstefndur samþykkti aldrei aðra aðferð, verður rétturinn að líta svo á, að hérgreind upphæð sé honum óviðkomandi, og verður því að sýkna hann af greiðslu hennar, enda þótt það kunni að vera rétt hjá aðalstefnanda, að uppgjör endurskoðandans hafi eitthvað flýtt fyrir hinum dómkvöddu mönnum, þar eð það er ekki sannað gegn andmælum aðalstefnds né þá heldur, að hve miklu leyti svo hafi verið.

2. *1250.00 kr. greiðslan.* Svo sem komið hefir fram hér að framan, var einn liður í rekstri forlagsins árleg útgáfa vasabóka og skrifstofudagbóka. Virðist hafa verið allmikið verk að undirbúa prentun þessara bóka árlega og þó sérstaklega söfnun auglýsinga í þær síðartöldu, svo og sala þeirra hvorratveggja. Verk þetta fól prentsmiðjan nafngreindum starfsmanni sínum, en þar eð það var ekki talið falla undir verksvið hans, var honum greidd fyrir það sérstök aukaþóknun: árið 1933 kr. 500.00, 1934 sama upphæð og árið 1935, þ. e. a. s. til 1. júlí þess árs, kr. 250.00, eða samtals hér umrædd greiðsla, og er þetta í samræmi við bækur prentsmiðjunnar, en hinsvegar treystu hinir dómkvöddu menn sér ekki til að telja þessa upphæð til gjalda hjá forlaginu vegna þess, að þeir töldu það ekki heimilt samkvæmt úrskurði gerðardómsins, þar sem ákvæðið væri í honum, að aðalstefnanda bæri einungis kr.

500,00 sem þóknun fyrir reikningshald, afgreiðslu og geymslu bókanna. — Upphæð sú, sem hér er um að ræða, virðist alls ekki hafa komið til álita í gerðardóminum og er aðalstefnanda því rétt að fá úr því skorið nú, hvernig um greiðslu hennar skuli fara. Það er ekki véfengt, að umrætt verk hafi verið nauðsynlegt í þágu forlagsins, né að rétt hafi verið að greiða viðkomandi starfsmanni aukaþóknun fyrir það, enda gerði aðalstefndur það sjálfur, meðan hann rak forlagsstarfsemina. Ekki hefir heldur verið hreyft andmælum um, að greiðslan hafi verið of há. Að þessu athuguðu svo og því, að gerðardómurinn kveður greinilega á um það, að allur útlagður kostnaður í sambandi við forlagið skuli teljast því til gjalda, þá þykir verða að taka hérgreinda kröfu aðalstefnanda til greina.

Í samræmi við framanritað lækkar því upphæð aðalsakar vegna varna þeirra, er aðalstefndur hefir haft uppi í henni, um kr. 800.00, eða niður í kr. 8549.98.

Gagnsökin.

Upphæð sú, sem aðalstefndur hefir í gagnsök krafizt, að kæmi til skuldajafnaðar við upphæð aðalsakar eða að hann fengi sjálfstæðan dóm fyrir, kr. 20851.50, er í 5 liðum, þ. e. 1) Vanreiknaðir vextir honum til tekna, kr. 455.04. 2) Andvirði bóka, er verið hafi í vörzlum prentsmiðjunnar og hún hafi átt að skila sér, en ekki gert, kr. 1921.89. 3) Útistandandi upphæðir hjá ýmsum bóksölum, sem aðalstefnandi hafi ekki gert nægilega grein fyrir, kr. 6948.23. 4) Ágóði af útgáfu vasabóka, almanaka og handbóka fyrir árið 1936, aðallega kr. 5763.20, en til vara einn þriðja hluta þeirrar upphæðar, og loks 5) Ágóði af útgáfu sömu bóka fyrir árið 1937, kr. 5763.20.

Um 1. Þannig stendur á kröfu þessari, að hinir dómkvöddu menn hafa í uppgjöri sínu reiknað forlaginu til skuldar 5% ársvexti af öllu söluverði bókaforlagsins, kr. 15000.00, frá söludegi til 30. júní 1935. Hinsvegar reiknuðu þeir forlaginu ekki neina vexti til tekna af greiðslum, er inn komu. Telur aðalstefnandi þetta rétt og muni aðiljar hafa gengið út frá þessu þegar í upphafi, enda hafi gerðardómurinn úrskurðað þetta atriði á sama hátt, en við úrskurð hans séu aðiljar bundnir. Aðalstefndur telur hinsvegar, að taka hafi átt tillit til innborgana að þessu leyti og að sér hafi ekki borið að greiða vexti af hærri

upphæð en hann samkvæmt forlagssamningnum skuldaði á hverjum tíma.

Rétturinn fær nú ekki séð, að í úrskurði gerðardómsins sé neitt ákvæði, er skyldi aðalstefndan til að greiða vexti af hærri upphæð en hann skuldar á hverjum tíma, né heldur að neitt í þá átt felist í forlagssamningnum. Og með því að fallast má á skilning aðalstefnds, að því er þetta atriði snertir, og hérgreind vaxtaupphæð er ekki véfengd sem rangt út reiknuð, ber að taka þenna lið gagnsakarinnar til greina.

Um 2. Aðalstefndur hefir lagt fram lista yfir bækur, er hann telur, að vantað hafi, er honum var afhent bókaforlagið, en aðalstefnandi hafi átt að standa skil á, og samkvæmt listanum nemur andvirði þeirra bóka hérgreindri upphæð. Telur aðalstefndur, að svo vel hafi verið gengið frá talningu bókanna, að ekki sé neinn vafi um, að aðalstefnanda beri að greiða sér þenna mismun.

Aðalstefnandi hefir mótmælt, að þessi upphæð sé rétt reiknuð, og telur, að fyrri talning bókanna hafi verið svo ónákvæm, að ekkert sé á henni byggjandi, enda hafi nú komið í ljós, að af sumum bókunum sé nú meira til en til átti að vera samkvæmt fyrri talningunni. Nemi sú upphæð kr. 411.20, og hefir hann ex tuto gert varakröfu um, að þessi liður gagnkröfunnar verði lækkaður um þá upphæð.

Með samanburði á talningu þeirri, er fram fór, þegar forlagið var afhent, og talningu hinna dómkvöddu manna svo og uppgjöri þeirra sést, að upphaflega talningin hefir verið að verulegu leyti röng, enda sýnist varla líklegt, að mjög hafi verið vandað til hennar, þegar tekið er tillit til þess, að nafnverð hinna seldu bóka var alls rúmlega kr. 50000.00, en þær allar ásamt öllum útgáfuréttindum seldar á kr. 15000.00. Þá er einnig alveg óljóst, hve mikið af bókunum hefir verið gallað, en í fyrri talningunni er þess getið um ýmsar þeirra og af vottorði annars hinna dómkvöddu manna sést, að við uppgjör hefir allmikið af þeim verið ósöluhæft, nema e. t. v. með miklum endurbótum.

Að þessu athuguðu telur rétturinn ekki unnt að leggja dóm á þenna lið gagnkröfunnar, og verður honum því vísað frá dómi.

Um 3. Í úrskurði gerðardómsins var svo ákveðið, að aðalstefndum skyldi afhent fullnægjandi greinargerð um þær af forlagsbókunum, sem væru í annarra vörzlum, þ. e. ýmissa bóksala, þegar reikningskil vegna forlagsins færu fram. Nú kveðst aðalstefndur hafa skrifað bóksölunum, og hafi ýmsir þeirra engin skil gert eða þá ófullnægjandi, þar sem þeir hafi neitað að skulda þá upphæð, er prentsmiðjan telji og hann sé skuldaður fyrir í uppgjörinu. Aðalstefnandi telur, að í þessu ákvæði úrskurðarins felist aðeins, að prentsmiðjunni beri að gera grein fyrir, hve mikið af bókum sé útistandandi hjá bóksölum. Það hafi hún gert í reikningum forlagsins, sem séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og vottaðir réttir. Hafi prentsmiðjan þannig fullnægt skyldu sinni samkvæmt þessu ákvæði úrskurðarins.

Við afhendingu forlagsins til aðalstefnanda var gerð skrá um bækur hjá bóksölum, þannig að farið var eftir bókaleifaskrám þeirra 1. janúar 1933 og bætt við því, sem sent var frá þeim degi til afhendingardags. Hinsvegar verður ekki séð, að nein grein hafi verið gerð fyrir því, hvað selzt hefir af bókum þessum frá 1. janúar 1933 til afhendingardags, né því, hvort aðalstefndur hefir á þeim tíma fengið greiðslur fyrir bækur frá bóksölunum.

Með tilliti til þessa og neitunar aðalstefnanda um það, að staðreynt hafi verið við afhendingu forlagsins til hans, hve mikið var í raun og veru af bókum hjá bóksölum, og ekki verður heldur séð, að hið sama hafi verið staðreynt við síðari afhendinguna, þá þykir ekki unnt að leggja dóm á þenna kröfulið, og verður honum því einnig vísað frá dómi.

Um 4. Áður en rætt er um þenna kröfulið, þykir rétt að taka afstöðu til þess, við hvaða tíma beri að miða uppgjör bókaforlagsins, en um það hafa aðiljar allmjög deilt, og vegna þeirrar deilu svo og vegna þess, að hinum dómkvöddu mönnum þótti ákvæði úrskurðarins ekki ljós um þetta, gerðu þeir tvö uppgjör og miðuðu annað við 30. júní en hitt við 31. desember 1935. — Í úrskurðinum er gagnaðiljum aðalstefnds heimilaður kauparéttur að eignarhluta hans í prentsmiðjunni, ef þeir, einn eða fleiri, samþykki það fyrir júnílok 1935, og ef af því yrði, skyldu reikningsskil fyrir forlagið fara fram 1. júlí 1935. Þessa

kauparéttar neyttu gagnaðiljar aðalstefnds síðan innan tilskilins tíma, og lítur rétturinn því svo á, að augljóst sé af hérgreindum ákvæðum úrskurðarins, að uppgjör forlagsins beri að miða við 1. júlí 1935, en úr því svo er, verður hérgreind aðalkrafa aðalstefnds um, að ágóði af bókunum renni til forlagsins ekki tekin til greina, þar eð tekjur af bókum þessum eru ekki tilfallnar fyrr en eftir þann tíma. Verður rétturinn því að líta svo á, að ágóði af bókum þessum eigi að renna til prentsmiðjunnar, en hann nam samkvæmt sérstökum útreikningi hinna dómkvöddu manna kr. 5763.20.

Að því er snertir uppgjör á eignarhluta aðalstefnds í prentsmiðjunni, varð samkomulag með aðiljum um, að aðalstefndur nyti arðs af rekstri prentsmiðjunnar árið 1935 á nánar tilgreindan hátt, en það hinsvegar tekið fram, að samkomulagið væri með öllu óviðkomandi uppgjöri bókaforlagsins. Í samræmi við þetta var svo ágóðanum af bókum þeim, er um ræðir í þessum lið, alveg haldið utan við uppgjör eignarhlutans, enda mun aðalstefndur þá hafa talið, að hann myndi allur renna til forlagsins og þannig allur koma sér til góða. — Að þessu athuguðu þykir því verða að taka hérgreinda varakröfu aðalstefnds til greina og tildæma honum einn þriðja hluta þessarar upphæðar, eða kr. 1921.07, enda var hann eigandi eins þriðja hluta prentsmiðjunnar.

Um 5. Þenna lið gagnkröfunnar byggir aðalstefndur á því, að á árinu 1936 hafi aðalstefnandi gefið út fyrir árið 1937 í óleyfi sínu sömu bækur og rætt er um undir 4, en að bókum þessum telur hann sig eiga rithöfundarrétt og eftir riftingu forlagssamningsins hafi aðalstefnanda því verið með öllu óheimil útgáfa þeirra. Telur hann því, að með útgáfunni hafi aðalstefnandi brotið ákvæði laga um rithöfundarrétt, og beri honum að bæta sér þetta með ágóða þeim, er hann hafi haft af bókunum, en það sé að minnsta kosti jafnhá upphæð og árið áður, eða kr. 5763.20.

Aðalstefnandi neitar því eindregið, að aðalstefndur eigi nokkurn rithöfundarrétt að þessum bókum, og sé þessi krafa hans því hin mesta fjarstæða, enda kveðst hann sjálfur hafa gefið út samskonar bækur, áður en hann keypti forlagið.

Efni bóka þessara eru auk venjulegs dagatals ýmiskonar fróðleikur, sem allir eiga annarsstaðar aðgang að, svo sem: Innlent mál og vog, hvenær ýmis söfn og opinberar stofnanir eru opnar, viðtalstími lækna og presta, brunaboðar, rómverskar tölur, dagafjöldi mánaðanna, nokkrar vegalengdir, uppprentanir úr hagskýrslum o. fl. af svipuðu tagi.

Það er nú að vísu svo, að allmargir kaflar, sem voru í bókum aðalstefnds, áður og á meðan aðalstefnandi rak forlagið, eru í bókum þeim, sem hér ræðir um, enda þótt miklu sé viðbætt, en annað leiðrétt og niðurfellt og efnisskipun sé önnur. En að því athuguðu, sem sagt er hér að framan um efni bókanna, lítur rétturinn svo á, að útgáfa þeirra hafi verið aðalstefnanda heimil og að engin réttindi aðalstefnds hafi verið þessari útgáfu aðalstefnanda til fyrirstöðu. Verður þessi liður gagnkröfunnar því ekki tekinn til greina.

Verða úrslit gagnsakar því þau, að samtals verða teknar til greina í henni til skuldajafnaðar við upphæð aðalsakar kr. 2376.11. Í gagnsök hefir verið krafizt hærri vaxta og frá fyrri tíma en gert er í aðalsök, en ekki þykir ástæða til að taka þá kröfu til greina.

Úrslit málsins í heild verða því þau, að aðalstefndur verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 8549.98 að frádregnum kr. 2376.11, eða kr. 6173.87 með vöxtum eins og krafizt hefir verið, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Því dæmist rétt vera:

Kröfuliðum nr. 2 og 3 í gagnsök vísast frá dómi.

Aðalstefndur, Steindór Gunnarsson, greiði aðalstefnanda, s/f Félagsprentsmiðjan, kr. 6173.87 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. janúar 1940.

Nr. 110/1939. **Réttvísin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Vagni Péturssyni (Theódór B. Líndal).

Héraðsdómur og málsmeðferð ómerkt vegna ófullnægjandi rannsóknar og málinu vísað heim til rannsóknar og dómsálagningar.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af hinum reglulega héraðsdómara Akureyrarkaupstaðar, Sigurði Eggerz bæjarfógeta.

Á þeim tíma, er ákærði framdi verknað þann, sem honum er að sök gefinn í málinu, var telpan Pálína Jónsdóttir orðin fullra 12 ára, en telpan Anna Sigríður Þorsteinsdóttir 11 ára og 5—6 mánaða. Ákærði hefir ekki verið um það spurður, hvort hann hafi á nefndum tíma vitað um aldur telpnanna, né heldur, hvað hann hafi álitið um aldur þeirra, ef honum var ekki um hann kunnugt. Ekki hefir verið aflað upplýsinga um stærð og líkamsþroska telpnanna á þessum tíma, og bar þó nauðsyn til þess, einkum um yngri telpuna. Foreldrar eða forráðamaður telpunnar Pálínu hafa ekki verið um það spurðir, hvort þeir krefðust opinberrar málssóknar útaf þeim verknaði ákærða, er kom fram við nefnda telpu, sbr. 175. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. Ennfremur hefði verið rétt að spyrja foreldra eða forráðamann telpunnar Önnu Sigríðar hins sama, því vera má, að ákærði hafi álitið hana eldri en hún var. Loks hefir þess ekki verið gætt að afla fæðingarvottorðs ákærða.

Þar sem málið er svo ófullnægjandi rannsakað

um atriði, er miklu máli skipta, þykir rétt að ómerkja málsmeðferðina í héraði og hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til rækilegri rannsóknar um þau atriði, er að framan getur, og um öll þau atriði önnur, er ný rannsókn kann að veita efni til.

Eftir þessum málalokum verður allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Málsmeðferð og dómur í héraði skulu vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til rækilegri rannsóknar og meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Ríkissjóður greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Theódórs B. Líndals, 50 krónur til hvors.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 26. júlí 1939.

Mál þetta er höfðað fyrir aukarétti Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu af hálfu réttvísinnar með stefnu, útgefinni 20. júní 1939, gegn ákærðum, Vagni Péturssyni, Norðurgötu 9, Akureyri, fyrir brot á 16. kap. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. lög nr. 51 frá 7. maí 1928, til refsingar og málskostnaðargreiðslu.

Atvik málsins eru þessi:

Samkvæmt bendingu héraðslæknis var rannsókn hafin í málinu.

Tvær telpur, Anna Sigríður Þorsteinsdóttir, til heimilis Grundargötu 7, fædd 4. júlí 1927, og Pálínu Jónsdóttur, fædd 14. nóvember 1926, bera það, að eftir jól hafi þær farið

upp til ákærða. Dagurinn er ekki tilgreindur, en rétt áður höfðu þær 4 telpur verið hjá Vagni.

Segir Anna Sigríður, að við þetta tækifæri hafi hann beðið Pálínu og hana að koma aftur, enda gerðu þær það litlu seinna.

Lýsti hún svo því, sem fram fór á milli ákærða og Pálínu. Vagn hneppti frá sér buxnaklaufinni og lagði Pálínu niður á dívan og hneppti niður um hana, tók liminn út og lét á milli læranna á henni.

Sama gerði hann við hana. Hann lá stutt ofan á Önnu Sigríði. Hann reyndi að koma liminum inn, en það var svo sárt, að hann varð að hætta við það. Pálína segir, að hann hafi ekki legið voða lengi ofan á sér, en það hafi verið sárt, og hún hafi orðið dálítið blaut. Ákærði gaf Önnu Sigríði 50 aura og Pálínu 25 aura.

Í annað sinn komu þær til ákærða, og fór þá allt á sömu leið, og gaf hann þá annarri þeirra 50 aura, en hinni 52 aura. Oftar komu þær ekki til hans.

Ákærði hefir játað, að hann hafi framið saurlífi með telpunum. Hann segir, að telpurnar hafi margkomið til sín og beðið sig að gera eitthvað við þær, og segist hann hafa gert það, sem þær báðu hann um. Þannig hafi hann lagzt ofan á þær.

Hann segir, að þær hafi beðið sig að setja liminn á milli læra þeirra, en hann neitar því, að hann hafi komizt inn í þær.

Ákærði segir, að hann geti ekki séð, að hann hafi brotið velsæmisreglur eða lög með framferði sínu.

Ákærði segir, að sér hafi ekki orðið sáðfall í viðureign sinni við telpurnar. Anna Sigríður játar, að hún hafi haft mök við dreng, sem heiti Hörður Ástvaldsson. Hinsvegar hefir hin telpan neitað, að hún hafi átt mök við nokkurn annan en ákærða. Héraðslæknir hefir skoðað stúlkurnar báðar. Segir hann um Pálínu, að meyjarhaftið hafi verið órofið og enginn áverki hafi sézt á getnaðarfærunum.

Hann segir, að ef um tilraun til samræðis hafi verið að ræða, þá hafi getnaðarfæri karlmannsins ekki komizt nema inn í allra fremsta hluta vaginu og að minnsta kosti ekki inn fyrir meyjarhaftið. Sama segir hann, að megi segja um Önnu Sigríði, en í kringum getnaðarfæri hennar og á slímhimnunni var nokkur roði, „irritation“. En um það er

ekki hægt að segja, hvort þessi roði er afleiðing af tilraunum til samfara eða stafi af einhverju öðru.

Um ákærða segir héraðslæknirinn, að hann sé hvorki brjálaður eða fábjáni, en virðist vera dálitið „senil" og eigi erfitt með að halda sér við það, sem verið er að tala um. Hugmyndir hans um „moral" virðast sérkennilegar. Kynfæri hans bera ekki vott um neina sjúkdóma. Segir héraðslæknirinn, að ákærði sé fær um að taka út hegningu.

Brot ákærða ber að færa undir 174. sbr. 177. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun fyrrv. bæjarfógeta Steingrími Jónssyni, kr. 60.00.

Á máli þessu hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Vagn Pétursson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 60 krónur til skipaðs talsmanns síns, fyrrverandi bæjarfógeta Steingríms Jónssonar.

Dóminum að (svo) fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. janúar 1940.

Nr 106/1939. **Réttvísin** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Sigurði Thórarensen og Þorkeli Steinssyni

(cand. jur. Ólafur Þorgrímsson).

Tveir lögregluþjónar dæmdir til refsingar eftir 126., 129. og 144. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn í máli þessu er kveðinn upp af Ísleifi prófessor Árnasyni samkvæmt konunglegri umboðsskrá 8. des. 1938.

Það virðist mega telja sannað, að ákærði Sigurður Thórarensen hafi ekki farið að Karli lækni Jónssyni, þegar hann bauð Karli að hætta að syngja í anddyrinu á Hótel Borg, með þeirri lipurð eða prúðmennsku, er lögreglumanni hæfir, eftir því sem á stóð. Og framferði Karls, svo sem því er lýst af sjónarvottum, eftir að ákærði hafði skipað honum að hætta að syngja — en Karl kveðst ekki hafa veitt þeirri skipun eftirtekt — virðist ekki hafa verið þannig lagað, að það hafi veitt ákærða næga ástæðu til þess að leggja þegar í stað á hann hendur með þeim hætti, sem í héraðsdóminum segir. Áður en til slíkra aðgerða kæmi, bar ákærða að reyna að ná takmarki sínu með vægara móti. Í stað þess færir ákærði, Sigurður, Karl með aðstoð meðákærða, Þorkels Steinssonar, viðstöðulaust með valdi út og inn í lögreglubifreiðina. Leggja þeir járn á hendur honum og aka umsvifalaust með hann upp að hegningarhúsi, án þess, eftir því sem hinir ákærðu segja, að leita sér vitneskju um það, hver maðurinn var, eða hvar hann átti heima, og því án þess að veita honum kost á að fara heim til sín með eða án atbeina hinna ákærðu. Framferði Karls eða áfengisáhrif virðast ekki hafa réttlætt slíka meðferð nægilega. Verður því að telja hina ákærðu hafa gerzt seka við 126. og 129. gr. almennra hegningarlaga með handtöku Karls og meðferð á honum í sambandi við hana, eins og í héraðsdóminum segir.

Á því, hvernig standi á bólgugarði þeim aftan á hálsi Karls, er í læknisvottorði í héraðsdóminum getur, hefir engin skynsamleg skýring fengizt, nema sú, að bólgan stafi af höggi af lögreglukylfu eða svipuðu tæki. Máttleysi Karls og nær algert ræn uleysi, er komið var með hann í varðhaldið aðeins

örfáum mínútum eftir handtökuna, verður varla með öðrum hætti skiljanlegt en þeim, að hann hafi fengið eitthvert verulegt áfall, er svipti hann mætti og rænu, meðan hann var í bifreiðinni, enda þótt ekki séu gegn neitun hinna ákærðu leiddar sönnur að því, hvort þeir, annar eða báðir, eigi sök þar á, að einhverju leyti eða öllu. En hitt mátti báðum hinum ákærðu vera ljóst, að máttleysi og rænuleysi Karls í fangahúsgarðinum og síðan í fangahúsinu gat ekki stafað einvörðungu af áfengisnautn hans, heldur af einhverri annarri orsök. Eins og á stóð, verður því að telja hina ákærðu hafa gerzt seka um stórkostlegt hirðuleysi, er við 144. gr. almennra hegningarlaga varðar, með því að skilja Karl einan og hjálparvana eftir í læstum fangaklefa, þar sem hann var látinn vera að nóttu til um 9 klukkustundir eftirlitslaus.

Fyrir framanskráð brot þykir refsing ákærða Sigurðar Thórarensens hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 25 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. En refsing ákærða Þorkels Steinssonar þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar þykir mega staðfesta. Svo verður að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Héraðsdómarinn tók málið til dóms þann 17. maí 1939, en dóm kvað hann upp 19. sept. s. á., eða

rúmum 4 mánuðum síðar. Þann drátt, sem ekki er nægilega réttlættur, verður að átelja.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sigurður Thórarensen greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, en ákærði Þorkell Steinsson 200 krónur í sama sjóð. Ef sektirnar verða ekki greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, þá afpláni ákærði Sigurður sína sekt með 25 daga einföldu fangelsi, en ákærði Þorkell sína með 12 daga fangelsi sömu tegundar.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar skal vera óraskað. Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, Lárusar hæstaréttarmálflutningsmanns Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar cand. jur., 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. sept. 1939.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Thórarensen, lögregluþjóni, Vífilsgötu 12, og Þorkeli Steinssyni, lögregluþjóni, Holtsgötu 14 A, báðum hér í bænum, fyrir brot gegn 13. og 18. kapitula hegningarlaganna frá 25. júní 1869.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Er ákærði Sigurður fæddur 8. júní 1907 að Kirkjubæ í Rangárvallasýslu og ákærði Þorkell fæddur 29. nóvember 1897 að Miklaholti í Árnessýslu. Hefir ákærði Sigurður hinn 3. nóvember 1930 undirgengizt 5 króna sekt í lög-

reglurétti Reykjavíkur fyrir bjölluleysi á reiðhjóli, en ákærði Þorkell hefir ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt afbrot.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudagskvöldið 26. október s. l. um kl. 11½ var hringt frá Hotel Borg á lögregluvarðstofuna hér og beðið um lögregluaðstoð vegna óspekta, er orðið höfðu inni í veitingasalnum, svo og vegna þess, að einn þeirra manna, er óspektunum olli, hafði ekki viljað greiða veitingareikning sinn. Fóru hinir ákærðu, Sigurður og Þorkell, þegar í stað í lögreglubifreiðinni til veitingahússins til aðstoðar. Er þeir komu inn í innra anddyri veitingahússins, voru þeir menn, sem óspektunum höfðu valdið, komnir þangað innan úr veitingasalnum og orðnir rólegir. Var ákærðu þá bent á mann þann, sem ekki hafði greitt veitingaskuld sína, og tóku þeir hann tali í því skyni að jafna ágreininginn milli hans og þjóns þess, sem hafði afgreitt hann. Maður þessi virðist hafa verið allmikið undir áhrifum víns, því að, meðan á viðræðum þessum stóð, æstist hann og tókst að gefa þjóni þeim, sem hann skuldaði og þátt tók í samræðunum, utan undir, en lítið varð úr högginu. Ákærði Þorkell viðurkennir að hafa séð þessa árás á þjóninn, en ákærði Sigurður neitar að hafa tekið eftir henni, en kveðst muna, að sláttur hafi verið á manni þessum, og hann hafi því tekið í hann og sagt honum að láta ekki svona. En í þeim svifum, sem umrætt tilræði við veitingaþjóninn var gert, tók maður að syngja í krikanum við fataafgreiðsluborðið í anddyrinu. Beindist þá athygli og aðgerðir hinna ákærðu að honum, eins og hér á eftir segir, og skiptu þeir sér eftir það ekki frekar af því, sem um getur hér á undan.

Þetta sama kvöld höfðu þeir Karl Jónsson, læknir, og Baldur Björnsson, skósmiður, setið að tafli á heimili Karls, Túngötu 3 hér í bænum, frá því kl. tæplega 8 til kl. 10½. Á þessu tímabili drukku þeir saman, að því er þeir segja, ca. 2—2½ pela af ákavíti, er Karl átti heima hjá sér. Um kl. 10½ um kvöldið fóru þeir niður á Hótel Borg og fengu sér þar te og tvö glös af koníaki hvor. Settu þeir koníakið út í teið og drukku blönduna sem toddý. Tók hvert glas 4 centilítra. Er lokunartími veitingahússins var kominn, eða rúmlega kl. 11½, fóru þeir fram í and-

dyrið til þess að taka yfirhafnir sínar. Varð Baldur fyrri til að fá föt sín afhent, og hélt hann þegar til dyra. Er Karl hafði tekið við fötum sínum hjá afgreiðslustúlkunni í fatageymslunni, fékk hann henni þau aftur og ætlaði inn í veitingasalinn, en þegar stúlkan hafði bent honum á, að allir gestir væru farnir þaðan, tók hann við fötunum á ný og fór í þau. En meðan hann var að fara í yfirhöfnina, tók hann að syngja fullum rómi. Skipaði ákærði Sigurður honum þá hranalega að þegja, en Karl herti söginn, enda þótt gera verði ráð fyrir því, eftir því sem fram hefir komið, að hann hafi hlotið að heyra skipunina eins og aðrir viðstaddir. Hinum ákærðu og sjónarvottum ber nú ekki saman um það, hvað næst hafi gerzt. Hafa báðir hinir ákærðu staðhæft það, að Karl hafi, þegar ákærði Sigurður skipaði honum að þegja, reitt höndina til höggs og ætlað að slá Sigurð, og hafi þá Sigurður neyðzt til að grípa um hönd hans til þess að firra sig högginu. Telja ákærðu, að þetta hafi verið upphaf viðureignar þeirra við Karl, er síðan leiddi til handtöku hans.

Hinsvegar hafa 3 vitni borið það, og hafa 2 þeirra staðfest framburð sinn með eiði, að ákærði Sigurður hafi, er Karl hélt áfram að syngja, eftir að honum hafði verið skipað að þegja, gripið annarri hendi fyrir munn honum til þess að stöðva söng hans. Hafi Karl þá reynt að losa sig, en úr því hafi orðið stimpingar milli þeirra. Annað vitnanna, fataafgreiðslustúlkan á veitingahúsinu, er hafði sérstaklega góða aðstöðu til að sjá, hvað gerðist í umrætt skipti, þar sem hún var stödd í fatageymslunni, er viðureignin hófst í krikanum fyrir framan við afgreiðsluborðið, hefir borið allnákvæmlega um það atriði og verið ákveðin í framburði sínum. Kveður þetta vitni, að auk þess sem ákærði Sigurður hafi tekið fyrir munn Karli, hafi hann gripið um vinstri hönd hans og sveigt hana aftur fyrir bak og upp undir herðablað. Þekkti vitnið ekki ákærða Sigurð í það sinn, en setti á sig lögregluþjónsnúmer hans, 38, vegna þess, hve því þótti hann koma hörkulega og hranalega fram. Ekkert af vitnum þeim, sem leitt hefir verið við rannsókn málsins, kveðst hafa séð Karl gera tilraun til að slá ákærða Sigurð.

Það þykir verða að leggja vitnaframburðinn til grundvallar um tildrög og upphaf viðureignar ákærða Sigurðar

og Karls. Að vísu undirgekkst Karl morguninn eftir, eða 27. okt. s. l., 100 króna sekt í lögreglurétti Reykjavíkur fyrir ölvun og tilraun til að slá lögregluþjón. En fyrir því hefir hann gert þá grein, að líðan sín hafi verið svo slæm, að hann hafi ekki haft sinnu á að mótmæla efni kæru, er ákærði Sigurður hafði skrifað á hendur honum útaf framkomu hans kvöldið áður á Hótel Borg og lögð var fram í réttinum, heldur hafi hann hugsað um það eitt að komast sem fyrst í rúmið aftur. Í réttarhaldi þessu fór engin rannsókn fram á því, hvort efni kærunnar á hendur Karli væri rétt, önnur en sú, að kæran var borin undir hann, með því að Karl gaf ekkert tilefni til frekari rannsóknar. Verður því framkoma Karls í réttarhaldinu ekki talin hnekkja vitnaframburðunum um það, hvað gerðist milli hans og ákærðu kvöldið áður. Er ákærði Sigurður og Karl voru komnir í ryskingar fyrir framan fataafgreiðsluborðið, kom ákærði Þorkell að vörmu spori Sigurði til aðstoðar. Náðu ákærðu fljótlega yfirhöndinni í viðureigninni og tókst eftir nokkrar stimpingar að koma Karli út úr veitingahúsinu og inn í lögreglubifreiðina, er stóð fyrir utan. Virðist Karl í þeirri viðureign hafa veitt mótspyrnu eftir megni. Er inn í bifreiðina kom, settu ákærðu hann í handjárn og óku af stað. Um það, hvað gerðist, frá því handjárnin voru sett á Karl, og þar til ákærðu komu með hann að hegningarhúsinu, eru þeir einir til frásagnar.

Halda ákærðu því fram, að eftir að handjárnin voru komin á hann, hafi hann verið rólegur. Hafi ákærði Sigurður setið hjá honum aftur í lögreglubifreiðinni, en ákærði Þorkell hafi sezt undir stýri og ekið sem leið liggur að hegningarhúsinu. Er þangað kom, hafi þeir svo tekið hann út úr bifreiðinni og leitt hann milli sín inn í austurportið. Í portinu hafi þeir báðir sleppt af Karli, hafi ákærði Sigurður gengið að dyrum fangahússins til þess að hringja á fangavörðinn, en ákærði Þorkell farið að loka portdyrunum. En er Karl hafi ekki notið stuðnings þeirra, kveða ákærðu, að hann hafi tekið bakfall upp að portveggnum og fallið niður með honum. Þeir hafi þá báðir verið það langt frá Karli, að þeir hafi ekki náð til hans til þess að afstýra fallinu. Í þessum svifum kveikti fangavörðurinn og opnaði fangahúsið. Tóku ákærðu þá

Karl, báru hann inn í ganginn og settu hann flötum beinum á gólfið upp við gangvegginn. Voru nú handjárnin tekin af honum, hann klæddur úr jakkanum, og tekin af honum flibbi og bindi og þau verðmæti, er hann hafði meðferðis og þetta fengið fangaverðinum til geymslu. Báru ákærðu hann síðan inn í klefa nr. 11 og lögðu hann í svokallaða kistu. Er það alldjúpur stokkur, opinn upp úr og festur í einu horni klefans, og eru venjulega lagðir í hann menn, sem teknir eru ölvaðir og í æstu skapi. Við meðferð Karls í fangahúsinu tóku ákærðu og fangavörðurinn eftir því, að blóð var á hnakka Karls. Þvoðu þeir þá hnakka hans til þess að aðgæta meiðslið, en virtist það ekki vera alvarlegt, heldur aðeins yfirborðs skráma. Er ákærðu höfðu lagt Karl í kistuna, varð honum flökurt, og kastaði hann upp. Bað hann þá, að því er fangavörðurinn heldur fram, um vatn að drekka, og var látið það í té. Yfirgáfu ákærðu og fangavörður síðan klefann eftir að hafa hagrætt Karli í kistunni og breitt yfir hann. Frá því að Karl féll í portinu og þar til ákærðu og fangavörður yfirgáfu hann um kvöldið, var hann meðvitundar- og máttlítill. Töldu þeir það stafa af því, hve drukkinn hann væri.

Er fangavörðurinn kom inn í klefann morguninn eftir um 9 leytið, lá Karl í eðlilegum stellingum í kistunni. Kvartaði hann þá fljótlega um það, að sér liði mjög illa og lá kyrr í klefanum, þar til síðar um morguninn, að hann mætti í réttarhaldi því, er getið er um hér að framan. Að réttarhaldinu loknu, fékk hann að fara í rúmið (kistuna) aftur og lá þar fram undir hádegi, en fékk þá bifreið að fangahúsinu og var ekið í henni heim til sín. Lagðist hann, er heim kom, í rúmið og lá rúmfastur um nokkurt skeið. Daginn, sem Karl kom úr fangahúsinu, var hann skoðaður af Valtý Albertssyni lækni og næsta laugardag, eða 29. okt. s. l., aftur af Jóhanni Sæmundssyni lækni. Samkvæmt vottorðum lækna þessara fundust þá á honum eftirgreindir áverkar:

1. Aftan á hnakka 5 × 6 centimetra stór kúla, og var húðin yfir henni hrufluð og blóðhlaupin.
2. Bólgugarður þvert yfir háls að aftan, neðan hársróta, ca. 15 centimetra á lengd og 3—4 centimetrar á breidd.
3. Á hægra þumalfingri var dofinn blettur handarbaksmegin á útjaðri fingursins. Ennfremur var þar skorpu-

þakið hruflsár í greipinni og efst á lófavöðva þumalfingurs.

4. Neðanvert við rifjahylkið aftan til vinstra megin (í brúninni á hryggjavöðvunum) var barnslófastór marblettur og bólguþroti.
5. Undir hægri hönd barnslófastór þrotablettur, en ekkert mar.
6. Framan á hægri fótlegg var 15 centimetra langt skrapsár og neðst í því tvieyringsstórt skorpuþakið sár.

Af líðan og umkvörtunum Karls við læknisskoðanirnar drógu læknarnir ennfremur þá ályktun, að hann hefði fengið allverulegan heilahristing.

Með handtöku Karls læknis að Hótel Borg með þeim aðdraganda og hætti, sem lýst er hér að framan, þykja ákærðu hafa gerzt brotlegir við 126. og 129. sbr. 145. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Að vísu virðist Karl hafa verið talsvert undir áhrifum víns í umrætt skipti, og hann óhlýðnaðist skipun ákærða Sigurðar um það að þegja. En eigi þykir þetta geta réttlætt hina ofbeldisfullu handtöku hans og fangelsun. Sérstaklega má á það líta, að Karl hafði hagað sér kurteislega í veitingasalnum um kvöldið, og þegar hann hóf sönginn, var hann í þann veginn að yfirgefa veitingahúsið, en þaðan virðast þá allir gestir vera farnir, nema maður sá, sem ákærðu höfðu verið kallaðir útaf. Þá hafa báðir ákærðu borið það, að Karl hafi verið rólegur, eftir að handjárnin komu á hann. Virðist það því hafa verið ástæðulaus öryggisráðstöfun af ákærðu að fara með Karl í fangahúsið og láta geyma hann þar yfir nóttina í stað þess að fara með hann heim til hans.

Koma nú til athugunar framangreindir áverkar, er fundust á Karli eftir töku hans.

Það verður að teljast sennilegt, að áverkana undir 3.—6. tölul. hér að framan, sem allir eru óverulegir, hafi Karl hlotið í viðureigninni við ákærðu. En óupplýst er, að ákærðu hafi veitt Karli áverkana af ásettu ráði. Verða ákærðu því ekki af þessum ástæðum sakfelldir fyrir þá.

Eftir því sem kom fram við rannsókn málsins, má gera ráð fyrir, að Karl hafi hlotið áverkana undir 1. tölul., er hann féll upp að veggnum í fangelsisportinu, og líkur benda til (ástand Karls eftir fallið samkvæmt framburð-

um ákærðu og fangavarðarins, sem við honum tók), að hann hafi við höfuðhöggið í fallinu fengið heilahristinginn, sem hann síðar reyndist vera með. Það verður ekki talið vítavert gáleysi af ákærðu að sleppa Karli í portinu. Eftir mótspyrnu þeirri, sem hann hafði veitt þeim rétt áður, gátu þeir vænzt þess, að hann gæti staðið óstuddur skamma stund. Bera ákærðu því ekki refsiábyrgð á umræddum áverka eða afleiðingum hans.

Að því er snertir áverkann undir 2. lið, bólgugarðinn aftan á hálsi Karls, hefir Valtýr Albertsson læknir látið uppi það álit sitt, að eftir útliti og legu áverkans stafaði hann sennilega af höggi frá einhverjum sívölum og beygjanlegum hlut. Þá telur og Jóhann Sæmundsson læknir áverka þenna hafa komið af völdum einhvers sveigjanlegs og mjúks hlutar, sem ekki hafi verið breiðari en áverkaröndin, en sennilega nokkru mjórri. Báðir læknarnir telja mjög ósennilegt, að áverkinn hafi hlotizt af árekstri á brúnir kistunnar, sem Karl var lagður í. Ákærðu hafa báðir staðfastlega neitað því að hafa barið Karl eða veitt honum á annan hátt umræddan áverka. Og að því leyti sem aðrir en ákærðu voru viðstaddir meðferð þeirra á Karli, hafa þeir sjónarvottar borið, að þeir hafi ekki séð ákærðu berja hann. Aðstoðarfangavörðurinn, er skoðaði hnakka Karls um kvöldið, er ákærðu komu með hann í fangahúsið, sá þá ekki neinn áverka aftan á hálsi hans. Þá athugaði aðalfangavörðurinn, sem hafði vakt morguninn eftir, meiðslið í hnakka Karls eftir beiðni hans, en tók þá ekki eftir neinu meiðsli aftan á hálsinum. Gegn ákveðinni neitun ákærðu um það að vera valdir að umræddum áverka og með því að ekki virðist útilokað, að hann hafi getað orsakazt af öðrum en þeirra völdum, verða ákærðu ekki sakfelldir fyrir hann.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna ákærðu af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 18. kap. hegningarlaganna.

Refsing hinna ákærðu fyrir framangreint brot þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs fyrir ákærða Sigurð og 100 króna sekt til ríkissjóðs fyrir ákærða Þorkel, og komi einfalt fangelsi í 14 daga hjá ákærða Sigurði og í 7 daga hjá ákærða Þorkeli í stað

sektanna, verði þær ekki greiddar innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allan kostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar á meðal málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda þeirra, Péturs Magnússonar hrm.

Dráttur sá, sem orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af önnum við önnur störf.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sigurður Thórarensen sæti 200 króna sekt til ríkissjóðs og ákærði Þorkell Steinsson sæti 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 14 daga hjá ákærða Sigurði og í 7 daga hjá ákærða Þorkeli í stað sektanna, verði þær ekki greiddar innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði ákærðu in solidum allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda þeirra, Péturs Magnússonar hrm.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. janúar 1940.

Nr. 114/1939. **Geir Pálsson**
gegn
Garðari Þorsteinssyni

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Geir Pálsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 31. janúar 1940.

Nr. 120/1939. **Þórhallur Arnórsson**
gegn
Carli D. Tulinius

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þórhallur Arnórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Carli D. Tulinius, er hefir látið mæta í málinu, 20 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. febrúar 1940.

Nr. 107/1939. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Ásgeiri Ásmundssyni
(Pétur Magnússon).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ásgeir Ásmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Péturs Magnússonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. okt. 1939.

Ár 1939, miðvikudaginn 4. október, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af fulltrúa lögreglustjóra Valdimar Stefánssyni uppkveðinn dómur í málinu nr. 1846/1939: Valdstjórnin gegn Ásgeiri Ásmundssyni, sem tekið var til dóms 29. september sama ár.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ásgeiri Ásmundssyni, atvinnulausum, til heimilis í Fischersundi 3 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. sept. 1883, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1911 $^{3}/_{5}$ Sætt: 20. kr. sekt fyrir að neita lögreglu um aðstoð.

1916 $^{15}/_{6}$ Dómfelldur í lögreglurétti Reykjavíkur fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu (skv. lögregluþingbók, en þar er dómsniðurstöðunnar ekki getið).

1919 $^{1}/_{12}$ Dómur landsyfirréttar: Sýknaður af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 183. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1921 $^{4}/_{11}$ Kærður fyrir svik í spilum. Málið afgr. frá lögreglu til dómara.

1923 $^{2}/_{7}$ Sætt: 400 kr. sekt fyrir bannlagabrot.

1924 $^{3}/_{9}$ Sætt: 200 kr. sekt fyrir bannlagabrot.

1924 $^{27}/_{10}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 30 daga einfalt fangelsi og 1000 króna sekt fyrir bannlagabrot.

1925 $^{18}/_{3}$ Dómur sama réttar: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt fyrir bannlagabrot.

1925 $^{21}/_{3}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1925 $^{22}/_{4}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1926 $^{23}/_{7}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt fyrir bannlagabrot.

1927 $^{6}/_{7}$ Dómur sama réttar: 80 kr. sekt fyrir lögreglubrot.

1928 $^{3}/_{4}$ Dómur sama réttar: 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt fyrir bannlagabrot.

1928 $^{17}/_{4}$ Dómur sama réttar: 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 króna sekt fyrir bannlagabrot.

1928 $^{2}/_{6}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1928 $^{21}/_{11}$ Dómur hæstaréttar: 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt fyrir brot á áfengislögunum frá 1928.

1933 $^{18}/_{2}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 $^{9}/_{2}$ Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður.

1935 $^{2}/_{5}$, $^{1}/_{9}$ og $^{17}/_{10}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936 $^{1}/_{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 3500 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $^{1}/_{10}$ 1936 að öðru leyti en því, að sektin var lækkuð í 2500 kr.

1938 $^{12}/_{11}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Undanfarið hefir lögreglan hér í bæ talið, að kærður stundaði áfengissölu, sem færi fram heima hjá honum, en þó aðallega í sundum og skúmaskotum við göturnar, sem næstar liggja höfninni. Liggur fyrir framburður 5 lögregluþjóna um, að kærður hafi undanfarið flesta daga ársins fram á kvöld og stundum fram á nætur rölt fram og aftur

um göturnar við höfnina og hagað sér á sama hátt eða mjög líkt og þeir menn aðrir, sem uppvísir hafa orðið að áfengissölu á götum úti.

Þegar kærði var kallaður fyrir rannsóknarlögregluna 28. ágúst s. l. í tilefni af grun þessum um áfengissölu og hann var spurður um, af hverju hann hefði lifað, neitaði hann að svara því eða gefa lögreglunni nokkrar upplýsingar um sinn hag. Fyrir réttinum hefir hann skýrt frá því, að þegar hann losnaði síðast af vinnuhæli ríkisins á Litla Hrauni, sem var 7. júní 1937, hafi hann átt í peningum kr. 300,00. Þá átti hann engar aðrar eignir og hefir ekki síðan eignazt og hefir engra opinberra styrkja notið. Hann kveðst síðan ekkert hafa unnið sér inn nema kr. 150.00—200.00 með því að leiðbeina erlendum ferðamönnum hér í bænum, einkum Englendingum. Þá er upplýst, að mágur kærða lánaði honum kr. 300.00 í marzmánuði s. l. og kaupmaður einn hér í bænum kr. 100.00 í ágústmánuði s. l. Aðra peninga en þá, sem nú hafa verið taldir, hefir kærði ekki haft til ráðstöfunar frá 7. júlí 1937. Að vísu segist hann öðru hvoru hafa fengið peninga hjá syni sínum, Ástvaldi Helga, og er það rétt, að hann hefir greitt kærða smátt og smátt kr. 160.00 frá vorinu 1938 til þessa tíma, en það var einungis endurgreiðsla á húsaleigu, sem kærði hafði lagt út fyrir hann veturinn 1937—1938. Frá því kærði losnaði af vinnuhælinu og til haustsins 1938, eða í rúmt ár, keypti hann sér fæði á ýmsum matsöluhúsum hér í bænum. Haustið 1938 kveðst hann hafa byrjað að borða hjá Ásmundi syni sínum og síðan hafa mátt borða þar, þegar hann hefir viljað. Frá júlí 1937 til þessa tíma hefir kærði greitt í húsaleigu kr. 25.00 á mánuði fyrir utan ljós og hita, nema tvo síðustu mánuðina, sem hann hefir ekki greitt.

Sé frásögn kærða um eign hans, þegar hann kom af vinnuhælinu, og um tekjur hans af leiðbeiningum útlendinga tekin trúanleg, hafa allir peningar hans á umræddu tímabili numið kr. 900.00. Í húsaleigu eina á sama tímabili hefir hann greitt ca. kr. 600.00. Sé gert ráð fyrir, að hann hafi mestmegnis borðað hjá Ásmundi syni sínum frá haustinu 1938, hefir hann haft einar 300 kr. til allra annarra þarfa sinna frá 7. júlí 1937 til þessa tíma, þar á meðal

fæðiskaup á matsöluhúsum í á annað ár. Fær slíkt ekki staðizt, og hefir kærða því ekki tekizt að gera grein fyrir, á hverju hann hefir lifað undanfarið.

Þá hafa komið fram nokkur vitni, er hafa borið, að þau hafi keypt áfengi af kærðum, síðan hann síðast var dæmdur fyrir áfengissölu.

Vitnið Páll Þorleifsson, verzlunarmaður, hefir borið, að hann hafi undanfarið, aðallega í apríl, maí og júní s. l., keypt áfengi af kærðum og hafi kaupin ætíð farið fram í íbúðarherbergi kærða og aðallega á sunnudagsmorgnum. Hafi áfengið bæði verið brennivín og whisky, þó öllu meira whisky. Hafi brennivínsflaskan og whiskypelinn kostað 11 krónur. Aldrei hafi hann keypt nema eina flösku í einu og aldrei hafi neinn þriðji maður verið viðstaddur, er kaupin fóru fram.

Vitnið Haukur Magnússon, koparsmiður, hefir borið, að sér hafi verið kunnugt um langan tíma, að kærði seldi áfengi og að hann hafi fyrir fjórum árum nokkrum sinnum keypt af honum áfengi.

Um 10. júní s. l., föstudags- eða laugardagskvöld, kl. um 24, kveðst vitnið hafa hitt kærða í Kolasundi og beðið hann um áfengi, en hafði ekki nema kr. 5.00, en kærði vildi fá kr. 5.50 eða kr. 6.00 fyrir whiskypela, fullan af brennivíni. Meðan þeir töluðu um verðið, komu að tveir menn og gáfu sig á tal við kærða, og segir vitnið, að þeir og kærði hafi verið að pukrast í grennd við sig, og hafi hann með sjálfum sér ekki verið í vafa um, að mennirnir væru að kaupa áfengi af kærða. Þegar menn þessir voru farnir, seldi kærði vitninu brennivínspela fyrir kr. 5.00, en enginn þriðji maður var þar viðstaddur.

Sumarið 1938 og fram að mánaðamótum nóvembers og desembers það ár var vitnið Katrín Svava Alexandersdóttir í vist hjá frú Gunnhildi Árnadóttur, Aðalstræti 9 hér í bæ. Hefir Gunnhildur skýrt svo frá, að hún hafi nokkrum sinnum, þegar gleðskapur var heima hjá henni, sérstaklega um helgar, sent vitnið út til að kaupa áfengi eftir lokunartíma áfengisverzlunarinnar og hafi vitnið alltaf keypt brennivín á whiskypelum og hafi pelinn kostað kr. 5.50. Vitnið hefir borið, að Gunnhildur hafi sent sig út í þessum erindagerðum flest laugardagskvöld og einstöku sinnum í miðri viku. Fyrst þegar vitnið var

sent út þessara erinda, kveðst hún hafa hitt kærða fyrir utan Veggfóðrarann í Kolasundi. Hún þekkti kærða ekki nema í sjón, en hafði heyrt talað um, að hann seldi áfengi. Hún spurði hann, hvort hann seldi áfengi, og játaði hann því og seldi henni einn whiskypela með brennivíni fyrir kr. 5.50. Jafnframt bað kærði hana að verzla við sig, ef hún þyrfti áfengi, og ef hann væri ekki á þessum slóðum, skyldi hún koma heim til sín í Fischersund. Eftir þetta kveðst vitnið iðulega hafa keypt áfengi af kærða, og hitti hún hann þá ætíð á götunum í grennd við höfnina, og fór kærði með hana inn í ýmis skúmaskot, þar sem afhendingin síðan fór fram. Alltaf keypti hún brennivín á whiskypelum fyrir kr. 5.50 pelann og ætíð einn í einu, nema einu sinni, að hún keypti tvo. Síðasta pelann kveðst hún hafa keypt af kærða um s. l. nóvember og desember mánaðamót og hafa fengið greiðslufrest á andvirðinu. Þriðji maður hefir aldrei verið viðstaddur áfengiskaupin.

Þá hefir vitnið Oddur Valentínusson, hafnsögumaður í Stykkishólmi, borið, að hann hafi um mánaðamótin febrúar og marz 1937 keypt brennivínsflösku af kærða, sem þá bjó í Mjóstræti hér í bæ, fyrir kr. 10.00. Sama vitni hefir borið, að hann hafi keypt whiskypela með brennivíni af kærða að kvöldi 12. janúar 1938 fyrir kr. 4.50.

Framangreind vitni hafa öll staðfest framburð sinn með eiði.

Þá hefir vitnið Halldór Benediktsson, skipstjóri, borið, að hann hafi haustið 1937 keypt í tvö eða þrjú skipti hálfflösku af brennivíni af kærða heima hjá honum og hafi hver hálfflaska kostað kr. 5.00. Kærði hefir undir öllum rekstri málsins neitað að hafa selt áfengi, síðan hann síðast var dæmdur fyrir áfengissölu. Þrátt fyrir þessa neitun kærða þykir, eins og málsatvikum nú hefir verið lýst, og með tilliti til fortíðar kærða nægilega sannað, að hann hafi, frá því hann síðast var dæmdur, gerzt sekur um sölu áfengis, og ber að heimfæra brot hans undir 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og 3000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Péturs Magnússonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Ásgeir Ásmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og 3000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Péturs Magnússonar, kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. febrúar 1940.

Nr. 70/1939. **Halldór Sveinsson** (Theódór B. Líndal)
gegn
Nancy Sigurðsson og gagnsök
(Jón Ásbjörnsson).

Konu og dóttur manns, er farizt hafði af bílslysi, dæmdar dánarbætur.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómur í máli þessu er uppkveðinn af fulltrúa lögmannsins í Reykjavík Gunnari A. Pálssyni.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1939, krefst aðallega sýknu og málskostnaðar af gagnáfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann verulegrar niðurfærslu fjárhæðar þeirrar, sem dæmd var í héraði, málskostnaðar af

gagnáfrýjanda fyrir hæstarétti og niðurfalls málskostnaðar í héraði. Gagnáfrýjandi, sem skotið hefir málinu til hæstaréttar með stefnu 12. ágúst 1939, krefst þess hinsvegar, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni kr. 14697.00 með 5% ársvöxtum frá 22. desember 1937 til greiðsludags, en til vara, að fébæturnar verði hækkaðar eftir mati dómsins og vextir dæmdir, eins og áður segir. Ennfremur krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Loks hefir af hennar hendi verið krafizt þess, að skipt verði í því hlutfalli, sem rétt telst, fjárhæð þeirri, er dæmd verður, milli hennar og dóttur hennar og Sigmundar heitins, Selmu Maríu.

Kenna verður vangæzlu Sigmundar heitins Sigurðssonar að mestu leyti um slys það, sem mál þetta varðar. Ætlanda er þó, að slysinu hefði orðið afstýrt, ef aðaláfrýjandi hefði ekið hægar, farið svo nærri vinstri vegarbrún sem unnt var og gefið glöggt hljóðmerki. Að þessu athuguðu telst með skírskotun til 15. gr. laga nr. 70 frá 1931 hæfilegt að leggja á aðaláfrýjanda helminginn af fébótum tjóns þess, er af slysinu hefir hlotizt. Eftir gögnum málsins þykja dánarbætur Sigmundar heitins hæfilega metnar kr. 13000.00. Helming þessarar fjárhæðar, kr. 6500.00, ber aðaláfrýjanda því að greiða gagnáfrýjanda, þar af kr. 3700.00 sjálfrar hennar vegna og kr. 2800.00 vegna dóttur hennar, Selmu Maríu. Ennfremur ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda helming útfararkostnaðar Sigmundar, kr. 348.50. Skuld gagnáfrýjanda við aðaláfrýjanda verður því alls kr. 6848.50. Frá fjárhæð þessari kemur ekki til álita í þessu máli að draga að nokkru eða öllu þær kr. 4300.00, sem gagnáfrýjandi hefir fengið frá

Tryggingarstofnun ríkisins, með því að téð stofnun hefir ekki gengið inn í mál þetta.

Eftir þessum málslyktum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Halldór Sveinsson, greiði gagnáfrýjanda, Nancy Sigurðsson, kr. 6848.50 með 5% ársvöxtum frá 22. desember 1937 til greiðsludags, þar af kr. 2800.00 ásamt vöxtum vegna dóttur hennar, Selmu Maríu Sigmundsdóttur.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. desember 1937, af Nancy Sigurðsson, ekkju, Bræðraborgarstíg 10 C hér í bæ, gegn Halldóri Sveinssyni, bifreiðarstjóra, Bergstaðastræti 10 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 14697.00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags, og málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati réttarins.

Ennfremur hefir Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar, en *til vara* hefir hann krafizt lækkunar á stefnukröfunni bæði af þeirri ástæðu, að hún sé of há, og þeirri, að skipta beri sökinni á síðargreindu slysi. Að því er málskostnað-

inn snertir, hefir stefndur einnig til vara krafizt þess, að hann verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að þriðjudaginn 7. september 1937 klukkan um 11 fyrir hádegi var bifreiðinni R 507 ekið héðan úr bænum áleiðis inn að Kirkjusandi. Aftan í bifreiðina var bundinn lágur fjórhjólaður dráttarvagn, sem á var lagður nótabátur, er einnig var bundinn á bifreiðina. Lá báturinn á hægri hlið, og vissi framendinn að bifreiðinni, en kjölurinn að vinstri vegbrún. Á vörupalli R 507 stóðu þrír verkamenn, er unnu að flutningi bátsins, en í honum, þar sem hann lá á vagninum, munu hafa verið um sex menn. Er bifreiðin var nýkomin á Laugarnesveginn, munu þeir, er á vörupallinum stóðu, hafa kallað til þeirra, er í bátnum voru, um að aðgæta, hvort ekki þyrfti að laga bátinn á dráttarvagninum. Var bifreiðin þá stöðvuð, þannig að bæði hún sjálf og dráttarvagninn stóðu alveg úti á vinstri vegbrún, en einn mannanna, er í bátnum voru, Sigmundur Sigurðsson, eiginmaður stefnanda máls þessa, sté út úr honum hægra megin og niður á götu. Fór hann fyrst aftur fyrir bátinn og aðgætti vinstra megin. Síðan sneri hann við og gekk aftur inn á veginn fyrir afturstefni bátsins, en einmitt í þeim svifum ók stefndur í máli þessu bifreiðinni R 358, sem var eign hans og vátryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, aftur með bátnum. Varð þarna árekstur með Sigmundi og R 358, þannig að Sigmundur lenti, að því er virðist, á hægra horninu á vörupalli hennar, kastaðist aftur fyrir sig og lá á bakið þversum á veginum, er hann var tekinn upp. Var hann þegar fluttur á Landspítalann og andaðist þar samdægurs kl. 3,30 e. h. af völdum slyssins.

Í sambandi við opinbert mál, er á sínum tíma var höfðað gegn stefndum vegna slyssins og lauk þannig með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 7. f. m., að hann var talinn eiga nokkra sök á slysinu og sektaður um kr. 100.00, fór fram rannsókn á slysi þessu. Var stefndur sjálfur spurður, menn þeir, er sjónarvottar voru að slysinu leiddir sem vitni, og loks voru ýmsir sérfróðir menn látnir segja álit sitt á ýmsum atriðum í sambandi við slysið. Hefir stefndur sjálfur skýrt svo frá, að bifreið sín hafi í þetta skipti verið hlaðin sandi. Kveðst hann, áður en hann kom að bátnum, hafa séð mann vinstra megin við hann, og taldi hann

manninn vera að laga eitthvað, enda myndi hafa verið stöðvað til þess.

Kveðst hann hafa ekið hiklaust áfram, en þó dregið úr hraða, er hann ók aftur með bátnum, líklega niður í 15—18 km, miðað við klst. Hann minntist þess ekki að hafa gefið hljóðmerki. Bil það, er verið hafði milli bifreiðar hans og bátsins, er hann ók aftur með honum, telur hann, að því er bókað er í lögregluprófunum, að hafi verið 75—80 cm, en í flutningi máls þessa hélt umboðsmaður stefnanda því fram, án þess að sú frásögn hans væri véfengd, að stefndur hefði játað í prófunum, að bilið hefði ekki verið breiðara en svo, að maður myndi hafa þurft að skáskjóta sér til að komast um það. Stefndur kveðst aldrei hafa komið auga á Sigmund, frá því hann sá hann vinstra megin bátsins, en kveðst aðeins hafa fundið, að eitthvað kom við bifreiðina um leið og hún var að sleppa aftur fyrir bátinn, og því stöðvað til að aðgæta, hvað það hefði verið, og þá séð Sigmund liggja á götunni. Hann kveðst hafa ekið eins utarlega á veginum eins og hann hafi séð sér fært og ekki vikið inn á hann, fyrr en hann hafi verið kominn fram hjá bátnum. Við hægri hlið stefnds í stýrishúsinu sat maður, en ekki virðist það hafa varnað honum útsýnis á neinn þann hátt, að máli geti skipt.

Um hraða R 358 segir eitt vitnið, að hann hafi verið mest 25 km, miðað við klst., en hin gizka ýmist á, að hann hafi verið 16—20, eða segja aðeins, að hann hafi verið hóflegur. Um bilið milli R 358 og bátsins segja sum vitnin, að það hafi verið manngengt, en önnur telja, að svo hafi ekki verið. Þá telja sum vitnin og, að stefndur hafi beygt inn á veginn, þegar er bifreið hans var komin móts við bunguna á bátshliðinni, en önnur, að hann hafi ekki gert það, fyrr en hann kom aftur fyrir bátinn. Aðeins eitt vitnanna, þ. e. maður sá, er sat við hlið stefnds í stýrishúsi R 358, kveðst hafa heyrt hann gefa hljóðmerki.

Af því, sem nú hefir verið sagt, og öðru, er fyrir liggur, telur rétturinn, að hraði R. 358 aftur með bátnum hafi að allra minnsta kosti verið 18 km, miðað við klst. Verður það að teljast óhæfilega mikill hraði, eins og þarna stóð á, einkum þegar litið er til þess, að stefndur hafði veitt Sigmundi eftirtekt, séð, að hann var með hugann bundinn við að gæta að bátnum og gat átt von á honum fyrir

afturstefnið á hverri stundu. Bar stefndum því að aka svo hægt, að hann gæti þegar í stað stöðvað bifreiðina, en til þess er 18 km hraði of mikill. Telja verður upplýst, að bil það, er varð milli bátsins og bifreiðar stefnds, er hún ók aftur með honum, hafi a. m. k. ekki verið breiðara en svo, að það hafi verið tæplega manngengt. Eftir því sem fyrir liggur um stöðu R. 507 á veginum, breidd bátsins og loksins um breidd vegarins og R. 358, gat stefndur ekið til muna utar á veginum en hann gerði, þ. e. fjær bátnum, og bar honum að sjálfsögðu, eins og þarna stóð á, að gera það. Með tilliti til þess, er áður segir um, hvort stefndur hafi gefið hljóðmerki og þá einkum þess, að hann þorir ekki sjálfur að fullyrða það, og stefnandi véfengir, að svo hafi verið, verður rétturinn að telja það ósannað.

Að því er Sigmund sjálfan snertir, má telja upplýst, að hann hafi varúðarlaust gengið fyrir afturstefni bátsins og eitthvað út á veginn, án þess þó að ljóst sé, hversu langt, og verið með hugann bundinn við að athuga bátinn, en ekki aðgætt umferðina, enda þótt til þess væri fullkomin ástæða, þar sem Laugarnesvegurinn er mjög fjölfarinn af bifreiðum.

Að þessu athuguðu virðist réttinum, að bæði stefndur og Sigmundur hafi átt þátt í því, að slys þetta varð. Virðist þáttur hvors um sig í því vera þannig, að skipta beri sökinni á því til helminga á milli þeirra. Ber stefndum því að bæta stefnanda helming hins óbætta tjóns vegna slyssins, og kemur upphæð þess nú til álita.

Stefnandi sundarliðar skaðabótakröfu sína þannig:

1. dánarbætur	kr.	14000.00
2. jarðarfararkostnaður	—	697.00
Samtals	kr.	14697.00

Um 1. Sigmundur var fæddur 25. október 1897. Hann var, svo sem áður segir, kvæntur stefnanda máls þessa, en hún mun vera fædd 17. október 1904. Áttu þau eitt barn, fætt 21. nóvember 1934. Sigmundur hafði átt flutningabifreið og stjórnaði henni sjálfur, en hafði á þeim tíma, er slysið varð, misst réttindi til að stjórna henni um stundar sakir og hafði selt hana. Hreinar árstekjur hans munu hafa numið um kr. 3200.00 árið 1934 og um kr. 2700.00 1936, en þá vann hann að flutningum með bifreið

sinni. Þegar slysið varð, stundaði Sigmundur hlaupavinnu, en var hvergi fastráðinn. Að framanskráðu athuguðu þykja bæturnar undir þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 12000.00.

Um 2. Jafnvel þótt fallast megi á það með stefndum, að liður þessi sé mjög hár, þá þykir þó verða að taka hann til greina óskertan, þareð lagðir hafa verið fram reikningar um kostnaðinn, og hann mun ekki hærri en almennt gerist hér í bænum.

Telur rétturinn samkvæmt framansögðu tjón stefnanda af framangreindu slysi hafa numið kr. 12697.00. Greiðsla frá slysatryggingu ríkisins, kr. 4300.00, kemur hér til frádráttar, og eru þá eftir kr. 8397.00, en helming þeirrar upphæðar, eða kr. 4198.50, ber að dæma stefndan til að greiða stefnanda ásamt 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Halldór Sveinsson, greiði stefnanda, Nancy Sigurðsson, kr. 4198.50 með 5% ársvöxtum frá 22. desember 1937 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. febrúar 1940.

Nr. 95/1938. **Ingibjörg Bjarnadóttir**
(Guðmundur Í. Guðmundsson)
gegn
Gunver E. Limkær
(Einar B. Guðmundsson).

Ómerking héraðsdóms og heimvísun málsins.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavíkur af hinum reglulega héraðsdómara, Birni lögmanni Þórðarson.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. sept. 1938 og krafizt þess: *Aðallega* að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til endurupptöku og álagningar dóms að efni til bæði á aðalkröfu og gagnkröfu, en *til vara,* að hún verði sýknuð af kröfum stefndu í málinu. Svo krefst hún og málskostnaðar af stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti, hvor krafan, sem til greina yrði tekin.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda í hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðilja greinir á um það, eins og í héraðsdóminum getur, hvort stefnda hafi ráðizt til áfrýjanda óákveðinn tíma eða eitt ár. Stefnda kemst svo að orði í greinargerð sinni í héraði um ráðningarkjörin: „Aftalen blev som flg. 110 Kr. pr. Mdr. samt fri Station og Hen- og Hjemrejsen betalt paa II. Klasse paa 1 Aar." Nánar skýrir hún þetta þannig, að ráðningartíminn hafi verið óákveðinn, en að hún hafi því að eins átt rétt á að fá heimfararkostnað greiddan, að starfstíminn yrði eitt ár. Firma það í Kaupmannahöfn, Ludvig Melchior, er hafði milligöngu um ráðningu stefndu til áfrýjanda, hefir hinsvegar vottað það, að umsaminn ráðningartími hafi verið eitt ár. Þar sem það er mjög ósennilegt, að áfrýjandi hefði gengizt undir að bera kostnað af för stefndu út hingað, ef starfstíminn skyldi vera óákveðinn, og með því að umsögn stefndu sjálfrar um þetta atriði ráðningarsamningsins er ekki skýr, svo og með skírskotun til framangreinds vottorðs firmans Ludvig Melchior, þá þykir mega telja víst, að staðhæfing áfrýjanda um ráðningartímann sé rétt. Var stefndu því óheimilt

að láta af starfi sínu hjá áfrýjanda þann 15. apríl 1938.

Í héraði hafði áfrýjandi uppi skaðabótakröfu, að fjárhæð 1000 krónur, á hendur stefndu til skuldajafnaðar, eftir því sem með þyrfti, til þess að hún yrði sýknuð af kröfum stefndu í málinu. Héraðsdómarinn taldi skorta þá greinargerð um gagnkröfu þessa, að efnisdómur yrði á hana lagður. Bar honum þess vegna samkvæmt 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 að kveðja aðilja fyrir dóm og veita stefndu í héraði kost á að bæta úr því, er hann taldi áfátt vera málflutningi hennar. Þetta hefir héraðsdómarinn ekki gert, heldur í raun réttri frávísað gagnkröfunni. Verður því að ómerkja héraðsdóminn og leggja fyrir héraðsdómarann að hafa þá meðferð á málinu, er í 120. gr. nefndra laga segir, og leggja síðan efnisdóm bæði á aðalkröfuna og skuldajafnaðarkröfuna.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar samkvæmt 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 og til dómsálagningar að efni til bæði um aðalkröfu og skuldajafnaðarkröfu málsins.

Stefnda, Gunver E. Limkær, greiði áfrýjanda, Ingibjörgu Bjarnadóttur, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. maí 1938, af ungfrú Gunver E. Limkær hér í bæ gegn frú Ingibjörgu Bjarnadóttur, Austurstræti 8 hér í bænum, til greiðslu ógoldins kaups fyrir marz og hálfan aprílmánuð 1938, samtals að upphæð kr. 165.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 26. apríl 1938, til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnd krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Málsatvik eru þau, að haustið 1937 réðst stefnandi, sem þá var búsett í Kaupmannahöfn, sem hattasaumakona til stefndrar, sem rekur hattasaumastofu hér í bænum. Skyldi kaup hennar vera kr. 110.00 á mánuði auk fæðis og húsnæðis og ferðakostnaðar. Fór stefnandi síðan frá Kaupmannahöfn þann 22. september og hóf starf sitt hjá stefndri í saumastofu hennar hér í bænum þann 28. september 1937. Með bréfi, dagsettu 14. marz 1938, sagði stefnandi upp stöðu sinni hjá stefndri frá 1. apríl s. á., en framlengdi síðan uppsagnarfrestinn í samráði við málflutningsmann sinn til 14. apríl, og varð hann þannig einn mánuður til 14. apríl að telja. Í framhaldi af uppsögninni og nýgreindri framlengingu uppsagnarfrestsins hætti stefnandi síðan störfum hjá stefndri þann 14. apríl 1938, en átti þá inni kaup sitt fyrir allan marz og hálfan apríl 1938, eða samtals kr. 165.00. Hefir stefnd reynzt ófáanleg til að greiða stefnanda þessar kaupeftirstöðvar, og hefir stefnandi því höfðað mál þetta og gerir í því áðurgreindar réttarkröfur.

Stefnd viðurkennir að skulda stefnanda hina umstefndu upphæð, en byggir hinsvegar sýknukröfu sína á því, að hún eigi gagnkröfu á hendur stefnanda, sem sé mun hærri en stefnukrafan, og krefst hún þess, að svo miklum hluta hennar verði skuldajafnað við stefnukröfuna, að nægi til sýknu sér í máli þessu, og áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast mismunarins í sérstöku máli. Gagnkröfuna virðist stefnd telja kr. 1000.00, og byggir hún hana á því, að stefnanda hafi verið með öllu óheimilt að fara frá sér, þegar hún fór. Kveður hún stefnanda hafa verið ráðna hjá sér til eins árs, þótt hún mótmæli því nú, en ef það þætti ekki sannað, þá telur hún þó, að telja yrði, að hún hefði verið ráðin til óákveð-

ins tíma, og ef svo hefði verið, telur hún, að henni hefði borið að segja upp starfinu með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Það verði því undir öllum kringumstæðum að líta svo á, að stefnandi hafi farið fyrr frá sér en henni hafi verið heimilt, og af þeim sökum kveðst hún hafa beðið mikið tjón, sem stefnanda beri að bæta sér, en kr. 165.00 af upphæð þess tjóns vill hún, eins og áður segir, nota til skuldajafnaðar og byggir sýknukröfuna á því, að sér sé það heimilt.

Í málinu hefir stefnd lagt fram *„reikning“* til stefnanda, sem virðist vera einskonar áætlun hennar um tjón það, er hún bíði við, að stefnandi skyldi ekki vera kyrr hjá henni til septemberloka 1938, eins og hún telur, að henni hafi borið. Tekur *„reikningurinn“* til samtals fimm heilla vinnumánaða og sýnir *„hreint tjón“* kr. 1000.00, eða meðaltjón á mánuði kr. 200.00. *„Reikningur“* þessi er ekki studdur af neinum gögnum og virðist vera gerður alveg af handahófi, þótt svo virðist, að stefnd hefði haft tök á að rökstyðja hann a. m. k. að einhverju leyti, t. d. með umsögn fagmanna, afriti af rekstrarreikningi saumastofu sinnar, skattaframtali sínu fyrir síðasta ár eða einhverju þesshátt ar. Með tilliti til þessa svo og þess, að stefnandi hefir mótmælt *„reikningnum“* sem *„hreinustu fjarstæðu“*, virðist réttinum þessi áætlun ekki vera þess eðlis, að unnt sé að gera sér nokkra grein fyrir því eftir henni, hvert tjón stefndrar hefði verið við það, að stefnandi fór frá henni á áðurgreindan hátt. Þykir því ekki unnt að leggja dóm á hugsanlega gagnkröfu stefndrar í máli þessu, jafnvel þótt athugun á málsatvikum leiddi til þess, að stefnandi yrði talin hafa sagt ólöglega upp starfi sínu, og er því ekki ástæða til að taka það atriði til athugunar hér, en um það hafa aðiljar mikið deilt.

Verða málalok því þau, að stefnd verður dæmd til að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð með umkröfðum vöxtum og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Ingibjörg Bjarnadóttir, greiði stefnanda, Gunver E. Limkær, kr. 165.00 með 5% ársvöxtum frá 26. apríl 1938 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. febrúar 1940.

Kærumálið nr. 1/1940. **Útibú Útvegsbanka Íslands á Akureyri**
gegn
Lárusi Þ. Blöndal og Ásgeiri Bjarnasyni

Frávísunarákvæði héraðsdóms um mál annars hinna stefndu ómerkt og lagt fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu að því leyti.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 22. f. m. og hingað komnu 1. þ. m., hefir Jón Sveinsson málflutningsmaður í umboði stefnanda í héraði, Útibús Útvegsbankans á Akureyri, kært samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936 héraðsdóm, er Sigurður bæjarfógeti Eggerz kvað upp á bæjarþingi Akureyrar þann 17. f. m., þar sem téður dómari vísaði ex officio frá dómi máli þessu um stefnda Lárus Þ. Blöndal. Krefst kærandi þess, að „frávísunardómurinn" verði ómerktur og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að dæma málið að efni til „einnig gagnvart Lárusi Þ. Blöndal og veðinu". Svo krefst kærandi málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kröfu kæranda virðist eiga að skilja svo, að hann krefjist einungis ómerkingar á frávísunarákvæði héraðsdómsins og að hann standi því að því leyti sem hann varðar stefnda Ásgeir Bjarnason.

Í tryggingarbréfi því frá 25. ágúst 1933, er í héraðsdóminum greinir og virðist eiga við skuld þá, sem í máli þessu er krafin, skuldbindur stefndi Lárur Þ. Blöndal sig til þess að þola málssókn vegna skuldar eða veðsetningar fyrir dómi á Akureyri og

til þess að láta sér nægja birtingu stefnu á hinni veðsettu eign stefnda á Siglufirði og með stefnufresti, svo sem hann væri búsettur á Akureyri. Stefna í máli þessu var birt á téðri eign þann 28. des. f. á. fyrir stefnda Ásgeiri Bjarnasyni sjálfum og honum fengið eftirrit af stefnunni. Ennfremur segir í birtingarvottorði stefnuvotta, að þeir hafi birt honum stefnuna, auk birtingar fyrir honum sjálfum, að því er sjá má, og fengið honum enn annað eftirrit af henni, en ekki er berum orðum sagt, að sú birting sé vegna stefnda Lárusar. En ljóst virðist, að það gat ekki orkað Ásgeiri tvímælis, að önnur stefnubirtingin og annað afritið átti við samskuldara hans, stefnda Lárus Þ. Blöndal, sem búsettur er í Kaupmannahöfn. Framannefnd ákvæði tryggingarbréfsins verður að telja gild, og verður því að telja stefnuna nægilega birta, að því leyti sem málið varðar stefnda Lárus Þ. Blöndal. Var því eigi ástæða til að vísa málinu frá dómi að því leyti, enda þótt stefndi Lárus sækti ekki dómþing.

Ber því að ómerkja frávísunarákvæði héraðsdómsins og leggja fyrir héraðsdómarann að kveða upp efnisdóm í málinu um stefnda Lárus Þ. Blöndal.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda Lárus Þ. Blöndal til að greiða kæranda 50 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Þá hefir kærandi óskað úrlausnar hæstaréttar um það, hvort og hversu há ritlaun greiða skuli héraðsdómaranum fyrir eftirrit það af skjölum málsins, er fyrir hæstarétt hefir komið. Þetta atriði virðist eiga að sæta kæru samkvæmt analogíu 186. gr. laga nr. 85/1936.

Það virðist auðsætt, að héraðsdómarinn eigi

heimtingu á lögmæltum ritlaunum fyrir eftirrit í kærumálum. Eftirrit það, sem hér er um að tefla, er að stærð til 5¾ örk, og mátti þá samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938 telja ritlaun fyrir það 9 krónur, ef það væri ritað samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1894, en héraðsdómarinn hefir reiknað ritlaunin kr. 5.50. Er eftirrit þetta, sem er handritað, svo gisið skrifað, að leturmergð á blaðsíðu virðist til jafnaðar aðeins svara til hálfrar blaðsíðu eftir 3. gr. laga nr. 2/1894, og ritlaun fyrir það virðast því vera rétt talin 4 krónur og 50 aurar.

Því dæmist rétt vera:

Frávísunarákvæði héraðsdómsins í málinu á að vera ómerkt, og ber héraðsdómaranum að taka málið til dóms að nýju, að því leyti sem því er stefnt á hendur stefnda Lárusi Þ. Blöndal, og kveða að því leyti upp efnisdóm í því.

Stefndi, Lárus Þ. Blöndal, greiði kæranda, Útibú Útvegsbankans á Akureyri, 50 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Í ritlaun fyrir framangreint eftirrit bera héraðsdómaranum 4 krónur og 50 aurar.

Dómur bæjarþings Akureyrar 17. jan. 1940.

Mál þetta hefir höfðað Svavar Guðmundsson, bankastjóri, f. h. Útvegsbanka Íslands, Akureyri, fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, dags. 19. desember 1939, gegn Lárusi Þ. Blöndal, stýrimanni, við Linden 11 Kaupmannahöfn, og Ásgeiri Bjarnasyni, raffræðing, Siglufirði, til þess að fá þá dæmda in solidum til greiðslu á víxli, samþykktum af Lárusi Þ. Blöndal og útgefnum af Ásgeiri Bjarna-

syni 24. janúar 1939, að upphæð kr. 7000.00 með 7½% vöxtum frá 22. september 1939 til greiðsludags og ⅓% í þóknun.

Sömuleiðis krefst stefnandinn málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 591.70.

Auk þess krefst stefnandinn, að honum verði tildæmdur veiðiréttur í leigulóð Lárusar Þ. Blöndals við Hvanneyrarkrók á Siglufirði ásamt síldargeymsluhúsi og öllum þeim mannvirkjum, sem á lóðinni kunna að standa samkvæmt tryggingarbréfi Lárusar Þ. Blöndals fyrir víxilskuldinni, dags. 25. ágúst 1933, til tryggingar greiðslu á hinni umstefndu skuld ásamt vöxtum og málskostnaði.

Ásgeir Bjarnason, raffræðingur, hefir eigi mætt í málinu og er þó löglega stefnt og ber því að taka, að því er hann snertir, kröfu stefnandans til greina og dæma stefnda Ásgeir Bjarnason til að greiða honum kr. 7000.00 ásamt 7½% vöxtum frá 22. september 1939 til greiðsludags og ⅓% í þóknun.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 591.70 aura.

Að því er stefnda Lárus Þ. Blöndal snertir, þá hefir honum ekki verið birt stefnan, og ber því að vísa málinu frá ex officio, að því er hann snertir, og þá einnig kröfunni um veðréttinn.

Því dæmist rétt vera:

Ásgeir Bjarnason, raffræðingur, Siglufirði, greiði stefnandanum, Svavari Guðmundssyni f. h. Útvegsbanka Íslands á Akureyri, kr. 7000.00 ásamt 7½% vöxtum frá 22. september 1939 til greiðsludags og ⅓% þóknun.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 591.70.

Málinu vísast frá ex officio, að því er Lárus Þ. Blöndal snertir.

Miðvikudaginn 14. febrúar 1940.

Nr. 72/1939. **Landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Ara Páli Hannessyni
(Pétur Magnússon).

Fébótakrafa samkvæmt 19. gr. laga nr. 12 frá 1937. Um valdsvið dómstóla.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn í máli þessu er kveðinn upp af lögmanninum í Reykjavík Birni Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1939, krefst þess: Aðallega að héraðsdómurinn verði ómerktur og að málinu verði vísað frá bæjarþinginu, en til vara, að hann verði alsýknaður. Ennfremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar: Aðallega að héraðsdómurinn verði staðfestur, en til vara, að hæstiréttur kveði á um það, að yfirmatsgerðin sé vegna annmarka ekki skuldbindandi fyrir hann. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefir í málinu borið það fyrir, að tjón stefnda vegna förgunar sauðfjár hans sé þegar metið af dómkvöddum mönnum, svo sem mælt er í 19. gr. laga nr. 12 frá 1937, og geti stefndi ekki átt kröfu til bóta umfram það, er í matsgerðinni segir. Að svo vöxnu máli verða dómstólarnir ekki taldir bærir um að kveða á um hæð fébótanna, og verður því að ómerkja ex officio ákvæði héraðsdómsins um

bótahæðina og vísa málinu að því leyti frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Kröfur stefnda í héraði, þær sem hér hefir verið krafizt dóms um, voru byggðar á því, *að* yfirmatsmennirnir hafi ranglega talið 12% sauðfjár stefnda aflóga, *að* þeir hafi metið það sem sýkt fé, þótt þess sæist ekki vottur við slátrun þess, og *að* þeir hafi ekki rannsakað áhrif sýkingarhættunnar á gangverð sauðfjár þess, sem stefndi keypti í skarðið. Kröfur stefnda í héraði fólu þannig í sér andóf þess, að honum væri skylt að hlíta yfirmatinu, og var um þetta dæmt í héraði. Er stefnda þessvegna heimilt að koma að sem varakröfu í hæstarétti véfengingu á greindum atriðum matsins.

Stefndi hefir haldið fast á því, að engum hluta hins fargaða sauðfjár hans, sem voru 65 ær, 16 veturgamlar kindur og 2 hrútar, hefði þurft að lóga vegna aldurs. Yfirmatsmenn virðast ekki hafa kynnt sér aldur sauðfjár stefnda, þótt þeim væri það skylt, heldur byggt mat sitt að þessu leyti á ágizkun. Verður stefndi þess vegna ekki talinn bundinn við þetta atriði matsgerðarinnar, sem metast verður af nýju.

Eftir að sauðfé stefnda hafði verið fargað, keypti hann 30 ær í skarðið uppi í Hreppum og greiddi að meðaltali hverja þeirra kr. 21.75. Ekki verður séð, að yfirmatsmenn hafi kynnt sér, hvort mæðiveikihættan hafði áhrif á gangverð sauðfjár til lífs í Hreppum og í Árnessýslu yfirleitt á þeim tíma, er kaup þessi fóru fram, en rannsókn þessa atriðis var nauðsynleg við samanburð á verðgildi sauðfjár þess, er stefndi var látinn farga, og hins, sem hann keypti. Verður þessvegna að telja þetta atriði matsins hald-

ið þeim annmörkum, að stefnda sé ekki skylt að hlíta því, og ber því að meta það af nýju.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu kostnaðar við yfirmatið þykir mega staðfesta, enda virðist stefndi hafa haft fulla ástæðu til að krefjast yfirmats.

Eftir þessum málslyktum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði héraðsdómsins um fébætur til handa stefnda, Ara Páli Hannessyni, á að vera ómerkt og vísast málinu að því leyti frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Stefndi er ekki bundinn við framangreind atriði yfirmatsins, er metast skulu af nýju.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu kostnaðar við greint yfirmat á að vera óraskað.

Áfrýjandi, landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júní 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. marz 1939, af Ara Páli Hannessyni, bónda í Stóru-Sandvík í Sandvíkurhreppi, gegn landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 984.04 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 17. febrúar 1939 til greiðsludags, alls kostnaðar við síðar-

greinda yfirmatsgerð, ca. kr. 200.00, svo og málskostnaðar í máli þessu að skaðlausu. Í rekstri málsins hefir stefnandi lækkað kröfu sína um kr. 105.90, eða í kr. 878.14.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, og er sú frásögn hans óvéfengd af stefndum, að árið 1936 og næsta ár á undan hafi nokkrir bændur úr Sandvíkurhreppi rekið fé sitt á Grímsnesafrétt. Haustið 1936 hafi mæðiveikin komið upp í Grímsneshreppi og það leitt til þess, að þeim bændum í Sandvíkurhreppi, sem höfðu átt á (svo) á Grímsnesafrétt 1936, hafi vorið 1937 verið boðið af mæðiveikinefnd að gera annað af tvennu: að reka féð aftur á Grímsnesafrétt og slátra því þá öllu um haustið eða halda því í traustri girðingu í heimahögum um sumarið og væri þeim þá heimilt að setja það á um haustið, ef veikin kæmi ekki fram í því um sumarið. Tóku stefnandi og aðrir bændur í Sandvíkurhreppi þann kostinn að koma upp girðingum í heimahögum, og voru þær settar upp undir eftirliti mæðiveikinefndar, og mun nefndin jafnframt hafa ætlað að hafa eftirlit með því, að ekki yrði ofsett í girðingarnar. Svo fór þó, að þegar kom fram í ágúst, var orðið hagalaust í girðingunum og hafi bændur þá beiðzt þess, að féð yrði skoðað, en tvær til þrjár vikur hafi liðið, án þess að nefndin sinnti því. Hinsvegar hafi bóndanum í Litlu-Sandvík verið leyft að senda 40 kindur til Reykjavíkur til slátrunar. Hafi hann gert það og þá komið í ljós við rannsókn, að tvær af þeim kindum hafi verið smitaðar mæðiveiki. Hafi þá verið hætt við frekari skoðun á öðru fé í girðingunum, en nýjar girðingar verið settar upp fyrir féð, þar eð það hafi verið farið að svelta í þeim gömlu. Nokkru síðar hafi fulltrúi mæðiveikinefndar í Árnessýslu tilkynnt, að skoðun ætti að fara fram á fénu 20. september. Hafi fénu þá verið smalað þann dag og það látið standa inni fram eftir degi, en þar eð enginn hafi komið til að skoða það, hafi því verið sleppt aftur. Þremur dögum síðar hafi komið skipun um, að öllu fénu skyldi slátrað um haustið, og var það síðan gert. Litlu eftir þessa skipun hafi bændum þeim, er hlut áttu að máli, verið bannað að kaupa fé frá ósýktum svæðum og ennfremur að selja hey til ósýktra héraða.

Meðal þeirra bænda, er nýgreindar ráðstafanir tóku til,

var stefnandi í máli þessu. Átti hann samtals 83 kindur í girðingunum, er slátrað var samkv. fyrrgreindum fyrirmælum mæðiveikinefndar, en við slátrunina kom í ljós, að engin kind af þessum fénaði var sýkt af mæðiveiki, svo sjáanlegt væri.

Við þessar ráðstafanir telur stefnandi sig hafa beðið mikið tjón, er ríkið eigi að bæta að fullu, en það hafi aðeins bætt það að nokkru. Lét hann því framkvæma mat á tjóni, er hann taldi sig hafa beðið. Er matsgerðin dagsett 10. febrúar 1938, og er niðurstaða hennar sú, að stefnandi hafi þegar fengið fullar bætur og eigi því ekki frekari bótakröfur á hendur ríkissjóði. Mati þessu skaut stefnandi til yfirmats. Er matsgerð yfirmatsmanna dagsett 3. júlí 1938. Komust yfirmatsmenn að sömu niðurstöðu og undirmatsmennirnir og telja, að stefnandi eigi ekki kröfu til frekari bóta frá ríkissjóði en hann hafi þegar fengið. Við þessi málalok vildi stefnandi ekki sætta sig og höfðaði því mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur. Byggir hann þær á því, að sér beri að fullu bætur fyrir fénaðinn, en þær nemi mismuninum á sláturfjárverði fjár hans og verði því, er hann hafi orðið að kaupa lífsfé fyrir. Telur hann þann mismun nema hinni umstefndu upphæð og að sér beri því að fá hana greidda.

Stefndur byggir hinsvegar kröfur sínar aðallega á því, að samkvæmt þaraðlútandi lagaákvæðum hafi stefnanda borið að fá fé sitt bætt eftir mati. Mat þetta hafi farið að öllu löglega fram og komizt að þeirri niðurstöðu, að stefnandi ætti ekki frekari bótakröfu á hendur sér en þegar hefði verið fullnægt. Matið sé bindandi að þessu leyti, og beri þegar af þessum ástæðum að sýkna sig. Til vara byggir stefndur kröfur sínar á því, að ef ekki yrði fallizt á, að bæri að sýkna sig af nýgreindum ástæðum án tillits til þess, hvort telja megi matsupphæðina hæfilega háa, þá beri þó a. m. k. að sýkna sig af þeirri ástæðu, að stefnandi hafi þegar fengið tjón sitt vegna niðurskurðarins að fullu bætt.

Heimild sú, er framangreindar ráðstafanir á fénaði stefnanda byggjast á, er í 19. gr. laga nr. 12 frá 12. maí 1937 um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar. Segir í greininni, að eigendum fjár, er ráðstafað sé til hindrunar útbreiðslu veikinnar, skuli greiddar bætur fyrir tjón sitt eftir mati dómkvaddra manna. Þótt ekki segi

berum orðum, að greiddar skuli fullar bætur í hvert einstakt skipti, leiðir það af sjálfu sér, enda annað ósamrýmanlegt þar að lútandi ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Þegar stefnandi hafði slátrað fé sínu, var honum leyft að kaupa annað í staðinn, en aðeins af svæðum, er voru undir grun um mæðiveiki, eða m. ö. o. fé, er virðist hafa verið svipað ástatt um og fé hans sjálfs. Keypti hann 30 lifær og gaf að meðaltali kr. 21.75 fyrir hverja. Virðist því mega telja, að meðalverð fénaðar stefnanda hafi verið sú upphæð fyrir hverja kind. Verður þá andvirði alls fjárins kr. 1805.25. Verður því að líta svo á, að stefnanda beri að fá greitt frá stefndum það, er á kann að vanta, að hann hafi fengið þessa upphæð fyrir fénað sinn, þó að því frádregnu, er hann kann sjálfur að eiga sök á, að minna kann að hafa fengizt.

Kemur nú til álita, hve mikið stefnandi hefir þegar fengið eða hefði getað verið búinn að fá fyrir féð.

Stefnandi fékk að meðaltali kr. 9.12 fyrir hverja kind, er hann slátraði hér í bænum hjá Sláturfélagi Suðurlands. Að vísu slátraði hann nokkrum kindum heima, en telja verður, að meðalverð þeirra hafi verið sama, þar eð aðiljar virðast sammála um það og annað er ekki upplýst. Nemur þetta samtals kr. 756.96 fyrir hópinn. Sláturfélagið greiddi verðuppbót, er nam til jafnaðar kr. 1.60 á kind, og verður hún einnig að reiknast á það fé, er heima var lógað, þar eð hún hefði einnig fengizt á það, hefði því verið lógað hér. Nemur verðuppbótin því samtals kr. 132.80. Þá fékk stefnandi greiddar sem bætur úr ríkissjóði kr. 5.00 fyrir hverja kind, einnig þær heimaslátruðu, og nemur sú upphæð kr. 415.00. Hefir stefnandi þannig fengið eða hefði a. m. k. getað verið búinn að fá, ef öllu fénu hefði verið slátrað hér, samtals kr. 1304.76. Það, sem á vantar til fullvirðis, ef allt fé stefnanda er reiknað lífsfé, eru því kr. 500.49, eða tæp 28% af verðmæti fjárstofnsins.

Það má telja viðurkennt í málinu, enda segir svo í yfirmatsgerðinni, að fé stefnanda hafi lagt sig að jafnaði kr. 3.28 minna, hver kind, en annað fé í byggðarlaginu. Er talið, að heyleysi (svo) það, er féð átti við að búa, sé orsök þessa. Telur stefnandi mæðiveikinefnd eiga sök á þessu, en stefndur stefnanda sjálfan, þareð hann hafi ekki notfært sér þá heimild, er nefndin hafi veitt honum til að

reka hæfilega margt fé sitt á Grímsnesafrétt og fá það þannig í venjulegum holdum. Má telja upplýst, að stefnandi fékk þessa heimild, og þykir því mega, eins og yfirmatið hefir gert, verðfella fénað hans af þessari ástæðu um helming þessarar upphæðar, þ. e. kr. 1.64 hverja kind, eða samtals kr. 136.12. Nemur þá hin óbætta upphæð kr. 500.49 að frádregnum kr. 136.12, eða kr. 364.37.

Yfirmatið hefir verðfellt fénað stefnanda fram yfir það, sem hér er gert, af þeim ástæðum: 1) að þurft hefði að farga nokkru, 12%, af stofninum vegna aldurs og 2) vegna þess, hve hún telur, að mikil hætta hafi verið á, að mæðiveiki kynni að leynast í því og kæmi síðar fram.

Um 1. Yfirmatið byggir þessa hundraðstölu á því, er það telur almenna reglu að þessu leyti, en hinsvegar virðist það ekkert hafa athugað aldur fjár stefnanda, eins og þó sjálfsagt var að gera, þareð vel má vera, að ekki stærri stofn, en hér var um að ræða, hafi verið svo ungur, að engu af honum hafi þurft að lóga vegna aldurs, enda er því mjög ákveðið haldið fram af stefnanda í flutningi málsins hér fyrir dómi, að svo hafi verið. Af hálfu stefnds er hinsvegar ekki sannað, að aldur neinna kindanna hafi verið svo hár, að nauðsyn bæri til að lóga fénu þess vegna. Er því óheimilt að verðfella féð af þessari ástæðu.

Um 2. Svo sem áður segir, kom ekki í ljós við rannsókn á fé stefnanda, er því var slátrað, að það væri mæðiveikt, og brestur alla sönnun fyrir, að svo hafi verið. Er því einnig óheimilt að verðfella féð af þessari ástæðu, enda var það svo, að fé það, er stefnandi keypti og framangreint verðlag er miðað við, var einmitt af grunuðum svæðum og því ekki grunlaust um mæðiveiki, og er því verðmæti fjár stefnanda miðað við, að það mætti teljast grunað.

Einn liður í bótakröfu stefnanda eru bætur fyrir afurðamissi. En þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi mátti þegar kaupa fulla tölu síns fyrra stofns og þurfti því engan afurðamissi að bíða, verður sá liður bótakröfu hans ekki tekinn til greina.

Í samræmi við framanskráð verða málalok þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 364.37 með vöxtum, eins og krafizt hefir verið, svo og kostnað af framangreindu yfirmati, þó ekki yfir kr. 200.00. Þá þykir

einnig verða að dæma stefndan til að greiða stefnanda málskostnað í máli þessu, og þykir upphæð hans hæfilega ákveðin kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnandanum, Ara Páli Hannessyni, kr. 364.37 með 5% ársvöxtum frá 17. febrúar 1939 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað.

Ennfremur greiði stefndur kostnað allan af framangreindu yfirmati, þó ekki yfir kr. 200.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. febrúar 1940.

Nr. 6/1938. **Svínvetningabrautarfélagið** (Pétur Magnússon) gegn **Karli Helgasyni** (Jón Ásbjörnsson).

Skýrslur brast um fjárhæð lögtakskröfu. Þessvegna synjað lögtaks.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir með stefnu 14. jan. 1938 skotið til hæstaréttar úrskurði fógetaréttar Húnavatnssýslu, uppkveðnum þann 16. okt. 1937 af Guðbrandi sýslumanni Ísberg. Hefir áfrýjandi fengið leyfi dómsmálaráðherra samkvæmt 25. gr. laga nr. 112 frá 1935 til að áfrýja málinu, þótt lögtakskrafan nemi eigi 50 krónum. Svo hefir hann og fengið gjafsóknarleyfi fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann.

Fyrir hæstarétti krefst áfrýjandi þess, að hinn á-

frýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak, svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Af hálfu stefnda er krafizt staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í samþykkt um sýsluveginn Svínvetningabraut nr. 79 frá 12. okt. 1920, 3. gr. a-lið, er heimilað að krefjast gjalds til áfrýjanda af hverjum þeim, sem á land eða jörð, er vegurinn liggur um, er nemi árlega 1% af virðingarverði lands eða jarðar án húsa, en með jarðabótum. Kveður áfrýjandi gjald þetta síðar hafa verið lækkað niður í ¾%. Það er ágreiningslaust í málinu, að vegurinn liggi um landspildu þá, er Blönduósshreppur hefir eignazt úr landi Hjaltabakka, og að hreppurinn hafi árlega greitt áfrýjanda vegagjald samkvæmt framangreindu ákvæði, miðað við fasteignamat landspildunnar óræktaðrar, þar á meðal fyrir árið 1936.

Með bréfi, dags. 27. júní 1932, seldi Blönduósshreppur stefnda „á erfðaleigu“ „til óákveðins tíma“ 2,47 ha lands úr ofangreindri landspildu. Skyldi stefndi hafa heimild til að selja eða veðsetja afnotarétt sinn á landi þessu ásamt húsum og öðrum mannvirkjum, er á því kynnu að vera gerð. Liggur þetta erfðaleiguland stefnda að Svínvetningabrautinni.

Þann 6. febrúar 1935 var nefnt erfðaleiguland stefnda metið til fasteignamats á kr. 2800.00 án húsa. Taldi áfrýjandi stefnda vera skylt að greiða í vegagjald ¾% af matsverðinu samkvæmt fyrrgreindu ákvæði 3. gr. samþykktarinnar nr. 79/1920. Með bréfi, dags. 10. febr. 1937, krafðist hann þess,

að gjaldið fyrir árið 1936, kr. 21.00, yrði tekið lögtaki, en með hinum áfrýjaða úrskurði var synjað um framkvæmd lögtaks.

Áfrýjandi heldur því fram, að með fasteignamatinu 6. febr. 1935 hafi aðeins verið metin ræktun og aðrar jarðabætur stefnda á landinu án húsa, en verð landsins órækaðs sé þar ekki metið með. Þetta hefir stefndi hinsvegar véfengt. Matsmennirnir hafa í sambandi við mál þetta skýrt svo frá, að þeir hafi metið landið „án sundurliðunar", en „með fullu tilliti til afgjalds á landinu til Blönduósshrepps".

Vegna legu nefnds erfðaleigulands og réttinda þeirra, er stefndi hefir yfir því fengið, verður að vísu að telja honum skylt að greiða áfrýjanda vegagjald, en þó aðeins miðað við fasteignamat jarðabóta hans á landinu án húsa, enda hefir Blönduósshreppur greitt áfrýjanda gjald fyrir árið 1936, miðað við fasteignamat landsins óræktaðs, eins og fyrr segir. En sökum þess að fasteignamatið frá 6. febr. 1935 er ekki nægilega skýrt eða sundurgreint um þau atriði, er hér skipta máli, þykir ekki unnt að ákveða með vissu gjald það, sem stefnda ber að greiða. Af því leiðir að synja verður um framkvæmd lögtaksins.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 200 krónur. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, er ákveðast 120 krónur, ber að greiða úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hið umbeðna lögtak skal ekki framkvæmt.

Áfrýjandi, Svínvetningabrautarfélagið, greiði stefnda, Karli Helgasyni, kr. 200.00 í málskostn-

að fyrir hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, Péturs Magnússonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 120.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 16. okt. 1937.

Hinn 9. marz þessa árs framkvæmdi hreppstjóri Blönduósshrepps lögtaksgerð samkvæmt kröfu „Svínvetningabrautarfélagsins", hjá Karli Helgasyni, póst- og símstjóra á Blönduósi, til tryggingar og lúkningar á gjaldi fyrir árið 1936 af nýrækt nefnds gerðarþola, álögðu samkvæmt „samþykkt um sýsluveginn Svínvetningabraut" frá 1920, 3. gr. a., að upphæð kr. 21.00. Lögtakinu var mótmælt af gerðarþola og málinu skotið til úrskurðar hins reglulega fógeta, sýslumannsins í Húnavatnssýslu. Málsskjölin hafa síðan gengið á milli aðilja og þeim gefinn kostur á að upplýsa málið. Nú síðast hefir Karli Helgasyni verið gefinn kostur á að skrifa frekari vörn í málinu, ef hann óskaði þess, en hann hefir lýst því yfir, að hann teldi ekki þörf frekari útlistana af sinni hálfu. Málið lægi ljóst fyrir.

Gerðarþoli krefst ógildingar lögtaksgerðarinnar í fyrsta lagi vegna þess, að Svínvetningabrautin frá Blönduósi að Svínavatni sé ekki lengur sýsluvegur, heldur þjóðvegur og sé gjaldskyldan því fallin niður fyrir þann hluta Svínvetningabrautarinnar, þó hún kunni að hafa áður verið til, einnig að því er Blönduóssland snertir. Og í annan stað sé það ekki hann (gerðarþoli), sem eigi land það, er gjaldið er álagt, heldur Blönduósshreppur. Og í þriðja lagi liggi Svínvetningabrautin alls ekki um ræktunarland hans.

Gerðarbeiðandi heldur því hinsvegar fram, að það hafi engin áhrif á gjaldskylduna til Svínvetningabrautarfélagsins, þó hluti brautarinnar hafi verið gerður að þjóðvegi. Fellst fógetarétturinn á þá skoðun gerðarbeiðanda, og verður því sú varnarástæða gerðarþola eigi tekin til

greina. Um hinar aðrar varnarástæður hans snertandi eignarréttinn og legu landsins verður hinsvegar ekki komizt hjá að fara nokkrum orðum.

Í framangreindri samþykkt, 3. gr. a, segir svo um það, hverjir skuli vera gjaldskyldir: „Hver, sem á land eða jörð, er vegurinn liggur um eða er í Svínavatnshreppi, svo og eigendur Hamrakots skulu árlega greiða 1% af virðingarverði lands síns eða jarðar án húsa, en með jarðabótum“, Greinin nefnir „land“ eða „jörð“, en að því er bezt verður vitað, eru það eingöngu jarðir, sem hér er um að ræða, nema landspilda sú, — hér nefnd Blönduóssland, — er Blönduósshreppur hafði þá keypt af Hjaltabakkalandi og liggur suður frá Blöndu milli Húnvetningabrautar og Hnjúkalands, en um þá landspildu liggur Svínvetningabraut. Virðist ekki vera í alvöru véfengt, að Blönduósshreppur sé gjaldskyldur til Svínvetningabrautar sem eigandi þessa lands. Hinsvegar virðist, að því er þetta land snertir, alveg sérstaklega varhugavert að leggja víðari merkingu í orðin: „á land“ og „um land“ en þau almennast hafa í mæltu máli. Ber þar margt til. Má fyrst benda á, að þegar Svínvetningabrautarsamþykktin var sett (1920), var um nálega enga ræktun að ræða í Blönduósslandi sunnan Húnvetningabrautar, enda þá varla um aðra ræktun að ræða en þaksléttur. Má telja víst, að menn hafi ekki gert ráð fyrir útmælingu erfðafestulanda þar til ræktunar á næstunni, enda landið þá mjög óaðgengilegt, opnar mógrafir og blautar mýrar, þó það reyndist ræktanlegt síðar, er dráttarvélar, sáðgræðsla og notkun útlends áburðar kom til sögunnar. Virðist mega ganga út frá því sem gefnu, að þeir menn, er að samningu samþykktarinnar stóðu, a. m. k. sýslunefndarmennirnir, hafi ekki haft í huga að leggja gjaldskyldu af landi á þá menn, er kynnu að fá ræktunarlönd á erfðafestu úr Blönduósslandi. Ella hefði það verið tekið fram berum orðum, að söm væri gjaldskylda þeirra sem landeigenda. Í annan stað er það mjög athyglisvert, að allt brautarfélagssvæðið, að undanteknu umræddu landi Blönduósshrepps, er þannig sett, að allir flutningar að og frá, er nokkru máli skipta, hljóta að fara um Svínvetningabraut, og er það því nánast aukaatriði, hvort brautin liggur um landið eða ekki. Allt öðru máli er að gegna um ræktunarlóðir í Blönduósslandi. Marg-

ar þeirra liggja þannig, að flutningar að og frá þeim eftir Svínvetningabraut eru með öllu útilokaðir í nútíð og framtíð. Allt að einu nýtur Svínvetningabrautarfélagið góðs af ræktunarlöndum þessum fyrir hækkað matsverð á Blönduósslandinu vegna tekna af lóðum. Á þann hátt greiðir Blönduósshreppur gjald af ræktunarlóðunum sem landeigandi, enda eru lóðarleigurnar þau einu not, er hann hefir af lóðunum.

Loks er enn ein ástæða fyrir hendi, er hvetur alveg sérstaklega til varfærni í því að leggja afleidda, víðari merkingu í orðin „á land“ og „um land“ en orðin sjálf tákna í daglegu tali og ætla má, að þeim hafi verið ætlað að tákna, er samþykktin var samin 1920, en hún er sú, að eigi er unnt að breyta samþykktinni, nema með samþykki hinna sömu aðilja, er settu hana, þó breyttar ástæður eða óglögg hugtakatakmörk gerðu það æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra þeirra, er á samþykktarsvæðinu búa, að Blönduósslandi undanskildu, að tekjur þaðan séu sem mestar. En af því leiðir, að þess er tæplega að vænta, að breyting fengist á samþykktinni, er feldi í sér rýrnun á tekjum af þessu sama landi.

Af því, sem hér að framan er tilfært, leiðir, að fógetarétturinn sér sér ekki fært að leggja víðari merkingu í hugtökin „eiga land“ og „um land“, en orðin sjálf tákna. En af því leiðir aftur, þar sem gerðarþoli hvorki á ræktunarland sitt né heldur liggur Svínvetningabraut um land hans, þá verður honum ekki gert að greiða hið umkrafða gjald til Svínvetningabrautarfélagsins, sem fógetamál þetta er af risið.

Gerðarbeiðandi hefir til vara krafizt þess, að úrskurðað verði í máli þessu um greiðsluskyldu Blönduósshrepps á hinu umkrafða gjaldi, en þar sem málinu að öðru leyti er eigi beint að Blönduósshreppi, er eigi unnt að taka þá kröfu til greina.

Því úrskurðast:

Gerðarþola, Karli Helgasyni, Blönduósi, ber eigi að inna hið umkrafða gjald af höndum. Lögtaksgerð hreppstjóra Blönduósshrepps þar af leiðandi felld úr gildi. Hvor aðili um sig beri kostnað sinn af málinu.

Föstudaginn 16. febrúar 1940.

Nr. 81/1939. **Bæjarsjóður Reykjavíkur**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi og Bifreiðaeinkasölu ríkisins
(Theódór B. Lindal).

Eldri samningsveðréttir ganga fyrir rétti samkvæmt uppskriftargerð eftir 48. gr. framfærslulaga nr. 135 frá 1935.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af Kristjáni Kristjánssyni, fulltrúa lögmannsins í Reykjavík.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. ágúst f. á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir uppboðshaldarann að úthluta honum uppboðsandvirði bifreiðar þeirrar, er í máli þessu greinir, án þess að stefndu fái nokkuð af því. Svo krefst hann þess og, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að þeim verði hvorum um sig dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að veðréttir stefndu voru löglega til orðnir og þinglesnir, áður en uppskriftargerð sú, er í málinu greinir, fór fram, þá ganga þeir fyrir þeim rétti, sem áfrýjandi kann að hafa öðlazt fyrir hana. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til að þessu leyti.

Stefndu höfðu ekki veðrétt í uppboðsandvirði á hendur öðrum en veðsala, og ber því að fella úr gildi það ákvæði úrskurðarins, að málskostnaður takist af uppboðsandvirðinu.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða hvorum hinna stefndu kr. 175.00 í málskostnað í hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður að öðru en því, að málskostnaðarákvæði hans er úr gildi fellt.

Áfrýjandi, Bæjarsjóður Reykjavíkur, greiði stefndu, Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi og Bifreiðaeinkasölu ríkisins, hvorum um sig, 175 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 15. maí 1939.

Þann 13. okt. f. á. veðsetti Sigurjón Jóhannesson, bifreiðarstjóri hér í bæ, vörubifreið sína, RE. 264, Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi með 1. veðrétti til tryggingar skuld samkv. sætt, gerðri í sáttanefnd Reykjavíkur 1. marz sama ár, að upphæð kr. 102.40 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1938 til greiðsludags, og kr. 31.10 í kostnað. Þann sama dag veðsetur hann sömu bifreið með 2. veðrétti Bifreiðaeinkasölu ríkisins til tryggingar skuld skv. úrskurði sáttanefndar Reykjavíkur, uppkveðnum 7. júní f. á., að upphæð kr. 331.25 ásamt 5% ársvöxtum frá 15. ágúst 1937 til greiðsludags og kr. 39.27 í kostnað. Bæði þessi veðskuldabréf eru þinglesin 20. október f. á. 19 sama mánaðar var löghald lagt á nefnda bifreið til tryggingar skuld, að upphæð kr. 180.00 auk vaxta og kostnaðar, og var löghald þetta staðfest með dómi, uppkveðnum í bæjarþingi

Reykjavíkur 29. sama mánaðar. Þann 22. s. m. lét bæjarsjóður Reykjavíkur fara fram uppskrift á bifreið þessari samkv. 48. gr. framfærslulaganna fyrir fátækraskuld Sigurjóns, að upphæð kr. 4637.00, og var hún þinglesin 3. nóv. f. á.

Þann 12. desember f. á. var gert fjárnám í nefndri bifreið eftir kröfu löghaldshafa, en 25. janúar þ. á. fór fram fjárnám í henni á ný eftir kröfu 1. og 2. veðhafa. Þann 18. febrúar var bifreiðin síðan seld á nauðungaruppboði eftir kröfu fjárnámshafanna. Auk þeirra var mætt við uppboðið af hálfu bæjarsjóðs Reykjavíkur, og kom þegar fram ágreiningur um skiptingu uppboðsandvirðisins, en þann ágreining hafa aðiljar nú lagt undir úrskurð uppboðsréttarins.

Bæjarsjóður Reykjavíkur hefir haldið því fram, að með uppskrift á bifreiðinni RE. 264, eign þurfalingsins Sigurjóns Jóhannessonar, og eftirfarandi þinglýsingu, þá hafi hann öðlazt lögveð í bifreiðinni og gangi það fyrir öllum öðrum höftum og veðkröfum, þótt fyrr séu stofnaðar, og byggir hann þetta á ákvæðum 48. gr. framfærslulaganna. Hefir hann því krafizt þess, að skuld sín verði fyrst greidd af uppboðsandvirði bifreiðarinnar, auk þess sem hann hefir krafizt þess, að Hið íslenzka steinolíuhlutafélag, Bifreiðaeinkasala ríkisins og Jónas Sveinsson læknir verði úrskurðuð til að greiða sér in solidum málskostnað.

Veðhafarnir, Hið íslenzka steinolíuhlutafélag og Bifreiðaeinkasala ríkisins, hafa hinsvegar haldið því fram, að þar sem veðréttur þeirra í bifreiðinni hafi stofnazt áður en uppskrift bæjarsjóðs fór fram, þá beri þeim uppboðsandvirðið framar bæjarsjóði, og hafa þeir jafnframt krafizt málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins af uppboðsandvirðinu eða til vara in solidum af bæjarsjóði Reykjavíkur og Jónasi Sveinssyni lækni.

Löghaldshafinn hefir haldið því fram, að við löghaldið hafi hann öðlazt hlutbundinn rétt yfir bifreiðinni, og gangi sá réttur fyrir kröfu bæjarsjóðs, þar sem löghaldið hafi farið fram á undan uppskriftinni. Telur hann, að tæpast verði sagt, að lögveð hafi stofnazt í bifreiðinni fyrir uppskrift bæjarsjóðs, enda uppfylli þinglesturinn ekki skilyrði 48. gr. framfærslulaganna, þar sem vanti útdrátt úr sveitarbók. Hefir hann því krafizt þess, að sér

verði greitt af uppboðsandvirðinu næst á eftir sjálfsvörzluveðhöfum, en á undan bæjarsjóði fjárnámskrafa sín auk málskostnaðar að skaðlausu.

Það er upplýst í máli þessu, að við uppskriftina mætti þurfalingurinn sjálfur og viðurkenndi skuldina, og verður sú viðurkenning í réttinum að teljast jafngild útdrætti úr sveitarbók, enda hefir engin tilraun verið gerð til þess að hnekkja skuldarupphæðinni. Samkv. 48. gr. framfærslulaganna verður því að telja, að við uppskriftina hafi lagzt veðband á umrædda bifreið, en hinsvegar er ekki þar með sagt, að bæjarsjóður hafi öðlazt lögveð í bifreiðinni á þann hátt, að réttur sjálfsvörzluveðhafa og löghaldshafa þurfi að víkja, eins og haldið hefir verið fram.

Ákvæði 48. gr. framfærslulaganna tryggir það fyrst og fremst, að þurfalingur ráðstafi ekki eignum sínum af frjálsum vilja þannig, að til tjóns verði fyrir framfærslusveit hans, og í öðru lagi, að ekki verði gengið að eignum hans af öðrum kröfuhöfum. Það liggur í orðunum: „gengur fyrir öllum öðrum kröfum."

Hinsvegar verður að telja, að þar sem stofnazt hefir löglega veð í bifreiðinni til handa Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi og Bifreiðaeinkasölu ríkisins, áður en nefnd uppskrift fór fram, að þá gangi það fyrir kröfu bæjarsjóðs í uppboðsandvirðinu.

Löghaldið veitir löghaldshafa vernd fyrir ráðstöfunum skuldara í hinum kyrrsettu munum, en hindrar það ekki, að 3ji maður geti gengið að eignum þeim, sem kyrrsettar hafa verið. Verður því að telja, að löghaldið víki fyrir hinni umræddu uppskrift.

Samkvæmt þessu verður að telja, að af uppboðsandvirðinu beri fyrst að greiða samningsveðhöfunum sína skuld að fullu, en að öðru leyti renni uppboðsandvirðið í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Þá þykir eftir atvikum rétt, að bæjarsjóður Reykjavíkur greiði veðhöfum upp í málskostnað kr. 50.00, sem takist af uppboðsandvirðinu, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því úrskurðast:

Af uppboðsandvirði bifreiðarinnar RE. 264 greiðist veðhöfunum, Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi og

Bifreiðaeinkasölu ríkisins, fyrst þeirra veðkröfur að fullu ásamt málskostnaði í máli þessu, kr. 50.00, en afgangurinn renni í bæjarsjóð Reykjavíkur. Að öðru leyti fellur málskostnaður í máli þessu niður.

Mánudaginn 19. febrúar 1940.

Nr. 63/1939. **Eggert M. Bachmann og Landsbanki Íslands** (Pétur Magnússon)
gegn
Ívari Ívarssyni (Jón Ásbjörnsson).

Um forkaupsrétt ábúanda að ábúðarjörð sinni.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. júní 1939, hafa krafizt þess *aðallega*, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda í máli þessu og að hann verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. *Til vara* hafa áfrýjendur krafizt þess, að héraðsdómi verði breytt á þá leið, að stefnda verði heimiluð kaup á hálflendu ábúðarjarðar sinnar, Kirkjuhvamms í Rauðasandshreppi, gegn því, að hann greiði fyrir hana fasteignamatsverð eða til vara það verð, er óvilhallir, dómkvaddir menn meta. Og til *þrautavara* hafa þeir krafizt þeirrar breytingar á héraðsdómi, að stefnda verði heimiluð kaup á nefndi hálflendu fyrir kr. 505.63. Málskostnaðar fyrir hæstarétti krefjast áfrýjendur eftir mati dómsins, ef önnurhvor varakrafan yrði tekin til greina.

Stefndi hefir *aðallega* krafizt staðfestingar á héraðsdóminum, en *til vara*, að sér verði heimiluð kaup á téðri hálflendu fyrir kr. 505.63, eins og í þrautavarakröfu áfrýjanda getur. Svo krefst stefndi málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hálflendur jarðanna Sjöundár, Kirkjuhvamms, Saurbæjar og Brattahlíðar í Rauðasandshreppi höfðu verið sameiginlega settar Landsbanka Íslands að veði til tryggingar veðdeildarláni, er óskipt virðist hafa hvílt á hálflendum þessum. Með því að eigandi þeirra, áfrýjandi Eggert M. Bachmann, gat ekki staðið í skilum, gekk bankinn að veðunum, og voru þau lögð honum út sem ófullnægðum veðhafa þann 13. júní 1935. Sjöundárhálflenduna, sem var húsalaust eyðibýli og metin var á kr. 550.00, virðist bankinn hafa selt fyrra hluta ársins 1935 fyrir kr. 650.00, en hinar hálflendurnar átti bankinn þangað til 30. sept. 1937, er hann afsalaði þeim í hendur Eggerts. Tók Eggert þá að sér greiðslu eftirstöðva veðdeildarskuldarinnar, sem talin var hvíla á hálflendunum ..... kr. 2293.84
og greiddi ennfremur, samkvæmt nýjum upplýsingum, skuld sína til bankans ..... — 1891.65

Eða samtals ..... kr. 4185.49

Að fasteignamati eru hálflendur þessar þrjár, Kirkjuhvammur, Saurbær og Brattahlíð, með húsum samtals kr. 11050.00, en húsalausar kr. 6800.00. Ennfremur er það óvéfengt, að 24½ kúgildisær hafi fylgt þeim. Þótt miðað sé við mat hálflendnanna húsalausra, en með kúgildum, þá nemur andvirði þeirra 30. sept. 1937 til bankans ekki nema hér

um bil 56% af matsverði. En ef af líkum má ráða af sölu eyðibýlisins Sjöundár, er þá hafði farið fram fyrir skömmu, virðist mega ætla, að þessar þrjár hálflendur hefði mátt selja nokkru hærra en fasteignamatsverði þeirra húsalausra nam. Kirkjuhvamms hálflendan er metin kr. 800.00 húsalaus, en kr. 1000.00 með húsum, og bætast 4½ kúgildisær við, og virðast þessi verðmæti samanlögð munu nema nær kr. 1100.00. Af þeim kr. 4185.49, er Eggert telst hafa fengið hálflendurnar fyrir, reiknast aðiljum kr. 505.63 koma á hálflendu Kirkjuhvamms. Og virðist þá Landsbankinn hafa fengið Eggert þessi verðmæti fyrir nálægt 46% af verðmæti þeirra eftir matinu að dæma.

Takmark það, er áfrýjendur stefna að með ráðstöfun sinni áðurnefndri þann 30. sept. 1937, er það, að áfrýjandi Eggert verði, að Sjöundár-sölunni undantekinni, svo settur sem hann hefði verið, ef ekki hefði til þess komið, að Landsbankinn þyrfti að ganga að hinum veðsettu hálflendum. Með því að bankinn telur sig hafa fengið það greitt, er skuldað var, fær hann skuldunaut aftur eignirnar nokkru eða ef til vill miklu undir hálfvirði þess, er ætla mátti, að þær hefði mátt selja með venjulegum hætti. Verður að líta svo á, að bankinn hafi með þessari ráðstöfun veitt áfrýjanda Eggert fjárhagsleg og persónuleg hlunnindi, er stefndi geti ekki, þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 55/1926, fært sér í nyt gegn mótmælum hans. Og þykir því verða að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Eggert M. Bachmann og Landsbanki Íslands, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Ívars Ívarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 21. apríl 1939.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 13. des. 1938, af Ívari Ívarssyni, bónda í Kirkjuhvammi í Rauðasandshreppi hér í sýslu, gegn Eggert M. Bachmann, Ránargötu 3, Reykjavík, og bankaráði Landsbanka Íslands, Reykjavík, f. h. veðdeildar bankans.

Málið var rekið skriflega fyrir aukadómþinginu sem nr. 1/1939. Var það tekið til dóms 1. apríl 1939 og dómur uppkveðinn af sýslumanni Jóhanni Skaptasyni á aukadómþingi á skrifstofu Barðastrandarsýslu 21. apríl 1939, kl. 10 árdegis.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dags. 30. sept. 1937, afsalar veðdeild Landsbanka Íslands, Reykjavík, Eggert M. Bachmann eignarrétti yfir hálflendum jarðanna Saurbær, Brattahlíð og Kirkjuhvammur, sem allar eru í Rauðasandshreppi, með tilheyrandi bæjarhúsum, öllum gögnum og gæðum og kúgildum, er nefndum jarðarhálflendum fylgir, fyrir kr. 2293.84. Afsal þetta var þinglesið á manntalsþingi Rauðasandshrepps 8. júlí 1938. Kveður stefnandi sig þá fyrst hafa fengið vitneskju um afsal þetta og með því að hann kveðst vera ábúandi á Kirkjuhvammi, telur hann, að brotin hafi verið lög á sér með afsali, þar eð sér hafi ekki verið gefinn kostur á að neyta forkaupsréttar síns sem ábúandi. Hefir hann því höfðað mál þetta til riftingar afsalinu á hálfum Kirkjuhvammi og til þess að fá veðdeild Landsbankans dæmda til þess að afsala honum jarðarhálflendunni með tilheyrandi fyrir kr. 277.11 greiðslu út í hönd eða sömu greiðsluskilmálum, sem stóðu stefndum Eggert M. Bachmann til boða. Telur hann fjárhæð þessa vera söluverð hálfs Kirkjuhvamms af söluverði allra jarða-hálflendnanna.

Stefndir hafa mótmælt kröfum stefnandans og krafizt þess í fyrsta lagi, að máli þessu yrði vísað frá dómi sökum aðildarskorts, þar eð stefnandinn væri ekki ábúandi þess helmings jarðarinnar Kirkjuhvamms, sem um ræðir í afsalinu, og ætti hann því engan forkaupsrétt á henni. Frávísunarkröfunni var hafnað með úrskurði undir rekstri máls þessa á þeim grundvelli, að aðildarskortur valdi sýknu en ekki frávísun. Verður þá að taka til athugunar, hvort stefnandinn sé réttur aðili þessa máls.

Stefnandinn hefir til sönnunar því, að hann sé af réttum aðiljum viðurkenndur ábúandi þeirrar hálflendu Kirkjuhvamms, sem hér um ræðir, lagt fram kvittun veðdeildar Landsbanka Íslands fyrir því, að hann hafi greitt afgjöld af þeim hluta jarðarinnar frá fardögum 1935 til fardaga 1937. Af þeirri kvittun er ekki sjáanlegt, að hann greiði afgjöldin fyrir annan en sjálfan sig, en telja verður líklegt, að kvittunin hefði sýnt það, ef svo hefði verið. Þetta tímabil var veðdeild Landsbanka Íslands eigandi nefndrar hálflendu. Virðist hún hafa talið stefnanda þessa máls ábúanda jarðarinnar.

Einnig verður að telja, að bréf það frá stefndum Eggert M. Bachmann, sem stefnandinn hefir lagt fram sem réttarskjal nr. 4, sýni það, að Eggert hefir talið stefnandann ábúanda Kirkjuhvamms. Athugasemdir hans í gagnstæða átt, sem fram eru bornar í vörn á réttarskjali nr. 5, virðast engan veginn afsanna það.

Stefndir hafa haldið því fram, að stefnandinn geti ekki verið löglegur ábúandi umræddrar hálflendu Kirkjuhvamms, af því að móðir hans hafi ekki sagt réttum aðilja upp ábúðinni, þ. e. Snæbirni J. Thoroddsen, sem um nokkurt skeið var umboðsmaður Eggerts M. Bachmanns, er hann átti jörðina. Ennfremur af því, að nefndur umboðsmaður hafi ekki byggt stefnanda jörðina.

Stefnandinn hefir bent á það, að móðir sín hafi sagt lausri ábúðinni, eftir að maður hennar dó, til umboðsmanns erfingja Ólafs Thorlacius, sem byggði manni hennar jörðina, en þeir virðast þá enn hafa haft umráð með henni allri. Er þetta sannað með ómótmæltu vottorði Gísla Ó. Thorlacius á réttarskjali nr. 9. Vottorð Snæbjarnar J. Thoroddsens á rskj. nr. 10, sem á engan hátt er véfengt af stefndum, virðist sanna það, að hann hafi sam-

þykkt stefnanda þessa máls sem ábúanda nefndrar jarðarhálflendu. Virðist hann hafa talið stefnanda löglegan ábúanda á jörðinni, er hann tók við umboðsmennsku jarðarinnar. Virðist það geta komið heim við fullyrðingar stefnanda um það, að umboðsmaður erfingja Ólafs Thorlacius hafi löglega byggt honum jörðina, áður en Snæbjörn J. Thoroddsen, umbm. Eggerts M. Bachmanns, tók við umboðsmennsku fyrir hann.

Loks verður ekki fram hjá því gengið, að stefnandinn hefir allan þann tíma, sem hann kveðst hafa verið ábúandi alls Kirkjuhvamms, greitt af jörðinni í eigin nafni skatta og skyldur, svo sem ábúanda ber, enda talinn ábúandi í opinberum skýrslum.

Af framanskráðum ástæðum verður að telja sannað, að stefnandi þessa máls sé löglegur ábúandi þess helmings jarðarinnar Kirkjuhvammur, sem veðdeild Landsbanka Íslands afsalaði Eggert M. Bachmann 30. sept. 1937. Verða stefndir því ekki sýknaðir af þeirri ástæðu, að mál þetta sé höfðað af röngum aðilja.

Það, að ábúðarjörð stefnanda er veðsett ásamt fleiri jörðum fyrir sömu skuld, virðist engan veginn geta útilokað forkaupsrétt hans, og það, að stefnandi keypti ekki jörðina á uppboðinu 1935, útilokar ekki forkaupsrétt hans við sölu 1937.

Eigi verður heldur fallizt á það, að ábúandi hafi eigi forkaupsrétt að jörð, sem boðin er fyrri eiganda til kaups undir þeim kringumstæðum, sem hér um ræðir. Veðdeild Landsbankans var óvéfengdur eigandi hér um ræddra jarða, og hún gat selt þær hverjum, sem henni þóknaðist, og á hvaða verð sem umsamdist, ef ábúandi hafnaði forkaupsrétti sínum. Það virðist þessu máli óviðkomandi, hvort stefndur Eggert M. Bachmann varð fyrir tjóni við útlagningu veðanna til veðdeildarinnar 1935.

Það verður því að telja, að við sölu til Eggerts M. Bachmanns 30. sept. 1937 hafi veðdeild Landsbanka Íslands borið skylda til að bjóða ábúanda jarðarinnar Kirkjuhvammur hana til kaups með þeim kjörum, sem selja átti hana fyrir. Virðist í því sambandi verða að leggja til grundvallar kaupverð það, sem um getur í afsalinu, þ. e. kr. 2293.84, en af því kaupverði er kaupverð ½ Kirkjuhvamms óvéfengt kr. 277.11. Verður því að dæma stefndan

Eggert M. Bachmann til að þola riftingu á afsalinu frá 3% 1937, að því leyti sem ½ Kirkjuhvamm með tilheyrandi áhrærir, og Bankaráð Landsbanka Íslands til að afsala fyrir hönd veðdeildar bankans stefnanda þessa máls ½ jörðinni Kirkjuhvammi í Rauðasandshreppi með kúgildum, húsum og mannvirkjum og öllum gögnum og gæðum, er nefndri jarðarhálflendu fylgir og fylgja ber fyrir kr. 277.11 gegn greiðslu út í hönd, og miðist afsalið við fardaga 1938. Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma stefndu til að greiða stefnandanum in solidum málskostnað, sem telst hæfilega metinn kr. 60.00.

Því dæmist rétt vera:

Eggert M. Bachmann skal vera skyldur til að þola riftingu á afsali veðdeildar Landsbankans, dagsettu 30. september 1937, að því leyti sem afsalið kveður á um eignaryfirfærslu á hálfri jörðinni Kirkjuhvammi í Rauðasandshreppi með tilheyrandi, og bankaráð Landsbanka Íslands skal vera skylt til að afsala fyrir hönd veðdeildar bankans Ívari Ívarssyni hálfri jörðinni Kirkjuhvammi á Rauðasandi með kúgildum, húsum og mannvirkjum og öllum gögnum og gæðum, sem nefndri jarðarhálflendu fylgir og fylgja ber, fyrir kr. 277.11 greiðslu út í hönd, og miðist afsalið við fardaga 1938. Eggert M. Bachmann og veðdeild Landsbanka Íslands greiði stefnandanum, Ívari Ívarssyni, in solidum kr. 60.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. febrúar 1940.

Nr. 91/1937. **Lárus Fjeldsted f. h. eiganda og skipshafnar b/v St. Malo**
(Lárus Fjeldsted)
gegn
Fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Varadómari prof. Bjarni Benediktsson í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Fébótakrafa vegna töku togara, er skipstjóri hans hafði verið sýknaður af kæru um fiskveiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Birni Þórðarson, lögmanni í Reykjavík.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 41970.39 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1934 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur eftir mati réttarins ásamt vöxtum samkvæmt framansögðu. Til þrautavara krefst áfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu hefir verið lagður fram sjóuppdráttur, sem skipherrann á varðskipinu Óðni hefir í embættisnafni markað á miðanir og mælingar varðskipsins, og sýnir uppdráttur þessi auk landhelgilínunnar stað þann, er b/v St. Malo nam staðar á, bauju togarans, stað varðskipsins á ýmsum tímum og miðunarlínur þess til togarans, þar á meðal miðunar-

línuna kl. 4,18, en þá var togarinn næst landi. Uppdrátturinn hefir að þessu leyti sama sönnunargildi sem önnur opinber skjöl og verður því að teljast réttur, þar til annað er sannað. En þegar miðunarlínan kl. 4,18 á þessum uppdrætti er borin saman við sömu miðunarlínu, eins og enskir sérfræðingar hafa í máli valdstjórnarinnar gegn skipstjóranum á St. Malo að hans tilhlutun markað hana á uppdrátt og forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík markaði hana í sama máli, kemur í ljós, að línan er mörkuð eins á þessa þrjá uppdrætti. Skýrsla skipherrans er þannig beinlínis studd að þessu leyti af öðrum framkomnum gögnum. En lína þessi er ekki utan lendhelgilínu fyrr en svo vestarlega, að hefði togarinn þá verið þar og þaðan siglt austur að bauju þeirri, sem viðurkennt er, að hann kl. 4,32 hafi verið upp undir, og síðan þangað, er hann nam staðar kl. 4,55, mundi togarinn hafa orðið að sigla miklu hraðar en nemur hraða þeim, sem aðiljar eru ásáttir um, að skipið hafi haft. Það verður því að teljast mjög líklegt, að togarinn hafi verið í landhelgi kl. 4,18. Og þó að um þetta verði að vísu ekki fullyrt með öruggri vissu, þykir skipherra varðskipsins að svo vöxnu máli hafa haft fulla ástæðu til að stöðva togarann og láta rannsaka mál skipstjóra hans. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með tilvísun til hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1937.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. apríl 1934, af Lárusi Fjeldsted hrm. f. h. eigenda og skipshafnar enska togarans „St. Malo" G. Y. 523 gegn fjármálaráðherra Íslands f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta vegna handtöku togarans, að upphæð kr. 41970.39 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1934 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Síðar í rekstri málsins hefir stefnandi gert þá varakröfu, að sér verði tildæmdir vextir frá 9. júlí 1929 til 30. nóv. 1931 af sektarfé því og andvirði afla (samtals kr. 14953.00), er ríkisstjórnin endurgreiddi stefnanda 30. nóv. 1931.

Stefndur krefst algerrar sýknu af stefnukröfunum og málskostnaðar sér til handa að skaðlausu, en til vara eftir mati réttarins. Hvað snertir varakröfu stefnanda, samþykkir stefndur að greiða 4% ársvexti af hinu endurgoldna fé frá innborgunardegi til 30. nóv. 1931, en málskostnaðarlaust.

Málavextir eru þeir, að 5. júlí 1929 var varðskipið „Óðinn" statt fyrir utan Portland, innan landhelgi. Segir svo í skýrslu skipherrans á „Óðni", að kl. 4,12 e. h. hafi sézt togari undan Pétursey, sem virtist stefna á land. Sigldi varðskipið í áttina til togarans og gerði um leið staðarathuganir og miðanir til togarans, og tekur skipherra það fram, að veður og önnur skilyrði hafi verið sérstaklega góð til þess, að mælingar gætu tekizt vel. Segir skipherrann, að kl. 4,18 hafi togarinn snúið aftur út frá landi, og staðarákvörðun og miðun, gerð á þeirri stundu, taldi skipherrann sýna, að togarinn væri innan landhelgi. Setti varðskipið því upp stöðvunarflögg kl. 4,22. Kl. 4,32 fór togarinn fram hjá bauju nokkurri, og kl. 4,42 breytti hann um stefnu, beygði til vesturs. Kl. 4,44 til 4,54 skaut varðskipið 5 skotum til þess að fá togarann til að stöðvast, og kl. 4,55 staðnæmdist varðskipið við hlið togarans, sem reyndist vera „St. Malo"' G. Y. 523. Var hann með stjórnborðsvörpu í sjó. Staðarákvörðun, gerð á þessari stundu, sýndi, að togarinn var þá 1,06 sm. fyrir utan landhelgilínu. Skipstjóranum á togaranum var tjáð, að eftir mælingum varðskipsins hafi hann verið að veiðum í landhelgi allt að

0,5 sm. innan landhelgilínu og því yrði farið með hann til Reykjavíkur til frekari rannsóknar. Tók varðskipið nú staðarákvörðun af bauju þeirri, er áður getur, og var hún 0,3 sm. utan landhelgilínu. Síðan var haldið af stað með togarann kl. 8,50 e. h. og komið til Reykjavíkur kl. 11,45 f. h. 6. júlí. Kærði skipherrann togaraskipstjórann fyrir brot á landhelgilöggjöfinni fyrir lögreglurétti Reykjavíkur, og eftir yfirheyrslur þar var höfðað mál gegn skipstjóranum, og gekk dómur í því 8. s. m. með þeim úrslitum, að skipstjóri var talinn sekur um brot á 1. gr. laga nr. 5 1920 og dæmdur í 12500 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands og auk þess skyldi afli og veiðarfæri gert upptækt og andvirðið renna í sama sjóð og sektin.

Hinn kærði skipstjóri, William Warrender, hélt því fram bæði fyrir skipherra og lögreglurétti, að hann væri sýkn saka og hefði ekki verið að botnvörpuveiðum í landhelgi. Kvaðst hann aldrei hafa farið inn fyrir bauju þá, sem áður er nefnd, og reyndist vera 0,3 sm. utan landhelgi, og ávallt togað vestanmegin hennar.

Dómi lögregluréttar Reykjavíkur, sem hafði verið fullnægt að öllu 11. júlí 1929, var skotið til hæstaréttar, er með dómi sínum 9. febr. 1931 sýknaði togaraskipstjórann. Segir svo í forsendum dómsins, að af skýrslu varðskipsforingjans og sjávaruppdrætti þeim, er lá fyrir réttinum, verði ekki ráðið, hvar kærði hafi verið staddur á miðunarlínunni kl. 4,18, þegar hann beygði út frá landinu, og þar sem það sé ekki útilokað, að hann hafi þá verið svo vestarlega á línunni, að hann hafi þá verið þrjár sjómílur frá landi, þá þykir ekki vera fengin örugg sönnun fyrir því, að kærði hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi.

Hinn 30. nóv. 1931 endurgreiddi svo ríkissjóður eigendum togarans sektarfé það og andvirði afla, er áður segir.

Mál það, sem hér liggur fyrir, hefir Lárus Fjeldsted hrm. f. h. eigenda og skipshafnar togarans höfðað gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs útaf handtöku skipsins og afleiðingum hennar og gert í málinu framangreindar réttarkröfur. Hefir stefnandi lagt fram sundurliðaðan reikning yfir tjón það, sem hann telur umbj. sína hafa orðið fyrir vegna þessara atburða, og nemur reikningurinn í heild hinni umstefndu upphæð.

Byggir stefnandi stefnukröfur sínar á því, að hann telur

að með fyrrnefndum hæstaréttardómi hafi því verið slegið föstu, að handtaka togarans hafi verið ólögleg og því skaðabótagæf fyrir ríkissjóð. Heldur hann því fram, að ástæðan til kærunnar á hendur togaraskipstjóranum hafi verið einungis sú, að stjórnarvöldin hafi fyrirskipað foringjum varðskipanna að fara eftir annarri landhelgilínu en ákveðið var með samningi við England 1901, eða þeirri línu, sem íslenzka stjórnin ákvað 5. nóv. 1928, að skyldi gilda, en sú lína lá á stað þeim, er togarinn „St. Malo" var að veiðum, nokkru utar en gamla landhelgilínan. En síðar hafi þessi svonefnda nýja landhelgilína verið úrskurðuð löglaus af hæstarétti, þar sem hún brjóti í bága við ákvæði áðurnefnds milliríkjasamnings. — Þá telur stefnandi það og sannað, að togarinn hafi verið handtekinn utan landhelgilínunnar, eða m. ö. o. utan lögregluvaldsviðs hins íslenzka ríkis, og handtakan hafi þar af leiðandi verið löglaus, þar sem skipið hafi ekki verið elt innan úr landhelgi. Það hafi fyrst verið kl. 4,44, að varðskipið hafi gefið togaranum það til kynna (með lausu skoti), að það væri að elta hann, en þá, eins og ávallt, hafi hann verið utan landhelgi, og því alveg ólögmætt að handtaka hann og færa nauðugan til hafnar. Þar sem togarinn hafi þannig verið tekinn að tilefnislausu, handtekinn á opnu hafi og aldrei eltur innan úr landhelgi, sé það augljóst, að framið hafi verið réttarbrot á skipinu, sem ríkissjóður verði að bæta fyrir.

Sýknukröfu sína byggir stefndur í fyrsta lagi á því, að með skýrslu þeirri frá skipherranum á „Óðni", sem fyrst hefir verið lögð fram hér fyrir réttinum, svo og meðfylgjandi sjávaruppdrætti sé það nú sannað, að togarinn „St. Malo" hafi verið að veiðum innan hinnar gildandi landhelgilínu í umrætt skipti. En í skýrslu þessari segir skipherrann, að kl. 4,13 hafi fyrsta staðarákvörðun varðskipsins verið gerð og jafnframt miðun til togarans. Kl. 4,18 snéri togarinn frá landi og hafi þá verið gerð ný staðarathugun og miðun, sem sýndi, að togarinn var nær landi. Þetta bil milli miðunarlínanna verður því stærra sem vestar dregur, en þar sem tíminn milli athugana hafi aðeins verið 5 mínútur, sé það sýnt, að togarinn hafi verið töluvert fyrir austan oftnefnda bauju og hann fór fram hjá kl. 4,32, þar sem það sé viðurkennt af stýrimanni togarans, að ferð skipsins hafi verið 3—3¼ úr mílu á klst. Heldur skipherrann því

fram, að af þessu sé það ljóst, að staður togarans á miðunarlínunni kl. 4,18 hljóti að hafa verið á þeim hluta hennar, sem fellur innan 3 sjómílna landhelgilínunnar. — Í öðru lagi heldur stefndur því fram, að enda þótt það verði ekki talið sannað, að togarinn hafi verið að veiðum innan landhelgi, þá hafi eftirförin, handtaka togarans og það að fara með hann til Reykjavíkur verið í alla staði forsvaranlegt og löglegt. Skipherrann á „Óðni" hafi alls ekki handtekið togarann vegna fyrirskipunar stjórnarinnar um hina svonefndu „nýju" landhelgilínu, heldur hafi það verið sterkur grunur, studdur af nákvæmum athugunum án tillits til mismunandi landhelgilínu, sem hafi verið þess valdandi, að togarinn var tekinn, og þar sem verknaður skipherra hafi verið lögmætur, sé skaðabótaskylda útilokuð, enda þótt hæstiréttur hafi sýknað togaraskipstjórann í refsimálinu vegna vantandi sannana.

Það skal strax tekið fram, að gegn áðurnefndum mótmælum stefnds hefir stefnandi ekki fært neinar sönnur á það, né heldur er það sýnilegt af skjölum málsins, að skipherrann á „Óðni" hafi handtekið og kært togarann af þeirri ástæðu, að hann væri innan þeirrar landhelgilínu, sem íslenzka ríkisstjórnin ákvað 5. nóv. 1928, en hæstiréttur hefir komizt að raun um, að væri í ósamræmi við áðurnefndan millirikjasamning frá 1901.

Í skýrslu þeirri frá skipherranum á „Óðni", er áður getur, er það talið sýnt, að togarinn „St. Malo" hafi verið innan landhelgilínunnar frá 1901 kl. 4,18, en þegar af þeirri ástæðu, að skipherrann getur ekki talizt óviðriðinn þetta mál og skýrsla hans hefir því ekki fullt sönnunargildi í þessu tilfelli, verður ekki talið, að þetta álit hans upplýsi það nú frekar en áður, að sannað geti talizt, að togarinn hafi verið að veiðum í landhelgi í umrætt skipti.

Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, að skipherrann hafi eftir athugunum sínum haft fulla ástæðu til að halda, að togarinn væri að brjóta ákvæði landslaga um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi. Varðskipið, sem í byrjun var sjálft innan landhelgi, sigldi þá í áttina til togarans til að sannprófa grun sinn og taka togarann, ef til kæmi, en jafnframt var haldið áfram athugunum á ferðum hans. Sýndi varðskipið þar með í verki, að það hafði þá hafið förina að

togaranum. Að vísu setti varðskipið fyrst upp stöðvunarmerki (flögg) kl. 4,22, og fyrsta skoti var hleypt af kl. 4,44, en engu að síður verður eftirförin að teljast hafa verið lögleg þegar af þeirri ástæðu, að ekki verður staðhæft, að viðurkennd alþjóðaregla hafi þá verið til, er setti það skilyrði fyrir lögmæti eftirfarar, að stöðvunarmerki væru gefin, áður en hún byrjaði.

Að þessu öllu athuguðu verður að líta svo á, að skipherrann á „Óðni" hafi haft næga ástæðu til og honum hafi verið það heimilt að halda eftirförinni áfram út fyrir landhelgilínuna, hefta þar för togarans og taka hann með sér til rannsóknar til Reykjavíkur, eins og hann gerði. Verður því að telja, að öll skilyrði til töku togarans hafi verið fyrir hendi og skipherrann hafi ekki farið út fyrir valdsvið sitt eða á annan hátt sýnt af sér vítavert gáleysi með framkomu sinni gagnvart togaranum í umrætt skipti. Skaðabótaskylda á hendur stefndum í máli þessu verður því ekki byggð á almennum skaðabótareglum.

Með dómi hæstaréttar 9. febrúar 1931 var togaraskipstjórinn sýknaður af kröfu um *refsingu* fyrir landhelgibrot við þetta tækifæri. Sá sýknudómur var byggður á því einu, að ekki þótti unnt að fullyrða nema togarinn hefði kl. 4,18 verið svo vestarlega á miðunarlínunni frá varðskipinu, að hann hefði þá verið utan landhelgilínunnar. Þessi vafi var í *refsimálinu* látinn koma togaraskipstjóranum til sýknu, en um *skaðabótaskyldu* vegna töku togarans segir dómur þessi ekki neitt, hvorki beint né óbeint.

Um greiðslu bóta fyrir *handtöku* vegna refsiverðs verknaðar, sem aðili er síðan sýknaður af, enda verði bótaskyldan ekki byggð á almennum skaðabótareglum, eru engin ákvæði til í íslenzkum lögum.

Að vísu eru til lög um skaðabætur fyrir *gæzluvarðhald* að ósekju o. fl. (lög nr. 28 1893), en ákvæði þeirra laga um skaðabótaskyldu ríkisins eru alger undantekningarákvæði, sem ekki verður lögjafnað frá til bótaskyldu vegna handtöku eða annarra athafna löggæzluvaldsins, enda verður það hvorki leitt af áðurnefndum hæstaréttardómi né af skjölum þessa máls, að skilyrði laga þessara um sakleysi þess, sem í hlut á, sé fullnægt.

Skaðabótaskylda í máli þessu verður þannig hvorki byggð

á almennum skaðabótareglum né öðrum reglum íslenzks réttar, og verður því að sýkna stefndan af aðalkröfu stefnanda í málinu.

Það er viðurkennt, að stefnanda voru ekki greiddir neinir vextir af sektarfé því og andvirði afla (kr. 14953,00), er ríkissjóður endurgreiddi 30. nóv. 1931. Verður því stefndum gert að greiða 5% ársvexti af þeirri upphæð yfir það tímabil, er stefnandi hefir krafizt, enda hefir því ekki verið mótmælt sérstaklega.

Eftir öllum málavöxtum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, hrm. Lárusar Fjeldsted f. h. eigenda og skipshafnar b/v. „St. Malo", að öðru leyti en því, að hann greiði stefnandanum 5% ársvexti af kr. 14953,00 frá 9. júlí 1929 til 30. nóv. 1931.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. febrúar 1940.

Nr. 84/1939. **Shell á Íslandi h/f**
(cand. jur. Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Sturlu Vilhjálmssyni og gagnsök
(cand. jur. Þórólfur Ólafsson).

Fébótamál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Birni Þórðarson, lögmanni í Reykjavík.

Aðaláfrýjandi, sem hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. ágúst f. á., krefst þess: Aðallega að hann verði alsýknaður, en til vara, að

fjárhæð sú, sem héraðsdómarinn gerði honum að greiða, verði niður færð. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 11. október f. á. skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 25. s. m. Hefir hann fengið gjafsókn hér fyrir dómi og sér skipaðan talsmann. Eru dómkröfur hans þær, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 10000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 28. febrúar 1938 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Hér fyrir dómi hafa verið lagðar fram álitsgerðir nokkurra lækna um mein gagnáfrýjanda. Ber þeim saman um, að ósennilegt sé, að notkun sogtækja þeirra, er í málinu greinir, hafi valdið meininu, og eru engar líkur að því leiddar, að sú sé orsök þess. Sumir læknanna telja mestar líkur til þess, að efni þau, benzín, olíur o. fl., sem gagnáfrýjandi vann að hjá aðaláfrýjanda, hafi komizt í sár það, er hann fékk á hönd 1929, og valdið meininu. Einn læknanna telur efni þessi einungis meðvöld að meininu, en tveir læknanna þora ekki að fullyrða neitt um það, hvort vanheilsu gagnáfrýjanda megi rekja til greindra efna.

Samkvæmt álitum læknanna og öðrum skýrslum málsins þykja sterkar líkur að því leiddar, að ofangreind efni hafi komizt í sár gagnáfrýjanda og orðið a. m. k. meðvöld að meini hans. Hinsvegar hefir ekki verið sýnt fram á það, að hér hafi um valdið saknæmur aðbúnaður af hendi forráðamanna aðaláfrýjanda eða að þeim verði lagt til ámælis að hafa ekki varað gagnáfrýjanda við mögulegri skaðsemi greindra efna, ef í sár komast. En í þessu sambandi er þess getanda, að ekki verður séð, að læknar þeir, sem gerðu að sári gagnáfrýjanda, hafi ráðlagt hon-

um að leggja niður starfa sinn hjá aðaláfrýjanda eða sett honum sérstakar varúðarreglur um meðferð sársins. Verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður og að málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Shell á Íslandi h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sturlu Vilhjálmssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir hæstarétti, Þórólfs Ólafssonar cand. juris, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. maí 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. febrúar f. á., af Sturlu Vilhjálmssyni, Hrúðurnesi, Gerðahreppi, gegn Hallgrími Fr. Hallgrímssyni, framkvæmdarstjóra hér í bæ, f. h. h/f Shell á Íslandi til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 10000.00 — til vara aðra upphæð (svo) eftir mati réttarins — ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður skv. mati réttarins. *Til vara* mótmælir hann hinni umstefndu upphæð sem alltof hárri.

Skv. framlögðum gögnum og öðru, er fram hefir komið við hinn munnlega málflutning, eru málavextir þessir:

Hinn 1. okt. 1927 réðst stefnandi þessa máls sem fastur

starfsmaður til hins stefnda félags, er þá byrjaði starfsemi sína, og vann hann í olíu- og benzínstöð þess í Skerjafirði. Starf hans var fólgið í þessu þrennu: 1) *að* tappa benzín og olíur af geymum á tunnur eða smærri ílát, 2) *að* hreinsa tómar tunnur og 3) *að* prófa og hreinsa benzín og olíur á fullum tunnum, og vann stefnandi aðallega einn við 2) og 3).

Um 1. Stefnandi kveður aftöppunina hafa farið fram inni í stóru bárujárnshúsi, þannig að úr tveimur krönum hafi legið gúmmíslöngur, sem settar voru ofan í tunnurnar, er fylla átti. Framanaf hafi þess verið krafizt, að hann léti renna í tvær tunnur í einu, og hafi þá vanalega farið svo, að önnur tunnan hafi fyllzt, meðan verið var að gæta að hinni, og hafi olían eða benzínið þá staðið upp úr henni eins og gosbrunnur, og hann orðið holdvotur við að stöðva rennslið. Því fyrirkomulagi, að láta renna í tvær tunnur í einu, hafi svo verið hætt, en að öðru leyti haldið áfram sömu aðferð, og hafi það iðulega komið fyrir, að hann hafi orðið blautur af olíu og benzíni og a. m. k. alltaf á höndunum. — Framburður vitnisins Björgvins Jóhannssonar, sem var fastur starfsmaður hjá stefnda frá 1. des. 1927, þar til sumarið 1937, er í samræmi við þessa skýrslu stefnanda, og telur vitnið, að látið hafi verið renna í tvær tunnur í einu e. t. v. í nokkra mánuði, enda kveðst vitnið sjálft hafa séð stefnanda nokkrum sinnum hafa orðið gegnblautan við að stöðva rennslið. Að vísu kveður vitnið ekki ósennilegt, að segja megi, að vangæzlu hafi verið um að kenna, en þó sé mjög fljótt að renna í hverja tunnu og þurfi því að hafa hraðan á, ef vel eigi að fara.

Á hinn bóginn hefir vitnið Detlev Olsen, bifreiðarstjóri hjá stefnanda (sic), borið það, að tappað hafi verið úr einum krana og í eina tunnu í einu, og sama hefir vitnið Skafti Gunnarsson borið, en vitnisburði hans, sem er starfsmaður hjá stefnda, hefir verið mótmælt sem röngum og vilhöllum, og þykir því ekki verða tekið tillit til hans að þessu leyti. — Það þykir því ekki verða talið fullsannað gegn mótmælum stefnds, að sú aðferð hafi verið viðhöfð nokkurn verulegan tíma, að láta renna í tvær tunnur í einu, en hinsvegar, að aðferðin hafi að öðru leyti verið eins og stefnandi hefir skýrt frá.

Afhendingin á olíu og benzíni í smáílát, sem oft hafi komið fyrir, kveður stefnandi hafa farið þannig fram í mörg ár,

að „blikk-hevert", sem einnig hafi verið notaður við hreinsun á tunnum, hafi verið notaður til að sjúga olíuna eða benzínið úr tunnunni og síðan látið í hið smærra ílát, og hafi olían og benzínið þá iðulega komið upp í munninn á sér, enda sé ómögulegt að varast það. Áhald þetta, sem sýnt hefir verið í réttinum, er nokkuð langt, mjótt „blikk"-rör með hylki ofan til og mjóu munnstykki upp úr því. — Vitnið Björgvin Jóhannsson hefir gefið samskonar lýsingu á þessari afhendingu á olíu og benzíni í smáílát, og telur hann, að „hevertinn" hafi verið notaður við þetta í nokkur ár og sé tæplega hægt hjá því að komast að sjúga benzín o. s. frv. upp í munninn, þegar þessi ógagnsæi „hevert" sé notaður. Vitnið Detlev Olsen telur hinsvegar, að aftöppun í brúsa og þesskonar ílát hafi farið fram á sama hátt og aftöppun í tunnur, en við afhendingu á glös og þess háttar, sem afarsjaldan hafi komið fyrir, hafi fyrst í stað verið notaður nefndur „blikk-hevert", en síðan glerpípa. Þetta vitni telur og, að ekki þurfi að vera um neina óvarkárni að ræða, þótt sá, er sjúgi með „hevert", fái upp í sig úr honum. — Til vitnisburðar Skafta Gunnarssonar um þetta efni verður ekkert tillit tekið af framangreindum ástæðum.

Skv. þessu verður því að telja upplýst, að nefndur „hevert" hafi verið notaður að nokkru leyti í upphafi við afhendingu á benzíni og olíum í smá-ílát, en gegn mótmælum stefnda er ekki sannað, að það hafi verið lengur en til síðari hluta ársins 1928, þótt stefnandi telji það hafa verið til ársins 1933.

Um 2. Hreinsun á tómum tunnum kveður stefnandi hafa farið þannig fram, að hver tunna hafi verið sett á hliðina upp á „ása með rúllum", hrein olía sett í og tunnunni svo velt til og olíunni því næst helt af. Þetta hafi þó ekki verið fullnægjandi til að ná soranum burtu, og því hafi sorinn verið sopinn upp með munninum með gúmmíslöngu, og segir stefnandi, að sorinn hafi þá oft farið upp í sig. Brátt hafi þessu þó verið hætt og áður nefndur „blikk-hevert" notaður um tíma, e. t. v. í 1—2 ár, og t. d. hafi hann notað „hevertinn" daglega í heilan mánuð og oft hreinsað 200—300 tunnur á dag, og hafi sorinn oft komið upp í sig við þetta starf. Síðar kveður stefnandi, að notuð hafi verið handdæla. — Vitnið Björgvin Jóhannsson hefir skýrt eins frá þessu starfi og stefnandi. — Vitnið Detlev Olsen kveður

tunnurnar í fyrstu hafa verið skolaðar innan með olíu og henni síðan hellt af, en seinna hafi verið notaður „blikkhevert“ við hreinsunina. Þetta vitni telur gúmmíslöngu aldrei hafa verið notaða við þetta starf. — Framburður Skafta Gunnarssonar verður eins og áður gegn mótmælum stefnanda ekki tekinn til greina.

Það þykir því upplýst, að þessi hreinsun með „hevert“ hafi farið fram, en þó ekki gegn mótmælum stefnds upplýst, að það hafi verið lengur en til síðari hluta árs 1928.

Um 3. Við skoðun á benzíni og olíu kveður stefnandi hafa verið og sé enn notuð glerpípa til að sjúga löginn upp, og hafi hann oft farið upp í sig. Við hreinsun á fullum tunnum hafi í fyrstu verið notuð sömu áhöld og við hreinsun á tómum tunnum, en síðar handdælan, en auk þess glerpípan til að sjúga upp þann sora, sem dælan náði ekki. — Sama ber vitnið Björgvin Jóhannsson. Vitnið Detlev Olsen segir, að „hevertinn“ og síðar glerpípan hafi verið notuð við hreinsunina og skoðunina, og sama segir vitnið Skafti Gunnarsson. En gegn mótmælum stefnda er það ekki sannað, að „hevertinn“ hafi verið notaður lengur en til síðara hluta árs 1928. Og alls ekki er sannað, að gúmmíslangan hafi neitt verið notuð við þetta starf, en hinsvegar glerpípan og það enn þann dag í dag.

Stefnandi vann síðan að framangreindum störfum hjá stefnda, og bar ekkert til tíðinda fyrstu árin. Sumarið 1929 var stefnandi svo eitt sinn ásamt öðrum manni, Eyjólfi Teitssyni að nafni, að vinna við að „stúfa“ olíutunnum í bát við Shellbryggjuna, og varð stefnandi þá á milli tunna með hægri hendi og hruflaðist á handarbaki, svo að dálítið blæddi. Skeði þetta fyrir hádegi. Hætti stefnandi þegar vinnu, og verkstjórinn, sem nú er látinn, batt um sárið, enda var lyfjakassi og annar umbúnaður á staðnum. Vann stefnandi síðan ekki meira þann dag. Daginn eftir kveðst stefnandi hafa farið til Matthíasar Einarssonar læknis og sýnt honum sárið, en hann hafi talið það svo óverulegt, að engra sérstakra aðgerða væri þörf, og því ekkert við það gert. Telur stefnandi, að hann hafi farið aftur að vinna hjá stefnda þenna dag, en verkstjórinn hafi búið um sárið daglega. Hinsvegar er því haldið fram af stefnda, að verkstjórinn hafi ekki gert þetta, a. m. k. þá ekki öðruvísi en samkvæmt „privat“ samkomulagi hans og stefnanda, en án

fyrirskipana stefnda. Ennfremur að stefnandi muni ekki hafa unnið um hríð á eftir, — en af því, sem fram hefir komið í málinu, og þá sérstaklega af orðalagi í tveimur vottorðum Eyjólfs Teitssonar, þykir mega ráða, að stefnandi hafi tekið aftur til vinnu daginn eftir að hann hruflaðist á hendinni. — Þetta sár á handarbakinu vildi ekki gróa, var mikill roði í kring um það og vilsaði úr. Í sjúkraskrá stefnanda, gerðri af dr. med. Halldóri Hansen, segir, að stefnandi hafi eftir ca. 1 mánuð, frá því að hann meiddi sig, farið aftur til læknis (Ólafs heit. Jónssonar), en stefnandi heldur því fram, að þetta sé rangt eftir sér haft, og aðeins nokkrir dagar hafi liðið þar á milli. Hefir ekki fengizt úr því skorið, hvort réttara er. Hitt er víst, að Ólafur heit. Jónsson læknaði sárið á ca. 6 vikum, og segir stefnandi, svo og vitnið Björgvin Jóhannsson, að læknirinn hafi sagt, að um benzíneitrun væri að ræða, og kveðst stefnandi hafa sagt verkstjóra stefnda frá þessu áliti læknisins. — Þótt sár þetta greri, var samt mikill kláði í kring um það, og brátt kom kláði og þroti í kringum augun og á ennið, svo stefnandi varð einnig að leita augnlæknis. Á árinu 1930 fór stefnandi að eiga bágt með svefn vegna kláða í húðinni, einkum á handleggjum, brjósti, höfði og þjóhnöppum. Samtímis mynduðust upphleyptir þrimlar og graftarbólur, mest í hársverði, ofan við eyrun og í hnakka, er batnaði helzt við grænsápuþvott og brennisteinssmyrl. Sama ár tók stefnandi og að þjást af gyllinæð, og var skorinn upp við henni árið eftir (1931) af dr. med. Halldóri Hansen, og lá hann í Landakotsspítala frá 2. maí til 17. júní það ár. Við baðið í sjúkrahúsinu útsteyptist hann í nokkra daga af allsherjar „eczemi“, svo að fresta varð aðgerðinni um nokkra daga. — Stefnanda leið nú vel nokkurn tíma eftir þetta, en brátt sótti í sama horfið, hvað húðkvillanna snerti. Hann bólgnaði við og við upp í andliti, hársverði, handleggjum og brjósti, og einnig fór nú kláði og þroti að ágerast við endaþarminn. Í marzmánuði 1932 var svo komið, að skinnið af báðum höndum hafði flagnað af og fingurnir krepptust, og leitaði stefnandi þá til Daniels Fjeldsteds læknis, og skánaði honum þá aftur eftir mánaðar lækningu, en stefnandi stundaði alltaf vinnu sína hjá stefnda, eftir því sem unnt var. Aftur sótti þó í sama horfið, og voru nú reyndar

„röntgen"-lækningar við stefnanda (frá 30. júní til 2. nóv. 1934). Lagaðist kvillinn þá í bili, en á næsta ári tók hann sig upp aftur, og var stefnandi aftur í ljósum frá 28. febrúar til 27. des. 1933 og enn síðar frá 13. marz til 9. júlí 1934. Jafnframt var stefnandi við vinnu sína, eftir því sem sjúkdómurinn leyfði. Þann 9. sept. 1934 var stefnandi svo lagður inn á sjúkrahúsið „Sólheimar" hér í bæ vegna sama kvilla, er enn hafði ágerzt, og var hann þar í 63 daga undir læknishendi Jónasar Sveinssonar, er reyndi uppskurð við sjúkdómnum. Lá stefnandi síðan í heimahúsum, unz hann var lagður inn á Landakotsspítala á ný í janúar 1935, þar sem hann dvaldi í 3 mánuði.

Með bréfi, dags. 29. des. 1934, sagði stefndi stefnanda upp starfi hans hjá félaginu frá 1. apríl 1935 að telja vegna veikindanna, og greiddi félagið stefnanda kaup til þess tíma svo og mestallan áfallinn lækniskostnað.

Stefnandi var nú betri um tíma og á árinu 1936 festi hann kaup á jörðinni Hrúðurnesi í Gerðahreppi, þar sem hann tók að stunda búskap, en ekki gat hann þó talizt full vinnufær. Sjúkdómurinn tók sig upp aftur árið 1937, og lá stefnandi í heimahúsum að heita mátti allt árið og ávallt sárþjáður. Var hann enn lagður inn á Landakotsspítala þann 29. apríl 1938 mjög illa haldinn, og þar liggur hann enn.

Stefnandi heldur því fram, að hið stefnda félag eigi að bæta sér þetta heilsutjón, er hann hafi tvímælalaust beðið við starf sitt hjá félaginu og vegna þess. Byggir hann þessa kröfu sína fyrst og fremst á almennu skaðabótareglunni, enda telur hann, að áhöld þau og annar aðbúnaður, sem hann hafi haft við vinnu sína, hafi verið með öllu óforsvaranlegur, eins og á stóð. Ennfremur byggir stefnandi skaðabótakröfu sína á öðrum víðtækari skaðabótareglum, er hann telur gilda um bótaábyrgð atvinnurekenda vegna hættulegs atvinnurekstrar, eins og þess, er hér um ræðir.

Höfðaði stefnandi upphaflega skaðabótamál gegn stefndum hinn 17. janúar 1936, en því máli var vísað frá þessum rétti með dómi, uppkveðnum 24. apríl 1937, þar sem málið þótti eigi svo vel upplýst, að efnisdómur yrði á það lagður.

I. Skaðabótaskyldan.

Sýknukröfu sína byggir stefndur fyrst og fremst á því, að það sé gegn mótmælum sínum með öllu ósannað, að umræddur sjúkdómur stefnanda stafi af vinnu hans hjá stefnda og þá sérstaklega af efnum þeim (benzíni og olíu), er hann hafði með að gera í starfi sínu þar. Bendir hann í því sambandi á, hversu læknisvottorð þau, sem fram hafa verið lögð í málinu, séu óákveðin, og sjá megi af þeim, að önnur efni en olíur og benzín geti hafa valdið sjúkdómi stefnanda.

Í málinu liggja fyrir eftirfarandi vottorð:

M. Júl. Magnús læknir, sem stundaði stefnanda um nokkurra vikna tíma um áramótin 1934—35, hefir í vottorði, dags. 15. marz 1935, (staðfestu með öðru vottorði, dags. 18. jan. f. á.) sagt, „að húðsjúkdómur sá, er hann (þ. e. stefnandi) hefir þjáðst af síðan 1929 og einkum síðan 1931, stafar sennilega af eitrun af þeim olíutegundum og benzíni, sem hann hefir meðgerð með. Sjúkdómurinn stafar áreiðanlega af eitrun og þá sennilega frá þessum efnum".

D. V. Fjeldsted, læknir, sem, eins og áður er sagt, stundaði stefnanda um tíma árið 1932, segir í vottorði, dags. 27. marz 1935: „Eczem þetta (þ. e. hjá stefnanda) býst ég við, að hafi átt rót sína að rekja til þess, hvað hann var mikið með olíur og benzín, því helzt skánaði honum, ef hann hætti vinnu að sinni ...."

Dr. med. Halldór Hansen, sem stundað hefir stefnanda lengi og gerir það enn, segir í vottorði, dags. 8. maí 1935: „.... ég tel húðsjúkdóm þann, er herra Sturla Vilhjálmsson þjáist af og sem (svo) gerir hann óvinnufærann (svo) til líkamlegrar vinnu, stendur (svo) í sambandi við fyrri atvinnu hans" (vinnu við benzín og olíur) hjá h/f Shell hér í bæ, en um það, hvernig það hafi orðið, lætur læknirinn uppi það álit sitt í bréfi, dags. 24. jan. 1937, að eins líklegt eða jafnvel líklegra sé, að veikindi stefnanda stafi af olíu- og benzín-gufum eins og hinu, að hann hafi e. t. v. sogið olíur og benzín upp í munn sér.

Jónas Sveinsson læknir, sem, eins og fyrr er sagt, stundaði stefnanda um tíma árið 1934, segir í vottorði sínu: „Álít ég, að húðsjúkdómur hans (þ. e. stefnanda)

stafi af ertingu frá olíu og benzíni, er hann dagl. vann við hjá h/f Shell."

Loks hefir Jóhann Sæmundsson tryggingaryfirlæknir, sem hefir farið yfir sjúkrasögu stefnanda og rannsakað hann allnákvæmlega í vetur, látið uppi það álit sitt að lokinni rannsókn, að sjúkdómur stefnanda sé ekki meðfæddur, heldur sé hér um að ræða svonefnt „eczema arteficiale", eða eczem, sem til er komið fyrir verkanir ytri skaðsemda." Telur læknirinn, að útilokað sé, að um benzol-eitrun sé að ræða, en hinsvegar segir hann, að læknisfræðilega sé viðurkennt, að marg endurtekin erting á húðinni með benzíni, steinolíu og fleiri efnum skapi smátt og smátt ofnæmi í húðinni fyrir efninu, og svari húðin þá með húðbólgu eða eczema. Í lok vottorðs síns (dags. 2. des. f. á.) segir læknirinn, að helzt verði að líta svo á, „að eczema (þ. e. hjá stefnanda) muni hafa myndazt út frá sári því á hægri hendi", er áður getur, og dreifzt þaðan upp eftir hendi og handlegg út um líkamann, sumpart sennilega með snertingu, því svo lítur út sem ígerðarbakteríur hafi komizt í eczemið ...." „Það verður að teljast sennilegust orsök til hinnar upphaflegu eczemmyndunar, að ýmis (sem upplýst hefir verið að þýðir: einhver eða eitthvert) ertandi efni — þar á meðal ef til vill benzín og sori — hafi komizt að sárinu eða jafnvel í það og ásamt sáravilsunni komið eczeminu af stað. Síðar hafi ígerðarbakteríur (eða eftir vill samhliða) komizt inn í húðina og valdið graftarkenndum útbrotum. Loks hafi svo eczemið orðið kroniskt á svæðinu kringum endaþarminn."

Framantaldir læknar fullyrða því ekki allir, að sjúkdómur stefnanda stafi af benzíni og (eða) olíum. En með tilliti til þess annarsvegar, að því er ómótmælt haldið fram af Jóhanni Sæmundssyni í framhaldsvottorði hans, að dómur „lækna í efnum sem þessum geti ekki orðið ákveðnari en það að segja, hvað sé sennilegast í ljósi nútíma læknisþekkingar —" og hinsvegar, að það er ekki gegn mótmælum stefnanda á neinn hátt upplýst, að um önnur efni geti verið að ræða, sem gætu hafa valdið sjúkdómnum, en þau, sem hann hafði meðgerð með í starfi sínu hjá stefnda, — þá verður, að áliti réttarins, að telja fullnægjandi sönnur á það færðar, að umræddur sjúkdómur stefn-

anda stafi af starfi hans hjá stefnda, þótt ekki sé fullkomlega upplýst, á hvern hátt það hefir orðið.

Framangreind varnarástæða stefnds verður því ekki tekin til greina.

Þá hefir stefndur og haldið því fram, að þótt talið yrði sannað, að sjúkdómur stefnanda stafaði af nefndri vinnu hans, þá væri samt ekki um bótaskyldu að ræða fyrir félagið, þar sem aðbúnaður stefnanda við störf hans hafi að öllu leyti verið forsvaranlegur og því um enga sök að ræða af hálfu félagsins, en hinsvegar hafi stefnandi sjálfur sýnt stórkostlega vanrækslu í þessu sambandi, auk þess sem ekki sé útilokað, að stefnandi þoli benzín og olíur eða eim af þeim efnum verr en almennt gerist, en á því geti hið stefnda félag ekki borið neina ábyrgð. Loks mótmælir stefndur því, að um skaðabótaskyldu geti hér verið að ræða, er engin sök sé af sinni hálfu.

Staðhæfingu sína um, að stefnandi muni þola benzín og olíur eða eim af þeim efnum verr en almennt gerist, byggir stefndur á því, að dr. med. Halldór Hansen hefir í bréfi, dags. 24. jan. 1937, látið uppi þetta álit sitt. — Þetta álit læknisins er þó á engan hátt rökstutt, en hinsvegar hefir Jóhann Sæmundsson gert ýtarlega samanburðarrannsókn til að komast að raun um, hvort um ofnæmi væri að ræða hjá stefnanda í þessu tilliti, og niðurstaða þeirrar rannsóknar mælti á móti því, að svo væri. Það verður því ekki talið upplýst, að um slíkt ofnæmi sé að ræða hjá stefnanda, enda er svo að sjá af skjölum málsins sem annar starfsmaður hjá stefnda (Ólafur Einarsson) hafi einnig hlotið einhvern kvilla við vinnu sína þar.

Að því er snertir þá staðhæfingu stefnda, að stefnandi hafi sjálfur sýnt stórkostlega vanrækslu í þessu sambandi og eigi því sjálfur a. m. k. talsverða sök á heilsutjóni sínu, — er á það bent, *að* það hafi verið ógætni hans sjálfs að kenna, er benzín eða olíur hafi borizt upp í hann, er hann notaði áðurnefnda glerpípu í starfi sínu, *að* hann hafi farið óforsvaranlega seint með umtalað sár til læknis og loks *að* stjórn félagsins hafi stungið upp á því við stefnanda, að hann leitaði sér annars starfa, er grunur var um, að vinnan kynni að valda sjúkdómi hans, en stefnandi hafi ekki viljað heyra það nefnt.

Um *fyrsta* atriðið er það að segja, eins og áður er

tekið fram, að ekki verður fullyrt, á hvern hátt eiturefnin í olíunum og benzíninu hafi valdið sjúkdómi stefnanda. Að vísu má það teljast heldur ósennilegt, eftir því sem fyrir liggur í málinu, að það útaf fyrir sig hafi valdið sjúkdómnum, að stefnandi hafi stundum sogið upp í sig benzín og olíur, eins og hann skýrir frá, en þar sem ekki þykir verða staðhæft, að útilokað sé, að það kunni að einhverju leyti að hafa haft þýðingu í því efni, og fallast verður á það eftir atvikum, að það hafi verið óvarkárni að láta benzín eða olíur fara upp í sig við notkun á þessari gegnsæu glerpípu, þá þykir verða að taka tillit til þessa við ákvörðun skaðabótaupphæðarinnar hér að aftan, þannig að hún lækki örlítið við það. Um *annað* atriðið er það að segja, að rétturinn getur ekki fallizt á, að stefnandi hafi hagað sér óforsvaranlega að því leyti, þar sem hann lét strax búa um sárið, fór næsta dag með það til læknis, er áleit það svo smávægilegt, að hann gerði ekkert við það, (enda ósannað, að hann hafi vitað, hvaða vinnu stefnandi stundaði), og ekki getur rétturinn heldur talið það óforsvaranlegt, þótt upp undir mánuður hafi síðan liðið, þar til hann fór með þetta litla sár (sem bundið var um daglega) til læknis aftur, þar sem það er á engan hátt upplýst, að stefnandi, sem er ómenntaður verkamaður, hafi kunnað skil á hinum hættulegu eiginleikum benzíns og olíu að þessu leyti, enda var um nýjan hérlendan atvinnurekstur að ræða. — Hvað viðvíkur *þriðja* atriðinu, þá er það fyrst og fremst gegn eindregnum mótmælum stefnanda ósannað, að stjórn stefnda hafi um þetta talað, og þar sem ekki verður annað séð af sjúkrasögu stefnanda (þrátt fyrir gagnstætt vottorð D. V. Fjeldsteds) en að sjúkdómur stefnanda, er hann einu sinni var kominn, hafi tekið sig upp aftur, hvað eftir annað, þótt stefnandi ynni ekkert með olíur eða benzín, og það jafnvel um langan tíma (sbr. heilsu hans síðari hluta árs 1935 og 1936), þá þykir þessi varnarástæða heldur ekki hafa við rök að styðjast.

Á hinn bóginn lítur rétturinn svo á, að þegar atvinnurekstur er í því fólginn, að verkamennirnir eru látnir meðhöndla hættuleg eitruð efni, eins og benzín og olíur, og það eingöngu og í svo stórum stíl sem á sér stað hjá stefnda, þá verði bæði að ætlast til þess, að atvinnurekandinn þekki þessa hættulegu eiginleika efnanna, svo og

að hann geri jafnframt sérstakar ráðstafanir til þess, að verkamenn þeir, er mest að þessu vinna (eins og stefnandi þessa máls), hljóti ekki neitt sérstakt mein af, enda verður þetta að teljast vera skoðun löggjafans, eins og sjá má af ýmsum lagafyrirmælum, t. d. um eftirlit með verksmiðjum o. þ. h.

Eins og áður er tekið fram, er ekki sannað, að eitt af tækjum þeim, sem upplýst er, að stefnandi hafi notað við vinnu sína og hann hefir fundið að („blikk-hevert"), hafi verið notaður lengur en til síðari hluta árs 1928. Sjúkdómur stefnanda kom hinsvegar fyrst í ljós ári síðar, og þykir því ekki sannað, að sjúkdóm stefnanda megi beint rekja til notkunar þess tækis.

Hinsvegar má það teljast upplýst, að stefnandi (jafnvel öðrum fremur, sbr. að hann vann næstum einn við hreinsunina) var í starfi sínu í stöðugum benzín- og olíueim, og nokkuð af starfi hans fór þannig fram, að hann var útataður í olíu, benzíni eða sora af þeim efnum, án þess að séð verði, að stefnandi sjálfur hafi getað komizt hjá því, — en stefndi gerði hinsvegar engar ráðstafanir til að fyrirbyggja slíkt. Sérstaklega verður þetta tómlæti að teljast hafa verið óafsakanlegt, eftir að stefnda var eða átti að vera (fyrir milligöngu verkstjóra síns) kunnugt um, að stefnandi hafði hlotið sár á hendi við starf sitt, eins og áður er rakið, auk þess sem stefnandi telur, að verkstjóra og stjórn félagsins hafi þegar í upphafi verið kunnugt um það álit Ólafs heit. Jónssonar læknis, að sjúkdómur stefnanda stafaði af olíum eða benzíni.

Að þessu öllu athuguðu lítur rétturinn því svo á, að stefnda beri að mestu leyti að bæta stefnanda það tjón, er hann hefir beðið af framangreindum orsökum.

II. Skaðabótaupphæðin.

Um atvinnutjón stefnanda er það að segja, að hann hefir lengstum verið al-óvinnufær, frá því að honum var sagt upp stöðu sinni hjá stefnda þann 1. apríl 1935. Þó virðist hann hafa verið allsæmilegur til heilsu síðari hluta ársins 1935 og mestan hluta ársins 1936. Stefnandi, sem nú er 63 ára, fékk kr. 330.00 á mánuði í kaup hjá stefnda. Hann er kvæntur og sér fyrir konu sinni og 4 ára gömlum fóstursyni. Hann hefir um langan tíma þurft að hafa vinnu-

mann til að sjá um búið að Hrúðurnesi og hefir greitt honum kr. 150.00 á mánuði í kaup. — Sjúkrakostnaður stefnanda síðan 1. apríl 1935 hefir verið mikill, og er upplýst, að hann hefir numið kr. 2371.00 á tímabilinu frá 29. apríl f. á. til 23. febr. þ. á. Stefnandi er ómenntaður og ófaglærður maður og mun því ekki eiga tök á að stunda aðra en líkamlega vinnu. Um ástand hans og batahorfur er það að segja, að í vottorði sínu, dags. 2. des. f. á., telur Jóhann Sæmundsson stefnanda 100% óvinnufæran, en batavon nokkur, en hversu mikil og hve fljótt gat læknirinn ekki fullyrt um. Í bréfi, dags. 12. þ. m., segir dr. med. Halldór Hansen, sem stundar stefnanda nú, að heilsufar hans hafi breytzt allverulega til batnaðar síðan 1. des. s. l. Telur læknirinn líklegt, að hann verði verkfær aftur a. m. k. að nokkru leyti, en telur óvíst, hvort sjúkdómurinn kunni að taka sig upp aftur (recidivera). Ekki kveður læknirinn það vera unnt að segja með neinni vissu, hvenær stefnandi yrði þannig verkfær aftur, en telur trúlegt, að það geti orðið eftir 3—4 mánuði. Skv. læknisvottorðum og öðru, sem fram hefir komið í málinu, hefir hinn langvinni sjúkdómur stefnanda oft verið þjáningafullur og erfiður, enda stundum bætzt við aðrir sjúkdómar, svo sem gyllinæð og blóðspýtingur. Skv. framlagðri sjúkraskýrslu stefnanda virðist heilsufar hans, áður en hann fékk húðsjúkdóm þann, er í máli þessu greinir, ekki hafa verið betra en í meðallagi, en þó virðist hann hafa verið vel vinnufær.

Að öllu framangreindu athuguðu, svo og því, sem áður segir um skaðabótaskylduna, þykja bætur þær, er stefnda verður gert að greiða stefnanda, hæfilega ákveðnar kr. 8000.00 að viðbættum vöxtum, eins og krafizt hefir verið. Ennfremur þykir rétt, að stefndur greiði stefnanda kr. 500.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Hallgrímur Fr. Hallgrímsson f. h. h/f Shell á Íslandi, greiði stefnandanum, Sturlu Vilhjálmssyni, kr. 8000.00 með 5% ársvöxtum frá 28. febrúar 1938 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. febrúar 1940.

Nr. 113/1939. **Daníel Jacobsen** (Theódór B. Lindal)
gegn
Helga Benediktssyni (Enginn).

Um kaupeftirstöðvar sjómanns.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. október 1939, hefir fengið gjafsókn fyrir hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 24. nóv. s. á. og sér skipaðan talsmann. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 572.23 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. okt. 1937 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Svo krefst hann þess og, að viðurkenndur verði sjóveðréttur honum til handa v/b Skíðblaðni V. E. 287 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda hefir ekki verið mætt fyrir hæstarétti, og er honum þó löglega stefnt. Málið hefir því verið sótt skriflega samkvæmt 1. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaganna nr. 112 frá 1935, og er það dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi var háseti á bát, er stefndi gerði út frá Vestmannaeyjum á vetrarvertíð 1937. Þegar vertíðinni lauk 11. maí þá um vorið, skuldaði áfrýjandi stefnda kr. 124.78. Eftir það kveðst áfrýjandi hafa unnið óslitið á vegum stefnda, fyrst í landi og síðar á síldveiðum, til 24. okt. 1937. Telur hann sér laun fyrir tímabil þetta samtals kr. 1400.16 auk fæðis á síldveiðum. Frá þeirri fjárhæð dregur hann skuldina frá vetrarvertíðinni, kr. 124.78, og ennfremur

kr. 703.15, er hann kveður stefnda hafa þegar greitt sér í peningum og vörum. Samkvæmt þessu telur hann ógreiddar kaupeftirstöðvar nema kr. 572.23, og er það fjárhæð sú, er hann krefst dóms fyrir í máli þessu.

1. Aðilja greinir á um það, hvernig vinnu áfrýjanda hafi verið háttað dagana 12.—31. maí 1937 og hver hafi átt að vera kaupkjör hans þann tíma. Telur áfrýjandi, að samið hafi verið um 200 króna mánaðarlaun þegar að vertíð lokinni. Þessu neitar stefndi. Skýrir hann svo frá, að sökum þess, að áfrýjandi hafi verið vegalaus, er vertíðinni lauk, hafi hann veitt honum fæði út maímánuð og goldið honum að auki 50 krónur fyrir ýmis viðvik, en hann hafi enga þörf haft fyrir vinnu áfrýjanda þenna tíma. Áfrýjandi mótmælti því ekki í héraði, að hann hefði verið á fæði stefnda 12.—31. maí, og enga grein hefir hann gert fyrir því, hvernig vinnu hans hafi verið háttað þenna tíma. Þykir því eigi sannað, að hann hafi innt þá vinnu af hendi, er honum beri hærri laun fyrir en stefndi reiknar honum, þ. e. kr. 50.00 auk fæðis.

2. Aðiljum kemur saman um það, að áfrýjandi hafi unnið stefnda frá 1. júní til 15. júlí 1937 fyrir umsamið kaup, kr. 200.00 um mánuðinn. Kaup hans fyrir þetta tímabil nemur því kr. 300.00.

3. Gegn mótmælum stefnda er ekki sannað, að áfrýjandi hafi unnið honum dagana 16.—18. júlí incl. Verða áfrýjanda því ekki dæmd laun fyrir þann tíma.

4. Áfrýjandi réðst háseti á bát stefnda, Skíðblaðni, frá Siglufirði sumarið 1937. Þann 19. júlí fór báturinn frá Vestmannaeyjum áleiðis norður, og þann 25. s. m. undirrita áfrýjandi og skipstjóri bátsins

skiprúmssamning á Siglufirði. Stefndi mótmælir því, að áfrýjandi eigi rétt til launa fyrir dagana 19.—24. júlí incl., að því er virðist, vegna þess, að áfrýjandi hafi aðeins verið farþegi með bátnum norður. Áfrýjandi hefir hinsvegar ómótmælt haldið því fram, að hann hafi unnið venjuleg hásetastörf á norðurleið, enda hafi þá aðeins 3 menn verið á bátnum. Miðar hann laun sín þenna tíma við 200 krónur um mánuðinn, er verða 40 krónur fyrir þessa 6 daga. Með því að áfrýjandi þykir eiga rétt til launa fyrir hásetastörf sín og ekki er sannað, að hann krefjist hærri launa en sanngjarnt er, þykir bera að taka þenna kröfulið til greina.

5. Samkvæmt skiprúmssamningi áfrýjanda 25. júlí 1937 skyldi hann vera háseti á Skíðblaðni og taka laun eftir taxta sjómannafélagsins „Víkingur“ á Siglufirði. Virðast launin hafa átt að miðast við afla, en þó svo, að þau yrðu ekki minni en 200 krónur um mánuð hvern auk fæðis. Nú kveðst áfrýjandi hafa unnið mestan hluta síldveiðitímans sem matsveinn, en laun þeirra hafi átt að vera 300 krónur um mánuðinn, og telur hann sér kaup samkvæmt því. Stefndi kannast við, að áfrýjandi hafi unnið meðfram að matreiðslustörfum nokkurn hluta tímans, en fyrir það hafi honum verið greidd aukaþóknun, kr. 100.00, er hann hafi fallizt á, að væri nægileg. Verður ekki talið samkvæmt gögnum þeim, er fram eru komin, að áfrýjandi, sem ekki kunni til matreiðslustarfa sérstaklega, hafi átt rétt til frekari þóknunar vegna matreiðslustarfa á bátnum. Stefndi telur aflahlut áfrýjanda á síldveiðunum hafa numið kr. 591.95. En sé miðað við tímabilið frá 25. júlí til 24. okt., er áfrýjandi fór af bátnum í Vestmannaeyjum, ætti kaup áfrýjanda samkvæmt lágmarks-

ákvæði fyrrnefnds taxta að nema kr. 600.00 auk fæðis og áðurnefndrar 100 króna uppbótar. Að vísu kann að vera, að lágmarkstryggingin hafi ekki átt að gilda lengur en til þess tíma, er báturinn hætti síldveiðum á Siglufirði, en hvorttveggja er, að ekki er upplýst í málinu, hvenær síldveiðum bátsins lauk þar, og að áfrýjandi átti rétt til launa þann tíma, er fór til heimferðar bátsins, sem einnig yrði að miða við 200 krónur um mánuðinn, eins og laun hans í norðurför bátsins. Laun áfrýjanda frá 25. júlí til 24. okt. ber því að telja samtals kr. 700.00.

Samkvæmt framansögðu nemur kaupgjald það, er áfrýjandi þykir hafa átt rétt til að fá greitt, auk fæðis, eins og áður segir, á tímabilinu 12. maí til 24 okt. 1937 (kr. 50.00 + kr. 300.00 + kr. 40.00 + kr. 700.00) = kr. 1090.00. Þar frá dragast samkvæmt því, er áður greinir, (kr. 124.78 + kr. 703.15) = kr. 827.93. Mismuninn, kr. 262.07, ber að dæma áfrýjanda ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 25. okt. 1938, til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði 200 krónur í málskostnað í héraði og kr. 187.85 fyrir hæstarétti, og renni þar af kr. 87.85 í ríkissjóð, en kr. 100.00 til talsmanns áfrýjanda.

Ráðningartíma áfrýjanda á v/b Skíðblaðni lauk þann 24. okt. 1937, en stefna í máli þessu er gefin út þann 25. okt. 1938. Sjóveðréttur var því fyrndur, er lögsókn hófst, sbr. 252. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914, og verður því krafa áfrýjanda um viðurkenningu hans ekki tekin til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði áfrýjanda, Daníel Jacobsen, kr. 262.07 ásamt 6% ársvöxt-

um frá 25. okt. 1938 til greiðsludags. Svo greiði og stefndi 200 krónur í málskostnað í héraði og kr. 187.85 fyrir hæstarétti, og hljóti ríkissjóður þar af kr. 87.85, en talsmaður áfrýjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmaður Theódór B. Líndal, kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. júlí 1939.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. júní s. l., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja með stefnu, útgefinni og birtri 25. okt. s. l., af Lárusi Fjeldsted, hæstaréttarmálflutningsmanni í Reykjavík, f. h. Daníels Jacobsens í Færeyjum gegn Helga Benediktssyni, útgerðarmanni, Skólavegi 27 hér í Eyjum, til greiðslu á kr. 572.23 með 6% ársvöxtum frá 24. október 1937 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt taxta M. F. Í., og jafnframt krefst hann, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v. b. „Skíðblaðni" V. E. 287 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Meiri hluti sjódómsins, þeir Páll Þorbjörnsson og Lúðvík N. Lúðvíksson, hafa orðið sammála um eftirfarandi

Dóm:

Það er upplýst í máli þessu, að sjómaðurinn Daníel Jacobsen, sem er stefnandi í málinu, skuldaði stefndum Helga Benediktssyni kr. 124.78, er reikningar voru uppgerðir í vertíðarlok 1937 (11. maí).

Mál þetta snýst hinsvegar aðallega um tvennt:

1. Deila um kaup í landi frá því vetrarvertíð lauk og fram að síldveiðum.

2. Deila um kaup á síldveiðum.

1. Stefnandi heldur því fram, að honum hafi borið kr. 200.00 á mánuði í kaup fyrir vinnu í landi frá 12. maí til 19. júlí, eða samtals kr. 460.13. Stefndur staðhæfir hinsvegar, að hann hafi ráðið stefnanda fyrir kr. 50.00 fyrir tímann frá 12.—31. maí, — að viðbættu fæði fyrir sama tíma, sem hann metur kr. 50.00, eða samtals kr. 100.00 —

og fyrir kr. 200.00 á mánuði frá 1. júní til 15. júlí, en þá hafi hann hætt að vinna í landi hjá sér. Samtals hafi honum því borið kr. 350.00 plús fæðinu kr. 50.00 = kr. 400.00 fyrir tímann frá 12 maí til 15. júlí. Mismunur kemur því fram, sem nemur kr. 60.13, en sem er kr. 50 lægri en stefnandinn gerir kröfu til, en það er sökum fæðisins í maí, sem stefndur hefir ekki skuldað hann fyrir, heldur aðeins fært honum til tekna kr. 50.00.

Stefnandinn hefir ekki fært aðrar sannanir fyrir kröfu sinni um kaupið í maí en fullyrðingar sínar, og ekki hefir verið reynt að færa sannanir fyrir lengd vinnutímans í landi, þrátt fyrir mótmæli stefnda um tímalengdina, og ekki hefir upplýstst, að stefnandi hafi hreyft mótmælum út af þessum liðum í viðskiptareikningi sínum, þegar hann veitti honum móttöku, sem þó hefði verið innan handar. Verður því ekki fallizt á að taka kröfu þessa til greina.

2. Stefnandinn, Daníel Jacobsen, er skráður háseti á v/b „Skíðblaðni", eign stefnda, hinn 26. júlí 1937, en hinsvegar ber viðskiptabókin með sér, að vistartíminn átti að byrja daginn áður, eða 25. s. m. Af skipshafnarskránni verður hinsvegar ekki ráðið, né heldur af viðskiptabókinni, hvenær vistráðningartíminn hefir verið úti, því hvorki verður séð, að stefnandi hafi verið afskráður né reikningur hans gerður upp í viðskiptabókinni, sem fylgir málsskjölunum. Hinsvegar virðist mega ráða það af skipshafnarskránni, að skipið hafi hætt síldveiðum 29. september eða fyrir þann tíma, því þann dag er að minnsta kosti einn maður afskráður og annar ekki tekinn í staðinn.

Undir rekstri málsins hefir það ekki upplýstst, hvenær báturinn hélt heimleiðis frá Siglufirði, né heldur hvenær hann kom til Vestmannaeyja, en þangað hefir hann komið fyrir 24. október. Formaður bátsins hefir upplýst, að legið hafi verið í Reykjavík á heimleiðinni 10—12 daga og skipverjar þá búið (matazt) í landi.

Tíminn, sem farið hefir í að komast frá Siglufirði til Vestmannaeyja, ca. 24 dagar, virðist vera óeðlilega langur. Stefnandinn hefir haldið því fram, að hann hafi hætt að starfa sem háseti 28. júlí og þá gerzt matsveinn, og krefst hann þess, að sér verði tildæmd hásetakauptrygging, kr. 200.00 á mánuði, meðan hann var háseti, en kr. 300.00, eftir að hann gerðist matsveinn.

Um matsveinsstörfin hefir formaður bátsins upplýst, að hinn upphaflegi matsveinn hafi hætt eftir nokkra daga og annar tekið við í ca. ½ mánuð, en eftir það hafi stefnandinn aðallega annazt matreiðsluna, þó með aðstoð annarra skipverja, því hann hafi ekki kunnað til matreiðslu.

Fyrir þessa matreiðslu kveður formaðurinn sig hafa lofað honum kr. 50.00 á mánuði aukalega fram yfir hásetakaupið. Virðist mega ráða, að matreiðslustarfið hafi hann annazt í ca. 1½—2 mánuði, eða þar til báturinn kom til Reykjavíkur, en þar dvöldu þeir í 10—12 daga, svo sem áður getur, og mötuðust í landi.

Sú mun vera venja að reikna kauptryggingu aðeins fyrir þann tíma, sem skip stunda veiðarnar, eða frá því að veiðarfærin eru tekin um borð og þar til þau eru lögð á land aftur. Í þessu tilfelli nægir sá tími ekki, til þess að kauptrygging verði hærri en aflahluturinn, er nam kr. 591.95, jafnvel þó tekinn væri tíminn allur frá því vistráðningin hófst samkvæmt viðskiptabókinni, eða 25. júlí, og til þess er ætla má, að báturinn hafi komið í síðasta lagi til Reykjavíkur, eða 12. október, nemur kauptryggingin lægri upphæð en aflahluturinn. Verður því ekki fallizt á að taka kröfuna um kauptryggingu til greina af þeim ástæðum.

Sömuleiðis verður ekki fallizt á, að stefnanda beri meira fyrir matreiðslustörfin en formaðurinn lofaði honum, eða kr. 50.00 á mánuði, en þau störf þykir hann ekki hafa nægilega sannað, að hann hafi unnið lengur en ca. 1½—2 mánuði, en var greitt fyrir þau kr. 100.00. Verður því ekki fallizt á að taka til greina kröfu hans út af matreiðslunni.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefndan af öllum kröfum stefnandans í máli þessu.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að greiðsla málskostnaðar falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Benediktsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Lárusar Fjeldsteds f. h. Daníels Jacobsens, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Kristins Ólafssonar fulltrúa:

Þar er upplýst í máli þessu, að stefnandinn Daniel Jacobsen hafi verið háseti á v. b. Enok, er stefndur Helgi Benediktsson gerði hér út vetrarvertíðina 1937.

Í vertíðarlokin, 11. maí, skuldaði Jacobsen stefndum kr. 124.78, og samdist svo með þeim, að Jacobsen skyldi vinna áfram hjá stefndum við landvinnu. Þann 19. júlí 1937 varð hann háseti hjá stefndum á vélbát hans Skíðblaðni, sem stefndur gerði út á reknetaveiðar frá Siglufirði um sumarið. Jacobsen sigldi bátnum norður ásamt tveim mönnum öðrum, en þar fer fyrst fram lögskráning á bátinn 26. júlí s. á., Var Jacobsen þá lögskráður á bátinn sem háseti upp á taxta sjómannafélagsins Víkingur á Siglufirði.

Stuttu eftir að báturinn kom norður, tók Jacobsen við matsveinsstörfum um borð, og telur stefnandinn, að hann hafi gegnt þeim frá 28. júlí til 24. október, að báturinn kom aftur til Vestmannaeyja að úthaldinu loknu.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandinn fyrst og fremst á taxta sjómannafélagsins Víkingur og reiknar 200 krónur mánaðarlega fyrir þann tíma, er Jacobsen hafði verið háseti á bátnum, en 300 krónur á mánuði þann tíma, er hann telur sig hafa innt af hendi matsveinsstörf. Þá gerir hann ennfremur kröfu til 200 króna mánaðarkaups tímabilið 11. maí til 19. júlí, er hann hafði unnið í landi hjá stefndum. Verður kaupið alls samkvæmt þessum útreikningi kr. 1400.16, en þar frá er dregið það, sem stefndur hefir borgað, en mismunur verður kr. 572.23, eða dómkrafa stefnandans.

Undir rekstri málsins hefir stefnandinn sett fram þá varakröfu, að Jacobsen yrði reiknað hásetakaup samkvæmt taxta Sjómannafélagsins Víkingur, Siglufirði, og lækkar þá dómkrafan um kr. 280.00, eða niður í kr. 292.23.

Stefndur hefir mótmælt öllum kröfum stefnandans og krafizt algerðrar sýknu og tildæmdan málskostnað.

Þau atriði, sem um er deilt í málinu og á veltur, eru þessi:

1. Stefndur heldur því fram, að Jacobsen hafi, rétt eftir að báturinn kom að norðan seint í október 1937, komið sjálfur á skrifstofu stefnds, fengið uppgerðan reikning sinn og greidda inneign sína og þó meira en hann hafi átt.

Hafi Jacobsen engar athugasemdir gert við uppgjörið og tekið við reikningi sínum og greiðslu án þess að gera frekari kröfur.

Var þetta stuttu áður en Jacobsen steig á skipsfjöl til að fara heim til sín.

Stefnandinn hefir mótmælt því, að þetta uppgjör hafi verið rétt, og Jacobsen hafi eigi tapað neinum rétti til að koma fram með frekari kröfur, þó hann þá hafi eigi mótmælt reikningnum, enda enginn tími fyrir hann til þess þá, þegar hann var á förum.

Dómarinn telur, að Jacobsen hafi eigi, eins og á stóð, firrt sig rétti til að koma fram með leiðréttingar og frekari kröfur við reikningsuppgjör þetta, þar sem ekki liggur fyrir fullnaðarkvittun frá honum eða neitt, er feli í sér, að hann falli frá frekari kröfum.

2. Það er viðurkennt í málinu, að Jacobsen var í þjónustu stefnds áfram frá því að vertíð lauk 11. maí 1937 og þar til hann fór á Skíðblaðni. Segir stefndur, að það hafi verið „um miðjan júlí", en stefnandinn 19. júlí. Fyrir tímabilið 11.—31. maí hefir stefndur haldið fram, að umsamið hafi verið, að Jacobsen fengi 50 krónur auk fæðis, en frá fyrsta júlí 200 krónur á mánuði. Hinsvegar heldur stefnandinn því fram, að Jacobsen hafi átt að fá sama kaup allan tímann, 200 krónur á mánuði.

Þar sem engar sannanir liggja fyrir um, hvað kaupið skyldi vera í maí, virðist eðlilegast að ganga út frá því, að það skyldi vera það sama og viðurkennt er, að gilda skyldi frá 1. júlí, enda nálægt því, sem almennt kaupgjald var hér í bænum.

Þykir því verða að taka til greina kröfu stefnandans um 200 króna mánaðarkaup fyrir Jacobsen frá 11. maí til 19. júlí.

3. Eins og áður er getið, var lögskráð á v. b. Skíðblaðni á Siglufirði 26. júlí 1937, en í skiprúmssamningsbók Jacobsens, sem undirrituð er af honum og skipstjóra hans á Siglufirði sama dag, segir, að vistartíminn byrji 25. júlí, og er Jacobsen ráðinn sem háseti, og kaup samkvæmt taxta Sjómannafélagsins Víkingur, Siglufirði.

Nú heldur stefnandinn því fram, að Jacobsen hafi tekið við matsveinsstörfum 28. júlí, og eru kröfur hans þær, að hann fái tildæmt hásetakaup frá 19. júlí til 28. júlí, kr.

200.00 á mánuði, en matsveinskaup frá 28. júlí til 24. okt., kr. 300.00 á mánuði, alls kr. 880.00.

Þessum kröfum mótmælir stefndur og færir fram, að Jacobsen hafi verið ráðinn upp á hlut og fengið hann greiddan með kr. 591.95, en auk þess fengið greiddar kr. 100.00 fyrir matreiðslustörfin samkvæmt loforði skipstjórans.

Upphaflega var annar maður lögskráður matsveinn á bátinn, en fór eftir fáa daga, og tók þá háseti einn við, en hætti líka eftir stuttan tíma, og tók þá Jacobsen við með aðstoð annarra skipverja, eftir því sem skipstjórinn hefir borið sem vitni í málinu. Ennfremur er upplýst í málinu, að Jacobsen hefir verið alveg óvanur matreiðslustörfum.

Að þessu athuguðu þykir aukaþóknun sú, er hann fékk fyrir þetta starf, kr. 100.00, hæfileg greiðsla fyrir það. Hinsvegar verður eigi hjá því komizt að dæma Jacobsen samkvæmt taxta sjómannafélagsins Víkingur kaup sem háseta, 200 krónur á mánuði, frá því að vistráðningin byrjar samkvæmt skiprúmssamningnum og til þess tíma, að báturinn kom til Eyja, eða 24. október, með því að eigi var afskráð áður eða vistráðasamningnum löglega slitið á annan hátt, og verður þá hásetakaupið kr. 600.00.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verða kröfur stefnandans, sem taka ber til greina, þessar:

Kaup Jacobsens 15. maí til 19. júlí, kr. 460.13, hásetakaup hans fyrir tímann 25. júlí til 24. okt. lágmarkstryggingu (svo) 200 krónur á mánuði — kr. 600.00 og aukaþóknun fyrir matreiðslustörf, kr. 100.00, eða samtals kr. 1160.13, og þar frá dregst það, sem stefndur hefir þegar greitt, kr. 827.93, og verður þá mismunur, inneign stefnandans, kr. 332.20, sem ber að dæma honum með 6% ársvöxtum frá 24. okt. 1937 til greiðsludags, auk málskostnaðar, er þykir hæfilega metinn á kr. 100.00.

Þá hefir stefnandinn krafizt sjóveðréttar í v. b. Skíðblaðni fyrir kröfum sínum, en þar sem málið er eigi höfðað innan árs frá slitum vistráðningar, er sjóveðrétturinn fyrndur, og verður sú krafa eigi tekin til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Benediktsson, greiði Lárusi Fjeldsted f. h. Daníels Jakobsens kr. 332.20 með 6% árs-

vöxtum frá 24. okt. 1937 til greiðsludags og málskostnað með 100 krónum.

Dóminum (ber) að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. febrúar 1940.

Nr. 148/1937. **Íslenzk-rússneska verzlunarfélagið** (Jón Ásbjörnsson) gegn **Síldarútvegsnefnd** (Guðmundur Í. Guðmundsson).

Varadómari próf. Bjarni Benediktsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Umsamin sölulaun af síld ekki færð niður, þótt slegið væri af söluverði hennar vegna galla.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir uppkveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 30. nóv. 1937, hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 2194.50 með 6% ársvöxtum frá 13. okt. 1936 til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í flutningi málsins fyrir hæstarétti hafa aðiljar orðið sammála um það, að stefnda beri að greiða áfrýjanda *öll* þau sölulaun, er hann kann að eiga heimtingu til vegna síldarsölu þeirrar, sem í máli

þessu getur. Ágreiningur aðilja varðar því nú það, hvort sölulaunin (3%) skuli reikna af umsömdu fobbsöluverði síldarinnar á íslenzkri höfn eða af því verði, sem að lokum fékkst fyrir hana. Aðiljar eru og sammála um það, að eftir standi ógreidd sú fjárhæð, sem krafin er í máli þessu, ef sölulaunin skyldi eiga að reikna eftir fobbsöluverði, en að annars kostar séu þau fullgreidd.

Þann 21. ágúst 1936 sendi áfrýjandi stefnda símskeyti, þar sem segir, að „Rússarnir" bjóðist til, miðað við svar innan 3 daga, að kaupa tiltekinn tunnufjölda saltsíldar fyrir 20 krónur tunnu og að sölulaun vor (þ. e. áfrýjanda) séu 3%". Svo virðist sem stefndi hafi ekki talið sér fært þegar að samþykkja tilboð þetta, og að aðiljar hafi rætt um möguleika á því að gera gagnboð, því að 24. s. m. símar áfrýjandi stefnda aftur og segir, að nauðsynlegt sé, að stefndi geri gagntilboð þann dag að kveldi, því að annars sé hætta á því, að viðskiptin tapist.

Næsta dag, þann 25. ágúst 1936, að morgni sendi svo áfrýjandi samkvæmt beiðni Óskars Jónssonar, sem var einn síldarútvegsnefndarmanna og virðist þá hafa verið í fyrirsvari fyrir hana við áfrýjanda, verzlunarsendisveit Sóvjetríkjanna í Kaupmannahöfn símskeyti, sem kveður stefnda hafa umboð síldarkaupmanna við Faxaflóa til að bjóða sendisveitinni 20—30 þús. tunnur saltsíldar á 22 krónur tunnu. Daginn eftir, þann 26. ágúst 1936, símar áfrýjandi því næst til stefnda og kveðst hafa umboð téðrar sendisveitar til þess að samþykkja kaup á áðurnefndri síld samkvæmt skeytinu frá deginum áður, þar á meðal 22 króna verðið fyrir tunnu, og séu sölulaunin 3%.

Samdægurs fól stefndi ennfremur Óskari með símskeyti að samþykkja „Rússatilboð“ og sölulaun til áfrýjanda 3%. Loks felur Óskar áfrýjanda með bréfi, dags. s. d., að samþykkja sölu á síldinni til verzlunarsendisveitar Ráðstjórnarríkjanna, enda segir í bréfinu, að síldarútvegsnefnd greiði áfrýjanda 3% af „fobbsöluverði“. Þetta verð var þegar ákveðið 22 krónur fyrir tunnu, og verður að ætla, að aðiljar hafi miðað sölulaun við það verð og að Óskar Jónsson hafi því ekki lofað áfrýjanda að þessu leyti öðru eða meira en umboð hans náði til.

Því hefir ekki verið haldið fram, að áfrýjandi beri nokkra sök á því, að síldin reyndist ekki að áliti kaupandans svo góð vara sem samið var, er hún kom til Rússlands. Áfrýjandi var ekki riðinn við samninga um afslátt á kaupverði síldarinnar og hefir að engu leyti afsalað sér nokkrum hluta sölulauna þess vegna. Með því að stefndi hefir viðurkennt skyldu sína til greiðslu þeirra sölulauna allra, er áfrýjanda bera, og telja verður stefnda, eins og máli þessu er farið, hafa haft heimild til þess að takast slíka skyldu sér á hendur, verður að taka kröfu áfrýjanda um greiðslu sölulaunanna með vöxtum til greina.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda samtals 400 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Síldarútvegsnefnd, greiði áfrýjanda, Íslenzk-rússneska verzlunarfélaginu, kr. 2194.50 með 6% ársvöxtum frá 13. okt. 1936 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 400 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. okt. 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er skv. samkomulagi aðilja höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. febrúar 1937, af Hauk Björnssyni, framkvæmdarstjóra, f. h. Íslenzk-rússneska verzlunarfélagsins hér í bæ gegn Síldarútvegsnefnd til greiðslu kröfu, að upphæð kr. 2194.50 með 6% ársvöxtum frá 13. október 1936 til greiðsludags, og málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi eða eftir mati réttarins.

Stefndur, Síldarútvegsnefnd, krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með símskeyti, dags. 26. ágúst 1936, fól Síldarútvegsnefnd Óskari Jónssyni, útgerðarmanni, að samþykkja kauptilboð í 19000 tunnur af Faxaflóa-saltsíld, sem verzlunarsendisveit rússnesku Ráðstjórnarríkjanna í Kaupmannahöfn hafði gert nefndinni, að því er virðist, fyrir milligöngu stefnanda. Í bréfi, dags. s. d., gaf Óskar stefnanda umboð til að samþykkja kauptilboðið með nánar tilgreindum skilyrðum. Í skeytinu til Óskars er tekið fram, að sölulaun til stefnanda skuli vera 3%, og í bréfi Óskars til stefnanda segir, að nefndin greiði stefnanda 3% af fobbsöluverði síldarinnar, sem afskipuð kunni að verða upp í umræddan samning. Nefndin sendi síðan tvisvar sinnum síld upp í samninginn. Í fyrra sinnið, 29. september 1936, 7655 tunnur, en í síðara sinnið, 13. október 1936, 11345 tunnur. Söluverðið var ákveðið kr. 22.00 fyrir hverja tunnu fobb., og taldi stefnandi sér því skv. samningnum við stefndan bera kr. 12540.00 í sölulaun.

Þegar síld þessi kom til Rússlands, komu í ljós nokkrir gallar á henni, og heimtuðu kaupendur mikinn afslátt frá hinu umsamda verði.

Voru því sendir tveir menn til Rússlands til þess að semja um afslátt af síldinni, og lauk þeim samningum á

þann veg, að gefa varð 17½% afslátt af hinu umsamda verði.

Eftir þessi málalok tilkynnti nefndin stefnanda með símskeyti, dags. 28. des. 1936, að á fundi Síldarútvegsnefndarinnar 18. des. 1936 hafi verið samþykkt að greiða honum umsamin umboðslaun aðeins af upphæð þeirri, sem raunverulega hafi greiðzt fyrir síldarsendingarnar til Rússlands. Hafa stefnanda þegar verið greidd umsamin umboðslaun af þeirri upphæð. Stefnandi telur sér hinsvegar bera umsamin umboðslaun af umsömdu fobb-söluverði síldarinnar, en þar eð honum hefir ekki tekizt að fá mismun þann, er þannig kemur fram, greiddan, hefir hann höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Stefndur byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að nefndin hafi aðeins verið umboðsmaður eigenda síldarinnar, sem hafi verið tilteknir síldarframleiðendur við Faxaflóa. Hafi nefndin aðeins annazt söluna fyrir eigendurna, en alls ekki fyrir eigin reikning. Þetta hafi stefnanda og verið ljóst, enda hafi nefndin enga skyldu tekið á sig sem slíka gagnvart stefnanda fram yfir það, sem af umboðsmennskunni leiði, og ekki hafi hún á neinn hátt skuldbundið sig til að greiða stefnanda hin umsömdu umboðslaun, heldur hafi vitanlega alltaf verið ætlunin, að eigendur síldarinnar gerðu það sjálfir, og hafi stefnanda átt að vera og verið það ljóst.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að stefndur hafi sjálfstæða skyldu til greiðslu umboðslaunanna.

Síldarútvegsnefnd (stefndur) er stofnuð með lögum nr. 74 frá 1934. Er svo ákveðið í lögunum, að nefndin hafi með höndum úthlutun útflutningsleyfa, veiðileyfa til verkunar, söltunarleyfa á síld og löggildi síldarútflytjendur. Þá er ennfremur ákveðið, að nefndin skuli gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á síld með öðrum verkunaraðferðum en þá tíðkuðust og að hún skuli hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja síld á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi síldarútvegsins. Í lögunum er engin heimild fyrir nefndina til að verzla með síld né selja fyrir eigin reikning.

Af skjölum málsins, svo sem símskeytum og samningunum, sem gerðir voru um söluna, er það ljóst, að stefndur

kemur alltaf fram sem umboðsmaður þeirra eiginlegu eigenda síldarinnar, svo og að bæði kaupendum og stefnanda hefir verið það ljóst, enda er það játað af stefnanda í rekstri málsins.

Stefnandi heldur því þó, eins og áður segir, fram, að stefndum beri að greiða umboðslaun af síldinni, eins og hann væri hinn eiginlegi seljandi.

Í umboði því, sem Óskar Jónsson gaf stefnanda til að samþykkja söluna og áður er minnzt á, er svo að orði komizt, að síldarútvegsnefnd greiði stefnanda 3% af fobb-söluverði síldarinnar, sem afskipuð kunni að verða upp í samninginn. Umboð Óskars til að gefa stefnanda umboð þetta, er skeyti nefndarinnar, dags. 26. ágúst 1936 (sama dag og Óskar undirritar umboðið til stefnanda), og segir ekki í skeytinu, að nefndin greiði umboðslaunin, heldur segir þar aðeins: „Sölulaun Isruv (þ. e. stefnanda) 3%", án þess að tiltekið sé, hver greiði þau. Þetta skeyti nefndarinnar verður því alls ekki skilið á þann veg, að hún hafi viljað taka á sig sjálfstæða skyldu til að greiða stefnanda umboðslaun, heldur hafi hún aðeins lofað þeim f. h. umbjóðenda sinna, þ. e. eigenda síldarinnar. Þá verður og að telja, að bæði Óskari og stefnanda hafi mátt vera þetta ljóst, þar eð vitað var, að nefndin kom aðeins fram f. h. síldareigendanna. Verður rétturinn því að telja, að enda þótt svo sé að orði komizt í umboði Óskars til stefnanda, að síldarútvegsnefnd greiði sölulaunin, þá beri samt að leggja þann skilning í þau, að nefndinni sem slíkri hafi ekki skapazt skylda til að greiða þau, heldur umbjóðendum hennar, síldareigendunum. En enda þótt ekki þætti fært að leggja þenna skilning í umboð Óskars til stefnanda, bæri þó að sama brunni um það, að það skapar ekki nefndinni sjálfstæða greiðsluskyldu vegna þess, að ef svo mætti skilja orð þess, þá hefði Óskar skv. því, sem áður segir um umboð hans til að gefa stefnanda umboðið, farið út fyrir umboð sitt á þann hátt, að nefndin yrði ekki við umboðið til stefnanda bundin um þetta atriði.

Þar sem upplýst er, að stefnanda var alltaf kunnugt um það, að nefndin var aðeins umboðsmaður síldareigenda um söluna, og ekki er upplýst um, að hún hafi tekið á sig neina sjálfstæða skyldu til að greiða stefnanda umboðslaun, á meðan á samningnum stóð, verður ekki talið, að

stefnandi eigi aðgang að nefndinni um greiðslu umboðslauna, nema að henni hafi síðar skapazt skylda til greiðslu þeirra, og verður það nú athugað.

Á því tímabili, sem samningarnir um afsláttinn stóðu yfir við Rússana, gáfu síldareigendurnir þremur nafngreindum mönnum umboð til þess fyrir sína hönd að semja endanlega við kaupendurna um afslátt af umsömdu söluverði síldarinnar. Umboð þetta framseldu umboðsmennirnir síldarútvegsnefnd „í trausti þess" m. a., að nefndin tæki að sér að greiða stefnanda 2% í umboðslaun fyrir sölu á „rússasíldinni". Þetta skilyrði samþykkti nefndin, og skapaðist henni því skylda til að greiða þann hluta umboðslaunanna, og verður að telja, að stefnandi hafi átt aðgang að henni um greiðslu hans. En einn þriðja umboðslaunanna bar síldareigendunum eftir sem áður að greiða.

Nú voru 3% af umsömdu fobb-söluverði síldarinnar kr. 12540.00. Sú upphæð, sem upplýst er í málinu, að nefndin hefir þegar greitt stefnanda, er meiri en tveir þriðju hlutar þessarar upphæðar, og verður því ekki talið, að stefnandi eigi aðgang að nefndinni um frekari greiðslu, hvernig sem kröfu hans að öðru leyti kann að vera háttað.

Verða úrslit málsins því þau að sýkna ber stefndan skv. framansögðu án þess að rannsaka þurfi aðrar sýknuástæður hans. Rétt þykir, að stefnandi greiði stefndum kr. 150.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, síldarútvegsnefnd, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hauks Björnssonar f. h. Íslenzk-rússneska verzlunarfélagsins, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndum kr. 150.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1940.

Nr. 14/1939. **Steindór Hjaltalín og Snorri Stefánsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
H/f Huginn og gagnsök
(Pétur Magnússon).

Fébætur dæmdar vegna rofa samnings um kaup síldar af síldveiðiskipum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Guðmundi Hannessyni, bæjarfógeta á Siglufirði, og meðdómsmönnum hans Friðbirni Níelssyni og Vilhjálmi Hjartarsyni.

Aðaláfrýjendur, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 31. jan. 1939 hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. febr. s. á., krefjast *aðallega* algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en *til vara* lækkunar á fjárhæð þeirri, er þeir hafa verið dæmdir til að greiða. Svo krefjast þeir og málskostnaðar af gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 22. maí 1939 gagnáfrýjað málinu með stefnu 24. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum kr. 12098,33 eða aðra lægri fjárhæð samkvæmt varakröfum hans og málsútlistun hér fyrir dómi ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð, sem til greina yrði tekin, frá 15. júní 1937 og til greiðsludags. Ennfremur krefst hann málskostnaðar af aðaláfrýjendum fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Með því að synja viðtöku síldar af bátum gagn-

áfrýjanda þann 13. júní 1937 hafa aðaláfrýjendur, eins og rök eru færð að í hinum áfrýjaða dómi, rofið samning á gagnáfrýjanda og orðið skaðabótaskyldir gagnvart honum.

1. Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdómsins samkvæmt ástæðum þeim, er þar greinir, að aðaláfrýjendum sé skylt vegna greindra samningsrofa að bæta gagnáfrýjanda annað tjón hans en aflatjón með kr. 3368,17.

2. Þann 13. júní 1937 komu bátar gagnáfrýjanda til Siglufjarðar á þeim tímum, er hér greinir: Huginn II. kl. 11 árdegis, Huginn I. kl. 3 síðdegis og Huginn III. kl. 8 síðdegis. Sökum tafar þeirrar, er viðtökusynjun aðaláfrýjanda hafði í för með sér, misstu bátarnir af veiði þann 14. júní, og er sýnt, að þótt þeir hefðu farið til Krossaness til losunar þar þegar að kvöldi þess 13. júní, þá hefði þeir ekki komizt á sömu veiðislóðir og áður á Grímseyjarsundi fyrr en eftir kl. 3 síðd. þann 14. júní, en gagnáfrýjandi telur aðaláfrýjendum ekki til ábyrgðar veiðitap eftir þann tíma.

Nú er það upplýst, að síldveiði hélzt á greindum slóðum til kl. 3 síðd. þann 14. júní, en þá virðist hafa tekið fyrir veiðina. Samkvæmt gögnum, er gagnáfrýjandi hefir aflað og ekki hefir verið hnekkt, hafa 10 bátar, er voru á veiðum á Grímseyjarsundi þann 14. júní, aflað þar frá því síðari hluta nætur til kl. 3 síðd. að meðaltali 40.43 mál síldar á klst. hver.

Gagnáfrýjandi telur, að hefði allt farið með felldu, myndi uppskipun síldarinnar úr hverjum bát hafa staðið yfir 10 klst., og síðan hefði það tekið bátana 3½ klst. að sigla frá Siglufirði á veiðislóðir aftur. Veiðitímabilið þann 14. júní kveður hann

hafa staðið yfir frá kl. 4½ að morgni og til kl. 3 síðd. Ef engin ónauðsynleg töf hefði orðið, hefðu bátarnir Huginn I. og Huginn II. getað verið teknir til veiða kl. 4½ nefndan morgun, en Huginn III. kl. 9½ s. d. Huginn I. og Huginn II. hafi því misst af 10½ klst. veiði hvor, en Huginn III. af 5½ klst. veiði, eða bátarnir allir til samans af 26½ klst. veiði. Aðaláfrýjendur fullyrða hinsvegar, að bátarnir hefðu ekki orðið losaðir á skemmri tíma en 12 klst. Af útdrætti úr dagbók Hugins III. má sjá, að uppskipun úr honum í Krossanesi hefir staðið yfir 12 klst., og þar sem ekki eru fram komnar aðrar upplýsingar um þetta ágreiningsefni aðilja, verður að byggja á staðhæfingu aðaláfrýjanda um það. Af því leiðir, að þótt engar ónauðsynlegar tafir hefðu orðið, hefði Huginn I. ekki getað hafið veiði af nýju fyrr en kl. 6½ árd. þann 14. júní, og Huginn III. ekki fyrr en kl. 11½ s. d. Veiðitími sá, er bátar gagnáfrýjanda misstu af, verður samkvæmt þessu að teljast samtals 22½ klst. Sé miðað við þenna klukkustundafjölda, það einnig, að meðaltalsafli bátanna hefði orðið hinn sami sem annarra báta, er voru að veiðum á nefndum slóðum á sama tíma, þ. e. 40.43 mál síldar á klst., og loks það, að verð á hverju máli síldar séu 8 krónur, þá nemur aflatjón gagnáfrýjanda vegna tafar þeirrar, er aðaláfrýjendur bera ábyrgð á, kr. 7277.40. Þykir verða að dæma aðaláfrýjendur til þess að greiða gagnáfrýjanda þessa fjárhæð ásamt áðurgreindum kr. 3368.17, eða samtals kr. 10645.57 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 7. marz 1938, til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að aðaaðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og hæstarétti, samtals kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Steindór Hjaltalín og Snorri Stefánsson, greiði gagnáfrýjanda, H/f Huginn, kr. 10645.57 með 6% ársvöxtum frá 7. marz 1938 til greiðsludags og kr. 1000.00 samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Siglufjarðar 17. sept. 1938.

Með stefnu, dags. 17. marz s. l., krefst stefnandinn, Jón Fannberg, framkvæmdarstjóri, Ísafirði, f. h. H/f Huginn, Ísafirði, að stefndu, Steindór Hjaltalín, útgerðarmaður, og Snorri Stefánsson, vélstjóri, báðir Siglufirði, verði dæmdir in solidum til þess að greiða sér kr. 12098.33 sem skaðabætur fyrir að hafa ekki tekið á móti framboðinni síld af skipum H/f Huginn, eins og stefnendur telja stefndu skylda til samkv. símskeytum, er lögð hafa verið fram í málinu.

Þá krefjast stefnendur og, að stefndir verði dæmdir til þess in solidum að greiða 6% vexti af umstefndri skaðabótaupphæð og málskostnað að skaðlausu samkv. reikningi, sem í málflutningnum er krafizt með kr. 1261.05 samkv. sundurliðuðum reikningi.

Stefndu mótmæla kröfu stefnanda og krefjast sýknu.

Málið var tekið til dóms 3. þ. m.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

21. apríl 1937 sendir stefnandi stefndum Steindóri Hjaltalín svo hljóðandi símskeyti:

„Staðfestið símskeyti strax þér séuð reiðubúnir kaupa fyrir gangverð alla bræðslusíld af skipum félagsins, veidda austan Skaga, næsta sumar, með forgangslosun sömu röð og eigin skip yðar“ „Huginn“.

Þessu símskeyti svarar meðstefndur Snorri Stefánsson, sem rak síldarverksmiðju Siglufjarðar 1937 ásamt stefndum Steindóri Hjaltalín, þannig 22. s. m.

„Huginn Ísafirði staðfesti kaupa í sumar fyrir gangverð

alla bræðslusíld af skipum félagsins, veidda austan Skaga, losun sömu röð og eigin skip."

Þessu símskeyti svarar H/f Huginn þannig með símskeyti 30. s. m.

„Snorri Stefánsson, Siglufirði. Staðfestum selja yður og Hjaltalín bræðslusíld af skipum félagsins, veidda austan Skaga í sumar samkv. símskeyti yðar 2¾."

Segir svo í bili ekki meira af þeirra viðskiptum.

10. júní 1937 fóru bátar félagsins, Huginn I., Huginn II. og Huginn III. á síldveiðar fyrir Norðurlandi. Fengu þeir allir um fullfermi á Grímseyjarsundi og koma inn til Siglufjarðar til losunar sunnudaginn 13. s. m. (Huginn I. kl. 3 síðd., Huginn II. kl. 11 árd. og Huginn III. kl. 8 að kveldi.) Þegar þangað var komið, neituðu stefndir, sem báðir voru þá viðstaddir, að veita síldinni móttöku. Krafðist stefnandi, að tekið væri strax á móti síldinni, eins og hann taldi skylt samkv. fyrrgreindum símskeytum, en stefndu neituðu og héldu fast við þá neitun sína. Stefndu héldu fast fram, að þeim væri ekki skylt að taka á móti síld af skipum stefndu fyrr en þeir (stefndir) hefðu sjálfir ákveðið, að síldarverksmiðjan, sem þeir ráku, tæki á móti síld. Þeim væri eigi skylt að taka á móti síld af skipum stefnanda fyrr en þeir sjálfir hefðu ákveðið, að síldarverksmiðja þeirra byrjaði að taka á móti síld yfirleitt, og töldu ekki annað felast í símskeytum þeim, er á milli þeirra hefðu farið. Þeirri skoðun sinni til styrktar vitna stefndir í vitnaframburð framkvæmdarstjóra og tveggja stjórnarmanna síldarverksmiðja ríkisins um, að venja sé, að stjórn og framkvæmdarstjóri Síldarverksmiðju ríkisins ákveði, hvenær samningsbundin veiðiskip byrja að leggja upp í síldarverksmiðjur ríkisins. Og gildi slík venja einnig um aðrar síldarverksmiðjur.

Þá halda stefndir fram, að þeim hafi verið óskylt að taka á móti síld 13. júní þegar af þeirri ástæðu, að sá dagur var sunnudagur.

Í málflutningnum hafa stefndu málstað sínum til stuðnings haldið fram:

að þeir hafi lofað skipum stefnanda „losun á síldinni í sömu röð og eigin skipum", þeir hafi tilkynnt skipstjórum sinna skipa og tveggja annarra skipa, er lögðu upp síld hjá þeim, að þeir létu ekki eigin skip byrja veiði fyrr

en 15. júní, og er það sannað í málinu. Stefndu telja því, að um rétt skipa stefnanda til losunar fari svo sem stefndur (Steindór Hjaltalín) hafi ætlað eigin skipum, og hafi því skip stefnanda engan rétt haft til losunar fyrr en 15. s. m. Stefndu kveðast og hafa látið stefnanda vita, að skip sín færu eigi út á síldveiðar fyrr en 15. júní, en þessu neitar stefnandi, og liggja engar sannanir fyrir þessu atriði. Þó liggja af stefndra hálfu sannanir fyrir, að Steindór Hjaltalín hafi tilkynnt skipstjórum eigin skipa (sem eru þrjú) og skipstjórum tveggja annarra skipa, er stefndu tóku síld af, að þeir létu verksmiðjuna ekki taka á móti síld fyrr en 15. júní, enda verksmiðjan ekki fyrr til, og sönnun liggur fyrir í málinu, að í útvarpinu tilkynna stefndir þann 15. júní, að síldarverksmiðja þeirra byrji að taka á móti síld með og frá þeim degi. Verksmiðja stefndu byrjaði 16. júní að taka á móti síld, en var þó eigi „tilbúin til vinnslu“ fyrr en 24. júní. Bryggjuspilin voru þó komin öll í lag 20. júní. Þá halda stefndir því fram, að aðeins ein af síldarverksmiðjum ríkisins hafi 13. júní verið tilbúin til þess að taka á móti síld, svo að síldarmóttaka hafi almennt ekki verið byrjuð 13. júní. Að vísu virðist af ýmsum gögnum, er stefndir hafa aflað frá öðrum síldarseljendum til stefndra, að stefndir gagnvart tveimur öðrum síldarseljendum en stefndu hafi ekki ætlað sér né skuldbundið sig til að taka á móti síld frá þeim í verksmiðju stefndra fyrr en 15. júní, og engin ástæða er til að ætla, að stefndir hafi ætlað sér að taka fyrr á móti síld frá stefnanda en frá öðrum, er seldu þeim síld í bræðslu, en hinsvegar hafa stefndir skuldbundið sig öðruvísi gagnvart stefnanda en virðist gegn öðrum, er seldu þeim síld í bræðslu. Með símskeyti 22. apríl 1937, sbr. önnur tilgreind simskeyti, skuldbinda stefndir sig til þess gagnvart stefnanda „að kaupa í sumar fyrir gangverð alla bræðslusíld af skipum félagsins, veidda austan Skaga.“ Ef stefndu ætluðu með símskeytum sínum að láta afhendingu síldarinnar frá skipum stefnanda vera háða sínum eigin ákvörðunum og vilja, er til kæmi um móttöku, þá bar þeim að láta slíks skilorðs getið í símskeytum þessum, en ekkert slíkt er þar að finna. Stefndir hafa að vísu haldið fram, að þessa skilorðs sé einmitt getið í umræddum símskeytum, þar sem segir: „losun sömu röð og eigin skip“. Það

þýðir það, að engri losun sé stefnanda lofað fyrr en eigin skip stefnds Steindórs Hjaltalíns fái losun við verksmiðjuna, og ef skip hans verði ekki látin fá losun hjá verksmiðjunni, þá séu stefndir lausir allra mála við stefnanda. Á þetta verður ekki fallizt. „Forgangslosun" eða „losun eins og eigin skip" er sett til þess að tryggja stefnanda aðgang til losunar umfram önnur skip, samningsbundin eða ósamningsbundin, en til jafns við eigin skip, sem ætla mætti, að stefndur Steindór Hjaltalín léti sitja fyrir losun, eins og frekast væri unnt. Krafan um „forgangslosun sömu röð og eigin skip yðar" kemur fyrst fram í símskeyti stefnanda til Steindórs Hjaltalíns 21. apríl og er samþykkt með síðari símskeytum stefndra. Nú telst það næsta mikilvægt fyrir skip, er selja síld til síldarverksmiðja eða hafa slíkan — segja má óvenjulegan — rétt til losunar, því það venjulega er um samningsbundin skip, að þau hafi öll jafnan rétt til losunar eftir því sem þau koma og eftir vissum reglum.

Ákvæðið er því stefnanda í hag, en ef það ætti að skilja það eins og stefndu vilja vera láta, væri það stefnanda svo í óhag, að það hefði verið alveg undir vilja Steindórs Hjaltalíns komið, hvort nokkuð yrði af móttöku síldar stefndra frá stefnanda, því að Steindór Hjaltalín hafði það í hendi sinni að koma í veg fyrir slíka sölu með því að láta sín skip ekki fá losun í verksmiðjunni.

Engin venja er heldur til um móttöku síldarverksmiðja á síld, er takmarki gildi gerðra afhendingarsamninga, ef til eru, og vitnaframburður framkvæmdarstjóra og tveggja stjórnarmanna síldarverksmiðja ríkisins sannar ekkert um gagnstæða venju í þessu efni, eins og stefndir þó vilja vera láta. Síldarverksmiðjur ríkisins taka, eins og framlagt samningseyðublað í málinu sýnir, það fram í samningum sínum við samningsbundin skip, að samningsbundið skip „afhendi síldarverksmiðjum ríkisins alla síldveiði sína, frá því að verksmiðjurnar byrja móttöku", og að „heimilt er stjórn verksmiðjanna í samráði við framkvæmdarstjóra að veita eigi síld móttöku um ákveðinn eða óákveðinn tíma, ef nauðsyn þykir til, vegna þess að of mikil síld berst að verksmiðjunum." Ekkert slíkt er tekið fram í umræddum símskeytum stefndra og gagnar stefndum því eigi að vísa til venju Síldarverksmiðja ríkisins,

sem byggist á sérstaklega gerðum samningum, er stefndir hafa enga slíka gert við stefnanda. Stefnandi hefir líka, ómótmælt af stefndum, haldið því fram, að engin síldarverksmiðja á Íslandi hafi nokkru sinni neitað síldarskipi, því síður samningsbundnum, um að taka af því fyrstu síldina, þar sem nóg þróarrúm er þá jafnan fyrir hendi. Nú var það að vísu svo, að verksmiðja stefndra var eigi tilbúin 13. júní 1937, en þar sem stefndu í símskeytum sínum til stefnanda hafa ekki bundið kaupskyldu sína á síldinni því skilyrði, að verksmiðja þeirra væri tilbúin til að taka á móti síldinni, þá verður heldur ekki hægt að taka slíka varnarástæðu til greina, og það því síður, sem upplýst er í málinu, að hægt var að skipa síldinni upp í síldarþró með eigin vindum (spilum) skipanna, þótt vindur verksmiðju stefndra væru eigi í lagi. Nú er auk þess ekkert upplýst um það, að allar vindur verksmiðjunnar hafi verið í ólagi 13. júní, heldur um, að þær hafi eigi allar verið í lagi. Sönnu nærri væri það, að ekki er sannað, að stefndi (svo) hafi tilkynnt stefndum (svo), hvenær skip stefndra færu á veiðar, að slíkt væri þó sem þegjandi og sjálfsagt skilyrði þess, að stefndum væri skylt að taka á móti síld af skipum stefnanda jafnskjótt og þau kæmu og krefðust losunar, m. ö. o. skilyrði þess, að stefndum alveg fyrirvaralaust væri skylt að taka á móti síldinni. En á það verður þó eigi fallizt, einkum vegna orðunar á símskeytum, er á milli fóru, sbr. fyrirspurn í símskeytum stefnanda frá 21. apríl „staðfestið símskeyti strax séuð reiðubúnir“ o. s. frv. og símskeyti stefndra eru sem samþykki á.

Eftir samningum átti aðeins að taka á móti síld, veiddri austan Skaga. Í málinu kemur fram, að skipstjórar skipanna hafa leitað fyrst á veiðisvæði vestan Skaga, því að venjulega veiðist síld fyrst vestan Skaga. Stefnandi gat því ekki tilkynnt stefndum, hvenær skipin færu að veiða upp í samning þeirra, og þótt auðvitað hefði verið réttara af stefnanda að tilkynna stefndum, hvenær skip stefnanda færu út á veiðar, verður það eigi talið nauðsynlegt til þess, að móttökuskylda stefndra haldist.

Það er alkunn venja í Siglufirði, að síldarverksmiðjur taki á móti síld af síldarskipum á sunnudögum, meðan nægilegt þróarrúm er fyrir hendi, og gátu stefndir því

eigi af þeirri ástæðu neitað móttöku síldarinnar. Slíkt er hér algeng sunnudagavinna.

Af því er nú hefir verið sagt, verður að telja, að stefndir hafi bakað sér skaðabótaskyldu með því að neita móttöku síldarinnar, sem stefnandi bauð fram. En hinsvegar er það sérstakt rannsóknarefni, hve háar slíkar skaðabætur eigi að vera.

Er stefndur vildi ekki taka á móti síld stefnanda, seldi stefnandi til síldarverksmiðja ríkisins, Siglufirði, 810,19 mál síldar af Huginn I. fyrir 6.00 kr. málið, eða kr. 1620.38 minna alla veiði skipsins en hann hefði fengið, ef stefndu hefðu tekið við síldinni fyrir umsamið verð (8.00 kr. málið), og af Huginn II. 80,44 mál fyrir sama verð, en vegna samningsskipa, sem þá kröfðust að komast að Síldarverksmiðjum ríkisins, varð Huginn II. frá að hverfa, og lét stefnandi þá báta sína leggja upp í Krossanesi, Huginn II. 661,21 mál á 7 kr. málið, eða kr. 661.21 minna en nam lofuðu verði hjá stefndum, Huginn III. 774,95 mál við sama verði, eða kr. 774.95 minna en hið lofaða verð hjá stefndum, eða alls kr. 3217.42 minna en hið lofaða verð. Olíukostnað við Krossanesferð 2ja skipa telur stefnandi nema 70.00 kr., og verður að telja hann hæfilegan og símakostnað kr. 80.75, sem eigi hefir verið mótmælt sérstaklega fyrr en eftir að öflun gagna og synjana (svo) var lokið. Alls verða því hinar umkröfðu beinu skaðabætur kr. 3368.17, en auk þess er bótakrafa fyrir veiðitap, kr. 8730.16.

Að því er hinar beinu bótakröfur snertir, þá verður að telja þær eðlilegt tjón af neitun stefndra á að taka á móti síldinni. Að vísu hefði beint tap orðið minna, ef stefnandi hefði farið með síldina til Krossaness og selt hana þar alla fyrir 7.00 kr. málið. En þess verður eigi krafizt af stefnanda, að hann fari til Krossaness, sem mundi hafa tekið hann um 6 klt.., til þess að selja síldina þar, ekki sízt þar sem það mundi hafa tekið stefnanda um 2 klt. lengur að ná á veiðisvæðið frá Krossanesi en frá Siglufirði, eða alls hefðu skip stefnanda tafizt við þá ferð um 8 klt., og sama gildir, jafnvel þótt eitthvað minni töf væri. Það er alkunna, að þegar eins og þarna átti sér stað, veiðiveður og aflavon er, þá er stefnanda réttmætt að leggja aðaláherzlu á að komast sem fyrst af stað til veiða aftur. Fárra

klukkutíma veiðitilraun eða einn skemmri (svo) getur gefið fullfermi, ef heppnin er með, og er þá auðsætt, að eigi getur komið til mála að gera aðilja eins og stefnanda að skyldu að elta hæsta verð, þegar jafnlangt er milli losunarstöðva og Krossaness og Siglufjarðar. Afleiðing þessa verður því, að rétt verður að telja, að stefndum sé skylt að bæta stefnanda allt beint umkrafið tjón, kr. 3368.17. Að því er aflatjónið snertir, þá hefir stefnandinn að vísu fært nokkrar líkur fyrir, að meðalveiði nokkurra tilgreindra skipa, er veiddu síld á sömu slóðum og skip stefnanda, hafi ekki verið undir því síldarmagni, sem stefnandi leggur til grundvallar útreikningi aflatjónsins, en líkur þessar eru þó eigi það sterkar, að hægt sé að byggja á þeim dóm um réttmæti kröfu upphæðar stefnanda fyrir aflatjóni þegar af þeirri ástæðu, að í máli þessu hefir stefnandi ekkert upplýst um, hve mörg skip, auk umræddra tilgreindra skipa, voru um þetta leyti á sömu slóðum og hvort þau veiddu nokkuð eða ekkert, en við það mundi breytast meðaltalsafli skipanna og því um leið grundvöllur útreiknings aflatjónsins. En þegar vantar slíkan grundvöll, sem eðlilegast hefði verið að byggja á, ef nægar upplýsingar hefðu verið fyrir hendi um veiði allra skipa á sömu slóðum á þeim tíma, er skip stefnanda töfðust af völdum stefndra, þá er varla tryggilegri grundvöllur að byggja á aflatjónið en reikna, hve langan tíma skip stefnanda töfðust af því, að stefndir tóku ekki á móti síldinni, athuga meðaltalsveiði skipa stefnanda á klukkutíma hvern í júní 1937. Kemur þá í ljós, eins og liggur fyrir í málinu, að á jafnlöngum tíma í júní — að meðaltali — eins og þau töfðust frá veiðum vegna neitunar stefndra að taka á móti síldinni, hafi þau aflað um 350 mál síldar, eða með lofuðu verði a. m. k. misst af veiði fyrir 2800 kr. Þar sem það hinsvegar verður að teljast viðskiptalífinu mesta nauðsyn, að aðili fái það aflatjón bætt, er hlýzt af því, að gagnaðili vanheldur samning eða samkomulag, verður að telja, að hæfilegt sé, eins og mál þetta liggur fyrir, að meta aflatjónið 2800 kr., eða alls eigi stefndir að greiða stefnanda kr. 6168.17.

Í vexti greiði stefndir 5% af tildæmdri upphæð frá 17. marz 1938.

Í málskostnað greiði stefndir stefnanda kr. 600.00.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndir, Steindór Hjaltalín, útgerðarmaður, og Snorri Stefánsson, vélstjóri, báðir Siglufirði, greiði stefnandanum, Jóni Fannberg, framkvæmdarstjóra, f. h. H/f Huginn, Ísafirði, kr. 6168.17 með 5% vöxtum frá 17. marz 1938 og 600.00 kr. í málskostnað. Hið ídæmda ber að greiða innan 3ja sólarhringa frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1940.

Nr. 84/1938. **Benedikt Benediktsson**
gegn
Sigurði Ólasyni f. h. skrifstofu ríkisspítalanna

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Benedikt Benediktsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1940.

Nr. 119/1939. **Andersen & Lauth h/f**
gegn
Franz Jezorski

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Andersen & Lauth h/f, er eigi mætir

í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Franz Jezorski, er hefir látið mæta í málinu, 20 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. marz 1940.

Nr. 124/1939. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Sigurði Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Sigurður Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna

Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. okt. 1939.

Ár 1939, fimmtudaginn 19. október, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni í forföllum lögreglustjóra af fulltrúa hans Einari Arnalds, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1388/1939: Valdstjórnin gegn Sigurði Jónssyni, sem tekið var til dóms 11. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Jónssyni, bifreiðarstjóra, Hringbraut 74 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 31. október 1900, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1927 $\frac{2}{9}$ Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Málið afgr. til dómara.

1930 $\frac{2}{9}$ Áminning fyrir brot á umferðarreglum.

1932 $\frac{6}{8}$ Áminning fyrir brot á reglum um próf bifreiðarstjóra.

1932 $\frac{15}{10}$ Sætt: 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1932 $\frac{7}{12}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

1933 $\frac{3}{10}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 kr. sekt og svipting ökuskírteinis í 3 mánuði fyrir brot gegn 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. laga nr. 70 1931 um notkun bifreiða og 20. gr., 11. gr. sbr. 32. gr. og 13. gr. sbr. 27. gr. 2. tl. áfengislaga nr. 64 1930.

1934 $\frac{19}{12}$ Sætt: 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1935 $\frac{6}{5}$ Sætt: 15 kr. sekt fyrir að hafa of marga farþega í bifreið.

1936 $\frac{12}{3}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 $\frac{2}{12}$ Sætt: 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1938 $\frac{2}{1}$ Áminning fyrir brot á umferðarreglum.

1938 $\frac{3}{1}$ Undir rannsókn fyrir meint áfengislaga- og bifreiðalagabrot. Sök sannaðist ekki.

1939 $\frac{2}{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 200 kr. sekt

og svipting ökuskírteinis æfilangt fyrir ölvun við bifreiðarakstur. Staðfest í hæstarétti 27. september 1939.

Laust fyrir kl. 1 aðfaranótt sunnudagsins 28. maí s. l. var lögreglan beðin að koma á Hringbraut 74. Lögreglan fór þegar þangað og tók þar kærða í máli þessu, sem var mjög ölvaður og svo illur, að kona hans óskaði eftir, að lögreglan tæki hann burt. Var kærði fluttur á Landspítalann og tekið þar sýnishorn af blóði hans, sem við rannsókn reyndist 1,95‰ að áfengismagni. Síðan var kærði fluttur í fangahúsið.

Er lögreglan kom að Hringbraut 74, veitti hún því eftirtekt, að bifreið kærða, R. 771, stóð fyrir utan húsið, og einn lögregluþjónanna, Pétur Kristinsson, hefir borið, að hann hafi veitt því sérstaka athygli, að vatnskassi bifreiðarinnar var volgur.

Skömmu áður, eða kl. 0,30, var lögregluþjónninn Páll Guðjónsson staddur á Hringbraut skammt frá húsinu nr. 74 og átti þar tal við Berg Lárusson, bifreiðarstjóra. Var þá kallað til Páls, og um leið kom kvenmaður út úr bifreiðinni R. 771, sem stóð fyrir framan Hringbraut 74, en karlmaður gekk frá bifreiðinni og að húsinu nr. 74. Stúlku þessari, sem heitir Sigríður Þorgeirsdóttir, fylgdi Páll síðan heim. Hefir Sigríður borið fyrir rétti og staðfest þann framburð sinn með eiði, að hún hafi hitt kærða umræddan laugardag kl. 6½ í Lækjargötu, og ók þá kærði bifreiðinni R. 771. Bauð kærði henni upp í bifreiðina, og ók hún með honum hingað og þangað fyrir innan bæinn, þar til kl. um 0,30, að haldið var heim til kærða. Meðan á þessum akstri stóð, ber vitnið Sigríður, að þau hafi drukkið úr þriggja pela flösku af brennivíni og að kærði hafi verið orðinn mjög drukkinn, er þau komu heim til hans að húsinu nr. 74 við Hringbraut. Vildi kærði fá hana með valdi inn til sín, en Sigríður kallaði þá á lögregluþjón, sem þar var staddur, og hljóp þá kærði út úr bílnum og inn til sín.

Vitnið Bergur Lárusson, bifreiðarstjóri, hefir borið, að laust eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 28. maí s. l. hafi það gengið upp að húsinu nr. 74 við Hringbraut og þá ekki séð þar neina bifreið. Gekk vitnið síðan dálítið frá húsinu og fór að vinna þar við bifreið. Er vitnið hafði unnið við bifreiðina um 15 mínútur, þá veitir það því at-

hygli, að bifreiðin R. 771 er nú stödd fyrir framan húsið nr. 74 við Hringbraut. Litlu síðar kom út úr bifreiðinni stúlka og kallaði í lögregluþjón, sem hafði staðið og talað við vitnið nokkra stund. Vitnið veitti því eftirtekt, að auk stúlkunnar var karlmaður í bifreiðinni, en ekki sá það fleira fólk. Um leið og stúlkan kom út úr bifreiðinni, sá vitnið karlmann ganga út úr henni og að húsinu nr. 74 við Hringbraut.

Kærði hefir haldið fram, að hann hafi laugardaginn 27. maí s. l., kl. um 5½, ekið með fólk suður á Vatnsleysuströnd, verið lengi í ferðalagi þessu vegna ólags á bifreiðinni, en að því loknu ekið beint heim til sín, skilið bifreiðina þar eftir, tekið swisslykilinn úr henni og ekki hreyft hana til aksturs eftir það, heldur farið niður í kjallara í húsi sínu og byrjað þá fyrst að drekka áfengi þenna dag. Síðan segist kærði hafa farið upp í íbúð sína og muna ekkert úr því, þar til hann raknar við í fangahúsinu. Kærður hefir ekki getað munað, hvað klukkan hafi verið, þegar hann kom heim til sín úr fyrrgreindu ferðalagi, né hefir hann getað gert frekari grein fyrir farþegum sínum en að þeir hafi verið kvenmaður og 2 karlmenn.

Eins og atvikum hefir verið lýst, verður að telja fullsannað, þrátt fyrir neitun kærða, að hann hafi ekið bifreið sinni, R. 771, umrætt laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudags 27. og 28. maí s. l. og verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Hefir kærði með því gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Sigurður Jónsson, sæti 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. marz 1940.

Nr. 98/1937. **Hjalti Benónýsson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Þóru Guðmundsdóttur
(Sveinbjörn Jónsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir uppkveðið Þórhallur Sæmundsson, lögreglustjóri á Akranesi.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1937, hefir krafizt þess, að hann verði sýkn dæmdur af kröfum stefndu, nema hún staðfesti það með eiði sínum, að hún hafi ekki haft samfarir við nokkurn annan karlmann á getnaðartíma barns hennar, Björgvins Sævars, er fæddist 4. nóv. 1932, en áfrýjanda. Stefnda hefir *aðallega* krafizt staðfestingar á héraðsdóminum, en *til vara*, að faðerni barnsins verði látið velta á því, að hún staðfesti það með eiði sínum, að hún hafi haft samfarir við áfrýjanda á tímabilinu frá 6. jan. 1932 til 25. marz s. á., og til *þrautavara*, að faðerni barnsins verði látið velta á slíkum eiði sem í kröfu áfrýjanda greinir. Loks krefst stefnda málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti, svo sem málið væri ekki gjafvarnarmál, en gjafvörn fékk hún með bréfi

dómsmálaráðuneytis og sér skipaðan talsmann 25. apríl 1939.

Það má telja ágreiningslaust í málinu, að aðiljar hafi samrekkt, svo sem þau væru hjón, frá 6. jan. 1932 til 3. febr. s. á. jafnan, þegar áfrýjandi var í landi. Er líklegt, að fyrrnefnt barn stefndu sé komið undir um mót mánaðanna janúar og febrúar 1932, og er því ljóst, að áfrýjandi getur tímans vegna verið faðir þess. Hinsvegar er það komið fram í málinu, að stefnda, sem var stödd hér í Reykjavík þann 3. febrúar 1932, fylgdist þá með Ágústi nokkrum Benjamínssyni inn í herbergi hans á Hótel Heklu hér um kl. 10½ að kveldi og dvaldist þar hjá honum einum þar til kl. 1½ um nóttina. Kveða þau, að Ágúst þessi hafi verið svo ofurölvi þetta kveld, að hann hafi bráðlega sofnað. Kveðast þau, stefnda og Ágúst, ekki hafa haft samfarir að þessu sinni, en yfir honum sofandi kveðst stefnda hafa setið svo lengi sem fyrr segir. Þar á móti hafa þau bæði játað sig hafa komið saman að líkamslosta um mánaðamótin maí—júní 1932, er stefnda var hér í bænum, þá orðin barnshafandi fyrir löngu.

Rannsókn á blóði barnsins, stefndu og mannanna tveggja útilokar hvorugan þeirra frá faðerni þess.

Vegna hinna grunsamlegu kynna stefndu og téðs Ágústs, um það leyti sem barnið virðist vera getið þykir ekki fært að dæma áfrýjanda óskorað föður barnsins. Virðist því rétt að láta málsúrslitin að því leyti velta á eiði stefndu, þannig að áfrýjandi skuli talinn faðir áðurnefnds barns hennar, ef hún staðfestir það með eiði sínum, unnum eftir löglegan undirbúning á lögmæltu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá og með 1. jan. 1932 til og með 10. marz s. á. ekki

haft samfarir við aðra menn en áfrýjanda. Ef stefndu verður eiðfall, skal áfrýjandi vera sýkn af faðerniskröfu hennar, en skylt skal honum þó að gefa með barninu samkvæmt úrskurði yfirvalds, og þykir þetta atriði mega felast í kröfum þeim, er fram hafa komið í málinu.

Ef stefnda vinnur eiðinn, þá greiði áfrýjandi henni samtals 250 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum. Ef stefndu verður þar á móti eiðfall, þá skal málskostnaðarákvæði héraðsdómsins vera óraskað, en málskostnaður fyrir hæstarétti falla niður, enda greiðist þá málflutningsþóknun talsmanns stefndu, 150 krónur, úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnda, Þóra Guðmundsdóttir, vinnur þess eið eftir löglegan undirbúning á lögmæltu varnarþingi og innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi ekki á tímabilinu með og frá 1. jan. 1932 til og með 10. marz s. á. haft holdlegar samfarir við aðra menn en áfrýjanda, Hjalta Benónýsson, þá skal hann telja föður að barni hennar, Björgvini Sævari. En ef stefndu verður eiðfall, þá á áfrýjandi að vera sýkn af barnsfaðerniskröfu hennar, en skylt skal honum þó að greiða meðlag með fyrrnefndu barni samkvæmt úrskurði yfirvalds.

Ef stefnda vinnur eiðinn, þá greiði áfrýjandi henni samtals 250 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum. Ef stefndu verður eiðfall, skal málskostnaðarákvæði héraðsdómsins vera ó-

raskað, en málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, enda greiðist þá þóknun talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, Sveinbjarnar hæstaréttarmálflutningsmanns Jónssonar, 150 krónur, úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Ytri-Akraneshrepps 31. maí 1937.

Mál þetta hefir kærandinn, Þóra Guðmundsdóttir, krafizt, að væri höfðað á hendur Hjalta Benónýssyni, vélstjóra, til heimilis í Melbæ á Akranesi, og hefir kærandi gert þær kröfur, að kærði, Hjalti Benónýsson, viðurkenni faðerni sveinbarnsins Björgvins Sævars, sem kærandi, Þóra Guðmundsdóttir, ól þann 4. nóvember 1932, en fáist viðurkenningin ekki, krefst hún, að kærði verði dæmdur faðir barns þessa, eða til vara, að henni verði tildæmdur eiður í málinu, ef það veltur á eiði annarshvors aðilja.

Tildrög málsins eru þau, sem greind verða hér á eftir: Hinn 4. nóvember árið 1932 ól kærandinn, Þóra Guðmundsdóttir, nú til heimilis á Sólheimum á Akranesi, sveinbarn á fæðingardeild Landspítalans í Reykjavík, og hlaut það í skírninni nafnið Björgvin Sævar. Föður að barni þessu lýsti hún þá strax kærða í þessu máli, Hjalta Benónýsson, vélstjóra, þá til heimilis í Hábæ á Akranesi. Kærði gaf aldrei formlega viðurkenningu fyrir því, að hann væri faðir barns þessa, en virðist þó ekki hafa þrætt fyrir faðernið í fyrstu og jafnvel hafa álitið sig föður að barninu fyrst í stað, en síðar, þegar samkomulag fékkst ekki við barnsmóðurina, kærandann í málinu, um það, að hún færi að búa með honum aftur, hafi hann farið að draga í efa og jafnvel neitað því, að hann væri faðir barnsins.

Það er upplýst í málinu og viðurkennt af báðum málsaðiljum, að þau, kærði og kærandi, bjuggu saman eins og hjón tímabilið frá 6. janúarmánaðar árið 1932 til 25. marz sama ár, og að þau hafi þráfaldlega á tímabilinu frá 6. jan. 1932 til 3. febr. 1932 haft samfarir, sem leitt gætu til barnsgetnaðar. Það er ennfremur upplýst og viðurkennt af báðum aðilj-

um, að kærði hafi strax sama haustið, sem barnið fæddist, greitt til barnsmóðurinnar í þrennu lagi alls kr. 180.00 upp í barnsfarakostnað og barnsmeðlag með þessu barni kæranda og að kærði hafi síðar greitt kæranda upp í meðlag með barninu, að því er virðist, alls kr. 48.00 í fjórum greiðslum.

Kærandi heldur því fram, að þau, hún og kærði, hafi sofið saman og haft þráfaldlega holdlegar samfarir allt tímabilið frá 6. janúar 1932 til 25. marz 1932, og hefir kærði viðurkennt, að þau hafi búið saman tímabilið frá 3. febr. 1932, en að það tímabil hafi þau ekki haft holdlegar samfarir, en viðurkennir, að þesskonar samfarir hafi þau oft haft á tímabilinu 6. janúar 1932 til 3. febrúar 1932. Segir kærði, að kærandi hafi eftir þann tíma verið sér fráhverf, unz þau skildu samvistir 25. marz sama ár. Þessa breytingu á háttalagi kæranda kennir hann því, að hún hafi hitt gamlan kunningja sinn, Ágúst Benjamínsson, sem óupplýst er nú, hvar er niður kominn, á Hótel Heklu í Reykjavík og setið hjá honum eitt kvöld, 2. eða 3. febrúar 1932, einsömul á herbergi hans þar. Kærandi viðurkennir, að rétt sé, að hún hafi hitt mann þenna í Reykjavík 3. febrúar 1932 og setið hjá honum frá kl. hálf ellefu um kvöldið til kl. að ganga tvö um nóttina, en neitar því algerlega, að þau hafi haft holdlegar samfarir í það skipti eða endranær.

Þar eð ekki þykir líklegt, að unnt sé að leiða fullar sannanir að því, sem hér er um deilt, og þar eð móðirin, kærandi í þessu máli, strax áður en barnið fæddist, sneri sér til kærða sem barnsföður síns, og kærði, sem strax reyndi eftir fremstu getu að láta kæranda hafa næga peninga til að greiða sjúkrahúsvist hennar vegna barnsfaranna og læknishjálp, virðist aldrei hafa þrætt fyrir að vera faðir að barni þessu fyrr en nú fyrir réttinum, þar við bætist, að kærði hefir verið fremur óreglusamur og nokkrum sinnum verið sektaður fyrir ofbeldi og drykkjuslark árin 1932 til 1934, þykir framburður kærða í þessu máli í mesta lagi tortryggilegur og ólíklegur, sérstaklega neitun hans á því, að þau, kærði og kærandi, hafi ekki haft holdlegar samfarir tímabilið frá 3. febr. 1932 til 25. marz 1932, og sváfu þau þó saman eins og hjón þetta tímabil, að því er kærandi ómótmælt hefir haldið fram í málinu.

Dvöl kæranda hjá Ágústi þessum Benjamínssyni á

Hótel Heklu ⅜ 1932 og ummæli kæranda — sögð í bræði eftir ítrekaðar móðganir og ruddalega framkomu kærða gegn henni eftir samvistaslit þeirra síðast í marz 1932, þar sem upplýst er, að kærði braut upp hirzlur kæranda til að leita og taka aftur allt það, sem hann hafði gefið henni á samvistartímanum, og sáttafundur hafði verið haldinn milli þeirra útaf þessu — þykja eftir öllum atvikum nægilega útskýrð og afsökuð með því, sem kærandinn hefir borið í málinu um þessi atriði.

Hinsvegar þykir ekki þurfa að láta úrslit þessa máls vera komin undir eiði aðilja, þar sem viðurkennt er af kærða, að hann hafi þráfaldlega haft holdlegar samfarir við kæranda á tímabilinu frá 6. jan. 1932 til ⅜ 1932, og ennfremur er sannað og viðurkennt, að kærði og kærandi bjuggu saman og sváfu í sama herbergi ein síns liðs tímabilið frá ½ 1932 til 25/3 1932, og kærandi skýrir frá, að þau hafi einnig þetta tímabil þráfaldlega haft holdlegt samræði, en kærði neitar þessu, enda þótt hann hafi viðurkennt, að þau hafi á samvistartíma sínum frá 9/1 1932 til ⅜ 1932 oft haft holdlegar samfarir, og hann þar að auki strax kom fram svo sem hann ætlaði sér að gangast við faðerni barnsins og greiddi henni strax kr. 180 til sjúkrahúsvistar o. fl. kostnaðar af barnsförunum, þá þykir með öllu þessu nægilega sannað, að kærði sé faðir barnsins Björgvins Sævars og að ekki verði hjá því komizt að dæma hann föður þess, sbr. lög nr. 46 1921, 14. gr., enda var barnið fætt fullburða, að því er barnsmóðirin hefir óvéfengt skýrt frá, og tímamark það, sem samfarir kæranda og kærða áttu sér stað á, kemur heim við þann tíma, sem ætla má, að barnið hafi verið getið.

Kostnað málsins þykir rétt að dæma kærða til að greiða með kr. 20.00 — tuttugu krónum —.

Á máli þessu varð allmikill dráttur, sem stafaði m. a. af fjarvist dómarans í eins mánaðar tíma á því tímabili, þegar málið var undir dómi.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hjalti Benónýsson, skal teljast faðir sveinbarnsins Björgvins Sævars, sem Þóra Guðmundsdóttir, kærandi þessa máls, ól á Landspítalanum í Reykjavík hinn 4. nóvember árið 1932.

Málskostnað skal kærði, Hjalti Benónýsson, greiða kæranda með kr. 20.00 — tuttugu krónum —.
Dóminum að (svo) fullnægja að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 11. marz 1940.

Nr. 17/1939. **Alfred Nielsen** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Camillu Petersen
(Einar B. Guðmundsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af fulltrúa lögmannsins í Reykjavík Kristjáni Kristjánssyni.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1939, krefst þess, að úrslit þess verði látin velta á eiði sínum og að honum verði dæmdur málskostnaður af stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda, sem fengið hefir gjafvörn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, krefst þess hinsvegar, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Rannsókn á blóði aðilja og barns stefndu hefir farið fram með þeim lyktum, að áfrýjandi getur verið faðir barnsins.

Hér fyrir dómi hefir það verið leitt í ljós, að vitnið Margrét Olga Einarsdóttir var frá 27. maí til 25. júní 1937 vinnukona á Grund við Langholtsveg í námunda við Undraland.

Í máli þessu hafa að vísu komið fram nokkrar

líkur gegn því, að samfundur aðilja, sá er í héraðsdóminum getur, hafi farið fram 13. júní 1937, en hinsvegar bendir vitni þeirra Margrétar Olgu og Níels Níelssonar eindregið til þess, að nefndur samfundur hafi orðið á getnaðartíma barnsins. Að svo vöxnu máli þykir samkvæmt 213. gr. laga nr. 85 frá 1936 rétt að láta úrslit málsins velta á eiði stefndu, þannig að ef hún vinnur eftir lögmætan undirbúning á lögmæltu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við áfrýjanda á tímabilinu frá 5. maí til 16. júlí 1937, að báðum dögunum meðtöldum, þá skal hann talinn faðir að barni því, er hún ól 12. marz 1938, enda greiði hann þá meðlag með barninu og stefndu barnsfarakostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds. Þá skal og áfrýjandi greiða stefndu málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 250.00.

Fallist stefnda á eiðnum, þá á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, enda greiði hún honum þá samtals kr. 250.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Þá skal og málflutningsþóknun talsmanns stefndu, kr. 120.00, greiðast úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnda, Camilla Petersen, vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á lögmæltu varnarþingi, að hún hafi á tímabilinu frá og með 5. maí til og með 16. júlí 1937 haft holdlegar samfarir við áfrýjanda, Alfred Nielsen, þá skal hann talinn faðir barns þess, sem stefnda

ól þann 12. marz 1938, enda greiði áfrýjandi þá meðlag með barninu og stefndu barnsfarakostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds. Ef stefnda vinnur eiðinn, þá greiði áfrýjandi henni samtals kr. 250.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Fallist stefnda á eiðnum, á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún honum þá samtals kr. 250.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Þá skal og málflutningsþóknun talsmanns stefndu, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 120.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. des. 1938.

Þann 12. marz þ. á. ól ógift stúlka að nafni Camilla Petersen, til heimilis á Öldugötu 44 hér í bænum, fullburða sveinbarn. Föður að þessu barni sínu hefir barnsmóðirin tilnefnt Alfred Nielsen, til heimilis á Bárugötu 18 hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannazt við faðernið, og er því mál þetta eftir ósk barnsmóður höfðað gegn honum, og hefir hún gert þær réttarkröfur, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfarakostnað til sín svo og styrk fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds og loks málskostnað að skaðlausu.

Kærandi og kærður eru sammála um það, að þau hafi kynnzt fyrir nokkrum árum og að þau kvöld eitt 1937 hafi hitzt niður í bæ ásamt þeim Niels Nielssyni, bifreiðarstjóra, og stúlku að nafni Margréti Olgu Einarsdóttur. Hefir kærandi haldið því fram, að þetta hafi verið 13.

júní f. á., en kærður hefir hinsvegar haldið því fram, að það hafi verið 29. marz f. á. eða á annan í páskum. Að öðru leyti eru aðiljar sammála um það, að þau ásamt hinum tveimur hafi farið heim til kærðs og dvalið þar, að því er kærður hefir upplýst, á að gizka 1—1½ klukkutíma. Þá eru þau sammála um það, að þau hafi vikið út úr herberginu, og heldur kærður því fram, að hann hafi aðeins vísað kæranda á „tojlettið", en man ekki, hvort hann sýndi henni líka páfagauka, sem eru í húsinu, en kærandi heldur því fram, að þau hafi farið inn í annað herbergi og þar hafi þau haft holdlegar samfarir og við þær samfarir sé barn þetta getið.

Við vitnaleiðslu þá, er fram hefir farið í málinu, verður helzt að ætla, að þessir samfundir kæranda og kærðs hafi átt sér stað á tímabilinu frá 14. maí til 16. eða 17. júní f. á., og byggist það á þeirri staðreynd, að aðeins þann tíma er vitnið Margrét Olga Einarsdóttir vinnukona á Undralandi, en samkv. samhljóða framburði hennar og vitnisins Nielsar Nielssonar ók hann henni þangað eftir dvöl þeirra hjá kærðum, og verður því í því tilfelli að ætla, að kærandi hafi réttara fyrir sér en kærður. Hinsvegar verður ekki talið sannað gegn eindregnum mótmælum kærðs, að þau hafi haft holdlegar samfarir í þetta umrædda skipti, og er því ekki unnt að dæma kærðan föður barnsins, og þar sem ekki er sannað, að kærandi hafi haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn á getnaðartíma barnsins, verða úrslit þessa máls að vera komin undir eiði annarshvors aðilja. Þykir eftir atvikum rétt að láta úrslit þessa máls vera komin undir eiði kæranda, þannig, að vinni hún eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan á tímabilinu frá 14. maí til 30. júní 1937, þá skal hann teljast faðir að barni því, er hún ól þann 12. marz 1938. Þá greiði hann og meðlag með barninu og barnsfarakostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofelldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Camilla Petersen, eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan, Alfred Nielsen, á tímabilinu 14. maí til 30. júní 1937, þá skal hann teljast faðir að barni því, er hún ól þann 12. marz 1938. Þá greiði hann og meðlag með barninu og barnsfarakostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds og kr. 20.00 í málskostnað.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofelldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, og málskostnaður falli þá niður.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. marz 1940.

Nr. 105/1938. **Gunnar Ólafsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Kristjáni Linnet (Enginn).

Meiðyrðamál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Birni P. Kalman hæstaréttarmálflutningsmanni, setudómara í málinu.

Áfrýjandi hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 11. október 1938 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. s. m. Krefst hann aðallega sýknunar, en til vara, að dæmd sekt verði lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta í hæstarétti, enda þótt honum hafi verið löglega stefnt.

Málið hefir því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum.

Í sóknarskjali áfrýjanda hér fyrir dómi hefir um efni málsins aðeins verið vikið að því, hvort stefndi hafi réttilega krafið og tekið við hinum svonefndu „klareringargjöldum", er hann hefir sett á reikninga frá embættisskrifstofu sinni til ýmissa skipa, er höfnuðu sig í umdæmi hans. Það verður að vísu að telja óviðeigandi, að stefndi færði gjöld þessi á embættisreikninga, svo sem þau væru lögmælt gjöld. En hinsvegar þykir ekki sannað í málinu, að stefndi hafi tekið gjöld þessi, án þess að komið hafi á móti af hans hendi nægilegt gagngjald, er ekki var embættisskylda hans að láta í té. Eru því ummæli áfrýjanda um þetta atriði ekki nægilega réttlætt.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Með því að ekki er mætt af hálfu stefnda, fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 2. okt. 1937.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir aukarétti Vestmannaeyja með stefnu, útgefinni 26.

maí 1936, af bæjarfógeta Kristjáni Linnet hér í bæ gegn Gunnari Ólafssyni, kaupmanni hér í bænum, útaf ummælum, sem birtust í 17. tbl. VII. árg. vikublaðsins „Víðis", sem út kom 16. jan. 1935, að því er á nefndu tölublaði stendur, sem á að vera 1936, en ummælin voru í grein, undirritaðri af Gunnari Ólafssyni, með fyrirsögninni: „Um samtal þeirra Guðlaugs Br. Jónssonar og Kr. Linnets bæjarfógeta í tveimur síðustu blöðum Víðis", og ennfremur er málið höfðað út af ummælum, sem birtust í 256. tbl. 22. árg. dagblaðsins Morgunblaðsins, sem út kom 7. nóv. 1935, en þau ummæli voru í grein, undirritaðri af Gunnari Ólafssyni, með fyrirsögninni: „Um söguburð bæjarfógetans í Vestmannaeyjum."

Ummæli þau í Víði, sem stefnandi telur ærumeiðandi og móðgandi um sig, eru svo látandi:

1. „Ekkert annað en það, sem hér er talið, mega lögreglustjórar taka í eigin vasa lögum samkvæmt frá aðkomuskipum, enda var það aldrei gert hér, áður en núverandi lögreglustjóri kom hingað.

Það eru því, mér liggur við að segja, undur og býsn, að bæjarfógetinn skuli leyfa sér að bera það á fyrirrennara sína í embættinu, að þeir hafi tekið meira en lögin heimiluðu, því hann hlýtur að gera það gegn betri vitund."

2. „Nú segir bæjarfógeti í fyrrnefndri grein sinni, að 20 króna gjaldið hafi verið fyrir „ýms verk, sem ekki fylgja embættinu og eru alger einkamál." Þetta segir hann beinlínis ósatt."

3. „Þá segir hann ennfremur, að 20 krónurnar séu fyrir að flytja sjúklinga í land og um borð aftur o. s. frv. Þetta segir hann einnig ósatt."

4. „Þér getið heldur ekki með réttu borið á móti því, að þegar ... þá tókuð þér það óyndisráð að koma því beint eða óbeint inn í lygamunna sama blaðs, að grunur lægi á mér eða firmanu fyrir tollsvik. Þér hafið að vísu tekið það aftur eða borið það ofan í sjálfan yður, eins og yður var skyldast ..."

Ummæli þau í Morgunblaðinu, sem stefnandi telur ærumeiðandi og móðgandi um sig, eru svo látandi:

1. „... hið svo nefnda „töskumál", er bæjarfógeti lætur fyrir skömmu málgagn sitt, Alþýðublaðið, flytja með stórlygum og aðdróttunum um tollsvik firmans Gunnar Ólafs-

son & Co. Það er auðséð, að þau „skötuhjúin“, bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum og Alþýðublaðið, eru í náinni samvinnu um þessa lygi, eins og fleiri, og mun því um þessa samvinnu mega segja, að þar hæfi „skel kjafti“.

2. „Annars er þessari mannleysu, bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum ...“

3. ... Ég sá ekki vottorð bæjarfógetans fyrr en ... En ég held, að vottorðið hafi verið ósatt, og styðst sú skoðun mín ... ef vottorðið væri rétt, en mér dettur alls ekki í hug, að svo sé, þá ber mér ...“

4. „En þessi skripaleikur, sem hér hefir verið leikinn, er ekki til annars en háðungar þeim, er leiknum stýrir,“

5. „... þótti rétt, að almenningur sæi, hvernig stóru (svo) sakirnar eru reknar í því héraði, þar sem stórsakirnar eru látnar liggja árum saman, án þess að við þeim sé hróflað, eins og kunnugt er.“

Það athugast, að niðurlagsorð 3. liðar hér næst á undan, „þá ber mér ...“ standa ekki í hinni prentuðu grein. En þetta atriði skiptir ekki máli um efnið.

Stefnandi, Kr. Linnet, hefir krafizt þess, að hin framangreindu ummæli verði dæmd dauð og ómerk, að stefndur verði dæmdur í sekt fyrir þau svo og greiðslu málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefndur, Gunnar Ólafsson, hefir í fyrstu vörn sinni mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og síðar krafizt, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Byggir stefndur sýknukröfu sína sumpart á því, að hin átöldu ummæli séu ekki ærumeiðandi eða móðgandi, og sumpart á því, að þau séu sönn.

Í þremur fyrstu umstefndu liðum úr Víðisgreininni er því dróttað að stefnanda, að hann sem lögreglustjóri taki ólöglega fé í sinn vasa af aðkomuskipum. Telur stefndur, að stefnandi hafi gert það með því að setja á reikning skipanna frá embættinu gjald, um 20 kr., er hann nefni „klareringu“. Það hefir verið upplýst í málinu, meðal annars með vitnaframburði Georgs Gíslasonar og á annan hátt, að gjald þetta hefir verið heimt fyrir aðstoð, veitta skipunum af stefnanda eða umboðsmönnum hans, embætti hans óviðkomandi, og að gjald þetta hafi gengið til umboðsmanna stefnanda og aðeins að litlu leyti til stefnanda sjálfs fyrir sérstakt ómak hans, embættinu óviðkomandi. Það er og

upplýst, að fyrrverandi tollvörður hér annaðist samskonar störf fyrir þýzka togara og fékk greidda þóknun fyrir þau frá umboðsmanni þeirra hér. Það er og upplýst, að Eimskipafélag Íslands h/f, sem stefndur er umboðsmaður fyrir, vildi eitt sinni fá „klareringargjöld" þessi endurgreidd, en féll frá þeirri kröfu. Var stefnda sérstaklega kunnugt um þetta atriði.

Hin umstefndu ummæli hér að lútandi eru meiðandi fyrir stefnanda og hafa ekki verið réttlætt, og ber því að taka kröfu stefnanda um ómerkingu og refsingu fyrir þau til greina.

Þá er 4. liður umstefndra ummæla í Víðisgreininni svo og 1.—5. liður umstefndra ummæla í Morgunblaðsgreininni móðgandi fyrir stefnanda, sumpart beint að efni og sumpart vegna sambands þeirra í greininni. Þau hafa ekki verið réttlætt. Ber því einnig að taka kröfu stefnanda um ómerkingu þeirra og refsingu fyrir þau til greina.

Refsing sú, sem stefndur hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin eftir 217. og 219. gr. sbr. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 250 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd, áður en aðfararfrestur er liðinn, 18 daga einfalt fangelsi. Svo greiði stefndur stefnanda kr. 60.00 í málskostnað.

Dráttur sá, er orðið hefir á dómsuppsögn í máli þessu, afsakast með langvarandi vesöld setudómarans.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind umstefnd ummæli og aðdróttanir skulu vera dauð og ómerk.

Stefndur, Gunnar Ólafsson, greiði kr. 250.00 sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd áður en aðfararfrestur er liðinn, 18 daga einfalt fangelsi.

Stefndur greiði stefnanda, Kr. Linnet, kr. 60.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. marz 1940.

Nr. 99/1939. **Sigurjón Einarsson f. h. eigenda b/v Garðars G. K. 25** (Theódór B. Líndal)
gegn
Benedikt Jónssyni, Karli Eyjólfssyni og Jóni Eyjólfssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Árekstur skipa.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. sept. 1939. Krefst hann *aðallega* sýknu, en *til vara* niðurfærslu dæmdrar fjárhæðar. Svo krefst hann þess og, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hvor krafan sem til greina yrði tekin.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu áfrýjanda er því ekki andmælt í hæstarétti, að skip hans, b/v Garðar, hafi rekizt á bát stefndu, v/b Lúðu, né heldur því, að tjón stefndu nemi fjárhæð þeirri, sem þeim var dæmd í héraði. Reisir áfrýjandi sýknukröfu sína á því, að bátur stefndu eigi einn sök á árekstrinum, en varakrafa hans er við það miðuð, að sök sé beggja megin og ábyrgð á tjóninu skiptist milli aðilja.

Það er upplýst í málinu, að stefndu höfðu varðljós á báti sínum á þeim tíma, er hér skiptir máli. Áfrýjandi hyggur, að ljósið hafi ekki getað sézt af b/v Garðari, vegna þess að bátverjar á v/b Lúðu hafi skyggt á það, en engar sennilegar líkur eru komnar fram fyrir því, að svo hafi verið. Orsök

árekstrarins verður að telja þá, að skipstjórnarmenn b/v Garðars hafi ekki veitt ljósinu athygli í tæka tíð og þess vegna ekki breytt um stefnu til að forðast ásiglingu. Verður því að mæla ábyrgð á tjóninu á hendur áfrýjanda einum. Vegna málflutningsins skal það tekið fram, að í þessu sambandi skiptir ekki máli, hvort v/b Lúða kynni samkvæmt siglingarreglum að hafa átt að bregða upp öðru ljósi til þess að sýna legu veiðarfæranna.

Samkvæmt framansögðu þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurjón Einarsson f. h. eigenda b/v Garðars G. K. 25, greiði stefndu, Benedikt Jónssyni, Karli Eyjólfssyni og Jóni Eyjólfssyni, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðarkaupstaðar 5. sept. 1939.

Ár 1939, þriðjudaginn 5. september, kl. 1,30 e. h., var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1/1939, en mál þetta var dómtekið hinn 6. júní síðastliðinn.

Auk setts bæjarfógeta Kristjáns Steingrímssonar áttu sæti í dóminum hinir skipuðu sjó- og verzlunardómsmenn: Magnús Bjarnason og Sigurður Guðnason.

Mál þetta, sem þingfest var hinn 7. marz s. l., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með réttarstefnu,

útgefinni 25. febr. síðastliðinn, af eiganda og útgerðarmönnum tr/b „Lúðu", þeim Benedikt Jónssyni, Jóni Eyjólfssyni og Karli Eyjólfssyni, öllum í Keflavík, gegn Sigurjóni Einarssyni, skipstjóra b/v „Garðars" G. K. 25, f. h. eigenda skipsins, Einars Þorgilssonar & Co.

Eru kröfur stefnanda þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim kr. 298.00 vegna skemmda á tr/b „Lúðu" og kr. 560.00 í aflatjón, eða samtals kr. 850.00 ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá stefnuútgáfudegi, hinn (svo) 25. febrúar 1939, til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu, er samkvæmt framlögðum reikningi nemur kr. 431.80.

Byggja þeir kröfur sínar á því, að hinn 15. nóvember 1938 hafi togarinn „Garðar" G. K. 25. rekizt á trillubátinn „Lúðu", þar sem báturinn var að draga ýsu-lóð í svokölluðum „Leir" fram af Keflavík ca. kl. 6,30 e. h.

Í sjóferðarskýrslu, sem þeir Karl og Jón Eyjólfssynir gáfu og staðfestu síðar fyrir réttinum, skýra þeir svo nánar frá greindum atburði:

„Þann 15. þ. m. fórum við í róður á trillubátnum „Lúðu" G. K. 220 fram í svokallaðan Leir kl. 6½ e. h. Vorum við að draga línuna. Sáum við þá, hvar togari kom, og virtist hann stefna nokkru fyrir norðan okkur. Þegar hann átti eftir ca. 500—600 faðma að okkur, breytir hann um stefnu og stefnir nú beint á bát okkar. Ljós var á trillubátnum, en vél hans gekk ekki nema á öðrum cylinder, svo við gátum ekki hreyft bátinn. Tókum við nú luktina og héldum henni svo hátt uppi sem við gátum, en togarinn, sem reyndist vera „Garðar" frá Hafnarfirði, tók samt ekki eftir okkur, og lentum við á stjórnborðskinnungi togarans, og brotnaði trillan talsvert bakborðsmegin. Stoppaði nú togarinn og hafði tal af okkur, en þar sem veður var sæmilegt, þurftum við ekki á hjálp hans að halda. Nokkru seinna gátum við komið vélinni í lag, og komum við til Keflavíkur kl. 7½ e. h. sama dag."

Þá skýrðu þeir svo frá um ljósaútbúnað sinn í réttinum, að þeir hafi haft hvítt luktarljós á stöng upp af stjórnborðskinnungi bátsins, ca. 5—6 fet yfir sjó. Segjast þeir hafa dregið línuna sem næst í hávestur.

Um veðrið, þegar áreksturinn varð, er það upplýst, að

dimmt var, en gott ljósaskyggni, harðnandi kaldi og lítilsháttar vindbára.

Stefndu hafa hinsvegar mótmælt stefnukröfunum og krafizt algerrar sýknu.

Byggja þeir stefnukröfuna (svo) á því:

1. að enginn árekstur hafi átt sér stað milli skipanna,

2. að ljósútbúnaður „Lúðu" hafi verið ólöglegur og ófullnægjandi.

Ad. 1. Rétturinn verður að líta svo á, að það sé sannað með vitnaskýrslu og öðrum gögnum í málinu, að árekstur milli greindra skipa hafi átt sér stað á þeim tíma, sem að framan greinir.

Ad. 2. Álit stefndu um það atriði er grundvallað á skýrslu og greinargerð skipstjórans á „Garðari". Hefir hann fyrst og fremst haldið því fram, að ljósaútbúnaður, slíkur sem að framan greinir, sé í sjálfu sér (almennt) ólögmætur og brjóti í bága við fyrirmæli alþjóðlegra siglingareglna, 9. gr. a, þar sem að „Lúða" var að draga línu sína, þegar árekstur inn varð. Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, að lína, sem liggur venjulega sem næst lóðrétt í sjó við drátt, geti alls ekki fallið undir þann veiðarfæraútbúnað, sem þar er lagður til grundvallar ljósaskyldunni.

Rétturinn verður að líta svo á, að sannað sé, að logað hafi á ljósi trillubátsins á því tímabili, sem þýðingu hefir í þessu sambandi.

En samkvæmt skýrslu skipverja á b/v „Garðar", þá telja þeir, að ljós trillubátsins hafi verið þeim ósýnilegt allt til þeirrar stundar, að árekstur inn varð.

Styðja þeir fullyrðingu sína með því, að þeir hafi alltaf séð ljós á öðrum bát, sem var þarna á sömu slóðum og þó fjær togaranum, og það enda þótt ljós þess trillubáts bæru í eða undir ljósin í Keflavík, en slík var stefna togarans líka, miðuð við „Lúðu", enda kveðst skipstjórinn hafa „verið kominn svo nálægt Keflavík, að hann hafi siglt sjónhendingu".

Hafa stefndu skýrt á þann hátt, að togarann hafi borið bakborðsmegin að trillubátnum, og að stefna hans hafi því verið sem næst í austur, þ. e. tr/b „Lúðu", og komi það eitt heim við það, að árekstur inn hafi orðið á bakborðskinnung trillubátsins. — En þá hafi sá, sem línuna dró, skyggt á ljósið. — En samkvæmt vitnisburði skipverja

þeirra, sem voru á trillubát þeim, er Garðarsmenn tjá sig hafa alltaf séð ljós á, þá hefir „Lúða“ dregið sem næst í hávestur og, eins og fyrr greinir, sáu þeir alltaf ljósið á „Lúðu“.

Rétturinn getur því heldur ekki sýknað stefndu á þeim grundvelli, hvernig ljósaútbúnaðir tr/b „Lúðu“ var háttað.

Þá hafa stefndu til vara krafizt þess, að tjóni útaf árekstrinum yrði jafnað á báða aðilja, en þar sem ekki hefir sannazt neitt um það, að skipverjar „Lúðu“ hafi ekki eftir atvikum gert það, sem góðum og skynsömum mönnum ber að gera til þess á síðustu stundu að forðast árekstur, þá verður að líta svo á, að í málinu liggi ekki fyrir neinn grundvöllur til skiptingar tjóninu.

Samkvæmt framangreindu verður rétturinn því að líta svo á, að stefndu verði að bera ábyrgð á tjóni því, er af árekstrinum leiddi, jafnframt því sem hann lítur svo á, að þótt togarinn hafi nálgazt tr/b „Lúðu“ á stjórnborða, þá sé það ekkert óeðlilegt, að trillubáturinn hafi snúizt svo af straumfalli togarans, að áreksturinn komi á bakborðshlið hans, sérstaklega af því báturinn var orðinn ferðlaus, þar sem þeir voru hættir að draga línuna.

Þá hafa stefndu loks mótmælt skaðabótakröfum stefnanda sem alltof háum, bæði aðalkröfunni og málskostnaðarreikningnum.

Krafan fyrir brot á skemmdum á bátnum og útbúnaði hans, að upphæð kr. 298.00, er byggð á matsgerð 2ja útnefndra manna og sundurliðast þannig:

Birðingsefni	kr.	40.00
Bandaefni o. fl.	—	15.00
Saumur og rær	—	17.00
Málning, tjara og verk (sic)	—	15.00
Árar	—	16.00
Vinna, 8 dagsverk	—	160.00
Lukt	—	35.00
Samtals	kr.	298.00

Mótmæla stefndu matsgjörðinni á þeim grundvelli, að þeir hafi ekki verið tilkvaddir að gæta réttar síns við matið. Hinsvegar hafa þeir ekki mótmælt henni sem óstaðfestri.

En þar sem að hinum einstöku liðum hennar hefir ekki

verið hnekkt með neinum sönnunargögnum, þá þykir rétt að miða bótaupphæðina að þessu leyti við niðurstöðu matsmannanna. —

Skaðabæturnar fyrir aflatjónið hafa stefnendur miðað við aflabrögð þess eina trillubáts úr Keflavík, sem stundaði sömu veiði á sömu slóðum og fór í 5 róðra, meðan að viðgerð fór fram á tr/b „Lúðu".

Þótt nú að stefnendur hafi leitt sterkar líkur fyrir því, að aflatjón þeirra muni, ef allt hefði gengið að fyllstu óskum, hafa getað numið kr. 560.00, þá þykir þó rétt að gæta fullrar varfærni á mati slíks tjóns, og þykja því bætur fyrir það hæfilega ákveðnar kr. 450.00.

Ber stefndu því að greiða stefnendunum skaðabætur, að upphæð kr. 748.00 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnuútgáfudegi, 25. febrúar 1939, til greiðsludags.

Samkvæmt framangreindu þykir því rétt að tildæma stefnendum aðeins kr. 300.00 í málskostnað.

Sjóveðréttar í b/v „Garðari" fyrir hinu ídæmda hefir eigi verið krafizt.

Dráttur sá, er orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af önnum dómsforsetans vegna þingaferða og undirbúnings undir þær, svo og þess, að dómendur allir þurftu að kynna sér málsskjölin.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurjón Einarsson f. h. eigenda b/v „Garðars" G. K. 25, Einars Þorgilssonar & Co., Hafnarfirði, greiði stefnendunum, Benedikt Jónssyni, Karli Eyjólfssyni og Jóni Eyjólfssyni, kr. 748.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 25. febrúar 1939 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. marz 1940.

Nr. 98/1939. **Sigurþór Jónsson og Ísleifur Jakobsson sem eigendur Veltusunds 1 og Hafnarstrætis 4** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Austurstræti 3 h/f og gagnsök (Garðar Þorsteinsson).

Ágreiningur um eignarrétt og umferðarrétt að gangræmu um lóðir.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa uppkveðið dómendur í merkjadómi Reykjavíkur, þeir Lárus Fjeldsted hæstaréttarmálflutningsmaður, Sigurður Thóroddsen yfirkennari og Georg Ólafsson bankastjóri.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. sept. f. á., hafa krafizt þess *aðallega*, að viðurkenndur verði óskoraður eignarréttur þeirra að gangræmu þeirri, sem liggur afgirt austanvert á lóðinni Austurstræti 3 og að lóðinni Austurstræti 5 frá Austurstræti að sunnan og að lóðamörkum Austurstrætis 3 annarsvegar og Veltusunds 1 og Hafnarstrætis 4 hinsvegar að norðan, en *til vara*, að þeim verði dæmdur óskoraður umferðarréttur yfir téða gangræmu. Þá krefjast þeir þess, að niður verði fellt ákvæði merkjadómsins um umferðarrétt gagnáfrýjanda yfir framhald gangræmu þessarar frá áðurnefndum lóðamörkum og yfir í Hafnarstræti. Svo krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefir málinu til hæstaréttar með stefnu 23. sept. f. á., hefir *aðallega* krafizt þess, að viðurkenndur verði kvaðalaus eignarréttur

hans að áðurnefndri gangræmu frá Austurstræti til fyrrgreindra lóðamarka, en *til vara*, að merkjadómurinn verði staðfestur. Svo krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Þann 14. ágúst 1898 seldi Landsbanki Íslands Jóhs. Hansen kaupmanni lóð þá, er nú fylgir húseignum aðaláfrýjenda Veltusundi 1 og Hafnarstræti 4, og er lóð þessi þá talin ná til suðurs að lóð þeirri, er fylgir eign gagnáfrýjanda, Austurstræti 3, en til austurs að lóð Ólafs gullsmiðs Sveinssonar, er þá átti lóð þá, sem Austurstræti 5 fylgir milli Austurstrætis og Hafnarstrætis. Er auðsætt af orðum afsalsbréfsins, að Jóhs. Hansen er ekki seldur gangur sá frá Austurstræti að lóðamörkum aðilja, sem um er deilt í máli þessu, en til Hansens rekja síðari eigendur Veltusunds 1 og Hafnarst. 4 heimildir sínar. Og ekki var Jóhs. Hansen eða öðrum eignarmönnum síðastnefndra lóða áskilinn nokkur umferðarréttur frá þeim nokkursstaðar yfir í Austurstræti. Hinsvegar hafði Landsbankinn 2 dögum áður, eða 12. ágúst 1898, afsalað lóð þeirri, er nú fylgir eign gagnáfýjanda, Austurstræti 3, til Jóns kaupmanns Brynjólfssonar og Reinholds klæðskerameistara Andersson, er gagnáfrýjandi rekur sínar heimildir til, og eru norðurmörk þessarar lóðar sögð við suðurtakmörk áðurnefndra lóða aðaláfrýjenda, en austurtakmörk við lóð Ólafs gullsmiðs Sveinssonar, sem áður er getið. Samkvæmt því er þræturæman frá Austurstræti og að lóðamörkum aðilja hluti af lóð hinna upphaflegu heimildarmanna gagnáfrýjanda. Hefir aðaláfrýjendum ekki tekizt að sanna það, að heimildarmönnum þessum hafi verið afsalað minni lóð en afsalið greinir, né heldur, að fyrri eigendur Austurstrætis 3 hafi síðar firrt sig

eignarrétti sínum að nokkrum hluta lóðar þessarar með framkomu sinni á merkjastefnu 12. apríl 1922.

Þá hafa aðaláfrýjendur til vara viljað byggja eignarrétt sinn að margnefndri gangræmu á því, að eigendur fasteignanna Veltusunds 1 og Hafnarstrætis 4 hafi unnið eignarhefð á henni. Ræman hefir ekki verið í vörzlum þeirra, heldur hafa þeir, eins og hver einn, sem vildi stytta sér leið milli Austurstrætis og Hafnarstrætis, farið um hana og ganginn allan milli þessara gatna. Virðist því ekki geta komið til mála, að aðaláfrýjendum sé skapaður eignarréttur að þræturæmunni fyrir hefð.

Þá telja aðiljar sig hafa unnið eignum sínum sakir afnotahefðar umferðarrétt hvorri yfir annars hluta af oftnefndum gangi. Eins og áður segir, hafa notendur húseigna þeirra þriggja, Austurstrætis 3, Veltusunds 1 og Hafnarstrætis 4, sem hlut eiga að máli, haft umferð um gangsund þetta allt milli Austurstrætis og Hafnarstrætis eftir vild sinni óátalið af lóðareigendum, eins og allir aðrir, sem þá leið vildu fara til þess að spara sér lítilsháttar krók. Gangur þessi var því, eins og mörg önnur samskonar auð sund milli húsa hér í bæ, nokkurskonar almenningsleið, er enginn mátti öðrum fremur helga sér vegna umferðar sinnar einnar, enda er ekki sýnt, að notendur eða eigendur téðra þriggja húseigna hafi rekið nokkur nauðsyn til umferðar um gang þenna þvert yfir milli Austurstrætis og Hafnarstrætis, því að hvorir um sig höfðu og hafa aðgang nægan að húsum sínum yfir lóðir sjálfra sín. Skilyrði til þess, að umferðarréttur um gang þenna skapaðist fyrir hefð, hafa því ekki verið til. Hvorugum aðilja var því skylt að halda gangi þessum opnum til umferðar, og hefir gagnáfrýjandi því með fullum rétti þvergirt

hann á lóðamörkum þann 10. okt. 1938. Verður samkvæmt þessu að sýkna aðilja hvorn af kröfum hins um umferðarrétt um ganginn, svo og þess vegna að ómerkja ákvæði merkjadómsins um skyldu gagnáfrýjanda til brotttöku girðingarinnar og dagsektir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Austurstræti 3 h/f, á að vera sýkn af kröfu aðaláfrýjenda, Sigurþórs Jónssonar og Ísleifs Jakobssonar sem eigenda Veltusunds 1 og Hafnarstrætis 4, um viðurkenningu á eignarrétti þeim til handa að framangreindri gangspildu á austanverðri lóð gagnáfrýjanda frá Austurstræti til lóðamarka nefndra fasteigna aðilja. Aðiljar eiga að vera sýknir hvor af annars kröfum um viðurkenningu á umferðarrétti um téða gangspildu milli Austurstrætis og Hafnarstrætis.

Ákvæði lóðamerkjadómsins um brotttöku girðingar gagnáfrýjanda og um dagsektir eiga að vera ómerk.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 29. ágúst 1939.

Mál þetta er höfðað með stefnu réttarins, útgefinni 18. janúar 1939, og féll málið í rétt þ. 23. jan. 1939.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina, eftir því sem fram hefir komið undir rekstri málsins:

Með afsali, dags. 14. ágúst 1898 (rskj. nr. 4), selur Landsbanki Íslands kaupmanni Joh. Hansen lóð við Hafnarstræti

og Veltusund (núverandi Hafnarstræti 4 — Veltusund 1), er talin er að takmarkast að vestan af Veltusundi, að norðan af Hafnarstræti, að austan af lóð Ólafs Sveinssonar og að sunnan af lóð Jóns Brynjólfssonar og Reinh. Andersson.

Sagt er í afsalinu, að uppdráttur af hinni seldu lóð fylgi, en sá uppdráttur hefir ekki komið fram og er sagður glataður. Áður hafði Landsbankinn, eða þann 12. ágúst 1898, selt þeim Jóni Brynjólfssyni og Reinh. Andersson lóð þá, er nú er Austurstræti 3, og er í því afsali (rskj. nr. 11) tekið fram, að lóðarmörk þeirrar lóðar séu: að vestan Veltusund, að sunnan Austurstræti, að norðan lóð Jóh. Hansens og að austan lóð Ólafs Sveinssonar. Í því afsali er einnig tekið fram, að uppdráttur fylgi, en um hann er hið sama að segja, að hann hefir ekki komið fram, og telur Jón Brynjólfsson, að bankinn hafi aldrei afhent sér uppdráttinn.

Lóðin Hafnarstræti 4 — Veltusund 1 hefir frá 1898 gengið kaupum og sölum, þar til núverandi eigendur eignuðust hana. Áður en Landsbankinn skipti þessum lóðum, sem nú eru Hafnarstræti 4 — Veltusund 1 og Austurstræti 3, hafði öll þessi lóð verið óskipt eign. Árið 1900 seldi ekkja Joh. Hansens eignina Hafnarstræti 4 — Veltusund 1 Gunnari Þorbjarnarsyni, en ekkja hans seldi h/f Ísólfi eignina Veltusund 1 árið 1924 og Jóni Hjartarsyni eignina Hafnarstræti 4 árið 1926, en núverandi eigendur beggja eignanna eru þeir Sigurþór Jónsson og Ísleifur Jakobsson.

Milli lóðanna Hafnarstrætis 4 — Veltusunds 1 og lóðarinnar Austurstrætis 3 að austan er gangstígur upp að lóð Ólafs Sveinssonar, sem liggur milli Hafnarstrætis og Austurstrætis, og er deilan í máli þessu um suðurhluta þessa gangs, og er sá hluti gangsins talinn 1,9 m á breidd og 10,85 m að lengd.

Stefndu í máli þessu (svo), h. f. Austurstræti 3, sem er eigandi að lóð þeirri, er Landsbankinn seldi þeim Jóni Brynjólfssyni og Reinh. Andersson, lokuðu umferð um gangstig þenna með girðingu þ. 13. okt. 1938.

Þegar mótmæli eigenda Hafnarstrætis 4 — Veltusunds 1 útaf lokun þessari ekki voru tekin til greina, snéru þeir sér til merkjadóms Reykjavíkur, og hafa krafizt þess, að dómur gangi um deilumálið, og er krafa þeirra í fyrsta lagi sú, að viðurkenndur verði eignarréttur þeirra að þeim hluta gangsins, er liggur frá norðurmarkalínu Austur-

strætis 3 og út að Austurstræti vestan við og upp að lóð Ólafs Sveinssonar (Austurstræti 5), en til vara, að þeim verði tildæmdur óskoraður gangréttur yfir þenna hluta gangsins.

Stefndu hafa mótmælt báðum þessum kröfum og krafizt þess fyrst og fremst, að lóðamörkin milli Austurstrætis 3 og Hafnarstrætis 4 — Veltusunds 1 séu ákveðin með dómi réttarins línan a—b—c—d á framlögðum uppdrætti, rskj. nr. 30, þannig að hinn umþráttaði hluti gangsins sé eign Austurstrætis 3, en til vara hafa þeir krafizt þess, að ef gangréttur eigenda Hafnarstrætis 4 — Veltusunds 1 verði viðurkenndur út að Austurstræti, þá sé jafnframt gangréttur þeirra út að Hafnarstræti yfir lóð stefnenda einnig viðurkenndur. Þessari varakröfu hafa stefnendur mótmælt.

Eftir að vitnaleiðslur höfðu farið fram í málinu og aðiljar lokið við málflutning sinn, óskaði merkjadómurinn með bréfi, dags. 8. maí 1939, umsagnar lóðarskrárritarans í Reykjavík og meðtók svar hans 3. júlí 1939.

Vegna sumarleyfis dómenda var ekki unnt að ganga á merkin fyrr en 24. ágúst 1939, og var málið þann sama dag tekið til dóms.

Það er að vísu svo, að samkvæmt dagbók mælingamanns Reykjavíkur frá 12. apríl 1922 (rskj. nr. 19) var þá haldin merkjastefna á lóðum þessum, þar sem umboðsmaður þáverandi eigenda Hafnarstrætis 4 — Veltusunds 1 gerði kröfu til að eiga allan gangstiginn milli gatna, er Jón Brynjólfsson, þáverandi eigandi Austurstrætis 3, er telja verður, að hafi mætt á merkjastefnu þessari, mótmælti ekki, en með því að merkjaskipun þessi hefir eigi hlotið þá meðferð, er lög mæla fyrir um, þar sem merkjasetningin hefir ekki verið færð í lóðamerkjabók, svo sem fyrir er mælt í 3. grein laga nr. 35 frá 2. nóv. 1914, sbr. orðin: „... Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún þá og lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóða ...“, lítur merkjadómur Reykjavíkur svo á, að eigandi Hafnarstrætis 4 — Veltusunds 1 hafi eigi öðlazt neinn eignarrétt yfir hinum umþráttaða hluta gangsins við merkjastefnu þessa.

Á fundi byggingarnefndar Reykjavíkur 12. marz 1898 er

lóð sú, er Landsbankinn ætlaði að selja þeim Jóni Brynjólfssyni og Reinh. Andersson, talin 33 al. við Austurstræti, og samkv. því girða kaupendur lóðina 1899, eða að hinum umþráttaða gangstíg, en heldur ekki þetta fær hnekkt hinu skýra orðalagi afsalsins frá 12. ágúst 1898, þar sem sagt er, að lóðamörkin að austan séu lóð Ólafs Sveinssonar. Auk þess lítur merkjadómur svo á, að það hefði orðið að vera skýrum orðum tekið fram í afsalinu til Joh. Hansens, ef þeirri lóð hefði átt að fylgja ræman út að Austurstræti. Samkæmt framansögðu verður niðurstaða merkjadóms sú, að aðalkrafa stefnenda sé ekki á nægilegum rökum reist, og verður hún því ekki tekin til greina.

Kemur þá til álita, hvort taka beri til greina varakröfu stefnenda um það, að þeir og fyrri eigendur lóðanna Hafnarstrætis 4 — Veltusunds 1 hafi unnið hefð á gangrétti um þann hluta lóðar stefndu, er lokað var 13. okt. 1938. Það verður að telja in confesso, að aðgangur þessi út að Austurstræti hafi verið notaður af eigendum allrar lóðarinnar um langt skeið, áður en skiptingin fór fram 1898, en samkvæmt framkomnum gögnum hefir gangstígur verið notaður óslitið af eigendum Hafnarstrætis 4 — Veltusunds 1 um hið lokaða sund frá þeim tíma, er Hafnarstræti 4 — Veltusund 1 var selt sem sérstök eign 14. ágúst 1898, og þar til sundinu var lokað 13. okt. 1938, og þar sem þannig er um fullan hefðartíma að ræða, lítur merkjadómur svo á, að eigendur lóðarinnar Hafnarstrætis 4 — Veltusunds 1 hafi unnið hefð á gangrétti um þann hluta gangsins, er lokaður var 13. okt. 1938, og ber samkvæmt þeim úrslitum eigendum Austurstrætis 3 að taka burtu girðingar þær, er nú tálma því, að óhindraður gangréttur fyrir eigendur Hafnarstrætis 4 — Veltusunds 1 sé í gegnum hið lokaða sund.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að þessu verki sé lokið innan hálfs mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum, er ákveðast kr. 10.00.

Merkjadómur lítur svo á, að hin framkomnu sönnunargögn beri það einnig með sér, að sundið milli Hafnarstrætis og Austurstrætis hefir verið óslitið notað eftir 12. ágúst 1898 af eigendum Austurstrætis 3, og ber því eigendum Hafnarstrætis 4 og Veltusunds 1 að sínu leyti einnig að halda gangi þessum opnum sem gangstíg fyrir eigendur

Austurstrætis 3, þannig að allt sundið milli gatna verði framvegis opið sem gangstigur fyrir allar þessar eignir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Krafa eigenda lóðanna Hafnarstrætis 4 — Veltusunds 1 um að hafa öðlazt eignarrétt að þeim hluta sundsins milli Hafnarstrætis og Austurstrætis, er lokað var 13. okt. 1938, verður ekki tekin til greina. Hinsvegar hefir Hafnarstræti 4 — Veltusund 1 unnið hefð á gangrétti yfir þann hluta lóðarinnar Austurstræti 3, er lokaður var 13. okt. 1938, og ber eigendum Austurstrætis 3 að viðlögðum kr. 10.00 — tíu króna — dagsektum að taka burtu innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa þær girðingar, er nú hindra gangréttinn um sundið. Eigendur lóðarinnar Austurstrætis 3 eiga kröfu til, að eigendur lóðanna Hafnarstrætis 4 — Veltusunds 1 haldi einnig opnum nefndum gangstig, að því leyti sem hann liggur yfir síðast nefndar lóðir.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum að (svo) fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. marz 1940.

Nr. 127 /1939. **Verkamannafélagið Dagsbrún**
gegn
Alþýðusambandi Íslands.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, verkamannafélagið Dagsbrún, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 3. apríl 1940.

Nr. 11/1940. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Einari Jóhanni Jónssyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa og að kærði verði sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá lögbirtingu dómsins.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Það athugast, að rannsóknarlögreglan hefði átt að láta eftirlitsmenn bifreiða skoða bifreiðina þegar í stað, en ekki verður séð, að það hafi verið gert.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa og að kærði, Einar Jóhann Jónsson, verði sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá lögbirtingu dómsins.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar

og Guðmundar Í Guðmundssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 2. febr. 1940.

Ár 1940, föstudaginn 2. febrúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Einari Arnalds, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2626/1939: Valdstjórnin gegn Einari Jóhanni Jónssyni, sem tekið var til dóms 10. f. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Einari Jóhanni Jónssyni, bifreiðarstjóra, Kárastíg 9 A hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. apríl 1912, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1931 $^{1}/_{1}$ Sætt: 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1931 $^{2}/_{12}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 kr. sekt fyrir áfengisbruggun.

1932 $^{1}/_{5}$ Sætt: 1000 kr. sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

1933 $^{5}/_{9}$ Kærður fyrir bruggun áfengis. Málið afgreitt til bæjarfógetans í Hafnarfirði.

1933 $^{1}/_{9}$ Sætt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Málsatvik eru þau, að 29. ágúst s. l. um kl. 4½ e. h. ók bifreiðin R. 82 út af þjóðveginum skammt vestan við Elliðaárnar. Kl. um 5 e. h. sama dag barst lögreglunni í Reykjavík fregn um þetta og fór (svo) þegar á vettvang, en þá var maður sá, sem stýrt hafði bifreiðinni, Einar Jóhann Jónsson, kærði í máli þessu, farinn í burtu af slysstaðnum. Lögreglan gerði strax ýmsar athuganir á slysstaðnum. Af hjólförum bifreiðarinnar sá hún, að bifreiðinni hafði verið ekið vestur þjóðveginn eftir hægra vegkanti um 30 metra, þar næst á ská yfir veginn til vinstri um 20 metra, unz bifreiðin fór út af vinstra vegkanti. Vegkanturinn var þarna mjög lágur, en fyrir utan veginn var djúpur skurður, en milli hans og vegarins 2

metra breið grasflöt nærri slétt. Eftir henni hafði bifreiðin runnið 12.90 metra, en þá farið með vinstri hjólin út í skurðinn og runnið eftir skurðinum 11 metra með hægri hjólin uppi á grasflötinni, unz bifreiðin stöðvaðist með vinstra frambretti í syðri skurðbrúninni. Lá því bifreiðin að hálfu leyti niðri í skurðinum, er lögreglan kom á slysstaðinn, og var vinstra afturhjólið undan bifreiðinni. Á þessum stað er vegurinn sléttur, hallalaus og 7.30 metra breiður, mælt í yztu hjólför. Strax og lögreglan kom á vettvang, var hafin leit að kærða, og fannst hann hjá bifreiðinni kl. 6 e. h. sama dag. Virtist lögreglunni kærði vera undir áhrifum áfengis, og var hann því strax fluttur á Landspítalann og þar tekið sýnishorn af blóði hans, sem við rannsókn reyndist að innihalda 1.52‰ að áfengismagni. Með kærða í bifreiðinni, er slysið vildi til, var Garðar Jónsson, bróðir hans, og meiddust þeir hvorugur, en bifreiðin skemmdist töluvert. Kærði hefir ekki getað gert sér grein fyrir, af hverju útafaksturinn hafi stafað, en haldið því þó fram, að vinstra afturhjól bifreiðarinnar hafi farið undan bifreiðinni, áður en hún fór út af veginum, og eftir slysið hafi það legið uppi á veginum um 10—12 metra fyrir aftan bifreiðina, en hann þá tekið hjólið og fært það til. Vitnin Einar Sigurðsson, Garðar Jónsson og Gunnlaugur Jónsson, en það eru einu vitnin, sem sáu slysið, hafa öll borið, að hjólið hafi eftir slysið legið rétt fyrir aftan bifreiðina. Og samkvæmt fyrrgreindum athugunum lögreglunnar á slysstaðnum hefir bifreiðin runnið 11 metra með bæði vinstri hjólin eftir skurðinum. Orsök slyssins verður því ekki talin sú, að vinstra afturhjól bifreiðarinnar hafi farið undan henni. Kærði kveðst, skömmu áður en bifreiðin fór út af, hafa verið búinn að finna, að annaðhvort framhjólið var ekki í lagi. Kveðst hann hafa ekið á hægra vegkanti á 40 km hraða, eftir því sem hann gizkar á, því að hraðamælir var enginn á bifreiðinni. Beygði þá bifreiðin allt í einu til vinstri. Kveðst kærði þá hafa hemlað bifreiðina og hafa ætlað að reyna að halda henni inni á veginum, en það tókst ekki, og rann bifreiðin út af veginum vinstra megin. Kærði hefir viðurkennt, að bifreiðin hafi verið handhemlalaus þenna dag. Vitnið Garðar Jónsson kveðst allt í einu hafa orðið var við, að bifreiðin hlykktist niður að aftan. Við

það eða eftir það hafi kærði misst vald á bifreiðinni og þá engum togum skipt, að bifreiðin fór út af veginum. Kveður það kærða hafa ekið með 30—35 km hraða, en hemlar bifreiðarinnar hafi verið í ólagi. Vitnið Einar Sigurðsson hefir borið, að bifreiðinni hafi verið ekið greitt, og gizkar það á 60 km hraða, miðað við klukkustund. Vitnið Sveinn Sæmundsson yfirlögregluþjónn kveður vera ljóst af þeim athugunum, sem hann gerði á slysstaðnum og getið er um hér að framan, að bifreiðinni hafi verið ekið hart á undan útafakstrinum og að stjórn hennar hafi ekki verið örugg.

Kærði hefir undir öllum rekstri málsins haldið því fram, að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis, er bifreiðarslys þetta varð. Hefir hann haldið því fast fram, að hann hafi slysdaginn eða dagana þar á undan ekkert áfengi bragðað, nema að hann hafi drukkið eina flösku af Egils pilsner með mat um kl. 12 á hádegi dag þann, er bifreiðarslysið átti sér stað. Vitnið Garðar Jónsson, bróðir kærða, hefir staðfest þetta og borið, að það hafi slysdaginn verið óslitið með kærða. Telur það óhugsandi, að það hafi ekki vitað um, ef kærði hefði bragðað annað áfengi en fyrrgreinda pilsnerflösku. Við rannsókn máls þessa hefir verið leitað álits Jóhanns Sæmundssonar læknis, og hefir hann borið fyrir rétti, að áfengismagn í blóði fullorðins manns geti aldrei farið yfir 0.6‰, þótt innihaldi einnar flösku af íslenzkum pilsner væri neytt nokkru fyrir blóðtökuna. Ennfremur hefir Eggert Steinþórsson læknir, sem tók sýnishorn af blóði kærðs, verið leiddur sem vitni og borið, að útilokað sé, að alkohol hafi við blóðtökuna komizt í blóðsýnishornið. Eins og að framan er sagt, reyndist áfengismagn í blóði kærða vera 1.52‰. Verður því að telja sannað, að kærði hafi neytt meira áfengis slysdaginn en hann hefir haldið fram og að hann hafi því skýrt rangt frá um þetta atriði. Framburður vitnisins Garðars Jónssonar hefir því ekki heldur reynzt réttur um þetta atriði.

Allmörg vitni hafa verið leidd í máli þessu og skal nú vitnaframburðurinn athugaður. Vitnið Jón Guðmann Jónsson sá kærða tilsýndar, en hafði ekki tal af honum. Kveðst það því ekkert geta sagt um, hvort kærði var undir áhrifum áfengis eða ekki. Vitnið Hávarður Markús Karlsson kveðst ekki hafa séð nein áfengisáhrif á kærða. Kveðst það ekki

hafa veitt kærða neina sérstaka athygli, en átt tal við hann, og kveðst ekki hafa fundið neina vínlykt út úr honum. Vitnið Guðmundur Kristjánsson, sem hjálpaði kærða til að draga bifreiðina upp á veginn, kveðst enga sérstaka athygli hafa veitt kærða og ekki veitt því eftirtekt, að hann væri neitt undir áhrifum áfengis. Enga áfengislykt fann það af kærða. Vitnið Ólafur Þórður Þorbergur Ágústsson Benediktsson ók kærða og Garðari Jónssyni inn undir Elliðaár. Kveðst það ekki persónulega hafa talað við kærða, heldur við Garðar. Engin áfengisáhrif kveðst það hafa séð á kærða, en ekki veitt honum svo mikla athygli, að það geti dæmt um, hvort hann var undir áhrifum áfengis eða ekki. Vitni þau, sem nú hafa verið nefnd, sáu öll kærða skömmu eftir slysið. Vitnið Sveinn Jónsson, sem er bróðir kærða, sá kærða um klukkutíma eftir slysið og talaði við hann. Kveðst það ekki hafa séð á kærða nein áfengisáhrif. Vitnið Hjalti Benediktsson sá kærða, þegar hann var að koma frá lögreglustöðinni og sýnishorn af blóði kærða hafði verið tekið. Ók vitnið þá kærða inn undir Elliðaár. Kveðst það ekki hafa séð neitt vín á kærða og ekki fundið af honum neina áfengislykt. Vitnið Ásgeir Jónsson talaði aðeins örfá orð við kærða kl. um 8 e. h. slysdaginn. Kveðst það ekki hafa séð nein áfengisáhrif á kærða, en tekur fram, að það hafi ekki veitt honum neina sérstaka athygli. Ennfremur hefir lögreglan yfirheyrt Gunnlaug Jónsson, sem sá kærða strax eftir slysið. Kveðst hann enga eftirtekt hafa veitt kærða og því ekkert tekið eftir, hvort á honum sáust vináhrif eða ekki.

Vitnið Einar Sigurðsson sá bifreiðarslysið og kom strax á slysstaðinn. Kveðst það ekki hafa verið í nokkrum vafa um, að kærði var undir áhrifum áfengis. Allt útlit og framkoma kærða hafi sýnt það. Segir það, að töluverð áfengislykt hafi verið af kærða og að hann hafi verið þvældur og þrútinn í andliti. Þá kveður vitnið, að framkoma kærða hafi sýnt, að hann var undir áhrifum áfengis, t. d. hafi kærði óskað aðstoðar þeirra, sem þarna komu að, til að ýta bifreiðinni upp úr skurðinum, en slíkt hafi verið ógerningur og náð engri átt. Telur vitnið, að engum ódrukknum manni mundi hafa dottið í hug að fara fram á slíkt. Hefir vitnið staðfest þenna framburð sinn með eiði. Vitnin Ingólfur Þorsteinsson lögregluþjónn og Ágúst Jónsson lögregluþjónn fóru að leita að kærða og fundu hann á slysstaðnum

um kl. 6 e. h. Kveður Ingólfur, að sér hafi virzt kærði vera undir áhrifum áfengis, hafi hann merkt það á allri framkomu kærða, sem hafi verið áberandi frekur í svörum og óskýr í hugsun. Áfengislykt fann vitnið ekki af kærða, en aftur á móti mjög sterka „Sen-Sen"lykt, og telur vitnið mjög algengt, að menn noti þetta „Sen-Sen" til að drepa áfengislykt. Vitnið Ágúst Jónsson kveðst þekkja kærða, hafa oft talað við hann bæði drukkinn og ódrukkinn og viti því vel, hvernig kærði sé allsgáður og undir áhrifum áfengis. Kveðst vitnið ekki hafa verið í nokkrum vafa um, að kærði var undir áhrifum áfengis. Hafi kærði verið rauður og þrútinn í andliti og megn „Sen-Sen" lykt út úr honum. Framkoma kærða hafi öll borið þess merki, að hann væri undir áhrifum áfengis, því kærði hafi verið æstur, ósvífinn og mjög stórorður og orðljótur og að öllu leyti hagað sér eins og vitnið þekkir kærða, þegar hann sé drukkinn. Bæði framangreind vitni hafa staðfest þenna framburð sinn með eiði. Vitnið Sveinn Sæmundsson yfirlögregluþjónn, yfirheyrði kærða strax og fyrrgreindir lögregluþjónar komu með kærða á lögreglustöðina. Taldi þá vitnið, að kærði, sem var þrútinn í andliti og með ruglingslegan hugsanagang, væri undir áhrifum áfengis, og lét því flytja hann strax upp í Landspítala, til þess að þar yrði tekið sýnishorn af blóði hans. Vitnið Karl Guðmundsson lögregluþjónn, sem þekkir kærða vel, bæði undir áhrifum áfengis og allsgáðan, talaði við kærða, meðan hann beið á lögreglustöðinni eftir að vera fluttur í Landspítalann. Kveður vitnið, að sér hafi virzt kærði vera undir áhrifum áfengis, og hafi það markað það af því, hvað kærði var ör. Vitnið Bjarni Eggertsson lögregluþjónn, sá kærða um sama leyti. Kveðst það ekki hafa talað við kærða, en veitt honum athygli og hlustað á samtal hans við Karl Guðmundsson lögregluþjón. Vitnið kveðst ekki hafa getað betur séð en að kærði væri talsvert undir áhrifum áfengis. Kærði hafi verið þrútinn í andliti, hugsanagangur hans mjög ruglingslegur og öll framkoma bent til þess, að hann væri undir áhrifum áfengis. Vitnið Lárus Axel Helgason lögregluþjónn kveður að sér hafi virzt kærði vera undir áhrifum áfengis og fundið af honum áfengislykt, er þeir sátu saman í lögreglubílnum á leið upp í Landspítala. Vitnið Greipur Kjartan Kristjánsson lögregluþjónn, sem einnig var með í lögreglubílnum upp í Landspítala, kveðst ekki hafa

getað séð betur en að kærði væri undir áhrifum áfengis. Kveðst það hafa markað það á því, að kærði var rauður í andliti, augu hans gljáandi og hann hávaðasamur, en enga áfengislykt minnist vitnið að hafa fundið út úr kærða. Loks hefir vitnið Eggert Steinþórsson læknir, sem tók á Landspítalanum sýnishorn af blóði kærða, borið, að það hafi álitið kærða vera undir áhrifum áfengis. Kveður vitnið, að kærði hafi verið mjög niðurdreginn og slappur í göngulagi, og linleiki hans hafi verið meiri en gerist um allsgáða menn.

Þrátt fyrir neitun kærða og framburð vitna þeirra, sem ekki hafa séð áfengisáhrif á kærða, og sem rakinn hefir verið hér að framan, verður að telja fullsannað með hinum eiðfesta eindregna framburði hinna 5 lögregluþjóna og læknisins, áfengismagninu í blóði kærða og hvernig bifreiðarslys þetta atvikaðist, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar hann ók bifreiðinni R. 82 út af þjóðveginum skammt fyrir vestan Elliðaárnar hinn 29. ágúst s. l. Hefir kærði með þessu framferði sínu gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna. Þá hefir kærði einnig brotið gegn 6. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna með því að hafa engan hraðamæli í bifreiðinni og gegn 3. sbr. 14. gr. sömu laga með því að aka í handhemlalausri bifreið. Þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 125 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann ber að svipta leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Einar Jóhann Jónsson, greiði 125 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. apríl 1940.

Nr. 6/1940. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Ólafi Kjartani Ólafssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. jan. 1940.

Ár 1940, föstudaginn 19. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Valdimar Stefánsyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1969/1939: Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni, sem tekið var til dóms daginn áður.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni, verkamanni, Skólavörðustíg 46 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1927 $^{13}/_{12}$ Kærður fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði. Málið afgreitt til dómara.

1933 $^{18}/_{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

1934 $^{28}/_{2}$ Dómur hæstaréttar: 400 króna sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.

1934 $^{14}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði, skilorðsbundið, fyrir innbrotsþjófnað og in solidum 150 kr. skaðabætur.

1934 $^{24}/_{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 300 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögunum og ósvífni við lögregluna. Staðfest í hæstarétti $^{22}/_{2}$ 1935.

1934 $^{22}/_{10}$ Dómur hæstaréttar: fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 800 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. laga nr. 64/1930.

1934 $^{5}/_{12}$ Sætt: 100 kr. sekt fyrir slagsmál.

1935 $^{14}/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ólöglega vinnautn í veitingahúsi.

1935 $^{8}/_{7}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir þjófnað.

1936 $^{6}/_{10}$ Sætt: 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

1936 $^{30}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 231. gr. 4. mgr. hegningarlaganna og 17. gr. sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaganna.

1937 $^{14}/_{6}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 1000 kr. sekt

og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti 1/11 1938.

1937 2/11 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 300 kr. sekt og sviptur ökuleyfi æfilangt fyrir ölvun við bifreiðarakstur. Staðfest í hæstarétti 1/6 1938.

1938 1/4 Sætt: 30 króna sekt fyrir brot gegn reglugerð nr. 105/1936, 3. gr., um skotvopn o. fl.

1938 3/6 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 króna sekt fyrir brot gegn 15. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33/1935. Staðfest í hæstarétti 1/12 1938.

1938 2/8 Kærður af Maríu Guðmundsdóttur fyrir árás. Vísað til barnaverndarnefndar til athugunar.

1938 1/9 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2200 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti 1/12 1938.

Með játningu kærða er sannað, að hann hefir stundað áfengissölu á heimili sínu frá því um miðjan ágúst s. l. og fram að þessu. Hefir hann einungis selt brennivín hinum og öðrum, sem til hans hafa komið og eftir því falazt. Hefir hann selt brennivín bæði í óáteknum flöskum og niðurskipt í pela og hefir álagning á flöskuna verið kr. 2.50—3.00. Á þessu tímabili telur hann sig hafa selt 3—5 heilflöskur á dag til jafnaðar.

Með þessu hefir kærði brotið 15. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 33. gr. 1. og 2. mgr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og 3000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 100 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og greiði 3000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi

í 100 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. apríl 1940.

Nr. 76/1938. **Samband íslenzkra samvinnufélaga** (Theódór B. Líndal) gegn **Jóni Bjarnasyni** (Guðmundur Í. Guðmundsson).

Skuldamál. Aðildareiður dæmdur.

Dómur hæstaréttar

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af lögmanninum í Reykjavík Birni Þórðarson.

Áfrýjandi hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 11. júlí 1938 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 266.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1934 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. *Til vara* krefst hann þess, að úrslit málsins verði látin velta á eiði stefnda og málskostnaður í héraði þá látinn falla niður, en stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það verður að teljast sannað í málinu, *að* vorið 1934 hafi verið pantaðir frá Áburðarsölu ríkisins 1

pokar af kalksaltpétri og 6 pokar af nitrophoskaáburði handa Jóni Bjarnasyni, Garðbæ á Akranesi, þ. e. stefnda, *að* pokar þessir hafi verið sendir með e/s „Suðurlandi" til Akraness þann 25. maí s. á., og *að* afgreiðsla skipsins þar hafi látið pokana af hendi gegn afhendingu fylgibréfs. Stefndi telur sig hvorki hafa pantað vöru þessa né tekið á móti henni, og gegn neitun hans verður ekki talið nægilega sannað, að svo hafi verið. Með framangreindum atvikum eru hinsvegar komnar fram svo sterkar líkur fyrir því, að hann hafi tekið við vörunni, að rétt þykir að láta úrslit málsins velta á synjunareiði hans um þetta atriði. Skal hann því vera sýkn af kröfum áfrýjanda, ef hann synjar fyrir það með eiði á lögmæltu varnarþingi og eftir löglegan undirbúning innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi tekið á móti vöru þeirri, sem greind er á reikningi Áburðarsölu ríkisins frá 19. maí 1934, héraðsréttarskjali nr. 3 í máli þessu. Vinni stefndi ekki svofelldan eið, þá skal hann greiða áfrýjanda kr. 266.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1934 og til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefndi, Jón Bjarnason, synjar fyrir það með eiði sínum á lögmæltu varnarþingi og eftir löglegan undirbúning innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi tekið á móti vöru þeirri, sem greind er á reikningi Áburðarsölu ríkisins frá 19. maí 1934, héraðsréttarskjali nr. 3 í málinu, þá á hann að vera sýkn af kröfum

áfrýjanda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga í máli þessu.

Vinni stefndi ekki svofelldan eið, þá skal hann greiða áfrýjanda kr. 266.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1934 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. jan. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er skv. heimild í 82. gr. laga nr. 85 1936 höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 18. ágúst 1937, af cand. jur. Sigurði Ólasyni hér í bæ f. h. Sambands íslenzkra samvinnufélaga gegn Jóni Bjarnasyni, Garðbæ, Akranesi, og eru réttarkröfur stefnanda aðallega þær, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum kr. 266.00 með 6% p. a. vöxtum frá 24. maí 1934 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Til vara krafðist stefnandi þess í munnlega málflutningnum, að úrslit málsins yrðu látin velta á synjunareiði stefnds, ef rétturinn teldi ekki fullar sönnur færðar fyrir kröfunni.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar. Stefnandi skýrir þannig frá málavöxtum, að 19. maí 1934 hafi stefndur pantað hjá Áburðareinkasölu (svo) ríkisins 4 poka af kalksaltpétri og 6 poka af nitrophoska til áburðar og hafi verðmæti þessa numið stefnukröfunni í máli þessu. Pöntun þessi hafi síðan verið afgreidd með e. s. Suðurlandi 25. maí s. á. Telur stefnandi, að salan fari að jafnaði þannig fram, að kaupanda sé sent fylgibréf, þ. e. heimildarbréf, fyrir vörunni í póstkröfu, er hann síðan leysi út og fái þannig heimildarbréfið, en gegn afhendingu þess fái hann síðan vöruna afhenta af afgreiðslunni.

Fyrir vangá kveður stefnandi, að fylgibréfið hafi verið sent stefndum í almennu bréfi og hafi hann þannig fengið vöruna afhenta án þess að greiða hana.

Stefndur neitar því eindregið að hafa pantað nokkurn áburð hjá stefnanda árið 1934 eða að hafa fengið nokkra áburðarsendingu frá honum það ár. Ber því að athuga rök þau, sem stefnandi færir fyrir framangreindri staðhæfingu sinni, og gögn þau, er fyrir liggja í málinu.

Fyrir réttinum liggur afrit af fylgibréfi því, sem stefnandi kveðst hafa sent stefndum og afgreiðslan afhenti áburðinn gegn. Er það stílað á Jarðræktarfélag Akurnesinga sem viðtakanda, en undir nafni félagsins stendur nafn stefnds. Segir stefnandi, að bréfið sé þannig stílað vegna þess, að til þess sé ætlast í lögum um áburðareinkasöluna, að hún selji ekki öðrum áburð en þeim, sem séu félagar í jarðræktarfélögum. Áburðurinn hafi þrátt fyrir þetta form verið sendur stefndum beint, enda nefnt félag enga milligöngu haft um kaupin.

Viðkomandi skipaafgreiðsla á Akranesi hefir gefið vottorð um, að 4 pokar af kalksaltpétri og 6 pokar af nitrophoska, sem verið hafi á farmskrá e. s. Suðurlands 25. maí 1934, hafi verið afhentir gegn frumriti fylgibréfs, en getur ekki sagt um það, hverjum afhent var.

Afgreiðslumaðurinn í Reykjavík hefir gefið vottorð um, að nefndar vörur hafi verið á farmskrá e. s. Suðurlands í umræddri ferð til Jarðræktarfélags Akurnesinga.

Maður sá, sem annaðist áburðarpantanir fyrir Jarðræktarfélag Akurnesinga árið 1934, hefir gefið vottorð um, að stefndur hafi hvorki pantað né keypt áburð hjá félaginu 1934, að félagið hafi greitt sínar pantanir gegn póstkröfum og loks kveðst hann neita að hafa tekið á móti öðrum áburði frá einkasölunni en þeim, sem hann hafi pantað fyrir félagið.

Skv. framansögðu er ekki unnt að telja, að stefnanda hafi gegn mótmælum stefnds tekizt að færa aðrar líkur fyrir því, að stefndur hafi pantað eða fengið umræddan áburð heldur en þær, sem kynnu að felast í því, að nafn stefnds er nefnt í heimildarbréfinu fyrir áburðinum á þann hátt, er áður greinir. Og með því að það þykja ekki nærri nægar líkur til þess að taka beri varakröfu stefnds til greina, verða málalok þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda, og ber stefnanda að greiða honum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jón Bjarnason, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Ólasonar f. h. Sambands íslenzkra samvinnufélaga.

Stefnandi greiði stefndum kr. 60.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. apríl 1940.

Nr. 110/1938. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Sólborgu Sigurðardóttur
(Pétur Magnússon).

Lögmæt skilyrði til ákvörðunar meðlags eftir III. kafla laga nr. 135 frá 1935 ekki talin vera fyrir hendi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af Birni Þórðarson, lögmanni í Reykjavík.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1938, krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda krefst hinsvegar staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Sú ákvörðun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, að greiða skyldi stefndu samkvæmt III. kafla laga nr. 135 frá 1935 meðlag með drengnum Gunnari frá 1. febrúar 1937, var byggð á upplýsingum, er ráðuneytið tjáðist hafa í höndum um útgjöld stefndu vegna drengjanna Gunnars og Péturs á tíma-

bilinu frá 1. febrúar til 1. júní 1937. Þessar upplýsingar voru ekki lagðar fyrir framfærslunefnd Reykjavíkur til álita, áður en ráðuneytið tók ákvörðun sína og lögreglustjóri Reykjavíkur úrskurðaði greiðslu nefnds meðlags á hendur bæjarsjóði. Verða því greindar ályktanir ráðuneytisins og lögreglustjóra ekki taldar lögmætur grundvöllur fyrir skyldu áfrýjanda til greiðslu hins umdeilda meðlags og verður því að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Sólborgar Sigurðardóttur, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. sept. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. maí 1938, af Sólborgu Sigurðardóttur, ekkju, Ljósvallagötu 12 hér í bæ, gegn borgarstjóra f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur til greiðslu meðlags, að upphæð kr. 160.00 með 6% ársvöxtum frá 23. marz 1938 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst aðallega sýknu, en til vara að verða aðeins dæmdur til að greiða kr. 80.00.

Málskostnaðar krefst hann, hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að í febrúar 1937 sendi lögreglustjórinn í Reykjavík framfærslunefnd bæjarins til umsagnar beiðni stefnanda máls þessa um, að henni yrði úrskurðað meðlag með tveimur sonum hennar, Pétri og Gunnari. Framfærslunefndin mælti ekki með beiðninni, og tók lögreglustjóri hana því ekki til greina. Í maí s. á. endurnýjaði stefnandi umsóknina. Synjaði framfærslunefnd

enn um meðmæli með umsókninni vegna Péturs, en mælti með því að meðlag yrði úrskurðað með Gunnari frá 1. júní það ár, og í samræmi við það úrskurðaði lögreglustjórinn stefnanda meðlagsgreiðslu með honum frá þeim degi, og er sá úrskurður uppkveðinn 30. sept. 1937. Stefnandi gerði sig þó ekki ánægða með þessi málalok og mun hafa farið þess á leit við lögreglustjóra, að hann sendi málið til stjórnarráðsins. Varð lögreglustjóri við þeim tilmælum og sendi málið. Fóru síðan fram nokkur bréfaskipti milli atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins og lögreglustjóra, og 18. marz 1938 ritar ráðuneytið lögreglustjóra og tjáir honum, að upplýst hafi verið, að stefnandi hafi haft ýmsan kostnað af fyrrnefndum drengjum fyrir 1. júní 1937, þótt þeir dveldu ekki hjá henni fyrir þann tíma, og kveðst telja rétt að verða við þeim tilmælum stefnanda, að henni verði úrskurðað meðlag með Gunnari frá 1. febrúar 1937. Með skírskotun til þessa bréfs „og í framhaldi af" úrskurðinum 30. sept. 1937 úrskurðaði lögreglustjóri síðan þann 23. marz 1938 stefnanda meðlag með Gunnari frá 1. febrúar til 31. maí 1937, en stefndur hefir ekki fengizt til að greiða meðlagið samkvæmt úrskurðinum.

Byggir stefndur neitun sína um greiðslu og aðalkröfu í máli þessu á því, að úrskurðurinn sé ólöglegur og ekki bindandi fyrir sig af þessum ástæðum: 1) að hann sé byggður á röngum forsendum 2) að hann sé kveðinn upp án þess að framfærslunefndin mælti með honum og loks 3) synjun lögreglustjóra um að úrskurða meðlag með Gunnari frá 1. febr. 1937 hafi ekki verið áfrýjað, enda hafi hún ekki heldur verið skrifleg, né heldur hafi úrskurðinum frá 30. sept. verið áfrýjað til breytingar, heldur sé úrskurðurinn frá 23. marz kveðinn upp eftir beinum fyrirmælum ráðuneytisins, en slíkt sé ekki löglegt.

Um 1. Þetta atriði byggir stefndur á því, að í bréfi ráðuneytisins 18. marz 1938 sé sagt, að upplýst sé, að stefnandi hafi haft ýmsan kostnað af drengjunum fyrir 1. júní 1937. Á þessari staðhæfingu byggist úrskurðurinn, en hún sé með öllu röng, þar sem drengirnir hafi á þessum tíma verið í sveit stefnanda að kostnaðarlausu.

Í bréfi ráðuneytisins segir berum orðum, að upplýst sé, að stefnandi hafi á umræddum tíma haft ýmsan kostnað af drengjunum, og verður þessari frásögn ráðuneytisins ekki

talið hnekkt með einberri fullyrðingu stefnds um, að hún sé röng, enda liggur ekkert fyrir í málinu, er bendi til þess.

Um 2. Í málinu er upplýst, að lögreglustjóri hafi tvívegis fengið umsögn framfærslunefndar um, hvort úrskurða skyldi stefnanda meðlag fyrir drenginn umrætt tímabil, og verður því að telja, að þaraðlútandi fyrirmælum framfærslulaganna hafi verið fullnægt.

Um 3. Samkv. því er áður segir, hefir úrskurði lögreglustjóra frá 30. sept. f. á. af hálfu stefnanda verið skotið til ráðuneytisins, er með bréfi sínu 18. marz þ. á. að efni til felldi úrskurð um málið, en fól lögreglustjóra að ganga formlega frá úrskurðinum, sem hann og gerði. Þótt þessi aðferð sé ekki hin venjulega, verður úrskurðurinn að teljast bindandi fyrir stefnda.

Að því athuguðu, sem sagt hefir verið undir 1—3, svo og því, að stefnandi hafði sótt um meðlag þegar í febrúar 1937, og það, sem síðan gerist í málinu, verður að telja framhald þeirrar umsóknar, þá verður rétturinn að líta svo á, að framangreindur meðlagsúrskurður sé bindandi fyrir stefndan frá 1. febrúar 1937 að telja og að stefndum beri að greiða meðlagið frá þeim tíma, en óumdeilt er, að upphæð þessi sé sú, sem hér er krafizt.

Kemur varakrafa stefnds því ekki til álita, en málalok verða þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð með 5% ársvöxtum frá 23. marz 1938 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjóri f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur, greiði stefnanda, Sólborgu Sigurðardóttur, kr. 160.00 með 5% ársvöxtum frá 23. marz 1938 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. apríl 1940.

Nr. 115/1939. **Áskell Snorrason, Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson fyrir sjálfa sig og f. h. Söltunarfélags verklýðsins á Akureyri** (Eggert Claessen)

gegn

Bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs (Jón Ásbjörnsson).

Tiltekinn félagsskapur verkafólks við síldarsöltun ekki talinn falla undir lög nr. 36 frá 1921 um samvinnufélög. Félagar ekki taldir persónulega ábyrgir fyrir skuldbindingum félagsins.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af settum bæjarfógeta Guðmundi Eggerz, fyrrverandi sýslumanni.

Áfrýendur, sem hafa að fengnu áfrýjunarleyfi 18. okt. 1939 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. nóv. s. ár, hafa krafizt þess, að sýknuákvæði héraðsdómsins um meðáfrýjanda Áskel Snorrason verði staðfest, en að hinir áfrýjendurnir verði bæði fyrir sjálfa sig og Söltunarfélag verklýðsins á Akureyri sýknaðir af kröfum stefnda í máli þessu. Ennfremur krefjast áfrýjendur málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi, sem ekki hefir áfrýjað málinu, krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þann 26. maí 1929 var stofnað félag á Akureyri, er nefndist Söltunarfélag verklýðsins þar. Tilgangur félagsins var „að gefa verkafólki því, er að síldarsöltun vinnur í Akureyrarbæ, kost á að njóta sjálft

arðsins af söltuninni". Í félagið skyldi aðeins taka verklýðsfélaga, sem heima áttu á Akureyri eða svo nærri Akureyri, að þeir sækti þangað vinnu. Í flutningi málsins segir, að félagsskapur þessi hafi ekki verið stofnaður í gróðaskyni, heldur til þess eins að greiða fyrir atvinnu verkafólks á Akureyri á þeim atvinnuleysistímum, er þá hafi farið þar í hönd. Félag þetta var aldrei tilkynnt til félagaskrár. Inntökugjald var 5 krónur á mann, er greiða skyldi í varasjóð, en annars verður ekki séð, að félagið hafi ráðið yfir stofnfé. Hinsvegar skyldi leggja í varasjóð félagsins 10 aura af hverri tunnu, er félagið saltaði, og 10% af ársarði af starfsemi þess. Að öðru leyti skyldi skipta hagnaði milli félagsmanna sem uppbót á kaupgjaldi þeirra. Ef rekstrarhalli yrði, svo að ekki yrði unnt að greiða kaupgjald að fullu, þegar öðrum „kvöðum" væri fullnægt, skyldi hallinn jafnaður með afdrætti af kaupi hvers félagsmanns í hlutfalli við upphæð þess. Ef reksturinn gengi mjög illa eitthvert ár, mátti aðalfundur ráðstafa ótilteknum hluta varasjóðs til þess að bæta félagsmönnum að einhverju leyti það atvinnutjón, sem þeir hefðu orðið fyrir af þeim orsökum.

Félagsstjórnin, sem skipuð var þremur mönnum, tók með samningi 24. júní 1931 innri hafnarbryggjuna á Akureyri á leigu til síldarsöltunar fyrir að minnsta kosti 2700 króna leigu yfir sumarið. Þann 7. apríl 1933 viðurkennir meiri hluti félagsstjórnarinnar, að félagið sé skuldugt orðið stefnda vegna bryggjuleigunnar um kr. 2700.00, er greiða skuli þannig, að félagið „selur ... hafnarsjóði Akureyrar síldarsöltunartæki félagsins ... samkvæmt meðfylgjandi munalista, sem stjórnin virðir lauslega á ca. 2000 krónur, en hafnarsjóður leigir félaginu þau

áfram“ leigulaust, en gegn viðhaldi og endurnýjun leigutaka. „Félagið áskilur sér rétt til að fá áhöldin keypt aftur og greiðir þau ásamt afgangi skuldarinnar á næstu þremur árum“ með jöfnum afborgunum árin 1933—1935. Ef félagið stæði ekki í skilum með afborganir þessar, þá skyldi skuldeigandi mega taka tækin eftir mati óvilhallra manna, enda skyldu eftirstöðvar skuldarinnar þá fallnar í gjalddaga, og skyldi mega gera fyrirvaralaust „lögtak“ í eignum félagsins til tryggingar eftirstöðvunum. Undir gerning þenna hafa skrifað tveir af stjórnendum félagsins og þáverandi bæjarstjóri Akureyrar, Jón Sveinsson málflutningsmaður.

Félagsstjórnin hafði söltunartækin í vörzlum sínum, þangað til vorið 1937, enda neytti hún ekki endurkaupsréttar síns. Þá voru tækin eða mestur hluti þeirra afhentur til eignar útgerðarmanni einum á Akureyri að ráðstöfun skuldeiganda, en næsta haust, 2. sept. 1937, voru þau virt á kr. 232.00 af tveimur mönnum, er kaupandi og seljandi nefndu til, án þess að félagsstjórnin ætti þar hlut að máli, enda telur hún sölu þessa og virðingu sér óviðkomandi, og málflutningsmaður stefnda í héraði segir virðinguna að engu hafandi. Telja áfrýjendur stefnda hafa orðið eiganda tækjanna með gerningnum frá 7. apríl 1933. Samkvæmt gerningi þessum virðist stefndi hafa látið sér lynda hið „lauslega“ mat, er félagsstjórnin lagði á muni þessa, og hefðu þá átt að standa eftir af skuldinni kr. 700.00, sem ekkert var samið um og ógreiddar eru. Með því að stefndi notaði sér ekki af heimild þeirri, sem honum kann að hafa enn staðið til boða vegna vanskila á 700 krónunum, til að láta meta sér upp í skuldina nefnda muni, þegar þeir voru teknir úr vörzlum félags-

stjórnarinnar, þá verður að telja hann hafa þá enn unað við verðlagningu þeirra samkvæmt gerningnum 7. apríl 1933, og að félagið skuldi honum því nú aðeins áðurnefndar 700 krónur.

Svo sem ráða má af framanskráðri greinargerð um tilgang og háttu félagsskapar þess, er í máli þessu greinir, vantar mikið á, að hann fullnægi þeim skilyrðum, er lög setja um samvinnufélög, sbr. einkum 6. tölul. 3. gr. og 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 36/1921, og verður félagið því ekki talið til samvinnufélaga. Verða áfrýjendur Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson, en um þá er hér eina að tefla í þessu sambandi, því ekki taldir persónulega ábyrgir um ofangreinda skuld vegna þátttöku sinnar í félagsskapnum eftir lögum um samvinnufélög, sbr. 2. tölul. 3. gr. fyrrnefndra laga, og eigi heldur sakir þátttöku sinnar í stjórn félagsins, sbr. 2. málsgr. 9. gr. sömu laga.

Tilgangur og hættir félagsskaparins benda ekki heldur til þess, að tilætlunin hafi verið, að félagsmenn almennt eða stjórnendur sérstaklega skyldu ábyrgjast persónulega skuldir félagsins, og mátti viðsemjendum félagsins, og þar á meðal stefnda alveg sérstaklega, vera þetta ljóst, og gat hann því alls ekki gert ráð fyrir því í skiptum sínum við félagið, að stjórnarmenn þess eða aðrir félagar ábyrgðust persónulega efndir á skuldbindingum þeim, er þetta mál varðar. Verður því að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda um persónulega ábyrgð á hendur þeim á greiðslu áðurnefndra 700 króna. Hinsvegar verður að dæma áfrýjendurna Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson til þess f. h. Söltunarfélags verklýðsins á Akureyri að greiða stefnanda téðar 700 krónur.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Áskell Snorrason, Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, bæjarstjórnar Akureyrar f. h. bæjarsjóðs, þeim á hendur persónulega. Áfrýjendur Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson greiði f. h. Söltunarfélags verklýðsins á Akureyri stefnda kr. 700.00 að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 13. apríl 1939.

Mál þetta hefir stefnandinn, Steinn Steinsen, bæjarstjóri, f. h. bæjarstjórnar Akureyrar höfðað að undangenginni árangurslausri sáttatilraun fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útg. 8. apríl 1938, gegn stefndu söltunarfélagi verklýðsins á Akureyri, þeim Birni Grímssyni, verzlunarstjóra, Aðalstræti 17, Sigfúsi Baldvinssyni, útgerðarmanni, Fjólugötu 10, og Áskeli Snorrasyni, kennara, Þingvallastræti 10, öllum til heimilis á Akureyri, til að fá þá dæmda f. h. félagsins og sjálfa persónulega sem meðábyrga, einn fyrir alla og alla fyrir einn, til greiðslu á kr. 2468.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1935 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

24. júní 1931 leigði þáverandi bæjarstjóri f. h. hafnarsjóðs Akureyrarbæjar stefndu innri hafnarbryggjuna á Akureyri til síldarsöltunar.

Gjalddagi leigunnar var 1. október 1931.

7. apríl 1933 viðurkennir stjórn Söltunarfélags verklýðsins að skulda hafnarsjóði Akureyrar kr. 2700.00 og

selur nú hafnarsjóðnum síldarsöltunartæki félagsins á Akureyri og Siglufirði upp í skuldina, en hafnarsjóður leigi félaginu þau áfram, og skal engin leiga fyrir þau greidd, en stjórnin lofar að endurnýja þau jafnóðum og þau ganga úr sér. Þá áskilur félagið sér rétt til að fá áhöldin keypt aftur og skuldbindur sig til þess að greiða þau ásamt afgangi skuldarinnar á árunum 1933—1935 með kr. 900.00 á ári.

Munalisti sá, er getur um í samningnum, rjskj. nr. 3, mun vera rjskj. nr. 4, upptalning eftir St. Þ. Guðmundsson, sem undirritar samninginn sem formaður söltunarfélagsins ásamt Sigfúsi Baldvinssyni.

Í þessum samningi virðir stjórnin söltunartækin lauslega á kr. 2000.00, en hafnarsjóður áskilur sér hinsvegar, ef eigi er staðið í skilum, að taka söltunartækin aftur eftir mati óvilhallra manna.

Umboðsmaður stefnanda heldur fram, að söltunartækin hafi verið geymd ónotuð til ársins 1937, að bærinn tók þau, lét meta og selja án íhlutunar stefnds eða stefndu. Það þykir upplýst í málinu, að stefndu hafa ekki látið af hendi við stefnanda önnur söltunartæki en þau, er tilgreind eru á fjskj. nr. 30, „bærinn", sem stefndu lögðu fram í málinu, en það eru auðsjáanlega sömu tækin og þau á rjskj. nr. 5, er stefndur Björn Grímsson afhenti Bjarna nokkrum Bjarnasyni, starfsmanni Jóns Kristjánssonar, og metin voru á kr. 232.00.

Í sáttakærunni telur stefnandi, að hann hafi tekið við þessum söltunartækjum og selt þau fyrir matsverð með samþykki formanns söltunarfélagsins, en Stefán Jónasson og Friðjón Stephensen hafi verið tilnefndir að meta tækin á rjskj. nr. 5 af aðiljum. En undir rekstri málsins telur stefnandi þetta misskilning og tekur fram meðal annars: „Hann afhenti mér síðar matslistann á rskj. 5, og datt mér þá ekki annað í hug en Friðjón Stephensen, sem undirskrifar matsskjalið með Stefáni, hefði verið útnefndur af Birni Grímssyni og að Björn Grímsson væri öllum þessum ráðstöfunum samþykkur og að Jón Kristjánsson ætti að greiða andvirði áhaldanna til mín f. h. umbjóðanda míns."

„En nú er ljóst bæði af mótmælum heiðr. andstæðings á rjskj. 8 og sömuleiðis af vottorði Jóns Kristjánssonar á rjskj. 13, að sáttakæran á rjskj. nr. 2 er byggð á misskiln-

ingi, hvað það snertir, að matið hefir aldrei farið fram á þann hátt, sem umtalað var, og er því rjskj. 5 ógilt."

Það má telja upplýst, sbr. vottorð Jóns Kristjánssonar, rjskj. 13, að hann hafi móttekið söltunartækin, sem tilgreind eru á rjskj. nr. 5, og ekki greitt neitt enn fyrir þau, en tækin brunnu í húsi Jóns á Oddeyrartanga 3. marz 1938.

Rétturinn lítur svo á, að eins og málavextir liggja fyrir, hafi stefnda Birni Grímssyni verið heimilt að afhenda Bjarna Bjarnasyni f h. Jóns Kristjánssonar söltunartækin á rjskj. nr. 5, og enn þykir augljóst, að andvirði tækjanna hafi átt að ganga upp í skuld stefndu við stefnanda, en þó að tækin hafi brunnið og mat því óframkvæmanlegt og þótt matið á rjskj. nr. 5 sé ekki bindandi í sjálfu sér fyrir stefndu, þar sem því er haldið fram, að þeir hafi engan þátt tekið í matinu, þá geta stefndu þó hinsvegar ekki sett það verð á söltunartækin, er þeim sýnist.

Stefndu vilja ekki sætta sig við þann frádrátt, er þeir hafa fengið, kr. 232.00 samkv. stefnunni, fyrir umrædd tæki, en halda fram, að hafnarsjóður hafi keypt söltunartækin á rskj. nr. 5 fyrir kr. 2000.00 og að bænum hafi verið afhent tækin.

Á þetta getur rétturinn ekki fallizt, því í samningnum, rjskj. 3, áskilur hafnarsjóður sér rétt til að taka söltunartækin eftir mati óvilhallra manna, ef félagið standi ekki í skilum. Enn er það ljóst, að stefndu hafa ekki afhent önnur tæki en þau, er greind eru á rjskj. nr. 30 og nr. 5, en það eru ekki öll þau tæki, er ræðir um í samningnum, rjskj. nr. 3.

Að öllu þessu athuguðu og þegar þess er gætt, að aðfinningar stefndu á matinu fyrir utan formhliðina eru aðallega fólgnar í þessum orðum: „mjög lágt eins og t. d. síldarkössunum kr. 15.00, sem kosta nýir um kr. 60.00," að vitnið Bjarni Bjarnason segir, að áhöldin hafi verið að meira eða minna leyti biluð, svo að viðgerðar þurfti við til þess að þau yrðu nothæf við síldarsöltun, sbr. rjskj. nr. 14, að sama vitni ber, að þau tæki, sem stefndur Björn Grímsson afhenti því sem tilheyrandi bænum, voru miklu lélegri en þau er Björn sagði, að tilheyrðu söltunarfélaginu, að stefndu hafi enga tilraun gert til þess að sýna fram á verðmæti hinna afhentu muna á rjskj. nr. 5, þykir verða, úr því söltunartækin eru brunnin, eins og áður er um

getið, að leggja matið á rskj. nr. 5 til grundvallar viðskiptum aðilja, að því er hin afhentu tæki snertir.

Samkvæmt þessu ber að líta svo á sem stefndu skuldi umstefnda upphæð.

Raunar hafa stefndu staðhæft, að Akureyrarbær hafi notað bryggju þá, er söltunarfélagið leigði og tekið gjald fyrir, sem eigi samkvæmt samningnum, rjskj. nr. 3, að dragast frá kröfu stefnanda.

Í samningnum, rjskj. nr. 3, er tekið fram, að stjórn söltunarfélagsins áskilur, að leigusamningurinn skerði ekki þann rétt, sem félagið kann að hafa til að gera gagnkröfu á hendur hafnarsjóði vegna afnota, sem fram fóru á hinni leigðu eign, meðan á leigutímanum stóð, og hafnarsjóður fékk greiðslu fyrir.

Stefnandi mótmælir, að stjórn hafnarsjóðs hafi haft slík afnot af bryggjunni, er komi í „bága við leigusamninginn", rjskj. nr. 10.

Þar sem stefndu hafa ekki skýrt nánar, hvers eðlis gagnkröfuréttur sá er, sem ræðir um í samningnum frá 7. apríl 1933 og þeir fengu á hafnarsjóð, en stefnandi hinsvegar engar skýringar viljað gefa um þetta atriði, sér rétturinn sér ekki fært að taka umræddar frádráttarkröfur stefndu til greina.

Þá ber að athuga önnur ágreiningsatriði aðilja í málinu.

Stefnandi krefst þess, að hinir stefndu Björn Grímsson, Sigfús Baldvinsson og Áskell Snorrason verði allir fyrir einn og einn fyrir alla dæmdir persónulega meðábyrgir Söltunarfélagi verklýðsins, þar eð félagið hafi ekki verið skrásett. Stefndu mótmæla því hinsvegar, að þeir hafi tekið á sig persónulega skuldbindingu með undirskrift sinni undir rjskj. nr. 3, heldur aðeins undirritað samninginn f. h. félagsins sem stjórn, og stefndi Björn Grímsson heldur fram, að hann hafi verið mótfallinn samningnum og því ekki undirritað hann.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að tveir menn hafi ekki getað skuldbundið félagið — rjskj. 3 er aðeins undirritað af tveimur úr stjórninni —, þar sem stjórnina skipa 3 menn samkvæmt hinum framlögðu félagslögum, rjskj. nr. 9.

Það er upplýst, að Söltunarfélag verklýðsins var ekki skrásett, ennfremur að tilætlunin var að hafa það með

samvinnufélagssniði, sbr. 3. gr. félagslaganna in fine og yfirlýsingu umboðsmanns stefndu undir munnlegu málfærslunni um, að félagið hafi aldrei verið skrásett, en átt að vera samvinnufélag.

Samkvæmt samvinnufélagalöggjöfinni er gert ráð fyrir, að stjórn félaganna fari með málefni félaganna milli funda og að afl atkvæða ráði úrslitum, sbr. 21. gr. laga um samvinnufélög nr. 36 frá 27. júní 1921 og 21. gr. samvinnufélagalaga frá 13. júní 1937, nr. 46.

Það verður því að líta svo á, að samningurinn frá 7. apríl 1933, rjskj. nr. 3, sé bindandi fyrir söltunarfélagið, þó aðeins 2 úr 3ja manna stjórn hafi undirritað hann, en það er viðurkennt, að þegar samningurinn var undirritaður, voru þeir Steinþór Guðmundsson, Sigfús Baldvinsson og Björn Grímsson í stjórn söltunarfélagsins.

Að því er viðkemur hinni persónulegu ábyrgð, er skýrt tekið fram í 9. gr. tveggja ofangreindra samvinnufélagalaga, að í félagi, sem ekki er skrásett, beri stjórnendur þess ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir félagsins hönd.

Stefndu Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson verða því að skoðast sem persónulega meðábyrgir fyrir skuldbindingum söltunarfélagsins, að því er þetta mál, sem stefnt er fyrir, snertir, því þar sem lögin á meðal annars leggja í framanskráðum greinum ábyrgðina á hendur stjórnenda félaganna, þykir það liggja í hlutarins eðli, að það geti ekki losað stefnda Björn Grímsson við persónulega ábyrgð, þótt hann undirskrifaði ekki rjskj. nr. 3, úr því hann var í stjórninni, en meiri hluti stjórnarinnar gat hinsvegar bundið félagið.

Hinsvegar getur stefnandi ekki komið persónulegri ábyrgð fram gegn stefnda Áskeli Snorrasyni sem einum stjórnenda félagsins, þar sem hann var ekki í stjórninni, þegar umræddur samningur var gerður. Hann á því að vera sýkn fyrir persónulegri ábyrgð í máli þessu.

Með sakaukastefnu, dags. 10. okt. 1938, hefir stefnandi stefnt Steinþóri Guðmundssyni kennara í Ásvallagötu nr. 2 í Reykjavík inn í málið og gert þær kröfur, að hann verði dæmdur f. h. Söltunarfélags verklýðsins Akureyri in solidum með hinum stefndu í aðalmálinu til greiðslu á kr. 2468.00 með vöxtum og málskostnaði.

Sem ástæðu fyrir því, að Steinþóri Guðmundssyni hafi ekki verið stefnt fyrr, færir stefnandi, að undir rekstri málsins hafi mótparturinn haldið fram, að búið væri að leysa upp söltunarfélagið og hinir upprunalegu stefndu gætu því ekki skoðazt sem stjórn félagsins.

Nú hefir umboðsmaður stefndu í rjskj. nr. 22 tekið þetta fram:

„Söltunarfélaginu hefir aldrei verið formlega slitið," og einn af málsaðiljum, stefndi Björn Grímsson, hefir lýst yfir í réttinum, að félagið „hefir aldrei verið uppleyst löglega".

Staðhæfing stefnanda um þetta atriði virðist því röng og þar sem hann hefir ekki fært önnur rök en staðhæfingu þessa fyrir því, að Steinþóri var stefnt inn í málið, verður að taka kröfu stefndu um, að sakaukamálinu verði vísað frá rétti, til greina.

Samkvæmt því sem að framan er skráð, ber stefndum, þeim Birni Grímssyni, Sigfúsi Baldvinssyni og Áskeli Snorrasyni f. h. Söltunarfélags verklýðsins á Akureyri, að greiða stefnandanum, bæjarstjóra Steini Steinsen f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, kr. 2468.00. Þá greiði og þessa upphæð kr. 2468.00 stefndu Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson stefnandanum sem persónulega meðábyrgir ofannefndu söltunarfélagi einn fyrir báða og báðir fyrir einn.

Vaxtakrafa stefnanda verður ekki tekin til greina, þar eð tekið er fram í samningnum, rjskj. nr. 3, að enga vexti skuli greiða af skuld söltunarfélagsins.

Eftir öllum málsatvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, og skal jafnframt tekið fram, að þar sem stefndur Sigfús Baldvinsson var í útlöndum, þegar sáttakærufundurinn 9. marz f. á. var haldinn, hefir hann ekki brotið sáttalöggjöfina, þótt hann mætti ekki á sáttafundinum.

Dráttur sá, er orðið hefir á dómsuppsögninni, stafar af miklum embættisönnum, því að hinn reglulegi dómari hefir nýverið verið veikur í tvo mánuði, og auk þess er dymbilvikan nýliðin.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Björn Grímsson, Sigfús Baldvinsson og Áskell Snorrason f. h. Söltunarfélags verklýðsins á Ak-

ureyri, greiði stefnanda, bæjarstjóra Steini Steinsen f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, kr. 2468.00, Þá greiði og þessa upphæð, kr. 2468.00, stefndu Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson stefnanda sem persónulega meðábyrgir ofannefndu söltunarfélagi, einn fyrir báða og báðir fyrir einn.

Áskell Snorrason sé sýkn fyrir kröfunni um persónulega ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður. Sakaukamálinu gegn Steinþóri Guðmundssyni vísast frá réttinum.

Miðvikudaginn 17. apríl 1940.

Nr. 130/1939. **Sigurjón Fjeldsted**
(cand. jur. Kristján Guðlaugsson)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(cand. jur. Ólafur Þorgrímsson).

Valdníðsla.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af Birni Þórðarson, lögmanni í Reykjavík.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. desember 1939, krefst þess, að viðurkenndur verði með dómi réttur hans til endurgjalds úr hendi stefnda fyrir lóðarspildu þá, að stærð 87,3 fermetrar, sem tekin var 1933 undir götu úr lóð hans nr. 1 við Veghúsastíg í Reykjavík. Ennfremur krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar staðfestingar héraðsdómsins, að því er varðar endurgjaldsskyldu hans fyrir téða lóðarspildu, og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Byggingarnefnd Reykjavíkur og bæjarstjórn brast að lögum heimild til að binda byggingarleyfi áfrýjanda, það er í málinu greinir, því skilyrði, að hann léti af hendi téða lóðarspildu endurgjaldslaust undir götu, og ekki verður talið, að áfrýjandi hafi eftirá með framkomu sinni svipt sig rétti til andvirðis lóðarspildunnar. Ber því að taka kröfur hans hér fyrir dómi til greina.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Sigurjón Fjeldsted, á rétt til endurgjalds úr hendi stefnda, borgarstjórans í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, fyrir ofangreinda lóðarspildu.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. sept. 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. janúar s. l., af Sigurjóni Fjeldsted, Veghúsastíg 1 hér í bænum, gegn Reykjavíkurbæ til greiðslu endurgjalds fyrir neðangreinda lóðarræmu, *aðallega* kr. 1047.60, en *til vara* kr. 698.40 með 5% ársvöxtum frá 16. janúar 1939 til greiðsludags, og málskostnaðar eftir framlögðum reikningum. *Til þrautavara* hefir stefnandi krafizt þess í munnlegum flutningi málsins, að ákveðið verði með dómnum, að stefndum beri skylda til að greiða sér fyrir umrædda lóðarspildu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, er um nokkurra ára skeið hefir átt fasteignina nr. 1 við Veghúsastíg hér í bænum, sótti í september 1927 um leyfi til að mega byggja íbúðarhús á lóðinni, en á henni stóð fyrir lítið timburhús. Var honum synjað um leyfið og síðar, eftir fyrirspurn hans, skýrt svo frá, að ástæðan fyrir synjuninni væri sú, að fyrirhugað væri að leggja Veghúsastíg niður, enda var gert ráð fyrir því á skipulagsuppdrætti, er gerður var 1927. Virðist nú stefnandi ekkert hafa aðhafzt um alllangt skeið, en á árinu 1933 sótti hann um byggingarleyfi á ný, og virðist þá byggingarnefnd og bæjarstjórn hafa horfið að því ráði að breyta skipulagsuppdrættinum frá 1927, sem að vísu aldrei hafði verið staðfestur, og leyfði stefnanda að byggja á lóðinni. Og þann 5. maí 1933 tilkynnti þáverandi borgarstjóri, Jón Þorláksson, stefnanda bréflega, að honum væri veitt leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, 78,7 fermetra að stærð, á lóðinni. Sagði jafnframt í bréfinu, að leyfið væri því skilyrði bundið, að stefnandi léti lóð undir stíg endurgjaldslaust. Er málið var munnlega flutt, sýndi umboðsmaður stefnds í réttinum afstöðumynd hins leyfða húss, þar sem einnig er sýnd lóðarspilda sú, er ætlast var til, að stefnandi léti ókeypis af hendi. Hafði borgarstjóri ritað á myndina, að hún hefði hlotið samþykki byggingarnefndar 27. apríl 1933 með skilyrði, en það er óumdeilt, að skilyrði þetta var það, sem áður greinir um, að stefnandi léti lóðarspilduna, er afmörkuð var á myndinni, af hendi undir breikkun stígsins án endurgjalds. Á afstöðumynd þessa hefir stefnandi ritað þann 20. maí 1933, alveg athugasemdalaust, að hann hafi tekið við samriti af henni. Byggði stefnandi nú húsið, og verður ekki séð, að neitt meira hafi verið talað um umrætt skilyrði. Skömmu síðar kveður stefnandi, án þess þó að tími sé nánar tilgreindur, að stefndur hafi látið taka lóðarspildu þá, er afmörkuð var á afstöðumyndinni, en hún var að stærð 87,3 fermetrar. Kveðst stefnandi þá og alltaf síðan hafa krafizt endurgjalds fyrir spilduna, en án nokkurs árangurs. Hefir hann því höfðað mál þetta til greiðslu þess. Byggir hann kröfur sínar á því, að sér beri að sjálfsögðu endurgjald fyrir þann hluta lóðarinnar, er bærinn hafi tekið undir götu. Kveðst hann aldrei hafa samþykkt fyrirgreint skilyrði fyrir byggingarleyfinu, en jafnvel þótt

svo hefði verið, þá hefði það verið ólöglegt og því óbindandi fyrir sig. Þá hafi hann og, svo sem áður er sagt, stöðugt krafizt endurgjalds fyrir lóðarspilduna, síðan hún var tekin, og því ekki tapað rétti sínum til endurgjaldsins vegna vangeymslu né samþykkt skilyrði byggingarnefndar með þögninni.

Stefndur byggir hinsvegar sýknukröfuna á því, að byggingarleyfið hafi aðeins verið leyft með fyrrgreindu skilyrði. Hafi stefnandi samþykkt það og eigi því enga kröfu til endurgjalds fyrir umrædda lóðarspildu. Með því að taka athugasemdalaust við samriti framangreindrar afstöðumyndar, þar sem umrædds skilyrðis er getið og umrædd lóðarspilda afmörkuð, og byggja síðan samkvæmt byggingarbréfinu og afstöðumyndinni, verður að telja, að stefnandi hafi samþykkt skilyrði byggingarnefndar um, að hann léti lóðarspilduna af hendi án endurgjalds. Fær rétturinn ekki annað séð en að þetta samþykki stefnanda sé bindandi fyrir hann, enda verður ekki fallizt á það með honum, að hann hafi verið þvingaður til að samþykkja skilyrðið, þar sem það virðist hafa verið í alla staði hentugt fyrir hann og honum í hag, að lóðarræman var tekin til breikkunar Veghúsastígnum, sem við það varð sæmilega breið umferðargata, en var áður til muna of mjó. Þá er heldur ekki sannað gegn ákveðnum andmælum stefnds í munnlega málflutningnum, að stefnandi hafi nokkurn tíma minnzt á endurgjald fyrir spilduna fyrr en eftir dauða Jóns Þorlákssonar, borgarstjóra, sem bar að í marz 1935, en þá virðist hafa verið liðinn alllangur tími síðan lóðarspildan var tekin. Verður því að telja, er lagður er dómur á mál þetta, að stefnandi hafi látið óhæfilega langan tíma líða frá töku lóðarinnar, unz hann krafðist endurgjaldsins, en á það ber að líta sem endurnýjun samþykkis hans á umræddu skilyrði. Þykir af þessum ástæðum verða að taka sýknukröfu stefnds til greina, en eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Reykjavíkurbær, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurjóns Fjeldsted.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 17. apríl 1940.

Nr. 18/1940. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Benedikt Gabríel Guðmundssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Brot gegn 7. gr. laga nr. 65 frá 1933 og 33. gr. reglugerðar nr. 123 frá 1938.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn í máli þessu er kveðinn upp af Kristni Ólafssyni, fulltrúa bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að upphæð sektarinnar verði 100 krónur, er renni að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í sóttvarnarsjóð, og komi í stað sektarinnar 7 daga einfalt fangelsi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Benedikt Gabríel Guðmundsson, greiði 100 króna sekt, er renni að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í sóttvarnarsjóð, og komi í stað sektarinnar 7 daga einfalt fangelsi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda

fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Gunnars Þorsteinssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyjakaupstaðar 28. febr. 1940.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Benedikt Gabríel Guðmundssyni, skipstjóra á v/s Dóru S. U. 36, fyrir brot á sóttvarnarlögum nr. 65 frá 19. júlí 1933 og reglugerð um tollheimtu og tolleftirlit frá 25. nóv. 1938.

Málavextir eru þessir.

Að kvöldi laugardagsins 17. febrúar síðastliðinn, um kl. 6½, kom kærði á skipi sínu, v/s Dóru, frá Englandi og lagðist við hafskipabryggjuna hér, Básaskersbryggju, án þess að bíða eftir sóttgæzlumanni eða tollþjónum eða gefa á nokkurn hátt til kynna komu sína.

Á bryggjunni var af tilviljun staddur hafnsögumaðurinn hér, og bað hann útgerðarmann skipsins, sem bar að í þeim svifum, að síma til tollþjónanna og láta þá vita um komu skipsins, og gerði hann það. Á meðan, þar til tollþjónarnir komu, ca. 15—20 mín. síðar, gætti hafnsögumaðurinn þess, að skipið hefði ekki samband við land, og fór aðeins einn maður yfir v/s Dóru út í bát fyrir utan til að ganga frá taug.

Kærður hefir með ofanrituðu framferði sínu gerzt brotlegur við 33. gr. reglugerðar um tollheimtu og tolleftirlit frá 25. nóv. 1938 og 7. gr. sóttgæzlulaga nr. 65 frá 17. júlí 1933.

Þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, en kærður hefir eigi áður sætt sekt né refsingu fyrir neitt lagabrot, — hæfilega ákveðin samkvæmt 93. gr. fyrrnefndrar tollreglugerðar og 27. gr. sóttgæzlulaganna 150 króna sekt, er renni að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í sóttvarnarsjóð, og komi í hennar stað 12 daga einfalt fangelsi, verði hún eigi greidd innan 7 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Benedikt Gabriel Guðmundsson, greiði 150 króna sekt að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í sóttarnarsjóð, en sæti 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan sjö daga frá birtingu dóms þessa.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Dóminum (ber) að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. apríl 1940.

Nr. 12/1940. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Theódór B. Líndal)
gegn
Jóni Jónssyni (Jón Ásbjörnsson).

Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Með þeirri athugasemd, að telja verður ákærða bera aðalábyrgðina á slysinu, þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutnings-

laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndals og Jóns Ásbjörnssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. janúar 1940.

Ár 1940, föstudaginn 19. janúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, settum sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2439/1939: Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóni Jónssyni, sem tekið var til dóms þann 18. desember s. l. Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Jónssyni, bifreiðarstjóra, Ljósvallagötu 14 hér í bæ, fyrir brot gegn 17. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. nóvember 1896, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1931 $^{2}/_{4}$ Sætt: 10 kr. sekt fyrir bifreiðaárekstur.
1931 $^{2}/_{9}$ Áminning fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
1932 $^{1}/_{6}$ Sætt: 45 kr. sekt fyrir að hafa tvo farþega í framsæti bifreiðar.
1932 $^{6}/_{10}$ Sætt: 10 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.
1933 $^{1}/_{1}$ Sætt: 10 kr. sekt fyrir brot á ökureglum.
1933 $^{1}/_{9}$ Kærður af Jóni Rósant Guðjónssyni fyrir árekstur bifreiðar og hjólreiðamanns. Látið falla niður.
1934 $^{2}/_{10}$ Sætt: 10 króna sekt fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
1934 $^{2}/_{12}$ Aðvörun fyrir afturljósleysi á bifreið.
1935 $^{3}/_{9}$ Undir rannsókn útaf bílslysi.
1936 $^{1}/_{8}$ Undir rannsókn útaf bifreiðaárekstri. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1937 $^{1}/_{11}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

1938 $^{5}/_{10}$ Undir rannsókn útaf ökuóhappi. Ekki talin ástæða til málssóknar.

1938 $^{4}/_{11}$ Undir rannsókn útaf ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.

1938 $^{17}/_{11}$ Áminning fyrir akstur með ófullnægjandi ljósum.

1939 $^{2}/_{7}$ Undir rannsókn útaf ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.

Ákærði er eigandi bifreiðarinnar R. 846, sem er leigubifreið til fólksflutninga, og ekur henni frá bifreiðastöðinni „Bifröst" hér í bæ. Hann lærði að stýra bifreið árið 1931 og hefir stöðugt stundað bifreiðarakstur síðan árið 1932. Aðfaranótt föstudagsins 17. nóv. s. l. hafði bifreiðastöðin „Bifröst" næturaksturinn í bænum, og var ákærði því með bifreið sína í akstri alla nóttina.

Þannig stóð á, að Einar Halldór Eyþórsson, verkamaður, Laugarásbletti 16, þurfti að flytja lifandi ref heiman að frá sér fram í skip, sem leggja átti af stað til Borgarfjarðar kl. 7 á föstudagsmorguninn. Á fimmtudagskvöldið bað hann ákærða, sem hann oftast hafði ekið með, þegar hann þurfti á bifreið að halda, að sækja sig heim til sín kl. 6,30 á föstudagsmorguninn. Þetta gerði ákærði. Um refinn var búið í kassa, sem látinn var ofan á vörukassa aftan á bifreiðinni, og kveðst Einar, sem leiddur hefir verið sem vitni, hafa beðið ákærða að aka hægt og gætilega í tilefni af þessum flutningi, sérstaklega af því að kassinn með refnum var ekki bundinn. Ákærði kveðst ekki muna eftir þessari beiðni Einars, en hafa álitið sig þurfa að aka fremur hægt. Ákærði ók nú bifreiðinni frá Laugarásbletti 16 áleiðis til bæjarins, og sat Einar í framsætinu hægra megin við ákærða, en aðrir voru ekki í bifreiðinni. Ákærði ók eftir Suðurlandsbraut, og þegar hann var kominn í nánd við húsið Tungu, sem er rétt innan við bæinn, rakst bifreiðin á mann, sem þar var á gangi áleiðis til bæjarins, svo að hann féll á götuna og beið bana samdægurs af afleiðingum árekstrarins.

Maður þessi var Jón Erlendsson, til heimilis á Álfabrekku við Suðurlandsbraut, starfsmaður hjá Sláturfélagi Suðurlands.

Um kl. 6,30 þenna morgun hafði hann lagt af stað frá

Álfabrekku ásamt Bjarneyju Guðrúnu Björnsdóttur, sem þar átti einnig heima og einnig var starfsstúlka hjá Sláturfélagi Suðurlands, gangandi áleiðis til vinnu sinnar, en þau áttu bæði að vera komin til vinnu kl. 7. Þau gengu Suðurlandsbraut með venjulegum gönguhraða, samsíða, og gekk Bjarney yzt á vinstri vegarbrún, en Jón heitinn um tveim fetum innar á veginum. Þegar þau voru komin nálægt Tungu, heyrði Bjarney, að bifreið kom á eftir þeim, og ályktaði hún af hljóði því, er hún heyrði frá bifreiðinni, að henni væri ekið mjög hratt. Hún leit þó ekki við og sá því ekki akstur bifreiðarinnar fyrr en í því, að slysið gerðist. Um leið og bifreiðin var að koma að þeim, sá Bjarney, að Jón heitinn leit aftur fyrir sig. Rétt á eftir var bifreiðinni ekið fram hjá Bjarneyju, og missti hún þá sjónar á Jóni heitnum og brá jafnframt svo, að hún gat ekki áttað sig á, hvað var að gerast fyrr en hún sá, að bifreiðin hafði verið stöðvuð og tveir menn komu út úr henni, þ. e. ákærði og Einar. Þá var bifreiðin, að sögn Bjarneyjar, komin nokkuð langt fram hjá henni, en Jón heitinn lá á veginum milli hennar og bifreiðarinnar og var mun lengra bil milli Bjarneyjar og Jóns heitins en hans og bifreiðarinnar. Jón heitinn lá á bakinu langs eftir veginum, þó lítið eitt á ská, og vissi höfuð hans til austurs. Hafði bifreiðin ekki farið yfir hann, því að við áreksturinn hafði hann kastazt frá bifreiðinni þannig, að hann féll niður vinstra megin við hana. Hann virtist meðvitunarlaus og gaf ekkert hljóð frá sér nema lágar stunur. Þeir ákærði og Einar færðu Jón heitinn upp í bifreiðina og fluttu hann á Landspítalann, og Bjarneyju fluttu þeir að húsi Sláturfélags Suðurlands.

Eins og áður segir, andaðist Jón heitinn samdægurs af völdum slyssins. Réttarkrufning fór fram daginn eftir, og framkvæmdi hana prófessor Niels Dungal. Eru ályktunarorð hans í skýrslunni um krufninguna á þessa leið: „Krufningin hefir leitt í ljós, að hinn látni hefir orðið fyrir mjög miklum áverka, sérstaklega á höfuðið, sem hefir brotnað þannig, að mikill hluti heilabúsins hefir brotnað og blætt mjög mikið, bæði út undir húð og eins inn á við, og sömuleiðis hefir heilinn orðið fyrir mjög miklum áverka, þar sem v. heilahelmingur hefir rifnað á töluverðu svæði neðan til. Ennfremur hefir vinstri fótur orðið fyrir mjög miklum

áverka, sem hefir leitt til þess, að vinstra öklabein hefir brotnað og maðurinn farið úr liði á öklanum um leið. Þessir áverkar, einkum áverkinn á höfuðið, hafa orðið banamein mannsins, sem virðist hafa verið alveg hraustur fyrir.“

Skal nú athugaður akstur ákærða, þegar slysið varð, og ástand bifreiðarinnar.

Ákærði ók bifreiðinni sem næst eftir miðjum vegi, þó aðeins frekar á vinstra vegarhelmingi. Hraðamælir bifreiðarinnar var ónýtur, svo að ökuhraðinn verður ekki ákveðinn með nákvæmni. Ákærður telur hann hafa verið 20—25 km, miðað við klukkustund, en kveðst þó ekki geta fullyrt það, en yfir 30 km segir hann hraðann alls ekki hafa verið. Vitnið Einar Halldór Eyþórsson hefir gizkað á, að hraðinn hafi verið 30—35 km og hafi sér virzt hraðinn fremur lítill. Vitnið Bjarney Guðrún Björnsdóttir hefir skýrt svo frá, eins og áður segir, að sér hafi virzt á hljóði því, sem bifreiðin gaf frá sér, að henni væri ekið mjög hratt. Sökum hinna óljósu skýrslna vitnanna um ökuhraðann, verður að leggja frásögn ákærða um hann til grundvallar. Frásögn ákærða um ástand ljósa bifreiðarinnar verður einnig að leggja til grundvallar, en hún er á þá leið, að ljósin hafi verið mjög dauf, það svo, að þegar hægt var ekið, hafi þau aðeins verið rauðleitar týrur, og þegar slysið gerðist, hafi þau ekkert eða sama sem ekkert lýst fram fyrir bifreiðina. Hann hafði fyrr um morguninn orðið þess var, að ljósin voru dauf, en af því að þetta var síðasta ferðin, sem hann ætlaði að fara þenna morgun, lét hann ljósin duga í þessu ástandi. Deyfð ljósanna stafaði af því, að rafgeymir bifreiðarinnar var allt að því tæmdur. Ákærði lýsir svo hemlum bifreiðarinnar, að hemlar hafi verið á öllum hjólum hennar, en mun lélegri en þeir eiga að vera á öllum hjólunum nema vinstra afturhjóli. Rannsóknarlögreglan athugaði hemlana, þegar eftir að hún hafði fengið mál þetta til rannsóknar, og reyndist hemill vinstra afturhjóls góður, en hemlar hinna hjólanna óvirkir, og þegar bifreiðinni var ekið á ca. 20 km hraða, miðað við klukkustund, á sléttum malbikuðum vegi, eins og var á slysstaðnum, og hemla þá neytt eins og auðið var, stöðvaðist hún á 12,60 metra vegalengd. Tveimur dögum fyrir slysið hafði bifreiðin verið á bifreiðaviðgerðarverkstæði og þar verið

lagfærðir hemlar afturhjólanna. En þó að svo hafi verið, er það óyggjandi, að hemlum allra hjóla bifreiðarinnar, nema vinstra afturhjóls, hafi verið mjög ábótavant, þegar slysið gerðist. Strax þegar rannsóknarlögreglan hafði fengið málið til rannsóknar, þ. e. mjög skömmu eftir að slysið varð, fór hún á slysstaðinn, og sást þá mjög skýrt hemlafar á syðri helmingi vegarins. Það var um 21 metra langt og vísaði dálítið inn á veginn, en vesturendi þess náði á móts við blóðblettina, sem á veginum voru. Hinsvegar sást ekki hemlafar eftir hitt hjólið. Telur rannsóknarlögreglan sjáanlegt, að hemlafarið sé eftir bifreið, sem ekið hefir verið vestur veginn, eða í áttina til bæjarins, og runnið þenna vegarspotta með vinstra afturhjólið fast. Er það álit rannsóknarlögreglunnar, að hemlafar þetta sé eftir bifreið ákærða, einmitt þegar slysið var að gerast. Ákærði hefir ekkert getað um þetta sagt, en hann er ekki viss um, vegna geðshræringar þeirrar, er hann komst í, þegar slysið var að gerast, hvort hann þá neytti hemlanna eins og unnt var. Telja verður mjög líklegt, að umrætt hemlafar sé eftir bifreið ákærða, og bendir það til þess, að annaðhvort hafi hann ekið með meiri hraða en gert er ráð fyrir hér að framan eða hann hafi ekki, þegar slysið var að gerast, neytt hinna lélegu hemla eins og þó muni hafa verið unnt.

Þegar slysið gerðist, var náttmyrkur og ekki farið að birta, en ljóskeralýsing mun hafa verið mjög slæm á slysstaðnum. Annars var veður bjart og vegurinn snjólaus og þurr.

Vitnið Einar Halldór Eyþórsson kveðst hafa séð þau Jón heitinn og stúlkuna á gangi á undan bifreiðinni í á að gizka 30 metra fjarlægð. Hvað sem þessari fjarlægðarágizkun líður, er það ljóst, að unnt hefir verið að sjá þau, nokkru áður en bifreiðin var komin fast að þeim, og hefði þá annaðhvort átt að vera unnt að hemla bifreiðina til að forðast árekstur eða víkja henni til hægri í sama tilgangi, því þarna er góður og breiður vegur, og engin umferð var þar á þessum tíma, önnur en um hefir verið rætt. En ákærði kveðst ekki hafa séð stúlkuna og Jón heitinn fyrr en bifreiðin var alveg að rekast aftan á hann, eða um leið og vinstri armur framvara bifreiðarinnar var að koma við fótleggi hans. Þá hemlaði ákærði bifreiðina, en í sama augnabliki gerðist sjálft slysið. Mun það hafa

gerzt þannig, að vinstra ljósker bifreiðarinnar rakst í Jón heitinn, hann fallið aftur fyrir sig á bifreiðina og síðan kastazt útaf henni til vinstri. Ákærði veit ekki, á hve löngu færi hann stöðvaði bifreiðina, en það hefir verið nokkur spölur, og er ekki ólíklegt, eins og áður segir, að það hafi verið 21 metri.

Nú hafa verið rakin atriði málsins, eins og ástæða þykir til. Er þá að athuga, hvort ákærði með atferli sínu hefir brotið þau lagaákvæði, sem mál hefir verið höfðað gegn honum fyrir brot á.

Því skal strax slegið föstu, að slysið og þar af leiðandi dauði Jóns heitins Erlendssonar er að kenna stórkostlega gálauslegum akstri ákærða. Hefir ákærði því gerzt brotlegur við 200. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Með því að aka bifreiðinni með óvirkum hemlum á þremur hjólum og lítt nýtum ljósum í framljóskerunum hefir hann brotið 3. gr. l. og 3. tölulið bifreiðalaganna. Með því að aka henni með ónýtum hraðamæli hefir hann brotið 6. gr. 7. mgr. bifreiðalaganna. Þá hefir hann með því að aka of hratt, eins og á stóð, og með því að sýna ekki næga aðgæzlu og varkárni brotið 6. og 15. gr. bifreiðalaganna. Loks hefir ákærði brotið 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur með of hröðum akstri, eins og á stóð.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 200. gr. hegningarlaganna, 14. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktarinnar og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Með tilliti til þess, að ákærði ók bifreiðinni umrætt skipti í alveg óhæfilegu ásigkomulagi, að upplýst er, að ákærði átti einn alla sök á slysinu, en hinum látna vegfaranda verður á engan hátt um það kennt, svo og með tilliti til fortíðar ákærða sem ökumanns, þykir rétt auk framangreindrar refsingar að svipta ákærða ökuleyfi sínu æfilangt.

Þá ber að dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrm. Jóns Ásbjörnssonar, kr. 65.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Hann skal og æfilangt sviptur leyfi til að aka bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Jóns Ásbjörnssonar, kr. 65.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. apríl 1940.

Nr. 104/1939. **Höskuldur Jónas Austmar Sigurðsson**

gegn

Olgu Dahlberg

Dómur hæstaréttar.

Í þinghaldi í dag var mætt í málinu af hálfu áfrýjanda og þess krafizt, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefndu var mætt og krafizt ómaksbóta.

Málið er hafið, og greiði áfrýjandi, Höskuldur Jónas Austmar Sigurðsson, stefndu, Olgu Dahlberg, 50 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. apríl 1940.

Nr. 122/1939. **Sigurður Hallbjarnarson**

gegn

H/f. Fiskimjöli

Dómur hæstaréttar.

Í þinghaldi í dag var mætt í málinu af hálfu áfrýjanda og þess krafizt, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var mætt og krafizt ómaksbóta.

Málið er hafið, og greiði áfrýjandi, Sigurður Hallbjarnarson, stefnda, H/f Fiskimjöli, 30 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. maí 1940.

Nr. 15/1940. **Jósef Björnsson** (Pétur Magnússon)
gegn
kirkjumálaráðherra f. h. kirkjujarðasjóðs og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Um innlausn veiðiréttinda samkvæmt 3. gr. laga nr. 61 frá 1932.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Birni Þórðarson, lögmanni í Reykjavík.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. marz þ. á. Krefst hann þess *aðallega*, að viðurkennt verði með dómi, að hann sem eigandi jarðanna Svarfhóls og Bjargarsteins hafi samkvæmt 3. gr. laga nr. 61 frá 1932 rétt til innlausnar á veiðirétti í Hvítá fyrir landi því, sem téðum jörðum kunni að verða úthlutað meðfram Hvítá við væntanleg yfirlandskipti, enda verði fullnægt skilyrðum laganna um mat á veiðiréttindunum og samþykki veiðimálanefndar og landbúnaðarráðherra fengið. *Til vara* krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Gagnáfrýjandi hefir áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 24. apríl þ. á. Krefst hann *aðallega* al-

gerrar sýknu af kröfum aðaláfýjanda, en *til vara* staðfestingar héraðsdómsins.

Það er upplýst í málinu, að jarðirnar Svarfhóll og Bjargarsteinn hafa átt sameiginlegt land m. a. ásamt Stafholti að Hvítá. Verður því að ætla, þar sem annað er ekki sannað, að þær hafi átt sameiginlega veiði með Stafholti í Hvítá, sbr. ákvæði landabrigðaþáttar Grágásar um veiði, 208. kap. Konungsbókar og 438. kap. Staðarhólsbókar, svo og 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar og nú 4. gr. ofannefndra laga nr. 61/1932. Verður ekki séð, að veiðiréttur í Hvítá hafi gengið undan jörðum þessum fyrr en þær voru seldar 4. maí 1912 þáverandi ábúendum þeirra. Er því ekki unnt að fallast á þá mótbáru gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjandi hafi ekki innlausnarrétt, sökum þess að veiði í Hvítá hafi aldrei fylgt nefndum jörðum hans.

Ætla verður af sambandinu milli 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 61/1932, að skilyrði 1. mgr. um, að ¾ hlutar landeigenda krefjist innlausnar, eigi við það, að þegar sami aðili á veiðirétt fyrir landi fleiri en einnar jarðar í sömu veiðigrennd, þá sé honum ekki skylt að hlíta innlausn, nema ¾ hlutar landeigenda krefjist hennar. Í þessu máli er aðaláfrýjandi einn eigandi beggja þeirra jarða, sem innlausnar er krafizt fyrir, og er nefndu skilyrði því fullnægt hér.

Þá hefir gagnáfrýjandi haldið því fram, að innlausn veiðiréttinda sé aldrei heimil samkvæmt nefndri 3. gr., nema veiðifélag sé stofnað, og skírskotar um það til 3. málsliðs 2. mgr. greinarinnar. Það ákvæði þykir þó verða að skýra í sambandi við önnur fyrirmæli sömu mgr. á þá lund, að séu landeigendur fleiri en einn, og vilji ekki allir innleysa,

þá þarf eigandi veiðiréttar ekki að hlíta innlausn, nema ¾ hlutar landeigenda krefjist, eins og fyrr segir, og auk þess sé veiðifélag stofnað til að hagnýta veiðina. Þetta ákvæði 2. mgr. 3. gr. getur því ekki staðið innlausnarrétti aðaláfrýjanda í vegi.

Aðaláfrýjandi hefir þegar fengið samþykki veiðimálanefndar til innlausnarinnar, og aðiljar eru sammála um það hér fyrir dómi, að leyfi landbúnaðarráðherra verði veitt, ef önnur skilyrði innlausnar séu fyrir hendi, svo og að yfirlandskipti skuli fara fram, áður en veiðirétturinn er innleystur.

Samkvæmt framansögðu þykir bera að taka aðalkröfu aðaláfrýjanda til greina. Hvorugur aðilja hefir krafizt málskostnaðar, og fellur hann því niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Jósef Björnsson, hefir sem eigandi jarðanna Svarfhóls og Bjargarsteins rétt til innlausnar samkvæmt 3. gr. laga nr. 61/1932 á veiðirétti í Hvítá fyrir landi því, sem téðum jörðum kann að verða úthlutað meðfram Hvítá við væntanleg yfirlandskipti.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. nóvember 1939, af Jósef Björnssyni, bónda að Svarfhóli í Mýrasýslu, gegn kirkjumálaráðherra fyrir hönd kirkjujarðasjóðs til viðurkenningar því, að hann sem eigandi jarðanna Svarfhóls og Bjargarsteins hafi samkvæmt 3. gr. laga nr. 61 frá 1932 rétt til innlausnar á veiðirétti í Hvítá fyrir því landi, sem

jörðunum við endanleg landaskipti (yfirskipti) verði úthlutað með fram ánni, enda verði skilyrðum laganna, að því er viðkemur mati á veiðiréttindum og samþykki veiðimálanefndar og landbúnaðarráðherra, fullnægt. — Í munnlegum flutningi málsins gerði stefnandi þá kröfu til vara, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að veiðiréttur í Hvítá hafi tilheyrt Svarfhóli og Bjargarsteini, fram til þess að jarðirnar voru seldar árið 1912, í sömu hlutföllum og verð þessara jarða stendur við verð allrar Stafholtstorfunnar.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Hvorugur aðilja krefst málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með afsalsbréfum, útgefnum af ráðherra Íslands 4. maí 1912, voru jarðirnar Svarfhóll og Bjargarsteinn í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu seldar þáverandi ábúendum þeirra, en jarðirnar voru báðar til þess tíma kirkjujarðir Stofholtskirkju. Jarðir þessar voru hluti úr hinni fornu Stafholtstorfu og áttu óskipt sameiginlegt beitiland með Stafholti, og lá það niður að Hvítá. Fram að þeim tíma, er sala jarðanna fór fram, höfðu ábúendur Stafholts og Svarfhóls stundað laxveiði í Hvítá fyrir hinu óskipta landi. Þegar nefndar jarðir voru seldar árið 1912, var tekið fram í afsölunum, að veiðiréttur í Hvítá væri undanskilinn sölunni, enda var söluverð jarðanna lækkað með tilliti til þess. Síðan salan fór fram, hafa jarðir þessar því engan veiðirétt haft í Hvítá.

Nú er stefnandi máls þessa fyrir löngu orðinn eigandi og ábúandi beggja þessara jarða og eftir að lög nr. 61 frá 1932 um lax- og silungsveiði voru sett, fór hann að hugsa um að nota sér þann rétt, er hann taldi lögin veita sér til að leysa til sín veiðirétt í Hvítá fyrir löndum beggja jarðanna. Fór hann fram á það við kirkjumálaráðuneytið, að sér yrði heimiluð innlausnin samkvæmt mati dómkvaddra manna. Með bréfi, dagsettu 28. nóv. 1935, mælti veiðimálanefnd með því, að stefnanda yrði heimiluð innlausnin, en leit þó svo á, að eðlilegast væri, að hinu óskipta beitilandi jarðanna, er þær áttu ásamt Stafholti, væri jafnframt skipt og að um leið færi fram skipti á veiðiréttindum þeirra, þannig, að hver jörð fengi veiðirétt fyrir sínu landi að skiptunum loknum. Þetta féllst stefnandi og á, og fóru síðan fram landskipti samkvæmt kröfu hans 21. febr. 1936. Að skiptunum loknum endurtók stefnandi kröfu sína um inn-

lausn veiðiréttindanna, en þá vefengdi stefndur í máli þessu, að sér sem umráðamanni Stafholts væri skylt að þola innlausnina. Hinsvegar hefir landbúnaðarráðherra lýst því yfir, að hann muni heimila innlausnina, ef hún telst lögum samkvæm, þó með því skilyrði, að stefnandi fallist á, að yfirskipti fari fram á landi jarðanna, þótt áfrýjunarfrestur skiptanna sé liðinn, og hefir stefnandi samþykkt það, svo framarlega sem talið yrði, að hann eigi rétt til innlausnar á veiðiréttindunum, enda er kröfugerð hans í máli þessu miðuð við það.

Útaf nýgreindum ágreiningi við stefndan hefir stefnandi nú höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur, er hann byggir á því, að umræddar jarðir, Svarfhóll og Bjargarsteinn, hafi alltaf verið sjálfstæðar jarðeignir og skildar frá Stafholti að öðru leyti en því, að þær hafi átt óskipt sameiginlegt beitiland með því niður að Hvítá, og þar sem landið hafi verið skipt niður að ánni, hafi veiðiréttindin í henni einnig verið óskipt sameign jarðanna, enda veiðin lengstaf stunduð sameiginlega af ábúendum þeirra. Hafi þannig jarðirnar Svarfhóll og Bjargarsteinn átt veiðirétt í Hvítá, er afsölin voru gerð árið 1912, en þá hafi hann verið frá þeim skilinn samkvæmt ákvæðum afsalanna. Þar sem svona standi á, þá heimili 3. grein laga nr. 61 frá 1932 eiganda jarða að leysa til sín hinn fráskilda veiðirétt, og telur stefnandi öllum þeim skilyrðum, er lögin setji fyrir innlausnarréttinum fullnægt af sinni hálfu, enda verði að líta svo á, að almenningsheill sé að því, að jarðeigendur fái að leysa til sín veiðirétt, er svona standi á, og stofnun veiðifélags sé óþörf til þess að innlausnin sé heimil.

Stefndur byggir hinsvegar sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að umræddar jarðir hafi áður verið hluti úr Stafholtstorfunni, og ekki sjálfstæðar jarðeignir. Hafi ekki fylgt þeim veiðiréttur í Hvítá og þegar þær hafi verið seldar árið 1912, hafi aðeins verið um að ræða sölu á ákveðnum hlutum heildareignarinnar og engin veiðiréttindi í Hvítá hafi verið seld með jörðunum, enda til öryggis tekið fram í afsölunum, að svo væri ekki. Sé því ekki um það að ræða, að veiðirétturinn hafi nokkurn tíma verið skilinn frá jörðunum, en það sé skv. 3. gr. nýnefndra laga skilyrði innlausnarréttarins.

Í öðru lagi byggir stefndur sýknukröfuna á því, að því skilyrði stjórnarskrárinnar fyrir eignarnámi, að um almenningsheill sé að ræða, sé ekki fullnægt hér, og bryti það alveg í bág við það ákvæði stjórnarskrárinnar, ef einum einstaklingi væri heimiluð slík innlausn og hér sé farið fram á.

Í þriðja lagi byggir stefndur loks sýknukröfuna á því, að ekkert veiðifélag hafi verið stofnað, er stefnandi sé meðlimur í, en oftnefnd lög geri ráð fyrir, að um innlausn veiðiréttinda geti ekki verið að ræða að öðrum kosti.

Í elzta máldaga Stafholtskirkju, sem færður er til ársins ca. 1140, segir svo, að Steini prestur Þorvarðsson gæfi kirkjunni heimaland allt, auk búfjár og búsgagna, laxveiði í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, land á Svarfhóli og Bjargarsteini o. s. frv. Virðist koma allgreinilega fram, að jarðir þessar hafi ekki verið taldar til heimalands Stafholts, heldur sjálfstæðar jarðeignir, en öllu greinilegar kemur það þó fram í máldaga Gyrðs biskups, sem færður er til ársins 1354, og Wilkinsmáldaga frá 1937, en í þeim báðum stendur „... heimaland allt með gögnum og gæðum, Svarfhól, Bjargarstein, Hofstaði ...“

Orðalag máldaga, sem færður er til ársins 1480, er hér reyndar nokkuð frábrugðið, en þarf ekki að skiljast á þann veg, að jarðirnar teljist til heimalands Stafholts né hafi gert það. Loks virðist máldagi Gísla biskups Jónssonar frá 1575 taka af vafa um, að jarðirnar hafi verið sjálfstæðar jarðeignir, en þar segir: ... „Kirkjan í Stafholti á heimaland allt með gögnum og gæðum. Item þessar jarðir; Svarfhól, byggð fyrir hundrað, Hofsstaðir, byggð fyrir hundrað, Bjargarsteinn, byggð fyrir hundrað ...“ Sama máli gegnir um jarðabók Árna Magnússonar. Þar er Stafholt talið með einni eða heldur tveimur nafngreindum hjáleigum, en bæði Svarfhóll og Bjargarsteinn eru taldar sérstakar jarðir með vissum dýrleika og leigumála. Það virðist því vafalaust, að jarðirnar Svarfhóll og Bjargarsteinn hafi ætið um langan aldur verið sérstakar jarðir, en ekki hjáleigur frá Stafholti. Hinsvegar áttu þær, svo sem að hefir verið vikið, óskipt sameiginlegt beitiland með Stafholti niður að Hvítá. Verður þannig og að telja, að þær hafi einnig átt sameiginlegan óskiptan veiðirétt í Hvítá ásamt Stafholti fyrir hinu óskipta landi, er að ánni lá, enda bendir það og ákveðið í sömu átt,

að ábúendur jarðanna stunduðu veiðina sameiginlega um langan tíma, að við sölu jarðanna 1912 er veiðiréttur í Hvítá sérstaklega undanskilinn og loks að söluverðið þá er hækkað með tilliti til þess, að veiðiréttindin í Hvítá voru undanskilin við söluna. Loks má geta þess, að það var fyrst í lok 18. aldar, sbr. Magnús Stephensen: Island i det attende Aarhundrede, bls. 119—120, að menn hér öðlast byrjunarkunnáttu til að veiða lax í djúpum og ströngum jökulám, og laxveiði var því allt til þess tíma alveg óþekkt hlunnindi sumra jarða, sem síðar reyndust eiga stórfelldustu veiðistöðvarnar. Þetta getur skýrt það nægilega, að laxveiði á umræddum stað í Hvítá hafi eigi verið reynd fyrr en bóndinn á Svarfhóli gerði það eftir 1860, og heimild brestur til að telja, að veiðirétturinn hafi þá tilheyrt Stafholtsjörð einni.

Að þessu öllu athuguðu verður rétturinn að líta svo a, að veiðiréttindi í Hvítá fyrir hinu sameiginlega óskipta landi hafi fylgt hinum umræddu jörðum eigi síður en Stafholti sjálfu og að þau hafi ekki verið skilin frá þeim fyrr en með ákvæðum afsalanna árið 1912 og þá í sömu hlutföllum og verð þeirra hefir staðið í við verð allrar Stafholtstorfunnar þá.

Í 3. grein laga nr. 61 frá 1932 er svo kveðið á, að veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign, áður en lögin tóku gildi, sé eigendum landareigna þeirra, er þau ella myndu hafa fylgt samkvæmt 1. málsgrein 2. gr. laganna, rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfi, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, enda krefjist þrír fjórðu hlutar þeirra innlausnar. Virðist bersýnilegt, að grein þessi heimili því aðeins innlausn veiðiréttinda, að fleiri menn í sameiningu krefjist innlausnar til sín, og þykja önnur ákvæði laganna benda til þess, að þeim beri að gera það sem félagsmönnum í löglegu veiðifélagi. Og þar sem engin önnur ákvæði laganna benda til þess, að einum einstaklingi sé heimiluð innlausn veiðiréttinda, þá þykir ekki unnt, að svo vöxnu máli, að taka til greina kröfu stefnanda um að viðurkenna, að hann eigi lögvarða kröfu til innlausnar umræddra veiðiréttinda.

Hinsvegar þykir í samræmi við framanskráð mega ljúka því dómsorði á varakröfu stefnanda, að umræddar jarðir hafi átt veiðiréttindi í Hvítá, áður en sala fór fram 1912, í sömu hlutföllum og þágildandi jarðabók taldi jarðar-

hundruð þeirra og Stafholtstorfunnar allrar hinsvegar, þ. er 24.6 af 76.7.

Því dæmist rétt vera:

Veiðiréttur í Hvítá tilheyrði jörðunum Svarfhóli og Bjargarsteini fram til þess tíma, að þær voru seldar 4. maí 1912, í sömu hlutföllum og þágildandi jarðabók taldi jarðarhundruð þeirra og Stafholtstorfunnar allrar hinsvegar, þ. e. 24.6 af 76.7.

Mánudaginn 6. maí 1940.

Nr. 109/1939. **Bæjarsjóður Vestmannaeyja**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Bjarna Jónssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Um skyldu bæjarfélags til greiðslu húsaleigu fyrir styrkþega, er var á föstu framfæri bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir kveðið upp Kristján Linnet, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. október f. á., krefst sýknu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stjórnvöldum Vestmannaeyjakaupstaðar, er tekið höfðu á sig fyrir hönd bæjarsjóðs greiðsluskyldu á húsaleigu Helga Jónssonar, meðan Magnús Jónsson átti húsið, hlaut að vera það ljóst, að útibú Útvegsbankans í Vestmannaeyjum ætlaðist til þess,

er það var orðið eigandi hússins, að bæjarsjóður greiddi áfram leigu fyrir Helga, meðan hann væri á föstu framfæri bæjarins. Bæjarsjóður hefir því vegna vistar Helga í húsinu fengið verðmæti hjá útibúinu, er honum var skylt að greiða, eftir því sem á stóð, enda hafði útibúið eigi firrt sig rétti til leigugreiðslu á hendur bæjarsjóði, meðan krafa til einstakra leigugreiðslna var eigi fyrnd.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bæjarsjóður Vestmannaeyja, greiði stefnda, Bjarna Jónssyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 4. ágúst 1939.

Mál þetta, sem var dómtekið 13. júlí s. l., er höfðað fyrir bæjarþingi kaupstaðarins með stefnu, dags. 4. júlí s. l., af Jóhanni Gunnari Ólafssyni lögfræðing f. h. Bjarna Jónssonar, Svalbarði hér í bæ, gegn Hinrik Jónssyni bæjarstjóra, Gjábakka hér, f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja til greiðslu á húsaleiguskuld Helga Jónssonar, Sólvangi hér, kr. 1320.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. júní 1939 til greiðsludags og greiðslu málskostnaðar samkv. framl. reikningi, kr. 260.20.

Stefndur hefir mótmælt öllum kröfum stefnandans og krafizt sýknu og tildæmdan málskostnað (svo).

Til vara hefir umboðsmaður stefnds krafizt þess, að bæjarsjóður Vestmannaeyja verði aðeins skyldaður til þess að

greiða húsaleigu fyrir fyrrnefndan Helga Jónsson, þar til nýju framfærslulögin gengu í gildi, eða til 1. jan. 1936.

Stefnandinn skýrir svo frá, að umbjóðandi hans, Bjarni Jónsson hafi keypt af Útvegsbanka Íslands h/f, útibúinu í Vestmannaeyjum, húseignina Sólvang, og er afsalið útgefið 25/5 1939. Jafnframt hafi útibúið framselt honum 1320 kr. húsaleiguskuld Helga Jónssonar fyrir tímabilið 1. okt. 1935 til 30. maí 1939, eða 30 kr. á mánuði. Hafi útibúið tjáð honum, að bæjarsjóður Vestmannaeyja stæði í ábyrgð fyrir skuldinni, því maður þessi hefði um margra ára skeið verið á framfæri bæjarins. Íbúðarhúsið Sólvang hafði útibúið eignazt með uppboðsafsali 31/12 1934, en áður hafði átt Magnús Jónsson. Í kjallaraíbúð hússins bjó þá fyrrnefndur Helgi Jónsson, sem hafði þá um all langt skeið verið á framfæri bæjarsjóðs með stóra fjölskyldu, óvinnufær vegna langvarandi veikinda, sem hann hefir eigi enn fengið bata á. Hefir maður þessi því enn fram að þessu verið á framfæri bæjarsjóðs með fjölskyldu sína, og er stefnandi, Bjarni Jónsson, varð eigandi húseignarinnar, tók bæjarsjóður skriflega ábyrgð á húsaleigugreiðslu Helga til hans.

Fyrrverandi fátækrafulltrúi Sveinn P. Scheving, er lét af því starfi árið 1934, hefir gefið vottorð um það í málinu, að hann hafi á sínum tíma tekið ábyrgð f. h. bæjarsjóðs á greiðslu húsaleigu vegna Helga Jónssonar til þáverandi húseiganda, Magnúsar Jónssonar, 30 kr. á mánuði, og ávísað leigunni til greiðslu úr bæjarsjóði, meðan hann var í starfinu. Hann segir, að venjan hafi verið sú, að fátækrafulltrúi tók ábyrgð á greiðslu leigu fyrir húsnæði fastra styrkþega og ávísaði henni til greiðslu. Hafi Helgi Jónsson verið á föstu framfæri hjá bæjarsjóði um þær mundir, er fátækrafulltrúinn tók ábyrgð á greiðslunni. Síðan fékk Magnús Jónsson greidda húsaleigu fyrir Helga, 30 kr. á mánuði, úr bæjarsjóði, þar til Útvegsbankaútibúið stöðvaði þá greiðslu 1. okt. 1935, en húsið hafði þá útibúið eignazt um áramót næst á undan. Nú var engin húsaleiga greidd fyrir Helga frá 1/10 1935 til 30/5 1939.

Þegar stefnandinn, Bjarni Jónsson, eignaðist húsið, eins og áður segir, og fékk framselda húsaleiguskuldina, sneri hann sér til bæjarsjóðs og krafðist greiðslu upphæðarinnar. Neitaði bæjarsjóður að greiða húsaleiguskuldina fyrst og fremst vegna þess, að eigi lægi fyrir bindandi ábyrgðar-

skuldbinding af bæjarins hálfu og jafnvel þó svo kynni að verða litið á, að einhver ábyrgð lægi fyrir, þá væri hún bundin við Magnús Jónsson, en gæti eigi náð til hinna nýju eigenda hússins. Umboðsmaður stefnda heldur því fram, að fátækrafulltrúi hafi ekki heimild til þess að ábyrgjast f. h. bæjarins, eins og Sveinn P. Scheving fyrrverandi fátækrafulltrúi hafi gert, og engin önnur lögleg ábyrgðarskuldbinding liggi fyrir af hendi bæjarins.

Rétturinn verður að líta svo á, að bæjarsjóður hafi með því að greiða húsaleigu fyrir Helga Jónsson í marga mánuði samkvæmt ábyrgð og ávísun frá fátækrafulltrúa tekið á sig skuldbindingu um að standa straum af greiðslu húsaleigunnar. Einnig verður að telja, að sú skuldbinding gildi gagnvart húseigandanum, hver svo sem hann verður, meðan hvorki er sagt upp húsnæðinu né ábyrgðarskuldbindingu þessari. Það verður ekki séð, að nein uppsögn hafi farið fram á ábyrgð þessari, enda virðist Helgi Jónsson hafa allan þann tíma, sem hér er um að ræða, verið á föstu framfæri bæjarins og ekki þess umkominn að greiða húsaleiguna sjálfur.

Stefnandinn hefir upplýst, að ástæðan til þess, að húsaleigan ekki var krafin yfir svo langan tíma, sé sú, að staðið hafi til, að Bjarni Jónsson yfirtæki strax húseignina hjá útibúinu, en orðið í undandrætti, en svo hafi verið um samið, að Bjarni hefði allan veg og vanda af húseigninni, frá því að útibúið eignaðist hana. Það verður ekki talið, að útibúið hafi afsalað sér rétti til húsaleigunnar, þó það tilkynnti bæjarsjóði, að Magnús Jónsson ætti ekki lengur húsið og bæri því ekki lengur greiðslan.

Umboðsmaður stefnds hefir til vara krafizt þess, að bæjarsjóður verði aðeins skyldaður til að greiða umrædda húsaleigu, þar til nýju framfærslulögin gengu í gildi, eða til 1. jan. 1936. Ekki verður samt á það falilzt, að þau lög hafi fellt úr gildi slíkar skuldbindingar, eins og hér er um að ræða, eða hafi að geyma nein þau ákvæði, er það leiði af sér.

Samkvæmt framansögðu ber því að taka kröfur stefnandans til greina að öllu leyti, einnig málskostnaðarreikning, er kemur heim við lágmarksgjaldskrá M. F. Í. og aukatekjulögin.

Umboðsmaður stefnds hefir krafizt ómerkingar á þeim orðum í bréfi Bjarna Jónssonar til útibúsins, rjskj. nr. 6,

„né að bæjarsjóður með ásælni og rangsleitni ætli að neita mér um greiðslu á réttmætri kröfu". Þykir rétt að ómerkja orðin „ásælni" og „rangsleitni", en ekki telur rétturinn ástæðu til að sekta fyrir þau.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Hinrik Jónsson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja, greiði stefnandanum, Jóh. Gunnari Ólafssyni f. h. Bjarna Jónssonar, kr. 1320.00 með 6% ársvöxtum frá 22. júní 1939 til greiðsludags og kr. 260.20 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Orðin „rangsleitni" og „ásælni" í bréfi Bjarna Jónssonar, rskj. nr. 6, skulu dauð og ómerk.

Mánudaginn 6. maí 1940.

Nr. 19/1940. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Pétur Magnússon)
gegn
Páli Óskari Guðjónssyni
(Theódór B. Líndal).

Bílstjóri sýknaður af ákæru um manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Úr því að athygli ákærða beindist frá því, sem gerðist umhverfis bílinn, meðan hann staðnæmdist á götunni, þá hefði verið varlegra af ákærða að fara út úr bílnum í aðgæzluskyni, áður en hann ók af stað aftur, en þrátt fyrir þetta þykir varhugavert að fullyrða, að hann hafi sýnt slíkan aðgæzluskort, að honum verði refsað eftir 200. gr. hegningarlaganna fyrir manndráp af gáleysi.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum málslyktum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Theódórs B. Líndals, 60 krónur til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 1. febrúar 1940.

Ár 1940, fimmtudaginn 1. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af hinum reglulega dómara, settum sakadómara Jónatan Hallvarðssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 97/1940: Réttvísin og valdstjórnin gegn Páli Óskari Guðjónssyni, sem tekið var til dóms 17. janúar s. l.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Páli Óskari Guðjónssyni, bifreiðarstjóra, Kárastíg 2 hér í bæ, fyrir brot gegn 17. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum nr. 70 8. sept. 1931 um notkun bifreiða og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. sept. 1910, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1934 9/1 Sætt: 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1934 1⅚ Sætt: 40 kr. sekt fyrir brot gegn 7. og 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1936 ⅛ Undir rannsókn út af bifreiðaárekstri. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1939 2¼ Undir samskonar rannsókn. Samskonar afgreiðsla.
1939 ⅛ Undir samskonar rannsókn. Samskonar afgreiðsla.

1939 $^{18}/_{12}$ Sætt: 10 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um takmörkun á akstri bifreiða.

Hinn 4. okt. s. l., klukkan að ganga 7 eftir hádegi, lagði ákærði af stað í bifreiðinni R. 607 frá „Bifreiðastöð Íslands" og ók áleiðis að Sunnuhvoli við Háteigsveg. Í bifreiðinni var einn farþegi, Einar Hjaltested bóndi, sem sat í framsætinu hjá ákærða og var mjög ölvaður. Er að Sunnuhvoli var komið, stöðvaði ákærði bifreiðina rétt neðan við hliðið í portinu þar við húsið. Þar vildi Einar Hjaltested ekki fara út úr bifreiðinni, og stansaði ákærði þarna um 3—4 mínútur án þess að fara út úr bifreiðinni, meðan hann var að reyna að fá Einar til þess að fara út úr bifreiðinni. Sá ákærði þá litla telpu, sem stóð hægra megin við bifreiðina, en engin önnur börn varð hann var við. Þegar ekki tókst að fá Einar til að fara þarna út úr bifreiðinni, tók ákærði bifreiðina af stað og kveðst hafa ætlað að færa hana alveg fyrir portdyrnar, ef vera kynni, að hægt væri að fá Einar til að fara þar út. Áður en ákærði ók bifreiðinni af stað, kveðst hann hafa litið fram á veginn og til hliðar og engin börn séð nema fyrrgreint stúlkubarn. Ákærði kveðst hafa verið að taka bifreiðina af stað, og hafi bifreiðin ekki hreyfzt til yfir einn meter, þegar hann fann, að eitthvað varð undir hægra framhjólinu, og um leið slóst eitthvað í framstuðarann. Kveðst ákærði hafa fundið, að framhjólið fór yfir það, sem fyrir því varð, en jafnskjótt kveðst hann hafa stöðvað bifreiðina og um leið hlaupið út úr henni. Sá ákærði þegar, að barn lá undir bifreiðinni fast fyrir aftan hægra framhjól hennar. Barnið lá þar á grúfu þvert undir bifreiðinni, og sneri höfuð þess út, en fæturnir inn undir bifreiðina, og var höfuð þess eða háls í stefnu af hjólinu. Ákærði tók barnið upp og lagði það í aftursæti bifreiðarinnar, dró síðan Einar Hjaltested út úr bifreiðinni og ók svo rakleitt til Landspítalans ásamt Önnu Jónasínu Brynjólfsdóttur og föður barnsins, en þau bar bæði þarna að. Barnið hét Ólafur Hjaltested, fætt 7. desember 1937, og andaðist það á Landspítalanum hinn 6. okt. s. l. af völdum slyss þessa.

Þegar ákærði hafði ekið barninu á Landspítalann, tilkynnti hann strax slys þetta á lögreglustöðina, og fór Ingólfur Þorsteinsson lögregluþjónn strax á vettvang, en verks ummerki sáust þar engin. Athugaði Ingólfur strax bifreið-

ina R. 607, og reyndust stjórnartæki hennar öll vera í góðu lagi og útsýn úr bifreiðarstjórasætinu eðlileg. Morguninn eftir slysið voru svo gerðar mælingar af staðnum og búinn til uppdráttur.

Vitnin Anna Jónasína Brynjólfsdóttir og faðir barnsins, Pétur Hjaltested, komu fyrst á slysstaðinn, eftir að slysið skeði, og sáu því ekki, hvernig það atvikaðist, en vitnið Einar Hjaltested mundi ekkert um það sökum ölvunar, og er ekki vitað um neina sjónarvotta að slysinu, nema 4 ára telpu, systur drengsins Ólafs heitins Hjaltsted, og hefir hún ekki verið leidd sem vitni. Verður því að leggja skýrslu ákærða til grundvallar um, hvernig slysið atvikaðist. Samkvæmt henni þykja aðstæður ekki hafa verið þannig, að ákærði verði sakfelldur fyrir slys þetta, og ber því að sýkna ákærða af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Þá hefir rannsókn málsins ekki leitt í ljós, að ákærði hafi brotið gegn lögum nr. 70 8. sept. 1931 um notkun bifreiða eða gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur, og ber því einnig að sýkna ákærða af kæru valdstjórnarinnar.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50.00, til skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Steingrímssonar, bæjarfógetafulltrúa, úr ríkissjóði.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Páll Óskar Guðjónsson, á að vera sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með taldar 50 krónur til skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Steingrímssonar bæjarfógetafulltrúa.

Mánudaginn 6. maí 1940.

Nr. 128/1939. **Guðmundur Kristjánsson**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Gunnlaugi Stefánssyni (Enginn).

Ómerking héraðsdóms og heimvísun málsins til meðferðar eftir 120. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Dómur hæstaréttar.

Málinu er áfrýjað með stefnu 16. desember 1939. Stefnan hefir verið löglega birt, en stefndi mætti ekki, er flytja skyldi málið, og hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefir fengið gjafsókn og sér skipaðan talsmann fyrir hæstarétti. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 2161.18 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Í héraði hefir málið verið svo lélega skýrt af beggja hendi, að dómarinn hefði átt, eftir að það var tekið til dóms og hann hlaut að hafa séð, hversu gallaður málflutningurinn var, að taka það upp af nýju samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og veita aðiljum kost á að skýra það betur. Samkvæmt þessu þykir rétt að ómerkja héraðsdóminn og skylda héraðsdómarann til þess að taka málið fyrir af nýju og veita aðiljum kost á að koma að þeim gögnum og skýringum, er þeir kynnu að óska og efni verða til.

Stefndi hefir, að því er virðist, með viljandi röng-

um málflutningsyfirlýsingum fengið sýknudóm í héraði og knúið þar með gagnaðilja sinn til áfrýjunar málsins. Með hliðsjón af þessu og málalokum hér fyrir dómi þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða allan málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst kr. 500.00. Þar af greiðist ríkissjóði réttargjöld og annar kostnaður vegna málskotsins, kr. 193.00, talsmanni áfrýjanda í málflutningslaun kr. 220.00 og áfrýjanda sjálfum kr. 177.00.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera ómerkur, og ber héraðsdómaranum að taka málið upp af nýju og veita aðiljum kost á að koma að þeim gögnum og skýringum, er þeir óska og efni verða til.

Stefndi greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, er ákveðst samtals kr. 500.00, þar af til ríkissjóðs kr. 103.00, til talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, Gunnars hæstaréttarmálflutningsmanns Þorsteinssonar, kr. 220.00 og til áfrýjanda sjálfs kr. 177.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðarkaupstaðar 30. okt. 1939.

Ár 1939, mánudaginn 30. október, kl. 1,30 e. h., var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var á skrifstofu bæjarfógetans í Hafnarfirði af bæjarfógeta Bergi Jónssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1/1939, en mál þetta var dómtekið hinn 17. október síðastliðinn.

Mál þetta er, að undangenginni sáttatilraun, höfðað fyrir bæjarþinginu með réttarstefnu, útgefinni 31. maí 1939, af Guðmundi Kristjánssyni, Suðurpól 38 í Reykjavík, á hend-

ur Gunnlaugi Stefánssyni, kaupmanni, í Hafnarfirði, til greiðslu á andvirði fisks, að upphæð kr. 1303.24 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags, kr. 1500.00 í skaðabætur og álitshnekki, og málskostnaði að skaðlausu.

Til sönnunar fiskinnleggi sínu til stefnds hefir stefnandi lagt fram reikning, útgefinn 31. des. 1938, en samkvæmt honum kveðst hann hafa á árinu 1935 lagt inn til stefnds 3133 kg fisks fyrir samtals kr. 1303.24.

Þá hefir hann lagt fram vottorð Ólafs Jóelssonar um, að samkvæmt „vigtarbók" Ólafs hafi stefnandi hinn 14. sept. 1935 lagt inn til stefnda greint fiskmagn, þ. e. 3133 kg.

Stefndi hefir hinsvegar mótmælt öllum kröfum stefnanda „sem alröngum og rakalausum uppspuna frá rótum", og því krafizt algerðrar sýknu og að honum verði tildæmdar hæfilegar bætur fyrir „óþarfa málsýfingu og ósæmilegar aðdróttanir".

Stefndi hefir hinsvegar, þrátt fyrir þessi mótmæli, ekki lagt fram nein frekari gögn og eigi látið staðfesta fyrrgreint vottorð, og það enda þótt löglærður málflutningsmaður hafi mætt fyrir hann í málinu.

Samkvæmt framangreindu getur rétturinn eigi tekið kröfur stefnanda til greina og þykir rétt, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda kr. 50.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gunnlaugur Stefánsson, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Guðmundar Kristjánssonar, í máli þessu.

Stefnandinn, Guðmundur Kristjánsson, greiði stefnda, Gunnlaugi Stefánssyni, kr. 50.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögmætri birtingu dóms þessa.

Laugardaginn 11. maí 1940.

Nr. 20/1940. **Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Eyrarbakkahreppi og gagnsök
(Garðar Þorsteinsson).

Fiskræktar- og veiðifélag ekki talið hafa verið stofnað á lögmætan hátt.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir áfrýjað málinu með stefnu 10. apríl þ. á. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, staðfestingar á ákvæðum héraðdómsins um ómerkingu ummæla og málskostnaðar af gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu 11. apríl þ. á. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samþykktir Fiskræktar- og veiðifélags Árnesinga taka bæði til laxveiði og silungsveiði í fiskihverfi Ölfusár. Silungsveiði er í sumum þeim ám, sem sérstaklega eru greindar í 2. gr. samþykktanna, svo sem Soginu, og upplýst er, að silungsveiði sé einnig í ám þeim í Ölfusi, er falla í Ölfusá að vestan og nefndar eru í héraðsdóminum. Þar eð félagssvæðið nær til ósa Ölfusár, verður það samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum samþykktanna og 2. tölulið 57. gr. laga nr. 61/1932 að ná til alls fiskihverfis árinnar, bæði um laxveiði og silungsveiði. Þykir því, að þessu athuguðu, mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi

greiði gagnáfrýjanda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga, greiði gagnáfrýjanda, Eyrarbakkahreppi, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Árnessýslu 27. marz 1940.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir aukarétti Árnessýslu með stefnu, útgefinni 19. nóv. 1938, af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps gegn Fiskræktar- og veiðifélagi Árnesinga, til heimilis að Selfossi. Með úrskurði, uppkveðnum 25. nóv. 1938, vék hinn reglulegi dómari, sýslumaðurinn í Árnessýslu, Páll Hallgrímsson, sæti í málinu, og er dómur í því kveðinn upp af Ísleifi Árnasyni prófessor sem setudómara. Hefir málið verið rekið hér í Reykjavík með samkomulagi málsaðilja.

Eftir því sem fram hefir komið, eru málavextir þessir:

Hinn 17. maí 1937 héldu ýmsir laxveiðendur í Árnessýslu fund með sér að Tryggvaskála við Ölfusárbrú. Var á fundi þessum meðal annars rætt um samveiði í laxveiðiám sýslunnar og samþykkt þar tillaga þess efnis, að þar sem fram hefði komið ákveðinn vilji fjölda laxveiðenda í Árnessýslu um samveiði í laxveiðiám innan héraðs, ákveði fundurinn að kjósa 5 manna nefnd, er skyldi boða alla hlutaðeigendur til fundar þá um vorið og undirbúa málið, eftir því sem við yrði komið. Var nefndin síðan kosin. Á fundi, er nefndin hélt hinn 18. nóv. 1937, var samþykkt að skrifa veiðimálanefnd og biðja um leyfi til stofnunar fiskræktar- og veiðifélags. Þá var og ákveðið að boða til fundar við Ölfusárbrú 17. des. 1937 með öllum þeim, er land eiga að viðkomandi ám, til þess að ræða um stofnun fiskræktar- og veiðifélags á vatnasvæði Ölfusár. Samkvæmt ákvörðun þessari var síðan hinn 17. des. 1937 haldinn fundur við Ölfusárbrú „til að ræða um stofnun veiði- og fiskræktarfélags í

vatnahverfi Ölfusár". Á fundi þessum var samþykkt með 86 atkvæðum gegn 10 svolátandi tillaga: „Fundurinn lýsir sig fylgjandi því, að stofnað verði fiskræktar- og veiðifélag um fiskihverfi Ölfusár og Hvítár, og ákveður með það fyrir augum að kjósa 7 manna nefnd til undirbúnings félagsstofnuninni skv. 41. og 61. gr. laga nr. 61 1932 um lax- og silungsveiði, og skili nefndin áliti sínu og gögnum sem fyrst á fundi, sem boðað sé til samkvæmt 42. og 62. gr. nefndra laga." Ennfremur var á fundinum kosin nefnd sú, er um getur í tillögunni. Með tilkynningu, dags. 7. marz 1938, boðaði undirbúningsnefndin síðan til fundar að Selfossi 26. s. m. til stofnunar Fiskræktar- og veiðifélags í fiskihverfi Ölfusár og Hvítár. Á þeim fundi var samkvæmt eftirriti af fundargerðinni, sem fram hefir verið lagt í málinu, samþykkt að viðhöfðu nafnakalli með 131 atkvæði gegn 38 atkvæðum eftirfarandi tillaga: „Fundurinn samþykkir að stofna nú þegar veiðifélag í fiskihverfi Ölfusár og Hvítár." Þá var og á fundinum samþykkt í einu hljóði munnleg tillaga um að stofna nýtt fiskræktarfélag í sambandi við veiðifélagið. Er tillögur þessar höfðu verið samþykktar, var gengið frá félagsstofnun í samræmi við þær, settar samþykktir fyrir félagið, arðskrá ákveðin og félagsstjórn kosin. Öðluðust samþykktirnar síðar á árinu 1938, þrátt fyrir mótmæli stefnanda, staðfestingu ráðherra, eins og lög mæla fyrir um. Í 1. gr. samþykktanna er heiti félagsins ákveðið „Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga", og í 2. gr. þeirra er félagssvæðið talið allar jarðir, sem land eiga að fiskihverfi Ölfusár, og jarðirnar síðan taldar upp tæmandi.

Stefnandi, sem er landeigandi á því svæði, sem félaginu samkv. samþykktunum er ætlað að ná yfir, heldur því fram, að umrædd félagsstofnun hafi ekki farið fram lögum samkvæmt, og byggir hann þá staðhæfingu sína á eftirfarandi atriðum: Í fyrsta lagi beri fundargerðirnar það með sér, að tilætlunin hafi verið, að félagið sem fiskræktar- og veiðifélag næði til fiskihverfis Ölfusár, en fiskihverfi hennar nái til allra þeirra jarða, sem liggja að henni og þeim ám, sem í hana renna. Hvorki eigendur eða ábúendur þeirra jarða, sem veiðirétt eiga í Bakkarholtsá, Sandá, Gljúfurá, Varmá og Þorleifslæk hafi verið boðaðir á stofnfund félagsins, en ár þessar renna í Ölfusá að vestan. Í öðru lagi sé skylt, þegar fiskræktar- og veiðifé-

lag sé stofnað sameiginlega, að gæta skilyrða laga nr. 61 frá 1932 um stofnun hvors félagsins um sig, en þetta hafi ekki verið gert, heldur beri fundargerðirnar það með sér, að hvorki hafi verið farið eftir fyrirmælum VIII. kafla laganna um stofnun fiskræktarfélaga né IX. kafla þeirra um stofnun veiðifélaga, sérstaklega að því er atkvæðagreiðslu um félagsstofnunina snertir. Þá vefengir stefnandi, að fundir um félagsstofnunina hafi verið boðaðir skriflega, eins og skylt sé eftir ákvæðum nefndra laga. Á þessum grundvelli hefir stefnandi gert þær réttarkröfur í málinu, að því verði slegið föstu með dómi, að nefnt Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga sé ekki stofnað lögum samkvæmt, svo og að samþykktir þess félags séu ekki bindandi fyrir stefnanda. Þá hefir stefnandi og krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Í fyrstu greinargerð sinni hefir stefndi krafizt þess, aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda, og málskostnaðar hefir hann krafizt að skaðlausu eða eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer.

Frávísunarkröfuna byggði stefndi í fyrsta lagi á því, að stefnandi hefði tekið á móti og kvittað fyrirvaralaust fyrir arði, sem honum hafi verið úthlutað samkvæmt staðfestri arðskrá félagsins, en slík framkoma sé ósamrýmanleg málssókn þessari. En við munnlegan flutning málsins féll stefndi algerlega frá þessari frávísunarástæðu, og kemur hún því ekki til álita.

Þá reisti stefndi frávísunarkröfuna og á þeim grundvelli, að með staðfestingu ráðherra á samþykktunum fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga hafi því endanlega verið slegið föstu, að fullnægt hafi verið þeim skilyrðum, er lög nr. 61 frá 1932 setja um stofnun slíkra félaga, og dómstólarnir eigi því ekki atkvæði um það mál. Til þess að staðfesting ráðherra fáist, þurfi eftir nefndum lögum, að því er veiðifélög snertir, fyrst og fremst leyfi til stofnunarinnar frá veiðimálanefnd og veiðimálastjóra. Því næst þurfi bæði um fiskræktar- og veiðifélög að senda samþykktir þeirra ásamt öllum tilheyrandi skjölum til ráðherra til athugunar. Hann eigi ex officio að rannsaka allt, er stofnun félaganna varðar, meðal annars að ekki sé hallað réttindum einstakra manna, hon-

um beri að heimta úr því bætt, sem ábótavant kann að vera, og hann megi ekki staðfesta samþykktirnar, nema veiðimálanefnd og veiðimálastjóri mæli með því. Telur stefndi, að ekki komi til mála, að þessarar meðferðar sé krafizt að tilgangslausu í lögunum. Við munnlegan flutning málsins féll stefndi fyrir sitt leyti frá þessari frávísunarástæðu, en lét hinsvegar uppi það álit sitt, að hún ætti að athugast og takast til greina af dómaranum ex officio.

Ákvæði umræddra laga um það, að samþykktir fiskræktar- og veiðifélaga þurfi staðfestingu ráðherra, að fengnum meðmælum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, eru að sjálfsögðu sett með það fyrir augum að tryggja, að stofnun slíkra félaga fari fram í samræmi við fyrirmæli laganna, en þau fyrirmæli eru fortakslaus, þannig að framkvæmdarvaldið getur ekki veitt undanþágur eða heimilað frávikningu frá þeim. Hafi ráðherra staðest samþykktir fiskræktar- og veiðifélags, sem stofnað hefir verið, án þess að fyrirmælum VIII. eða IX. kafla nefndra laga hafi verið fylgt, mundi því staðfestingin ekki geta gert félagsstofnunina lögmæta. Rétturinn lítur því svo á, að heimilt sé að bera lögmæti stofnunar Fiskræktar- og veiðifélags Árnesinga undir dómstólana, þrátt fyrir staðfestingu ráðherra á samþykktum þess, og þeir eigi úrskurðarvald um það atriði, og verður málinu af þeim ástæðum ekki vísað frá dómi.

Undir rekstri málsins hefir stefndi haldið fast við sýknu og málskostnaðarkröfu sína. Byggir hann sýknukröfuna á því, að gengið hafi verið frá stofnun félagsins á lögmætan hátt að öllu leyti, bæði að því er snertir ákvörðun félagssvæðis, boðun stofnfunda og atkvæðagreiðslu á fundunum.

Á VIII. kafla laga nr. 61 frá 1932 um lax og silungsveiði eru ýtarleg ákvæði um stofnun fiskræktarfélaga og í IX. kafla sömu laga um stofnun veiðifélaga. Verður að líta svo á, að fylgja þurfi nefndum fyrirmælum út í æsar við stofnun fiskræktar- og veiðifélaga, til þess að hlutaðeigendur verði gegn vilja sínum skyldaðir til þess að gerast félagar slíks félagsskapar, sbr. niðurlag 42. og 62. gr. laganna, og umrædd ákvæði séu meðal annars sett til að tryggja rétt þeirra, sem eru á móti þesskonar félagsstofnun.

Samkvæmt orðaskýringu 1. gr. laganna er fiskihverfi:

veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir eða fer um fram og aftur eða ætla má, að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið, og samkvæmt skilgreiningu sömu greinar merkir fiskur lax og silung. Eftir 39. gr. virðast fiskræktarfélög eiga að taka yfir heilt fiskihverfi. Hinsvegar heimilar 1. töluliður 57. gr. að takmarka félagssvæði veiðifélags við einstakt vatn í fiskihverfi eða hluta af vatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiðiskap og vatnskosti, en 2. töluliður greinarinnar takmarkar þessa heimild, því að þar segir, að ef um hluta straumvatns sé að ræða, verði félagssvæði ætið að ná svo langt upp með vatni, sem veiði er stunduð í því fiskihverfi. Eins og áður er drepið á, er í 2. gr. samþykkta Fiskræktar- og veiðifélags Árnesinga félagssvæði þess ákveðið allar þær jarðir, sem land eiga að fiskihverfi Ölfusár, en félagssvæðið er takmarkað frekar með þeim hætti að tilgreina aðeins þær jarðir, sem liggja að Ölfusá og Hvítá ásamt nokkrum af þeim ám, sem í þær renna. Í upptalningu 2. gr. samþykktanna á jörðum þeim, sem land eru taldar eiga að fiskihverfi Ölfusár, eru ekki teknar með þær jarðir, sem liggja að ám þeim, sem áður um getur, Bakkarholtsá, Sandá, Gljúfurá, Varmá og Þorleifslæk og falla í Ölfusá að vestan. Það er in confesso í málinu, að silungsveiði sé í ám þessum, og byggir þær því og fer um a. m. k. að nokkru leyti sami fiskstofn og Ölfusá, og má í því sambandi benda á það, að samkv. 5. gr. fyrrnefndra samþykkta er auk laxveiði, silungsveiði bönnuð á félagssvæðinu, nema með sérstöku leyfi félagsstjórnarinnar. Verða umræddar ár því ótvírætt að teljast heyra til fiskihverfi Ölfusár. Samkvæmt 39. gr. og 57. gr. 2. tölul. oftnefndra laga var því, eins og hér á undan er drepið á, óheimilt að takmarka félagssvæði Fiskræktar- og veiðifélags Árnesinga eins og gert er í 2. gr. samþykkta þess.

Við stofnun fiskræktarfélags við fiskihverfi, sem veiði er í, skal eftir 40. gr. kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefir verið stunduð í því fiskhverfi, og hafi veiðiréttur verið skilinn með öllu frá landareign, skal boða eiganda eða eigendur veiðiréttarins. Eftir 59. gr. skal á sama hátt við stofnun veiðifélags kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu

fyrirhugaða félagssvæði, ef stofna á félagið við vatn eða vötn, sem veiði er í. Þá skal og, hafi veiðiréttur verið skilinn frá landareign, boða notanda veiðiréttarins. Það er viðurkennt í málinu, að hvorki eigendur eða ábúendur þeirra jarða, er liggja að Bakkarholtsá, Sandá, Gljúfurá, Varmá og Þorleifslæk, hafi verið boðaðir á stofnfundi hins stefnda félags, enda þótt það samkvæmt framansögðu og nýnefndum lagaákvæðum hafi verið skylt, en samkvæmt skrá, sem stefnandi hefir lagt fram, liggja um 40 jarðir að ám þessum.

Af framansögðu er það ljóst, að við stofnun hins stefnda félags, hefir í verulegum atriðum verið brotið í bága við fyrirmæli VIII. og IX. kafla oftnefndra laga um stofnun fiskræktar- og veiðifélaga og þykir því þegar af framangreindum ástæðum mega fallast á það hjá stefnanda, að félagið sé eigi stofnað lögum samkvæmt, og eru samþykktir þess þá ekki bindandi fyrir hann. Þá athugast það og, að fyrirkomulagi á atkvæðagreiðslu, sérstaklega um stofnun fiskræktarfélagsins, virðist hafa verið mjög ábótavant.

Stefndi hefir krafizt þess, að eftirgreind ummæli í greinargerð málflutningsmanns stefnanda, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, verði dæmd dauð og ómerk og hann sektaður fyrir þau: „Hinu barnalega bréfi sýslumannsins sé ég ekki ástæðu til að svara neinu. Hans vitleysur í sambandi við stofnun þessa félags og annað, sem hefir snert framkvæmd laxveiðilaganna í Árnessýslu, eru orðnar svo margar og stórfelldar, að ekki tekur því að eltast við þetta bréf hans, sem er þó full sönnun þess, að atkvæðagreiðslan fór ólöglega fram undir hans stjórn. T. d. mun atkvæðaskráin sýna, að hann greiddi fjölda atkvæða á báðum fundunum án þess að hafa til þess nokkra heimild. Hann liggur undir ákæru fyrir að hafa misbeitt valdi sínu og hefir ekki enn hreinsað sig af því máli."

Framangreind ummæli verða að teljast móðgandi fyrir sýslumanninn í Árnessýslu, sem þeim er beint að, og verða þau því ómerkt, en ekki þykir ástæða til að beita sektum fyrir þau.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í málinu falli niður.

Vegna anna dómarans hefir honum eigi unnizt tími til að kveða upp dóm í máli þessu fyrr en nú.

Því dæmist rétt vera:

Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga er ekki stofnað samkvæmt fyrirmælum laga nr. 61 frá 1932, og eru samþykktir þess félags ekki bindandi fyrir stefnanda, hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps.

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. maí 1940.

Nr. 125/1939. **Elías Sigurðsson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Sesselju Sigurðardóttur
(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótamál vegna bílslyss.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1939, krefst aðallega algerrar sýknu, en til vara, að bætur þær, sem ákveðnar hafa verið í héraðsdóminum, verði niður færðar og tjóninu skipt í hlutfalli við sök bílstjórans og stefndu á slysinu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda krefst hinsvegar staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Telja verður það nokkra ógætni af hendi stefndu að bíða ekki á gangstéttinni, meðan bíllinn ók fram hjá, og nema ekki fyrr staðar. Að þessu at-

huguðu og að öðru leyti með tilvísun til forsendna héraðsdómsins þykja bætur til handa stefndu hæfilega ákveðnar kr. 1200.00.

Samkvæmt þessum málslyktum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, og ákveðst hann samtals kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Elías Sigurðsson, greiði stefndu, Sesselju Sigurðardóttur, kr. 1200.00 með 5% ársvöxtum frá 21. apríl 1939 til greiðsludags og samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. nóv. 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. apríl s. l., af Sesselju Sigurðardóttur, kaupkonu hér í bæ, gegn Elíasi Sigurðssyni, bifreiðarstjóra, Öldugötu 32 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 1575.00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefndu til greiðsludags, og málskostnaðar eftir framlögðum reikningi eða mati réttarins. Í rekstri málsins hefir stefnandi krafizt þess til vara, að tjóninu yrði skipt í hlutfalli við sök þá, er rétturinn teldi hvorn aðilja um sig eiga á slysinu. Auk stefnds hefir Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f., sem neðangreind bifreið var tryggð hjá, verið stefnt til að gæta réttar síns við afgreiðslu málsins.

Stefndur krefst aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á stefnukröfunni og skiptingar tjónsins milli aðilja í hlutfalli við sök hvors um sig á slysinu.

Stefnandi lýsir málsatvikum þannig, að þann 27. október 1938, klukkan rúmlega 8 e. h., hafi hún verið á gangi

í Lækjargötu. Er hún hafi komið móts við hús Búnaðarfélagsins vestan götunnar, hafi hún ætlað að ganga þvert austur yfir götuna. Hafi hún þá séð bifreiðina R. 715 koma suður Lækjargötu. Hafi hún fyrst talið, að sér væri óhætt yfir götuna vegna bifreiðarinnar, en er hún hafi séð, að svo var ekki, hafi hún numið staðar og þá um leið orðið fyrir bifreiðinni þannig, að hægra framhjól hennar hafi farið yfir vinstra fót sinn. Hafi hún fallið við á götuna og meiðzt á vinstra fæti og mjöðm og á báðum hnjám. Er áreksturinn varð, hafi bifreiðin stöðvast mjög fljótlega, og er hún hafi verið stöðvuð, kveðst stefnandi hafa legið til hliðar við hana, en þá hafi bifreiðin verið alveg út við gangstétt austan megin götunnar. Telur stefnandi stefndan einan eiga alla sök á slysinu og beri honum því að bæta sér allt það tjón, er hún hafi beðið vegna þess, en það nemi hinni umstefndu upphæð.

Stefndur kveðst hafa ekið suður Lækjargötu, laust við Strætisvagn, er staðið hafi austan götunnar móts við Búnaðarfélagshúsið. Er hann hafi komið 2—3 metra fram fyrir vagninn, hafi hann séð stefnanda koma frá húsinu yfir götuna og hafi hún lent á afturbretti bifreiðarinnar og fallið á götuna.

Bifreiðarstjóri, er ók á eftir stefndum, hefir skýrt svo frá, að hann hafi séð greinilega, að stefnandi hafi rekizt á bifreiðina rétt um afturhjólið, og hafi sér jafnframt virzt afturhjólið fara yfir annan fót hennar.

Þegar slysið varð, var rökkur og móða.

Í málinu er ekki upplýst, að bifreiðin R. 715 hafi verið komin svo sunnarlega á götuna, að ógætilegt hafi verið af stefnanda að leggja af stað austur yfir hana. Stefnandi virðist hafa gengið beint yfir götuna, sem þarna er mjög breið. Hinsvegar verður ekki séð, að stefndur hafi dregið neitt úr hraða bifreiðarinnar, er hann sá stefnanda, sem honum þó bar að gera, jafnvel þótt upplýst megi telja, að hraðinn hafi verið mjög hóflegur, eða 15—16 km, miðað við klukkustund. Þá verður og að telja, að rétt hefði verið af stefndum, eins og þarna stóð á, að beygja til hægri, aftur fyrir stefnanda, enda átti hann þess nægan kost, þar sem gatan er þarna mjög breið. — Að þessu athuguðu verður að telja, að stefndur hafi ekki hegðað sér svo sem honum bar í umrætt skipti og að hann eigi því sök á

slysinu. Og með tilliti til þess, sem áður segir um hegðun stefnanda, þykir ósannað, að hún eigi nokkurn þátt í slysinu, og verður því tjóninu af því ekki skipt.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfuna þannig:

1. Læknishjálp	kr.	293.00
2. Röntgenmyndir	—	30.00
3. Bifreiðakostnaður	—	67.00
4. Hjúkrun	—	85.00
5. Bætur fyrir óþægindi og þjáningar	—	400.00
6. Vinnutjón	—	600.00
7. Skemmdir á fötum	—	100.00
Samtals	kr.	1575.00

Um 1—3. Upphæð þessara liða er viðurkennd í flutningi málsins, enda liggja fyrir fylgiskjöl með þeim.

Um 4. Það er gerð nægileg grein fyrir því, sbr. það er segir undir 5, að stefnandi lá rúmföst heima 17 daga og þurfti að hafa sérstaka hjúkrunarkonu, er greiddar voru kr. 5.00 á dag. Þeirri upphæð, og þá einnig upphæð þessa liðs í heild, þykir svo í hóf stillt, að liðurinn verður tekinn til greina óskertur.

Um 5. Læknir sá, Gísli Pálsson, er stundaði stefnanda, lýsir meiðslum hennar þannig, að rúmlega lófastór marblettur hafi verið utanvert á vinstri lærhnútu, mar á báðum hnjám, vökvi í vinstra öklalið og mar fram á rist. Hún lá rúmföst og undir læknishendi frá 27. október til 18. nóvember 1938, þar af 17 daga heima (sbr. um 4), en síðan hjá systur sinni. Stefnandi mun hafa fengið taugaáfall við slysið og var til lækninga hjá Birni Gunnlaugssyni við því í nóvember og desember 1938. Telur hann hana hafa verið all-lengi óvinnufæra af þeim ástæðum. Ekki er upplýst, að stefnandi bíði varanlegt heilsutjón, en þó þykir þessum lið, að því athuguðu, er nú hefir sagt verið, svo í hóf stillt, að hann verður tekinn til greina óbreyttur.

Um 6. Eftir þeim upplýsingum, er fyrir liggja um atvinnu stefnanda, sem er kaupkona, og um aukahjálp, er hún varð að fá til verzlunarrekstrar síns vegna meiðslanna, þykir upphæð þessa liðs hæfilega ákveðin kr. 450.00.

Um 7. Það er óvéfengt, að kápa, er stefnandi var í, er

slysið varð, hafi eyðilagzt, og verður því að taka þenna lið til greina að fullu.

Verða lok málsins því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1425.00 með 5% ársvöxtum frá 21. apríl 1939 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Elías Sigurðsson, greiði stefnanda, Sesselju Sigurðardóttur, kr. 1425.00 með 5% ársvöxtum frá 21. apríl 1939 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. maí 1940.

Nr. 26/1940. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Bjarna Einarssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með tilvísun til forsendna héraðsdómsins þykir bera að staðfesta hann, þó með þeim breytingum, að sektin verði 200 krónur og afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, og að kærði verði sviptur rétti til bifreiðarstjórnar 6 mánuði frá birtingu dóms þessa talið.

Kristján sá Þórðarson, er lét það viðgangast, að kærði ók bifreiðinni R 368, er Kristján virðist þá hafa haft umráð yfir, virðist þar með hafa gerzt brotlegur við ákvæði 15. gr. bifreiðalaga nr. 70/1931 og 40.

gr. áfengislaga nr. 33/1935, en eigi sést, að Kristján þessi hafi verið látinn sæta ábyrgð fyrir þetta atferli sitt.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Bjarni Einarsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ennfremur skal kærði hafa fyrirgert rétti til bifreiðarstjórnar 6 mánuði frá birtingu dóms þessa talið.

Kærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Garðars Þorsteinssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. marz 1940.

Ár 1940, mánudaginn 18. marz, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Einari Arnalds, uppkveðinn dómur í málinu nr. 435/1940: Valdstjórnin gegn Bjarna Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Bjarna Einarssyni, verkamanni, Laufásvegi 58 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. júní 1920, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1937 $^{6}/_{11}$ Aðvörun fyrir að hjóla án ljóss og hanga í bifreið.

1938 $^{3}/_{2}$ Sætt: 20 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

1938 $^{2}/_{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51 1928.

1938 $^{21}/_{12}$ Sætt: 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1939 $^{3}/_{5}$ Sætt: 20 kr. sekt fyrir ógætilegan bílakstur og árekstur.

1939 $^{12}/_{10}$ Kærður fyrir áflog. Látið falla niður.

Með eigin játningu kærða og framburði vitna er sannað, að hann ók bifreiðinni R. 368 um götur bæjarins að kvöldi hins 6. þessa mánaðar og var þá undir áhrifum áfengis. Reyndist áfengismagn í blóði kærða, er af honum var tekið rétt eftir aksturinn, 1.80‰. Hefir kærði þannig brotið 21., sbr. 39. gr. áfengislaganna, 5. gr. 3. mgr., sbr. 14. gr. bifreiðalaganna, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann ber að svipta leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Bjarni Einarsson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. maí 1940.

Nr. 1/1940. **Síldarbræðslan á Norðfirði**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Verzlun Sigfúsar Sveinssonar
(Garðar Þorsteinsson).

Dómur og málsmeðferð í héraði ómerkt ex officio vegna rangs málatilbúnaðar.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Jónasi Thóroddsen, settum bæjarfógeta í Neskaupstað.

Áfrýjandi hefir áfrýjað málinu með stefnu 11. janúar 1940. Krefst hann þess aðallega, að málsmeðferð og dómur í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Ennfremur krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti, hvor krafan sem til greina yrði tekin.

Stefndi mótmælir kröfum áfrýjanda og krefst málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Kröfur áfrýjanda, þær er hann hafði uppi í héraði, að reikningur stefnda verði ómerktur eða til vara, að honum sjálfum verði dæmt að greiða stefnda leigu eftir mati dómsins, eru ekki dómhæfar. Þá er sá galli á málatilbúnaði, að kröfur þessar hafa ekki verið lagðar til sáttanefndar, enda þótt eigi hafi verið skilyrði til þess að ganga fram hjá sáttanefnd samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936. Auk þess hefir dómarinn eigi leitað sátta um þá kröfu stefnda, er hann hafði uppi í málflutningnum, að honum yrði dæmd öll sú krafa, er reikningur hans greinir. Af þessum ástæðum, hvorri fyrir sig

og báðum saman, þykir óhjákvæmilegt að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Héraðsdómarinn hefir vanrækt leiðbeiningarskyldu sína bæði um málatilbúnað samkvæmt framanskráðu og um skýringu málsatriða, með því að umboðsmenn aðilja eru ólöglærðir, svo óafsakanlega, að ekki þykir verða hjá því komizt að sekta hann ex officio samkvæmt 3. málsgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 um 50 krónur til ríkissjóðs, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Jónas bæjarfógeti Thóroddsen greiði 50 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Neskaupstaðar 28. nóvember 1939.

Mál þetta er höfðað fyrir aukarétti Neskaupstaðar með stefnu, dags. 27. nóv. 1939, og tekið fyrir í aukarétti Neskaupstaðar sama dag, þar eð stefndur hafði samþykkt að mæta án venjulegrar stefnubirtingar, þannig að stefnan væri einungis lögð fram fyrir hann í réttinum. Málið var síðan dómtekið sama dag.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Hannes Jónsson, framkvæmdarstjóri síldarbræðslunnar á Norðfirði, afhenti þann 24/7 s. l. stefndum í máli þessu 1686 sk. af síldarmjöli til geymslu, og 2% s. l. voru stefndum afhentir 89 sk. af ufsamjöli af bræðslunni. Stefnandi hefir viðurkennt, að ósamið hafi verið um leigu á þeim 89 sk., sem afhentir voru stefndum til geymslu þann 2% s. l. Hvað aftur á móti þeim 1686 sk. af síldarmjöli, sem Hannes Jónsson framkvæmdarstjóri kom fyrir til geymslu hjá stefndum 24/7 s. l., viðvíkur, þá heldur stefnandinn því fram, að svo hafi verið um samið, að Síldarbræðslan ætti að fá leigufría geymslu á þessu vörupartíi, ef 100 tonn af síldarmjöli bræðslunnar yrðu flutt út á árinu með Eimskip. Engir skriflegir samningar eru til um þetta atriði. Krefst stefnandinn þess, að reikningur stefnds, sem er upp á kr. 4153.20, verði dæmdur ómerkur, en til vara, að leiga fyrir mjöl þetta verði látin fara eftir mati réttarins. Ennfremur krefst stefnandi, að 86 sk. af síldarmjöli og 89 sk. af beinamjöli verði látnir lausir úr vörzlum stefnds gegn tryggingu Sparisjóðs Norðfjarðar á greiðslu skv. dómi, en stefndur hafði neitað að afhenda þetta mjöl úr sínum vörzlum fyrr en reikningur hans væri greiddur. Um þetta atriði varð þó það samkomulag, að stefnandi fengi afhent umrætt mjöl gegn nefndri tryggingu.

Stefndur í máli þessu mótmælir hinsvegar öllum framburði stefnanda og segir, að sér hafi verið afhentir hinir 1686 sk. af síldarmjöli til geymslu sem afgreiðslumanni Eimskips á Norðfirði, enda hafi mjölið átt að flytjast út með skipum Eimskipafélags Íslands og sé reikningur sinn samkv. taxta skipaafgreiðslnanna á Norðfirði.

Stefnandi kveðst mótmæla framburði stefnds og heldur því fram, að mjölið hafi aldrei verið afhent á afgreiðslu Eimskips, heldur hafi því verið komið fyrir til geymslu hjá verzlun Sigfúsar Sveinssonar vegna þrengsla inni í síldarbræðslunni. Stefndur hinsvegar heldur fast við fyrri framburð sinn. Ennfremur hefir stefndur lagt fram vottorð frá starfsmanni afgreiðslu Eimskips á Norðfirði, Hjálmari Ólafssyni, um það, að sér hafi ekki verið kunnugt um annað en að umrætt mjöl væri geymt á vegum afgreiðslu Eimskips.

Rétturinn lítur svo á, að þar eð engir skriflegir samningar eru til um leigu á umræddu mjöli eða hverjum það hafi verið afhent til geymslu, þá verði að líta á mál þetta

samkvæmt eðli málsins og því sem venjulegast megi telja í slíkum viðskiptum.

Hvað geymslu mjölsins viðvíkur, þá verður rétturinn að líta svo á sem það sé alveg óvenjulegt, að afgreiðslumanni stórrar skipaafgreiðslu séu afhent hátt á annað hundrað tonn af verðmætri útflutningsvöru til geymslu sem einstaklingi, án þess að það sé skipaafgreiðslunni viðkomandi. Getur því rétturinn ekki tekið kröfu stefnanda um ókeypis geymslu til greina. Þegar hinsvegar á að meta, hve há leigan ætti að vera, verður samkvæmt áðursögðum skilningi á því, að umrætt mjöl hafi verið í geymslu hjá afgreiðslu Eimskips á Norðfirði, að leggja geymslutaxta afgreiðslunnar til grundvallar, hvað geymslu hinna 1686 sk. af síldarmjöli viðvíkur, þá þykir þó rétt að færa hinn venjulega taxta allmikið niður, þar eð hvorutveggja er, að hér er um mjög stórt vöruparti að ræða og ennfremur þar eð geymsla mjölsins stendur yfir óvenjulangan tíma, eða frá $^{24}/_{7}$—$^{14}/_{11}$ 1939. Má því ætla, að stefndur hefði viljað gefa allverulegan afslátt frá hinum fasta taxta, ef hann hefði vitað fyrirfram, að geymslutíminn yrði svona langur. Þykir því dómaranum rétt að færa þenna reikningslið, sem er kr. 4046.40, niður um 35%, eða niður í kr. 2630.16. Hvað öðrum reikningslið nefnds reiknings viðvíkur, þá þykir dómaranum rétt, þar eð aðeins er um 89 sk. af mjöli að ræða, að taka þá kröfu, kr. 106.80, að fullu til greina. Samtals tekur því dómarinn kr. 2736.96 til greina af reikningi stefnds, og verður stefndum afhent sú upphæð af tryggingarfé síldarbræðslunnar strax eftir birtingu dóms þessa. Málskostnaður og birtingarkostnaður er samkvæmt reikningi kr. 33.70. Samtals ber því stefnanda að greiða kr. 2770.66.

Því dæmist rétt vera:

Stefnandi, Síldarbræðslan á Norðfirði, greiði stefnda kr. 2736.96, verzlun Sigfúsar Sveinssonar á Norðfirði, sem leigu fyrir 1775 sk. af mjöli, 1686 sk. frá $^{24}/_{7}$—$^{14}/_{11}$ 1939 og 89 sk. frá $^{20}/_{8}$—$^{15}/_{11}$ 1939. Ennfremur greiðir stefnandi kr. 33.70 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja strax eftir birtingu hans.

Miðvikudaginn 22. maí 1940.

Kærumálið nr. 1/1940. **Þórhallur Jón Snjólfsson**
gegn
Jakobi Jónssyni f. h. eiganda og útgerðarmanna l/v „Aldan“ E. A. 625

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af Sigurði Eggerz, bæjarfógeta á Akureyri, og meðdómsmönnum hans Benedikt Steingrímssyni og Kristjáni Árnasyni.

Með kæru, dags. 5. apríl, kominni til hæstaréttar 10. maí s. á, hefir kærandi skotið til hæstaréttar samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 ákvæði um málskostnað í dómi sjó- og verzlunardóms Akureyrar frá 30. marz 1940 og krefst þess, að téð ákvæði verði úr gildi fellt og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í máli þessu samkvæmt framlögðum reikningum, samtals kr. 236.70. Auk þess krefst kærandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kærumálskostnað fyrir hæstarétti, kr. 135.10. Stefndi hefir ekki sent dóminum greinargerð um málið.

Enda þótt héraðsdómurinn tæki aðaldómkröfur kæranda til greina í máli þessu, verður ekki betur séð, en að stefndi hafi fært fram svo mikil rök fyrir mótmælum sínum gegn greiðslu meiri hluta kröfunnar, að málið hafi að því leyti verið nægilega vafasamt til þess, að málskostnaður væri látinn falla niður samkvæmt 178. gr. laga nr. 85/1936. Þykir því mega staðfesta málskostnaðarákvæði áðurnefnds héraðsdóms.

Í framhaldsgreinargerð átelur umboðsmaður kær-

anda það, að héraðsdómarinn hefir tekið ritlaun fyrir hvert þeirra þriggja eintaka, sem öll eru handrituð, af eftirriti varðandi kærumálið. Með því að þetta virðist vera samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938, verður að láta við það sitja.

Því dæmist rétt vera:

Málskostnaðarákvæði framangreinds héraðsdóms á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 30. marz 1940.

Mál þetta hefir höfðað Jón Snjólfsson fyrir sjó- og verzlunarrétti Akureyrar með stefnu, dags. 12. jan. 1940, gegn skipstjóra Jakobi Jónssyni, Eiðsvallagötu 9, Akureyri, f. h. eiganda og útgerðarmanna l/v Aldan E. A. 625 til greiðslu á vangoldnu kaupi Þórhalls sem vélstjóra á l/v Aldan seinni hluta ársins 1939, að upphæð kr. 850.45 ásamt 6% ársvöxtum frá 11. jan. 1940 til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 158.00, og síðar hefir verið bætt við hann kr. 78.70.

Ennfremur gerir stefnandinn kröfu til sjóveðréttar fyrir umstefndum upphæðum í l/v Aldan E. A. 625, bæði skipi, vél og öðrum skipsútbúnaði.

Stefndi hefir mótmælt kröfunum að undanskildum kr. 160.03. Krefst hann, að sér verði greiddur málskostnaður kr. 150.00, og á síðara stigi málsins gerir hann ennfremur kröfu til kr. 99.05 til viðbótar við málskostnaðinn.

Krafa stefnanda er á reikningi hans, réttarskjali 3.

Stefndi mótmælir hluta úr Englandsför, kr. 910.00, er hann samkvæmt reikningi sínum á réttarskj. 2 telur kr. 502.08. Þá telur stefnandinn, að ranglega séu taldar 200 kr. greiddar til frú Aspar, en þessi upphæð virðist falin í 300 kr. á réttarskj. 2.

Loks telur stefndur, að stefnandinn hafi átt að greiða fæðiskostnað, kr. 82.50, en þessi upphæð er ekki færð stefnanda til útgjalda á réttarskj. 3.

Samkvæmt því sem stefndi þannig heldur fram, hækkar

reikningurinn á réttarskj. 3 um kr. 690.42, og verða þá eftir kr. 160.03, en þá upphæð hefir stefndur viðurkennt.

Aðalágreiningur í málinu er um það, hvort stefnandinn sé ráðinn upp á kaup eða ráðinn upp á hlut.

Samkvæmt réttarskj. 11 er stefnandinn ráðinn með samningi upp á kaup. Umboðsmaður stefnanda segir, að kaupið hafi átt að vera samkvæmt ráðningarsamningnum og samningi Vélstjórafélags Íslands við útgerðarmenn kr. 390.00 á mánuði með 200% hækkun á striðshættusvæðinu. Ennfremur segir hann, að ferðin hafi tekið 36 daga, en 17 dagar hafi verið á hættusvæðinu.

Upplýst virðist, að stefnandinn hafi ekki verið í Vélstjórafélagi Íslands, en hinsvegar í Vélstjórafélagi Akureyrar og í Dagsbrún.

En það þykir ekki ástæða til að fara nánara inn á þessi atriði, þar sem kaupinu, sem stefnandinn kveðst vera ráðinn upp á, hefir eigi verið mótmælt, og virðist því mega ganga út frá því, að samkvæmt skráningunni hafi kaup hans í Englandstúrnum átt að vera kr. 910.00.

Eftir er þá að íhuga það atriðið, hvort fyrir liggi eða hafi átt sér stað síðar samningar milli stefnanda og stefnda upp á hlut, er upphefji samninginn á réttarskj. 11. Skriflegir samningar um hlutaráðningu eru engir. 4 af 7 skipverjum hafa gefið yfirlýsingu um, að þeir hafi verið ráðnir upp á hlut, réttarskj. 6, en 2 skipverjar, stefnandinn og Hermann Sigurðsson, hafa neitað því.

Af þessum 4 mönnum, sem gáfu vottorðin á réttarskj. 6, hefir einn lýst yfir, að stefnandinn hafi verið með í því að biðja um hlutaráðningu, en tveir segja, að stefnandinn hafi verið við, þegar talað var um hlutaráðninguna við skipverja, en hinsvegar hafi þeir eigi heyrt hann samþykkja hlutaráðninguna, en 1 segist ekki vita til, að stefnandinn hafi verið við, þegar talað var um hlutaráðninguna. Þá hefir Jón Benediktsson, sem aðstoðaði stefnda við að gera upp Englandstúrinn, borið, að stefnandinn hafi 4 sinnum átt tal við hann út af reikningi hans, án þess að hann hafi tekið fram, að hlutur hans úr Englandsferðinni væri rangt gerður upp.

Í fyrsta skipti kom hann til að sjá, hvað hár hluturinn væri úr Englandsferðinni og hvernig reikningurinn stæði.

Gaf hann honum þá á lausum miða hlutarupphæðina

úr túrnum og annað innlegg, sem komið var til vitnisins frá sumrinu.

Í 2. sinn kom Þórhallur með vinnureikninga sína frá sumrinu yfir aukavinnu, og segist vitnið hafa gengið til fullnustu frá innleggs hliðinni á reikningi hans. Segir hann, að reikningar hans hafi verið teknir til greina. Þá kom Þórhallur einu sinni til hans og tók á móti peningagreiðslu, sem hann kvittaði fyrir.

Að síðustu segir hann svo, að Þórhallur hafi komið til hans daginn, sem hann fór héðan úr bænum til suðurlandsins, og fékk hann þá afrit af reikningi sínum.

Þá hefir Hermann Sigurðsson vottað á réttarskj. 16, að þegar hann kom heim úr Englandsförinni, þá hafi Karl Friðriksson viljað fá hann til að undirrita skjal og samþykkja, að hann hafi verið ráðinn upp á prósentur, en hann segist hafa neitað því. Segir hann, að Karl Friðriksson hafi sagt, að Jón Þ. Snjólfsson mundi samþykkja prósentur, ef hann samþykkti. Segist hann þá hafa sagt, að sig varðaði ekki um, hvað Jón Þ. Snjólfsson segði. Þessi vitnisburður hefir eigi verið staðfestur, en honum hefir verið mótmælt sem óstaðfestum. Hinir vitnisburðir í málinu hafa verið staðfestir, en gildi þeirra sumra hefir verið mótmælt, eins og vitnisburði 1. stýrimanns, með því hann væri í þjónustu stefnds, en stýrimaðurinn bar, að stefnandinn hefði viljað fá hlutaskipti. En það þykir ekki ástæða að fara inn á mat á gildi vitnisburðanna, þar sem að telja verður, að lögfull sönnun sé ekki færð fyrir því, að stefnandinn hafi samþykkt hlutaskipti.

Af sömu ástæðu þykir ekki ástæða til að fara inn á, hvernig hlutaskiptin áttu að vera.

Samkvæmt því, sem tekið er fram hér að ofan, ber að leggja réttarskj. 11 til grundvallar, og þykir þá mega ganga út frá því, að kr. 910.00 sé það kaup, sem stefnandinn átti að fá fyrir Englandsferðina.

Þar sem að gengið er út frá því, að stefnandinn hafi verið ráðinn upp á kaup, þá virðist hann ekki eiga að greiða fæði sitt, og verður því krafan um kr. 82.50 af stefnds hálfu eigi tekin til greina.

Þar sem að ekki hefir verið lögð fram viðurkenning frá frú Aspar um, að hún hafi veitt móttöku kr. 200, en hún þvert á móti hefir neitað greiðslunni, þá verður sú krafa

heldur eigi tekin til greina, og ekki þykir heldur fært að láta það atriði vera komið undir eiði.

Þá ber að taka til greina sjóveðskröfuna, eins og hún er gerð, að frádregnum kr. 208.00, kaupi fyrir vinnu, sem virðist unnin utan skráningartímans.

Þar sem því verður ekki neitað, að líkur eru mjög miklar fyrir, að um hlutaráðningu væri að ræða, þar sem líkur eru einnig fyrir því, að frú Aspar hafi verið greiddar 200 kr., þá þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jakob Jónsson f. h. eiganda og útgerðarmanna l/v Aldan, greiði stefnandanum, Þórhalli J. Snjólfssyni, kr. 850.45 ásamt 6% ársvöxtum frá 11. jan. 1940 til greiðsludags.

Stefnanda tildæmist sjóveðréttur fyrir kr. 642.45 í l/v Aldan E. A. 625, bæði skipi og vél og öðrum skipsútbúnaði.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. maí 1940.

Nr. 58/1939. **Kreppulánasjóður og hreppsnefnd Saurbæjarhrepps f. h. hreppsins**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Magnúsi Kristjánssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Um forkaupsrétt að jörð.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af Sigurði Eggerz, bæjarfógeta á Akureyri og sýslumanni í Eyjafjarðarsýslu.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæsta-

réttar með stefnu 12. júní 1939, krefjast algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar staðfestingar héraðsdómsins, þó þannig, að honum heimilist kaup jarðarinnar Seljahlíðar, húsalausrar og kúgilda, fyrir kr. 225.00. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Söluverð greindrar jarðar með húsum, en kúgildalausrar, var kr. 550.00. Síðan hafa húsin verið rifin, en verðmæti þeirra er með óvéfengdu mati talið kr. 325.00. Miðast krafa stefnda hér fyrir dómi við að verða aðnjótandi forkaupsréttar að jörðinni án húsa og kúgilda fyrir mismun greindra fjárhæða, kr. 225.00.

Samkvæmt þessu og forsendum hins áfrýjaða dóms að öðru leyti þykir bera að taka kröfur stefnda til greina.

Eftir þessum málslyktum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda in solidum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 500.00.

Það athugast, að héraðsdómarinn hefir kveðið upp dóm í máli þessu með skírskotun til matsgerðar, er þá hafði ekki farið fram, gagnstætt fyrirmælum 2. málsgr. 137. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Því dæmist rétt vera:

Kaupgerningar um jörðina Seljahlíð í Saurbæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu frá 11. febrúar og 30. apríl 1938 skulu vera ógildir.

Áfrýjanda, Kreppulánasjóði, er skylt að afsala stefnda, Magnúsi bónda Kristjánssyni á Sandhólum, téðri jörð, húsalausri og kúgilda,

fyrir kr. 225.00 innan einnar viku frá birtingu dóms þessa.

Áfrýjendur, Kreppulánasjóður og Saurbæjarhreppur í Eyjafjarðarsýslu, greiði stefnda samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 2. maí 1939.

Mál þetta hefir höfðað Magnús Kristjánsson, bóndi, Sandhólum, fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu með stefnu, dags. 5. júlí 1938, gegn Hilmari Stefánssyni bankastjóra f. h. Kreppulánasjóðs og hreppsnefnd Saurbæjarhrepps f. h. hreppsins og Pálma Þórðarsyni og Daníel Pálmasyni til þess að fá ógiltan með dómi kaupgerning um jörðina Sölvahlíð í (Seljahlíð) í Saurbæjarhreppi, dags. 11. febr. 1938, og kaupgerning um sömu jörð, dags. 30. apríl 1938, en með hinum fyrrnefnda gerningi afsalaði Kreppulánasjóður jörðinni til hreppsnefndar Saurbæjarhrepps, en með hinum síðarnefnda afsalaði hreppsnefndin jörðinni til Pálma Þórðarsonar hreppsnefndaroddvita, Núpafelli, og Daníels Pálmasonar, sama stað.

Með samþykki aðilja hefir málið verið flutt hér fyrir bæjarþinginu á Akureyri.

Stefnandinn kveður sölu þessa fara í bága við rétt sinn samkvæmt lögum um forkaupsrétt jarða nr. 55/1920, þar eð hann hefir verið löglegur ábúandi jarðarinnar til síðustu fardaga og honum hafi ekki verið boðinn forkaupsréttur. Kveðst hann reiðubúinn til að ganga inn í afsalsgerning sinn 11. febr. 1938.

Krefst hann þess:

1. Að hinir tilvitnuðu kaupgerningar um jörðina Sölvahlíð (Seljahlíð) í Saurbæjarhreppi verði ógiltir með dóminum.
2. Að honum verði viðurkenndur með dóminum réttur til að ganga sem kaupandi inn í kaupgerninginn, dags. 11. febr. 1938.
3. Að honum verði tildæmdar skaðabætur frá hinum

stefndu in solidum samkvæmt síðari sundurliðun, kr. 250.00.

4. Að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Umboðsmaður hinna stefndu hefir mótmælt því, að hér gæti verið um forkaupsrétt að ræða, þar sem jörðin hafi verið í eyði, en nytjar hennar leigðar stefnanda fyrir 25 kr. árlega, hey öll flutt burt, húsin auð, ekki borið á tún, jörðin óvarin fyrir ágangi, nema stórgripagirðing utan um túnið, og kúgildin aldrei komið í hendur ábúanda. Enn er tekið fram, að þó að á rskj. 3 standi, að stefnanda sé byggð jörðin, þá geti ekki verið um ábúðarrétt að ræða, þar sem ákvæði ábúðarlaganna um byggingarbréf séu margbrotin, að því er lengd byggingartímans og önnur ákvæði snertir. Stefnandinn segir hann að hafi haft rányrkju á jörðinni og það hafi hann haft heimild til, en slík meðferð á jörðinni geti eigi veitt honum forkaupsrétt.

Því til sönnunar meðal annars, að hér sé ekki um ábúðarrétt að ræða, sé, að eigandinn, en ekki ábúandinn, hafi borgað skatta af jörðinni.

Á rskj. 8 er vottorð hreppstjóra um, hvernig ábúð stefnanda hafi verið háttað.

Stefnandi segist ekki hafa flutt á jörðina, af því að hann fékk ábúðarrétt á henni svo seint, ekki fyrr en 23. júlí, og auk þess hafi húsleysið á jörðinni valdið því. Kúgildin segir hann, að sér hafi ekki verið afhent.

Fyrir skaðabótakröfunni virðist hann gera þannig grein, að ef hann hefði getað verið á jörðinni áfram, þá hefði hann getað haft meira upp úr henni en árið áður, með því að nægur áburður var fyrir hendi, sem stefndi Pálmi að vísu tók. Að því er það atriði snertir, að hann hefði getað verið áfram á jörðinni, ef hann hefði trúað á ábúðarrétt sinn, þá segir hann, að 30. maí hafi stefndi Pálmi Þórðarson farið með húskörlum sínum og tekið að rífa hús og garða utan um hans girðingu og þar á eftir hafi hann farið að vinna á túninu.

Hér segir hann, að um ofbeldi sé að ræða.

Stefnandinn heldur því fast fram, að kúgildin eigi að afhendast sér með jörðinni, ef honum verði tildæmdur forkaupsrétturinn, en því er mótmælt af hálfu umboðsmanns stefndu með tilvísun til afsalsbréfsins.

Stefnandinn krefst þess enn, að sér verði dæmdar 400 kr. fyrir hin niðurrifnu hús, en það segir hann, að sé fasteignamatsverð þeirra.

Umboðsmaður stefndu segir, að þessi krafa sé of seint fram komin, enda eigi nefnd í stefnunni, en umboðsmaður stefnanda heldur því fram, að krafan sé falin í stefnunni, þar sem hann krefjist forkaupsréttar að jörðinni, en í forkaupsréttinum sé einnig falinn réttur til húsanna á jörðinni eða andvirði þeirra.

Umboðsmaður stefnanda segir, að hús jarðarinnar hafi að vísu verið seld til niðurrifs fyrir 65 kr., en þar í hafi ekki verið falin peningshús, sem hafi verið seld sérstaklega.

Á rskj. 3 segir, að hús jarðarinnar séu ónothæf og að leiguliði beri enga ábyrgð á þeim, en megi þó eigi selja þau án leyfis.

Rétturinn lítur svo á, þar sem á rskj. 3 stendur, að stefnanda sé byggð jörðin, þá felist í því, að umboðsmaður Kreppulánasjóðs, eiganda jarðarinnar, hafi samkvæmt landslögum heitið honum forkaupsréttinum, enda hefir stefnandi í engu brotið ákvæði þau, sem sett eru í byggingarbréfinu, þvert á móti, girt jörðina, en samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu stefnandans um að dæma hina tilvitnuðu kaupgerninga um Sölvahlíð ógilda.

Þá felst rétturinn á, að stefnandinn hafi eigi fært sönnur á, að hann hafi beðið tjón af því að hafa farið frá jörðinni og á engan hátt fært sönnur á, hvað það tjón hafi verið mikið, ef um tjón hefði verið að ræða, og verður því skaðabótakrafa hans, kr. 250.00, ekki tekin til greina. En að því er ofbeldisverk þau ræðir um, er stefnandinn talar um, þá heyrir ekki dómur um þann verknað undir þenna rétt.

Rétturinn lítur svo á, að orðalag á afsalinu á rskj. 9 sé skýrt um það, að kúgildin fylgi eigi með í sölunni, og verður því krafan um kúgildin eigi tekin til greina.

Samkv. þessu ber stefnandanum réttur til að ganga inn í kaupgerninginn og fá jörðina keypta fyrir 550 kr. í því ástandi, sem jörðin var 11. febr. 1938, og skulu úttektarmenn hreppsins meta, hvers virði húsin voru, sem þá voru á jörðinni, og skal stefndur Hilmar Stefánsson bankastjóri f. h. Kreppulánasjóðs greiða stefnandanum matsverðið, þó aldrei með hærri upphæð en kr. 400.00.

Skal matinu lokið innan 1 mánaðar frá uppsögn dómsins.

Í málskostnað greiði Hilmar Stefánsson bankastjóri f. h. Kreppulánasjóðs kr. 174.20 til stefnandans, en hinir aðrir stefndu skulu sýknaðir af málskostnaðarkröfunni.

Því dæmist rétt vera:

Kaupgerningar um jörðina Sölvahlíð frá 11. febr. 1938 og 30. apríl 1938 skulu vera ógildir.

Stefnandinn, Magnús Kristjánsson, bóndi, Sandhólum, hefir forkaupsrétt að jörðinni og á að fá jörðina keypta fyrir kr. 550.00 í því ástandi, sem jörðin var 11. febr. 1938, og skulu úttektarmenn hreppsins meta, hvers virði húsin voru, sem þá voru á jörðinni, og skal stefndur, Hilmar Stefánsson bankastjóri f. h. Kreppulánasjóðs, greiða stefnandanum matsverðið, þó aldrei með hærri upphæð en kr. 400.00.

Skal matinu lokið innan 1 mánaðar frá uppsögn dómsins.

Í málskostnað greiði Hilmar Stefánsson bankastjóri f. h. Kreppulánasjóðs kr. 174.20 til stefnandans, en hinir aðrir stefndu skulu sýknaðir af málskostnaðarkröfunni.

Dóminum (ber) að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. maí 1940.

Kærumálið nr. 3/1940. **Ófeigur Guðnason**

gegn

Magnúsi Sveinssyni og Sigurði Gíslasyni

Um skyldu dómkvadds matsmanns að svara við staðfestingu matsins spurningu um ástand hlutar þess, er metinn var.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, er hingað barst þann 15. þ. m., hefir kærandi skotið til hæstaréttar úrskurði bæjarþings

Reykjavíkur, uppkveðnum af Birni Þórðarson lögmanni þann 8. s. m., um vitnaskyldu matsmanns í máli þessu í héraði, Sigurðar Gíslasonar. Krefst kærandi þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að stefndi Magnús Sveinsson verði dæmdur til þess að greiða honum áfrýjunarkostnað að skaðlausu. Af hálfu hinna stefndu hefir verið krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kærandi og stefndi Magnús Sveinsson gerðu á síðastliðnu ári samning um það, að Magnús smíðaði fyrir kæranda 4 sundmarðabúr og skilaði þeim fullgerðum seint á síðastliðnu sumri. Þann 13. sept. f. á. skoðaði Sigurður Gíslason að beiðni kæranda búr þessi, en þann 5. des. s. á. var hann dómkvaddur, ásamt 2 öðrum mönnum, til þess að framkvæma yfirmat á þeim, og lauk þeirri matsgerð þann 19. jan. þ. á. Þann 8. maí þ. á. skyldi Sigurður, að tilhlutan Magnúsar Sveinssonar, staðfesta matsgerð þessa á bæjarþingi Reykjavíkur. Umboðsmaður kæranda lagði þá ýmsar spurningar fyrir yfirmatsmennina varðandi yfirmatið og sundmarðabúrin. Í 12. spurningu var Sigurður Gíslason spurður þess, hvað eftir hafi verið ógert af smíði búranna þann 13. sept. f. á., er hann skoðaði þau. Neitaði Sigurður að svara þessari spurningu með þeirri röksemd, að því er ætla má, að hún stæði ekki í beinu sambandi við yfirmatið, en honum hefði ekki verið stefnt af hálfu kæranda til þess að bera vitni í málinu

Samkvæmt síðasta málslið 2. málsgr. 133. gr. laga nr. 85/1936 getur vitnastefndi látið spyrja vitni um allt það, sem hann hyggur máli skipta, enda þótt hann hafi ekki stefnt því til vitnisburðar. En samkvæmt 2. málsgr. 140. gr. téðra laga fer um

staðfestingu matsgerða eftir 130.—134. gr. laganna, eftir því sem við á. Áðurnefnd regla 133. gr. virðist fullkomlega eiga við um staðfestingu matsgerða, og verður þess vegna að telja kæranda hafa verið rétt að leggja framangreinda 12. spurningu fyrir matsmanninn Sigurð Gíslason, enda þótt hann hefði ekki stefnt honum til vitnisburðar í málinu, en aðrar ástæður fyrir synjun matsmannsins um svar við spurningunni hafa ekki komið fram. Verður því að fella úrskurðinn úr gildi samkvæmt kröfu kæranda.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda Magnús Sveinsson eftir kröfu kæranda til þess að greiða honum 50 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindur bæjarþingsúrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi Magnús Sveinsson greiði kæranda, Ófeigi Guðnasyni, 50 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1940.

Matsmaðurinn hefir verið kvaddur hér fyrir réttinn til þess að staðfesta matsgerð sína frá 19. jan. 1940. Umboðsmaður stefnanda krefst með spurningu þeirri, sem fyrir matsmanninn var nú lögð og hann neitar að svara, skýrslu um, hvernig visst ástand hafi verið 13. september f. á. Með því að hér er um vitnaspurningu að ræða, telst matsmaðurinn á þessu stigi málsins ekki skyldur að svara spurningunni, án þess að hann hafi fengið aðvörun um það, að undangenginni stefnu.

Því úrskurðast:

Matsmanninum telst ekki skylt í þetta sinn að svara umræddri spurningu.

Mánudaginn 27. maí 1940.

Nr. 28/1940. **Kristján Jónsson f. h. Kiddabúðar**
(Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Magnúsi Thorlacius f. h. August Töpfer & Co.
(Einar B. Guðmundsson).

Víxilskuldari sýknaður af greiðslu víxils í virkum sterlingspundum sökum ómöguleika.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir uppkveðið Björn Þórðarson, lögmaður í Reykjavík.

Áfrýjandi hefir skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 27. apríl þ. á. Krefst hann þeirrar breytingar á héraðsdóminum, að honum verði aðeins dæmt að greiða fjárhæð víxils þess, er í málinu greinir, í íslenzkum krónum eftir gengi sterlingspunds hér í Reykjavík á gjalddaga víxilsins, 30. september 1939, ásamt 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, en án afsagnarkostnaðar og innheimtu- og málskostnaðar. Svo krefst hann og málskostnaðar af stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, *aðallega* að héraðsdómurinn verði að öllu leyti staðfestur, en *til vara*, að hann verði staðfestur með þeirri breytingu einni, að áfrýjanda verði dæmt að greiða víxilfjárhæðina í íslenzkri mynt eftir gengi sterlingspunds þann 30. september 1939. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefir það komið fram, að hið stefnda firma hafði verzlunarumboðsmann hér í

Reykjavík, er milligöngu átti um þau skipti málsaðilja, sem skuld áfrýjanda er af risin. Umboðsmanni þessum hlaut að vera það jafn kunnugt og áfrýjanda sjálfum, að áfrýjandi hafði ekki á valdi sínu samkvæmt gildandi gjaldeyrislögum að fullnægja loforði um greiðslu í erlendri mynt eftir efni þess. Kom það og fram á gjalddaga víxilsins, að áfrýjanda var það ómögulegt. Stefndi átti því ekki að hafna tilboði áfrýjanda á gjalddaga um greiðslu í íslenzkri mynt, sem ómótmælt er, að hann hafi bæði viljað og getað staðið við. Af þessum sökum þykir ekki unnt að dæma áfrýjanda til að inna greiðsluna af hendi í virkum sterlingspundum. Hinsvegar þykir mega fallast á varakröfu stefnda hér fyrir dómi, sem er í samræmi við kröfu áfrýjanda, um greiðslu víxilfjárhæðarinnar í íslenzkri mynt eftir því gengi, sem sterlingspund hafði hér þann 30. september 1939. Þá ber áfrýjanda og að greiða vexti af þeirri fjárhæð eins og krafizt er, og ⅓% upphæðarinnar í þóknun, svo og afsagnarkostnaðinn, kr. 9.85, þar eð afsögnin var réttmæt eins og á stóð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Kristján Jónsson f. h. Kiddabúðar, greiði stefnda, Magnúsi Thorlacius f. h. August Töpfer & Co., £6—18—9 í íslenzkum krónum eftir gengi í Reykjavík þann 30. september 1939 ásamt 6% ársvöxtum frá sama degi til greiðsludags, ⅓% upphæðarinnar í þóknun og kr. 9.85 í afsagnarkostnað.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. marz 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. f. m., af hdm. Magnúsi Thorlacius hér í bæ f. h. August Töpfer & Co., Hamborg, gegn Kristjáni Jónssyni f. h. Kiddabúðar hér í bænum til greiðslu víxils, að upphæð eff. £6—18—9, útgefins af umbjóðanda stefnanda 30. júní f. á. og samþykkts af stefndum til greiðslu þann 30. sept. f. á., en víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls 3. okt. s. l.

Krefst stefnandi þess, að stefndur verði, að viðlögðum 100 kr. dagsektum, skyldaður til að greiða sér eff. £6—18—9 ásamt 6% ársvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags, ⅓% upphæðarinnar í þóknun, RM 6.30 í afsagnarkostnað o. fl., svo og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir látið mæta í málinu og haldið því fram, að hann hafi þegar á gjalddaga boðið fram í Landsbankanum hér í bæ greiðslu á víxilupphæðinni í íslenzkum peningum, eins og hann hafi gert við afsagnargerðina, og hafi það verið löglegt greiðslutilboð af sinni hálfu, enda hafi hann gert allar löglegar ráðstafanir (með útvegun gjaldeyris- og innflutningsleyfis), sem unnt sé að krefjast, og eigi hann því ekki að svara til þess, þótt bankinn hafi ekki getað yfirfært upphæðina. Telur hann, að orðið „effektiv" á víxlinum geti ekki haft þá þýðingu, að hann sé skyldur til að greiða upphæðina í erlendum gjaldeyri, þar sem slíkt fari í bága við landslög, með því, að engum einstaklingi sé leyft að eiga hér erlendan gjaldeyri né greiða í honum, nema fyrir milligöngu banka. Mótmælir stefndur því allri greiðslu á málskostnaði, svo og afsagnarkostnaði, sem hann telur hafa verið óþarfan í þessu tilfelli. Þá krefst hann og sýknu af dagsektakröfu stefnanda.

Rétturinn verður að líta svo á, að þar sem stefndur samþykkti greiðslu víxilsins í virkri mynt, hafi hann þar með skuldbundið sig til slíkrar greiðslu og hefði því borið að

tryggja sér það, og verður útvegun gjaldeyrisleyfis í þessu tilfelli ekki talin hafa verið nægileg, þar sem alkunnugt er, að í því felst ekki það skýlausa loforð banka um yfirfærslu fjárins, sem stefndum bar að útvega skv. víxilsamþykki sínu. Greiðslutilboð stefnds í íslenzkum peningum verður því eigi talið hafa verið löglegt, og verður honum því gert að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð í virkri mynt (£) með vöxtum og víxilþóknun, eins og krafizt hefir verið, en dagsektakrafan verður ekki tekin til greina, þar sem hún hefir ekki við lög að styðjast (sbr. 193. gr. laga nr. 85 1936).

Um greiðslu afsagnarkostnaðar athugast:

Það er að vísu svo, að til þess að tryggja víxilrétt sinn gagnvart stefndum (samþykkjanda) var stefnanda ekki nauðsynlegt að láta afsegja víxilinn. En þegar þess er gætt, að Landsbankinn fékk víxil þenna til innheimtu og bar því að ganga úr skugga um, hvort stefndur mundi greiða á gjalddaga og greiðslustaður víxilsins var úti í bæ (hjá stefndum), þá verður ekki annað séð en það að láta afsegja víxilinn (sem almennt mun vera alþjóðavenja um víxla sem þessa), hafi verið svo nauðsynleg innheimturáðstöfun, að stefndur eigi skv. víxillögunum að bera kostnað þann, er af því leiddi, enda mundi annarskonar tryggileg, opinber staðfesting á greiðslufalli (notarialgerð) hafa kostað meira. Þykir því verða að dæma stefndan til að greiða afsagnarkostnað þann, er gögn liggja fyrir um, en það eru ísl. kr. 9.85.

Eftir þessum málalokum verður stefndum gert að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 70.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Kristján Jónsson f. h. Kiddabúðar, greiði stefnandanum, hdm. Magnúsi Thorlacius f. h. August Töpfer & Co., eff. £6—18—9 með 6% ársvöxtum frá 30. sept. 1939 til greiðsludags, ½% upphæðarinnar í þóknun, ísl. kr. 9.85 í afsagnarkostnað og kr. 70.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. maí 1940.

Nr. 61/1940. **Jón Grímsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Eyjólfi Leós
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Fjárnám, gert í skaðabótakröfu, er sótt var fyrir dómstólum, gekk fyrir áðurgerðu framsali kröfunnar til tryggingar skuld, er síðar kynni að stofnast.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir uppkveðið Björn Þórðarson, lögmaður í Reykjavík.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. marz 1940, hefir krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Framsal Steins Leós á skaðabótakröfu sinni þann 21. júní 1937 til stefnda var tryggingarráðstöfun, að því leyti sem fullnægja átti kröfum, er stefndi síðar kynni að eignast á hendur Steini. Við tryggingargerning þenna var ekki gætt þeirra reglna, sem nauðsynlegar eru til stofnunar lögmæts veðs, tilkynningar til skuldunauts eða þinglýsingar. Verður greint framsal þess vegna að víkja fyrir fjárnáminu frá 1. október 1937, sem ekki hefir verið áfrýjað, og ber því að taka kröfu áfrýjanda í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Jón Grímsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Eyjólfs Leós, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. janúar 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. marz f. á., af Eyjólfi Leós, verzlunarmanni hér í bæ, gegn Jóni Grímssyni, Ísafirði. Krefst stefnandi þess, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að sér beri að fá greiddar þær eftirstöðvar af bótafé vegna Steins Leós, að upphæð kr. 2525.83, sem geymdar eru hjá hrm. Jóni Ásbjörnssyni hér í bæ, svo og að stefndur verði dæmdur til að greiða sér 3% ársvexti af upphæð þessari frá 8. des. 1938 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, er verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað að mati réttarins. Í sýknukröfu sinni kveður stefndur jafnframt felast kröfu um, að viðurkenndur verði réttur hans til að fá greidda nefnda fjárhæð hjá hrm. Jóni Ásbjörnssyni.

Málsatvik eru þau, að þegar í byrjun árs 1935 skuldaði bróðir stefnanda, Steinn Leós, þá kaupmaður á Ísafirði, honum nokkrar fjárhæðir vegna greiðslu á víxlum stefnds. Hinn 25. júlí 1935 varð Steinn fyrir bifreið á Ísafirði og hlaut af því mikil meiðsl, og leiddi slys þetta m. a. til þess, að hann varð að hætta verzlun sinni, og jókst skuld hans við stefnanda stöðugt. Með umboði, dags 23. maí 1936, veitti Steinn bróður sínum, stefnanda þessa máls, fullt umboð til þess fyrir sína hönd að leita samninga við vátryggingarfélagið „Danske Lloyd", þar sem umrædd bifreið var tryggð, um greiðslu skaðabóta vegna slyssins, svo og veita móttöku og kvitta fyrir væntanlega skaðabótagreiðslu og höfða mál, ef þess gerðist þörf. Þessar umleitanir við vátryggingarfélagið báru ekki tilætlaðan árangur, og í ársbyrjun 1937 var svo komið, að því er stefnandi segir, að ekki

lá annað fyrir Steini en að sækja um sveitarstyrk til framfærslu sér og sínum. Kveður stefnandi, að hann og aðrir vandamenn Steins hafi fyrir enga muni viljað, að gripið yrði til þessa úrræðis, og það síðan orðið að samkomulagi, að hann, (Eyjólfur) lánaði Steini mánaðarlegan framfærslueyri (kr. 150.00). Með stefnu, útgefinni 11. jan. 1937, hafði Steinn í eigin nafni höfðað mál hér fyrir rétti gegn eiganda áðurnefndrar bifreiðar, Karli Bjarnasyni, og krafðist hann þar skaðabóta, að upphæð kr. 14591.00, auk vaxta og kostnaðar. Lauk því máli með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 16. apríl 1937, þar sem stefndum Karli var gert að greiða stefnandanum, Steini Leós, kr. 5031.00 auk vaxta og málskostnaðar. Hinn 21. júní 1937 framseldi Steinn stefnanda þessa máls skaðabótakröfu sína með svo hljóðandi yfirlýsingu: „Ég undirritaður framsel hér með hr. Eyjólfi Leós skrifstofumanni, Reykjavík, til fullrar eignar og umráða skaðabótakröfu þá, er ég á á hendur vátryggingarfélaginu Danske Lloyd, Reykjavík, enda greiði hann mér eða þeim, er ég tilvísa, mismun þann, er verða kann á upphæð þeirri, er hann þannig fær greidda, og skuld minni við hann við endanlegt uppgjör á okkar viðskiptum. Er því nefndu vátryggingarfélagi hérmeð heimilað að greiða ofanrituðum Eyjólfi Leós væntanlegt skaðabótafé gegn kvittun hans á framsal þetta."

Framsali þessu fylgir bréf (dags. sama dag) frá Steini til stefnanda, og segir þar meðal annars: „Eftir beiðni þinni sendi ég þér hér með kröfuframsal til tryggingar upphæð þeirri, er þú átt hjá mér. Framsel til þín allri upphæð þeirri, er ég kann að fá greidda í skaðabætur frá Danske Lloyd. Mismuninum, ef einhver verður, ráðstafa ég síðar, eða þegar þar að kemur." Hinn 25. júlí 1937 var nefndu skaðabótamáli síðan áfrýjað til hæstaréttar, þar sem það, þrátt fyrir framsalið, var rekið í nafni Steins, en óvéfengt er, að stefnandi þessa máls hafi borið allan kostnað af málarekstrinum. Málinu lauk síðan fyrir hæstarétti með dómi, uppkveðnum 14. nóv. 1938, þar sem stefndum, Karli Bjarnasyni, var gert að greiða Steini Leós kr. 8.712.80 með 5% ársvöxtum frá 11. jan. 1937 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað. Meðan þessu fór fram og síðan, hefir skuld stefnds við stefnanda aukizt jafnt og þétt, og nam hún hinn 26. jan. f. á. kr. 10726.50.

Með dómi gestaréttar Ísafjarðar, uppkveðnum 22. júlí 1935, var nefndur Steinn Leós ásamt Ólafi Halldórssyni og Halldóri Halldórssyni dæmdur til að greiða Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði víxilskuld, að upphæð kr. 2400.00, auk 6% ársvaxta frá 28. júlí 1934 til greiðsludags, kr. 8.00 í þóknun, kr. 7.50 í afsagnarkostnað og kr. 50.00 í málskostnað. Skuld þessa leysti dánarbú Halldórs Halldórssonar til sín, og var búinu framseld dómkrafan þann 22. okt. 1935. Ólafur Halldórsson greiddi síðan upp í kröfuna kr. 500.00, en á uppboði þann 23. okt. 1936, var krafan seld hæstbjóðanda, stefndum í máli þessu, fyrir kr. 41.00 með þeirri athugasemd, að hún gilti ekki á hendur nefndum Ólafi. Var dómurinn birtur Steini þann 27. nóv. 1936, og með beiðni, dags. 5. febr. 1937, fór stefndur fram á, að fjárnám yrði gert hjá Steini til tryggingar kr. 1900.00 af dómkröfunni auk vaxta og kostnaðar. Fjárnámsgerð þessi fór síðan fram á heimili Steins þann 1. okt. 1937, og er m. a. bókað í fógetaréttarbókina á þessa leið: „Gerðarbeiðandi er mættur í réttinum og krefst þess, að fjárnámið fari fram. Í réttinum er gerðarþoli einnig mættur. Fógeti skoraði þá á gerðarþola að greiða fyrrnefndar kröfur, en hann kveðst ekki geta það. Fógetinn skoraði þá á gerðarþola að benda á eignir, sem hann ætti og gera mætti fjárnám í“ ... Gerðarþoli kveðst ekki geta bent á neitt annað en von sína í skaðabótakröfu, er gerðarþoli kveðst hafa gert á hendur Karli Bjarnasyni og Danske Lloyd og honum hafi verið tildæmt upp í kr. 5031.00 með dómi bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl s. l. í málinu: Steinn Leós gegn Karli Bjarnasyni (Danske Lloyd), en dómi þessum hefir nú verið áfrýjað til hæstaréttar, og benti hann á þetta. Fallið var frá virðingu á nefndri skaðabótakröfu. Fógeti lýsti þá yfir því, að fjárnám væri gert í nefndri skaðabótakröfu til tryggingar fjárnámskröfunni að geymdum betri rétti þriðja manns ... Upplesið, staðfest ...“ Undir gerðina rita auk fógetans báðir aðiljar, svo og tveir vottar, Jón Finnsson og Guðbjartur Jónsson. Með bréfi, dags. 28. okt. 1937, tilkynnti málflutningsmaður stefnds hér í bæ Sjóvátryggingarfélagi Íslands, sem komið var í stað Danske Lloyd, að fjárnám þetta hefði farið fram, og krafðist jafnframt greiðslu, er fullnaðardómur væri genginn í skaðabótamálinu. Einnig var þáverandi málflutningsmanni Steins, Stefáni Jóh. Stefánssyni hrm., tilkynnt þetta með bréfi, dags. sama dag.

Er síðan kom að því, að bótakrafa Steins samkv. hæstaréttardóminum skyldi gerð upp (samtals kr. 10319.94), mótmælti stefndur því, að stefnandi fengi greidda alla þá upphæð, og krafðist þess, að fjárnámskrafa hans, kr. 2525.83, gengi til sín á undan framsalskröfunni. Varð það þá að samkomulagi með aðiljum, að málflutningsmaður Karls Bjarnasonar og vátryggingarfélagsins, Jón Ásbjörnsson hrm., skyldi geyma nefnda upphæð, þar til samkomulag fengist í málinu eða dómstólarnir hefðu skorið úr þessum ágreiningi aðiljanna. Samkomulag hefir ekki náðst, og hefir stefnandi því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar réttarkröfur, sem hann byggir á því, að áðurnefnt framsal til sín sé fullgilt, og verði nefnt fjárnám, sem gert hafi verið að áskildum betra rétti þriðja manns að þoka fyrir því, auk þess sem stefnandi hefir í síðari greinargerð sinni vefengt gildi fjárnámsgerðarinnar á þeim grundvelli, að annar réttarvottanna, Guðbjartur Jónsson, hafi ekki verið viðstaddur, er fjárnámið fór fram. Þessum andmælum stefnanda hefir stefndur mótmælt sem of seint fram komnum, og verður, eins og á stendur, að fallast á það.

Réttarkröfur sínar byggir stefndur í fyrsta lagi á því, að nefndar framsalsyfirlýsingar Steins Leós og reikningsyfirlit stefnanda séu gerð „pro forma", komin fram í því eina tilefni, að þá hafi verið kunnugt um fjárnámsbeiðni sína og í þeim tilgangi einum að eyðileggja rétt sinn samkvæmt væntanlegu fjárnámi. Gegn eindregnum mótmælum stefnanda eru þó engar sönnur færðar á þessar staðhæfingar stefnds, enda hefir hann á síðara stigi málsins ekki vefengt framlagðan reikning um skuld Steins við stefnanda.

Þá hefir stefndur haldið því fram, að þótt áðurnefnd framsöl væru rétt, eigi stefnandi samkv. hljóðan þeirra ekkert tilkall til hinnar umræddu upphæðar. Samkvæmt framsalsyfirlýsingunni sjálfri frá 21. júní 1937 og meðfylgjandi bréfi framselji Steinn stefndanda hina væntanlegu skaðabótaupphæð til tryggingar þeirri upphæð, er stefnandi eigi þá hjá Steini (sbr. orðalagið: „enda greiði hann mér eða þeim, er ég til vísa, mismun þann, er verða kann á upphæð þeirri, er hann þannig fær greidda, og skuld minni við hann" og sérstaklega orðin í bréfinu: „til tryggingar upphæð þeirri, er þú átt hjá mér" ... mismun-

inum, ef einhver verður, ráðstafa ég síðar...“). Heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi þannig ekki fengið framselda hærri upphæð en þá, er Steinn skuldaði honum þann 21. júní 1937, en til vara þá upphæð, er Steinn skuldaði, er fjárnámið var framkvæmt hinn 1. okt. s. á., en í báðum tilfellum hafi þá verið eftir nægilegt fé til lúkningar fjárnámskröfunni.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að orðalag framsalsins og bréfsins sýni það glögglega, að framsalið hafi bæði náð til allrar þeirrar upphæðar, er Steinn myndi fá í bætur vegna slyssins, svo og, að það var gert til tryggingar kröfu stefnanda á Stein, eins og hún yrði við „endanlegt uppgjör ... á viðskiptum“ þeirra, enda hafi þegar við framsalið verið kunnugt um þær mánaðarlegu greiðslur, er stefnandi ætlaði að inna af hendi til Steins, eins og áður er getið. Verður að fallast á þessa skoðun stefnanda og þykir því þessi sýknuástæða stefnds heldur ekki hafa við rök að styðjast.

Loks hefir stefndur haldið því fram, að framsalið hafi ekki gilt gagnvart sér og fjárnám sitt í nefndri skaðabótakröfu standi óhaggað, þar sem stefnandi (framsalshafi) hafi ekki tryggt rétt sinn með því að tilkynna vátryggingarfélaginu framsalið.

Það er upplýst í málinu, að áðurnefndur málflutningsmaður Steins Leós eða félagi hans, hrm. Guðm. Í. Guðmundsson, hafði við samningsumleitanir við vátryggingarfélagið og síðan í rekstri skaðabótamálsins í höndum fyrrgreint umboð til handa stefnanda þessa máls og hefir því ómótmælt verið haldið fram, að vátryggingarfélaginu hafi verið kunnugt um það og að greiðsla bótafjárins til Steins færi í gegnum hendur þeirra. Einnig hefir Guðmundur Í. Guðmundsson hrm. ómótmælt haldið því fram, að áðurtaldar framsalsyfirlýsingar til stefnanda hafi borizt sér þegar í júní 1937 og hafi hann ekki talið nauðsyn á að tilkynna vátryggingarfélaginu framsalið, þar sem hann hafi vitað, að greiðsla á væntanlegu bótafé mundi samkvæmt framansögðu fara fram til sín. Verður að fallast á, að tilkynning til vátryggingarfélagsins til að varna því, að félagið ráðstafaði bótafénu í bága við framsalið, hafi, eins og á stóð, ekki verið nauðsynleg, og sama verður álitið gilda, þótt umrætt framsal verði talið hafa verið gert full-

komlega í tryggingarskyni, þar sem líta verður svo á með hliðsjón af vitnaframburðum þeirra Jóns Finnssonar og fógetans við áðurnefnt fjárnám, Sigurðar Þorkelssonar, að stefndur hafi við fjárnámið ekki verið óvitandi um greinda ráðstöfun á bótakröfu þeirri, er hann lét gera fjárnám í, enda getur það út af fyrir sig, að Steinn Leós skyldi benda á „von sína í“ skaðabótakröfunni til fjárnáms, ekki talizt óeðlilegt, þegar tekið er tillit til þess, hve há sú krafa var, er hann gerði í oftnefndu skaðabótamáli. Að þessu athuguðu þykir sýknukrafa stefnds ekki hafa við rök að styðjast, og verða því úrslit málsins þau, að allar réttarkröfur stefnanda verða teknar til greina, þar á meðal vaxtakrafa hans, sem engum andmælum hefir sætt. Eftir atvikum þykir og rétt, að stefndur greiði stefnanda kr. 100.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefnandanum, Eyjólfi Leós, skal heimilt að fá greiddar þær eftirstöðvar af bótafé vegna Steins Leós, að upphæð kr. 2525.83, sem geymdar eru hjá hrm. Jóni Ásbjörnssyni. Stefndur, Jón Grímsson, greiði stefnandanum 3% ársvexti af kr. 2525.83 frá 8. des. 1938 til greiðsludags og kr. 100.00 upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. maí 1940.

Nr. 8/1940. **Björn Gottskálksson**
gegn
Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Björn Gottskálksson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 31. maí 1940.

Nr. 10/1940. **Olíusamlag Vestmannaeyja**
gegn
Magnúsi Thorlacius f. h. Eagle Oil Company of New York G. m. b. H.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Olíusamlag Vestmannaeyja, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 31. maí 1940.

Nr. 30/1940. **Guðlaugur Jónsson**
gegn
Gústavi Ólafssyni

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðlaugur Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 31. maí 1940.

Nr. 24/1940. **Garðar Þorsteinsson** (sjálfur)
gegn
Magnúsi Brynjólfssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Áfrýjun til staðfestingar. Kröfu stefnda um frest til vitnaleiðslu hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir upp kveðið Björn Þórðarson, lögmaður í Reykjavík.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. apríl þ. á. Krefst hann staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda, sem tekið hefir út áfrýjunarstefnu 30. marz þ. á. dóminum til breytingar og til þingfestingar í júnímánuði n. k., hefir verið mætt í hæstarétti og krafizt frests til júnímánaðar til öflunar nýrra gagna. Áfrýjandi hefir mótmælt frestbeiðninni og krafizt dóms.

Stefndi hefir lýst yfir því, að hann ætli að nota frestinn til vitnaleiðslu, en með því að hann átti þess kost að leiða þau vitni í héraði, þá verður honum ekki veittur frestur til þess hér fyrir dómi gegn mótmælum áfrýjanda. Og með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi, er standi í vegi fyrir kröfum áfrýjanda, ber að staðfesta hann.

Þar sem stefndi hefir gefið áfrýjanda ástæðu til málskots síns, verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 150 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist.

Stefndi, Magnús Brynjólfsson, greiði áfrýjanda, Garðari Þorsteinssyni, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. febr. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. okt. s. l., af hrm. Garðari Þorsteinssyni hér í bæ gegn Magnúsi Brynjólfssyni, Hvassafelli við Bústaðaveg hér í bænum, til greiðslu skuldar samkvæmt reikningi, að upphæð kr. 883.93 auk 6% ársvaxta frá 19. nóv. 1938 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst *aðallega* algerrar sýknu af kröfum stefnanda. Til *vara* lækkunar á skuldinni og málskostnaðarkröfunni, lækkunar á vöxtum í 5%, svo og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Hin umstefnda skuld er til orðin vegna viðskipta eigenda m/b Höfrungs við Hafliða Baldvinsson á árunum 1937—1938, en eigendur bátsins eru taldir hafa verið stefndur og Benedikt Jónsson. Hinn 27. sept. s. l. afsalaði Benedikt eignarhluta sínum í bátnum til stefnda, er tók að sér allar skuldir bátsins undantekningarlaust, hvort sem báturinn eða Benedikt eru skrifaðir fyrir þeim, eins og segir í afsalinu. Benedikt hefir vottað með áritun á reikning Hafliða, að hann sé réttur og viðkomandi m/b Höfrungi, en kröfuna samkv. reikningnum hefir stefnandi fengið framselda.

Í hinni einu greinargerð sinni hefir stefndur byggt aðalkröfu sína á því, að hin umstefnda skuld sé greidd og skírskotar í því sambandi til svonefnds „bráðabirgðauppgjörs“ Jóhannesar Jónssonar „við Benedikt Jónsson útaf útgerð m/b. Höfrungs“, dags. 1. febr. 1938, en þar stendur: „Greitt af Benedikt saldo H. Baldv. — kr 848.93“, sem samsvarar skuld bátsins við Hafliða Baldvinsson um áramótin 1937—38. Í næstu greinargerð sinni mótmælti stefnandi því eindregið, að í þessu fælist sönnun fyrir því, að greiðsla þessi hefði farið fram, og skoraði jafnframt á stefndan að leggja fram kvittun frá Hafliða Baldvinssyni. Stefndur fékk málsskjölin síðan léð, en hefir svo ekki haldið uppi frekari vörnum í málinu og mætti ekki við dómtöku þess. Skortir því allar sönnur á, að nefnd varnarástæða stefnds hafi við rök að styðjast, og verður aðalkrafa hans því ekki tekin til greina.

Varakröfu sína byggði stefndur á því, að ýmsir úttektarliðir á umræddum reikningi væru óviðkomandi útgerð m/b Höfrungs. Stefnandi hefir haldið fast við réttmæti reikningsins í svargreinargerð sinni, sem, eins og áður er getið, hefir engum andmælum sætt af hálfu stefnds, enda er á það bent, að í áðurnefndu uppgjöri Jóhannesar Jónssonar og Benedikts Jónssonar sé skuld þessi talin stafa af útgerð m/b Höfrungs. Þessi mótmæli stefnds þykja því ekki, eins og á stendur, svo rökstudd, að þau geti orðið tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð ásamt 5% ársvöxtum frá 19. nóv. 1938 til greiðsludags, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 190.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Magnús Brynjólfsson, greiði stefnandanum, hrm. Garðari Þorsteinssyni, kr. 883.93 með 5% ársvöxtum frá 19. nóv. 1938 til greiðsludags og kr. 190.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. júní 1940.

Nr. 29/1939. **Ríkissjóður** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
K/f Fram og gagnsök
(Einar B. Guðmundsson).

Eignarhefð.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af Páli lögfræðingi Magnússyni, setudómara í málinu.

Aðaláfrýjandi hefir skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 9. marz 1939. Krefst hann þess, að lögtaksgerðin verði heimiluð til innheimtu árgjaldsins fardagaárið 1933 til 1934, kr. 100.00. Svo krefst

hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefir áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 22. marz 1939. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar, þó með þeirri breytingu, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir fógetaréttinum úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 500.00.

Það athugast, að hinn reglulegi fógeti vék sæti í málinu, án þess að sjáanleg ástæða væri til þess.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ríkissjóður, greiði gagnáfrýjanda, K/f Fram, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 27. jan. 1939.

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar hinn 28. nóv. 1938, var höfðað fyrir fógetarétti Vestmannaeyja eftir samkomulagi aðilja hinn 5. des. 1935.

Eru tildrög þess þau, að á árinu 1931 skrifaði núverandi umboðsmaður þjóðjarða í Vestmannaeyjum, bæjarfógeti Kristján Linnet, atvinnumálaráðuneytinu og leiddi athygli þess að því, að í sinni embættistíð hefði hann ekki krafið k/f Fram um leigu af verzlunarlóð þeirri, er það notaði.

Væru þær ástæður fyrir því, að hann hefði fylgt fyrirrennara sínum Sigurði Sigurðssyni í því efni — og eins

myndi hafa verið að minnsta kosti á síðari embættisárum fyrirrennara Sigurðar, Karls Einarssonar. Kveðst Linnet hafa heyrt, að þetta væri eignarlóð (og sú eina í Vestmannaeyjum), en Linnet tjáir ráðuneytinu, að hann efist um, að svo sé.

Leiddi þetta til þess, að ráðuneytið lagði fyrir þjóðjarðaumboðsmanninn að krefja k/f Fram (gjörðarþola) um leigu á greindri lóð. Var leigugjaldið eftir tillögu umboðsmannsins (Linnets) ákveðið kr. 100.00 á ári, og krafði hann k/f Fram um þá leigu í fyrsta skipti á manntalsþingi 1932 og síðan sömu upphæð fyrir árið 1933 og 1934. En k/f Fram neitaði að greiða.

En það eru hinar umkröfðu ársleigur fyrir þessi ár, 1932—1934 (3 ár), sem lögtaks er krafizt fyrir í máli þessu.

Lögtaksúrskurður hefir ekki verið lagður fram í málinu, en gjörðarþoli hefir lýst því yfir, að honum væri kunnugt um, að hann hefði verið uppkveðinn.

Stærð lóðarinnar er 2000,5 ferfaðmar, og er hún kölluð „Garður" eða „Garðslóð", og var hún hinn forni verzlunarstaður Vestmannaeyja.

Hefir gjörðarþoli mótmælt lögmæti leigugjaldsins og framgangi gjörðarinnar á þeim grundvelli, að hann væri löglegur eigandi framangreindrar lóðar.

Hefir gjörðarþoli aðallega rakið eignarrétt sinn að lóðinni til ákvæða tilskipunar frá 17. nóv. 1786 um fríðindi til handa kaupmönnum þeim, er verzla vildu í hinum löggiltu kaupstöðum á Íslandi, eftir að einokuninni hafði verið aflétt og verzlunin gefin frjáls.

Hefir hann lagt þann skilning í 4. og 5. gr. þeirrar tilskipunar, að í þeim fælist næg eignarheimild fyrir verzlunarlóðum til handa þeim, sem fengu afsöl fyrir mannvirkjum þeim, sem á lóðunum stóðu. En þótt ekki séu finnanleg afsöl til handa öllum síðari eigendum verzlunarmannvirkja Garðsverzlunar, þá er þó auðrakin eigendaröðin allt til gjörðarþola k/f Fram.

Hefir gjörðarþoli til stuðnings máli sínu citerað í dóm landsyfirréttar frá 1804 varðandi verzlunarlóðina á Eskifirði, þar sem konungur var skyldaður til að kaupa verzlunarlóð handa kaupmönnum, sem settu sig þar niður.

Hinsvegar hefir gjörðarbeiðandi mótmælt þeim skilningi á fyrrgreindri tilskipun og haldið því fram, að það

þyrfti sérstakur gjörningur að koma til, svo að eigandaskipti hefðu getað orðið að lóðinni.

En það er óumdeilt, að konungur var eigandi allra jarðeigna í Vestmannaeyjum, þegar hann gaf verzlunina frjálsa á Íslandi fyrir alla þegna sína.

Þá hefir gjörðarþoli einnig til vara byggt eignarrétt sinn á lóðinni á hefð, þar sem hann sjálfur og fyrirrennarar hans 2 hafi haft lóðina í eignarhaldi í fullkomlega góðri trú.

Gjörðarþoli hefir lagt sig sérstaklega fram um að færa sönnur á það, að hin umdeilda lóð hafi alltaf verið eign þess, er var eigandi Garðsverzlunarinnar. — Hinsvegar hefir honum ekki tekizt að færa fram neina sönnun fyrir því, að lóðinni hafi formlega verið afsalað af konungi (síðar ríkinu) til einhvers fyrri eiganda Garðsverzlunarinnar.

Þótt nú að rétturinn geti ekki fallizt á þann skilning gjörðarbeiðanda, að þar sem að ekkert sé sérstaklega tekið fram um lóðina í elzta afsali (sem lagt hefir verið fram í réttinum) fyrir Garðsverzlunareigninni frá 17. júní 1819, útgefið af von Casten-Schiold stiftamtmanni til handa Westy Paetsens & Comp., þá leiði af því, að lóðin hafi alls ekki átt að fylgja með sem eign, þá telur rétturinn eigi, að sérstaka nauðsyn beri til að skera úr um þau atriði hér vegna annarra ástæðna, sem sönnur hafa verið færðar á í málinu og skorið geta úr um, hvort gjörðin getur náð fram að ganga.

Þegar varakrafa gjörðarþola, hefðarvinnslan, er tekin til athugunar, þá er það, eins og fyrr greinir, fyrst árið 1932, sem að hann er krafinn um greiðslu, og hefir ekki, svo sannað sé, neitt það komið fram fyrr, er slitið gæti hefðarvinnslu frá hans hendi, ef þau skilyrði voru í upphafi fyrir hendi.

En þar sem gjörðarþoli varð ekki eigandi Garðsverzlunareignarinnar fyrr en 1917, þá verður að athuga um fyrirrennara hans.

Hinn 6. júní 1844 fékk Niels Nicolai Bryde afsal fyrir Garðsverzlunareigninni frá uppboðsréttinum í Kaupmannahöfn. — Er þar ekkert sérstaklega minnzt á lóðina.

Rak N. N. Bryde síðan verzlun á Garðseigninni til dauðadags, 9. ágúst 1879.

Erfði þá einkasonur hans, Johan Peter Thorkelin Bryde,

eignina og rak þar verzlun til dauðadags, fyrst einn, en síðan í félagi við son sinn Herluf Ingjald, sem hann tók í félag við sig 2. marz 1905.

J. P. T. Bryde andaðist árið 1910. Fékk ekkja hans leyfi til setu í óskiptu búi. Gerði hún félagssamning við son sinn Herluf Ingjald Bryde um rekstur verzlunarinnar undir nafninu J. P. T. Bryde.

Urðu þau gjaldþrota, og var bú þeirra gjört upp af skilanefnd.

Var „verzlunarstað (Etablissement) firmans J. P. T. Bryde í Vestmannaeyjum" afsalað af Magnúsi Sigurðssyni f. h. skilanefndarinnar til handa H. P. Duus hinn 16. marz 1917. Er í afsalinu talin upp hús og mannvirki, „svo og lóðir, stakkstæði og lóðarréttindi til lands og sjávar".

Með kaupsamningi, dags. 23. júní 1917, seldi H. P. Duus k/f Fram Garðseignina og veitti því afsal fyrir henni 18. september sama ár, þar sem talað er um lóð og lóðarréttindi. — En gjörðarþoli og fyrirrennarar hans hafa haft á leigu lóð, sem þeir hafa goldið fyrir, áfasta við hina umdeildu lóð.

Voru afsöl þessi þinglesin án athugasemda, og hefir sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum gefið út veðbókarvottorð 8. sept. 1917 til handa H. P. Duus, þar sem vottorð er um eign firmans á *lóð* og *lóðarréttindum*.

Eins hefir k/f. Fram (gjörðarþoli) veðsett eignina Veðdeild Landsbanka Íslands hinn 18. sept. 1917 ásamt allri tilheyrandi lóð og lóðarréttindum. Var það skjal þinglesið án athugasemda.

Þá hafa og fasteignamatsmenn árið 1917 við mat á „Garðars"-eigninni talið fylgja henni eignarlóð, að stærð 2000,5 ferfaðmar, og leigulóð, að stærð 6300 ferálnir.

Við fasteignamatið 1929—1930 gjörðu fasteignamatsmenn hið sama.

Þá er það og upplýst í málinu, að J. P. T. Bryde hefir talið sig þegar fyrir aldamót eiganda hinnar umdeildu lóðar og verið talinn það af öllum almenningi, enda upplýst með óyggjandi vottorðum, er ná allt til ársins 1893, að engin leiga hefir verið greidd af lóð þessari.

Þá er það upplýst í málinu, að sýslumaður Vestmannaeyja hefir í svari við fyrirspurn frá Hilmari stiftamtmanni Finsen, dags. 1868, látið upp það álit sitt, að „Garðs"-lóðin

væri ekki ríkiseign, þar sem hún hefði verið gefin kaupmönnum skv. 4. og 5. gr. fyrrgreindrar tilskipunar frá 17. nóv. 1786 um réttindi kaupstaðanna á Íslandi, enda hefir hann ekki krafið um leigu eftir lóðina.

Samkvæmt framanrituðu, og þar sem að umráð gjörðarþola og fyrirrennara hans í hefðartíma fullan virðast uppfylla eignarhald það, er 2. gr. hefðarlaganna nr. 46 frá 1905 greinir, sbr. og 3. gr. sömu laga, þá lítur réttturinn svo á, að gjörðarþoli, k/f Fram, hafi verið búinn að vinna fulla eignarhefð á hinni umdeildu lóð, þegar hann var krafinn um leigugjald af henni.

Verður því að synja um hina umbeðnu lögtaksgjörð.

Þá hefir gjörðarþoli og krafizt, að fógetarétturinn úrskurðaði sér málskostnað, en þar sem mál þetta var byrjað fyrir gildistökudag hinna nýju réttarfarslaga, þá telur réttturinn sig eigi bæran til að úrskurða um það atriði.

Dráttur sá, er orðið hefir á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar af því, hversu umfangsmikið mál þetta er orðið, þar sem rekstur þess fyrir réttinum hefir staðið yfir í 3 ár, en á þeim tíma hefir málflutningur aðiljanna tekið breyttar stefnur vegna upplýsinga, sem smátt og smátt voru að koma fram.

Enda verið mikið verk að kynna sér málsskjölin, sem eru sum meira en aldargömul og sum lögð fram í frumriti.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgjörð á eigi fram að ganga.

Föstudaginn 7. júní 1940.

Nr. 71/1939. **Gunnar Ólafsson & Co.**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Runólfi Jóhannssyni og gagnsök
(Eggert Claessen).

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Skuldamál. Aðgerðaleysisverkanir.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómur í máli þessu er kveðinn upp af Kristjáni Linnet, bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.

Aðaláfrýjandi hefir, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. júlí s. l., skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. s. m. Krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 1747.89 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1938 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefir, að fengnu uppreisnarleyfi 23. ág. s. l., gagnáfrýjað málinu með stefnu 28. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði með eða án skuldajafnaðar við kröfuna í aðalmálinu dæmdur til þess að greiða honum kr. 1944.66 með 5% ársvöxtum frá gagnstefnudegi, 2. nóv. 1938, til greiðsludags, en *til vara* niðurfærslu á kröfu aðaláfrýjanda. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í málinu kemur það fram, að gagnáfrýjandi hefir fengið árlega, a. m. k. flest árin, reikning fyrir hvert umliðið ár frá aðaláfrýjanda yfir viðskipti aðiljanna á árunum 1930—1937, að báðum meðtöldum.

Á engum þessara viðskiptareikninga er gagnáfrýjanda færð til tekna þóknun sú, kr. 100.00 á ári, eða samtals kr. 800.00 fyrir öll árin, er gagnáfrýjandi telur sig eiga rétt á hjá aðaláfrýjanda fyrir aðstoð við útbúnað vélbáta þeirra á veiðar í byrjun hverrar vetrarvertíðar, sem gagnáfrýjandi gegndi formennsku á fyrir aðaláfrýjanda á fyrrnefndu árabili. Gegn mótmælum aðaláfrýjanda hefir gagnáfrýjandi ekki sannað, að hann hafi nokkru sinni fyrr en í máli þessu kvartað yfir því, þrátt fyrir viðtöku viðskiptareikninganna frá aðaláfrýjanda, svo úr garði gerðra sem fyrr segir, að honum væri vanreiknuð til tekna umrædd þóknun. Verður því að telja, að gagnáfýjandi hafi með þessu aðgerðaleysi sínu firrt sig rétti til þess að krefjast nú greiðslu fyrir vinnu þá, sem hann kann að hafa látið í té við útbúnað bátanna, og geta þá umræddar kr. 800.00 ekki orðið teknar til greina til lækkunar á kröfu aðaláfrýjanda.

Að því er aðra kröfuliði gagnáfrýjanda varðar, offærða vexti, vanfærðan afslátt á vöruúttekt og offært slysatryggingargjald, þykir mega fallast á niðurstöðu þá, sem fengin er um atriði þessi í 2.—4. tölulið héraðsdómsins, og með þeim rökum, sem þar greinir. Verða þá úrslit máls þessa þau hér fyrir dómi, að gagnáfrýjanda ber að greiða aðaláfrýjanda kr. 1747.89 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1938 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verður að dæma gagnáfrýjanda til þess að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Runólfur Jóhannsson, greiði aðaláfrýjanda, Gunnari Ólafssyni & Co., kr. 1747.89 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1938 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 7. jan. 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. desember s. l., er að undangenginni árangurslausri sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja með stefnu, útgefinni 13. september s. l., af Gunnari Ólafssyni kaupmanni f. h. firmans Gunnar Ólafsson & Co. hér í bæ gegn Runólfi Jóhannssyni, Hilmisgötu 7 hér, til greiðslu á verzlunarskuld, að upphæð kr. 1747.89 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1938 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi, kr. 169.30.

Stefndur, Runólfur Jóhannsson, hefir mótmælt dómkröfum stefnandans og gagnstefnt firmanu Gunnar Ólafsson & Co. til greiðslu með eða án skuldajafnaðar á kr. 1944.66 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1938 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi kr. 280.00.

Aðalstefndur telur sig eiga gagnkröfuupphæðina hjá stefnandanum fyrir ógreidda standsetningu á tveimur bátum firmans, vanfærðan vöruafslátt og offærða vexti og slysatryggingargjald í viðskiptareikningi aðalstefnanda hjá verzlun firmans.

Á þessum gagnkröfuliðum byggir stefndi mótmæli sín og málsvörn alla, sem nú skal nánar vikið að.

1. Standsetningarvinna:

Aðalstefndur hefir lagt fram í málinu tvo reikninga yfir vinnu við standsetningu m. b. Ingólfs V. E. 216 árin 1930—'33 og 1935—'37 og v. b. Geirs Goða V. E. 10 fyrir árið 1934, kr. 100.00 fyrir hvert ár, eða samtals kr. 800.00. Var hann ráðinn formaður fyrir bátana þessi ár og telur sig eiga heimting á aukaþóknun fyrir að sjá um og vinna

við standsetningu bátanna, áður en vetrarúthald hefir byrjað, eins og hér tíðkast. Fyrsta árið, er aðalstefndur var formaður hjá stefnandanum með m. b. Ingólf, árið 1929, voru honum greiddar kr. 100.00 fyrir vinnu við standsetningu, og heldur hann fram, að þá hafi verið umtalað, að hann hefði sömu upphæð eftirleiðis. En þá hefði verið í ráði, að aðalstefndur yrði formaður með bátinn framvegis, eins og líka varð.

Aðalstefnandinn heldur því fram gegn þessu, að aðalstefndur hafi fengið greidda alla vinnu, sem hann hafi unnið hjá firmanu Gunnar Ólafsson & Co. bæði við bátana og annað, og ekkert ófengið fyrir vinnu við standsetningu. Það, sem aðalstefndur kunni að hafa gert fram yfir þetta við standsetningu bátanna, beri honum að annast ókeypis sem skipaskoðunarmanni hér.

Það verður ekki séð, að aðalstefndur hafi fengið greiðslu fyrir vinnu við standsetningu bátanna v. b. Ingólfs eða Geirs Goða, meðan hann var formaður hjá aðalstefnanda, nema fyrir árið 1929, að kr. 100.00 eru innfærðar í viðskiptareikning hans hjá verzluninni fyrir það.

Aðalstefndur heldur því fram, að það sé almenn venja hér í bæ, að formenn vinni við standsetningu þeirra báta, sem þeir eru formenn á, og fái greidda aukaþóknun fyrir. Þessu til sönnunar hefir aðalstefndur lagt fram í málinu vottorð frá nokkrum formönnum hér. Tveir þeirra hafa mætt sem vitni og staðfest vottorðið.

Rétturinn verður að telja, að með þessum framburðum, sem ekki er hnekkt að neinu leyti, sé fram komin nægileg sönnunargögn fyrir því, að almenn venja sé hér í bæ að greiða formönnum aukaþóknun fyrir vinnu og umsjón með standsetningu þeirra báta, er þeir eru ráðnir formenn með.

Þá hefir aðalstefndur lagt fram mörg vottorð, sem staðfest hafa verið í rétti, fyrir, að hann hafi unnið að standsetningu báta þeirra, er hann hefir gert reikning fyrir, meðan hann var formaður með þá. Ekkert hefir fram komið í málinu, sem hnekki vottorðum þessum eða bendi til þess, að aðalstefndur hafi eigi lagt fram vinnu við standsetningu umræddra báta, eftir því sem með hefir þurft og almenn venja krefur.

Þar sem upphæð sú, kr. 100.00 á ári. er aðalstefndur gerir á hendur aðalstefnanda fyrir vinnu sína við stand-

setninguna, virðist sanngjörn eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, telur rétturinn með tilvísun til þess, sem tekið hefir verið fram um þetta atriði, að taka beri til greina þessa kröfu.

Gagnstefndur hefir eigi mótmælt kröfu gagnstefnanda vegna þess, að hún sé fyrnd, en þó þykir rétt í þessu sambandi að taka það til athugunar.

Samkvæmt lögum um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14 frá 1905, gr. 3, — fyrnast vinnukröfur á 4 árum, nema krafa hjús um kaupgjald, meðan það er samfellt áfram í sömu vist. Krafa aðalstefnda um kaup fyrir standsetningu er byggð á tilsvarandi samfelldri þjónustu, og aðstaða formannsins til útgerðarmanns um að gera gildandi kröfu sína svo lík hjúsins gagnvart húsbónda sínum, að rétturinn telur heimilt að beita ívitnuðu ákvæði fyrningarlaganna analogice um fyrirliggjandi standsetningarkröfu aðalstefnda.

2. *Offærðir vextir:*

Þá heldur aðalstefndur því fram, að stefnandinn hafi lofað, að eigi skyldu reiknaðir vextir af þeirri skuld, er aðalstefndur kynni að standa í um hver áramót, meðan áframhaldandi viðskipti ættu sér stað milli þeirra. Og samkvæmt loforði þessu séu eigi reiknaðir vextir af skuld aðalstefnda í viðskiptareikningum hans við firmað árin 1929, 1930, 1932, 1933, 1934 og 1935. Hinsvegar séu ranglega reiknaðir vextir fyrir árin 1931, 1936, 1937, samtals kr. 383.96.

Aðalstefnandinn neitar að hafa gefið neitt loforð fyrir því að fella niður vexti, og sé því heimilt að reikna þá eða fella niður eftir geðþótta sínum. Til sönnunar þeirri fullyrðingu sinni, að aðalstefndur hefði loforð fyrir, að vöxtum skyldi sleppt, hefir hann fært það eitt, að vextirnir séu felldir niður flest árin, sem eigi myndi gert, ef ekki lægi loforð fyrir því.

Rétturinn verður að telja, að bresti á um sannanir fyrir því, að aðalstefnandinn hafi lofað að fella niður vexti, og krafan um frádrátt vegna offærðra vaxta verði því eigi tekin til greina. Mótmæli aðalstefnds gegn upphæð vaxtanna getur heldur ekki orðið til greina tekin sem of seint fram komin, þar sem eigi verður séð, að slík mótmæli hafi verið höfð uppi fyrr en í mál var komið.

3. Vanfærður afsláttur á vöruúttekt:

Aðalstefndur heldur því fram, að aðalstefnandinn hafi lofað að gefa honum afslátt af vöruúttekt, meðan gangandi viðskipti héldust. Hafi hann fengið afslátt á vöruúttekt sinni árin 1929, 1932, 1934 og 1935, 10%, en ekki fyrir árin 1930, 1931, 1933, 1936, 1937, er nemi samtals kr. 748.00.

Til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni, að um loforð hafi verið að ræða af hálfu stefnandans fyrir afslættinum, hefir aðalstefndur fært það fram, að sum árin sé afsláttur inn færður í viðskiptareikning hans, en slíkt myndi eigi hafa verið gert, nema samkvæmt gefnu loforði.

Það verður eigi talin verzlunarvenja hér að gefa afslátt á viðskiptum, heldur fari eftir því, sem um semst í hvert skipti, og þar sem aðalstefndur hefir eigi gegn mótmælum aðalstefnandans fært sönnur á, að fyrir liggi loforð um afslátt, verður krafa aðalstefnds í því efni ekki tekin til greina.

Rétturinn tekur fram um liðina 2 og 3 um afsláttinn og vextina, að eigi séu fram komnar nógu sterkar líkur fyrir kröfum aðalstefnds til að láta þau atriði velta á eiði, enda of langt liðið, til að heppilegt væri að gera það.

4. Offært slysatryggingargjald:

Í viðskiptareikningi aðalstefnandans er aðalstefndum fært til skuldar slysatryggingargjald 1933, kr. 12.70, og tekur aðalstefndur fram, að sér beri eigi að greiða það, þar sem aðalstefndur var ráðinn upp á hlut, var aðalstefnandanum heimilt að endurkrefja hann um útlagt slysatryggingargjald samkvæmt þágildandi slysatryggingarlögum.

Samkvæmt framanrituðu verður niðurstaðan sú, að frá dómkröfu aðalstefnandans, kr. 1747.89, ber að draga standsetningarkröfu aðalstefnds, kr. 800.00, en mismuninn, kr. 947.89, ber aðalstefndum að greiða með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1938 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðalstefnur greiði aðalstefnandanum í málskostnað kr. 50.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Runólfur Jóhannsson, greiði stefnandanum, Gunnari Ólafssyni f. h. firmans Gunnar Ólafs-

son & Co., kr. 947.89 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1938 til greiðsludags og kr. 50.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júní 1940.

Nr. 121/1939. **Júlíus Þorbergsson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Tryggingarstofnun ríkisins
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Örorkubætur.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir upp kveðið Gunnar A. Pálsson, fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 10. nóv. f. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. s. m., hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 6000.00 með 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1936 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gjafsókn fékk áfrýjandi fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann með bréfi dómsmálaráðuneytis 18. des. f. á. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdómnum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki verður talið, að áfrýjandi sé vegna ákvæða 2. tölul. 10. gr. laga nr. 26/1936 og nú 3. tölul. 10. gr. laga nr. 74/1937 um alþýðutryggingar, þar sem um greiðslu örorkubóta er vísað til dóms læknis tryggingarinnar, sviptur rétti til þess að

bera undir dómstólana nokkur þau atriði, sem kröfu hans á hendur stefnda varða, enda þykir mega skilja téð ákvæði svo, að stefndi greiði ekki slíkar bætur án ráði læknis síns, nema boðið sé í dómi.

Sjúkleiki sá, er áfrýjandi þjáist af og í máli þessu greinir, virðist vera svo náin afleiðing slyss þess, sem hann varð fyrir þann 19. okt. 1936, að eigi sé heimild til þess í lagaákvæðum um slysatryggingar að varna honum örorkubóta sakir sjúkleikans. Læknar hafa verið ósammála um batalíkur. Hefir læknir stefnda talið sjúkdóminn mundu batna, en héraðslæknir telur, að bati sé „mjög vafasamur, en ekki óhugsandi". Taugalæknar tveir telja slíkan sjúkdóm, sem áfrýjandi er haldinn af, oft batna eftir 2—3 ár. Virðist því ekkert verða um það fullyrt, hver batavon sé eða hversu langan tíma sjúkdómurinn muni valda áfrýjanda örorku. Þykir því eiga að dæma honum örorkubætur úr hendi stefnda. Metur héraðslæknir örorkuna 60%—65% að minnsta kosti, og hefir það ekki verið véfengt í máli þessu, að örorka áfrýjanda nú nemi svo miklu. Fullar örorkubætur samkvæmt 3. tölul. 10. gr. laga nr. 74/1937 nema kr. 6000.00, og verður að dæma áfrýjanda samkvæmt mati héraðslæknis 65% af þeirri fjárhæð, eða kr. 3900.00. Vöxtu, 6% p. a., þykir í þessu máli rétt að telja frá 28. nóv. 1938, er áfrýjandi gerði bótakröfu sína á hendur stefnda.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað, þar á meðal um málflutningslaun talsmanns áfrýjanda í héraði, þykir bera að staðfesta Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður og að málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Tryggingarstofnun ríkisins, greiði áfrýjanda, Júlíusi Þorbergssyni, kr. 3900.00 með 6% ársvöxtum frá 28. nóv. 1938 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað, þar á meðal um málflutningslaun talsmanns áfrýjanda í héraði, eiga að vera óröskuð. Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., er að fengnu gjafsóknarleyfi höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. apríl 1939, af Júlíusi Þorbergssyni verkamanni, Laugavegi 132 hér í bæ, gegn Tryggingarstofnun ríkisins hér í bænum til greiðslu örorkubóta, að upphæð kr. 6000.00, eða annarrar lægri upphæðar eftir mati réttarins ásamt 6% ársvöxtum af tildæmdri upphæð frá 19. október 1936 til greiðsludags. Ennfremur krefst stefnandi málskostnaðar til handa sér og ríkissjóði samkvæmt framlögðum reikningi eða eftir mati réttarins.

Stefndur, Tryggingarstofnun ríkisins, krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að þann 19. október 1936 var stefnandi þessa máls og nokkrir fleiri verkamenn, er ásamt honum unnu við byggingu rafstöðvarinnar við Ljósafoss, að flytja steinsteyptar súlur á sporbrautarvögnum yfir fossinn frá húsi austanmegin hans. Ógu súlur þessar 700 kg hver. Þegar vestur yfir fossinn kom, voru súlurnar teknar af vögnunum og látnar renna í böndum niður í gryfju, er

þar var. Súlurnar munu hafa þurft að koma varlega niður, og var stefnandi ásamt öðrum manni hafður niðri í gryfjunni til að taka á móti þeim. Er þeir voru að taka á móti þriðju súlunni, slitnaði kaðall sá, er hún var látin síga í, og féll súlan þá. Lenti hún á stefnanda, er um leið féll aftur á bak, og mun hann að einhverju leyti hafa orðið fastur undir súlunni, og aðrir hafa orðið að hjálpa honum undan henni. Samdægurs fór stefnandi í bifreið hingað til Reykjavíkur, en leitaði þó ekki læknis fyrr en 21. október, enda kveðst hann ekki hafa náð í lækni sinn, Matthías Einarsson, fyrr. Samkvæmt vottorði nýnefnds læknis, dags. 1936 (mánaðardag vantar), fann hann ekki annað að stefnanda en talsvert mar á hægra læri, legg og mjöðm. Jafnframt segir í vottorðinu, að stefnandi geti ekki haldið áfram starfi sínu án þess að brjóta í bág við lækningatilraunir, sökum þess að hann sé haltur. Var stefnandi nú látinn fara í rafböð hjá nuddlækni, og var hann lengi í þeim.

Þar sem stefnandi var í umrætt skipti við vinnu í slysatryggðri atvinnu, og ekki var um það deilt, að meiðslin væru þess eðlis, að þau væru bótaskyld, þá greiddi stefndur alla læknishjálp fyrir stefnanda, og auk þess greiddi hann honum dagpeninga í samræmi við alþýðutryggingalögin. Þann 26. febr. 1937, en þá var stefnandi ennþá í rafböðunum, skoðaði Sigurður Sigurðsson berklalæknir, þáverandi trúnaðarlæknir stefnds, stefnanda og segir, að hann muni byrja að vinna næstu daga, eða nánar tiltekið 1. marz 1937. Til þess dags greiddi stefndur stefnanda fyrir tímabilið frá 27. október 1936 til 1. marz 1937 kr. 630.00. Virðist stefnandi ekki hafa kvartað um neitt sérstakt, er Sigurður skoðaði hann í þetta skipti, og verður heldur ekki séð, að hann hafi hreyft neinum andmælum gegn því, að hætt var að greiða honum dagpeninga frá 1. marz 1937 að telja. Liggja nú ekki fyrir neinar beinar upplýsingar um heilsufar stefnanda nokkurt tímabil, eða eftir mánaðamótin febrúar og marz 1937, en hinsvegar liggur fyrir vottorð eins verkstjóra Reykjavíkurbæjar um, að stefnandi hafi seinni hluta vetrar 1937 komið til vinnu í flokk hans, en verið mjög getulítill til hennar, og hafi hann allur riðað og titrað að afloknu dagsverki. Kveðst verkstjórinn ekki hafa talið hann færan til vinnunnar, enda hafi hann brátt hætt henni þess vegna, að því að verkstjórinn taldi. Þann 19. október

1937 mat Magnús Pétursson, héraðslæknir í Reykjavík, örorku stefnanda og komst að þeirri niðurstöðu, að hann hefði misst 60—65% af starfsorku sinni og að ekki yrði sagt með vissu, hvenær hann næði henni aftur. Eftir áramótin 1937 og 1938 mun stefnandi hafa farið að gera tilraunir til að fá greiddar örorkubætur frá stefndum, og 3. marz 1938 skoðaði Jóhann Sæmundsson, núverandi trúnaðarlæknir stefnds, hann með tilliti til örorkumats. Fann læknirinn engin einkenni um líkamlegan sjúkdóm, og sýndi rannsókn á taugakerfinu engar sjúklegar breytingar né einkenni um vefræna (organiska) bilun. Hinsvegar bar mikið á óreglulegum titring í báðum efri útlimum, og var hann þannig að sjá, að hann varð að áliti læknisins ekki heimfærður undir neina vefræna bilun, heldur var hann alveg starfrænn (funktionel). Taldi trúnaðarlæknirinn sjúkdóm stefnanda vera neurosis traumatica, þ. e. taugaveiklun í sambandi við slys. Að fengnu þessu áliti læknisins neitaði stefndur síðan stefnanda um örorkubætur. Vildi stefnandi ekki sætta sig við þau málalok og höfðaði því mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur, er hann byggir á því, að hann sé ennþá algerlega óvinnufær vegna afleiðinga fyrrgreinds slyss. Og þar sem engin von sé um bata, beri stefndum að greiða sér hinar umkröfðu örorkubætur.

Stefndur byggir hinsvegar stefnukröfu sína á því, að hér sé ekki um bótaskylda örorku að ræða, enda sé hún ekki tilkomin sem bein afleiðing af slysinu né heldur sé hún varanleg.

Auk þeirra læknisvottorða, er þegar hefir verið getið, liggur fyrir vottorð frá Björgvini Finnssyni nuddlækni, en hjá honum var stefnandi í rafböðum frá 23. febrúar 1938 til 15. júlí s. á. Segir í því, að sjúkdómur stefnanda sé neurosis traumatica, að bati hafi verið lítill og stefnanda finnist hann vera alveg óvinnufær. Loks liggur fyrir bréf Magnúsar Péturssonar, dags. 2. marz 1939, ritað stefndum útaf fyrirspurn hans til læknisins viðvíkjandi fyrrgreindu mati hans á örorku stefnanda. Lét Magnús Alfred Gíslason, sérfræðing í taugasjúkdómum, skoða stefnanda og tekur rannsókn hans orðrétta upp í bréf sitt. Getur Alfred ekki neinna vefrænna skemmda hjá stefnanda, hvorki á taugakerfi né annarsstaðar, og kemst hann að þeirri niðurstöðu,

að sjúkdómur hans sé neurosis traumatica. Segir Magnús í bréfinu, að hann, þ. e. Magnús sjálfur, telji fyrrgreint slys orsök örorku stefnanda, og bati finnst honum vafasamur, en ekki óhugsandi.

Með læknisvottorðum þeim, sem nú hafa verið rakin, telur rétturinn nægilega upplýst, að sjúkdómur sá, er veldur núverandi örorku stefnanda, sé neurosis traumatica, enda hafa aðiljar ekki deilt um það. Stefndur hefir og játað, að örorka stefnanda muni vera sú, er segir í fyrrnefndu vottorði héraðslæknisins, og er því heldur ekki ágreiningur, er máli skiptir, með aðiljum um það atriði. Af framangreindum læknisvottorðum og öðru því, er liggur fyrir í máli þessu, þykir ljóst, að þær vefrænu skemmdir, er stefnandi varð fyrir við umrætt slys, hafi að fullu verið bættar þegar um mánaðamótin febrúar og marz 1937. Er því ekki slíkum skemmdum um að kenna sjúkdóm stefnanda nú og örorku þá, er af honum leiðir. Er örorka stefnanda þannig ekki í beinu orsaka-sambandi við meiðslin, heldur virðist mega ráða af vottorðunum, að hún stafi af starfrænum orsökum, sem séu tilkomnar, eftir að meiðslin voru gróin, en að vísu í tilefni af slysinu, án þess þó að vera beinar afleiðingar þess. Sjúkdómur stefnanda er almennt talinn bætanlegur, og liggur ekkert læknisvottorð fyrir í málinu, er lætur í ljós það álit, að ekki muni vera hægt að bæta stefnanda. Í samræmi við það fullyrðir heldur ekkert vottorðanna, að um varanlega örorku sé að ræða hjá stefnanda, en það er eitt skilyrði þess, að örorka sé bótaskyld.

Af nýgreindum ástæðum, þeim 1) að örorka stefnanda orsakast ekki af vefrænum skemmdum og er þannig án beins orsakasambands við meiðslin, heldur tilkomin, eftir að þau voru gróin að fullu, og 2) að engar líkur eru leiddar að því, að stefnandi sé ólæknandi og örorka hans þar afleiðandi varanleg, þá lítur rétturinn svo á, að sýkna beri stefndan af öllum kröfum stefnanda, en eftir málavöxtum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. apríl s. l., var stefnanda veitt gjafsókn í máli þessu og hdm. Egill Sigurgeirsson jafnframt skipaður talsmaður hans. Málflutningslaun hins skipaða talsmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 150.00, skulu greiðast úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Tryggingarstofnun ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Júlíusar Þorbergssonar.

Málskostnaður falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, hdm. Egils Sigurgeirssonar, kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 12. júní 1940.

Nr. 37/1940. **Tómas Þorvaldsson**
gegn
Ketilbjörgu Erlendínu Magnúsdóttur

Um öflun frekari skýrslna í barnsfaðernismáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður dómur verður lagður á mál þetta í hæstarétti, ber héraðsdómaranum að hlutast til um öflun gagna þeirra, er nú verða talin:

1. Héraðsdómaranum ber að gefa stefndu kost á því að leggja sig og barn sitt undir blóðrannsókn, og ef hún samþykkist það, þá að eiga hlut að því, að blóðrannsókn fari fram á stefndu, Ketilbjörgu Erlendínu Magnúsdóttur, barni hennar, því er í málinu greinir, og áfrýjanda, Tómasi Þorvaldssyni, sbr. 214. gr. laga nr. 85 frá 1936.

2. Stefnda sjálf, heimilisfólk hennar og aðrir, sem til kunna að vita, skulu um það spurð, hvenær stefnda hafi farið síðast til Reykjavíkur á árinu 1937 og hve lengi hún hafi þá dvalizt í Reykjavík.

3. Leita skal upplýsinga um það m. a. með skýrslum stefndu sjálfrar og heimilisfólks hennar, hvort stefnda hafi farið til Grindavíkur og verið þar á dansskemmtun á vetrarvertíð 1938, og ef svo er,

hvaða dag það hafi verið. Skal stefnda þá ennfremur um það spurð, hvort hún hafi hitt áfrýjanda á dansskemmtun þessari og hvort nokkuð hafi þá farið þeim á milli.

4. Ennfremur skal héraðsdómarinn afla gestabókar Hjálpræðishersins í Reykjavík, sýna stefndu, hvaða dag áfrýjandi hafði þar herbergi á leigu, og krefja hana nánari skýrslna í því sambandi.

5. Héraðsdómarinn á að afla upplýsinga þeirra, er að framan greinir, svo fljótt sem verða má, og annarra þeirra skýrslna, sem framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að eiga hlut að því, að aflað verði, svo fljótt sem unnt er, sakargagna þeirra, er að framan getur, og að fengnar verði aðrar þær skýrslur, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa ástæðu til, að útvegaðar verði.

Föstudaginn 14. júní 1940.

Nr. 96/1939. **Kristján Jónsson og Sigurveig Kristjánsdóttir**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Guðmundi Guðmundssyni
(Pétur Magnússon).

Umferðarréttur um lóð.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af Sigurði Eggerz, bæjarfógeta á Akureyri, og meðdómsmönnum

hans Friðriki Magnússyni lögfræðingi og Jóni Guðmundssyni trésmíðameistara.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. september 1939, krefjast algerrar sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Árið 1911 byggði Zóphónías Baldvinsson, sem þá átti húsið Norðurgötu 2, geymsluhús það, sem í máli þessu greinir. Stendur það að rúmum helmingi á lóðinni Norðurgötu 4. Að dyrum geymsluhúss þessa á vesturstafni og að opi á austurstafni er nauðsynleg för um lóðina Norðurgötu 4 fram með stöfnum geymsluhússins. Það er ágreiningslaust í málinu, að áfrýjandi Sigurveig, sem var einkaeigandi lóðarinnar Norðurgötu 4 til ársins 1932, tók við gjaldi úr hendi eiganda Norðurgötu 2 fyrir greind afnot lóðar Norðurgötu 4 og jákvæddi þessum afnotum því í verki. Samáfrýjanda hennar, Kristjáni, sem fluttist 1924 í húsið Norðurgötu 4, hlaut að vera það ljóst, þegar hann 1932 keypti suðurhelming húss þessa, að eiganda hússins Norðurgötu 2 hafði verið heimiluð nauðsynleg umferð vegna geymsluhússins um lóð Norðurgötu 4, enda hefir Kristján viðurkennt þetta að nokkru með því að girða ekki alveg í lóðamörkum við dyrnar á vesturstafni geymsluhússins og ætla eiganda þess þar afnot örlitillar ræmu af lóð Norðurgötu 4. Nú hefir það verið borið fyrir af hendi áfrýjanda hér í dómi, að réttur stefnda til nefndrar umferðar um lóð Norðurgötu 4 sé niður fallinn vegna vanskila á gjaldi fyrir þessi afnot. Þessari varnarástæðu, sem ekki var

hreyft í héraði, verður hér ekki gegn mótmælum stefnda gaumur gefinn.

Samkvæmt framanskráðu þykir bera að dæma áfrýjendur, að viðlögðum 5 króna dagsektum á hendur hvoru þeirra, til að veita stefnda innan viku frá birtingu dómsins frjálsan aðgang að nefndu geymsluhúsi um þriggja metra breiða lóðarræmu fram með vesturstafni þess að viðbyggðum skúr að norðan og um þriggja metra breiða lóðarræmu fram með austurstafni þess, einn metra norður fyrir opið á þeim stafni.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Kristján Jónsson og Sigurveig Kristjánsdóttir, skulu, að viðlögðum 5 króna dagsektum á hendur hvoru þeirra, veita stefnda, Guðmundi Guðmundssyni, innan viku frá birtingu dóms þessa, frjálsan aðgang að ofangreindu geymsluhúsi um þriggja metra breiða lóðarræmu fram með vesturstafni þess, að viðbyggðum skúr að norðan, og um þriggja metra breiða lóðarræmu fram með austurstafni þess, einn metra norður fyrir opið á þeim stafni.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 23. júní 1939.

Mál þetta hefir höfðað aðalstefnandinn, Guðmundur Guðmundsson, Norðurgötu 2, Akureyri, fyrir bæjarþingi

Akureyrar með stefnu, dags. 15. apríl 1939, gegn aðalstefndum, verkamanni Kristjáni Jónssyni, Norðurgötu 4, Akureyri, og húskonu Sigurveigu Kristjánsdóttur, Akureyri, til þess að fá þau dæmd in solidum að viðlögðum dagsektum, er rétturinn tiltekur, til að rífa niður girðingu þá, sem stefndur Kristján Jónsson setti niður á síðasta sumri milli húseignanna Norðurgötu 2 og Norðurgötu 4 á Akureyri, og sömuleiðis til að þola, að stefnandinn og einnig þeir, sem síðar kunna að eignast nefnt (svo) geymsluhús, megi ávallt hafa frjálsan og óhindraðan aðgang að því með bifreiðar, vagna eða önnur slík ökutæki yfir lóð tilheyrandi Norðurgötu 4 á Akureyri.

Girðingin sé rifin niður á þann hátt, að frjáls og óhindraður aðgangur sé að geymsluhúsi nefnds Guðmundar á 5 álna svæði meðfram geymsluhúsinu að vestan og á 5 álna svæði meðfram því að austan norður á móts við norðurhlið geymsluhússins. Þessi lóðarspilda takist af lóð tilheyrandi Norðurgötu 4.

Aðalstefndur (svo) mótmælir því, að girðingin sé rifin niður, og annar hinna aðalstefndu, Sigurveig Kristjánsdóttir, krefst, að hún verði sýknuð af þeirri ástæðu, að hún sé eigi lengur aðili málsins, þar sem búið sé að skipta lóðinni.

Báðir stefndu krefjast og málskostnaðar. Þá hefur Björn Halldórsson lögfræðingur fyrir hönd aðalstefndu, Sigurveigar Kristjánsdóttur og Kristjáns Jónssonar, höfðað gagnsök gegn aðalstefnandanum, Guðmundi Guðmundssyni, til þess að fá hann dæmdan að viðlögðum dagsektum að fylla upp með múr í gluggaop að austan og dyr og glugga að vestan á geymsluhúsinu milli húsa þeirra, svo húsið sé í samræmi við byggingarsamþykkt Akureyrar og rétt þeirra sem eiganda lóðarinnar og húss Norðurgötu 4.

Þessum kröfum er mótmælt af hálfu aðalstefnanda, enda því haldið fram, að greindir gluggar og op séu löglega settir.

Bæði gagnstefnandinn og gagnstefndu krefjast málskostnaðar.

Að því er aðalmálið snertir, liggur fyrir á réttarskj. 7 yfirlýsing frá Sigurveigu Kristjánsdóttur, sem var eigandi alls hússins, þegar greint geymsluhús var byggt, að hún hafi veitt óafturkallanlegt leyfi til þess, að geymsluhús það, sem stendur að hálfu á lóð tilheyrandi Norðurgötu 2 og að hálfu á lóð tilheyrandi Norðurgötu 4, mætti standa þar

áfram ásamt heimild til að hafa frjálsan og óhindraðan aðgang að því með bíl eða vagna yfir lóðina Norðurgötu 4, að dyrum geymsluhússins að austan og vestan meðfram stöfnum þess.

Í samræmi við þessa yfirlýsingu er vottorð frá fyrrverandi eigendum hússins Norðurg. 2, Zóphóníasi Baldvinssyni og Sigurði Sigurðssyni, sem að vísu er mótmælt.

Sigurveig Kristjánsdóttir, aðalstefnd í þessu máli, hefir á síðara stigi málsins haldið því fram, að hún hafi verið nörruð til að gefa yfirlýsinguna á réttarskj. 7, en að þessu eru engar líkur færðar, og verður því að telja afturkall hennar á yfirlýsingunni á réttarskjali 7 markleysu.

Rétturinn lítur svo á, að umferðarkvöð hafi skapazt fyrir eiganda Norurgötu 2 yfir lóð Norðurgötu 4, þannig að þeir ættu frjálsan óhindraðan aðgang með ökutæki að stöfnum umgetins húss, og telur rétturinn, að þessari kvöð sé fullnægt með því, að frjáls aðgangur sé að geymsluhúsinu á 5 álna breiðu svæði meðfram stafni þess að vestan, er takmarkast af viðbyggðum skúr að norðan, og á 5 álna breiðu svæði með því að austan, þannig að girðingin, sem nú er, færist á því svæði til norðurs um 4½ alin.

Sýknukrafa fyrir hönd aðalstefndu Sigurveigar Kristjánsdóttur verður ekki byggð á staðhæfingu hennar, að lóðinni sé nú skipt, þar sem lóðin var ekki skipt, þegar stefnt var í málinu, og auk þess liggur fyrir yfirlýsing á réttarskjali 20 frá byggingarfulltrúa Halldóri Halldórssyni, sem bendir á, að hinni byggðu lóð hafi ekki verið skipt.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnandanum málskostnað, og þar sem mótmælin gegn upphæð málskostnaðarins þykja ekki byggð á rökum, ber að ákveða málskostnaðinn kr. 207.80 aur.

Að því er gagnsökina snertir, þá heyrir hún ekki undir þenna rétt, þar sem kært er fyrir lögreglubrot, og ber því að vísa gagnsökinni frá réttinum ex officio.

Gagnstefnendurnir greiði málskostnað til gagnstefnda í gagnsökinni með kr. 50.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndu í aðalmálinu, verkamaður Kristján Jónsson og húskona Sigurveig Kristjánsdóttir, bæði á Akureyri, skulu að viðlögðum dagsektum, kr. 5.00 á dag,

rífa niður girðingu þá, sem aðalstefndur Kristján Jónsson setti niður á síðasta sumri milli húseignanna Norðurgötu 2 og Norðurgötu 4, þannig að frjáls aðgangur sé að geymsluhúsinu á 5 álna breiðu svæði meðfram stafni þess að vestan, er takmarkast við viðbyggðan skúr að norðan, og á 5 álna svæði meðfram stafni þess að austan, þannig að girðingin, sem nú er, færist á því svæði til norðurs um 4½ alin.

Aðalstefndu greiði í málskostnað aðalstefnanda in solidum kr. 207.80 aur. í aðalmálinu.

Gagnsökinni vísað frá réttinum ex officio.

Gagnstefnandinn, Björn Halldórsson lögfræðingur fyrir hönd Sigurveigar Kristjánsdóttur og Kristjáns Jónssonar, greiði gagnstefndum, Guðmundi Guðmundssyni, í málskostnað í gagnsökinni kr. 50.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. júní 1940.

Kærumálið nr. 4/1940. **Þorleifur Th. Sigurðsson**
gegn
Sveini M. Ólafssyni

Um fjárhæð þingvottagjalds í einkamáli. Hafning máls í héraði úr gildi felld.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurðinn hefir kveðið upp Björn lögmaður Þórðarson.

Í máli þessu kærir kærandi úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur þann 29. f. m., og bárust skjölin hingað 3. þ. m. Hvorki stefndi né héraðsdómarinn hafa sent hæstarétti greinargerð um málið. Kærandi hefir krafizt þess í greinargerð sinni 31. f. m., að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að

stefnda verði dæmt að greiða honum kostnað kærumálsins að skaðlausu.

Efni kærumáls þessa er fyrst og fremst ágreiningur milli héraðsdómarans og kæranda um það, hvort vottagjald í þinghaldi í málinu þann 29. f. m. skyldi reikna 50 aura handa hvorum þingvotta samkvæmt 41. gr. laga nr. 85/1936 eða 1 krónu samkvæmt 8. gr. laga nr. 85/1938, og þetta ágreiningsefni eitt lagði kærandi til úrskurðar héraðsdómara í þinghaldinu 29. f. m. Enda þótt aðeins forsendur úrskurðarins varði upphæð þingvottagjaldsins, virðist mega dæma það atriði í kærumáli þessu, með því að kærandi hefir krafizt ógildingar á úrskurðinum í heild og greinargerð hans sýnir, að takmark hans með kærunni er fyrst og fremst það, að úr téðu ágreiningsefni verði skorið í æðra dómi.

Með 41. gr. laga nr. 85/1936 voru ákvæði 8. gr. laga nr. 64/1917 um *þingvottagjald* felld úr gildi og ný fyrirmæli sett í staðinn. En með 8. gr. laga nr. 85/1938 voru enn sett ný fyrirmæli um þetta atriði, að efni til samhljóða 8. gr. laga nr. 64/1917, nema að gjaldið var hækkað úr 50 aurum í 1 krónu um hverja klukkustund eða brot úr klukkustund. Hafa hin yngri fyrirmæli 8. gr. laga nr. 85/1938 fellt úr gildi ákvæði 41. gr. laga nr. 85/1936 um þingvottagjald, og ber því nú að ákveða það samkvæmt 8. gr. laga nr. 85/1938.

Eins og ágreiningsefnið var lagt til úrskurðar héraðsdómara, hefði mátt vænta þess, að hann úrskurðaði einungis um þingvottagjaldið, gæfi kæranda síðan kost á að greiða það samkvæmt þeim úrskurði, en hæfi svo málið, ef kærandi neitaði skilorðslaust að hlíta honum. Verður ekki séð, að svo hafi verið með málið farið, og virðist hafning þess því hafa

verið ákveðin áður en ástæða væri til. Þykir þess vegna rétt að taka kröfu kæranda um ógildingu úrskurðarins að þessu leyti til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Þingvottagjald það, sem í máli þessu greinir, fari eftir ákvæðum 8. gr. laga nr. 85/1938.

Ákvæði úrskurðarins um hafningu málsins eru felld úr gildi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1940:

Eftir gildistöku laga nr. 85/1938 um laun hreppstjóra, aukatekjur o. l. hefir verið litið svo á, að 8. gr. þeirra laga breytti fyrirmælum 41. gr. einkamálalaganna frá 1936 um gjald til réttarvotta þannig, að hvorum votti beri ein króna um klukkustund eða brot úr klukkustund fyrir hvert mál, sem tekið væri til meðferðar á dómþinginu í stað 50 aura áður. Þessum skilningi hefir og stöðugt verið fylgt í framkvæmd. Með því að umboðsmaður stefnanda neitar nú þeirri kröfu dómarans að greiða ásamt frestsgjaldinu kr. 2.00 til réttarvottanna, en býður aðeins fram 1 krónu, verður að telja, að hann skorist undan að greiða lögmælt gjöld, og þykir dómaranum því rétt að nota heimildina í 119. gr. 2. mgr. 1. tölulið einkamálalaganna til að hefja mál þetta.

Því úrskurðast:

Mál þetta er hafið.

Miðvikudaginn 19. júní 1940.

Nr. 88/1939. **Jón Björnsson**
(cand. jur. Einar Ásmundsson)
gegn
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti Íslands (cand. jur. Sigurður E. Ólason).

Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Fógetaúrskurðinn hefir upp kveðið Brynjúlfur lögfræðingur Árnason, fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu.

Áfrýjandi hefir skotið útburðarmáli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. sept 1939 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði útburðargerðarinnar og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Í flutningi málsins fyrir hæstarétti skýrði málflytjandi stefnda frá því í svarræðu sinni, að áfrýjandi hafi að tilhlutan stefnda eða umboðsmanns hans fengið til ábúðar frá fardögum 1939 aðra jörð og sízt lakari en Reykjarhól, Hafsteinsstaði í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu. Þessu var að vísu ekki andmælt af hálfu áfrýjanda, en málfærslu stefnda um þetta atriði, sérstaklega um það, í hverju íhlutunin um útvegun jarðarinnar hafi verið fólgin, var hvorki svo skýr né ýtarleg, að fullyrt verði, að áfrýjandi hafi svipt sig áfrýjunarheimild með framkomu sinni í sambandi við viðtöku jarðarinnar

Það virðist mega ráða af skýrslum áfrýjanda

sjálfs, að honum hafi verið kunnugt ekki síðar en snemma árs 1938 að taka ætti jörðina Reykjarhól til opinberrar notkunar í sambandi við fyrirhugaðan héraðsskóla, sbr. og XXV. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1938 nr. 65/1937, þar sem ríkisstjórninni er heimilað að kaupa nefnda jörð fyrir skólasetur. Hafði áfrýjandi því ekki æfilanga byggingu á jörðinni, sbr. 1. mgr. 9. gr. ábúðarlaga nr. 87/1933, og var stefnda heimilt, er hann hafði eignazt jörðina og ákveðið að hefja undirbúning væntanlegrar skólabyggingar, að segja áfrýjanda upp ábúðinni með fyrirvara. Áfrýjandi fékk vitneskju frá stefnda um uppsögnina fyrir jól 1938. Uppsagnarfrestur ábúðar á jörðum, sem undan eru skildar æfilangri ábúð samkvæmt 1. mgr. 9. gr. ábúðarlaganna, er ekki lögákveðinn. Þar sem áfrýjanda var kunnugt um, að hann varð að víkja af jörðinni, þegar hennar yrði krafizt til opinberra nota, og ábúðarrétturinn því ekki eins öruggur og ráð er fyrir gert í 2. mgr. 9. gr. ábúðarlaganna, þykir rétt að ákveða uppsagnarfrestinn í þessu sambandi eftir því sem segir í 30. gr. sömu laga, enda er sá frestur hinn sami sem að fornu hefir tíðkazt um uppsögn ábúðar. En samkvæmt því hefir áfrýjanda verið sagt upp ábúðinni með nægum fyrirvara.

Með framangreindum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Skagafjarðarsýslu 5. júní 1939.

Gerðarbeiðandi færir þær ástæður fyrir því, að gerðarþoli verði borinn út af jörðinni, að sér beri nauðsyn til þess að fá nú þegar fullan ráðstöfunarrétt yfir jörðinni til undirbúnings fyrirhugaðs skólaseturs, enda sé skýrt tekið fram í afsalsbréfi til gjörðarbeiðanda, dags. 26. okt. 1938, rskj. nr. 6 í þessu máli, að jörðin skuli laus úr ábúð í fardögum 1939. Ennfremur hefir gerðarbeiðandi lagt fram í málinu afrit af byggingarbréfi, dags. 20. apríl 1937, rskj. nr. 5, með hverju fyrri eigandi jarðarinnar byggir gerðarþola jörðina frá fardögum 1937 til eins árs, og er í bréfi þessu skýrt tekið fram, að gerðarþoli skuldbindi sig til þess að flytja af jörðinni í fardögum 1938. Með símskeyti, dags. 21. des. s. l., rskj. nr. 3 og 12 í máli þessu, tilkynnti gerðarbeiðandi gerðarþola útbyggingu af jörðinni, en efni þessa símskeytis barst gerðarþola hinn 22. des. s. l.

Gerðarþoli hefir neitað að víkja af jörðinni, og hefir umboðsm. hans fært fram þau rök fyrir neitun hans, að þó í byggingarbréfinu, rskj. nr. 5, standi, að jörðin sé aðeins byggð til eins árs, þá sé ákvæði þetta þýðingarlaust og ógilt samkv. 9. gr. ábúðarlaganna, og auk þess hafi gerðarþoli setið á jörðinni fardagaárið 1938—1939, án þess að nokkuð byggingarbréf hafi verið gert um þá ábúð, og hafi hann með setu sinni á jörðinni öðlazt lífstíðarábúðarrétt, þó honum hefði verið skylt að víkja af jörðinni í fardögum 1938 samkv. byggingarbréfinu. Þá telur umboðsm. gerðarþola, að enda þótt að heimilt hefði verið að segja gerðarþola upp ábúðinni, þá hafi engin lögleg útbygging farið fram eða ekki með nægum fyrirvara, þar sem uppsögn eða útbygging samkv. 9. gr. ábúðarlaganna, þegar heimil sé, eigi að vera með eins árs fyrirvara, og ennfremur sé í símskeytinu frá 21. des. s. l. engu orði minnzt á almenningsþarfir eða skóla, en útbyggingin sé aðeins réttlætt með því, að jörðin sé leigð öðrum, enda hafi gerðarbeiðandi ekki sýnt fram á, að nokkrar framkvæmdir séu fyrirhugaðar á jörðinni til undirbúnings skólaseturs, heldur sé eingöngu verið að leigja öðrum jörðina.

Það er upplýst í málinu, að ákvæðið í byggingarbréfinu frá 20. apríl 1937, rskj. nr. 5, um að jörðin væri aðeins leigð til eins árs, var sett vegna þess, að í ráði var að

selja jörðina sem skólajörð eða í sambandi við skóla, og er því ómótmælt af gerðarþola, að honum hafi verið það kunnugt. Verður því að líta svo á, að samkv. niðurlagi 1. mgr. 9. gr. ábúðarlaganna hafi ákvæði þetta fullt gildi og sé því skuldbindandi fyrir gerðarþola.

Hvað viðvíkur ábúðinni fardagaárið 1938—1939, þá er það auðséð af bréfi gerðarþola, dags. 10. jan. 1939, (rskj. nr. 7) til gerðarbeiðanda, að hann hefir ekki talið sig í fastri ábúð og óuppsegjanlegri það fardagaár, þar sem hann segist hafa verið að fala ábýlisjörð sína til ábúðar, bæði í fyrra og síðastliðinn vetur, á meðan almenningsþörf virtist ekki þurfa jarðarinnar með í sambandi við fyrirhugaðan skóla í Varmahlíð. Hefir gerðarþoli því verið viðbúinn að þurfa að víkja fyrir framkvæmdum í sambandi við fyrirhugaðan skóla. Ennfremur ber yfirlýsing fyrri eiganda jarðarinnar, sem lögð er fram af gerðarþola sem rskj. nr. 11, það með sér, að hér hefir ekki verið um venjulega ábúð að ræða, þar sem í yfirlýsingunni stendur „Ég leit svo á á n. l. hausti, að Jón Björnsson á Reykjarhóli væri ekki í minni byggingu á jörðinni fardagaárið 1938—1939.

Samkv. framansögðu verður að líta svo á, að gerðarþoli, sem að vísu hafði nytjar af jörðinni Reykjarhóli fardagaárið 1938—1939, hafi hinsvegar ekki haft venjulega ábúð á jörðinni samkv. ábúðarlögunum, en aðeins setið jörðina, meðan á samningunum stóð milli fyrri eiganda jarðarinnar og gerðarbeiðanda

Með símskeytinu frá 21. des. s. l., rskj. nr. 3 og 12, er gerðarþola tilkynnt, að hann verði að víkja af jörðinni í fardögum 1939, með því að jörðin sé áður „leigð öðrum", en gerðarbeiðandi hefir lýst því yfir, að hin tilfærðu orð „áður leigð öðrum" standi í skeytinu sakir ónákvæmni í afgreiðslu þess, en ákveðið hafi verið að fá annan mann til þess að vera umboðsmann hins opinbera á jörðinni við undirbúning hins fyrirhugaða skólaseturs.

Þar sem gerðarbeiðandi, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, telur nauðsyn á að fá fullan umráðarétt yfir jörðinni, með því að það hafi í hyggju að gera nú þegar á þessu ári ýmsar ráðstafanir til undirbúnings fyrirhugaðs skólaseturs, og gerðarþoli hefir með bréfi, dags. 5. marz s. l., rskj. nr. 9, lýst því yfir, að hann þoki fyrir öllum ráðstöfunum viðkomandi skólabyggingu, eftir því sem með þarf, og til-

kynningin um brottflutning af jörðinni verður að teljast gefin með nægilegum fyrirvara, þar sem hér verður ekki talið, að um venjulega ábúð sé að ræða samkv. framansögðu, þá lítur rétturinn svo á, að hin umbeðna gerð eigi fram að fara.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ná fram að ganga, og ber því gerðarþola að flytja sig með alla áhöfn af jörðinni Reykjarhóli nú þegar.

Miðvikudaginn 19. júní 1940.

Nr. 132/1939. **Stjórn og byggingarnefnd Ungmennafélags Langnesinga** (Jón Ásbjörnsson) gegn **Skólanefnd Sauðaness skólahéraðs og gagnsök** (Eggert Claessen).

Öll málsmeðferð og héraðsdómur ómerkt og málinu vísað ex officio frá héraðsdómi vegna umboðsskorts varnaraðilja.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómur og úrskurður, sem skotið er til hæstaréttar, eru kveðnir upp af Júlíusi Havsteen, sýslumanni í Þingeyjarsýslu.

Í máli þessu, sem áfrýjað er til hæstaréttar með stefnu 20. des. f. á. og gagnáfrýjað, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. f. m., með stefnu 15. f. m., kemur það samkvæmt flutningi málsins fyrir hæstarétti aðeins til úrlausnar, hvort fella eigi úr gildi úrskurð héraðsdómara frá 22. okt. 1938, þar sem kröfu gagnáfrýjanda um frávísun málsins frá héraðsdómi var hrundið, eftir kröfu gagnáfrýjanda, ómerkja hér-

aðsdóminn og vísa málinu frá honum. Ef málinu yrði lokið hér fyrir dómi með úrlausn þessara atriða, hafa aðiljar krafizt málskostnaðar hvor af öðrum fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Framangreindur úrskurður, sem áfrýjað hefir verið með aðalmálinu, átti að sæta kæru samkvæmt 3. málsgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, og verður honum því nú ekki haggað eftir kröfu gagnáfrýjanda.

Í máli þessu eru þrír nafngreindir menn sóttir „f. h. skólanefndar Sauðaness skólahéraðs“ til greiðslu bóta, kr. 1240.00 með vöxtum, sakir riftingar á leigumála skólahúsnæðis, svo sem í héraðsdómi segir. Skólanefnd hefir eigi að lögum undir hendi fé, er henni væri heimilt að verja til greiðslu slíkra bóta, og skortir í máli þessu heimild til þess að svara fyrir þá aðilja, er að lögum leggja barnaskólum á landi hér fé, sbr. 15. og 17. gr. laga nr. 94/1936, sbr. við 13. og 14. gr. sömu laga og áður 28. gr. laga nr. 40/1926. Máli þessu er því beint að umboðslausum aðilja, og verður þess vegna ex officio að ómerkja alla málsmeðferð í héraði, þar á meðal úrskurðinn frá 22. okt. 1938, og dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til þess að greiða gagnáfrýjanda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð málsins í héraði, þar á meðal úrskurður frá 22. október 1938, og dómur eiga að vera ómerk, og er málinu ex officio vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, stjórn og byggingarnefnd

Ungmennafélags Langnesinga, greiði gagnáfrýjanda, skólanefnd Sauðaness skólahéraðs, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukaréttar Þingeyjarsýslu 22. okt. 1938.

Stefndur, skólanefndarformaður Guðmundur Vilhjálmsson, hefir krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi sem ranglega höfðuðu, sökum þess að einn hinna stefndu, Hólmgeir Vilhjálmsson frá Heiði, var ekki lengur skólanefndarmaður, þegar stefnan í máli þessu var út gefin.

Það er upplýst í málinu, að stefndur Hólmgeir Vilhjálmsson var í skólanefnd Sauðaneshrepps, þegar sáttakæra í máli þessu var gefin út hinn 27. maí síðastl. og þegar hún var birt 30. sama mánaðar, og þar sem mál þetta átti að leggja til sátta fyrir sáttamenn, sbr. 5. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, verður að telja málið höfðað, þegar sáttakæran var birt, sbr. 103. gr. sömu laga, og nefndum Hólmgeiri þá löglega stefnt sem skólanefndarmanni, og verður því ekki hægt að taka framkomna kröfu um frávísun til greina.

Því úrskurðast:

Framkomna kröfu um frávísun þessa máls frá dómi skal ekki taka til greina.

Dómur aukaréttar Þingeyjarsýslu 21. sept. 1939.

Mál það, sem hér liggur fyrir, er að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun höfðað fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu af Þórði Hjartarsyni, Þórshöfn, f. h. og í umboði stjórnar og húsabyggingarnefndar Ungmennafélags Langnesinga með stefnu, dags 30. ágúst 1938, gegn Skólanefnd Sauðanessskólahéraðs til greiðslu á kr. 1240.00 í skaðabætur fyrir samningsrof á húsaleigusamningi, auk vaxta, 6% p. a., af upphæð þessari frá 27. maí 1938 til greiðsludags, svo og til greiðslu á kostnaði þessa máls samkv. framl. reikningi eða eftir réttarins mati.

Tildrög málsins eru samkvæmt framlögðum skjölum, vitnaleiðslum og öðrum munnlegum upplýsingum í stuttu máli þessi:

Haustið 1936 tók skólanefnd Sauðanessskólahéraðs á leigu skólastofu í samkomuhúsi Ungmennafélags Langnesinga, og virðist þetta gert eftir munnlegu samtali eða samkomulagi milli skólanefndarinnar og ungmennafélagsins og þannig samið, að skólastofan skyldi leigð til 5 ára, ef ekki yrði reist skólahús á þeim árum, að stofan skyldi eingöngu leigð til barnafræðslu, en ungmennafélaginu heimillt að nota hana til veitingasölu í sambandi við skemmtanir, ef afnotin kæmu ekki í bága við starfsemi barnaskólans eða fyrirmæli heilbrigðisstjórnar. Ekkert var um samkomulag þetta eða samning þenna ritað í gerðabók skólanefndar:

Árið 1937 fór fram kosning í skólanefndina að nýju, og var skipaður nýr skólanefndarformaður, sem er stefndur í máli þessu, Guðmundur Vilhjálmsson, oddviti Sauðaneshrepps, og þykir rétt að geta þess þegar, að gegn honum hefir mál þetta raunverulega snúizt og gerðum hans, því hinir meðstefndu meðnefndarmenn hans hafa, eins og málsskjöl og framburðir sýna, lagzt gegn honum og varnarskjölum hans í málinu og talið kröfur sækjanda réttmætar, enda er annar þeirra, Sigurður Jónsson frá Ytra-Lóni, formaður Ungmennafélags Langnesinga, en einmitt árekstur inn milli hans og formanns skólanefndar síðari hluta dags 13. janúar 1938 verður til þess, að formaður skólanefndar segir upp húsnæði barnaskólans og lætur flytja hann úr samkomuhúsinu.

Það verður ekki séð, að hin nýskipaða skólanefnd hafi ætlað að breyta um skólastofu 1937, er skóli var settur, og virðist allt vera með kyrrum kjörum til 12. janúar 1938, að umbjóðendur sækjanda þykjast orðnir þess vísir, að formaður skólanefndar hafi leigt kennara Hinrik Thorlacius skólastofuna undir unglingaskóla. Mótmæla þeir því, að hann hafi nokkurn umráðarétt á stofunni til þess að framleigja hana, og tilkynna þetta nefndum Thorlacius um leið og þeir þó gefa honum kost á stofunni, ef hann viðurkenni þá rétta samningsaðilja, að öðrum kosti verði stofan lokuð fyrir honum og skóla hans.

Hinn 13. janúar 1938, síðari hluta dags um kl. 6, fór formaður skólanefndar ásamt skólastjóra barnaskólans, Óla Möller, Hinrik Thorlacius og tveimur mönnum, þeim Ingimar Baldvinssyni stöðvarstjóra og Sigmar Valdimarssyni

kaupmanni, er hann kvaddi með sér sem votta, upp að samkomuhúsinu.

Á holtinu neðan við samkomuhúsið mæta þeir leikfimikennara Jónasi Sigurðssyni, ræstingarmanni hússins, Magnúsi Hlíðdal, formanni ungmennafélagsins, Sigurði Jónssyni, og fleirum.

Formaður skólanefndar snéri sér þá til leikfimikennarans og bað hann að fá sér lykilinn að samkomuhúsinu, en hann vísaði til ræstingarmannsins. Bað þá formaður skólanefndar ræstingarmanninn að fá sér lykilinn, en hann kvaðst ekki mega það, enda greip þá formaður ungmennafélagsins framm í og bannaði ræstingarmanni að láta lykilinn af hendi.

Snéri nú formaður skólanefndar sér beint til formanns ungmennafélagsins og krafðist þess, að sér sem skólanefndarformanni væri afhentur lykillinn, en því var neitað.

Lýsti þá formaður skólanefndar yfir því, að hann gerði formann Ungmennafélags Langnesinga ábyrgan fyrir þessari neitun og kvaðst flytja skólann úr samkomuhúsinu, næsta dag eða næstu daga, og var það gert. Kröfum sínum til stuðnings heldur sækjandi því fram, að samningur sá, sem gerður var haustið 1936 milli Ungmennafélags Langnesinga og skólanefndarinnar, hafi verið að öllu leyti bindandi fyrir aðilja, þó munnlegur væri, þar sem þeir kannast báðir við hann, enda stofan tekin í notkun 1937 samkvæmt honum, því enginn nýr samningur hafi verið gerður, og gildi samningurinn því áfram þann tíma, sem tiltekinn var. Formann skólanefndar hafi því algerlega brostið heimild til þess að segja samningi þessum upp, og breyti það engu, þótt formaður ungmennafélagsins hafi hinn 13. jan. 1938 neitað að afhenda honum lykilinn að samkomuhúsinu, því þetta hafi hann einungis gert til þess, eins og strax var fram tekið, að fyrirbyggja, að unglingaskóli Hinriks Thorlacius yrði settur í barnaskólastofunni, en einmitt það hafi staðið til eftir loforði og óheimilu leiguframsali formanns skólanefndar til Hinriks Thorlacius.

Með því þannig að segja fyrirvaralaust upp leigusamningnum að skólastofunni og með því að flytja skólann hafi stefndur, formaður skólanefndar, bakað umbj. sínum leigutap f. 3¾ árs leigu og beri því hinni stefndu skólanefnd

að greiða leigu þessa eða bætur fyrir samningsrofin, sem svari hinni umstefndu upphæð með umstefndum vöxtum.

Formaður skólanefndar hefir f. h. hinnar stefndu skólanefndar Sauðanessskólahéraðs algerlega mótmælt kröfum og kærum sækjanda í máli þessu og krafizt algerðrar sýknunar og að sækjandi verði dæmdur í sekt fyrir tilefnislausa málshöfðun og til þess að greiða málskostnað eftir reikningi eða eftir réttarins mati.

Þessum sýknukröfum sínum til réttlætingar heldur stefndur fram, að það fari algerlega í bága við ákvæði laga um fræðslu barna nr. 94 frá 1936, að skólanefnd, þegar *að* ræða sé um bráðabirgðahúsnæði til skólahalds, sé bundin til lengri tíma, eða 5 ára, heldur aðeins frá ári til árs, *að* núverandi skólanefnd geti ekki verið bundin við ályktanir fyrri skólanefndar, sem hvorki liggi fyrir skriflegar né ritaðar í gerðabók skólanefndar, svo sem skylt sé samkv. 13. gr. laga nr. 94 frá 1936 og *að* jafnvel þótt samningur sá yrði talinn skuldbindandi fyrir skólanefndina um 5 ár frá 1936, sem fyrrv. skólnefnd kunni að hafa „fastmælum bundið" við Ungmennafélag Langnesinga, þá hafi leigusalar með framkomu sinni 13. jan. 1938, er þeir neita formanni skólanefndar, án frekari umsvifa og tilefnislaust, aðgang að skólastofunni, þó hann hafi til þess rétt lögum samkvæmt, gefið réttmætt tilefni til riftunar á húsaleigusamningnum við Ungmennafélag Langnesinga. Þá neitar formaður skólanefndar því eindregið, að hann hafi framleigt skólastofuna H. Thorlacius. Hann hafi aðeins f. h. skólanefndarinnar leyft honum að nota stofuna og áhöld skólans, um enga leigu samið, en lofað, að beita sér fyrir því, að skólanefndin tæki lítið eða ekkert fyrir þetta. Sérstaklega neitar formaður skólanefndar því, að hann hafi ætlað að fá lykilinn að samkomuhúsinu til þess að opna fyrir skóla Thorlacius, en hann hafi verið búinn að lofa því að lána honum áhöld skólans, hvort sem unglingaskólinn yrði í samkomuhúsinu eða annarsstaðar, og hafi hann farið seinni part dags — hinn 13. jan. 1938 — upp að samkomuhúsinu bæði til þess *að* skoða kennsluáhöldin, áður en þau yrðu lánuð, og í því skyni talið rétt að hafa með sér skólastjóra barnaskólans og tvo óvilhalla menn, svo ekki risi ágreiningur, ef áhöldin skemmdust í unglingaskólanum, og til þess *að* ná þarna tali af formanni

húsabyggingarnefndar ungmennafélagsins, en honum var sagt, að hann á þessum tíma væri staddur í samkomuhúsinu, til þess að fá hjá honum afdráttarlaust svar um það, hvort Hinrik fengi lánaða skólastofuna eða eigi.

Eins og mál þetta liggur fyrir, er það gegn neitun stefnda, formanns skólanefndar, engan veginn upplýst, að hann hafi leigt Hinrik Thorlacius barnaskólastofuna í samkomuhúsi Ungmennafélags Langnesinga undir unglingaskóla, en framburður vitnanna Guðmundar Sigfússonar og skólastjóra Óla Möllers um þetta virðist frekar benda til þess, að svo hafi í raun og veru ekki verið, heldur hafi hann einungis heimilað notkun stofunnar f. h. skólanefndarinnar.

Það verður heldur ekki talið upplýst, að formaður skólanefndar hafi í þeim tilgangi farið upp að samkomuhúsinu hinn 13. jan. 1938 að opna húsið eða skólastofuna fyrir skóla Hinriks Thorlacius, eða nægilega upplýst, að setning þessa unglingaskóla hafi þá átt að fara fram, því vitni þau, sem leidd eru til þess að sanna þetta, virðast frekar upplýsa hið gagnstæða, þar sem það kemur í ljós, að þarna eru einungis tveir nemendur Thorlacius viðstaddir og báðir á leiðinni úr leikfimi niður í þorpið, eða á leið frá skólanum.

Þungamiðja máls þessa, sem úrslit þess hljóta að velta á, virðist vera þetta tvennt, *hvort* hið munnlega samkomulag, sem gert var haustið 1936 milli skólanefndar þeirrar, sem þá starfaði, og Ungmennafélags Langnesinga, beri að telja bindandi samning einnig fyrir þá skólanefnd, sem við tók, — og *hvort* neitun formanns Ungmennafélags Langnesinga á því, að afhenda formanni skólanefndar lykilinn að samkomuhúsinu hinn 13. jan. 1938 og þannig meina honum aðgang að barnaskólastofunni, hafi verið með þeim hætti, að hún geti talizt næg ástæða fyrir formann skólanefndar til þess að segja upp húsnæðinu fyrir barnaskólann fyrirvaralaust.

Um hið fyrra atriði — 5 ára leiguna á barnaskólastofunni — er það að segja, að svona víðtækan samning virðist fv. skólanefnd ekki hafa mátt gera, nema sérstök húsnæðisekla væri fyrir hendi, og þá aðeins með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, og bar að sjálfsögðu að skjalfesta slíkan samning í gerðabók skólanefndarinnar eða

geta um hann þar, og það því fremur sem venjan virðist hafa verið sú hjá skólanefnd Sauðanessskólahéraðs, sbr. yfirlýsingu fv. skólanefndarformanns, dags. 23. ágúst þ. á. (réttarskj. nr. 46) í máli þessu, að leigja skólastofu frá ári til árs, og þeim mun ógætilegra að hverfa frá þeirri reglu haustið 1936, þar sem einmitt þá voru gengin í gildi lög um fræðslu barna — 23. júní 1936 —, sem færa niður aldur skólaskyldra barna. Sú skólanefnd, sem við tók, virðist því ekki hafa verið bundin þessum munnlega samningi, en með því að skólastofan var notuð áfram skólaárið 1937—38, var ekki hægt af ástæðum þeim, sem hér greinir, að segja upp leigunni á skólastofunni fyrirvaralaust, heldur þurfti uppsögnin, að því er virðist, að miðast við lok skólaársins.

Þá er að líta á síðarnefnda atriðið, ellegar neitun formanns Ungmennfélags Langnesinga á því að afhenda eða láta afhenda formanni skólanefndar lykilinn að samkomuhúsinu, þrátt fyrir ítrekaða beiðni hans hinn 13. jan. 1938.

Því er eindregið haldið fram af sækjanda þessa máls og formanni ungmennafélagsins, að síðarnefndur hafi strax tjáð formanni skólanefndar þá ástæðu fyrir neitun sinni á því að afhenda honum umbeðinn lykil, að hann fengi hann ekki til þess að opna húsið (skólastofuna) fyrir unglingaskóla Hinriks Thorlacius, en stefndur — formaður skólanefndar — heldur því fast fram, að neitunin hafi verið afdráttarlaus og engar ástæður bornar fram fyrir henni.

Vitnunum, sem leidd hafa verið í málinu, til þess að upplýsa þetta atriði, greinir á um það. — Vitni sækjanda eru þrjú, — leikfimikennari Jónas Sigurðsson, ræstingarmaður Magnús Hlíðdal og Björn Ágústsson.

Vottorð þessara vitna, framlögð í málinu, eru mjög samhljóða, en við staðfestingu þeirra ber vitnunum ekki saman. Sérstaklega man vitnið Magnús Hlíðdal ekki, hvort formaður ungmennafélagsins greindi strax ástæðuna fyrir því, að hann neitaði formanni skólanefndar um lykilinn, og yfirleitt er framburður þessa vitnis óskýr og hikandi einmitt um þetta atriði.

Vitnið Jónas Sigurðsson ber, að fyrst hafi formaður ungmennafélagsins sagt: „Nei, við lánum ekki lykilinn“ og svo síðar, er formaður skólanefndar heimtaði lykilinn. „Nei, við lánum ekki lykilinn til þess að opna fyrir skóla

Hinriks Thorlacius.“ Vitnið Björn Ágústsson er samhljóða Jónasi um þessi tvö tilsvör formanns ungmennafélagsins, en heldur fram, að formaður skólanefndar hafi þrisvar beðið um eða heimtað lykilinn, en man ekki, hvort honum var svarað, er hann krafðist hans í þriðja sinn. Vitni þessi eru því ekki nákvæmlega samhljóða, og virðist verða að líta á það í þessu sambandi, að vitnin Jónas Sigurðsson og Magnús Hliðdal eru í Ungmennafélagi Langnesinga og hinn síðarnefndi starfsmaður þess.

Vitni þau, sem stefndur — formaður skólanefndar — leiðir sínum framburði til stuðnings, eru sérstaklega þeir stöðvarstjóri Ingimar Baldvinsson og kaupmaður Sigmar Valdimarsson, en það er mennirnir, sem hann kvaddi með sér sem vitni, er hann fór upp að samkomuhúsinu 13. jan. 1938.

Þessi vitni, sem eru með öllu óvilhöll, hafa borið það hiklaust og samhljóða, að formaður Ungmennafélags Langnesinga hafi harðneitað að afhenda formanni skólanefndar lykilinn að samkomuhúsinu „án þess að greina ástæður“, og samhljóða þeim um þetta atriði er framburður skólastjóra Óla P. Möllers, sem var þarna viðstaddur á holtinu, er þeir formaður ungmennafélagsins og formaður skólanefndar deildu um lykilinn.

Loks ber vitnið Guðmundur Jósefsson að hafa verið statt þarna á holtinu við samkomuhúsið 13. jan. 1938 og heyrt formann ungmennafélagsins harðneita að afhenda formanni skólanefndar lykilinn að samkomuhúsi ungmennafélagsins, er hann krafðist hans, án þess að tilgreina ástæður.

Að svo miklu leyti sem vitnum þessum, sem leidd hafa verið til þess að bera um það, sem fram fór á holtinu neðan við samkomuhús Ungmennafélags Langnesinga þ. 13. jan. 1938 — milli formanns Ungmennafélags Langnesinga og formanns skólanefndar, — ber ekki saman, verður, — eins og áður er tekið fram í úrskurði í máli þessu, uppkveðnum 21. okt. 1938, — að taka sérstakt tillit til framburða vitnanna Ingimars Baldvinssonar og Sigmars Valdimarssonar, þar sem þeir eru algerlega óvilhallir, ber alveg saman og hljóta að hafa sett sérlega vel á sig það, sem þarna fór fram, þar sem þeir voru beðnir að fara upp eftir sem vitni. Nú styrkist þessi framburður þeirra

sérstaklega við vitnaframburð skólastjóra Óla P. Möllers, sem um tilsvör formanns ungmennafélagsins er þeim í öllu samhljóða, og sömuleiðis við vitnaframburð Guðmundar Jósefssonar, en þessi tvö síðarnefndu vitni verða að teljast algerlega óvilhöll, og full ástæða til þess að ætla, að skólastjórinn hafi sett vandlega á sig það, sem þarna gerðist og þarna var sagt.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að stefndur — formaður skólanefndar — hermi það rétt, að sér hafi afdráttarlaust og án ástæðna verið synjað um hinn umbeðna lykil og þá um leið aðgang að skólastofunni, en þessi synjun virðist vera svo ókurteis og óheimil í garð formanns skólanefndarinnar, að hún gefi honum réttmæta ástæðu til þess að segja þegar upp húsnæði barnaskólans, sérstaklega þar sem formaður ungmennafélagsins einnig er skólanefndarmaður og hlaut því að vita, að formaður skólanefndar hafði lögum samkvæmt rétt til þess, hvenær sem var, að fá óhindraðan aðgang að skólastofu barnaskólans og jafnvel þótt forráðamenn Ungmennafélags Langnesinga kunni að hafa haft ástæðu til að líta svo á, að þarna stæði til þetta kvöld að setja unglingaskóla gegn þeirra vilja, þá var það út af fyrir sig ekki nóg ástæða til þess að neita formanni skólanefndar um aðgang að skólastofunni, heldur gátu þeir, ef þeir töldu rétt sinn fyrir borð borinn, mótmælt setningu unglingaskólans og fengið aðstoð fógetans til þess að fjarlægja hann, og vottorð héraðslæknis Eggerts Einarssonar í máli þessu, sem er réttarskjal nr. 30, virðist einmitt benda til þess, að þessa leið hafi formaður húsbyggingarnefndar Ungmennafélags Langnesinga ætlað að fara, ef til kæmi.

Það verður því að líta svo á, að formaður Ungmennafélags Langnesinga hafi með neitun sinni hinn 13. jan. 1938 á því að afhenda eða láta afhenda formanni skólanefndar Sauðanessskólahéraðs umbeðinn lykil að samkomuhúsi ungmennafélagsins (skólastofu barnaskólans) gefið stefnda réttmætt tilefni til þess að segja fyrirvaralaust upp húsnæði barnaskólans í nefndu samkomuhúsi, og verður því að sýkna stefndu, skólanefnd Sauðanessskólahéraðs, af kröfum og kærum sækjanda í máli þessu.

Til þess að sekta sækjanda fyrir óþarfa málsýfingu finnst ekki ástæða.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefir á meðferð máls þessa, stafar af því í fyrsta lagi, að úrskurði þeim um eiðfesting vitna, sem kveðinn var upp í málinu hinn 21. okt. síðastl., var áfrýjað til hæstaréttar og kæru-málið dæmt í janúarlok þ. á., í öðru lagi sökum langvinnra og alvarlegra veikinda á heimili dómarans og viðburða, sem í sambandi við þau stóðu og voru þess efnis, að dómarinn fór þess á leit við málsaðilja að fá skipaðan sérstakan setudómara til þess að útkljá málið, en þeir færðust undan því.

Dráttur á uppkvaðningu dóms þessa stafar sumpart af dagsettum önnum dómarans um og eftir síðustu mánaðamót, sumpart af lasleika hans nú undanfarið.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, skólanefnd Sauðanessskólahéraðs, skal vera sýkn af kröfum og kærum sækjandans, Þórðar Hjartarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 19. júní 1940.

Nr. 31/1940. **Kristján Eggertsson**
gegn
(Theódór B. Líndal)
Bæjarstjóra Akureyrar f. h. bæjarsjóðs (Jón Ásbjörnsson).

Um heimilisfang manns.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er uppkveðinn af Sigurði Eggerz, bæjarfógeta á Akureyri.

Áfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 26. apríl þ. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. s. m., krefst þess, að heimilisfang hans verði talið í Grímsey frá 1. október 1938 til upp-

kvaðningardags hins áfrýjaða úrskurðar, 31. október 1939. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með bréfi, dags. 11. september 1939, krafðist bæjarstjórn Akureyrar samkvæmt lögum nr. 95 frá 1936 úrskurðar lögreglustjórans á Akureyri um heimilisfang áfrýjanda frá 1. október 1938 að telja. Rannsókn var haldin í málinu í lögreglurétti þann 26. október 1939. Samkvæmt skýrslu áfrýjanda sjálfs fyrir lögregluréttinum hafði hann búið óslitið á Akureyri frá 1. október 1938 og ekki dvalizt í Grímsey á þessum tíma. Ágreiningslaust var ennfremur, að hann væri starfsmaður á skrifstofu bæjarfógetans á Akureyri. Heimilisfang hans var því á Akureyri frá 1. október 1938 til 31. október 1939. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð um heimilisfang áfrýjanda á ofannefndu tímabili.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Það athugast, að atriði þau, sem ráða úrslitum máls þessa, voru játuð af áfrýjanda við réttarrannsóknina, og var því áfrýjun málsins tilefnislítil.

Því dæmist rétt vera:

Heimilisfang áfrýjanda, Kristjáns Eggertssonar, var á Akureyri frá 1. október 1938 til 31. október 1938 til 31. október 1939.

Áfrýjandi greiði stefnda, bæjarstjóra Akur-

eyrar f. h. bæjarsjóðs, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu 31. okt. 1939.

Kristján Eggertsson virðist halda því fram, að samkvæmt lögum megi hann sjálfur ákveða, hvar lögheimili hans sé, enda væri hann ekki með heimilisfangi sínu að koma sér undan sköttum, og fyrir því virðist hann hafa gert grein, að hann græði ekki á því, að því er skatta snertir, að heimilisfang hans sé talið í Grímsey, en það verður ekki litið svo á, að eingöngu ósk viðkomanda um, að heimilisfang hans sé á ákveðnum stað, ráði, heldur verður sú ósk og sá vilji að undirbyggjast af þeim staðreyndum, að heimilisfang hans raunverulega sé á staðnum, en þar sem Kristján Eggertsson viðurkennir, að hann hafi haft aðsetur á Akureyri síðan 1. október 1938, en dvalið aðeins ½ mánaðartíma í Grímsey sumarið 1938, og þar sem vitanlegt er, að aðalstarf hans er hér, þó hann gegni þýðingarmiklum störfum í Grímsey, þá verður, þrátt fyrir það þó hann segist hafa tekið sér heimili í Miðgörðum í Grímsey og hafi herbergi þar, sem hann þó eigi greiddi húsaleigu fyrir og aldrei svo að segja býr í, að líta svo á, að lögheimili hans verði að telja hér á Akureyri frá 1. oktbr. 1938.

Kröfu bæjarstjórnar um, að rétturinn ákveði, hvort Kristján Eggertsson eigi að greiða útsvar á Akureyri eða í Grímsey árið 1939 heyrir ekki undir réttinn og ber því að vísa henni frá.

Því úrskurðast:

Lögheimili Kristjáns Eggertssonar er á Akureyri.

Föstudaginn 21. júní 1940.

Nr. 46/1940. **Tryggvi Magnússon**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Guðmundi Guðmundssyni og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótamál út af bílslysi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af Birni Þórðarson, lögmanni í Reykjavík.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. maí þ. á., krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 16665.85 ásamt 5% ársvöxtum frá 22. apríl 1939 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefir málinu með stefnu 29. maí þ. á., krefst algerrar sýknu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Að vísu verður að telja, að aðaláfrýjandi hafi sýnt ógætni, en hinsvegar er ekki framkomin full sönnun þess, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef bílstjórinn hefði, þegar er hann varð aðaláfrýjanda var, vikið út á vinstri vegbrún. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70 frá 1931 kemst gagnáfrýjandi því ekki hjá því að greiða aðaláfrýjanda bætur, sem þykja alls hæfilega ákveðnar kr. 5000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 19. apríl 1940.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda alls kr. 700.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Guðmundur Guðmundsson, greiði aðaláfrýjanda, Tryggva Magnússyni, kr. 5000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 19. apríl 1940 til greiðsludags og samtals kr. 700.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. maí 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 19. apr. 1940, af Tryggva Magnússyni listmálara að Ökrum í Seltjarnarneshreppi gegn Guðmundi Guðmundssyni kaupmanni, Vesturgötu 20, Hafnarfirði, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarslyss, aðallega að fjárhæð kr. 16665.85, en til vara eftir mati réttarins, ásamt 5% ársvöxtum frá 22. apríl 1940 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur krefst aðallega sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins, en til vara, að hin umstefnda krafa verði lækkuð að miklum mun og málskostnaður þá látinn falla niður.

Vátryggingarfélaginu Baltica, sem bifreiðin G 66 var tryggð hjá, hefir verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur því né heldur hefir það gert neinar sjálfstæðar kröfur.

Málavextir eru þeir, að 22. apríl 1938 fór stefnandi í boði Páls Jónssonar vélstjóra hér í bænum austur fyrir fjall í bifreiðinni R 997. Auk þeirra Páls voru með í ferðinni kona stefnanda og tvö börn þeirra og tvær nafngreindar fullorðnar stúlkur. Var lagt af stað úr bænum um kl. 7 e. h. og ferðinni heitið austur að Eyrarbakka. Þegar komið var að Kolviðarhóli, varð nokkur viðdvöl, og fékk fólkið sér þar kaffi. Varð kona stefnanda þar eftir ásamt börnunum, en hitt fólkið hélt áfram austur áleiðis að Eyrarbakka. En þegar komið var austur að Kögunarhól, bað stefnandi bifreiðarstjórann að hleypa sér út, og varð hann þar eftir, en bifreiðin og fólk það, er í henni var, hélt áfram austur. Kveður stefnandi það hafa verið ætlun

sina að nota tækifærið, á meðan bifreiðin væri fyrir austan, til þess að gera riss af Ingólfsfjalli, en bifreiðin hafi átt að taka sig, er hún kæmi að austan aftur, ef hann hefði ekki þá þegar náð í aðra bifreið heim. Er þetta gerðist, mun kl. hafa verið um kl. 9½ e. h. og litið eitt farið að rökkva. Segist stefnandi nú hafa farið út í móana við veginn og byrjað að rissa teikningu af Ingólfsfjalli í vasabók sína, en bæði sökum þess að kalt hafi verið og farið hafi verið að skyggja, hafi sér ekki þótt það heppilegt og þess vegna hætt við það, farið upp á veginn aftur og gengið í vesturátt. Segist hann hafa gengið um 5 mínútur vestur veginn vinstra megin. Hafi hann gengið álútur með hendur í vösum. Er stefnandi gekk þarna eftir veginum, heyrði hann í bifreið, er kom á móti honum á veginum, en ekki kveðst hann hafa séð hana fyrr en hún hafi verið komin svo nálægt sér, að um 10 m hafi verið á milli þeirra. Virðist hann þó ekki hafa skeytt bifreiðinni og kveðst ekki hafa litið upp, þegar hann hafi álitið, að hún væri að fara framhjá sér. En í sama mund rákust bifreiðin, sem reyndist vera G 66, og stefnandi á. Féll hann í rot og raknaði ekki úr því fyrr en á Landspítalanum í Reykjavík.

Bifreiðin G 66 var eign stefnds í máli þessu, en hann hafði lánað Jóni nokkrum Guðmundssyni í Hafnarfirði hana þenna dag. Bauð Jón 4 mönnum í bifreiðina með sér, og var ferð þeirra heitið austur í Gnúpverjahrepp. Jón stjórnaði sjálfur bifreiðinni. Kl. um 9¾ e. h. voru þeir komnir austur undir Kögunarhól. Sá Jón þá mann nokkurn, sem síðar reyndist vera stefnandi máls þessa, koma gangandi austan veginn, og var hann á réttri vegarbrún, þ. e. vinstra megin, miðað við manninn, en til hægri handar, miðað við bifreiðina. Kveður Jón, að þegar um 10—12 m hafi verið milli bifreiðarinnar og stefnanda, hafi hann (stefnandi) slangrað út á veginn, nærri út á hann miðjan, og í veg fyrir bifreiðina. Um þetta leyti kveðst Jón hafa verið búinn að hægja á bifreiðinni niður í 25 km hraða, miðað við klst., en þegar hann fyrst hafi séð stefnanda, hafi hraði hennar verið um 30 km. Þegar stefnandi hafi slangrað út á veginn, kveðst Jón þegar hafa beygt til hægri út á veginn, en áður hafi hann ekið á vinstri vegbrún. Kveðst hann hafa talið það heppilegast til þess að forðast slysið, enda hafi framhluti bifreiðarinnar komizt framhjá

stefnanda, en í því bili hafi sér beinlínis virzt stefnandi slangra á afturenda bifreiðarinnar, og hafi hann á sama augnabliki heyrt högg það, er orðið hafi við það, að stefnandi rakst á bifreiðina. Í sömu svipan hemlaði Jón bifreiðina og fór út úr henni ásamt félögum sínum, en þá fundu þeir stefnanda liggjandi í roti rétt aftan við bifreiðina, eða, að því er virtist, í 4—5 metra fjarlægð frá henni. Þeir, sem með Jóni voru í bifreiðinni, skýra frá slysinu og aðdraganda þess á sama hátt og Jón í öllum atriðum, er máli skipta. Við árekstur inn lenti stefnandi með hægri kinn og hlið á vinstri hlið bifreiðarinnar, og hefir ekki fengizt fullnægjandi skýring á því í málinu, enda þykir ástæðan til þess ekki geta skipt máli, eins og málið liggur fyrir að öðru leyti.

Þegar Jón og félagar hans höfðu tekið stefnanda upp í bifreiðina, óku þeir með hann til Eyrarbakka, þar sem gert var við meiðsli hans til bráðabirgða, en síðan var hann fluttur í sjúkrabifreið til Reykjavíkur og lagður inn í Landspítalann.

Við slys þetta hlaut stefnandi alvarleg meiðsl, og þar sem hann telur bifreiðarstjóra G 66 valdan að slysinu, hefir hann nú höfðað mál þetta gegn eiganda bifreiðarinnar, stefndum Guðmundi, og gert í því framangreindar skaðabótakröfur vegna meiðsla sinna. Stefndur telur stefnanda sjálfan valdan að slysinu, enda hafi hann verið drukkinn, er það skeði, og bifreiðarstjórinn á G 66 gert allt, sem hægt hafi verið að krefjast af honum sem góðum og gætnum ökumanni, til að afstýra því.

Það er upplýst í málinu, að stefnandi hafði neytt nokkurs áfengis, þegar slysið varð, án þess þó að ljóst sé, hversu mikils. Hann hefir játað að hafa gengið niðurlútur, eftir að hann varð bifreiðarinnar var, og að hafa ekki fylgzt meira með henni en svo, að hann hafi ekki litið upp, þegar hann taldi bifreiðina vera að fara framhjá sér. Loks verður að telja upplýst bæði með framburðum þeirra, er voru í bifreiðinni, og því, á hvern hátt slysið skeði, að stefnandi hafi annaðhvort gengið of innarlega á veginum eða slangrað inn á hann, rétt áður en slysið varð. Hinsvegar verður og að telja, að bifreiðarstjóri G 66 hafi heldur ekki hegðað sér eins og honum bar að gera. Hraði bifreiðar hans virðist ekki hafa verið meiri en um 25 km, miðað við klukku-

stund, þegar hann sá stefnanda á hættulegum stað, og, að því er hann telur, illa á sig kominn fyrir framan bifreiðina í 10—12 m fjarlægð. Hann virðist því hafa getað stöðvað bifreiðina og þannig forðazt slysið. Sömuleiðis virðist svo sem slysi hefði orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn hefði haldið sér úti á vinstri vegarbrún, þar sem hann heldur því fram, að stefnandi hafi aðeins verið kominn nærri út á miðjan veginn, þ. e. ekki yfir á vinstri helming hans, miðað við bifreiðina, en vegurinn er þarna svo breiður, að helmingur hans er meira en nægur fyrir bifreið. Hvorugan þenna kost tók bifreiðarstjórinn, enda þótt þeir virðist báðir hafa verið líklegri til að afstýra slysi en sá kostur, er hann valdi.

Að framanskráðu athuguðu lítur rétturinn svo á, að skipta verði sökinni á framangreindu slysi á þann hátt að leggja helming hennar á hvorn um sig, stefnanda og bifreiðarstjóra G 66, og þannig, að dæma stefndan aðeins til að greiða stefnanda helming þess tjóns, er talið verður, að hann hafi beðið við það.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfuna þannig:

1. Örorka fyrstu 6 mánuðina eftir slysið ..	kr.	2083.35
2. Varanleg örorka	—	12410.00
3. Bætur fyrir sársauka og þjáningar	—	2000.00
4. Læknis- og sjúkrahússkostnaður	—	172.50
Samtals	kr.	16665.85

Stefndur hefir mótmælt öllum kröfuliðunum sem of háum og órökstuddum nema þeim síðasta.

Við slysið fékk stefnandi hauskúpubrot, sár á enni og hægri augabrún. Afleiðingin varð heilahristingur og truflanir á skynfærum (heyrnar- lyktar og bragðskyn) svimi og riða. Hann lá á Landspítalanum til 27. apríl, en var þá fluttur heim. Liggja fyrir ýmis læknisvottorð í málinu um þetta. Þann 1. jan. 1940 rannsakaði Jóhann Sæmundsson tryggingarlæknir stefnanda og mat örorku hans. Hafði þá svimi og jafnvægisskyn farið batnandi, en kvartanir stefnanda voru: heyrnarleysi á hægra eyra, missir lyktarskyns, minnkað bragðskyn, óöruggt jafnvægi við hreyfingar við og við, vinnuþol og minni lítið eitt minnkað. Staðfestir skoðun læknisins og sérfræðinga, er hafa skoðað hann, að kvartanir þessar séu á rökum reistar. Metur Jóhann ör-

orku stefnanda 100% 4 fyrstu mánuðina eftir slysið, 50% næstu tvo mánuði og varanlega örorku 15%.

Stefnandi er listmálari og mun aðalatvinna hans vera að annast ýmsar teikningar fyrir almenning, auk þess sem hann mun teikna myndir í „Spegilinn". Í málinu er gert sennilegt, að árstekjur stefnanda hafi numið um kr. 5000.00. Stefnandi er kvæntur maður og á 2 börn á ómagaaldri. Hann er 39 ára að aldri og er ekki annað upplýst en að hann hafi verið heilsugóður fyrir slysfarirnar.

Að þessu athuguðu og með því að fallast má á þá skoðun, er trúnaðarlæknir vátryggingarfélagsins Baltica hefir látið í ljós í vottorði, sem lagt hefir verið fram í málinu, að svo kunni að vera, að afleiðingar heilahristingsins kunni að hafa orðið alvarlegri en ella fyrir þá sök, að stefnandi hafi neytt áfengis, þegar slysið varð, þá þykir sá hluti tjónsins, er stefndum samkvæmt framansögðu ber að bæta stefnanda, hæfilega ákveðinn kr. 6000.00.

Verða lok málsins því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt hefir verið, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 540.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Guðmundur Guðmundsson, greiði stefnandanum, Tryggva Magnússyni, kr. 6000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 22. apríl 1939 til greiðsludags og kr. 540.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. júní 1940.

Nr. 65/1939. **Magnús Thorlacius f. h. A/S Spilkevigs Snörre- Not- og Garnfabrik**
gegn
Gísla Vilhjálmssyni og gagnsök

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magnús Thorlacius f. h. A/S Spilkevigs Snörre-Not og Garnfabrik, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 21. júní 1940.

Nr. 76/1939. **Eiríkur Kristjánsson**
gegn
Ólafi Ragnars

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Eiríkur Kristjánsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Ólafi Ragnars, er hefir látið mæta í málinu, 100 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. júní 1940.

Nr. 40/1940. **Jón Jónsson**
gegn
Gústavi Ólafssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 20. september 1940.

Kærumál nr. 5/1940. **Friðrik Björnsson, Sigurður Þorsteinsson, Felix Guðmundsson og Guðmundur R. Ólafsson**
gegn
Ólafi Þorgrímssyni.

Frávísunarkröfu hrundið í héraði. Staðfesting.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 2. júlí þ. á., hingað komnu 19. s. m., hafa kærendur skotið til hæstaréttar úrskurði uppkveðnum af Birni Þórðarson á bæjarþingi Reykjavíkur 25. júní þ. á. Hafa þeir krafizt ómerkingar á úrskurðinum og frávísunar málsins frá héraðsdómi, og að kærði verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Af hálfu kærða hefir engin greinargerð um málið né kröfur borizt hæstarétti.

Hvernig svo sem skilja ber ákvæði 25. og 26. kap. í svonefndri „Lögbók Góðtemplara“, sem vísað hefir

verið til um dómsvald dómnefnda, er stúkur skipa, þá verður eigi talið, að félagar í stúkunum geti, svo bindandi sé, afsalað sér almennt rétti sínum til þess að leita úrlausnar almennra dómsmála um árásir á mannorð sitt. Ber samkvæmt þessu að staðfesta úrskurðinn að niðurstöðu til.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1940.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms 24. þ. m., er höfðað fyrir réttinum af hrm. Ólafi Þorgrímssyni, hér í bæ, gegn dómnefnd Stórstúku Íslands, þeim Friðrik Björnssyni skipstjóra, Sigurði Þorsteinssyni verzlunarmanni, Felix Guðmundssyni verkstjóra og Guðmundi R. Ólafssyni, öllum hér í bænum, út af ummælum, er birtust í fjölrituðum bæklingi, er nefnist: „Málið: Staðfesting skipulagsskrárinnar", og stefndir eru taldir útgefendur að. Hefir stefnandi krafizt þess, að ýmis þar greind ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefndum refsað fyrir þau, svo og að þeim verði gert að greiða in solidum allan málskostnað.

Stefndir hafa krafizt þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða málskostnað skv. mati réttarins. Hefir þetta atriði verið tekið sérstaklega undir dóm eða úrskurð, áður en málið væri flutt að efni til.

Frávísunarkröfu sína byggja stefndir á því, að þar sem hin umstefndu ummæli hafi komið fram í dómi þeirra í máli, sem stefnandi hafði flutt þar, vegna þess að hann sé meðlimur reglunnar, þá beri, skv. lögum hennar og venju samkvæmt, að útkljá mál þetta af dómstólum I. O. G. T., en ekki af hinum almennu dómstólum ríkisins.

Það er upplýst í flutningi málsins, að rit það, er hin umstefndu ummæli birtust í, muni hafa komizt út fyrir vébönd reglunnar, þar á meðal verið lagt fram í fógetarétti

Reykjavíkur. Hvernig sem litið yrði á ákvæði laga I. O. G. T. um úrlausn ágreiningsmála sem þessa, innan reglunnar, verður því (svo) að telja, að stefnandi þessa máls eigi rétt á að leita til hinna almennu dómstóla út af meintum ærumeiðandi ummælum stefndu, er þannig hafa borizt út, og verður frávísunarkrafa þeirra því ekki tekin till greina.

Afstaða til greiðslu málskostnaðar verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Því úrskurðast:

Málið, eins og það liggur fyrir, má flytja að efni til fyrir héraðsdómi.

Föstudaginn 27. september 1940.

Nr.33/1940. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Birni Guðmundssyni
(Ólafur Þorgrímsson).

Bifreiðaslys.

Dómur hæstaréttar.

Hafi bílar þeir, sem fyrir voru á götunni, byrgt ákærða útsýn, þá hefði hann átt að haga akstri sínum með það fyrir augum, að vegfarendur væru þar í hvarfi, en hafi hann séð austur veginn, hefði hann átt að verða nægilega snemma manns þess var, sem fyrir bíl hans varð, og afstýra slysinu. Hvort sem verið hefir, verður því að telja, að ákærði hafi af gáleysi orðið slyssins valdur. Þetta brot hans varðar við 215. sbr. 2. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 og 6. sbr. 14. gr. laga nr. 70/1931, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Ákvæði héraðsdómsins um sviptingu ökuleyfis og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 90.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Björn Guðmundsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákvæði héraðsdómsins um sviptingu ökuleyfis og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, 90 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. marz 1940.

Ár 1940, miðvikudaginn 27. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu 482/1940: Réttvísin og valdstjórnin gegn Birni Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 17. f. m.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Birni Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Njálsgötu 56 hér í bæ, fyrir brot gegn 17. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum nr. 70 1931, um notkun bifreiða, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. maí 1881, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1920 $^{1}/_{1}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
1920 $^{27}/_{2}$ Sætt 40 kr. sekt fyrir brot á byggingarsamþykkt.
1925 $^{1}/_{5}$ Sætt 100 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og lögreglusamþykkt.
1927 $^{2}/_{8}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
1931 $^{21}/_{5}$ Aðvörun fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
1932 $^{19}/_{11}$ Áminning fyrir brot á umferðareglum.
1933 $^{2}/_{5}$ Áminning fyrir brot á umferðareglum.
1934 $^{3}/_{8}$ Sætt 5 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.
1937 $^{27}/_{9}$ Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málsóknar.
1938 $^{7}/_{11}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

Málsatvik eru þau, er nú skal greina:

Hinn 20. október s. l., um kl. 6 e. h., kom ákærði akandi í bifreið sinni R. 177, sem er vörubifreið, austur Hafnarstræti hér í bænum. Þegar hann kemur móts við húsið nr. 19 við Hafnarstræti, stendur vinstra meginn á götunni stór fólksflutningabifreið, G. 202, og ætlar ákærði að fara fram hjá bifreið þessari hægra meginn. En þegar hann er kominn á móts við bifreiðina, er henni ekið af stað, og beygir hún þvert út á götuna til hægri handar til þess að komast fram hjá annari bifreið, sem stóð á götunni rétt fyrir framan G. 202. Til þess að forðast árekstur við bifreiðina G. 202 beygir ákærði alveg út á hægri kant götunnar. Í sömu svifum sá ákærði mann koma vestur götuna um 5—6 metra frá bifreið hans. Maður þessi ók hjólbörum á undan sér og var yzt á sínum kanti götunnar. Þegar ákærði sá, hvað stutt var milli bifreiðarinnar og mannsins, brá honum svo mjög, að hann missti vald yfir sjálfum sér og bifreiðinni og ók á mann þennan, án þess að hemla bifreiðinni (sic) eða gera aðrar ráðstafanir til þess að forðast slys. Ók ákærði beint upp á gangstéttina, og hraktist maður þessi á undan bifreiðinni um 10 metra eftir gngstéttinni, þar til bifreiðin nam staðar við tröppur Hótel Heklu, og klemmdist maðurinn milli framenda bifreiðarinnar og hústrappanna að Hótel Heklu. Skorðaðist bifreiðin þarna, en fólk, sem bar þarna að, bar hana til, svo hægt var að losa manninn, sem var Guðmundur Gíslason, til heimilis á Framnesvegi 25 A hér í bæ. Var Guð-

mundur strax flutjur á Landsspítalann, og andaðist hann af völdum slyss þessa síðar um kvöldið.

Lík Guðmundar var krufið, og segir próf. Niels Dungal svo frá áverkum hans og dánarorsök:

„Krufningin hefir leitt í ljós mjög mikla áverka, og eru helztir þeirra þessir: Brot á h. lærbeini, brot á v. skammbeini með mjög mikilli blæðingu, brot á 4 rifjum v. megin og 3 rifjum h. megin. Út frá beinbrotunum stafa hinar miklu blæðingar í v. brjóstholi, grindarholi og í kringum v. nýra. Þessi meiðsli hafa valdið svo kallaðri „schock"-verkun, sem maður á þessum aldri hefir ekki þolað."

Lögreglan athugaði bifreiðina eftir slysið, og reyndust hemlar hennar vera þá í góðu lagi, og ekkert athugavert við stýrisumbúnað bifreiðarinnar. Voru ennfremur gerðar mælingar á staðnum og búinn til uppdráttur.

Ákærði kveðst hafa ekið á um 15—20 km. hraða miðað við klukkustund, þegar hann var að komast á móts við bifreiðina G. 202, en hraðamælir bifreiðarinnar var í ólagi. Minnir ákærða, að hann hafi hægt á bifreið sinni, þegar hann ætlaði að aka fram hjá G. 202, og að hann muni þá hafa verið á 10 km. hraða miðað við klukkustund, þegar hann kom auga á Guðmund heitinn.

Vitni þau, sem leidd hafa verið í málinu, telja öll, að hraði bifreiðarinnar hafi verið hóflegur, ekki yfir 20 km miðað við klukkustund. Eitt vitni, Bjarni Valdimarsson, hefir borið, að ákærði hafi aukið hraða bifreiðarinnar á síðustu stundu, áður en slysið varð. En þessi frásögn fer í bága við framburð ákærða og framburð allra hinna vitnanna. Þau bera, að ákærði hafi haldið sama hraða allt þar til bifreiðin stöðvaðist, og verður því að leggja framburð þeirra til grundvallar um þetta atriði.

Rétturinn verður að líta svo á, að þess verði að krefjast af bifreiðarstjóra, að hann með akstri sínum skapi ekki þær kringumstæður, að hann af þeim sökum missi vald yfir sjálfum sér. Þetta þykir ákærði hafa gert, og verður því að telja, að hann hafi orðið valdur að slysinu, sakir skorts á nægilegri varkárni. Hefir hann þar með gerzt sekur um brot, er varðar við 200. gr. almennra hegningarlaga. Þá hefir ákærði einnig brotið gegn 6. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna með því að hafa ekki nothæfan hraða-

mæli í bifreið sinni. Þykir refsing hans eftir atvikum og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 30 daga einfalt fangelsi.

Með tilliti til þess, að mjög varhugavert er að láta mann, sem í svo ríkum mæli og hér að framan hefir verið lýst getur misst vald yfir sjálfum sér, halda réttindum til að stýra bifreið, þykir bera að svipta ákærða æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Péturs Magnússonar hrm., er ákveðast kr. 60.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Björn Guðmundsson, sæti 30 daga einföldu fangelsi og sé æfilangt sviptur leyfi til þess að stýra bifreið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Péturs Magnússonar hrm., kr. 60.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. september 1940.

Nr. 52/1940. **Réttvísin**
(Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn
Þórði Sigurði Valdimar Ólafssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Saurlífismál.

Dómur hæstaréttar.

Mök ákærða við drenginn Ólaf Byron Guðmundsson varða að nokkru við 1. mgr. 203 gr. og að nokkru við 2. mgr. sömu greinar hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. þeirra laga, og mök ákærða

við drengina Eggert Kristján Vídalín Kristjánsson og Guðmund Ermenreksson varða við 2. mgr. 203. sbr. 20. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. ennfremur 2. gr. sömu laga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdómsins um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þórður Sigurður Valdimar Ólafsson, sæti 8 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdómsins um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Guðmundar I. Guðmundssonar og Gunnars Þorsteinssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 5. marz 1940.

Ár 1940, þriðjudaginn 5. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 123/1940: Réttvísin gegn Þórði Sigurði Valdimar Ólafssyni, sem tekið var til dóms 8. fyrra mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Þórði Sigurði Valdimar Ólafssyni verkamanni, Bjargarstíg 7 hér

í bæ, fyrir brot gegn 16. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. ágúst 1903, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum

1923 $^{2}/_{3}$ Kærður fyrir óleyfilega töku á möl úr fjöru.
1924 $^{15}/_{9}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1928 $^{2}/_{7}$ Sætt 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1929 $^{8}/_{8}$ Kærður af Helga Guðmundssyni bílstjóra hjá B. S. R. fyrir þjófnað. Málið afturkallað.
1930 $^{11}/_{8}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 200 kr. sekt og sviptur ökuskírteini í 8 mánuði fyrir ölvun við bifreiðaakstur, kr. 1070.55 til skaðabóta í sama máli.
1931 $^{2}/_{9}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 $^{2}/_{12}$ Kærður af Eggert Kristjánssyni, Laugaveg 28 C, fyrir meint kynferðisafbrot. Féll niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 7. marz 1939.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Miðvikudagskvöldið 28. desember 1938 var 16 ára drengur, Eggert Kristján Vidalin Kristjánsson, Laugavegi 26 C hér í bæ, á gangi á Hverfisgötu með tveimur öðrum drengjum. Ákærði kom til þeirra og spurði þá, hvort þeir hefðu séð dreng að nafni Karl Sölvason, en ákærði er föðurbróðir Karls. Þeir gátu ekki gefið honum upplýsingar um hann. Bað ákærði þá drenginn Eggert að koma með sér og gera sér greiða. Eggert var til í það, en bað hina drengina að koma með sér. Ákærði vildi þá ekki fá með sér aðra en Eggert, og varð það úr, að þeir fóru tveir einir heim í herbergi ákærða, en þá bjó hann í húsinu Hverfisgötu 64. Þegar þangað var komið, bauð ákærði Eggert sæti við hlið sér á legubekk, sem Eggert þáði (svo), bauð honum vindling, sem hann ekki þáði, og talaði síðan við hann um stund um ýmislegt viðkomandi Eggert. Eggert spurði nú ákærða, hvað það væri, sem hann ætti að gera. Ákærði spurði hann þá, hvort hann vildi vinna sér inn 10 krónur „í hvelli". Eggert spurði hann þá, hvað hann ætti að gera, en ákærði vildi ekki segja honum það,

fyrr en hann hefði lofað að gera það, og sagði í því sambandi, að ekki væri um neinn glæp að ræða, og að það væri ekkert ljótt, sem hann ætti að gera, 10 krónur væri miklir peningar, og þetta tæki aðeins litinn tíma. Meðan á þessu stóð, var Eggert staðinn upp af legubekknum, en ákærði lagstur. Eggert segist nú vilja fá að vita strax, hvað hann ætti að gera. Ákærði sagði honum þá að setjast á legubekkinn fyrir framan sig, og gerði hann það. Ákærði sagði honum þá að setjast hærra upp. Spurði þá Eggert, hvort hann ætti að setjast ofan á hann, og játaði ákærði því. Eggert settist nú ofan á ákærða og lagðist síðan eftir beiðni ákærða endilangur á bakið ofan á ákærða. Þá tók ákærði höndum um brjóst Eggerts og spurði hann, hvort hann væri ákveðinn og ekkert hikandi. Því játaði Eggert og spurði, hvað hann ætti að gera. Þá spurði ákærði aftur, hvort hann væri hikandi, og þegar hann neitaði, að svo væri, sagði ákærði honum að fara úr vinnuslopp, sem hann var í. Stökk þá Eggert upp og spurði ákærða, hvort hann væri að verða vitlaus, en ákærði reyndi ekki að hindra hann í að standa upp. Eggert opnaði nú hurð, sem lá úr herberginu fram í eldhús, sem stúlkur voru í. Síðan gekk hann á ákærða, hvað hann meinti með þessu, en ákærði neitaði að segja honum það, af því að hann hefði ekki viljað gera þetta fyrir sig. Eggert vissi ekki, hvað ákærði hét, og spurði hann um það, en ákærði vildi ekki segja honum það. Þeir urðu síðan samferða út, ákærði og Eggert, og skildi þar með þeim.

Það, sem nú hefir verið sagt um viðskipti þeirra ákærða og Eggerts, er samkvæmt frásögn hins síðarnefnda. Daginn eftir að þetta gerðist kærði Eggert til lögreglunnar yfir atburðum þessum, og var ákærði þá þegar tekinn til yfirheyrslu, en neitaði þá eindregið að hafa gert nokkra tillraun til kynferðismaka við Eggert, heldur einungis hafa beðið hann að selja sér „dynamo“ á reiðhjól og talað við hann í sambandi við það.

Í rétti 20. janúar síðastliðinn skýrði hann frá því, að hann hefði verið drukkinn, þegar þetta gerðist, og illa muna eftir því, en þó muna, að Eggert hafi lagzt endilangur ofan á sig í legubekknum, og kvaðst hann telja víst, að hann hafi gert það sökum einhverra umleitana sinna um að hafa kynferðisleg mök við hann. Þegar frásögn Eggerts,

sem að framan er rakin, var lesin fyrir ákærða, lýsti hann því yfir, að hann teldi hana rétta og játaði að hafa sagt rangt frá málavöxtum í fyrra vetur, þegar atriði þetta var til rannsóknar, af því að sér hafi í allsgáðu ástandi ætíð verið ljóst, að kynferðismök karlmanna innbyrðis væru refsiverð og sérlega andstyggileg að almenningsáliti.

Með þessari játningu ákærða teljast framangreind atvik sönnuð.

II.

Fimmtudaginn 26. janúar 1939 um kl. 7 síðdegis var Guðmundur Ermenreksson sendisveinn, Laugavegi 42, fæddur 13. janúar 1923, á leið niður Vatnsstíginn hér í bænum. Þar hitti hann mann, sem hann ekki þekkti, en hélt að væri Sölvi, bróðir ákærða, en það var í raun og veru ákærði. Ákærði bað Guðmund að tala við sig, og var erindið að biðja hann að koma heim til sín klukkan hálf átta um kvöldið, og sagði honum, að hann ætti geymdan pakka hjá sér, og að hann skyldi ekki hafa verra af að koma. Guðmundur spurði hann, hvers konar pakki það væri, sem væri hjá honum, en ákærði vildi ekki skýra frá því. Guðmundur spurði hann þá, hvort hann mætti hafa strák með sér, og sagði þá ákærði, að hann mætti hafa eins marga með sér og hann vildi. Ákærði spurði Guðmund ekki að nafni og sagði heldur ekki til síns nafns, en svaraði játandi, að hann væri faðir drengsins Karls Sölvasonar, er Guðmundur spurði hann að því.

Á tilsettum tíma fór Guðmundur, ásamt drengnum Ingólfi Filippussyni, heim til ákærða, sem bjó þá á Lindargötu 8 E. Ákærði talaði fyrst við þá báða, en síðar við þá einslega, hvorn í sínu lagi, og endaði það með því, að Ingólfur fór burt, að nokkru eftir tilmælum ákærða, en Guðmundur varð eftir. Ákærði bað Guðmund sérstaklega að vera hjá sér þangað til klukkan að ganga tíu, því að stúlka kæmi til sín klukkan hálf níu, og vildi hann hafa Guðmund inni hjá sér, meðan hún tefði. Bauðst ákærði til að greiða Guðmundi 10 krónur fyrir þetta. Ákærði var nokkuð undir áhrifum áfengis. Hann tók upp brennivínsflösku og saup á henni við og við. Einnig bauð hann Guðmundi bæði vín og vindlinga, en hann þáði ekki. Ákærði lagðist nú á bakið í legubekk og bað Guðmund að sitja á maganum á sér, og gerði hann það um stund. Guðmundur spurði ákærða,

hvort hann meinti nokkuð með þessu, en ákærði brást hinn versti við og vildi láta Guðmund útskýra þetta nánar. Kveðst hafa séð á honum, að hann meinti með þessu „homosexuel" mök, en kvaðst enga ánægju hafa af slíku.

Þegar Guðmundur hafði verið þarna um klukkutíma, kom stúlka, sem skipti um rúmföt ákærða og bjó um hann. Hún sat um stund í herberginu og drakk kaffi, sem ákærði fékk hjá konu í húsinu, og reykti vindling. Þegar hún var farin, tók ákærði rúmfötin af legubekknum og lét þau á stól. Sagðist hann þá ekki vera Sölvi, heldur bróðir hans. Hann lagðist nú upp í legubekkinn og fékk Guðmund til að leggjast ofan á sig. Ákærði slökkti nú ljósið og fór að segja Guðmundi sögu af konu, sem ákærði hefði komizt yfir, og sýna honum mynd af henni. Hann vildi nú fá Guðmund til að leggjast ofan á sig og bauð honum tíu krónurnar, en Guðmundur kvað ekkert liggja á því. Þegar ákærði hafði lokið að segja söguna af konunni, spurði hann Guðmund, hvort hann vildi lofa sér nokkru og bauð honum 10 krónurnar strax, ef hann vildi lofa því strax, en vildi ekki segja, hvað það væri, sem hann vildi. Hann lét nú Guðmund leggjast ofan á sig og fór að þukla milli fóta hans og fór með höndina inn í buxnaklauf hans, inn á hann beran. Ekki losaði ákærði um föt sín, en Guðmundur fann til getnaðarlims hans, meðan hann sat ofan á honum. Guðmundur bauð nú ákærða að útvega honum stúlku, en það vildi ákærði ekki. Guðmundur fór þá fram úr legubekknum, og hindraði ákærði hann ekki í því, en bað hann að vera kyrran. Herbergisdyrnar voru ólæstar, og fór nú Guðmundur um þær út úr herberginu og síðan út úr húsinu, og skildi þar með þeim.

Það, sem nú hefir verið sagt um viðskipti þeirra ákærða og Guðmundar, er samkvæmt frásögn hins síðarnefnda. Daginn eftir að þetta gerðist kærði Guðmundur til lögreglunnar yfir atburðum þessum, og var ákærði þá þegar tekinn til yfirheyrslu, en neitaði þá eindregið að hafa gert nokkra tilraun til kynferðismaka við Guðmund, heldur hafi erindi sitt við hann verið að fá hann til þess að kaupa fyrir sig sviðakjamma.

Í rétti 20. janúar síðastliðinn var framburður Guðmundar um þessa atburði lesinn fyrir ákærða, og játaði hann þá þann framburð réttan. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega smáatriði í þessu sambandi, en aðalatriðið

kveðst hann muna, þ. e. a. s., að hann hafi reynt að fá Guðmund til að leyfa sér að hafa kynferðisafskipti af honum og í því sambandi fengið hann til að liggja hjá sér, hafa þuklað milli fóta hans og farið með höndina inn í buxnaklauf hans. Ekki kveðst hann muna, í hvaða tilgangi hann hafi fengið drengina til að koma heim til sín, og var frásögnin um pakkann tilbúningur einn.

III.

Verður nú lýst aðalatriðum þessa máls, sem eru viðskipti ákærða og drengsins Ólafs Byrons Guðmundssonar, sem er fæddur 6. ágúst 1925.

Ákærði hefir þekkt Ólaf frá því Ólafur var barn, því að þeir bjuggu í nágrenni, og Ólafur var félagi Karls Sölvasonar, bróðursonar ákærða. Á tímabilinu frá 1. október 1937 til í september 1938 bjó ákærði í húsinu Hverfisgötu 64. Síðan hefir hann búið í húsunum Lindargötu 8 E, Hverfisgötu 58 og Bjargarstíg 7. Um kynferðissamneyti ákærða og Ólafs var ekki að ræða, fyrr en einhverntíma meðan ákærði bjó á Hverfisgötu 64. Þá stóð þannig á með Ólaf, að hann var farinn að hafa kynferðismök við annan mann hér í bænum, og er það mál rekið sérstaklega. Ólafur kom kvöld eitt heim til ákærða og var með ærsl við hann, kitlaði hann o. s. frv. Þá fékk ákærði girnd til hans, bað hann að leysa niður um sig buxurnar, og gerði Ólafur það viðstöðulaust. Ákærði sagði honum að leggjast á grúfu á legubekk í herberginu, og gerði hann það. Ákærði lagðist síðan ofan á Ólaf, sett harðan getnaðarlim milli læra hans og hafði síðan samræðishreyfingar þar til honum varð sáðfall. Mök sem þessi hefir ákærði haft við Ólaf öðru hvoru frá þessum fyrstu mökum og þar til á þessum vetri, að Ólafur stal frá honum fötum. Hafa þeir nokkrum sinnum haft mök saman í öllum þeim herbergjum, er ákærði hefir búið í og áður eru nefnd. Milli makanna leið aldrei minna en vika, en stundum meira, allt upp í mánuð. Ólafur samþykkti ætíð að hafa mökin við ákærða og fékk alla jafna einhverja borgun fyrir, frá kr. 1.50 til kr. 3.00 í hvert skipti. Kveðst hann eingöngu hafa gert þetta vegna þess, að hann fékk fyrir það, því að nautn hafi hann enga haft af þessu.

Þá hefir Ólafur skýrt svo frá, að meðan ákærði bjó á Hverfisgötu 64, hafi hann tvisvar haft mök við sig þar þannig, að hann setti getnaðarliminn inn í endaþarm Ólafs og hafði þar samræðishreyfingar, en tók getnaðarliminn út, áður en honum varð sáðfall. Segir Ólafur ákærða hafa verið í þessi skipti með mesta móti drukkinn, en hann hefir borið, að ákærði hafi oftast nær verið drukkinn, þegar þeir höfðu mök saman. Ákærði hefir skýrt svo frá, að hann muni ekki eftir að hafa haft kynferðismök við Ólaf með þessum hætti, en kveðst telja víst, að Ólafur skýri rétt frá um þetta atriði. Verður því að teljast nægilega sannað, að mök þessi hafi gerzt.

IV.

Þá er það upplýst, að ákærði hefir kysst bróðurson sinn, Karl Sölvason, fæddan 27. apríl 1924, einkennilega mikið, bæði drukkinn og ódrukkinn, og það svo, að Karli þótti það ógeðslegt, sérstaklega þegar ákærði var drukkinn. Að öðru leyti hefir framkoma ákærða við Karl verið með venjulegum hætti.

V.

Eins og málavöxtum nú hefir verið lýst, er ljóst, að ákærði hefir gerzt brotlegur við 186. gr. hegningarlaganna með afskiptum sínum af drengjunum Eggert Kristjáni Vídalín Kristjánssyni og Guðmundi Ermenrekssyni. Sömu grein hefir hann einnig brotið með afskiptum sínum af drengnum Ólafi Byron Guðmundssyni, og með því að setja getnaðarlim sinn inn í endaþarm hans og hafa þar samræðishreyfingar hefir hann brotið 178. gr. hegningarlaganna. Þó að drengirnir samþykktu kynferðismök ákærða við þá, getur það ekki, vegna aldurs drengjanna, leyst ákærða frá refsingu fyrir þau mök. Hót ákærða við bróðurson sinn, Karl Sölvason, verða ekki gefin honum að sök.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 8 mánuði. Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Gunnars Þorsteinssonar, kr. 100.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þórður Sigurður Valdimar Ólafsson, sæti betrunarhússvinnu í 8 mánuði.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Gunnars Þorsteinssonar, kr. 100.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. september 1940.

Nr. 32/1940. **Sæmundur Stefánsson**
gegn
Guðmundi Þorvaldssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sæmundur Stefánsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 30. september 1940.

Nr. 58/1940. **Jón Eiríksson**
gegn
Ragnari Bjarkan.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Eiríksson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 30. september 1940.

Nr. 59/1940. **Haraldur Valdimarsson**
gegn
Guðrúnu Ágústsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Haraldur Valdimarsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 4. október 1940.

Nr. 84/1940. **Sveinafélag múrara**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Vinnuveitendafélagi Íslands vegna Þorkels Ingibergssonar
(Eggert Claessen).

Fógetaúrskurður um aðför staðfestur.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurðinn hefir upp kveðið Kristján Kristjánsson fulltrúi lögmanns í Reykjavík.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. f. m., hefir krafizt þess, að fógetaúrskurður sá, sem áfrýjað er, og fjárnámsgjörð samkvæmt honum, sem einnig er áfrýjað, verði úr gildi felld, og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á framangreindum dóms-

athöfnum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 8. sbr. 4. gr. í reglugerð styrktarsjóðs sveinafélags múrara er það eitt hlutverka sjóðs þessa að veita félagsmönnum styrk, ef verkfall eða verkbann kemur til framkvæmda þeim til atvinnumissis. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna úrskurðarins þykir rétt að staðfesta áðurnefndar dómsathafnir samkvæmt kröfu stefnda.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindar dómsathafnir eigi að vera óraskaðar.

Áfrýjandi, Sveinafélag múrara, greiði stefnda, Vinnuveitendafélagi Íslands vegna Þorkels Ingibergssonar, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 26. ágúst 1940 og fjárnám 27. s. m.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 10. þ. m., hefir gjörðarbeiðandi, Eggert Claessen hrm., krafizt fjárnáms hjá Sveinafélagi múrara í Reykjavík til tryggingar skuld skv. dómi, uppkveðnum í félagsdómi 21. maí þ. á. í málinu: Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Þorkels Ingibergssonar gegn Sveinafélagi múrara í Reykjavík, að upphæð samtals kr. 1300.00, auk alls kostnaðar við gjörð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gjörðarþoli hefir mótmælt framgangi gjörðarinnar, og var málið því, eins og áður segir, lagt undir úrskurð fógetaréttarins.

Ágreiningur er ekki um aðfararhæfi dóms þess, sem hér liggur fyrir, heldur um það, hvort eignir gjörðarþola eru undanþegnar aðför. Aðiljar virðast vera sammála um það, að gjörðarþoli eigi ekki aðrar eignir en 2 sjóði: Félagssjóð og styrktarsjóð. Eru þeir sammála um það, að fjárnám megi fara fram í félagsssjóði, en upplýst er af gjörðarþola, að í honum séu aðeins kr. 50.00. Hinsvegar er því haldið fram af hálfu gjörðarþola, að styrktarsjóðurinn sé undanþeginn aðför, og byggir hann það á ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 1938 8. gr. Gjörðarbeiðandi heldur því hins vegar fram, að þessi sjóður sé ekki undanþeginn aðför, því þótt úr honum sé veittur styrkur vegna veikinda, þá sé hann að öðrum þræði atvinnuleysissjóður.

Samkvæmt reglugjörð fyrir styrktarsjóð Sveinafélags múrara í Reykjavík er svo fyrir mælt í 2. gr., að tilgangur sjóðsins sé að styrkja meðlimi Sveinafélagsins, er atvinnuleysi og veikindi ber þeim að höndum. Sjóður þessi er því hvorutveggja í senn, sjúkrastyrktarsjóður og atvinnuleysisstyrktarsjóður. Í 8. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 11. júní 1938 eru sjúkrastyrktarsjóðir undanþegnir aðför því aðeins, að eignir þeirra séu skýrt aðgreindar frá eignum félagsins, og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa þess. Þar sem telja verður, að sjóður sá, sem hér um ræðir, rúmi allvíðtækari starfsemi heldur en sjúkrastyrktarsjóður samkv. 8. gr. fyrrgreindra laga, verður að telja, að hann sé ekki undanþeginn aðför.

Því úrskurðast:

Félagssjóður og styrktarsjóður Sveinafélags múrara eru ekki undanþegnir aðför í þessu máli, og ber að leyfa framgang hinnar umbeðnu gjörðar, á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

[Gerðarþoli] benti á til fjárnáms 2 veðdeildarbréf, 11. flokkur Litra A 2662 og 2663, hvort að upphæð 1000 kr.

Fógeti lýsti þá yfir, að hann gerði fjárnám í fyrrgreindum veðdeildarbréfum.

Mánudaginn 7. október 1940.

Nr. 41/1940. **Kristján Steingrímsson**
(Theódór B. Líndal)
gegn
Guðfinnu Einarsdóttur f. h. Sigursteins Heiðars Jónssonar
(Pétur Magnússon).

Bætur fyrir meiðsl af bifreiðarfarmi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. maí þ. á. Krefst hann aðallega algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að lækkuð verði upphæð sú, sem dæmd var í héraði, og að honum verði þá dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Slys það, sem bóta er krafizt fyrir, varð við affermingu bifreiðar, eftir að hún hafði numið staðar. Það stóð ekki í neinu sambandi við akstur bifreiðarinnar né útbúnað, og staðurinn, sem hún staðnæmdist á, virðist hafa verið hættulaus. Slysið varð þess vegna ekki af ástæðum, sem tengdar eru við notkun bifreiðar frekar öðrum ökutækjum, og eiga því sjónarmið þau, er liggja til grundvallar ákvæðum 15. gr. bifreiðarlaga nr. 70/1931, ekki við hér. Bótakröfur í máli þessu eru eingöngu reistar á ákvæðum nefndrar 15. gr., og kemur því skaðabótaskylda vegna annarra ástæðna ekki til álita í þessu máli. Það þykir því verða að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Kristján Steingrímsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðfinnu Einarsdóttur f. h. Sigursteins Heiðars Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 3. maí 1940.

Ár 1940, föstudaginn 3. maí kl. 5 e. h., var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var á skrifstofu bæjarfógetans í Hafnarfirði af bæjarfógeta Bergi Jónssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 7/1939, en mál þetta var dómtekið 9. apríl s. l., að loknum munnlegum málflutningi.

Mál þetta, sem var þingfest 28. nóvember s. l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. nóvember 1939 af Guðfinnu Einarsdóttur f. h. Sigursteins Heiðars Jónssonar gegn Kristjáni Steingrímssyni, Norðurbraut 3 í Hafnarfirði, til greiðslu skaðabóta og bóta fyrir orkutap, þjáningar, líkamslýti og vinnutap, að upphæð kr. 2480.90, ásamt 6% ársvöxtum frá 5. júlí 1939 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Í máli þessu hefir Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. verið stefnt til þess að gæta hagsmuna sinna.

Málavextir eru þessir:

Síðari hluta dags 5. júlí 1939 var Sigursteinn Heiðar Jónsson, sjö ára gamall, sonur stefnandi í málinu, að leika sér fyrir utan hús það við Öldugötu hér í bænum, sem hann á heima í. Sá hann þá bifreiðina G. 83, sem er eign stefnds, fara upp götuna með heyhlass og staðnæmast við húsið nr. 5 við Öldugötu. Gekk drengurinn yfir götuna að bifreiðinni og fór að sópa saman lausu heyi, sem hrunið hafði af hlassinu niður á veginn. Er drengurinn var við þetta, datt heysáta ofan af bifreiðinni á drenginn, svo að hann féll aftur á bak út á gangstiginn heim að húsinu nr. 5 við Öldugötu. Var drengurinn síðan fluttur heim til sín, en

skömmu síðar var hann, samkvæmt fyrirmælum Bjarna Snæbjörnssonar læknis, sem sóttur hafði verið, fluttur á St. Josephsspítala. Við röntgenskoðun á spítalanum kom í ljós, að drengurinn hefði lærbrotnað. Þegar læknirinn hafði gengið frá brotinu á venjulegan hátt, var drengurinn fluttur heim til sín, og þar lá hann rúmfastur þangað til í lok septembermánaðar, og stundaði Þórður Edilonsson héraðslæknir hann í legunni, en móðir hans annaðist hjúkrun hans. Þegar drengurinn kom aftur á fætur, kom í ljós, að fóturinn hafði stytzt um nálega 4 cm, svo að drengurinn varð haltur.

Stefndur hefir aðallega krafizt algjörðrar sýknu af öllum kröfum stefnandi, og að sér verði dæmdur málskostnaður. Til vara krefst hann þess, að bótunum verði skipt, og að stefnuupphæðin verði stórlega lækkuð. Þá hefir hann krafizt þess, að vextir verði aðeins dæmdir 5% og ekki reiknaðir nema frá stefnudegi.

Stefndur hefir rökstutt sýknukröfu sína með því, að slys það, sem hér um ræðir, falli ekki undir 15. gr. bifreiðalaganna. Hefir hann haldið því fram, að slysið hafi ekki orðið í sambandi við notkun bifreiðar sem slíkrar, heldur hafi það orðið í sambandi við venjulega vinnu, og vegna þess að drengurinn hafi hegðað sér ógætilega. Það er upplýst í málinu, að slysið vildi til með þeim hætti, að heysáta féll ofan af bifreiðinni á drenginn. Var bifreiðarstjórinn uppi á bifreiðinni og rétti manni, sem stóð fyrir neðan hana, sáturnar. Hefir bifreiðarstjórinn borið það fyrir rétti, að hann muni hafa komið við sátu þá, sem féll ofan á drenginn, og hafi það valdið því, að hún féll, og það, að bifreiðin stóð í halla, og að sátan náði um 30 cm út fyrir skjólborð bifreiðarpallsins. Það er upplýst í málinu, að sáturnar, sem á bifreiðinni voru, en þær voru 9 eða 10, höfðu ekki verið bundnar saman eða festar á bifreiðina með öðrum hætti.

Það verður ekki fallizt á þá skoðun stefnds, að slysið falli ekki undir 15. grein bifreiðalaganna. Verður rétturinn að líta svo á, að ferming og afferming bifreiðar falli innan þeirra takmarka um meðferð og notkun bifreiða, sem sett eru með ákvæðum 15. greinar laganna, og að það sé í verkahring bifreiðarstjóra, að hafa umsjón með fermingu og affermingu bifreiðar þeirrar, er hann stýrir. Í málinu

hefir ekkert komið fram, er bendi til þess, að slysið hefði hlotið að vilja til, enda þótt bifreiðarstjórinn hafði sýnt þá varkárni, sem honum sem gætnum ökumanni var skylt. Af þessum ástæðum verður því að telja, að stefndur (bifreiðareigandinn) beri ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda, og getur aðalkrafa hans um sýknu og málskostnað því ekki orðið tekin til greina.

Koma þá til álita varakröfur stefnds um skiptingu og lækkun bótanna.

Að því er snertir kröfu stefnds um skiptingu bótanna, þá hefir hann haldið því fram, að drengurinn hafi verið eftirlitslaus úti á götu, og beri því forráðamenn hans ábyrgð á slysinu, auk þess sem drengurinn hafi hegðað sér ógætilega, enda þótt hann sé það stálpaður, að hann hefði átt að gjöra sér grein fyrir þeirri hættu, sem til gat verið.

Á þessa röksemdafærslu stefnds verður ekki fallizt. Lítur rétturinn svo á, að bifreiðarstjóranum hafi sem slíkum borið skylda til að sjá um, að afferming bifreiðarinnar færi fram með þeim hætti, að slys hlytist ekki af. Ber því samkvæmt þessu ekki að taka þessa kröfu stefnds til greina.

Stefnandi hefir sundurliðað tjónið þannig:

1.	Bílkostnaður v/ aksturs á spítala	kr.	3.00
2.	Röntgenskoðun	—	5.00
3.	Lyfja- og umbúðakostnaður	—	7.90
4.	Reikningur Sjúkrasamlags Hafnarfjarðar ..	—	30.00
5.	Vinnutap stefnandi og fæðispeningar hennar og sonar hennar	—	460.00
6.	Fyrir þjáningar, óþægindi og lýti	—	900.00
7.	Bætur fyrir orkutap	—	1075.00
		Samtals kr.	2480.90

Um 1—4: Stefndur hefir ekki mótmælt þessum liðum. Verða þeir því teknir til greina að fullu.

Um 5: Stefnandi hefir rökstutt þennan lið á þá lund, að hún hafi verið ráðin kaupakona að Stekkum í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu fyrir 25 króna vikukaup, auk þess sem hún hefði mátt hafa dreng sinn með sér, sér að kostnaðarlausu. Hafi hún orðið af þessari atvinnu vegna slyssins, sem varð á syni hennar. Vitnið Benedikt Viggó Jónsson hefir borið það, að það hafi ráðið stefnandi í kaupavinnuna fyrir þau kjör, sem að ofan greinir. Stefnandi hefir

haldið því fram, að drengurinn hafi verið fluttur heim aftur eftir aðgjörðina, vegna þess, að ekkert rúm hafi verið til fyrir hann á sjúkrahúsinu, og einnig hafi þær ástæður legið til þess, að drengurinn hefði viljað hafa móður sína yfir sér, vegna þess að hann hafi orðið fyrir taugaáfalli af völdum slyssins og verið mjög hræðslugjarnt.

Stefndur hefir mótmælt þessum lið sem sér óviðkomandi og of háum með eftirfarandi rökstuðningi:

a) Hann hefir bent á, að fullt gjald á sjúkrahúsi fyrir dreng á því reki (7 ára), sem hér um ræðir, sé kr. 4.50 á dag, og mundi því kostnaður af veru drengsins á sjúkrahúsi hafa numið kr. 315.00, og hefði við það sparazt fæðiskostnaður drengsins í heimahúsum og annar kostnaður, þannig, að kostnaðurinn hefði einungis þurft að nema kr. 3.00 á dag, eða samtals kr. 210.00. Hefir stefndur gjört þá kröfu, að þessi liður verði lækkaður í þá upphæð.

b) Einnig hefir stefndur mótmælt því, að kaupakonukaup hafi numið meira en 25 krónur á viku.

c) Þá hefir stefndur mótmælt því, að ekki hafi verið hægt að hafa drenginn á sjúkrahúsi.

Með því að rétturinn verður að fallast á rökstuðning stefnandi fyrir því, að drengurinn var látinn liggja í heimahúsum, og kröfum hans er stillt í hóf, þá ber að dæma stefndan til þess að greiða kröfurnar undir þessum lið að fullu.

Um 6. Stefndur hefir mótmælt því, að þessi liður verði greiddur með hærri upphæð en kr. 500.00. Hefir hann haldið því fram, að hér hljóti allt af að vera um að ræða fullkomna áætlun, og sé ekki venja að greiða hærri upphæð en þetta. Það er upplýst í málinu, að drengurinn er haltur eftir slysið, sökum þess, að fóturinn sem brotnaði, hefir stytzt um nálega 4 cm. Auk þess er lærið greinilega gildara um brotstaðinn. Af þessu er ljóst, að drengurinn hefir hlotið varanlegt líkamslýti vegna slyssins, og ber því að dæma honum bætur fyrir þjáningar, óþægindi og líkamslýti, og þykja kröfur stefnandi hæfilegar og ber því að taka þær til greina.

Um 7. Stefndur hefir mótmælt þessum lið sem algerlega órökstuddum. Í málinu hefir verið lagt fram vottorð Jóhanns Sæmundssonar læknis, þar sem hann kemst að þeirri niðurstöðu, að líklegt megi teljast, að örorka

drengsins muni eigi fara fram úr 5%. Með tilliti til þessa álits læknisins þykja kröfur stefnandi undir þessum lið vera hóflegar, og ber því að dæma stefndan til þess að greiða kröfu stefnandi undir þessum lið að fullu. Mótmæli stefnds að því er snertir vaxtaupphæðina ber ekki að taka til greina, en hinsvegar ber að taka til greina kröfu hans um það, að vextir reiknist frá 17. nóvember 1939.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnandi samtals kr. 2480.90, með 6% ársvöxtum frá 17. nóv. 1939 til greiðsludags, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 258.70.

Dráttur sá, er orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af margháttuðum embættisönnum og setu dómarans á alþingi undanfarið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Kristján Steingrimsson, greiði stefnandanum, Guðfinnu Einarsdótur f. h. Sigursteins Heiðars Jónssonar, kr. 2480.90 með 6% ársvöxtum frá 17. nóvember 1939 til greiðsludags og kr. 258.70 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. október 1940.

Kærumál nr. 6/1940. **Ásgeir Pétursson**
gegn
bæjarfógetanum á Akureyri f. h. ríkissjóðs.

Frávísun kærumáls.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi bæjarfógetans á Siglufirði 25. f. m., hingað komnu 1. þ. m., var hæstarétti send kæra frá umboðsmanni kæranda, dags. 19. f. m., þar sem úr-

skurður Guðmundar bæjarfógeta Hannessonar á Siglufirði, kveðinn upp 14. s. m., er kærður eftir ákvæðum 199. gr. laga nr. 85/1936. Úrskurður þessi fjallar um það, hvort lögtak skuli gert í eignum kæranda til tryggingar greiðslu á tekjuskatti kæranda, sem á hann var lagður árin 1938, 1939 og 1940. Með því að úrskurður þessi sætir ekki kæru eftir ákvæðum 199. gr. téðra laga, sjá 198. gr. nefndra laga 4. tölul. a., þá verður að vísa kærumáli þessu frá hæstarétti ex officio.

Af hálfu varnaraðilja hefir hvorki nokkur greinargerð né krafa borizt hæstarétti, og fellur málskostnaður því niður.

Því dæmist rétt vera:

Kærumáli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Siglufjarðar 14. sept. 1940.

Það verður nú að teljast rétt hjá gerðarþola, að lögtaksréttur sé fyrndur á þinggjaldi hans 1938, enda þótt gerðarbeiðandi hafi í apríl 1940 beðið um lögtak á þinggjaldinu hér og miðað væri við þann tíma, en dregizt hefir hér að framkvæma lögtakið frá í apríl, að beðið var um það, var af því, að gerðarþoli dvaldi þá ekki hér, né vitað var um, að hann ætti hér eignir, og var þá lögtakskrafan send til Rvk., þar sem gerðarþoli þá dvaldi, en er nú fyrir skömmu send þaðan hingað. Verður því þegar af þeirri ástæðu að neita um lögtak á því þinggjaldi nú. Að því er snertir lögtakið á þinggjaldinu 1939, þá er samkv. þinggjaldsreikningi gerðarbeiðanda reikningurinn gefinn út á manntalsþingi Akureyar 4. okt. 1939. Þá er manntalsþingið haldið samkv. þessum reikningi, og verður að taka það trúanlegt. Er lögtaksréttur á manntalsgjaldinu 1939 því ekki fyrndur, eins og gerðarþoli heldur fram. Að því er búsetu gerðarþola snertir, þá verður að telja ósannað, að hann sé búsettur hér á landi, en þótt svo sé, að hann sé

ekki búsettur hér á landi og hafi aðeins 1939 dvalið hér af vi majori — ófriðarástæðum —, þá er skattur sá, sem á hann er lagður, lagður á tekjur, sem hann hefir frá atvinnufyrirtækjum búsettum á Íslandi, og, eftir málflutningnum að dæma, einnig fyrir vinnu gerðarþola hér á landi í þágu þessara fyrirtækja, en slíkar atvinnutekjur eru skattskyldar hér á landi, jafnvel þótt skattþoli sé ekki búsettur hér á landi. Er því rétt að taka þinggjaldið 1939, kr. 483.17, lögtaki með ½% dráttarvöxtum á mánuði frá 4. okt. 1939. Að vísu bendir margt til þess, að gerðarþoli hafi greitt 1939 líka tekjuskatt í Kaupmannahöfn, og að lög 4/1939 grípi til slíkrar tvísköttunar, en gerðarþola ber að fá úr slíku skorið hjá skattayfirvöldum hlutaðeigandi landa, eða æðstu fjármálastjórnum Íslands og Danmerkur, sbr. 8. gr. téðra laga, en kemur eigi til álita að meta slíkt við dómstólana, in casu í fógetaréttinum. Getur tilvísun gerðarþola til tvísköttunar og laga 4/1939 því ekki heldur hindrað framgang lögtaksins hjá gerðarþola.

Að því er þinggjald lögtaksþola frá 1940 snertir, þá er það samkv. munnlegum upplýsingum gerðarbeiðanda rétt, eins og gerðarþoli hefir haldið fram, að manntalsþing sé nú ekki háð á Akureyri 1940. En gerðarbeiðandi telur þinggjaldið eigi að síður gjaldkræft, af því að búið sé að ákveða upphæðina. Bendir hann í því efni til 1. og 5. gr. laga 65/1938. Það verður eigi talið, að þau lög heimili að telja tekjuskatt gjaldkræfan og lögtækan strax og hann sé ákveðinnn. Allt annað er, þótt lögin segi, að endurgreiða skuli skattþegn erlendum, strax og tekjuskattur hans sé ákveðinn, það, sem kynni að vera of mikið haldið eftir af kaupi hans til greiðslu skattsins. Skattalögin skipa svo fyrir, að tekju- og eignarskattinn skuli innheimta á manntalsþingum. Fyrr en manntalsþingin eru haldin, eru slík gjöld því ekki gjaldkræf né lögtæk. Heldur væri þá að halda fram, að með 38. gr. réttarfarslaganna, sbr. líka athugasemdir við þá grein, væru manntalsþing í kaupstöðum felld burtu, og væri því ekki hægt að fullnægja ákvæðum skattalaganna í kaupstöðum, að innheimta tekjuskattinn á manntalsþingum, og þar sem sá gjalddagi — manntalsþingdagurinn — væri felldur úr lögum, væri ekki hægt að halda neinum sérstökum gjalddaga fram á tekjuskatti í kaupstöðum, nema þeim degi, er endanlega væri gengið

frá ákvörðun tekjuskattsins, lokið endanlega við skattskrá. Þar sem hin eldri ákvæði um manntalsþing í kaupstöðum hafa ekki að fullu verið numin úr gildi með réttarfarslögunum og framkvæmd 38. gr. er framkvæmanleg, þótt forsenda greinarinnar um, að manntalsþing skuli ekki haldin í kaupstöðum, verði talin röng, verður eigi álitið, að slík forsenda 38. gr. breyti skýrum fyrirmælum skattalaganna um gjalddaga tekjuskatts á manntalsþingum í kaupstöðum. Verður því að telja, þinggjald gerðarþola 1940 sé enn eigi gjaldkræft, svo lögtak geti farið fram nú þegar.

Því úrskurðast:

Lögtak á tekjuskatti gerðarþola 1938 skal eigi fram fara fyrst um sinn, eigi heldur á tekjuskatti hans 1940, en tekjuskattur hans 1939, kr. 483.17, með ½% dráttarvöxtum á mánuði frá 4. okt. 1939, skal tekinn lögtaki.

Miðvikudaginn 9. október 1940.

Nr. 87/1939. **Eggert Claessen f. h. Tuxham A/S**
(Eggert Claessen)
gegn
Ástþóri Matthíassyni
(Garðar Þorsteinsson).

Fógetaúrskurði, er synjaði um aðför, hrundið að nokkru leyti.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. sept. 1939, hefir krafizt þess *aðallega*, að fógetaúrskurður sá, sem áfrýjað er, verði að öllu úr gildi felldur, og að fógeti verði skyldaður til þess að framkvæma fjárnám í eignum stefnda til tryggingar skuld samkvæmt dómi gestaréttar Vestmannaeyja frá 23. marz 1933, að fjár-

hæð d. kr. 2661.70, ásamt 6% ársvöxtum frá 19. nóv. 1930 til greiðsludags, kr. 221.50 í málskostnað, aðfararkostnaði og væntanlegum sölukostnaði. En *til vara* hefir áfrýjandi krafizt þess, að sú breyting verði á úrskurðinum gerð, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma fjárnám til tryggingar greiðslu á áðurnefndum d. kr. 2661.70 að frádregnum ísl. kr. 1500.00, ásamt 6% ársvöxtum af kr. 2661.70 frá 19. nóv. 1930 til 18. okt. 1934 og 6% ársvöxtum af þeim mismun frá 18. okt. 1939 til greiðsludags, og málskostnaði, aðfarar- og sölukostnaði sem áður segir. Ennfremur krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með bréfi 22. febr. 1932 var Óskari Bjarnasen, sem þá hafði skuldheimtu að atvinnu í Vestmannaeyjum, falin heimta áðurnefndrar skuldar. Sótti hann mál til heimtu hennar til laga og fékk dóm um hana, sem áður getur. Tjáði Óskar þessi sig hafa heimt kr. 1500.00 af skuldinni og hefir samkvæmt yfirlýsingu, sem hann hefir skráð á eftirrit dómsins 18. okt. 1934, veitt stefnda fullnaðarkvittun um greiðslu allrar skuldarinnar. Stefndi mátti telja Óskari heimilt að taka við greiðslu, og verður stefndi því ekki krafinn nú um þessar kr. 1500.00. Hins vegar mátti stefndi ekki gera ráð fyrir því, að Óskar hefði heimild til þess að veita eftirgjöf á skuldinni af hluta, og hefir stefndi ekki sannað, að Óskar hafi slíka heimild fengið. Skuld þessi var viðurkennd með dómi, sem áður segir, og verður því ekki heldur talið, að áfrýjandi hafi firrt sig rétti til heimtu eftirstöðva skuldarinnar sakir dráttar þess, sem orðið hefir á aðgerðum af hans hálfu í því

efni. Samkvæmt þessu verður að taka varakröfu áfrýjanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda 400 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti. Fyrir fógetarétti var málskostnaðar ekki krafizt, og verður því að láta hann falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Fógeta ber að framkvæma fjárnám í eignum stefnda til tryggingar d. kr. 2661.70 ÷ ísl. kr. 1500.00, ásamt 6% ársvöxtum af d. kr. 2661.70 frá 19. nóv. 1930 til 18. okt. 1934 og 6% ársvöxtum af d. kr. 2261.70 ÷ ísl. kr. 1500.00 frá 18. okt. 1934 til greiðsludags, málskostnaði í héraði kr. 221.50, aðfararkostnaði og væntanlegum sölukostnaði.

Stefndi, Ástþór Matthíasson, greiði áfrýjanda, Eggert Claessen f. h. Tuxham A/S, 400 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 8. ágúst 1939.

Gerðarbeiðandi, Einar Ásmundsson lögfræðingur, hefir krafizt þess fyrir hönd Eggerts Claessen Reykjavík, að fjárnám yrði gert í eignum Ástþórs Matthíassonar forstjóra, Sóla hér í bæ, til tryggingar greiðslu á dómi, uppkveðnum í gestarétti Vestmannaeyja 23. marz 1933, að upphæð d. kr. 2661.70, auk 6% ársvaxta frá 19. nóvember 1930 til greiðsludags, og kr. 221.50 í málskostnað, svo og til greiðslu kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboðssölu, ef til kemur.

Gerðarþoli, Ástþór Matthíasson, hefir mótmælt framgangi gerðarinnar, þar sem hann hafi greitt hluta af skuldinni gegn fullnaðarkvittun. Hafa báðir aðiljar síðan lagt ágreininginn undir úrskurð réttarins.

Gerðarbeiðandi, Eggert Claessen hæstaréttarmálflutningsmaður í Reykjavík, hefir með bréfi dags. 22. febrúar 1933 sent Óskari Bjarnasen, þá til heimilis Kirkjuveg 28 hér, til innheimtu víxil, að upphæð d. kr. 2661.70, útgefnum 17. desember 1929 af G. J. Johnsen, samþykktum af Ástþóri Matthíassyni lögfræðingi til greiðslu 19. nóvember 1930.

Síðan höfðaði Óskar Bjarnasen mál gegn Ástþóri Matthíassyni, og var það þingfest og tekið jafnframt til dóms 10. marz 1933. Því næst er dómur í málinu uppkveðinn í gestarétti Vestmannaeyja 23. marz, og samkvæmt þeim dómi er nú krafizt fjárnáms fyrir tildæmdri upphæð með kostnaði.

Gerðarþoli hefir lagt fram í málinu (réttarskjal nr. 5) dómsútskrift með framangreindum dómi, og er áritað á hann svofelld kvittun:

„Sem fullnaðargreiðsla meðtekin kr. 1500.00 — eitt þúsund og fimm hundruð krónur.

Ve. $^{18}/_{10}$ '34. Óskar Bjarnasen."

Með þessari viðurkenningu Óskars Bjarnasen telur gerðarþoli sig hafa í höndum fullnaðarkvittun fyrir dómskuldinni og neitar því frekari greiðslu.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefir í fyrsta lagi haldið því fram, að engin greiðsla hafi farið fram, og þó skuldajöfnuður kynni að hafa átt sér stað milli Óskars Bjarnasen og gerðarþola, þá sé það engin greiðsla til gerðarbeiðanda.

Rétturinn verður að fallast á það hjá gerðarþola, að umrædd kvittun Óskars Bjarnasen sé nægileg sönnun fyrir því, að greiðsla á kr. 1500.00 hafi átt sér stað til hans.

Þá hefir gerðarbeiðandi til vara haldið því fram, að Óskar Bjarnasen hafi eigi haft umboð til að taka við greiðslu og sérstaklega hafi hann ekki haft heimild til að afhenda dóminn kvittaðan gegn greiðslu aðeins að hluta.

Það er upplýst og viðurkennt í málinu, að gerðarbeiðandi fól Óskari Bjarnasen, sem um þær mundir stundaði hér málfærslustörf, að innheimta hjá gerðarþola umræddan víxil. Hafði Óskar þar með heimild til að taka við og kvitta fyrir greiðslum inn á skuldina svo bindandi var fyrir gerðarbeiðanda.

Aftur á móti verður að telja vafa á því, hvort Óskar

Bjarnasen hefir, eins og á stóð, haft fullnægjandi umboð til að gefa eftir af skuldinni. En þar sem gerðarbeiðandi hefir engar innheimtutilraunir gert hjá gerðarþola síðan 1934, verður rétturinn að telja, að gerðarþoli hafi haft réttmæta ástæðu til að líta svo á, að gerðarbeiðandi fallist á afgreiðslu umboðsmanns síns Óskars Bjarnasen í þessu máli.

Það verður að telja, að samkvæmt því, sem fyrir liggur í málinu, að eigi hafi verið sérstök ástæða fyrir gerðarþola að reikna með, að Óskar Bjarnasen væri að fara út fyrir umboð sitt, eða gera slíkar ráðstafanir án þess að bera sig saman við umbjóðanda sinn.

Með skírskotun til framanritaðs ber því að neita um framgang gerðar þessarar.

Því úrskurðast:

Umbeðin fjárnámsgerð á eigi fram að fara.

Föstudaginn 11. október 1940.

Nr. 23/1940. **Aðalsteinn Sveinsson**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Alþýðusambandi Íslands og Iðju, félagi verksmiðjufólks á Akureyri
(cand. jur. Sigurgeir Sigurjónsson).

Skaðabótamál vegna vinnuvörnunar.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefir upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. apríl þ. á., krefst þess, að Alþýðusamband Íslands og Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri, eða til vara annar hvor þessara aðilja

verði dæmdur til að greiða honum kr. 250.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 28. júní 1938 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndu krefjast hins vegar staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Það virðist mega gera ráð fyrir því, að tilgangur stefndu með vinnustöðvuninni hafi verið sá að fá viðurkenningu verksmiðjueigenda á Akureyri á því, að félagið Iðja væri réttur aðili fyrir hönd verksmiðjufólks þar á staðnum um heildarsamninga varðandi vinnukjör þess. Var stefndu heimilt að hefja verkfall í þeim tilgangi. Framkvæmd verkfallsins verður ekki talin ólögleg gagnvart áfrýjanda, með því að sönnur eru ekki leiddar að því gegn neitun stefndu, að áfrýjanda, sem var ófélagsbundinn verkmaður, hafi með valdi eða hótun um valdbeitingu verið varnað inngöngu í verksmiðjuna til vinnu. Hafa stefndu því ekki valdið honum tjóni, er þeim beri að bæta honum. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. marz 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 24. júní 1938 af aðalsteini Sveinssyni, verkamanni á Akureyri, gegn Alþýðusambandi Íslands hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 250.00 með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi

til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Í framhaldsstefnu útgefinni 18. september 1939 hefir stefnandi gert þá kröfu til vara, að félagið Iðja á Akureyri verði dæmt eitt sér eða ásamt Alþýðusambandi Íslands til að greiða hina umstefndu upphæð, ásamt vöxtum og málskostnaði. Loks hefir stefnandi í flutningi málsins hækkað bótakröfu sína í kr. 271.80, en haldið við vaxta- og málskostnaðarkröfuna.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1936 var stofnað á Akureyri félag verksmiðjufólks þar og hlaut það nafnið Iðja. Mun það brátt hafa hafizt handa um að reyna að fá verksmiðjueigendur í kaupstaðnum til að viðurkenna félagið sem samningsaðilja um kaup og kjör verksmiðjufólks, en það hafa gengið lélega í fyrstu. Þann 2. nóvember 1937 gerðu félagar Iðju verkfall, að því er virðist, bæði í þeim tilgangi að fá félagið formlega viðurkennt sem samningsaðilja og til að koma á einhverjum kjarabótum fyrir verksmiðjufólk á staðnum.

Meðal verksmiðjueigenda á Akureyri er Jakob S. Kvaran, er þar starfrækir skóverksmiðju og hefir allmargt fólk í þjónustu sinni. Alllöngu fyrir nýgreint verkfall, eða 11. apríl 1937, stofnaði Jakob, ásamt meiri hluta starfsfólks síns, félag, sem hlaut nafnið Starfsmannafélag J. S. Kvaran. Alþýðusambandið mótmælti þegar þessari félagsstofnun, og fóru nokkur skeyti milli þess og Jakobs út af henni, auk þess sem starfsmannafélagið sjálft sendi Alþýðusambandinu harðorð mótmæli gegn afskiptum þess af félagsstofnuninni. Virðist svo sem hið bezta samkomulag hafi verið milli Jakobs og starfsfólks hans, og að gagnkvæmur áhugi hafi ríkt hjá honum og því um að viðhalda félaginu. Starfaði félagið því áfram, en það varð til þess, að Alþýðusambandið lagði flutningsbann á vörur til og frá verksmiðju Jakobs um miðjan apríl 1937, og hélzt það allt til loka verkfalls þess, er um ræðir í máli þessu.

Þegar Iðja hóf verkfallið í nóvemberbyrjun 1937, virðast allir starfsmenn J. S. Kvaran, en meðal þeirra var stefnandi máls þessa, hafa verið mjög tregir til að hætta vinnu, enda töldu þeir sig ekki eiga í neinni deilu við hann, hvorki um kaup né önnur kjör, enda þótt nokkrir

félagar Starfsmannafélagsins væru jafnframt félagsmenn í Iðju. Gekk starfsfólk Jakobs til vinnu sinnar 2. nóvember 1937, en því af fólkinu, sem heim fór til hádegisverðar þann dag, var varnað inngöngu í verksmiðjuna, er það kom aftur. Nokkur hluti starfsfólksins fór ekki til hádegisverðar og vann óáreittur til kvölds. Daginn eftir komst ekkert af starfsfólkinu inn í verksmiðjuna vegna verkfallsvarðar, er nefnd sú, sem Iðja hafði falið framkvæmd verkfallsins, hafði sett við dyr verksmiðjunnar. Stóð verkfall þetta yfir til 29. nóvember 1937, en þá náðist samkomulag fyrir milligöngu sáttasemjara. Allan þenna tíma frá 2.—29. nóvember 1937 var ekkert unnið í verksmiðju J. S. Kvaran, að öðru leyti en því, að nokkrir starfsmenn hófu vinnu 18. nóvember, en virðast hafa hætt samdægurs eftir tilmælum framkvæmdarnefndar verkfallsins.

Stefnandi vann ákvæðisvinnu í verksmiðjunni, en virðist hafa haft kauptryggingu, og liggur fyrir vottorð verksmiðjueigandans um, að kaupið hefði orðið kr. 305.00 í nóvember, ef unnið hefði verið, en aðeins orðið kr. 33.20. Hafi stefnandi þannig tapað í vinnu vegna verkfallsins kr. 271.80.

Í máli þessu byggir stefnandi kröfur sínar á hendur stefndu á því, að verkfallið hafi verið alveg tilefnislaust að því er snerti verksmiðju þá, er hann hafi unnið í, enda vinna þar verið stöðvuð gegn vilja starfsfólksins, þ. á. m. sínum. Hann kveðst hafa viljað vinna og hafa haft fulla heimild verksmiðjueigandans til þess, en sér hafi hinsvegar, eins og öðru starfsfólki verksmiðjunnar, verið varnað að vinna að fyrirlagi framkvæmdarstjórnar verkfallsins. Telur stefnandi báða hina stefndu aðilja bera skaðabótaábyrgð gagnvart sér, enda hafi þeir báðir jöfnum höndum staðið að verkfallinu.

Félagið Iðja á Akureyri var meðlimur Alþýðusambands Íslands. Félagið ákvað sjálft að hefja umrætt verkfall og kaus framkvæmdarnefnd þess. Var hún skipuð þrem mönnum, þ. á. m. erindreka Alþýðusambandsins, sem um þetta leyti var staddur á Akureyri, en hann var kosinn af félaginu á sama hátt og hinir, og verður ekki séð, að Alþýðusambandið hafi átt neinn þátt í því, að hann lenti í nefndinni. Félagið fékk hins vegar samþykki Alþýðusambandsins til verkfallsins, enda mun það vera venja, þegar félag, sem er meðlimur þess, hefur verkfall, að samþykkis sambandsins

sé leitað. Af því, sem fyrir liggur í málinu, verður ekki séð, að Alþýðusambandið hafi á neinn hátt, annan en þennan, verið við umrætt verkfall riðið, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna það af kröfum stefnanda.

Umræddu verkfalli virðist eingöngu hafa verið beint gegn Jakob S. Kvaran, aðallega í því skyni, að fá hann til að viðurkenna Iðju sem samningsaðilja um kaup og kjör verksmiðjufólks síns. Verður ekki séð, að verkfallinu hafi á neinn hátt verið beint gegn verkafólki Jakobs, enda þótt það hafi orðið að hætta vinnu vegna þess. Verður því að líta á vinnutjón stefnanda vegna verkfallsins sem óbeina afleiðingu þess, að ekki sé unnt að dæma félagið til að greiða stefnanda hinar umkröfðu skaðabætur. Ber því einnig að sýkna Iðju af kröfum stefnanda, en að því er snertir málskostnað, þykir eftir málavöxtum rétt að láta hann falla niður gagnvart báðum hinum stefndu aðiljum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur (svo), Alþýðusamband Íslands og félagið Iðja á Akureyri, eiga (svo) að vera sýkn (svo) af kröfum stefnanda, Aðalsteins Sveinssonar.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 16. október 1940.

Nr. 71/1940. **Steindór Gunnarsson**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Félagsprentsmiðjunni s/f og gagnsök
(cand. jur. Kristján Guðlaugsson).

Ýmsar kröfur út af félagsslitum og bókaforlagi.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefir upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til

hæstaréttar með stefnu 9. júlí þ. á., krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 13551.58 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar í aðalsök og gagnsök úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefir málinu með stefnu 15. ágúst þ. á., krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 8094.94 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags. Ennfremur krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í aðalsök og gagnsök, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, eftir mati dómsins.

I. Aðalsök í héraði.

Krafa gagnáfrýjanda nam í héraði kr. 9349.98. Frá þessari fjárhæð hefir hann nú dregið kr. 800.00, sem er greiðsla til löggilts endurskoðanda fyrir að gera reikning um fjártölur bókaforlags þess, sem aðaláfrýjandi seldi gagnáfrýjanda þann 8. júní 1933 og tók síðar við aftur samkvæmt úrskurði gerðardóms, er sagður var upp þann 17. apríl 1935. Ennfremur hefir gagnáfrýjandi viðurkennt, að frá aðalkröfunni í héraði beri að draga kr. 455.04, vaxtafjárhæð, sem aðaláfrýjanda hefir verið vanfærð til tekna. Nemur krafa gagnáfrýjanda hér fyrir dómi kr. 9349.98 ÷ (kr. 800.00 + kr. 455.04) = kr. 8094.94. Aðaláfrýjandi krefst þess, að frá kröfu gagnáfrýjanda verði ennfremur dregnar kr. 1250.00, er gagnáfrýjandi kveður, að hafi verið greiddar Óskari Gunnarssyni, starfsmanni í Félagsprentsmiðjunni, sérstaklega fyrir söfnun auglýsinga og annars efnis í vasabækur og skrifstofudagbækur, er gefnar voru út af nefndu bókaforlagi, svo og fyrir umsjón með sölu bóka þessara. Gerðar-

dómurinn skar ekki úr því, á hvorn aðiljann eigi að leggja þennan kostnað. Komið hefir í ljós, að kr. 250.00 er þóknun fyrir starf Óskars við forlagið á árinu 1932. Aðaláfrýjandi var þá enn eigandi og umráðamaður bókaforlagsins. Samkvæmt þessu og þar sem ekki er viðurkennt, að hann hafi samþykkt greiðslu þessara 250.00 króna til Óskars, verða þær ekki taldar honum til gjalda og koma því til frádráttar kröfu gagnáfrýjanda. Hinsvegar þykir þóknun fyrir greinda vinnu Óskars við bókaforlagið árin 1933 og 1934, að fjárhæð kr. 1000.00, réttilega talin aðaláfrýjanda til skuldar, og verður hún þess vegna ekki dregin frá kröfu gagnáfrýjanda. Niðurstaðan verður því, að aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda í aðalsök í héraði kr. 8094.94 ÷ 250.00, eða kr. 7844.94 með vöxtum eins og krafizt hefir verið.

II. Gagnsök í héraði.

Gagnkröfur aðaláfrýjanda í héraði námu kr. 20851.56. Aðaláfrýjandi hefir nú viðurkennt, að hér frá eigi að dragast kr. 7299.98 samkvæmt reikningsgerð dómkvaddra manna um fjártölur bókaforlagsins. Nemur dómkrafa aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti þannig kr. 13551.58, ásamt vöxtum. Gagnkrafa aðaláfrýjanda greinist í 5 kröfuliði, sem upp eru taldir í héraðsdóminum, og verða þeir nú teknir til athugunar í sömu röð og í hinum áfrýjaða dómi greinir

1. *Vanreiknaðir vextir aðaláfrýjanda til tekna, að fjárhæð kr. 455.04.* Þessi kröfuliður er viðurkenndur af gagnáfrýjanda, svo sem áður segir, og er dreginn frá í hans kröfu.

2. *Andvirði bóka, er aðaláfrýjandi telur gagnáfrýjanda ekki hafa skilað sér, að fjárhæð kr.*

1921.89. Þegar aðaláfrýjandi seldi gagnáfrýjanda bókaforlag sitt 8. júní 1933, framkvæmdu tveir starfsmenn Félagsprentsmiðjunnar að tilhlutun aðaláfrýjanda talningu bókanna, og var ekki önnur talning gerð á þeim. Samkvæmt sölusamningnum um bókaforlagið skyldi við fullnaðarskipti aðiljanna út af forlaginu miðað við hagnað þann, sem yrði af því fram til 1. maí 1937, eftir reglum, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi. Það skipti aðiljana því miklu máli, að talning bókanna í hendur gagnáfrýjanda 1933 væri nákvæm. Samkvæmt þessu og þar sem ekki verður annað séð, en aðiljar hafi 1933 lagt greinda talningu bókanna til grundvallar framtíðarskiptum sínum, verður að miða við hana í máli þessu. Nú hefir það komið í ljós, að þegar bókaupplögin voru afhent aðaláfrýjanda eftir riftun samningsins frá 8. júní 1933, þá vantaði ýmsar bækur, sem áttu að vera fyrir hendi samkvæmt talningunni 1933 og reikningum bókaforlagsins. Er söluverð bóka þeirra, er vanta, talið kr. 1921.89. Á fjárhæð þessari verður gagnáfrýjandi að standa skil, enda hefir hann ekki mótmælt þessari fjárhæð út af fyrir sig. Gagnáfrýjandi telur, að til frádráttar téðri fjárhæð eigi að koma kr. 411.20, með því að meira hafi verið til af sumum bókanna en reikningar sýndu, en gegn mótmælum aðaláfrýjanda er ekki gerð nægileg grein fyrir þessum frádráttarlið.

3. *Óviðurkenndar skuldir bóksala við forlagið, að fjárhæð kr. 6948.23.* Líta verður svo á, að gagnáfrýjandi hafi ekki, eins og á stendur, vanrækt að gera grein fyrir forlagsbókum þeim, sem voru í vörzlum bóksala o. fl., er aðaláfrýjandi tók aftur við forlagsbókunum eftir riftun samningsins frá

8. júní 1933. Að vísu hafa sumir þeirra bóksala, er höfðu bækur forlagsins til sölu, ekki kannazt við að hafa undir höndum allar þær bækur, sem greinargerð gagnáfrýjanda segir til, en aðaláfrýjandi hefir ekki með rannsókn á viðskiptum gagnáfrýjanda og bóksalanna og málssókn á hendur bóksölunum, ef til kæmi, sannreynt, að ekki megi treysta greinargerð gagnáfrýjanda um viðskipti hans og bóksalanna, en þess er hér getanda, að gagnáfrýjandi tjáir reikninga sína heimila til athugunar endurskoðenda í þessu skyni. Það verður því að sýkna gagnáfrýjanda að svo stöddu af þessum kröfulið.

4. Ágóði af útgáfu vasabóka, almanaka og skrifstofuhandbóka fyrir árið 1936, að fjárhæð kr. 5763.20. Aðaláfrýjandi hefir byggt þenna kröfulið á þremur sjónarmiðum. Í fyrsta lagi á því, að eignayfirfærsla bókaforlagsins til sín hafi ekki farið fram fyrr en 31. desember 1935, og hafi þá tekjur af útgáfu bóka þessara fyrir árið 1936, sem gengið var frá 1935, átt að renna til sín. Í gerðardóminum er svo ákveðið, að aðiljar skuli útkljá viðskipti sín um bókaforlagið þann 1. júlí 1935. Þetta ákvæði hélzt óbreytt, þótt aðiljar síðar með samningi 20. desember 1935 kvæðu svo á, að slit á sameign þeirra í Félagsprentsmiðjunni skyldu miðast við 31. desember 1935, enda segir í síðastnefndum samningi, að hann sé „óviðkomandi uppgjöri á bókaforlagi Steindórs Gunnarssonar". Kröfuliðurinn verður þessvegna ekki studdur með framangreindum ástæðum. Í öðru lagi telur aðaláfrýjandi sig eiga rithöfundarrétt að bókum þessum og gagnáfrýjanda því ekki geta helgað sér tekjur af þeim eftir riftun forlagssamningsins. Engin

sundurliðun er fyrir hendi um það, hvernig ágóði sá, er í kröfulið þessum greinir, skiptist niður á sölu veggalmanaka, vasabóka og skrifstofuhandbóka. Samkvæmt þessu og þar sem alveg vafalaust er eftir málflutningnum, að aðaláfrýjandi á engan rithöfundarrétt að veggalmanökunum, þá verður kröfuliður þessi ekki byggður á broti á rithöfundarrétti. Loks telur aðaláfrýjandi til vara, að hann eigi a. m. k. tilkall til þriðjungs ágóða af sölu bóka þessara fyrir árið 1936, þar sem Félagsprentsmiðjan hafi haldið áfram útgáfu þeirra, eftir að aðaláfrýjandi hafi tekið við bókaforlaginu aftur, enda hafi hann verið meðeigandi í Félagsprentsmiðjunni til ársloka 1935. Á þessi rök aðaláfrýjanda ber að fallast, og ber honum samkvæmt því þriðjungur kröfuliðsins, eða kr. 1921.07.

5. Ágóði af útgáfu vasabóka, almanaka og skrifstofuhandbóka fyrir árið 1937, að fjárhæð kr. 5763.20. Aðaláfrýjandi byggir þennan kröfulið á broti gagnáfrýjanda á rithöfundarrétti sínum að ofannefndum bókum, en af ástæðum þeim, er greinir við kröfulið nr. 4, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Samkvæmt framanrituðu ber að taka til greina af kröfum aðaláfrýjanda kr. 1921.89 samkvæmt kröfulið nr. 2 og kr. 1921.07 samkvæmt kröfulið nr. 4, eða alls kr. 3842.96, með vöxtum eins og krafizt er. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Steindór Gunnarsson, greiði gagnáfrýjanda, Félagsprentsmiðjunni s/f, kr.

7844.94 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi, Félagsprentsmiðjan s/f, greiði aðaláfrýjanda, Steindóri Gunnarssyni, kr. 3842.96 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi á að svo stöddu að vera sýkn af kröfulið 3 hér að framan.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1940.

Í máli þessu gekk dómur í bæjarþingi Reykjavíkur 24. okt. 1938, en tveimur liðum gagnsakarinnar var vísað frá dómi að efni til sökum ófullnægjandi málsútlistunar. Með dómi hæstaréttar, gengnum 26. jan. þ. á., var vegna frávísunar þessara liða bæjarþingsdómurinn ómerktur í heild og vísað heim í hérað til meðferðar samkv. 120. gr. einkamálalaganna um áðurnefnda tvo liði og til dómsálagningar að efni til um alla kröfuliði málsins. Aðiljar hafa lagt málið fyrir bæjarþingið að nýju og gert skriflega viðbótargrein fyrir atriðum þeim, sem frávísað var áður, og var nú málið tekið undir dóm 8. þ. m.

Málið er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. október 1937 af s/f Félagsprentsmiðjunni hér í bæ, gegn Steindóri Gunnarssyni prentsmiðjustjóra, Suðurgötu 8 B hér í bænum, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 9349.98, með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu.

Aðalstefndur hefir krafizt þess í aðalsök, að stefnuupphæð hennar verði lækkuð um tvær upphæðir, er síðar verða greindar, samtals að upphæð kr. 2050.00, og að sér verði tildæmdur málskostnaður. En jafnframt hefir hann með

gagnstefnu útg. 16. nóvember 1937 höfðað gagnsök og gert í henni þær réttarkröfur, að aðalstefnandi, s/f. Félagsprentsmiðjan, verði, með eða án skuldajafnaðar við stefnuupphæð aðalsakar, dæmdur til að greiða sér kr. 20851.56, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags, og málskostnað í gagnsökinni að skaðlausu.

Í gagnsökinni krefst aðalstefnandi algerrar sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Í rekstri málsins hafa báðir aðiljar gert varakröfur og verður þeirra getið á viðeigandi stöðum hér á eftir, er hinir einstöku kröfuliðir, er þær standa í sambandi við, verða ræddir.

Málsatvik eru þau, að með afsali dagsettu 8. júní 1933 afhenti aðalstefndur, sem þá var einn af eigendum s/f Félagsprentsmiðjunnar og prentsmiðjustjóri hennar, Félagsprentsmiðjunni allt bókaforlag sitt frá 1. maí 1933 að telja, en forlagi þessu hafði hann komið sér upp samhliða prentsmiðjustjórastarfinu. Segir í afsalinu, að með séu taldar bókaleifar í Reykjavík og úti um land, dagbækur, vasabækur og almanök, án nokkurrar undantekningar. Þá segir ennfremur, að í afsalinu séu innifalin öll réttindi aðalstefnds til endurútgáfu og endurprentunar á þessum bókum og skuldbinding af hans hálfu um að gefa þær ekki út framar, enda sé aðalstefnanda heimilt að hagnýta sér þær að öllu leyti eftir eigin vild frá nefndum degi.

Jafnframt því sem aðalstefndur gefur aðalstefnanda afsal þetta, var gerður samningur um forlagið, dagsettur sama dag og afsalið, og viðurkennir aðalstefndur í upphafi hans, að aðalstefnandi hafi greitt sér kr. 15000.00 sem fullnaðargreiðslu fyrir forlagið, er hann hafi afhent samkvæmt afsalinu. Jafnframt skuldbindur aðalstefndur sig til að endurgreiða aðalstefnanda þá upphæð, sem vanta kunni á, að nettóhagnaður af hinum seldu bókaleifum og framhaldsútgáfu þeirra, þar með töldum vasabókum, dagbókum og veggalmanökum, jafni að fullu kaupverðið, kr. 15000.00, ásamt 5% ársvöxtum, fyrir 1. maí 1937, og skuli sú reikningsuppgerð byggjast á sérstökum reikningi yfir út- og innborganir viðvíkjandi forlaginu, sem halda skyldi í bókum aðalstefnanda. Á hinn bóginn skuldbatt aðalstefnandi sig til að endurgreiða aðalstefndum það af nettóhagnaðinum á hinu selda, sem kynni að verða fram yfir kaup-

verðið, kr. 15000.00, „ásamt 5% ársvöxtum á fyrrnefndu tímabili til 1. maí 1937". Loks er í samningnum ákvæði um, að aðalstefnandi annist allt reikningshald og afgreiðslu endurgjaldslaust, og að úr ágreiningi aðilja út af samkomulaginu skuli skorið á sama hátt og ágreiningi út af sameignarsamningi aðilja í Félagsprentsmiðjunni, þ. e. af þriggja manna gerðardómi, þannig skipuðum, að hvor deildaraðilja kysi sinn gerðarmann, en þeir tilnefndu síðan oddamann, eða ef þeir gætu ekki orðið ásáttir um oddamanninn, skyldi hann útnefndur af bæjarfógetanum (nú lögmanni) í Reykjavík.

Áður en samningur aðilja um bókaforlagið var gerður, mun hafa verið ágreiningur þeirra í milli um ýms atriði í félagssamningi þeirra um prentsmiðjuna, svo og í sambandi við bókaforlag stefnds. Virðist ágreiningurinn hafa farið vaxandi eftir forlagssamninginn, og lögðu aðiljar loks ágreininginn fyrir gerðardóm samkvæmt ákvæðum sameignarsamningsins, og var sá dómur fullskipaður 12. jan. 1935, en á þeim tíma var aðalstefndur hættur störfum í Félagsprentsmiðjunni og farinn að vinna í þágu annarar prentsmiðju. Kröfur sameigenda aðalstefnds fyrir gerðardómnum voru bæði út af sameigninni í prentsmiðjunni og forlagssamningnum.

Að því er snertir forlagssamninginn frá 8. júní 1933, voru kröfur sameigenda aðalstefnds m. a. þær: 1) Að honum yrði rift og þeir leystir undan öllum skyldum hans. 2) Að aðalstefndum yrði gert að endurgreiða þeim kaupverð forlagsbókanna, kr. 15000.00, með 5% ársvöxtum frá 8. júní 1933 til greiðsludags, að frádregnum þeim hagnaði, er kynni að hafa orðið á forlaginu frá því að þeir tóku við því og þar til það yrði gert upp. 3) Að ekki yrði tekið með í uppgjör forlagsins útgáfa vasabókar og hagnaður af þeirri útgáfu á árunum 1934 og 1935, heldur renni sá hagnaður allur til þeirra. 4) Að fyrir umsjón með forlaginu, húsnæði, afgreiðslu, innheimtu etc. greiði aðalstefndur þeim kr. 4400.00, er dragist frá hagnaði forlagsins, en greiddist af aðalstefndum persónulega, ef hagnaðurinn hrykki ekki til þess. 5) Að byggt yrði á uppgjöri þeirra, og yrði það bindandi fyrir báða aðilja, en til vara, að forlagið yrði gert upp af tveimur dómkvöddum mönnum, og að uppgjör þeirra yrði bindandi fyrir báða aðilja.

Niðurstaða gerðardómsins um kröfur sameigenda aðalstefnds var, að því er snertir sameignina í pretsmiðjunni, sú, að aðalstefndur var talinn hafa rofið verulega ákvæði ákveðinnar greinar félagssamningsins, og með tilliti til sölutilboðs, er hann hafði gert 12. nóv. 1934, var sameigendum hans heimilaður réttur til kaups á eignarhluta hans í Félagsprentsmiðjunni, ef þeir, einn eða tveir eða allir þrír í sameiningu, samþykktu það fyrir lok júnímánaðar 1935, enda yrði verð eignarhlutans ákveðið af tveim dómkvöddum mönnum, nema samkomulag yrði. Ennfremur var svo ákveðið, að hvor aðilja ætti, enda þótt ekki yrði úr kaupum fyrir 1. júlí 1935, rétt á að heimta félagsslit innan hæfilegs tíma, er var ákveðinn til og með 31. des. 1935. Hvað viðvék kröfunum út af forlagssamningnum, varð niðurstaða gerðardómsins þessi: 1) Samningnum var riftað og sameigendur aðalstefnds leystir undan skyldum sínum samkvæmt honum. 2) Aðalstefndur var skyldaður til að endurgreiða prentsmiðjunni söluverð bókaforlagsins, kr. 15000.00, með 5% ársvöxtum frá 8. júní 1933, en að frádregnu því, sem inn hefði komið netto til prentsmiðjunnar af sölu forlagsbókanna, enda yrði aðalstefndum þá afhent það af forlagsbókaupplögunum, sem þá yrði eftir í vörzlum prentsmiðjunnar. 3) Þessi krafa var ekki tekin til greina að neinu leyti, heldur ákveðið, að aðalstefndur ætti heimtingu á, að það, sem inn hefði komið fyrir þessar bækur, yrði dregið frá upphæðinni undir kröfulið 2, þegar gert yrði upp. 4) Í sambandi við úrlausn sína um þetta atriði segir gerðardómurinn, að þegar gerð verði upp skipti aðilja samkvæmt kröfulið 2, bætist að sjálfsögðu við áðurgreindar kr. 15000.00 allur útlagður kostnaður, sem prentsmiðjan hafi haft vegna forlagsbókanna, svo sem umbúðir, flutnings-, innheimtu- og vátryggingarkostnaður o. s. frv. Eftir forlagssamningnum hafði prentsmiðjan átt að annast afgreiðslu og reikningshald endurgjaldslaust, og virðist tilætlunin því hafa verið sú, að prentsmiðjan teldi ekki í þessu sambandi reksturskostnað forlagsins annað en það, sem beinlínis væri útlagt. En þrátt fyrir þetta ákvað gerðardómurinn þó, með tilliti til allrar framkomu aðalstefnds, sem nánar er lýst í úrskurði gerðardómsins, að aðalstefndur skyldi greiða prentsmiðjunni þóknun, er hæfilega þótti metin kr. 500.00, fyrir reikningshald, af-

greiðslu og geymslu bókanna. Þá var og ákveðið undir þessum lið, að reikningsskil vegna forlagsins færu fram 1. júlí 1935, ef sameigendur aðalstefnds notuðu kauparétt sinn skv. framansögðu, en annars 1. janúar 1936. 5) Ef ekki yrði samkomulag um aðra tilhögun, var ákveðið, að tveir dómkvaddir menn framkvæmdu reikningsskilin, og aðalstefndur bæri kostnaðinn.

Í samræmi við þar að lútandi ákvæði gerðardómsins tilkynntu sameigendur aðalstefnds honum með bréfi dags. 21. júní 1935, að þeir vildu neyta kauparéttar síns að eignarhluta hans, og með bréfi til lögmanns, dagsettu sama dag, óskuðu þeir eftir, að hann dómkveddi tvo menn til að meta hlutann. Voru matsmennirnir síðan dómkvaddir, og varð að samningum milli aðilja, að matsgerðin miðaðist við 31. des. 1935. Sérstaklega var tekið fram í samkomulagi þessu, að það væri að öllu leyti óviðkomandi uppgjöri á bókaforlaginu. Í samræmi við þetta fóru síðan fram kaup á eignarhluta aðalstefnds í prentsmiðjunni.

Að því er snerti uppgjörið á bókaforlaginu, fól aðalstefnandi löggiltum endurskoðanda framkvæmd þess og greiddi honum kr. 800.00 sem þóknun, en þessu uppgjöri vildi aðalstefndur þó ekki una. Í samræmi við ákvæði gerðardómsins voru þá dómkvaddir tveir menn til að framkvæma uppgjörið, þeir Ari Thorlacius, löggiltur endurskoðandi, og Þorvarður Þorvarðsson, fyrrv. prentsmiðjustjóri, en sá síðarnefndi andaðist þó áður en uppgjörinu yrði lokið, og var þá Guðbjörn Guðmundsson, fyrrv. prentsmiðjustjóri, dómkvaddur í hans stað til að ljúka verkinu. Luku hinir dómkvöddu menn störfum 17. febrúar 1937 og skiluðu skýrslu viðvíkjandi uppgjörinu, en samkvæmt henni bar aðalstefndum að greiða aðalstefnanda kr. 7299.98, og var sú upphæð skuld aðalstefnds 30. júní 1935, að frádregnum innborgunum frá þeim tíma til næstu áramóta. Við þessa niðurstöðu hinna dómkvöddu manna höfðu báðir aðiljar ýmislegt að athuga. Töldu sameigendur aðalstefnds, að í uppgjörinu væru vantaldar til gjalda tvær upphæðir, þ. e. kr. 800.00 til löggilts endurskoðanda, er þeir höfðu látið gera forlagið upp áður en þeir Ari voru útnefndir, eins og áður segir, og kr. 1250.00, er þeir höfðu greitt nafngreindum manni, aðallega fyrir söfnun auglýsinga í vasa- og skrifstofudagbækur forlagsins á árunum

1933, 1934 og 1935. Töldu þeir skuld aðalstefnds því nema samtals kr. 9349.98 og höfðuðu aðalsökina til greiðslu hennar. — Aðalstefndur taldi uppgjörið rétt að því er snerti það, að þessum liðum var sleppt, og hefir því krafizt sýknu af greiðslu þeirra í aðalsökinni. Hinsvegar taldi hann ýmsar greiðslur vantaldar forlaginu til tekna og höfðaði því gagnsökina til þess að fá þær greiðslur teknar til greina, með eða án skuldajafnaðar við þá upphæð, er aðalstefnanda kynni að verða tildæmd í aðalsök.

Aðalsökin.

1. *800.00 kr. greiðslan.* Eins og áður segir, lét aðalstefnandi löggiltan endurskoðanda gera upp forlagið, án þess að fyrir lægi samþykki aðalstefnds til þess, og er hérgreind upphæð greiðsla fyrir það uppgjör. Þetta uppgjör neitaði aðalstefndur, eins og einnig er vikið að áður, að taka gilt, og voru þá hinir dómkvöddu menn látnir gera forlagið upp í samræmi við ákvæði gerðardómsins, en kostnað þann, er af því leiddi, hefir aðalstefndur þegar greitt. — Eftir ákvæðum úrskurðar gerðardómsins skyldi forlagið gert upp af dómkvöddum mönnum, nema aðiljar kæmu sér saman um annað. Og þar sem aðalstefndur samþykkti aldrei aðra aðferð, verður rétturinn að líta svo á, að hérgreind upphæð sé honum óviðkomandi, og verður því að sýkna hann af greiðslu hennar, enda þótt það kunni að vera rétt hjá aðalstefnanda, að uppgjör endurskoðandans hafi eitthvað flýtt fyrir hinum dómkvöddu mönnum, þar eð það er ekki sannað, gegn andmælum aðalstefnds, né þá heldur að hve miklu leyti svo hafi verið.

2. 1250.00 *kr. greiðslan.* Svo sem komið hefir fram hér að framan, var einn liður í rekstri forlagsins árleg útgáfa vasabóka og skrifstofudagbóka. Virðist hafa verið allmikið verk að undirbúa prentun þessara bóka árlega og þó sérstaklega söfnun auglýsinga í þær síðartöldu, svo og sala þeirra hvort tveggja. Verk þetta fól prentsmiðjan nafngreindum starfsmanni sínum, en þar eð það var ekki talið falla undir verksvið hans, var honum greidd fyrir það sérstök aukaþóknun: árið 1933 kr. 500.00, 1934 sama upphæð og árið 1935, þ. e. a. s. til 1. júlí þess árs, kr. 250.00, eða samtals hérumrædd greiðsla, og er þetta í samræmi við bækur prentsmiðjunnar, en hins vegar treystu hinir dómkvöddu menn sér ekki til að telja þessa upphæð til

gjalda hjá forlaginu, vegna þess að þeir töldu það ekki heimilt samkvæmt úrskurði gerðardómsins, þar sem ákveðið væri í honum, að aðalstefnanda bæri aðeins kr. 500.00 sem þóknun fyrir reikningshald, afgreiðslu og geymslu bókanna. — Upphæð sú, sem hér er um að ræða, virðist alls ekki hafa komið til álita í gerðardóminum, og er aðalstefnanda því rétt að fá úr því skorið nú, hvernig um greiðslu hennar skuli fara.

Það er ekki véfengt, að umrætt verk hafi verið nauðsynlegt í þágu forlagsins, né að rétt hafi verið að greiða viðkomandi starfsmanni aukaþóknun fyrir það, enda gerði aðalstefndur það sjálfur, meðan hann rak forlagsstarfsemina. Ekki hefir heldur verið hreyft andmælum um, að greiðslan hafi verið of há. Að þessu athuguðu, svo og því, að gerðardómurinn kveður greinilega á um það, að allur útlagður kostnaður í sambandi við forlagið skuli teljast því til gjalda, þá þykir verða að taka hérgreinda kröfu aðalstefnanda til greina.

Í samræmi við framanritað lækkar því upphæð aðalsakar vegna varna þeirra, er aðalstefndur hefir haft uppi í henni, um kr. 800.00, eða niður í kr. 8549.98.

Gagnsökin.

Upphæð sú, sem gagnstefnandi hefir í gangsök krafizt, að kæmi til skuldajafnaðar við upphæð aðalsakar, eða að hann fengi sjálfstæðan dóm fyrir, kr. 20851.56, er í 5 liðum, þ. e.: 1) Vanreiknaðir vextir honum til tekna, kr. 455.04. 2) Andvirði bóka, er verið hafi í vörzlum prentsmiðjunnar, og hún hafi átt að skila sér, en ekki gert, kr. 1921.89. 3) Útistandandi upphæðir hjá ýmsum bóksölum, sem aðalstefnandi hafi ekki gert nægilega grein fyrir, kr. 6948.23. 4) Ágóði af útgáfu vasabóka, almanaka og handbóka fyrir árið 1936, *aðallega* kr. 5763.20, en til *vara* einn þriðji hluti þeirrar upphæðar, og loks. 5) Ágóði af útgáfu sömu bóka fyrir árið 1937, kr. 5763.20.

Um 1. Þannig stendur á kröfu þessari, að hinir dómkvöddu menn hafa í uppgjöri sínu reiknað forlaginu til skuldar 5% ársvexti af öllu söluverði bóka forlagsins, kr. 15000.00, frá söludegi til 30. júní 1935. Hinsvegar reiknuðu þeir forlaginu ekki neina vexti til tekna af greiðslum, er inn komu. Telur gagnstefndur þetta rétt, og muni aðiljar hafa gengið út frá þessu þegar í upphafi, enda

hafi gerðardómurinn úrskurðað þetta atriði á sama hátt, en við úrskurð hans séu aðiljar bundnir. Gagnstefnandi telur hinsvegar, að taka hafi átt tillit til innborgana að þessu leyti, og að sér hafi ekki borið að greiða vexti af hærri upphæð en hann samkvæmt félagssamningnum (sic) skuldaði á hverjum tíma.

Rétturinn fær nú ekki séð, að í úrskurði gerðardómsins sé neitt ákvæði, er skyldi gagnstefnanda til að greiða vexti af hærri upphæð en hann skuldar á hverjum tíma, né heldur, að neitt í þá átt felist í félagssamningnum. Og með því að fallast má á skilning gagnstefnanda að því er þetta atriði snertir og hérgreind vaxta-upphæð er ekki véfengd sem rétt útreiknuð, ber að taka þenna lið gagnsakarinnar til greina.

Um 2. Gagnstefnandi hefir lagt fram lista yfir bækur, er hann telur, að vantað hafi, er honum var afhent bókaforlagið, en gagnstefndur hafi átt að standa skil á, og samkvæmt listanum nemur andvirði þeirra bóka áðurgreindri upphæð. Telur gagnstefnandi, að svo vel hafi verið gengið frá talningu bókanna, að ekki sé neinn vafi um, að gagnstefndum beri að greiða sér þenna mismun.

Gagnstefndur hefir mótmælt, að þessi upphæð sé rétt reiknuð, og telur, að fyrri talning bókanna hafi verið svo ónákvæm, að ekkert sé á henni byggjandi, enda hafi nú komið í ljós, að af sumum bókunum sé nú meira til en til átti að vera samkvæmt fyrri talningunni. Nemi sú upphæð kr. 411.20, og hefir hann ex tuto gert varakröfu um, að þessi liður gagnkröfunnar verði lækkaður um þá upphæð.

Gagnstefnandi hefir í þetta sinn lagt fram skýrslu þeirra, er talninguna framkvæmdu vorið 1933. Þótt ekki skuli bornar brigður á það, að þau hafi viljað vanda sig, þá þykir ekki unnt, gegn mótmælum gagnstefnds, að nota þessa talningu sem grundvöll skaðabótafjárhæðar, þar sem það er ljóst, að þessi talning verður að teljast röng, þegar hún er borin saman við talning og uppgjör hinna dómkvöddu manna vorið 1937. Þá kemur fram hærri eintakafjöldi af sumum bókum, t. d. ísl. ástaljóðum í shirting, en talningin frá 1933 greindi. Hér virðist hafa verið vantalið eða ruglað saman shirting- og skinnbandi. Þess verður ekki dulizt, að skekkjur of eða van kunni

víðar að hafa verið, enda virðist söluverð forlags ásamt útgáfuréttindum, borið saman við nafnverð bókanna, benda til þess, að ekki hafi verið lögð sérstök áherzla á nákvæma talningu af samningsaðiljum. Þá er og verðsetning gallaðra bóka bæði við talningu 1933 og í kröfugerð gagnstefnanda alveg út í bláinn, og því alveg óhæf sem sönnunargagn um verðgildi þessara bóka.

Að þessu athuguðu telur rétturinn ekki unnt að taka þenna lið gagnkröfunnar til greina.

Um 3. Í Úrskurði gerðardómsins var svo ákveðið, að gagnstefnanda skyldi afhent fullnægjandi greinargerð um þær af forlagsbókunum, sem væri í annara vörzlum, þ. e. ýmsra bóksala, þegar reikningsskil vegna forlagsins færu fram. Nú kveðst gagnstefnandi hafa skrifað bóksölunum, og hafi ýmsir þeirra engin skil gert, eða þá ófullnægjandi, þar sem þeir hafi neitað að skulda þá upphæð, er prentsmiðjan telji og hann sé skuldaður fyrir í uppgjörinu. — Gagnstefndur telur, að í þessu ákvæði úrskurðarins felist aðeins, að prentsmiðjunni beri að gera grein fyrir, hve mikið af bókum sé útistandandi hjá bóksölum. Það hafi hún gert í reikningum forlagsins, sem séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og vottaðir réttir. Hafi prentsmiðjan þannig fullnægt skyldu sinni samkvæmt þessu ákvæði úrskurðarins.

Við afhendingu forlagsins til aðalstefnanda var gerð skrá um bækur hjá bóksölum, þannig að farið var eftir bókaleifaskrám þeirra 1. janúar 1933, og bætt við því, sem gagnstefnandi taldi sent frá þeim degi til afhendingardags. Hinsvegar var það ekki staðreynt við þessa afhendingu, hve mikið var í raun og veru hjá bóksölunum. Við endurafhendingu forlagsins til gagnstefnanda hefir sama aðferð verið viðhöfð, og virðist eftir atvikum þetta mega teljast „fullnægjandi greinargerð", þar sem ekki hefir verið sýnt fram á það með rökum, að bókhaldi gagnstefnds um forlagið hafi verið áfátt, enda þótt af hálfu gagnstefnanda í síðustu greinargerð hans sé hið gagnstæða gefið í skyn.

Þenna lið gagnsakarinnar þykir því ekki fært að taka til greina.

Um 4. Áður en rætt er um þenna kröfulið, þykir rétt að taka afstöðu til þess, við hvaða tíma beri að miða

uppgjör bókaforlagsins, en um það hafa aðiljar allmjög deilt, og vegna þeirrar deilu, svo og vegna þess, að hinum dómkvöddu mönnum þótti ákvæði úrskurðarins ekki ljós um þetta, gerðu þeir tvö uppgjör og miðuðu annað við 30. júní, en hitt við 31. desember 1935. — Í úrskurðinum er gagnaðiljum aðalstefnds heimilaður kauparéttur að eignarhluta hans í prentsmiðjunni, ef þeir, einn eða fleiri, samþykki það fyrir júnílok 1935, og ef af því yrði, skyldu reikningsskil fyrir forlagið fara fram 1. júlí 1935. Þessa kauparéttar neyttu gagnaðiljar aðalstefnds síðan innan tilskilins tíma, og lítur rétturinn því svo á, að augljóst sé af hérgreindum ákvæðum úrskurðarins, að uppgjör forlagsins beri að miða við 1. júlí 1935, en úr því svo er, verður hérgreind aðalkrafa aðalstefnds, um að ágóði af bókunum renni til forlagsins, ekki tekin til greina, þar eð tekjur af bókum þessum eru ekki tilfallnar fyrr en eftir þann tíma. Verður rétturinn því að líta svo á, að ágóði af bókum þessum eigi að renna til prentsmiðjunnar, en hann nam samkvæmt sérstökum útreikningi hinna dómkvöddu manna kr. 5763.20.

Að því er snerti uppgjör á eignarhluta aðalstefnds í prentsmiðjunni varð samkomulag með aðiljum um, að aðalstefndur nyti arðs af rekstri prentsmiðjunnar árið 1935 á nánar tilgreindan hátt, en það hinsvegar tekið fram, að samkomulagið væri með öllu óviðkomandi uppgjöri bókaforlagsins. Í samræmi við þetta var svo ágóðanum af bókum þeim, er um ræðir í þessum lið, alveg haldið utan við uppgjör eignarhlutans, enda mun aðalstefndur þá hafa talið, að hann myndi allur renna til forlagsins og þannig allur koma sér til góða. — Að þessu athuguðu þykir því verða að taka hérgreinda varakröfu aðalstefnds til greina og tildæma honum einn þriðja hluta þessarar upphæðar, eða kr. 1921.07, enda var hann eigandi eins þriðja hluta prentsmiðjunnar.

Um 5. Þenna lið gagnkröfunnar byggir aðalstefndur á því, að á árinu 1936 hafi aðalstefnandi gefið út, fyrir árið 1937, í óleyfi sínu sömu bækur og rætt er um undir 4, en að bókum þessum telur hann sig eiga rithöfundarrétt, og að eftir riftingu forlagssamningsins hafi aðalstefnanda því verið með öllu óheimil útgáfa þeirra. Telur hann því, að með útgáfunni hafi aðalstefnandi brotið ákvæði laga

um rithöfundarétt, og beri honum að bæta sér þetta með ágóða þeim, er hann hafi haft af bókunum, en það sé að minnsta kosti jafnhá upphæð og árið áður, eða kr. 5763.20.

Aðalstefnandi neitar því eindregið, að aðalstefndur eigi nokkurn rithöfundarrétt að þessum bókum, og sé þessi krafa hans því hin mesta fjarstæða, enda kveðst hann sjálfur hafa gefið út samskonar bækur áður en hann keypti forlagið.

Efni bóka þessara er, auk venjulegs dagatals, ýmiskonar fróðleikur, sem allir eiga annars staðar aðgang að, svo sem: innlent mál og vog, hvenær ýms söfn og opinberar stofnanir eru opnar, viðtalstími lækna og presta, brunaboðar, rómverskar tölur, dagafjöldi mánaðanna, nokkrar vegalengdir, uppprentanir úr hagskýrslum o. fl. af svipuðu tægi.

Það er nú að vísu svo, að allmargir kaflar, sem voru í bókum aðalstefnds áður og á meðan aðalstefnandi rak forlagið, eru í bókum þeim, sem hér ræðir um, enda þótt miklu sé við bætt, en annað leiðrétt og niður fellt og efnisskipun sé önnur. En að því athuguðu, sem sagt er hér að framan um efni bókanna, lítur rétturinn svo á, að útgáfa þeirra hafi verið aðalstefnanda heimil, og að engin réttindi aðalstefnds hafi verið þessari útgáfu aðalstefnanda til fyrirstöðu. Verður þessi liður gagnkröfunnar því ekki tekinn til greina.

Verða úrslit gagnsakar því þau, að samtals verða teknar til greina í henni til skuldajafnaðar við upphæð aðalsakar kr. 2376.11. Í gagnsök hefir verið krafizt hærri vaxta og frá fyrri tíma, en gert er í aðalsök, en ekki þykir ástæða til að taka þá kröfu til greina.

Úrslit málsins í heild verða því þau, að aðalstefndur verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 8549.98 að frádregnum kr. 2376.11, eða kr. 6173.87, með vöxtum eins og krafizt hefir verið, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður, bæði í aðalsök og gagnsök.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, Steindór Gunnarsson, greiði aðalstefnanda, s/f Félagsprentsmiðjunni, kr. 6173.87 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsudags, en

málskostnaður falli niður, bæði í aðalsök og gagnsök.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. október 1940.

Nr. 80/1940. **Sveinn Jónsson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Bæjarsjóði Reykjavíkur
(Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsskylda. — Heimilisfang.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefir uppkveðið Adolph Bergsson fulltrúi lögmanns í Reykjavík.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. ágúst þ. á. Krefst hann þess, að fógetaúrskurðurinn verði úr gildi felldur og synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðiljar eru sammála um, að hálf húseignin nr. 43 við Víðimel í Reykjavík sé séreign konu áfrýjanda. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Samkvæmt niðurstöðu þessari ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sveinn Jónsson, greiði stefnda, bæjarsjóði Reykjavíkur, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 14. ágúst 1940.

Gerðarþola í máli þessu hefir verið gert að greiða útsvar til Reykjavíkurbæjar fyrir árið 1939 kr. 330.00, auk dráttarvaxta.

Með því að útsvarið hefir eigi fengizt greitt, þá hefir bæjargjaldkerinn í Reykjavík krafizt þess, að útsvarið yrði innheimt með lögtaki, en gerðarþoli hefir mótmælt framgangi lögtaksins, og hafa aðiljar því komið sér saman um að leggja ágreininginn undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að gerðarþoli sé útsvarsskyldur hér í bænum, og rökstyður hann þá staðhæfingu sína með því að benda á, að gerðarþoli eigi hús hér í bænum, þar sem hann, ásamt fjölskyldlu sinni, búi að staðaldri.

Ennfremur leggur gerðarbeiðandi fram yfirlit frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur um rafmagnsnotkun gerðarþola fyrir tímabilið $^{8}/_{10}$ 1938 til $^{1}/_{8}$ 1940. Sýnir yfirlitið sundurliðaða rafmagnseyðslu gerðarþola fyrir hvern mánuð.

Gerðarþoli heldur því fram, að hann sé ekki útsvarsskyldur hér, heldur sé hann útsvarsskyldur í Sandgerði, þar sem hann stundi atvinnu sína.

Það er upplýst, að gerðarþoli á $^{3}/_{10}$ hluta í sameignarfélaginu Haraldur Böðvarsson & Co í Sandgerði.

Gerðarþoli heldur því fram, að hann sé mestan hluta árs í Sandgerði vegna atvinnu sinnar, en hann dveljist aðeins lítinn hluta ársins á heimili sínu í Reykjavík.

Gerðarbeiðandi heldur því aftur á móti fram, að gerðarþoli dveljist aðallega í Sandgerði yfir vertíðina, en sé á heimili sínu í Reykjavík mestan hluta annan tíma ársins.

Það er ekki upplýst neitt um það, hve lengi gerðarþoli dvelur í Sandgerði eða Reykjavík.

Það er hinsvegar upplýst, að gerðarþoli á húseign hér í bænum, sem hann, ásamt fjölskyldu sinni, dvelur í að staðaldri, og verður því að telja, að útsvarið sé réttilega lagt á gerðarþola samkvæmt 8. gr. laga nr. 106 frá 1936, og beri því að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á að ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Mánudaginn 21. október 1940.

Nr. 44/1940. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Óla Vernharði Metúsalemssyni
(Eggert Claessen).

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Það verður að líta svo á, eftir tilhögun þeirri, sem kærði hafði á verzlunarrekstri sínum, að hann hafi komið fram sem heildsali gagnvart iðnrekendum þeim, er hann seldi húsgagnaáklæði á árinu 1939, svo sem nánar segir í héraðsdóminum. Hann hefir með of hárri verðlagningu á vöru þessa brotið ákvæði 3. mgr. 8. gr. laga nr. 70 frá 1937 um verðlag á vörum, sbr. auglýsingu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins 11. febr. 1939 og auglýsingar verðlagsnefndar 17. febr. og 13. apríl sama ár. Ber nú að ákveða refsingu fyrir brot þetta eftir 3. mgr. 13. gr. laga um verðlag nr. 118 frá 1940, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Eftirlitsmaður verðlagsnefndar athugaði verðlagningu kærða, fyrst 27. marz 1939 og síðan 12. apríl, 4. maí, 22. júlí og 18. ágúst s. á., og var verzlunartilhögun og verðlagning kærða með svipuðum hætti allan þann tíma, að því leyti, sem hér skiptir máli. Samt sem áður hefir verðlagsnefnd ekki, svo séð verði, áminnt kærða eða lagt fyrir hann að breyta um verðlagningu áður en hún kærði hann fyrir lögreglustjóra þann 31. ágúst 1939. Með tilliti til þessa þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með héraðsdómi er gerður upptækur ólöglegur ágóði kærða, að fjárhæð kr. 1565.51. Af prófum málsins verður ekki séð, hvernig þessi fjárhæð er reiknuð né við hvaða sölur hún er miðuð, og ekki sést heldur, að hún hafi verið borin undir kærða og honum veitt færi á að gæta réttar síns í því sambandi. Er því ekki kostur þess að ákveða nú, hverju ólöglegur ágóði kærða kann að hafa numið, og verður að sýkna hann af þessu kæruatriði.

Eftir þessum málalokum ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Svo ber kærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Óli Vernharð Metúsalemsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptökuákvæði hins áfrýjaða dóms eru úr gildi felld.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 8. maí 1940.

Ár 1940, miðvikudaginn 8. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af Valdimar Stefánssyni, fulltúra sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 813/1940: Valdstjórnin gegn Óla Vernharði Metúsalemssyni, sem tekið var til dóms 22. fyrra mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Óla Vernharði Metúsalemssyni kaupmanni, Ingólfsstræti 16 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 70 31. desember 1937, um verðlag á vörum, sbr. auglýsingu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, um verðlag á vefnaðarvörum og fatnaði, frá 11. febrúar 1939, og auglýsingu verðlagsnefndar frá 17. febrúar og 13. apríl 1939.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. ágúst 1901, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum.

1920 ⅝ Aðvörun fyrir að stýra bifreið án þess að hafa öðlazt ökuskírteini.
1921 ½ Sætt 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
1930 1/12 Sætt 5 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.
1935 ⅝ Sætt 10 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1939 ⅝ Sætt 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18 1901.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 27. marz 1939 kom

eftirlitsmaður verðlagsnefndar í verzlunina O. V. Jóhannsson & Co og tók þar 2 verðreikninga yfir húsgagnaáklæði, sem verzlunin hafði til sölu. Reiknaðist verðlagsnefnd til, að álagning verzlunarinnar á ofangreint húsgagnaáklæði væri sem næst fyllstu smásöluálagningu, en þennan dag var hin leyfilega álagning, samkvæmt auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 17. febrúar 1939, sem hér segir:

Í heildsölu 16%.

Í smásölu:

a) þegar keypt var af innlendum heildsölubirgðum 50%;
b) þegar keypt var beint frá útlöndum 74%.

Eftirlitsmanni verðlagsnefndar kom það einkennilega fyrir sjónir, að verzlunin skyldi nota smásöluálagningu, þar sem honum fannst, að um heildsölu væri að ræða. Gat hann strax um þetta við framkvæmdarstjóra og aðaleiganda verzlunarinnar, Óla Vernharð Metúsalemsson, sem er kærður í máli þessu. Hélt kærði því ákveðið fram, að um smásöluverzlun væri að ræða, og tók eftirlitsmaðurinn þetta trúanlegt og hreyfði ekki frekari athugasemdum. Síðan kom eftirlitsmaðurinn til verzlunarinnar 12. apríl, 4. maí, 22. júlí og 18. ágúst sama ár og tók upp verðreikninga, sem sýndu, eftir útreikningi verðlagsnefndar, að verzlunin miðaði álagningu sína við smásöluverzlun, þó hámarksálagning í smásölu hafi ekki alls staðar verið notuð til hins ýtrasta, en með auglýsingu verðlagsnefndar frá 13. apríl 1939 var hámarksálagning á umrædda vörutegund ákveðin sem hér segir:

Í heildsölu 15%.

Í smásölu:

a) þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum 47%;
b) þegar keypt er beint frá útlöndum 64%.

Var nú athygli verðlagsnefndar vakin á því, að verzlun þessi hlyti að skoðast sem heildsöluverzlun, og er verðlagsnefnd hafði leitað nánari upplýsingar, kærir hún til lögreglustjóra 31. ágúst s. l. verzlunina fyrir ólöglega verzlunarálagningu.

Rannsókn málsins hefir leitt í ljós, að verzlunin Ó. V. Jóhannsson & Co var tilkynnt til firmaskrár 21. ágúst 1931 sem umboðs- og heildsöluverzlun með aðsetur í Ingólfsstræti 16 hér í bænum. Var verzlunin rekin samkvæmt borgarabréfi útg. 10. júlí 1919 til handa Metúsalem Jóhanns-

syni, en hann er annar eigandi verzlunarinnar. Meðan verzlunin hafði aðsetur sitt í Ingólfsstræti 16, stóð í gluggum hennar: „Umboðs- og heildverzlun", en verzlunin flutti þaðan 14. maí 1939 í Hafnarhúsið hér í bæ, og síðan hefir aðeins staðið í gluggum verzlunarinnar: „Ó. V. Jóhannsson & Co." Verzlunin hefir aldrei haft eiginlega sölubúð, heldur aðeins skrifstofur, og hefir salan farið þar fram. Í símaskránni fyrir árið 1939 er verzlunin skráð sem umboðs- og heildverzlun.

Viðskiptamenn verzlunarinnar voru aðallega húsgagnabólstrarameistarar, sem seldu húsgögn í heilu lagi, bæði efni og vinnu sína, og auk þess einstakir menn, sem keyptu af verzluninni að tilvísun meistaranna. Hafa aðalviðskiptamenn verzlunarinnar verið leiddir sem vitni í máli þessu, og hafa þeir nær allir borið, að þeir hafi keypt húsgagnaáklæði af verzluninni að meira eða minna leyti gegn framsali gjaldeyris- og innflutningsleyfa, og sumir þeirra hafa sagt, að svo hafi verið undantekningarlaust. Starfsmaður verzlunarinnar, Þorvaldur Þorsteinsson, hefir borið, að húsgagnaáklæði hafi aðallega verið seld gegn framsali innflutningsleyfa, en það hafi ekki verið skilyrði fyrir sölunni. Telur hann, að þegar litið sé á alla sölu verzlunarinnar, þá hafi meiri sala farið fram gegn framsali innflutningsleyfa heldur en hitt. Vitnin Hjálmar Hjalti Finnbogason, Konráð Gíslason og Helgi Sigurðsson, húsgagnabólstrarameistarar, og Þorsteinn Sigurðsson og Jón Halldórsson, húsgagnasmíðameistarar, kveðast öll hafa keypt í heildsölu eða álitið sig vera að kaupa í heildsölu þau húsgagnaáklæði, sem þau hafa keypt hjá verzluninni, og hafa því lagt á áklæðin sem næst lögheimilli smásöluálagningu, þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum. Rannsókn málsins hefir leitt í ljós, að á tímabilinu frá 17. febrúar til 13. apríl 1939 hefir verzlunin selt mönnum þessum húsgagnaáklæði fyrir samtals kr. 1070.40, en síðar á árinu fyrir samtals kr. 8369.16. Vitni þessi hafa öll borið, að þau mundu ekki hafa keypt vöru þessa af smásala, því þá töldu þau sér óheimilt að leggja á vöruna, og gætu því ekki haft hagnað af kaupunum. Þrjú þessara vitna fengu gjaldfrest hjá verzluninni og samþykktu víxla fyrir kaupunum. Eitt vitnið, Konráð Gíslason, kveðst hafa hinn 11. apríl 1939 keypt af verzluninni í umboðssölu 63 metra af húsgagnaáklæði, og kveð-

ur vöruna hafa verið óupptekna í umbúðum frá hinu erlenda firma, en vöru þessa kveðst vitnið hafa pantað snemma á árinu.

Kærði hefir viðurkennt, að vel geti átt sér stað, að Konráð hafi fengið þessa 63 metra af húsgagnaáklæði óupptekna í umbúðum frá hinu erlenda firma, en heldur því fram, að slíkt geti komið fyrir, þó að varan sé seld í smásölu. Heldur kærði því eindregið fram, að hann hafi eingöngu selt húsgagnaáklæði í smásölu, og að salan til framangreindra iðnaðarmanna hafi verið smásala, þar sem þeir þurfi ekki að leysa verzlunarleyfi.

Á framangreind húsgagnaáklæði hefir kærði viðurkennt að hafa að meðaltali lagt 38%, en framangreindir fimm kaupendur hans lögðu á vöruna (á útsöluverð kærða) nær alla þá smásöluálagningu, sem leyfð er, þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum. Verðlagsákvæðin hafa því verið brotin, þótt talið væri, að umrædd sala kærða hafi farið fram í smásölu, og kærði þar með gerzt brotlegur, þar sem hann er raunverulega að þessu valdur. Hins vegar verður að líta svo á, að þegar talað er um heildsölu í lögum nr. 70 frá 1937, þá sé átt við, þegar vara er seld mönnum, sem beinlínis kaupa hana í því skyni að selja hana aftur með álagningu, en að aðalatriðið sé ekki, hvað mikið er salt í einu eða hvort varan er seld síðar með eða án vinnu kaupandans. Verður því að telja, að smásala til smásala geti ekki átt sér stað, nema þannig, að tveir eða fleiri smásalar komi sér saman um að skipta á milli sín að nota smásöluálagningarheimildina. Framangreindir fimm iðnaðarmenn, kaupendur kærða, eru smásalar. Þrátt fyrir neitun kærða, verður því að telja, eins og atvikum við sölu þessa hefir verið lýst hér að framan, að sala þessi hafi farið fram í heildsölu.

Kærði, sem hefir séð um og ber ábyrgð á álagningu verzlunarinnar O. V. Jóhannsson & Co, hefir þannig gerzt brotlegur við 9. gr. laga nr. 70 31. des. 1937, um verðlag á vörum, sbr. auglýsingu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins frá 11. febrúar 1939, um verðlag á vefnaðarvörum og fatnaði, og sbr. ennfremur auglýsingu verðlagsnefndar frá 17. febrúar og 13. apríl 1939. Þykir refsing hans eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar,

verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá á einnig samkvæmt 9. gr. laga nr. 70 frá 31. des. 1937 að gera upptækan þann ágóða, sem ranglega er fenginn með of hárri álagningu, og ber því samkvæmt framansögðu að dæma kærða til að greiða til ríkissjóðs upphæð, sem nemur ágóða þeim, sem hefir fengizt við að farið var fram úr lögheimilli álagningu á nefndu húsgagnaáklæði, og er það samkvæmt framansögðu kr. 1565.51.

Loks ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrm. Eggerts Claessen, kr. 100.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Óli Vernharð Metúsalemsson, greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 1565.51, skal upptækur, og greiði kærði hann inn 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessen, kr. 100.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. október 1940.

Kærumál nr. 7/1940. **Þorvaldur Sigurðsson**
gegn
Magnúsi Þorsteinssyni.

Endurupptaka.

Dómur hæstaréttar.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti var sent með bréfi lögmanns frá 11. þ. m. og hingað komnu 12. s. m., hefir sóknaraðili hér fyrir dómi krafizt þess, að úrskurður í bæjarþingsmálinu nr. 320/1940:

Þorvaldur Sigurðsson gegn Magnúsi Þorsteinssyni, kveðinn upp af Birni Þórðarson lögmanni, verði úr gildi felldur, og að varnaraðili verði dæmdur til þess að greiða kostnað af kærumálinu að skaðlausu.

Varnaraðili hefir hvorki sent hæstarétti greinargerð um málið né gert kröfur í því.

Sóknaraðili hefir að vísu viðurkennt, að varnaraðili hafi verið fjarvistum úr Reykjavíkurbæ þann 5. september þ. á., er mál þetta var þingfest, en gegn mótmælum sóknaraðilja er ósannað, að varnaraðili hafi verið bundinn nokkrum þeim nauðsynjum, er í 9. gr. sbr. 4. málsgr. 118. laga nr. 85/1936 greinir. Endurupptöku máls þessa mátti því ekki byggja á ákvæðum 118. gr. sömu laga. Endurupptaka til hagsmuna varnaraðilja mátti ekki heldur byggja á því í þessu máli, að það væri ekki nægilega skýrt, með því að hann sótti ekki þing, og nauðsynjar voru hvorki sannaðar né sennilegar gerðar. Endurupptaka á þeim grundvelli til hagsmuna sóknaraðilja hefir ef til vill verið heimil samkvæmt 120. gr. téðra laga, en hún veitir varnaraðilja engan rétt til hluttöku í meðferð málsins gegn mótmælum sóknaraðilja.

Samkvæmt því, er nú var sagt, verður að fella bæjarþingsúrskurðinn úr gildi og dæma varnaraðilja til þess að greiða sóknaraðilja 70 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsúrskurðurinn er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Magnús Þorsteinsson, greiði sóknaraðilja, Þorvaldi Sigurðssyni, 70 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1940.

Mál þetta var þingfest hér fyrir rétti þann 5. f. m. Mætti stefndur þá ekki né nokkur af hans hálfu, en stefnandi tók viku frest til málsútlistunar. Við fyrirtekt málsins þann 12. f. m. mætti stefndur ekki heldur né neinn af hans hálfu, og var málið þá tekið til dóms skv. kröfu stefnanda.

Með beiðni dags. 23. f. m. fór stefnandi þess á leit, að mál þetta yrði tekið upp að nýju skv. heimild í 118. gr. einkamálalaganna. Kvaðst stefndur hafa verið forfallaður, er málið skyldi þingfest, og hefði hann ekki getað komið því við að mæta í málinu eða láta mæta fyrir sig.

Það er upplýst með framlögðu vottorði, enda óvéfengt, að stefndur var fjarverandi úr bænum þann 4. og 5. sept. s. l. Stefnandi hefir samt mótmælt endurupptöku málsins, þar sem hann telur, að stefndur muni hafa átt þess kost, að senda hæfan umboðsmann í sinn stað.

Með tilliti til nefndrar fjarvistar stefnds, er telja verður að skapi líkur fyrir staðhæfingum hans að þessu leyti, þykir þó vera um forföll af hans hálfu að ræða. Og þar sem auk þess virðist talsvert skorta á upplýsingar í málinu, þykir eftir atvikum rétt að heimila endurupptöku þess.

Því úrskurðast:

Framangreint mál skal endurupptekið.

Miðvikudaginn 23. október 1940.

Nr. 90/1940: **Eimskipafélagið Ísafold h/f**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Theódór B. Lindal).
Varadómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Deila um loforð um vátryggingu.

Dómur hæstaréttar.

Björn Þórðarson lögmaður hefir kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. þ. m., hefir krafizt þess, að stefndi verði, að viðlögðum dagsektum eftir ákvörðun hæstaréttar, dæmdur til þess að gefa út líftryggingarskírteini til handa tilgreindum skipverjum á skipi áfrýjanda, e/s Eddu, og með tilteknum upphæðum samkvæmt héraðsdómsskjali nr. 7, gegn greiðslu á fallinna iðgjalda, kr. 13849.02. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar bæði fyrir héraðsdómi og hæstarétti eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Í máli þessu sækir áfrýjandi stefnda til útgáfu líftryggingarskírteina til handa fyrrnefndum skipverjum sínum, er honum var skylt að láta þeim í té til efnda á stríðsáhættufyrirmælum í samningi 7. okt. 1939 milli útgerðarmanna og sjómanna. Áfrýjandi er því réttur aðili máls þessa, og sýknukrafa stefnda vegna aðildarskorts áfrýjanda hefir því ekki við rök að styðjast.

Áfrýjandi mátti ekki treysta því, að forstjóri Carl D. Tulinius h/f, vátryggingaumboðsmanns stefnda, hefði f. h. félags síns umboð til þess að gera vátryggingarsamning þann, sem í þessu máli greinir, fyrir stefnda. Veltur mál þetta því á því, hvort stefndi hafi sjálfur bundizt loforði í þá átt.

Forstjóri hins stefnda félags, Brynjólfur Stefánsson, hefir í skriflegum, en óstaðfestum, skýrslum neitað því, að hann hafi fyrir hönd stefnda undirgengizt líftryggingu téðra skipverja til efnda á líftryggingarákvæðum áðurnefndra samninga milli útgerðarmanna og sjómanna, sem miðuð sé við ófriðarástandið, enda sé tryggingarskyldu útgerðar

lokið, þegar því ástandi lýkur, heldur hafi hann einungis veitt loforð um að líftryggja skipverja þessa venjulegri tryggingu, eins og stefndi hafi gert um allmarga sjómenn í upphafi styrjaldarinnar. Forstjóri h/f Carl D. Tulinius, Carl D. Tulinius, og tveir starfsmanna þess félags hafa hins vegar borið það og staðfest fyrir dómi, að forstjóri stefnda áðurnefndur hafi fyrir hönd hans undirgengizt að líftryggja skipverjana til efnda áfrýjanda á stríðstryggingarfyrirmælum áðurgreinds samnings. Málalok skipta h/f Carl D. Tulinius fjárhagslega í allríkum mæli og forstjóra þess siðferðilega, og verður hann því ekki talinn lögfullt vitni í því. Hin vitnin voru þá starfsmenn félags þessa, og verða því ekki heldur talin lögfull. Hefir áfrýjandi því ekki leitt fullar sönnur að loforði því, sem hann hermir upp á forstjóra stefnda í máli þessu. Hins vegar þykir hann þó hafa stutt staðhæfingu sína svo sterkum stoðum með skýrslum vitna þessara, að málalok velti á eiði forstjóra stefnda, þannig, að stefndi verði dæmdur sýkn af kröfum áfrýjanda, ef forstjórinn synjar þess með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmæltu varnarþingi og innan 7 daga frá birtingu dóms þessa, að hann hafi fyrir hönd stefnda veitt loforð um líftryggingu tilgreindra skipverja skips áfrýjanda, e/s Eddu, í októbermánuði 1939 til efnda skyldum áfrýjanda samkvæmt líftryggingarákvæðum vegna stríðsáhættu í samningum 7. okt. 1939 milli útgerðarmanna og sjómanna.

En ef nefndum forstjóra hins stefnda félags verður eiðfall, skal því skylt að gefa út innan 7 daga frá lokum ofannefnds eiðsfrests líftryggingarskírteini áðurnefndra skipverja e/s Eddu með tilgreindum

upphæðum samkvæmt héraðsdómsskjali nr. 7, að viðlögðum 50 króna dagsektum, en gegn greiðslu áfallinna iðgjalda, kr. 13849.02.

Dagsekta hefir ekki verið krafizt af nokkrum ákveðnum, einstökum manni, og verður því ekki sett ákvæði um afplánun þeirra í dóm þenna.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði fyrir héraðsdómi og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f, ef forstjóri stefnda, Brynjólfur Stefánsson, synjar þess með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmæltu varnarþingi og innan 7 daga frá birtingu dóms þessa, að hann hafi fyrir hönd stefnda veitt loforð um líftryggingu tilgreindra skipverja skips áfrýjanda, e/s Eddu, í októbermánuði 1939 til efnda á skyldum áfrýjanda samkvæmt líftryggingarákvæðum vegna stríðsáhættu í samningum 7. okt. 1939 milli útgerðarmanna og sjómanna.

En ef ofannefndum forstjóra stefnda verður eiðfall, skal stefnda skylt að gefa út innan 7 daga frá lokum ofangreinds eiðvinningarfrests líftryggingarskírteini áðurnefndra skipverja e/s Eddu með tilgreindum upphæðum samkvæmt héraðsdómsskjali nr. 7, að viðlögðum 50 króna dagsektum, en gegn greiðslu áfallinna iðgjalda, kr. 13849.02.

Málskostnaður bæði fyrir héraðsdómi og hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. sept. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 31. jan. s. l. af Gunnari Guðjónssyni framkvæmdarstjóra f. h. Eimskipafélagsins Ísafold h/f hér í bæ gegn stjórn Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f f.h.félagsins,þeim Halldóri Þorsteinssyni,Lárusi Fjeldsted, Hallgrími Tulinius, Aðalsteini Kristinssyni og Guðmundi Ásbjörnssyni, öllum hér í bæ, og gerir stefnandi þær réttarkröfur, að hin stefnda stjórn verði f. h. félagsins, að viðlögðum dagsektum eftir mati réttarins, dæmd til að gefa út líftryggingarskírteini fyrir tilgreinda skipverja á e/s Eddu og með tilteknum upphæðum, gegn afhendingu á iðgjaldi, kr. 9232.68, sem „deponerað" hefir verið hjá réttinum. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar skv. mati réttarins. Hefir stefnandi jafnframt áskilið sér rétt til að krefjast bóta af stefnda fyrir allt það tjón, er hann telur sig hafa beðið vegna þess, að nefnd líftryggingarskírteini voru eigi gefin út á réttum tíma.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu samkv. mati réttarins. Við hinn munnlega málflutning gerði stefnda og þá kröfu „ex tuto", að málinu yrði frá vísað, en ekki var sú krafa á þann veg rökstudd, að hún geti orðið tekin til greina.

Tildrög málsins eru þau, að með samningi dags. 7. okt. f. á. skuldbundu útgerðarmenn sig gagnvart Sjómannafélaginu til að tryggja skipshafnir sínar gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa. Hinn 10. s. m. kom Carl D. Tulinius, forstjóri h/f Carl D. Tuliniur & Co, til stefnanda og spurðist fyrir um það, hvort hann mundi ekki vilja kaupa líftryggingu hjá stefnda handa allri skipshöfn e/s Eddu, sem þá átti að leggja af stað til Ítalíu næstu daga. Kvaðst stefnandi hafa tjáð Tulinius, að svo framarlega sem tryggingar fengjust keyptar handa allri skipshöfninni á venjulegum líftryggingargrundvelli, væri hann fús til

að kaupa þær þegar í stað. Segir stefnandi, að Tulinius hafi skömmu síðar tilkynnt sér, að stefnda hefði samþykkt umræddar tryggingar „principielt", en með fyrirvara um læknisskoðun, eins og venja væri til, og í því skyni hefðu læknar verið sendir til Keflavíkur til að framkvæma skoðunina, en skipið var þá statt þar. Að lokinni skoðun, eða næsta dag, hafi Tulinius tjáð sér, að líftryggingar allrar skipshafnarinnar væru gengnar í gildi, að skipstjóranum undanskildum, vegna fyrri sjúkdóms hans, en Tulinius hafi sagzt mundu útvega líftryggingu fyrir hann hjá öðru félagi. Jafnframt hafi Tulinius farið þess á leit, að missirisgjöld yrðu greidd þá þegar, og kveðst stefnandi hafa afhent honum 5000 kr. í þessu skyni, en það var sú upphæð, er talið var, að nægja mundi. Fjórum eða fimm dögum eftir að e/s Edda fór héðan áleiðis til Ítalíu, eða um það bil, sem skipið var væntanlegt til Englands, kveður stefnandi, að forstjóri stefnda hafi hringt til sín. Hafi hann látið þess getið, að þar sem honum hefði skilizt, að stefnandi væri í þeirri trú, að skipshöfn e/s Eddu væri tryggð hjá stefnda, þá vildi hann taka það fram, að svo væri ekki, þar sem félagið hefði ekki samþykkt tryggingarnar og vildi eigi gera það með nefndum kjörum. Hafi stefnda síðan haldið fast við þessa neitun sína, að því undanskildu, að líftryggingarskírteini eins skipverja, Sigurðar Jónssonar, mun hafa verið gefið út fyrir vangá (að því er stefnda telur), og var sá skipverji tryggður fyrir 17000.00 kr.

Stefnandi heldur því nú fram, að bindandi samningar hafi í raun og veru verið komnir á milli sín og stefnda fyrir milligöngu tryggingarstofu félagsins h/f Carl D. Tulinius & Co um líftryggingar skipshafnarinnar, og með þeim kjörum, að greidd yrðu gjöld þau, sem „deponerað" hefir verið hjá réttinum. En vegna neitunar stefnda hefir stefnandi höfðað mál þetta og gert í því framangreindar réttarkröfur.

Sýknukröfu sína byggir stefnda í fyrsta lagi á því, að stefnandi eigi ekki aðild þessa máls. Það er viðurkennt í málinu, að stefnandi ætlar að greiða iðgjöld af hinum umdeildu tryggingum fyrir skipsverja sína, og þykir því ekki verða talið, að stefnanda bresti aðild þess máls, þar sem krafizt er afhendingar á nefndum tryggingarskírteinum gegn greiðslu þessara iðgjalda.

Í öðru lagi byggir stefnda sýknukröfu sína á því, að gagn-

vart sér hafi ekki verið komnir á bindandi samningar um tryggingar þessar, þótt h/f Carl D. Tulinius & Co hafi staðhæft það við stefnanda og staðhæfi það enn, þar sem hvorki stöðuumboð þess félags né sérstakt umboð hafi veitt því rétt til að takast á hendur tryggingar með þeim hætti, sem stefnt er út af.

Það er óvéfengt, að viðskipti forstjóra h/f Carl D. Tulinius & Co við stefnanda hafi verið eins og að framan er lýst. Kveðst stefnandi því hafa talið sig fullkomlega geta treyst því, að hann fengi hinar umræddu tryggingar með þeim kjörum, sem forstjóri h/f Carl D. Tulinius & Co hafði lofað, enda hafi hann látið e/s Eddu sigla í trausti þess. Hinar ítrekuðu auglýsingar stefnda í blöðunum um, að tryggingarskrifstofa félagsins sé hjá h/f Carl D. Tulinius & Co, sé og alls ekki unnt að skilja á annan hátt en þann, að það félag geti fullsamið um tryggingar sem þessar, og staðhæfir stefnandi, að það sé venja, að menn semji alveg sjálfstætt við tryggingarskrifstofur sem þessar um líftryggingar.

Að áliti réttarins er orðalag hinna tilvitnuðu auglýsinga þó ekki á þá lund, að það verði talið hafa veitt stefnanda réttmæta ástæðu til að álíta umboð h/f Carl D. Tulinius & Co í þessu efni svo víðtækt sem hann hefir haldið fram, og víðtækara en telja verður, að slík tryggingarumboðsmennska feli almennt í sér, sem mun vera að útvega umsóknir um líftryggingar, er vátryggingarfélagið síðan sjálft ákveður, hvort taka skuli til greina eða ekki. Framlagður umboðssamningur milli stefnda og h/f Carl D. Tulinius & Co, svo og líftryggingarskilmálar í framlagðri iðgjaldaskrá stefnda, benda og í sömu átt og styðja þennan skilning. Samkvæmt þessu og þar sem það er ekki, gegn eindregnum mótmælum stefnda, sannað, að slík venja eins og stefnandi hefir skírskotað til gildi um viðskipti sem þessi, verður að telja, að h/f Carl D. Tulinius & Co hafi ekki samkvæmt stöðuumboði sínu getað skuldbundið umbj. sinn, stefnda, á þann hátt, sem stefnandi heldur fram.

Kemur þá næst til athugunar, hvort stefnda hafi með sérstöku samþykki og umboði til handa h/f Carl D. Tulinius & Co orðið skuldbundinn gagnvart stefnanda í þessu efni, eins og hann staðhæfir. Skírskotar stefnandi í því sambandi til vitnaframburða þeirra Carl D. Tulinius, forstjóra

h/f Carl D. Tulinius & Co, og tveggja starfsmanna sama félags, þeirra Haralds St. Björnssonar og Hans P. Christiansen, en þeir hafa m. a. borið það, að forstjóri stefnda, Brynjólfur Stefánsson, hafi í tilteknu samtali við þá beinlínis lofað að taka umræddar tryggingar skv. reglum félagsins um líftryggingar, og hafi hann þó vitað, í hvaða tilgangi tryggingar þessar væru teknar, þ. e. til fullnægingar á áðurnefndum samningum um stríðsslysatryggingar.

Framburður þessara vitna um þetta efni og annað hefir öllum verið mótmælt sem alröngum og auk þess sem vilhöllum.

Eftir því sem fyrir liggur í málinu, og þá m. a. með tilliti til þess, hversu vitni þessi eru við málið riðin og hverja hagsmuni telja verður félag það, sem þau hafa lífsframfæri sitt hjá, hafi af úrslitum þessa máls, verður og að fallast á, að ekki sé með framburðum þeirra sannað, að forstjóri stefnda hafi, vitandi um alla málavöxtu, lofað að taka tryggingar þessar eða samþykkt frekara í þessu efni en hann viðurkennir. Hann skýrir svo frá, að er þessi þrjú vitni hafi átt tal við sig í umrætt skipti, hafi þau tjáð sér, að þau væru nýkomin sunnan úr Keflavík, þar sem þau hafi verið að ræða við skipshöfnina á e/s Eddu um líftryggingar, sem forstjórinn kveðst hafa skilið svo sem skipverjarnir ætluðu að kaupa. Kveðst forstjórinn samt til varúðar hafa spurt Tulinius að því, hvort hér væri um hinar samningsbundnu stríðstryggingar að ræða eða venjulegar líftryggingar, og hafi Tulinius kveðið svo vera, enda kveðst forstjórinn ekki hafa talið slíkt óeðlilegt, þar sem sjómenn höfðu þá nýlega gengið frá samningum við útgerðarmenn um mjög hækkað kaup. Kveðst forstjórinn þá hafa samþykkt, að Tulinius héldi áfram með þessar tryggingarumsóknir, en að því tilskildu, eins og venjulega, að endanlegur dómur yrði lagður á hverja tryggingu. Næstu daga komu svo beiðnirnar inn, og voru þær undirritaðar af hinum einstöku skipverjum, en ekki af stefnanda. Beiðnirnar voru og útfylltar á sama hátt og við venjulegar líftryggingar, og ekkert var þar, sem benti til, að um stríðsslysatryggingaumsóknir væri að ræða. Kveðst forstjóri stefnda og ekki hafa séð neitt grunsamlegt við umsóknirnar, fyrr en hann rak augun í það, að upphæðirnar hjá hverjum einstökum manni voru í flestum tilfellum 12 þús., 17 þús.

og 21 þús., eða sömu upphæðir og útgerðarmenn höfðu með samningi skuldbundið sig til að stríðstryggja skipsmenn fyrir. Hringdi þá forstjórinn strax til stefnanda og spurði hann, hvort útgerðin stæði að þessum líftrygginga-umsóknum, og hvort tilætlunin væri sú að tryggja með þeim stríðsslysa-áhættu þá, sem útgerðarmenn ættu að tryggja. Kvað stefnandi svo vera, og skýrði forstjórinn honum þá frá því, að stefnda gæti ekki tekið á sig þá áhættu í sambandi við líftryggingar.

Að öllu þessu athuguðu verður því að telja, að ekki hafi legið fyrir endanlegt loforð af hendi stefnda um að taka tryggingar þessar, svo og að áðurnefnt skilyrt samþykki forstjóra stefnda í þessum viðskiptum aðiljanna, hafi verið gefið í villu um raunveruleg málsatvik. Leiðir þetta allt til þess að áliti réttarins, að réttarkröfur stefnanda í málinu geta ekki orðið teknar til greina, og ber því að sýkna stefnda, en eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, stjórn h/f Sjóvátryggingarfélags Íslands f. h. félagsins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars Guðjónssonar f. h. Eimskipafélagsins Ísafold h/f í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 28. október 1940.

Nr. 14/1938. **Guðrún Guðbjörnsdóttir**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Hallgrími Péturssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Barnsfaðernismál. — Eiður.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Jóni Steingrímssyni, sem þá var sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1938, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. janúar s. á. Hefir hún fengið gjafsókn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann. Krefst hún þess, að stefndi verði dæmdur faðir sveinbarns þess, sem hún ól þann 15. marz 1936, til að greiða meðlag með því, barnfarakostnað og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð samkvæmt úrskurði yfirvalds, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á sönnunareiði hennar. Loks krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst þess hins vegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hefir Jón sýslumaður Hallvarðsson framkvæmt viðbótarrannsókn í málinu þann 22. marz 1938 og 18. september f. á. Loks hefir settur sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Kristján Steingrímsson háð þing í málinu þann 6. apríl þ. á. Fóru rannsóknirnar 18. september f. á. og 6. apríl þ. á. fram samkvæmt úrskurði hæstaréttar, uppkveðnum 26. maí f. á. Þá hefir og eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms farið fram rannsókn á blóði aðilja og barns áfrýjanda. Reyndist áfrýjandi að vera af aðalflokki O og undirflokki MN, barn hennar af aðalflokki O og undirflokki M og stefndi af aðalflokki A og undirflokki MN. Samkvæmt þessari niðurstöðu er ekki loku fyrir það skotið, að stefndi sé faðir barnsins, en blóðrannsóknin sannar ekki, að hann sé það. Við fyrstu réttarrannsókn í máli þessu, þann 8. júlí 1936, skýrði áfrýjandi svo frá, að hún hefði þrisvar haft holdlegt samræði við stefnda. Tjáði hún barnið komið

undir við samræði aðilja eitt sinn, er áfrýjandi var fenginn til að þvo þvott í Ártúni vegna fjarvista húsfreyjunnar þar, móður stefnda, í Reykjavík. Ekki kvaðst áfrýjandi við réttarrannsókn þessa muna, í hvaða mánuði þessar samfarir aðilja áttu sér stað, og ekki geta gert sér grein fyrir, hvort það var að sumarlagi eða vetrar. Við réttarrannsóknina 22. marz 1938 breytti áfrýjandi framburði sínum á þá leið, að barnið sé getið við samræði aðilja, sem fram hafi farið síðla dags að vorlagi í svefnherbergi foreldra stefnda í Ártúni. Í samræmi við fyrri framburð sinn kvaðst hún þá hafa verið að þvo þvott þar á heimilinu vegna fjarvista húsfreyju, en húsráðandi, faðir stefnda, hafi verið þar einhvers staðar úti við, þegar samræðið átti sér stað. Eftir þessar samfarir kveðst áfrýjandi ekki hafa haft tíðir. Hún fortekur, að hún hafi haft samfarir við nokkurn annan karlmann en áfrýjanda um nokkurra ára skeið. Stefndi viðurkennir að vísu, að hann hafi þrisvar haft holdlegar samfarir við áfrýjanda í herbergi sínu í Ártúni veturinn 1934—35, en hann staðhæfir, að síðustu samfarir þeirra hafi farið fram 2. apríl 1935. Húsmóðir og mágkona áfrýjanda, Sigríður Cýrusdóttir, Innra-Vinaminni, Hellissandi, sem kvödd hefir verið vættis í málinu, telur áfrýjanda hafa unnið fyrst við slátursgerð í Ártúni í október 1934. Vitni þetta minnir, að því næst hafi áfrýjandi farið að Ártúni til þvotta um mánaðamótin marz—apríl 1935, er húsfreyjan þar var nýfarin að heiman. Loks kveður Sigríður áfrýjanda hafa unnið við þvott í Ártúni fyrri hluta júnímánaðar 1935. Fáeinum dögum síðar kveðst Sigríður hafa orðið þess vís, að áfrýjandi var lasin. Hafi hún haft höfuðverk og kastað upp. Hafi sér, þ. e. Sigríði, þá

komið til hugar, að áfrýjandi væri orðin barnshafandi, og setti því á sig tímann, er hún fyrst varð vör lasleika áfrýjanda. Faðir stefnda hefir borið fyrir dómi, að áfrýjandi hafi um mánaðamótin maí og júní 1935 þvegið þvott í Ártúni. Hafi húsfreyjan í Ártúni þá verið fjarverandi, en stefndi dvaldist þá heima.

Héraðslæknirinn í Ólafsvík, sem fenginn hefir verið samkvæmt úrskurði hæstaréttar 26. maí f. á. til að athuga sálarþroska og andlega heilsu áfrýjanda, kveður hana andlega heila, en í löku meðallagi að greind og mjög fáfróða. Hefir læknirinn staðfest þessa skýrslu sína fyrir dómi. Hins vegar hefir sýslumaður sá, sem skipar dómarasess í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, ekki látið uppi álit sitt um vitsmunaþroska áfrýjanda, þótt honum hafi verið í lófa lagið að kynna sér hann með viðtali við hana.

Eins og áður segir, er viðurkennt af stefnda, að aðiljar hafi komið saman að holdsmunuð nokkru fyrir getnaðartíma barns áfrýjanda. Þá er það og leitt í ljós, að áfrýjandi var stödd í Ártúni á þeim tíma, er barnið gat verið getið. Þrátt fyrir þessar líkur fyrir málstað áfrýjanda, þykir viðsjált að veita henni sönnunareið í málinu sökum þess, að hún gat ekki tilgreint samfaratíma aðiljanna við réttarrannsóknina 8. júlí 1936, þegar aðdragandi barnsgetnaðarins átti enn að vera henni sérstaklega minnisstæður. Samkvæmt þessu verður að láta úrslit málsins velta á eiði stefnda, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936, þannig að hann skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, ef hann synjar þess með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmæltu varnarþingi innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft

holdlegt samræði við áfrýjanda frá og með 8. maí til og með 17. júlí 1935. En fallist stefndi á eiðnum skal hann talinn faðir barns þess, Viðars Breiðfjörðs, sem áfrýjandi ól þann 15. marz 1936, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfarakostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður, en málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Það athugast, að réttarrannsókn sú í máli þessu, er Jón sýslumaður Steingrímsson framkvæmdi, áður dómur gengi í héraði, er hraflkennd. Aðalrannsókn málsins fór ekki fram, fyrr en eftir að málinu hafði verið áfrýjað til hæstaréttar. Dráttur sá, sem orðið hefir á málinu fyrir hæstarétti, er réttlættur.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefndi, Hallgrímur Pétursson, synjar þess með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmæltu varnarþingi innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegt samræði við áfrýjanda, Guðrúnu Guðbjörnsdóttur, á tímabilinu frá og með 8. maí til og með 17. júlí 1935, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í málinu.

En fallist stefndi á eiðnum, þá skal hann talinn faðir barnsins Viðars Breiðfjörðs, er áfrýjandi ól þann 15. marz 1936, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfarakostnað og

styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður, en málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 26. jan. 1937.

Hinn 15. marz 1936 ól stúlkan Guðrún Guðbjörnsdóttir á Sandi sveinbarn, er skírt var Viðar Breiðfjörð. Með bréfi dags. 9. maí f. á. lýsti hún Hallgrím Péturssyni á Sandi föður að barninu og óskaði, að höfðað yrði barnsfaðernismál gegn honum, ef hann eigi gengist við faðerninu.

Fyrir réttinum gaf kærandinn þá skýrslu, að hún hefði þrisvar sinnum haft samfarir við Hallgrím Pétursson á herbergi hans í húsinu Ártún á Sandi. Hins vegar kveðst hún ekki muna, hve nær samfarir þeirra áttu sér stað og getur ekki einu sinni fullyrt um, hvort þær hafi átt sér stað að sumar- eða vetrarlagi. Loks kveðst hún viss um, að barn það, er hún ól 15. marz 1936, sé ávöxtur samfara hennar og Hallgríms, því hún hafi ekki haft samfarir við neinn annan mann á þeim tíma, er barnið geti verið komið undir á.

Kærður hefir fyrir réttinum viðurkennt, að hann hafi haft þrisvar samfarir við kærandann á herbergi sínu í húsinu Ártúni á Sandi veturinn 1934—35. Hins vegar fullyrðir hann, að síðustu samfarir þeirra hafi átt sér stað 2. apríl 1935. Gerir hann kröfu til þess, að hann sé sýknaður í málinu, en til vara, að honum verði tildæmdur synjunareiður.

Samkvæmt vottorði ljósmóður var barn það, er kærandinn ól 15. marz 1936, fullburða.

Rétturinn verður að líta svo á, að engar sannanir séu framkomnar fyrir því, á hvaða tíma samfarir kæranda og kærðs hafi átt sér stað. Verða úrslit málsins því að vera komin undir eiði annarshvors aðilja. Nú hefir kærandi alls engar upplýsingar getað gefið um það, á hvaða tíma samfarirnar hafi átt sér stað, enda virðist henni svo vitsmunavant, að efasamt sé, hvort hún sé eiðhæf, og verða því úrslit máls þessa að vera komin undir synjunareiði kærða, þannig að vinni hann, eftir löglegan undirbúning, eið að því á varnarþingi sínu, að hann hafi ekki haft samfarir við kæranda á tímabilinu frá 6. maí til 17. júlí 1935, þá skal hann vera sýkn af öllum kröfum hennar í málinu. Verði honum hins vegar eiðfall, skal hann talinn faðir að barni því, er kærandinn ól 15. marz 1936, og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með því og barnsfarakostnað samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Eiðfrestur þykir hæfilega ákveðinn 3 mán. frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Ef kærður, Hallgrímur Pétursson í Ártúni á Sandi, innan þriggja mánaða frá birtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning, vinnur eið að því á varnarþingi sínu, að hann hafi ekki haft samfarir við kærandann, Guðrúnu Guðbjörnsdóttur á Sandi, á tímabilinu frá 6. maí til 17. júlí 1935, þá skal hann vera sýkn af öllum kröfum hennar í máli þessu.

Verði kærðum hins vegar eiðfall, skal hann talinn faðir að barni því, er kærandinn ól 15. marz 1936, og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með því og barnsfarakostnað samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 23/1939. **Skúli Pálsson**
gegn
Sigurði B. Sigurðssyni f. h. Heildverzlunar Ásgeirs Sigurðssonar.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skúli Pálsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Heildverzlun Ásgeirs Sigurðssonar, er hefir látið mæta í málinu, kr. 100.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 131/1939. **Eigendur og vátryggjendur v/b Frigg V. E. 316**
gegn
Friðþjóði G. Johnsen.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, eigendur og vátryggjendur v/b Frigg V. E. 316, er ekki mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá málið tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 43/1940. **H/f Shell á Íslandi**
gegn
Bæjarstjórn Nesskaupstaðar.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/F Shell á Íslandi, er eigi mætir í **málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef** hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 55/1940. **Pétur Hoffmann Salómonsson**
gegn
Eygerði Ester Runólfsdóttur, Jóni Traustasyni og Sigurði Guðbrandssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Hoffmann Salómonsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 62/1940. **Helgi Benónýsson**
gegn
Bæjarsjóði Vestmannaeyja, fjallskilanefnd Vestmannaeyja og Hannesi Sigurðssyni sem gæzlumanni þarfanauta Vestmannaeyjabæjar.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benónýsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 63/1940. **Óskar Halldórsson**
gegn
Theódór B. Líndal f. h. Ole J. Hansen.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Halldórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Th. B. Líndal f. h. Ole J. Hansen, er hefir mætt í málinu, **20 krónur** í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 64/1940. **Óskar Halldórsson**
gegn
Theódór B. Líndal f. h. Oliver Olsen.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Halldórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Th. B. Líndal f. h. Oliver Olsen, er hefir mætt í málinu, 20 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 65/1940. **Óskar Halldórsson**
gegn
Theódór B. Líndal f. h. Vilmund Hansen.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Halldórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Th. B. Líndal f. h. Vilmund Hansen, er hefir mætt í málinu, 20 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 66/1940. **Óskar Halldórsson**
gegn
Th. B. Líndal f. h. Daniel Joensen.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Halldórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Th. B. Líndal f. h. Daniel Joensen, er hefir mætt í málinu, 20 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 67/1940. **Óskar Halldórsson**
gegn
Theódór B. Líndal f. h. Sophus Jacobsen.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Halldórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Th. B. Líndal f. h. Sophus Jacobsen, er hefir mætt í málinu, 20 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 68/1940. **Óskar Halldórsson**
gegn
Theódór B. Líndal f. h. H. J. Antoniussen.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Halldórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Th. B. Líndal f. h. H. J. Antoniussen, er hefir mætt í málinu, 20 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 70/1940. **Óskar Halldórsson**
gegn
Theódór B. Líndal f. h. Johannes F. Hansen.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Halldórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 81/1940. **Ólafur Jónsson**
gegn
Bæjarsjóði Reykjavíkur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukgjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. nóvember 1940.

Nr. 82/1940. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Ásgeiri Ingimar Ásgeirssyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot. Sala blandaðs suðuspritts.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt málavöxtum þeim, sem greindir eru í hinum áfrýjaða dómi, hefir kærði gerzt sekur um brot á ákvæðum 15. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935. Hann hefir einu sinni áður sætt refsingu fyrir ólöglega áfengissölu, og varðar því brot hans nú við síðari málslið fyrri málsgreinar 33. gr. nefndra laga. Varðhaldsrefsing verður hins vegar ekki dæmd, þar sem nefnda 33. gr. þykir verða að skýra með hliðsjón af tilorðningu 15. gr. laga nr. 91 frá 1917, sem hefir að þessu leyti samskonar ákvæði að geyma, á þá leið, að varðhaldsrefsingu beri ekki

að beita, fyrr en við þriðja brot, ef sala hefir ekki farið fram í atvinnuskyni.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 20 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ásgeir Ingimar Ásgeirsson, greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. ágúst 1940.

Ár 1940, mánudaginn 12. ágúst, var í lögregluréttí Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dóm-

ur í málinu nr. 1629/1940: Valdstjórnin gegn Ásgeir Ingimar Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms 7. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ásgeir Ingimar Ásgeirssyni kaupmanni, Laugaveg 55 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, kveðst fæddur 26. apríl 1879, og hefir, svo kunnugt sé, sætt þeim kærum og refsingum, er nú verða taldar:

1929 ⅙ Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um lokun sölubúða.
1930 $^{3}/_{10}$ Áminning fyrir samskonar brot.
1939 $^{2}/_{1}$ Sátt, 200 kr. sekt fyrir áfengissölu.
1939 $^{2}/_{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um lokun sölubúða.

Sunnudaginn 9. júní s. l. fór maður að nafni Loftur Georg Jónsson, til heimilis á Lindargötu 8 hér í bæ, heim til kærða. Hann hitti kærða að máli og bað hann um brennivín, en kærði kvaðst ekki hafa það og aldrei hafa haft það til sölu. Þá spurði Loftur Georg kærða, hvort hann hefði þá ekki eitthvað annað, og sagðist kærði þá hafa „dúndur". Bað Loftur Georg kærða þá að láta sig hafa það. Kærði fór þá inn í sölubúð sína, sem er í sama húsinu, Laugaveg 55, lét 100 grömm af brennsluspíritus á pela undan whisky og fyllti síðan pelann af „póló", sem mun vera gosdrykkur. Seldi kærði síðan Lofti Georg pelann með blöndu þessari fyrir 3 krónur.

Við efnarannsókn reyndist alkóhólinnihald blöndu þessarar 25,0% eftir rúmmáli.

Af því, hvernig Loftur Georg setti fram beiðni sína um „dúndrið", hlaut kærða að vera það ljóst, að hann ætlaði að nota það til drykkjar, og með því að blanda brensluspíritusinn með gosdrykk þykir ljóst, þó að ekki liggi fyrir vottorð sérfræðings um það, að brennluspíritusinn sé þar með gerbreytt vara og ónothæf eða illnothæf til þeirra hluta, sem hún er ætluð. Þó að sala brennsluspíritus sé lögleyfð, er ekki þar með sagt, að hún sé heimil, sé spíritusinn blandaður öðrum efnum og ætlaður til drykkjar.

Eftir því, hvernig sölu kærða á margnefndum pela var háttað, þykir verða að telja kærða hafa með henni gerzt sekan um áfengissölu. Hefir hann þar með brotið

15. sbr. 33. gr. áfengislaganna nr. 33 1935, og þykir refsing hans með tilliti til þess, að hann hefir einu sinni áður gerzt sekur um áfengissölu, hæfilega ákveðin 5 daga varðhald og 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 35.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ásgeir Ingimar Ásgeirsson, sæti 5 daga varðhaldi og greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 35.00.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. nóvember 1940.

Nr. 42/1940. **Egill Jónasson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Albert Bjarnasyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Ómerking vegna galla á sáttameðferð.

Dómur hæstaréttar.

Þann 25. marz 1939 lét stefndi hér fyrir dómi, Albert Bjarnason, kveðja Einar Jónasson, þann er í héraðsdómi getur, á sáttafund „til þess að fá hann fyrir hönd eiganda nefndrar bifreiðar (þ. e. G. K. 113) og hlutaðeigandi vátryggingarfélags“ til að

greiða kr. 2399.00. Sáttatilraun varð árangurslaus. Einar Jónasson skorti umboð til sáttagerðar fyrir eiganda og vátryggjanda bifreiðarinnar, og var sáttatilraun þessi því ólögmæt. Málið þannig undirbúið var síðan lagt til dóms í Keflavík þann 3. maí s. á. Tók áfrýjandi, Egill Jónasson, eigandi téðrar bifreiðar, þá við vörn þess, og samdist þá svo með aðiljum, að málið skyldi flytja í Hafnarfirði. Með framhaldsstefnu 25. ágúst 1939 var áfrýjanda síðan stefnt til aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu, er halda skyldi í Hafnarfirði, og var dómkrafan þá kr. 5212.60. Sátta var ekki leitað um þessa kröfu, hvorki fyrir sáttanefnd né dómi. Vegna þessara galla á málatilbúnaði verður að ómerkja ex officio alla málsmeðferð í héraði og héraðsdóminn og vísa máli frá héraðsdómi.

Hvorugur aðilja hefir krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti, og fellur hann því niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði og dómur skal ómerkur vera, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur aukaþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 4. maí 1940.

Ár 1940, laugardaginn 4. maí, var í aukaþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldið var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af sýslumanni Bergi Jónssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2/1939, en mál þetta var dómtekið 5. marz s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir aukaþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu útgefinni 18. apríl 1939 og framhaldsstefnu útgefinni 25. ágúst 1939 af Albert Bjarnasyni, skipstjóra í Keflavík, gegn Agli

Jónassyni, skipstjóra í Ytri-Njarðvík, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 5212.60, ásamt 5% ársvöxtum frá 25. ágúst 1939 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Ennfremur hefir stefnandi í réttarhaldi 5. marz s. l. gert kröfu til, að sér verði dæmdar kr. 139.00, og hefir gagnaðili samþykkt, að ekki verði framhaldsstefnt út af þeirri upphæð, ef hún á annað borð yrði tekin til greina. Kröfur stefnanda verða því samtals kr. 5351.60, auk vaxta og málskostnaðar.

Ennfremur hefir Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f., Bifreiðadeild, verið stefnt til þess að gæta réttar síns, en engar kröfur gerðar á hendur því í málinu.

Mál þetta var upphaflega höfðað gegn Einari Jónassyni Borg, Ytri-Njarðvík, en Agli Jónassyni var síðar stefnt til þess að gæta réttar síns, og hefir hann síðan tekið upp vörn málsins.

Málavextir eru þeir, að 13. nóvember 1938 heimsótti Einar Jónasson frá Borg í Ytri-Njarðvík stefnanda á heimili hans, Íshússtíg 5 í Keflavík. Var Einar með bifreiðina G. K. 113, sem hann hafði fengið lánaða hjá eiganda hennar, stefndum í máli þessu. Dvaldi Einar hjá stefnanda nokkra hríð, og þegar hann fór þaðan, fylgdi hann honum út að bifreiðinni, sem stóð utan við húsið. Ætlaði Einar síðan að setja bifreiðina í gang með ræsi (startara) hennar, en það tókst ekki. Bað hann þá stefnanda að snúa bifreiðinni í gang með sveif, og gerði hann tilraun til þess, en tókst þó ekki að koma hreyfli bifreiðarinnar í gang með þeim hætti. Bað Einar þá stefnanda að ýta bifreiðinni af stað niður í brekku, sem var skammt frá, þar sem bifreiðin stóð, til þess að hann gæti komið hreyflinum af stað með því móti að „kúpla" að, er bifreiðin væri komin á ferð. Fór stefnandi þá aftur fyrir bifreiðina og ýtti þannig á hana, að hann studdi höndunum á pall bifreiðarinnar og spyrnti með báðum fótum í götuna, svo að hann stóð á tánum. Á þennan hátt ýtti hann bifreiðinni áfram, þar til að hann hafði teygt svo úr sér sem hann gat, með því að standa í sömu sporum. Þegar stefnandi var kominn í þessar stellingar, kipptist bifreiðin aftur á bak, á hann ofan, það langt, að hann stóð uppréttur við pallinn á bifreiðinni, og nam brjóst hans við pallinn. Fann stefnandi þá til sársauka í

vinstra fæti, og kom síðar í ljós við læknisskoðun, að hásinin hafði slitnað. Stefnandi hélt nú áfram að ýta bifreiðinni af stað, og gekk það viðstöðulaust, og fór hreyfill bifreiðarinnar í gang, er hún rann niður brekku, sem stefnandi ýtti henni fram í. Missti nú stefnandi mátt í fætinum, og ók Einar Jónasson honum þegar til læknis, sem heima átti skammt frá. Tveim eða þrem dögum síðar leitaði stefnandi síðan til læknis í Reykjavík, og var framkvæmd á honum skurðaðgerð 8 dögum eftir að slysið vildi til, og var sinin saumuð saman. Kom síðan drep í sárbarmana, og gekk sárinu illa að gróa. Nokkru eftir aðgerðina var þó stefnanda leyft að fara heim til sín, vegna þess að hann var mjög leiður á að liggja á sjúkrahúsi, með því skilyrði, að hann kæmi til læknis síns í Reykjavík annan hvern dag til skiptinga. Gerði hann það um lengri tíma, en þegar sýnt var, að sárið mundi ekki gróa, var stefnandi látinn liggja heima hjá sér, og læknir á staðnum annaðist skiptingu á sárinu. Gekk nú sárinu betur að gróa, en það tók sig þó aftur upp. Stefnandi var síðan á sjúkrahúsi tímabilið $^{2}3/_{11}$—$5/_{12}$ 1939 til aðgerðar á sárinu. Var þá enn gert að því, og greri það til fullnustu nokkru síðar, og taldi læknir fótinn heilan 1. marz 1940, er hann gaf vottorð um heilbrigðisástand stefnanda.

Stefndur hefir aðallega krafizt algerðrar sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að þær verði stórlega lækkaðar. Auk þess krefst hann þess, að sér verði dæmdur málskostnaður.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að hér sé ekki um slys að ræða, sem ákvæði 15. greinar bifreiðalaganna eigi við. Skilyrði fyrir því telur stefndur vera, að hreyfill bifreiðarinnar sé í gangi, þegar slys ber að höndum, en hér hafi því ekki verið til að dreifa. Hefir hann haldið því fram, að í málinu liggi ekki fyrir sönnur á því, að hreyfillinn hafi komizt í gang, heldur muni bifreiðin hafa runnið aftur á bak vegna ójöfnu á veginum, enda ósannað, að bifreiðarstjórinn ætti nokkra sök á því, að slysið varð. Þá hefir stefndur haldið því fram, að slysið hafi orðið fyrir mjög ógætilega framkomu stefnanda, og beri því að sýkna stefndan af þeirri ástæðu. Ennfremur hefir stefndur haldið því fram, að sýkna

beri hann, vegna þess að stefnandi hélt áfram að ýta bílnum, eftir að hann hafði meitt sig, og meiðslið hafi stórversnað við það.

Loks hefir stefndur krafizt þess til vara, að tjónið verði aðeins bætt að litlu leyti eftir mati réttarins á sök stefnanda.

Það virðist nægilega upplýst í málinu, þar á meðal með framburði bifreiðarstjórans sjálfs, að bifreiðin hafi staðið á jafnsléttu, þegar stefnandi eftir ósk bifreiðarstjórans byrjaði að ýta henni af stað. Virðist samkvæmt því varla öðru til að dreifa sem ástæðu fyrir því, að bifreiðin kipptist eins snöggt aftur á bak og fram hefir komið í prófunum, en að bifreiðarstjórinn hafi „kúplað" í aftur á bak „gear" í stað þess að „kúpla" áfram. Samkvæmt því hefir slysið leitt af meðferð og notkun bifreiðarstjórans á bifreiðinni. Hinsvegar verður eigi séð, að stefnandi hafi gert sig sekan í vítaverðri óvarkárni, þótt hann leitaðist við að ýta bifreiðinni áfram eftir ósk bifreiðarstjórans sjálfs.

Verður samkvæmt framansögðu að telja stefndan bera ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda, og getur aðalkrafa hans um sýknu og málskostnað því ekki orðið tekin til greina, og heldur ekki krafa hans um skiptingu bótanna.

Kemur varakrafa stefnds um lækkun hinna umstefndu bóta þá næst til álita.

Stefnandi hefir sundurliðað tjónið þannig:

1.	Legukostnaður á sjúkrah. Hvítabandsins	kr.	382.00
2.	Læknishjálp Sveins Gunnarssonar	—	500.00
3.	Læknishjálp Georgs Georgssonar	—	133.60
4.	Herbergisleiga í Reykjavík	—	114.00
5.	Ferðakostnaður vegna skiptinga	—	125.00
6.	a. Formannshlutur $^{1}\!/_{11}$ -'38—$^{3}\!/_{12}$ '38	—	700.00
	b. — á verðið 1939	—	2560.00
	c. — á síldveiðum $^{2}\!/_{4}$—$^{2}\!/_{5}$ -'39	—	700.00
7.	Legukostnaður á St. Jósephsspítala ..	—	139.00
		Samtals kr.	5351.60

Um 1. Stefndur hefir mótmælt því, að legudagagjald verði reiknað hærra en á kr. 6.00. Það er upplýst, að stefnandi lá eftir skurðaðgerð þá, sem fram fór á honum, á einbýlisstofu á sjúkrahúsinu. Stefndur hefir haldið

því fram, að stefnandi hefði getað beðið aðgerðarinnar þar til ódýrara herbergi losnaði. Skurðaðgerðin fór ekki fram fyrri en 8 dögum eftir að stefnandi varð fyrir meiðslunum, af ástæðum, sem honum virðist ekki verða kennt um, og því ekki skynsamlegt, að hún drægist lengur. Mótmæli stefnds virðast því ekki nægilega rökstudd, og verður því tekin til greina að fullu krafan undir þessum lið.

Um 2. Stefndur hefir mótmælt þessum lið sem allt of háum. Upphæðin hefir verið sundurliðuð þannig, að fyrir uppskurð og stundun í því sambandi hafi læknirinn sett upp kr. 200.00, en kr. 300.00 síðan fyrir skiptingar og 2 ferðir til Keflavíkur vegna vanlíðunar og kvala stefnanda. Kveðst læknirinn hafa reiknað sér kr. 100.00 á mánuði þrjá fyrstu mánuðina eftir aðgerðina, og mundi upphæðin nema miklu meira, ef hann hefði ákveðið þóknun sína samkvæmt gjaldaskrá Læknafélagsins. Í málinu er þó ekkert upplýst um það, hve há læknisþóknun sé samkvæmt gjaldskránni fyrir skiptingu umbúða. Það er upplýst, að stefnandi fór 25 sinnum til skiptinga til læknisins til Reykjavíkur. Fyrir samskonar aðgerðir hefir Georg Georgsson, læknir í Keflavík, tekið kr. 2.50 fyrir hverja skiptingu og virðist, að sú þóknun eigi ekki að vera hærri að því er Svein Gunnarsson snertir. Fyrir tvær ferðir læknisins þykir hæfilegt að ákveða honum kr. 50.00 í þóknun. Undir þessum lið verða því stefnanda tildæmdar kr. 387.50.

Um 3. lið. Um upphæð þessa liðar er ekki deilt, eins og hann lítur nú út. En stefndur hefir mótmælt honum með þeim rökum, að ekki hefði komið til mála, að stefnandi hefði tvo lækna til þess að annast skiptingar eftir uppskurðinn, en sérstaklega beri ekki að taka hann til greina vegna þess, að þær ástæður lægi til þess, að þessarar læknishjálpar þurfti, sem stefnanda væri sjálfum að kenna. Að því hefir stefndur ekki fært nein rök. Læknishjálp þessi er veitt eftir að stefnandi hætti að fara inn til Reykjavíkur til skiptinga, og voru því beint framhald á nauðsynlegum læknisaðgerðum. Ber því að taka upphæðina algerlega til greina.

Um 4. Stefndur hefir mótmælt þessum lið með þeirri röksemdafærslu, að ferðirnar til Reykjavíkur hafi verið

óþarfar, og ennfremur að liðurinn væri allt of hár, þar sem um væri að ræða dýrasta gistihús Reykjavíkur. Það verður ekki fallizt á þau mótmæli stefnds, að stefnandi hefði getað látið undir höfuð leggjast að fara þessar ferðir, en hinsvegar verður að fallast á það, að lækka beri upphæðina, og þykir þessi liður hæfilega ákveðinn kr. 70.00.

Um 5. Um upphæð þessa liðs hafa ekki verið höfð uppi nein mótmæli. Upphæðin verður því tekin til greina að öllu leyti.

Um 6. A. Að því er þennan lið snertir hefir stefndur ekki mótmælt því, að stefnandi hafi verið frá verkum vegna meiðslanna það tímabil, sem hér um ræðir. Á hinn bóginn hefir hann haldið því fram, að hann hafi þó haft á hendi yfirumsjón með útgerð sinni, og yrði því ekki talið, að hann hefði verið fullkomlega frá verki. Það er upplýst, að stefnandi lá á sjúkrahúsinu frá 21. nóvember til 18. desember 1938 og mætti síðan 2. og 3. hvern dag til skiptinga á sjúkrahúsinu fram til áramóta. Samkvæmt þessu ber að taka upphæð þessa að öllu leyti til greina.

B. Stefndur hefir mótmælt þessum lið með þeim röksemdum, að þótt stefnandi hafi ekki getað stundað sjóróðra yfir vertíðina, þá sé ekki annað sjáanlegt, en að hann hafi á þessu tímabili getað unnið algenga landvinnu við bát sinn og auk þess haft með höndum yfirumsjón með útgerðinni. Frá upphæðinni beri því að draga kr. 1280.00 landmannskaup yfir vertíðina og auk þess hæfilega upphæð fyrir yfirumsjón með útgerðinni. Í málinu er upplýst, að stefnandi fór 14 sinnum til Reykjavíkur til skiptinga á tímabilinu frá 2. janúar til 9. febrúar 1939, en síðan var hann undir læknishendi i Keflavík, og fóru skiptingar fram 40 sinnum frá þessum tíma og til 17. apríl Það er og upplýst, að vertíð endaði 22. apríl. Virðist ljóst af þessu, að stefnandi hafi aðeins getað haft umsjón með útgerð sinni að nokkru leyti, einkum síðari hluta vertíðar. Samkvæmt þessu virðist liður þessi hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

C. Að því er lið þennan snertir hefir stefndur haldið fram hinum sömu lækkunarástæðum og undir næsta lið á undan, en hefir þó krafizt þess, að upphæð þessi yrði

lækkuð í ríkara mæli. Með því að fallast má á röksemdir stefnds, verður að telja lið þennan hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Um 7. Um upphæð þessa liðar hafa ekki komið fram nein mótmæli, og ber því að taka hann til greina að öllu leyti.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að stefndur verður dæmdur til þess að greiða stefnanda samtals kr. 4297.10 með 5% ársvöxtum frá 25. ágúst 1939 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi kr. 547.37.

Dráttur sá, sem orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af margháttuðum embættisönnum dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Egill Jónasson, skipstjóri Ytri-Njarðvik, greiði stefnandanum, Albert Bjarnasyni skipstjóra, Íshússtíg 5 Keflavík, kr. 4297.10 með 5% ársvöxtum frá 25. ágúst 1939 til greiðsludags og kr. 547.37 í málskostnað, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1940.

Nr. 93/1939. **Þórarinn Snorrason**
(Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn
Guðmundi Jónssyni og gagnsök
(Lárus Jóhannesson).

Landamerki. — Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. sept. 1939. Krefst hann aðallega staðfestingar héraðsdómsins, enda verði sú skýring á honum gefin, að með orðunum: „Í hinn

forna markagarðsenda“ í niðurlagi dómsins sé átt við þann stað, er merkjagarðsendinn hafi verið, þegar héraðsdómur gekk í landamerkjamáli eigenda Ness og Bjarnastaða þann 13. maí 1890. Hafi garður þessi þá náð lengra að sjó fram en nú, því að af honum hafi brotið í sjávarróti á árunum 1921 og 1925. Telur hann ofangreinda skýringu ekki munu fara í bága við dóm hæstaréttar frá 8. febr. 1939 í landamerkjamáli aðilja, því að með þeim dómi muni aðeins úr því skorið, hvernig landamerkin hafi verið ákveðin í landamerkjadóminum frá 13. maí 1890. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, verði ekki fallizt á staðfestingarkröfu hans með ofangreindri skýringu, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Þá krefst hann þess og, að málskostnaður fyrir báðum dómum verði látinn niður falla, ef aðalkrafa hans verði til greina tekin, en að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti, ef héraðsdómurinn verður ómerktur.

Gagnáfrýjandi hefir áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 9. sept. 1939. Krefst hann staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar af aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í dómi hæstaréttar frá 8. febr. 1939 er ákveðið, „að merkin skuli teljast frá merkjagarðinum á landi, sem aðiljana greinir ekki á um“. Í málflutningi þess máls var því aldrei hreyft, hvorki í héraði né fyrir hæstarétti, að merkjagarður þessi endi nú á öðrum stað en hann gerði árið 1890. Og þar sem það er vafalaust, að í nefndum hæstaréttardómi er átt við enda merkjagarðsins eins og hann er nú,

þar sem ekkert tilefni hafði gefizt til að ætla, að annar staður gæti til greina komið, þá er það ákveðið með fullnaðardómi, að merkin skuli miðuð við enda merkjagarðsins, þar sem nú er hann. Er ekki unnt að breyta neinu um það nú, þó að svo kunni að vera, sem aðiljar og virðast sammála um, að af garðinum hafi brotið eftir 1890.

Í dómi hæstaréttar frá 8. febr. 1939 er ákveðið, „að merkin skuli teljast frá merkjagarðinum á landi, sem aðiljana greinir ekki á um, beina línu um Klasbarða í vesturodda Selaskers". Niðurstaða hins áfrýjaða dóms um merkin er hinsvegar á þessa leið: „Bein lína úr vesturrönd Selaskers upp í hinn forna markagarðsenda milli túna jarðanna." Hér hefir landamerkjadómurinn ekki fylgt fyrirmælum hæstaréttar um ákvörðun landamerkjanna, sem honum var þó skylt að gera. Verður því samkvæmt 15. gr. landamerkjalaga nr. 41 frá 1919, sbr. lög nr. 40 frá 1927, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til dómálagningar að nýju.

Aðaláfrýjandi, Þórarinn Snorrason, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Jónssyni, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Landamerkjadómur Árnessýslu 29. júlí 1939.

Ár 1939, laugardaginn 29. júlí, var í landamerkjadómi Árnessýslu, sem haldinn var í skrifsofu embættisins að Selfossi af sýslumanni Páli Hallgrímssyni og meðdómsmönnunum Jóni Ingvarssyni Núpi og Ingólfi Þorsteinssyni Merkilandi, kveðinn upp dómur í landamerkjamáli Guðmundar Jónssonar, bónda í Nesi, gegn Þórarni Snorrasyni, bónda á Bjarnastöðum í Selvogshreppi. — Dómur landamerkjadóms Árnessýslu í máli þessu, uppkveðinn 10. nóvember 1937, hefir með hæstaréttardómi þann 8. febr. 1939 verið ómerktur og málinu vísað heim til meðferðar og dómsálagningar af nýju. — Í nefndum dómi hæstaréttar segir á þá leið, að ný málsgögn, sem fram komu í hæstarétti, ásamt skýrslu vitnisins Jóns Jónssonar, virðist leiða til þess, að merkin milli Ness og Bjarnastaða skuli teljast frá merkjagarðinum á landi beina línu í vesturodda Selaskers. Hér umrædd gögn hafa ekki verið lögð fyrir landamerkjadóminn, og þar sem ekki er mætt í réttinum af hálfu Þórarins Snorrasonar, verður rétturinn að líta svo á, að báðir aðiljar séu sammála um, að undirréttinum sé nú skylt að dæma í málinu samkvæmt bendingu hæstaréttar um skilning á sakargögnum, án þess að gögnin sjálf séu framlögð í réttinum. Þykir réttinum því að þessu sinni verða að leggja umsögn hæstaréttar í málinu eina saman til grundvallar dómi sínum og dæma samkvæmt henni um landamerkin milli Ness og Bjarnastaða þannig, að þau skuli teljast úr vesturrönd Selaskers, beina stefnu upp í hinn forna markagarðsenda, þaðan beina stefnu eftir markagarðinum í Unhól. Úr því er ágreiningslaust um landamerkin.

Ákvæðum dómsins frá 10. nóv. 1937 um málskostnaðargreiðslu, sem þegar er fullnægt, þykir ekki ástæða til að breyta.

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli jarðanna Ness og Bjarnastaða skulu vera þessi: Bein lína úr vesturrönd Selaskers upp í hinn forna markagarðsenda milli túna jarðanna, og síðan eftir markagarðinum í Unhól.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 8. nóvember 1940.

Nr. 45/1940. **Steingrímur Pétursson og Höskuldur Guðmundsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Guðlaugi Kristjánssyni f. h. Margrétar Guðlaugsdóttur (Pétur Magnússon).

Bótamál vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefir uppkveðið Sigurður bæjarfógeti Eggerz.

Í máli þessu hefir héraðsdómarinn vanrækt að lýsa atvikum málsins, en látið sér nægja að vísa um atburð sakarinnar til refsidóms, er hann kvað samdægurs upp yfir öðrum áfrýjenda. Þessi málsmeðferð fer í bága við ákvæði 1. málsgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 6. maí 1940.

Mál þetta hefir höfðað Guðlaugur Kristjánsson verkamaður fyrir hönd dóttur sinnar, Margrétar Guðlaugsdóttur, með stefnu dags. 27. des. 1939 fyrir þæjarþingi Akureyrar gegn Steingrími Péturssyni bifreiðarstjóra, Neðri-Rauðalæk Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýlu, og

Höskuldi Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Lækjargötu 16 Akureyri, til þess að fá þá dæmda, einn fyrir báða og báða fyrir einn, til greiðslu á kr. 18448.50, auk 5% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og auk þess til greiðslu málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 1179.55.

Þá hefir einnig vátryggingarfélaginu Baltica verið stefnt til að gæta réttar síns.

Í máli, sem höfðað hefir verið af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn Steingrími Péturssyni bílstjóra, sem stýrði bifreiðinni A 142, hefir téður Steingrímur, annar þeirra stefndu í þessu máli, verið dæmdur fyrir ólöglega keyrslu fyrir brot á bifreiðalögunum og hegningarlögunum í 15 daga einfalt fangelsi og auk þess verið sviftur ökuskirteini í 6 mánuði. Og er því auðsætt, að eigendur bifreiðarinnar, stefndu í þessu máli, eru skaðabótaskyldir gegn stefnanda í þessu máli. Auk þess hefir í hinum tilvitnaða lögregludómi verið tekið fram, að ekki séu færðar sönnur að því, að stúlkan Margrét Guðlaugsdóttir eigi sök á árekstrinum, og undir þessu máli virðist heldur eigi færðar sannanir í þessa átt. Samkvæmt því verður ekki um neina skiptingu á skaðabótunum að ræða milli stefndu og stefnanda.

Skaðabótakröfurnar eru:

1. Sjúkrahúskostnaður ..... kr. 448.50
2. Fyrir atvinnutjón, þjáningar og líkamslýti — 18000.00

Margrét Guðlaugsdóttir var flutt á sjúkrahúsið 3. september síðastl., og veitti Árni Guðmundsson læknir henni móttöku. Lá hún á sjúkrahúsinu til 26. september 1939. 18. nóvember lætur Guðmundur Karl Pétursson í ljósi álit sitt um heilsufar stúlkunnar. Upp í það álit er einnig tekinn „Journal" sá, er færður var við móttöku stúlkunnar á sjúkrahúsið. Þykir því ekki ástæða til að taka upp í forsendur dómsins álit Árna Guðmundssonar læknis sérstaklega, en hins vegar þykir rétt að tilfæra álit Guðmundar Karls Péturssonar í aðaldráttum, rskj. 3. Segir þar svo: „Var hún strax eftir slysið flutt á sjúkrahús Akureyrar, og er þess getið meðal annars um ástand hennar þá í journal spitalans."

„Var komið með sjúklinginn, að því er virtist, meðvitundarlausa, og hún lögð upp á rannsóknarborð á skipti-

stofu spítalans. Blæddi allmikið frá sárum á höfði sjúklingsins, og kápa sjúklingsins var allmikið blóði drifin, en engin merki sáust um, að hún hefði fallið á götuna, og ekkert göturyk eða skítur var í eða kring um áverkana. Strax eftir að sjúklingurinn var kominn inn á sjúkrahúsið, raknaði hún við, og var þá talsvert exalteruð og vildi strax fara heim, án þess nokkuð væri við sárin gert. Ekki var finnanleg nein vínlykt af sjúklingnum og ekki heldur af því, sem hún kastaði upp nokkru síðar.

Augu eðlileg, reagera fyrir ljósi og accomodation, engin blæðing frá nefi eða eyrum, miðframtönn hægra megin er brotin upp við tannhold, og lateralinn þeim megin er skekkt (slegin inn í munn). Sömuleiðis er brotið framan af medial framtönn vinstra megin (medialhornið).

Yfir miðri augabrún hægra megin er gapandi sár, 7,5 cm á lengd, sem nær ofan úr hársrótum og niður fyrir augnabrún. Er þar höggvið inn á bein og í miðju sárinu er impressions fractura með tveimur brotlínum parallellum húðsárinu, með 1 til 1,5 cm. millibili, og hefir beinbrún sú, sem þar myndast á milli, slegizt það inn, að útflötur stendur dýpra en innra borð, lamina interna, svo að sést inn á dura beggja megin, þar sem dýpst er, en ekki virðast fissurur ganga neitt út frá þessu broti.

Við neðri brún hægri orbita er ca. 1,5 cm. langt sár í stefnu orbitalrandarinnar, en ekki finnst nein brotalöm á kinnbeinsboganum. Neðanvert frá nasvængnum hægra megin liggur 7 cm. langt gapandi sár gegnum lab. sup. og hægri vangafyllu niður á kjálkabarðið hægra megin.

Er sár þetta alveg opið inn í munn, svo að tungan rekst annað slagið út í sárið."

Gert var að sárum sjúklingsins, sem greru vel. Fyrstu dagana eftir slysið var þó líðan sjúklingsins slæm vegna óþæginda frá höfuð- og andlitsmeiðslum. Seinni hluta veru sinnar á spítalanum fékk hún nokkur slæm höfuðverkjarköst, sem þó liðu fljótlega frá aftur. Sjúklingurinn var brautskráður frá spítalanum þ. 2% 1939 og hafði þá verið á fótum í 2 daga við góða líðan.

Sjúkdómslýsing spítalans

Commotio cerebri. Fractura ossis frontalis. Vulnera contusa faciei.

Síðan slasaða fór af spítalanum, hefir hún haft fótavist

daglega, en stundum orðið að leggja sig stund og stund, þegar höfuðverkurinn hefir verið verstur. Hefir ekkert getað unnið. Núverandi ástand samkvæmt lýsingu slösuðu þykir ekki ástæða til að taka upp í forsendur dómsins. Þó er tekið fram í vottorðinu:

Objectiv rannsókn:

Heldur grannvaxin stúlka, holdafar nokkurn veginn í meðalllagi, svarar öllum spurningum skýrt og vöflulaust. Það, sem fellur mest í augu við fyrstu sýn, eru 2 stór, rauðleit, dálitið upphleypt ör, annað yfir hægri augabrún og hitt frá miðri efri vör beint niður undan h. nasvæng á ská út á við og niður á við niður á kjálkabarð, jafnframt nokkurri skekkju á munninum, þannig að h. munnvik slapir talsvert niður, og verður þetta enn meira áberandi við það, ef slasaða brosir eða talar.

Efra örið nær frá efri rönd orbita beint upp í hársrætur, tæplega 7 cm. á lengd. Á nokkru svæði undir miðbiki örsins finnst dálítill beingarður, en lateralt við hann er dæld inn í beinið, og sést hún greinilega að utan. Dæld þessi gengur alveg niður í gegn um augabrúnina, og þegar þar við bætist, að hreyfing er upphafin á svæðinu medialt við örið, en lateralt við það, lyftist brúnin óeðlilega mikið, þá verður af þessu hlykkur á augabrúninni, sem breytir andlitssvipnum, og er til lýta.

Yfir miðri augnatóftarbrún frá miðju og inn undir nefið er óreglulegt upphækkað rauðleitt ör, ca. 10 × 4 mm. Ljótasta örið er þó neðarlega á hægri vanga, byrjar beint niður undan h. nasvæng yzt, mitt á milli munns og nefs, og gengur á ská út á við og niður á við, 1,5 cm. utan h. munnviks, en þar verður á því nokkur hlykkur, svo að myndast ca. 170° horn, opið að miðlínu, og síðan gengur örið niður á kjálkabarð. Þar sem hlykkurinn er á örinu, gengur 1,5 cm. langt ör næstum lárétt út á kinnina. Innendi örsins er T-laga, og stefnir annar anginn niður að munni, en hinn upp að nefi. Allt er örið talsvert óreglulegt, upphækkað, rautt og vel 0,5 cm. breitt, þar sem það er breiðast.

Andspænis þessu öri inni í munninum er annað ör á slímhúðinni og mikið herzli í vangafyllunni.

Vegna þess, hvað mikið hefir slitnað af vöðvum og taugum við þessi meiðsli, hefir orðið lömun á vöðvunum medialt við örið, og veldur þetta skekkju á munninum,

þannig að hægra munnvik slapir talsvert niður, og ber einna mest á þessu, þegar stúlkan hlær eða talar.

Þá segir læknirinn, að stúlkan hafi eflaust fengið heilahristing, sbr. sjúkdómsgreining spítalans. Ennfremur segir hann, að til þessa tíma hafi hún verið óvinnufær, en ástæða sé til að ætla, að ástandið breytist til batnaðar. Þó segir læknirinn, að af heilahristing hljótist oft varanleg óþægindi, sem leitt geti til mismikils orkutaps, allt upp í það að verða fullkomnir invalidar ævilangt.

Af andlitsmeiðslunum segir hann, að stúlkan hafi hlotið mjög afskræmandi ör. Segir hann, að þau líkamslýti, auk sálarangurs, geti beinlínis að ýmsu leyti orðið stúlkunni farartálmi og spillt fyrir henni í lífsbaráttunni.

Þá hefir augnlæknir Helgi Skúlason skoðað stúlkuna 17. nóvember og 12. febrúar síðastl., rskj. 4 og 27.

Samkvæmt vottorði hans virðist sjón stúlkunnar óskemmd, en hins vegar telur hann, að augnhimnuboginn hægra megin sé ekki alveg eins reglulega lagaður og vinstra megin og virðist telja það talsvert áberandi lýti.

Þá hefir tannlæknirinn einnig skoðað stúlkuna, rskj. 5. Hann hefir gert við tennur í henni, sem hafa brotnað og skemmzt. Segir hann, að styrkleiki tannanna sé minni á eftir, og enn talar hann um lýti þau, sem stafi af skemmdunum. Álit liggur einnig fyrir frá Friðrik V. Björnssyni, ódagsett, rskj. 18, en hann er læknir vátryggingarfélagsins, þar sem bifreiðin er vátryggð. Er álit þetta byggt yfir rannsóknir þær, sem læknar á Akureyri hafa gert á sjúklingnum.

Alvarlegustu afleiðingar af áverkunum segir hann, að örin séu, og þar af leiðandi líkamslýti. Telur hann, að örin muni lagast nokkuð, og bendir sérstaklega á álit augnlæknisins, þar sem hann segir, að örin séu ekki vaxin við undirlagið (beinið), en þar sem missmíðin séu á beininu, sé húðin sæmilega hreyfanleg. Þá telur hann einnig, að skekkjan á munnvikinu geti lagazt.

Líðan sjúklingsins telur hann einnig, að geti staðið til bóta.

Þessu vottorði hefir umboðsmaður stefnanda mótmælt, þar sem læknirinn sé starfsmaður tryggingarfélagsins, þar sem bíllinn er vátryggður.

Þá er og álit tryggingarlæknisins, Jóhanns Sæmunds-

sonar, rskj. 19, dags. 18. jan. 1940, fyrir hendi. Telur hann, að hér hafi verið um léttan heilahristing að ræða. Álit hans á málinu er byggt á skoðun, sem læknar á Akureyri hafa framkvæmt. Hann metur örorkuna þannig:

1. ár. Fyrstu 4 mánuði	100%	örorku.
– – Næstu 4 mán.	75—	—
– – Næstu 4 mán.	40—	—
2. ár. Fyrstu 6 mán.	20—	—
– – Næstu 6 mán.	10—	—

og svo ekkert úr því.

Þá hefir héraðslæknirinn á Akureyri skoðað sjúklinginn 10. febrúar síðastl., rskj. 26. Vísar hann í vottorð spítalalæknisins. Líðan sjúklingsins, segir hann, sé betri en $^{18}/_{11}$ 1939, hvað viðvíkur höfuðverk, sviða og verkjum í örunum. Einnig segir hann, að sjúklingurinn sé nokkuð þolnari og styrkari. Aftur virðast hinar psykisku og nervösu truflanir engu minni en $^{18}/_{11}$ 1939.

Telur hann, að örorka stúlkunnar sé enn 100%, og er þó kominn sá tími, þegar tryggingarlæknirinn mat örorkuna 75%. Eftir 2 til 3 mánuði telur hann, að eitthvað muni breytast til batnaðar, og hún muni þá fær til einhverrar léttari vinnu, en um þetta segir héraðslæknirinn, að ekki sé hægt að fullyrða, þar sem það hafi sýnt sig, að sjúklingar, sem fá heilahristing, nái sér mjög misjafnlega fljótt, þó um léttan heilahristing sé að ræða.

Húsbóndi stúlkunnar, J. S. Kvaran, upplýsir, að stúlkan hafi haft í kaup 75 kr. á mánuði. Var atvinna hennar í skógerðarverksmiðju hans, og var hún byrjandi. Samkvæmt reglum verksmiðjunnar gat hún síðar fengið 150 kr. í kaup og auk þess 9% í kaupbætur.

Að því er 1. lið skaðabótakröfunnar snertir, þá eru lagðir fram reikningar fyrir kr. 416.50, er ber að taka til greina. Að því er 2. liðinn snertir, fyrir atvinnutjón, þjáningar og líkamslýti, þá er gerð krafa ósundurliðuð fyrir alla þessa liði, enda erfitt að sundurliða þá. Að því er atvinnutjónið snertir, þá liggur að vísu fyrir vottorð frá tryggingarlækninum um, að örorkan væri að eins 2 ár, en tryggingarlæknirinn hefir ekki skoðað sjúklinginn, og samkvæmt áliti héraðslæknisins hér á staðnum, sem hefir skoðað sjúklinginn, þá hefir álit tryggingarlæknisins ekki staðizt fyrir þann tíma, sem liðinn er.

Héraðslæknirinn telur mjög erfitt að ákveða, hvort og að hve miklu leyti stúlkan verði vinnufær. Þykir því vel geta farið svo, að atvinnutjón stúlkunnar verði mikið, auk þess sem telja verður, að jafnvel þótt líkamskraftar hennar leyfðu henni að vinna, þá yrði vegna útlits hennar erfiðara fyrir hana að fá atvinnu nú en áður var. Þá virðist alvarlegasta hlið málsins vera lýti þau hin miklu, sem stúlkan hefir orðið fyrir við slysið, sbr. vottorð læknanna og myndir þær, er fram hafa verið lagðar í málinu.

Þegar tekið er tillit til atvinnutjóns nú og í framtíðinni, og tekið er tillit til þess, hvað viðhorf stúlkunnar til lífsins hlýtur að hafa breytzt við slysið, og allar horfur fyrir framtíð hennar þungbærari, þá þykir rétt að taka kröfur stefnandans, að því er þennan lið snertir, til greina með kr. 16000.00, og ber því að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnandanum kr. 16416.50.

Í málskostnað greiði stefndir in solidum kr. 1100.00. Dómarinn tekur fram, að honum hafi þótt rétt að kveða þennan dóm ekki upp, fyrr en dómur væri genginn í lögreglurétti í máli því, sem réttvísin og valdstjórnin hefur höfðað gegn Steingrími Péturssyni, öðrum stefnda í þessu máli.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Steingrímur Pétursson og Höskuldur Guðmundsson, til heimilis á Akureyri, greiði in solidum stefnandanum, Guðlaugi Kristjánssyni f. h. Margrétar Guðlaugsdóttur Akureyri, kr. 16416.50, ásamt 5% ársvöxtum frá 27. des. 1939 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndu in solidum stefnandanum kr. 1100.00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. nóvember 1940.

Nr. 2/1940. **Hafnarstjórinn í Reykjavík f. h. hafnarsjóðs**
(Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn
H/f Shell á Íslandi og gagnsök
(Jón Ásbjörnsson).

Ásigling. Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 16. janúar þ. á. skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 18. s. m., krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að aðalsökin á árekstrinum verði talin skipverja Skeljungs og ábyrgðinni skipt samkvæmt því. Ennfremur krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstahétti eftir mati dómsins, hver sem niðurstaðan verður. Gagnáfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 26. janúar þ. á. gagnáfrýjað málinu með stefnu sama dag, krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu kr. 900.00 með 6% ársvöxtum frá 17. nóv. 1938 til greiðsludags, en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og í hæstarétti eftir mati dómsins.

Með þeirri athugasemd, að stjórnendur m/s Skeljungs og stjórnandi hafnsögubátsins máttu gera ráð hvor fyrir öðrum hinum megin við e/s Eddu og áttu að haga siglingu sinni samkvæmt því, þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að aðal-

áfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Hafnarstjórinn í Reykjavík f. h. hafnarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, h/f Shell á Íslandi, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. apríl 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 17. nóv. f. á. af h/f Shell á Íslandi gegn hafnarstjóra f. h. hafnarsjóðs Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta vegna áreksturs, að upphæð kr. 900.00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar eftir mati réttarins. Við hinn munnlega málflutning hefir stefndur lýst því yfir, að í þessari sýknukröfu felist og varakrafa um, að skaðabæturnar verði ákveðnar eftir mati dómsins að réttri tiltölu við sök hvors aðilja um sig.

Málavextir eru þeir, að þann 2. marz f. á., um kl. 10 f. h., var m/s Skeljungur (247 brúttó rúmlestir að stærð), sem er eign stefnanda, á leið inn ytri höfnina í Reykjavík, en skipið átti að leggjast að svonefndum Ingólfsgarði á innri höfninni og ferma þar olíu. Um þetta leyti sigldi hafnsögumannsbáturinn, sem er eign stefnds, út úr hafnarmynninu með hafnsögumann, sem átti að aðstoða við siglingu m/s Skeljungs um höfnina að ákvörðunarstað þess. En þá vildi svo til, að hafnsögumannsbáturinn rakst á stjórnborðshlið Skeljungs að aftan, þannig að öldustokkur skipsins beyglaðist á allstóru svæði, og tvær stoðir að innanverðu bognuðu til muna. Nam kostnaður við aðgerð á þessum skemmdum kr. 900.00. Hinsvegar sakaði hafnsögumannsbátinn ekki við áreksturinn.

Með því að stefndur í máli þessu hefir ekki fengizt til að bæta stefnanda nefnt tjón, og stefnandi telur, að stjórnendur hafnsögumannsbátsins eigi alla sök á árekstrinum, þá er mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar réttarkröfur.

Sýknukröfu sína byggir stefndur *fyrst og fremst* á því, að útgerðarmaður skips (í þessu tilfelli stefnandi), er biður um aðstoð hafnsögumanns, beri ábyrgð á skaðabótaskyldum verknaði, er hann kunni að fremja, meðan hann er að vinna í þágu skipsins, en stefndur telur, að þessi starfsemi hafnsögumannsins hefjist, er hann fari af stað á hafnsögumannsbátnum í áttina til skipsins, og öll sigling bátsins undir stjórn hafnsögumannsins sé þannig á ábyrgð útgerðar þess skips, er um leiðsöguna biður, og það því fremur, sem stefndur telur, að samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum sé ekki skylda til að taka hafnsögumann við siglingu inn á Reykjavíkurhöfn.

Stefnandi mótmælir því hinsvegar eindregið, að hann beri ábyrgð á störfum hafnsögumannsins, fyrr en hann sé kominn um borð í skipið, sem hann á að stjórna, enda telur hann, að í umræddu tilfelli hafi hafnsögumaðurinn alls ekki stjórnað hafnsögumannsbátnum, heldur sérstakur formaður, og samkvæmt siglingalögum beri eigandi bátsins (þ. e. stefndur) ábyrgð á siglingu hans.

Skv. 13. gr. siglingalaganna gildir sú sérregla um útgerðarmann skips, að hann ber ábyrgð með skipi og farmgjaldi á tjóni af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra, svo og tjóni af samskonar verknaði manna, sem ráðnir eru til að vinna í skipsins þarfir, þótt ekki séu þeir skipverjar. Eftir þessari lagagrein ber útgerðarmaður því ábyrgð á skaðabótaskyldum verkum hafnsögumanns, er hann vinnur í þágu skipsins, og það jafnvel þótt talið verði, að lögboðið sé að taka hafnsögumann um borð á hlutaðeigandi stað. Hins vegar lítur rétturinn svo á, að umrædd starfsemi hafnsögumannsins í þágu Skeljungs hafi ekki hafizt, fyrr en hafnsögumaðurinn kom á skip (sbr. sérstaklega upphaf 18. gr. reglugerðar nr. 11 1934, um leiðsögn skipa) og þannig sé ekki nægilegt orsakasamband milli framkvæmdar verksins og tjóns, til að stefnandi verði talinn bera ábyrgð á tjóninu vegna árekstursins um fram það,

sem leiðir af almennum ákvæðum laga um bótaábyrgð vegna árekstra skipa, auk þess sem ekki verður annað séð af sjóferðaprófum þeim, sem fram hafa farið í máli þessu, en að sérstakur formaður hafi haft á hendi stjórn hafnsögumannsbátsins í umræddri ferð, og hafnsögumaðurinn hafi ekkert verið þar við riðinn.

Þessi varnarástæða stefnds verður því ekki tekin til greina.

Í *öðru lagi* byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að áreksturinn hafi stafað af óhappatilviljun eða það ekki upplýst, að annar hvor aðilja eigi sök á honum, og því verði stefnandi að bera sjálfur sitt tjón. — Á það verður þó ekki fallizt, að um slík tilvik sé að ræða hér, og verður þessi sýknuástæða því heldur ekki tekin til greina.

Í þriðja lagi byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að stjórnendur Skeljungs eigi alla sök á umræddum árekstri, en stjórnendur hafnsögumannsbátsins hins vegar enga.

Skulu því athuguð nánari atvik að árekstri þessum:

Um veðrið er það upplýst, að það var rigning, vindur suðaustan, 5—7 vindstig, en sjólítið.

Samkvæmt frásögn formannsins á hafnsögumannsbátnum var siglingu hans hagað þannig, að í fyrstu var stefnt fyrir aftan e/s Eddu, sem lá á ytri höfninni, því að ætlunin var sá að leggja að Skeljungi fyrir aftan Eddu, en þegar komið var miðja vegu frá hafnarmynni og út að Eddu, hafi sézt, að Skeljungur sigldi bakborðsmegin við Eddu með svo mikilli ferð, að sjáanlegt hafi verið, að hafnsögumannsbáturinn mundi ekki ná Skeljungi með því að fara fyrir aftan Eddu. Hafi þá verið snúið fram með stjórnborðshlið Eddu, í ca. bátsbreidd frá skipinu, en er komið hafi verið fram fyrir miðsíðu Eddu, hafi komið í ljós, að Skeljungur hafi beygt fyrir stefni Eddu og óeðlilega nærri, að því er formaðurinn telur. Hafi áreksturinn þá orðið, enda þótt tekið hafi verið aftur á með fullri ferð, og skall báturinn þvert á Skeljung, að því er tveir skipverjar á Skeljungi hafa borið. Það er og upplýst, að hafnsögumannsbáturinn fór allt af með fullri ferð (á áttundu mílu), þar til tekið var aftur á, eins og fyrr segir.

Samkv. framangreindri lýsingu á siglingu hafnsögumannsbátsins verður því að telja, að hún hafi verið ógætileg, eins og á stóð, bæði hvað snertir hraða bátsins, svo

og siglingu hans með þessum hraða upp við Eddu, er virðist hafa byrgt stjórnendum bátsins útýn, og því beri að leggja meginsökina á árekstrinum á stjórnendur hafnsögumannsbátsins. Verður áðurnefnd krafa stefnds um hreina sýknu því ekki tekin til greina.

Stefndur telur sök stjórnanda Skeljungs vera fólgna í því þrennu, *að* þeir hafi, með því að sigla inn fyrir Eddu, brotið fastar venjur um að bíða hafnsögumanns fyrir utan skip þau, er liggi á ytri höfninni, *að* Skeljungur hafi siglt óforsvaranlega nærri Eddu og loks, *að* hraði skipsins á siglingu þess í höfn hafi verið óhæfilega mikill.

Að því er fyrsta atriðið snertir, þá er það ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að um neina slíka fasta venju sé að ræða, og þegar af þeirri ástæðu skiptir það atriði því ekki neinu um sök af hendi stjórnenda Skeljungs.

Um annað atriði er það að segja, að skipstjórinn á Skeljungi telur, að siglt hafi verið fram hjá Eddu í suðaustur eftir siglingamerkjum í 300—400 faðma fjarlægð frá skipinu, en síðan tekin stefna á hafnarmynnið. — Það er að vísu ljóst, m. a. af teikningu í sjókort, sem sýnd hefir verið í réttinum, að þessi skýrsla skipstjórans er mjög fjarri lagi, þannig að Skeljungur hefir verið miklu nær Eddu en þar greinir, en þrátt fyrir það þykir ekki gegn mótmælum stefnanda verða staðhæft, að Skeljungur hafi siglt svo óhæfilega nærri Eddu, að stjórnendur skipsins eigi þess vegna sök á árekstrinum.

Að því er viðvíkur *þriðja* atriðinu, þá er það fyrst og fremst upplýst, að Skeljungur fer með 8—8½ mílna hraða í logni. Skipstjórinn á Skeljungi telur, að siglt hafi verið með 4—5 mílna hraða inn með Engey umræddan morgun, og hafi sá hraði haldizt, unz beygt var í áttina til hafnarmynnisins, en þá hafi dregið mjög úr hraðanum.

Um leið kveðst skipstjórinn hafa séð til hafnsögumannsbátsins, er kom út úr hafnarmynninu, og hafi þá verið gefin skipun um að stöðva vélina.

Fyrsti vélstjóri, er var á verði, segir hins vegar, að síðasta hálftímann, áður en hringt var „stopp", hafi snúningshraði vélarinnar verið 300 snúningar á mínútu, en með þeim snúningsfjölda fari Skeljungur 8—8½ mílu í logni. Fyrsti stýrimaður telur og, að hraði Skeljungs

hafi verið rúmar 8 mílur síðasta hálftímann, áður en vélin var stöðvuð, en samkvæmt véladagbókinni var það kl. 10.18 f. h.

Þá hafa skipstjóri og annar stýrimaður talið, að nokkur tími (skipstjórinn segir ca. 5 mín.) hafi liðið frá því að vélin var stöðvuð og þar til árekstur inn varð, en skipverjar á Skeljungi bera það, að skipið hafi þá aðeins sigið undan sjó og vindi. Hins vegar segir í dagbók Skeljungs, að árekstur inn hafi skeð kl. 10.18, eða á sama tíma og vélin var stöðvuð samkvæmt véladagbókinni, og hefir ekki fengizt nein frambærileg skýring á þessu ósamræmi í framburðum skipverja og tímaákvörðunum.

Að þessu athuguðu, svo og öðru, sem fram hefir komið í málinu, þykir réttinum sýnt, að hraði Skeljungs hafi verið meiri, og síðar hægt á ferðinni, en vera bar (sbr. 14. gr. laga nr. 48 1933, um leiðsögn skipa), og stjórnendur Skeljungs eigi því nokkra sök á umræddum árekstri.

Þar sem sökin á árekstrinum er þannig að áliti réttarins beggja megin, þá ber aðiljum samkvæmt 2. mgr. 225. gr. siglingalaganna að bæta tjónið að tiltölu við sök hvors um sig. Eftir því sem atvikum að árekstrinum samkvæmt framansögðu var háttað, þykir rétt, að stefnandi beri ⅓ hluta tjónsins, en stefndur ⅔ hluta þess. Við hinn munnlega málflutning hreyfði umboðsmaður stefnds engum sérstökum mótmælum gegn skaðabótaupphæðinni, og verður því að telja, að hann hafi fallið frá þar að lútandi mótmælum sínum í greinargerð.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndum verður gert að greiða stefnanda ⅔ hluta af kr. 900.00, eða kr. 600.00, með vöxtum eins og krafizt hefir verið, enda engum sérstökum andmælum hreyft gegn vaxtakröfunni. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Réttinn skipuðu: Hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Geir Sigurðsson skipstjóri og Sigurjón Á. Ólafsson alþingismaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, hafnarstjóri f. h. hafnarsjóðs Reykjavíkur, greiði stefnandanum, h/f Shell á Íslandi, kr. 600.00 með 6% ársvöxtum frá 17. nóv. 1938 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1940.

Nr. 9/1940. **Jóhann Magnússon**
(Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn
Svövu Thorarensen (Jón Ásbjörnsson).

Barnsfaðernismál. Eiður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. febr. þ. á., hefir krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af faðerniskröfu stefndu, en til vara, að hann verði því aðeins dæmdur faðir að barni stefndu, að hún synji með eiði sínum samfara við aðra menn á getnaðartíma barnsins. Svo krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður í héraði falli niður, en að stefnda verði dæmd til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, hvernig sem málið fer, eftir mati dómsins. Stefnda, sem fengið hefir gjafvörn fyrir hæstarétti þann 9. maí þ. á. og sér skipaðan talsmann, hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum, og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningslaun talsmanns hennar.

Samkvæmt prófum málsins í héraði kom maður að nafni Ragnar Guðjón Karlsson í herbergi stefndu á Frakkastíg 12 hér í bæ að kveldi þann 20. jan.

1939 og var þar hjá henni einni, sem þá var háttuð, um 2 klukkustundir. Kvaðst hann í fyrstu, er hann var krafinn skýrslu, þá hafa haft samfarir við stefndu, en er hún neitaði því, að svo hefði verið, sagðist hann ekki muna sakir ölvunar, hvort þau hefðu þá haft samfarir. Hins vegar eru stefnda og Ragnar þessi sammála um það, að þau hafi verið kunnug og haft samfarir áður, síðast þó nokkru fyrir jól 1938. Að þessu athuguðu þykja vera komin fram þau líkindi til samfara milli stefndu og Ragnars, sem samkvæmt blóðrannsókn getur verið faðir barns stefndu, að ekki þykir fært að dæma áfrýjanda óskorað föður barns þessa. Virðist því rétt að láta málsúrslitin að því leyti velta á eiði stefndu, þannig að áfrýjandi skal því aðeins talinn faðir áðurnefnds barns hennar, að hún synji þess á lögmæltu varnarþingi sínu innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá 19. des. 1938 til og með 25. febr. 1939 haft samfarir við aðra menn en áfrýjanda. Ef stefndu verður eiðfall, skal áfrýjandi vera sýkn af faðerniskröfu hennar, en skylt skal honum þá að gefa með barninu og greiða stefndu styrk fyrir og eftir barnsburð, hvort tveggja samkvæmt úrskurði yfirvalds.

Ef stefnda vinnur eiðinn, þá greiði áfrýjandi 190 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum, þar af 120 kr. til talsmanns stefndu og 70 kr. til hennar sjálfrar.

Ef stefndu verður eiðfall, skal málskostnaðarákvæði héraðsdómsins vera óraskað, en málskostnaður fyrir hæstarétti falla niður, enda greiði ríkissjóður þá málflutningslaun talsmanns stefndu, 120 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnda, Svava Thorarensen, synjar með eiði sínum á lögmæltu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa samfara á tímabilinu 19. des. 1938 til og með 25. febr. 1939 við aðra menn en áfrýjanda, Jóhann Magnússon, skal hann talinn faðir barns þess, er hún ól 24. okt. 1939, enda greiði hann þá meðlag með barninu og stefndu barnsfarakostnað, hvort tveggja eftir úrskurði yfirvalds. En ef stefndu verður eiðfall, skal áfrýjandi vera sýkn af faðernis-kröfu hennar, en greiða skal hann þá meðlag með barninu og barnsfarakostnað sem áður segir.

Ef stefnda vinnur eiðinn, þá greiði áfrýjandi 190 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum, þar af 120 krónur til talsmanns stefndu, hæsta-réttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, og 70 kr. til stefndu. En ef stefnda vinnur ekki eiðinn, skal málskostnaðarákvæði héraðsdóms-ins vera óraskað, en ríkissjóður greiði þá áður-nefnd málflutningslaun talsmanns stefndu fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. jan. 1940.

Ár 1940, miðvikudaginn 31. janúar, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í barnsfaðernismálinu nr. 4/1940: Svava Thorarensen gegn

Jóhanni Magnússyni, sem tekið var til dóms 29. sama mánaðar.

Þann 24. október 1939 ól ógift stúlka, Svava Thorarensen, nú til heimilis á Þverveg 2 hér í bæ, fullburða sveinbarn. Föður að barninu hefir hún lýst Jóhann Magnússon nemanda, Sólvallagötu 13 hér í bæ. Hann hefir eigi viljað við faðernið kannast, og hefir því barnsmóðirin höfðað mál þetta gegn honum og gert þær réttarkröfur, að kærði verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til sín, svo og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað að skaðlausu.

Aðiljar eru sammála um, að þau hafi fyrst kynnzt á dansleik í samkomuhúsinu Iðnó hér í bænum í janúarmánuði 1939 á laugardagskvöldi. Þau eru ekki sammála um, á hverju laugardagskvöldi mánaðarins það var, en dansleikir voru í húsi þessu öll laugardagskvöld mánaðarins. Kærandi hefir haldið því fram, að það hafi verið annað hvort viku eða hálfan mánuð af janúar, þ. e. a. s. þann 7. eða 14. mánaðarins. Kærði hefir hins vegar haldið því fram, að það hafi verið síðasta laugardag mánaðarins, þ. e. a. s. þann 28. janúar.

Að dansleiknum loknum fylgdi kærði kæranda heim og ákváðu þau þá, að hann kæmi til hennar daginn eftir.

Daginn eftir um kl. 5 síðdegis kom hann heim til hennar, og voru þau tvö í herbergi hennar nokkurn tíma og höfðu þá tvisvar samfarir á legubekk í herberginu.

Tvisvar eftir þetta höfðu þau samfarir. Í fyrra skiptið sennilega um miðjan febrúar og svo í maímánuði.

Kærði hefir mótmælt faðerninu, í fyrsta lagi á þeim grundvelli, að honum hafi eigi fallið sæði til kæranda, og í öðru lagi á þeim grundvelli, að annar karlmaður muni hafa haft samfarir við hana á getnaðartíma barnsins. Að annar karlmaður hafi haft samfarir við kæranda á getnaðartíma barnsins, hefir gegn eindregnum mótmælum kæranda ekki tekizt að sanna. Kærandi hefir eindregið haldið því fram, að kærði hafi í umrætt skipti fellt sæði til sín, og kærði hefir kannazt við, að báðar hinar síðari samfarir þeirra hafi verið fullkomnar. Þykir því eigi unnt að taka þá mótbáru kærða gegn faðerninu til greina, að samfarirnar í janúar hafi ekki verið fullkomnar.

Niðurstaða blóðrannsóknar þeirrar, sem fram hefir farið, hefir ekki útilokað kærða frá því að vera föður barnsins. Upplýst er, að aðiljar hafi haft holdlegar samfarir á getnaðartíma barnsins, og skiptir ekki meginmáli, hvor aðilja hefir réttara fyrir sér um samfaratímann. Þó lætur nær sá tími, sem kærði hefir haldið fram.

Þykir því verða að dæma kærða föður barnsins, til að greiða meðlag með barninu, barnsfararkostnað til barnsmóður og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 70.00.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jóhann Magnússon, skal teljast faðir sveinbarns þess, er stúlkan Svava Thorarensen ól þann 24. október 1939. Hann greiði meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð til barnsmóður, eftir úrskurði yfirvalds, og 70 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. nóvember 1940.

Nr. 97/1940. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Adolf Kristni Ársæli Jóhannssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Landhelgisbrot.

Dómur hæstaréttar.

Með hliðsjón af því, að gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því að héraðsdómur var uppkveðinn, og með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann, þó þannig, að sekt kærða afplánist í 7 mánaða varðhaldi, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sekt kærða afplánist í 7 mánaða varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Adolf Kristinn Ársæll Jóhannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Gunnars Þorsteinssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Barðastrandarsýslu 31. ágúst 1940.

Ár 1940, laugardaginn 31. ágúst, var í lögregluétti Barðastrandarsýslu, sem haldinn var á sýsluskrifstofunni af sýslumanni Jóhanni Skaptasyni, kveðinn upp dómur í lögreglumálinu nr. 10/1940: Valdstjórnin gegn Adolf Kristni Ársæli Jóhannssyni, til heimilis Lokastíg 9 Reykjavík.

Adolf Kristinn Ársæll Jóhannsson er skipstjóri á togaranum „Sindri" frá Akranesi M.B. 45. Hann hefir ekki áður sætt kæru fyrir brot á landhelgislöggjöfinni.

Málið er höfðað gegn honum fyrir brot á lögum nr. 5 frá 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 frá 1924. Það var rannsakað og dómtekið í dag.

Í gær kl. 21^{19} stöðvaði varðbáturinn Faxi togarann M.B. 45 Sindra frá Akranesi, þar sem hann var að veiðum út af Arnarfirði. Atvik að stöðvuninni voru þessi:

Varðbáturinn var staddur í Patreksfjarðarflóa síðdegis í gær og hélt af stað norður með Kópnum kl. 20^{30}. Þegar komið var út af Kópnesinu, kl. 20^{45}, sást togari út af Arnarfirði, sem virtist vera grunsamlega nálægt landi. Var þá haldið með fullri ferð í áttina til hans. Fyrst virtist togarinn hafa SA. læga stefnu, en kl. 20^{50} sneri hann til bakborða og virtist fyrst stefna í NA., unz hann sneri meira út.

Kl. 21^{06} var eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

Barðatá
$> 27° 10'$

Svalvogaviti
$> 64° 50'$

Landið niður undan Álftamýri
og hornið frá togaranum til Svalvogavita 25° 00'.
(Staðarákvörðun nr. 1 á meðfylgjandi uppdrætti).

Kl. 21^{08} sett upp stöðvunarmerki og skotið púðurskoti.

Kl. 21^{09} skotið púðurskoti.

Kl. 21^{11} skotið kúlu framan við togarann.

Kl. 21^{13} Skotið kúlu framan við togarann, sem hélt þá þvert út úr landhelginni.

Kl. 21^{16} skotið kúlu utan við togarann.

Kl. 21^{19} komið að togaranum, sem var með stjórnborðsvörpu úti og var að draga hana upp. Var þá sett niður ljósbauja rétt utan við togarann.

Kl. 21^{23} gerð eftirfarandi staðarákvörðun hjá baujunni:

Barðatá
$> 39° 00'$

Svalvogaviti
$> 66° 10'$

Landið neðan við Álftamýri
(staðarákvörðun nr. 2 á meðfylgjandi uppdrætti), er gefur stað togarans 1,2 sjómílur inni í landhelgi, og dýpi við baujuna 55 metrar.

Kærður var þá sóttur. Viðurkenndi hann strax, að mælingar og athuganir varðbátsforingjans væru réttar. En þar sem þá var orðið svo skuggsýnt, að ekki var hægt að gera að nýju hornamælingar við baujuna þá strax, var kærðum gefinn kostur á að bíða til morguns, svo hann gæti verið við, er mælingar væru gerðar við baujuna. Hann afþakkaði boðið og kvað það ekki þurfa sín vegna.

Fyrir réttinum hefir kærður viðurkennt landhelgisbrot sitt og ekkert fært fram sér til afsökunar.

Brot kærðs varðar við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 1920, um brot gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Refsing hans þykir hæfilega ákveðin kr. 29500.00 sekt, og er þá tekið tillit til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er í dag 33.90. Sektin renni í landhelgissjóð Íslands. Verði hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, afpláni kærður hana með 7 mánaða einföldu fangelsi. Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Sindra M.B. 45 frá Akranesi, upptækt gert, og andvirðið renna í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Adolf Kristinn Ársæll Jóhannsson, greiði kr. 29500.00 í sekt til landhelgissjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Sindra M.B. 45, sé upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. nóvember 1940.

Nr. 36/1940. **Réttvísin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Pétri Jónssyni (Theódór B. Líndal).

Innbrotsþjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt prófum málsins brutust nokkrir drengir þann 6. febr. þ. á. inn í hús Guðmundar

Sigfússonar í Neskaupstað, þar sem verzlun Sigfúsar Sveinssonar hafði útibú, með þeim hætti að brjóta gluggarúðu, opna síðan gluggann og fara inn um hann. Höfðu drengirnir þá ýmsar vörur á burt með sér. Er ekki upplýst, að ákærði hafi tekið þátt í þessum þjófnaði eða verið þá í vitorði með drengjunum. Hins vegar er sannað, að ákærði stóð á verði, er þjófnaður var á ný framinn af drengjum í sama húsi þann 8. febrúar þ. á. kl. 6 til 7 síðdegis, og einnig var hann þátttakandi í þjófnaði úr sömu verzlun með drengjum kl. 11 til 12 síðdegis sama dag, og fór hann þá inn um gluggann til þess að fremja þjófnaðinn.

Með þessum verknaði hefir ákærði gerzt sekur við 7. gr. laga nr. 51/1938 sbr. 4. lið 231. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. Ber nú að refsa fyrir brot þetta eftir 2. málsgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, sbr. 2. gr. þeirra laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Iðgjöld verða ekki dæmd í máli þessu, þar sem ekki er greinilega upplýst, hverju var stolið úr verzluninni þann 6 febr. þ. á. og hverju í þau skipti, er ákærði tók þátt í þjófnaðinum, né heldur hverju hefir verið skilað af hvoru þýfinu fyrir sig, og ennfremur hefir hvorki eigandi þýfisins verið látinn staðfesta fyrir rétti skýrslu sína um þýfið né skýrslan verið nægilega undir ákærða borin.

Eftir þessum málsúrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Pétur Jónsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Iðgjaldakröfu verzlunar Sigfúsar Sveinssonar vísast frá dómi. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Theódórs B. Líndals, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 17. febr. 1940.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Pétri Jónssyni verkamanni, Nýja Kastala hér í bæ, fyrir brot á 23. kap. hinna almennu hegningarlaga, samanber 6. og 7. gr. laga nr. 51/1928, svo og til málskostnaðar og skaðabóta, að upphæð kr. 193.60. Stefna hefir ekki verið gefin út, þar eð ákærði hefir lýst því yfir, að hann tæki tilkynningu dómarans um málshöfðun gilda.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þann 8 febrúar s. l. brutust drengirnir Stefán Gíslason, 12 ára, Bjarni Bjarnason, 14 ára, o. fl. drengir inn í hús Guðmundar Sigfússonar, Strandgötu 12 hér í bæ (V.K.H.), en í nefndu húsi hefir verzlun Sigfúsar Sveinssonar haft útibú, með þeim hætti, að Stefán braut rúðu á norðurhlið hússins, og kræktu drengirnir síðan gluggann opinn og fóru inn um hann.

Innbrot þetta frömdu drengirnir milli kl. 6—7 e. h. nefndan dag, en ákærði í máli þessu var í vitorði með þeim eftir framburði þeirra og beið fyrir utan gluggann, meðan innbrotið fór fram, og drengirnir fóru inn í nefnt hús til þess að stela.

Nefndum drengjum hefir lögreglustjóri í samráði við barnaverndarnefnd Neskaupstaðar komið fyrir í sveit til

18 ára aldurs, og kemur því brot þeirra ekki til álita í máli þessu, þar eð nefnd uppeldisráðstöfun var viðhöfð eftir að venjuleg sakamálsrannsókn hafði farið fram, og er því ekki höfðað mál gegn þeim.

Í lögreglurétti Neskaupstaðar 9. og 12. febrúar s. l. hefir ákærði í máli þessu játað að hafa verið í vitorði með nefndum drengjum við fyrrnefnt innbrot, og játar hann að hafa staðið á vakt, á meðan þeir fóru inn til þess að stela. Af þýfinu segist hann þó ekki hafa móttekið annað en nokkrar kexkökur í þetta skipti. Ennfremur játar ákærði, að hann hafi, ásamt Bjarna Bjarnasyni, brotizt inn í áðurnefnt hús síðar um kvöldið milli kl. 11—12. Hafi þeir þá báðir farið inn um áðurnefndan glugga, og játar þá ákærði, að hann hafi stolið vaskafati, sem hann hafi fyllt með kexkökum.

Við húsleit, sem dómarinn lét framkvæma hjá ákærðum fundust 3 buxur á kr. 19.50 stk., 1 stk. pokabuxur á kr. 27.50 og 4 manchettskyrtur á kr. 9.00 stk., og játaði þá ákærði, að hann hefði einnig stolið þessum munum.

Verzlun Sigfúsar Sveinssonar hefir lagt fram lista yfir vörur þær, sem horfið hafa úr nefndu húsi, og er andvirði þeirra kr. 363.99, en fundizt hafa vörur hjá ákærðum í máli þessu og áðurnefndum drengjum fyrir kr. 170.39, sem óskaddaðar voru, en mikið af þýfinu hafði eyðilagzt í rigningu, þar eð sökunautar höfðu falið það uppi í fjalli.

Rétturinn lítur svo á, að ákærður í máli þessu hafi með framferði sínu gerzt ábyrgur að öllum þeim skaða, sem verzlun Sigfúsar Sveinssonar hefir orðið fyrir út af innbroti þessu og þjófnaði, og að rétt sé, að ákærði greiði nefndri verzlun tjón hennar, kr. 193.60, þar eð hann er sá eini af innbrotsmönnunum, sem sé sjálfráður og fjárráður.

Ennfremur álítur rétturinn, að líta verði á það til sakaukningar ákærðum, að hann er þátttakandi í innbroti og þjófnaði með drengjum, sem eru að vísu áður uppvísir að þjófnaði og öðrum óknittum, en sem eru aðeins 12 til 14 ára að aldri.

Ákærði er fæddur í Krossavík í Nessókn, Norðfirði, hinn 23. marz 1907, og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hefir hann aldrei áður sætt sekt eða dómi fyrir nokkurt lagabrot.

Brot ákærða heyrir undir 231. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 51/1928, og þykir refsing hans með tilliti til þess, sem að framan er sagt, en þar eð hér er um fyrsta afbrot hans að ræða, hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Ennfremur greiði ákærði allan kostnað sakarinnar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Pétur Jónsson, sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu. Ennfremur greiði hann allan kostnað sakarinnar, svo og kr. 193.60 í skaðabætur til verzlunar Sigfúsar Sveinssonar, Norðfirði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. nóvember 1940.

Nr. 51/1940. **Réttvísin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Georg Kristjánssyni
(Lárus Jóhannesson).

Saurlífisbrot.

Dómur hæstaréttar.

Mök ákærða við drenginn Ólaf Byron Guðmundsson varða að nokkru við 1. málsgr. 203. gr. og að nokkru við 2. málsgr. sömu greinar hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. þeirra laga, og mök ákærða við drenginn Þórð Helgason varða við 2. málsgr. 203. gr. hegningarlaganna, sbr. ennfremur 2. gr. sömu laga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdómsins um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,

þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Georg Kristjánsson, sæti 8 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdómsins um sakarkostnað í héraði eiga að verða óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Lárusar Jóhannessonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. marz 1940.

Ár 1940, miðvikudaginn 13. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 124/1940: Réttvísin gegn Georg Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 21. f. m.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Georg Kristjánssyni forstjóra, til heimilis á Barónsstig 30 hér í bæ, fyrir brot gegn 16. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. september 1910, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1934 $^{2}/_{9}$ Sætt 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1937 $^{7}/_{8}$ Undir rannsókn út af meintri ölvun við bifreiðarakstur. Ekki talinn hafa unnið til refsingar.

1937 $^{2}/_{12}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1938 $^{2}/_{5}$ Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send

hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málsóknar.

1938 ⅛ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 3/12 Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

Málavextir eru þeir er nú skal greina:

I.

Ákærði er einhleypur. Í mörg ár stundaði hann járnsmíði hér í bænum, en árið 1935 fór hann til Danmerkur og lærði þar pappakassa- og pappa-umbúðagerð. Eftir hálfs árs nám kom hann aftur hingað og hefir síðan starfað að þessari iðn sem forstjóri Pappakassagerðarinnar hér í bænum og haft af því sæmilegar tekjur. Hann hefir verið drykkfelldur með köflum, og kveðst hann vera örari við vín en menn séu almennt og þá gefa peninga hverjum sem hafa vill. Hann hefir töluvert verið með kvenfólki og haft við það kynferðismök með eðlilegum hætti.

Fyrir um þremur árum varð hann þess var, að hann hafði tilhneigingar til að leita ásta við karlmenn, en segir það þó einungis hafa gerzt, þegar hann var ölvaður, og kveðst hafa gert allt, sem í hans valdi stóð, til að vinna gegn þessari ástríðu sinni. Það hefir honum þó ekki tekizt, og verður nú lýst sakaratriðum, sem upplýst eru, en tilefni þess, að rannsókn þessi var hafin, var sú, að aðstandendur drengsins Þórðar Helgasonar, sem ákærði hafði haft kynferðismök við, komust að því, að mök þessi fóru fram, og létu drenginn skýra lögreglunni frá kynnum sínum af ákærða.

II.

Drengurinn Þórður Helgason, Laugaveg 19 B, er fæddur 19. marz 1925. Um jólaleytið 1937, að því er næst verður komizt, kynntust þeir fyrst, drengur þessi og ákærði. Kunningsskapur þeirra óx smátt og smátt, en ekki ber þeim saman um, hvor frekar hafi sókzt eftir kunningsskapnum og samvistum þeirra. Ákærður kveður Þórð mjög hafa sókzt eftir samvistum við sig og iðulega snikt hjá sér peninga. Hafi hann mjög oft komið til sín í óþökk sinni, og ákærði þá vísað honum burt. Einnig hafi hann oft hringt sig upp í síma og farið fram á að mega koma til ákærða. Þórður segir ákærða mjög hafa sókzt eftir samvistum við sig. Hafi hann byrjað með því að senda sér

aðgöngumiða að jólatrésskemmtunum og, þegar kunningsskapur þeirra var kominn á, beðið sig að koma til sín.

Hversu sem þessu hefir verið farið, er það ljóst, að til kynferðismaka þeirra á milli hefir ekki komið, fyrr en einhvern tíma í fyrra vetur, og síðustu kynferðismök þeirra voru um flutningsdaginn 14. maí s. l. Um, með hverjum hætti og hve oft mökin fóru fram, ber þeim ekki heldur saman. Drengurinn, Þórður, skýrir svo frá, að ákærði hafi oft haft við sig mök, þó ekki mjög oft. Hafi mökin verið í því fólgin, að ákærði hafi ýtt getnaðarlim sínum inn í endaþarm Þórðar, og þeir verið við þetta ýmist standandi eða liggjandi í Pappakassagerðinni, sem ákærði hafði umráð yfir, og einu sinni heima hjá ákærða. Hafi mökin staðið skamma stund í hvert sinn, og ákærða stundum orðið sáðfall, en hann hafi ætíð verið ódrukkinn við mök þessi, nema einu sinni. Hann segir ákærða lítið hafa talað um þetta við sig, hann hafi aldrei kysst sig, en mikið þuklað á sér. Ákærði hafi oft gefið sér aura og sælgæti. Hann hafi aldrei beðið sig um að þegja um þetta, en Þórður taldi sig þó eiga að gera það.

Ákærði skýrir svo frá, að í fyrsta lagi hafi hann aldrei haft kynferðismök við karlmenn, hvorki Þórð né aðra, öðruvísi en drukkinn, hvort sem Þórður hafi séð á sér áfengisáhrif eða ekki. Hann telur sig hafa haft mök við Þórð þrisvar til fjórum sinnum, en vill þó ekki um það fullyrða annað, en að mök þeirra hafi ekki verið oft. Hann segir þá tíðast hafa legið á borði í Pappakassagerðinni, þegar þeir voru saman að líkamslosta, og mökin hafi verið með þeim hætti, að hann hafi sett getnaðarliminn milli læra Þórðar, og stundum, þó sjaldan, orðið sáðfall. Kveðst hann þá oftast hafa farið höndum um getnaðarlim Þórðar um leið, og hafi Þórður haft nautn af því. Hefir hann undir öllum rekstri málsins neitað að hafa nokkurn tíma, sér vitanlega, farið með getnaðarliminn í endaþarm Þórðar.

Við læknisskoðun á Þórði hafa ekki fundizt þess merki, að hann hafi verið misnotaður eða skemmdur í endaþarmi.

Eins og atvikum nú hefir verið lýst, þykir við dómsálagningu verða að leggja til grundvallar frásögn ákærða um afskipti hans af dreng þessum, þar sem sannanir

brestur fyrir þeim staðhæfingum drengsins, er lengra ganga til óhags ákærða en hans eigin skýrsla.

III.

Drengurinn Ólafur Byron Guðmundsson, nú dveljandi í Skálholti í Biskupstungum, er fæddur 6. ágúst 1925. Fyrir alllöngu kynntist ákærði dreng þessum, og ox kunningsskapur þeirra smátt og smátt, og gaf ákærði honum aura, sælgæti og smávegis. Drengurinn kom til ákærða í Pappakassagerðina og var með honum í bifreiðaferðum um bæinn. Þegar drengurinn var í 12 ára bekk barnaskólans hér, en það var veturinn 1937—38, fór ákærði að hafa kynferðismök við hann. Sumarið 1938 var drengurinn í sveit, og voru þeir á því tímabili ekki saman. Þegar hann kom aftur til bæjarins, hófust mökin að nýju og héldust fram að s. l. jólum. Á þessum tímabilum hafa mökin farið fram við og við með nokkuð misjöfnum millibilum, stundum leið vika, hálfur mánuður og mánuður á milli, en stundum ekki nema 2 eða 3 dagar. Ákærður hefir talið, að mökin hafi ekki verið mjög tíð, en hefir þó ekki viljað fullyrða neitt um það. Mökin fóru fram í Pappakassagerðinni, og lágu þeir ýmist uppi á borði eða voru standandi. Ólafur hefir haldið því fram, að ákærði hafi borið feiti úr túbu á getnaðarlim sinn, til þess að hann yrði mýkri. Eftir þessu kveðst ákærði ekki muna, en segir, að þetta geti vel hafa verið, og nóg hafi verið af feiti í verksmiðjunni, en kveðst alls ekki muna eftir að hafa borið neina túbu á sér með smurningu. Ólafur hefir eindregið haldið því fram, að ákærði hafi haft mök við sig bæði með þeim hætti, að setja getnaðarlim sinn milli læra hans og í endaþarminn, og virtist honum ákærði hafa síðarnefndu aðferðina, þegar hann var með drukknasta móti. Ákærði framdi samræðishreyfingar á Ólafi og hafði oftast sáðfall. Ákærði hefir undir rannsókn málsins sagzt ekki muna eftir að hafa farið í endaþarm Ólafs, enda muni hann ekki gerla, hvað gerist, þegar hann sé drukkinn. Hann hefir þó lýst því yfir, að hann rengi ekki, að framburður Ólafs um, hvernig mökin voru, sé réttur. Ákærði kveðst muna eftir því að hafa einhvern tíma farið fram á við Ólaf, að fá að fara í endaþarm hans, en það hafi hann ekki viljað. Hafi því ekkert orðið úr því, og hann ekki beðið Ólaf um það

oftar og kveðst sér vitanlega engan hafa neytt til slíkra maka við sig. Ákærði kveðst hafa farið höndum um getnaðarlim Ólafs nokkurn veginn jafn oft og mökin hafi farið fram, og hafi hann virzt hafa nautn af því. Ólafur kveðst hins vegar enga nautn hafa haft af mökunum, heldur hafa gefið sig í þetta einungis vegna þess, að ákærði lét hann fá peninga fyrir, fáeinar krónur í hvert sinn, eða a. m. k. oftast nær. Þar sem ákærði telur, að frásögn Ólafs um, með hverjum hætti mökin hafi verið, sé rétt, verður að telja hana sannaða.

IV.

Ákærði hefir játað að hafa fyrirfarandi leitað á karlmenn til kynferðisatlota, bæði drengi og fullorðna. Þegar hann varð þess var, að menn þessir vildu ekki þýðast hann, hætti hann áleitni sinni og kveðst yfirleitt aldrei hafa neytt neinn til maka við sig. Ef viðkomandi menn þýddust hann, hafði hann við þá mök, sem að framan er lýst, þó ekki af grófustu tegundinni. Ákærði getur ekki sagt um, hve oft hann hefir þannig haft mök við sér óþekkta menn, en þessa menn hefir hann ekki getað nafngreint, nema einn, sem hann telur, að heiti Andrés. Ekki veit hann nein deili á þeim manni, og hefir eigi tekizt að finna hann.

Þá hefir Gunnar, bróðir drengsins Þórðar Helgasonar, talið sig hafa orðið fyrir áleitni ákærða eitt sinn á s. l. sumri, en atvik að því voru slík, að ákærða verður ekki gefið að sök.

V.

Eins og málsatvikum hefir nú verið lýst, verður ákærði með hinum grófustu mökum sínum við drenginn Ólaf Byron Guðmundsson talinn hafa gerzt brotlegur við 178. gr. hegningarlaganna.

Með mökum þeim, sem ákærði samkvæmt framangreindu hefir átt við ósjálfráða unglinga, hefir hann brotið gegn 186. gr. hegningarlaganna. Sömu lagagrein hefir ákærði brotið með áleitni sinni við sjálfráða menn að óvilja þeirra. Hins vegar verður hann eigi talinn hafa unnið til refsingar með þeim mökum, sem hann hefir átt við sjálfráða menn með samþykki þeirra.

Refsing ákærða þykir, með hliðsjón af 63. gr. hegn-

ingarlaganna, hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 8 mánuði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar lögfræðings, kr. 100.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Georg Kristjánsson, sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði. Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar lögfræðings, kr. 100.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. nóvember 1940.

Nr. 61/1940. **Jón Finnsson, Magnús Halldórsson, Guðrún Finnsdóttir og Benedikt Finnsson** (Pétur Magnússon)

gegn

Verzlunarfélagi Steingrímsfjarðar (Sveinbjörn Jónsson).

Lóðarleiga. Mat.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefir uppkveðið Jóhann Salberg Guðmundsson, sýslumaður í Strandasýslu.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. júní þ. á., krefjast þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim eftirleiðis 430 króna ársleigu eftir verzlunarlóð þá, er í héraðsdóminum greinir, en til vara, að kveðið verði á um það, að áfrýjendum sé rétt að láta meta leigu eftir lóðina samkvæmt 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 75/1917. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi

stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hins vegar staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkomulag virðist upphaflega hafa verið um leigu eftir verzlunarlóðina, en slíkt samkomulag gat ekki bundið áfrýjendur um ófyrirsjáanlegan tíma, þar sem þeim var ekki unnt að segja lóðartaka upp lóðarnotunum. Áttu þeir því heimild þess að krefjast með hæfilegum fyrirvara mats á leigunni, og eftir gildistöku laga nr. 75/1917 þykir 2. málsgr. 2. gr. þeirra laga eiga við um lögskipti aðilja. Áfrýjendum var þannig heimilt að krefjast mats á leigunni um 10 ár í senn. Kröfur áfrýjenda í héraði, sem reistar eru á matsgerðinni frá 15. júlí 1933, eru hins vegar ekki takmarkaðar við gildi matsins um það árabil, er í lögum nr. 75/1917 segir, heldur er krafizt leigu eftir lóðina samkvæmt matinu um ótiltekið tímabil. Og hefir héraðsdómarinn ekki leiðbeint áfrýjendum, sem eru ólöglærðir, um kröfugerðina. Ennfremur hefir héraðsdómaranum láðst að benda stefnda, sem einnig er ólöglærður, á, að honum væri þess kostur að mótmæla matsgerðinni á þeim grundvelli, að afnotahafa lóðarinnar var ekki veitt færi á því að vera viðstaddur matið og koma þar að athugasemdum sínum. Af þessum ástæðum verður að ómerkja málsmeðferð í héraði frá þingfestingu, svo og hinn áfrýjaða dóm, og vísa máliu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði frá þingfestingu eiga að vera ómerk, og

vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Dómur aukaréttar Strandasýslu 25. maí 1940.

Mál þetta, sem var dómtekið 9. ágúst f. á., og síðan endurupptekið og af nýju dómtekið 12. marz þ. á., er höfðað með móti beggja aðilja hér fyrir rétti 7. júlí f. á. af eigendum verzlunarlóðarinnar í Hólmavík gegn Verzlunarfélagi Steingrímsfjarðar, Hólmavík, til hækkunar árlegs leigugjalds lóðar og greiðslu málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Þann 5. júní 1896 fór fram útmæling lóðar úr verzlunarlóð Hólmavíkur handa R. P. Riis, kaupmanni á Borðeyri. Var útmælingin framkvæmd af þáverandi sýslumanni Strandasýslu og tveim „útnefndum" mönnum. Lóð þessi er að stærð 14400 ferálnir. Árlegt gjald fyrir hina útmældu lóð var af sýslumanni og hinum útnefndu mönnum ákveðið kr. 30.00 „með samkomulagi við jarðareigandann". Lóðargjaldið hefir æ síðan verið hið sama, kr. 30.00 á ári, einnig nú, eftir að verjandi hefir öðlazt lóðarréttindin.

Sækjandi gerir kröfur til þess *aðallega*, að árgjald fyrir leigulóð þessa verði með dómi þessum hækkað úr því, sem það nú er, upp í kr. 430.00, og verjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar. *Til vara* krefst sækjandi þess, að árlegt gjald fyrir lóðina verði hækkað frá því, sem það nú er, upp í kr. 288.00, og verjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Kröfur sínar byggir sækjandi á því, að gjald fyrir leigulóðir í Hólmavík hafi almennt hækkað mjög, síðan útmælingargerð þessi fór fram, og styður hann aðalkröfu sína um hækkun lóðargjaldsins við það, að hún sé í samræmi við núverandi verðlag á endurgjaldi fyrir leigulóðir í Hólmavík, enda byggist sú krafa á mati tveggja dómkvaddra manna, er fram fór á leigugjaldi eftir lóð þessa 15. júlí 1933. Þá hefir sækjandi og bent á 2. gr. laga nr. 75 1917 máli sínu til stuðnings, en þar er heimilað endurmat

á leigulóðum, sem teknar hafa verið leigunámi til verzlunarreksturs, á 10 ára fresti, ef annar hvor aðilja krefst þess. Ennfremur hefir sækjandi bent á, að um breytt viðhorf og verðgildi peninga sé að ræða frá því, sem áður var. Loks hefir sækjandi bent á 62. gr. stjskr., um friðhelgi eignarréttarins, og enn loks vitnað til almennrar sanngirni. Í því sambandi hefir hann tekið það fram, að núverandi lóðarhafi leigði öðrum af nefndri lóð fyrir á annað hundrað krónur á ári tiltölulega lítinn hluta af lóð þessari.

Verjandi hefir eindregið mótmælt öllum kröfum sækjanda. Mótmæli sín styður hann aðallega við það, að lóðarréttindi þessi byggist á samningi, og sé engin heimild til að telja hann ekki bindandi sem aðra samninga. Þá hefir hann bent á, að 2. gr. laga nr. 75 1917 geti ekki haft áhrif á hið árlega endurgjald lóðarinnar, þar sem þau lög geti ekki, fremur en önnur lög, verkað aftur fyrir gildistökutíma sinn, og eigi þau því ekki hér við. Þá hefir verjandi og bent á, að hækkun á leigugjaldi lóða í Hólmavík stafi mjög af aðgerðum sínum, og sé því eigi sanngjarnt að hækka endurgjald þessarar lóðar, sem hann telur hafa verið verðlitla áður. Þessu hefir sækjandi mótmælt. Gerir verjandi kröfu til þess, að hann verði með dómi þessum sýknaður af kröfum sækjanda og verði sækjandi dæmdur til að greiða málskostnað.

Til þess að lagður verði dómur á framangreindar kröfur verður rétturinn að gera sér grein fyrir því, hvers eðlis hin upprunalega útmælingargerð sé og af hverjum rótum hún sé runnin.

Útmæling lóðarinnar árið 1896 er gerð samkv. einhliða ósk þess, er réttindi skyldi fá yfir henni. Hún er, eins og fyrr greinir, framkvæmd af sýslumanni og tveim „útnefndum“ mönnum. Er helzt svo að sjá sem engar samningatilraunir um lóðarréttindi hafi farið fram, áður útmælingin færi fram. Hins vegar kemur það eigi fram, að landeigandi hafi neinum andmælum hreyft við útmælingargerðina, þótt honum kunni að hafa þótt miður. En í útskrift af gerðinni (rskj. nr. 6) segir, að hið árlega endurgjald fyrir lóðina hafi verið ákveðið kr. 30.00 „með samkomulagi við landeigandann, Finn Jónsson,“ og hefir hann til staðfestu ritað nafn sitt undir gerðina. — Það liggur

því sanni næst að álita, að hér sé um samning að ræða, þótt gerðin sé í þessu formi, en það skiptir miklu máli, hvort hér hefir verið um samning eða lögnám að ræða, því að lög nr. 75 1917 2. gr. 2. mgr. taka aðeins til þeirrar tegundar lögnáms, sem leigunám er kallað, en ekki til samninga. En þegar útmælingargerð sú, er hér um ræðir, er framkvæmd, gilda um útmælingu lóða í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum lög frá 13. marz 1891. — Í þeim lögum var heimild handa þeim, er reka vildu verzlun, að fá lóðir í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum teknar eignarnámi, ef eigi náðist samkomulag milli aðilja. Þau lög taka ekki til annars lögnáms en hreins eignarnáms, ekki svokallaðs leigunáms. Kemur þetta glöggt fram í 2. gr. þeirra laga, þar sem talað er um, að menn geti orðið skyldaðir til að „láta af hendi" lóðir í fyrrnefndu skyni, sbr. ennfremur reglugerð frá 1. mai 1891, sem sett var samkv. lögunum frá 13. marz 1891, en þar er talað um „eignarnámsgerð („expropriation"), „eignarréttindi", en hvergi um lögnám sem leigunámsgerð.

Að þessu athuguðu getur rétturinn ekki talið, að hér umrædd útmælingargerð sé lögnám, og getur hún því ekki verið framkvæmd með heimild í þágildandi lögum um útmælingu lóða í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum, því að í útmælingargerðinni er ekki gert ráð fyrir eigendaskiptum á lóðinni, og því er þar ekki um eignarnám að ræða, eins og þau lög gera ráð fyrir. Af þessum ástæðum verður 2. gr. laga nr. 75 1917 eigi beitt um téða útmælingargerð.

Rétturinn lítur svo á, að útmælingargerðin sé samningur. Spurningin er þá, hvort þeim samningi verði *breytt*, eins og sækjandi hefir krafizt. Eins og að framan greinir, taka lög nr. 75 1917 2. gr. ekki beint til þessa tilfellis, og verður samningnum því ekki breytt með heimild í þeim lögum. Ekki er heldur sjáanlegt af útskrift af útmælingargerðinni (rskj. nr. 6) né öðrum atriðum, sem upplýst hefir orðið um í málinu, að nein þau atvik hafi legið fyrir við gerð samnings þessa, er valdið geti ógildi hans. Ógildingarreglum laga nr. 7 1936 verður því eigi komið hér við né heldur grundvallarreglum laga.

Með því að samningi þessum verður eigi breytt samkv. framansögðu, eins og málum er nú farið, og sérstaklega

þar sem honum hefir eigi verið sagt upp, þá lítur rétturinn svo á, að sýkna beri verjanda af kröfum sækjanda um hækkun hins árlega endurgjalds fyrir leigulóð verjanda á verzlunarlóð Hólmavíkur.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður hér fyrir rétti falli niður.

Dráttur sá, er orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af öðrum embættisönnum dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Verjandi, Verzlunarfélag Steingrímsfjarðar (nú Kaupfélag Steingrímsfjarðar), skal vera sýkn af kröfum sækjanda, eigenda verzlunarlóðarinnar í Hólmavík, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 29. nóvember 1940.

Nr. 129/1939. **H/f Shell á Íslandi** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs (Lárus Jóhannesson).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefir uppkveðið Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti í Seyðisfjarðarkaupstað.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. desember f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og neitað verði um framgang lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hins vegar staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Shell á Íslandi, greiði stefnda, bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Seyðisfjarðar 14. nóv. 1939.

Við síðustu aðalniðurjöfnun hér í kaupstaðnum lagði niðurjöfnunarnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar útsvar á h. f. Shell á Íslandi, útibúið á Seyðisfirði, fjárhæð kr. 1235.00, en þar eð h. f. Shell á Íslandi telur verzlun sína hér á Seyðisfirði ekki útsvarsskylda, hefir það neitað að greiða útsvarið, og hefir því verið krafizt lögtaks fyrir því.

Útsvarsundanþáguna virðist gerðarþoli byggja á því, að hér sé um umboðssölu að ræða, sem ekki sé útsvarsskyld. Tilvitnun í úrskurð ríkisskattanefndar skiptir ekki máli, þar eð úrskurður um útsvarsskyldu heyrir undir úrskurð dómstóla.

Það er upplýst, að gerðarþoli hefir hér bryggjuafnot og lóð á leigu, sem hann greiðir fyrir 400 krónur á ári hverju. Á lóð þessari hefir hann látið reisa olíugeyma og geymsluport, þar sem vörubirgðir hans til hvers tíma munu vera geymdar.

Með samningi við Fisksölufélag Seyðisfjarðar, dags. í júní 1937, rskj. nr. 4, tókst nefnt Fisksölufélag á hendur að annast verzlun gerðarþola hér á Seyðisfirði. Samkvæmt samningi þessum skuldbindur Fisksölufélagið sig til þess að selja fyrir gerðarþola allar þær benzín- og olíutegundir, sem hann hefir til sölu hér á landi eða kann að senda félaginu til sölu. Þá skal og Fisksölufélagið hafa umsjón með eða annast sölu frá benzíndælu, sem gerðarþoli hefir sett upp á Seyðisfirði. Vörur, sem gerðarþoli sendir hing-

að, eru í gæzlu og ábyrgð Fisksölufélagsins, en það ber þó ekki ábyrgð á skemmdum, sem orsakast kunna af ástæðum, sem Fisksölufélaginu eru óviðráðanlegar. Fisksölufélaginu er skylt að sjá um, að afgreiðsla á vörunum til kaupenda gangi eins fljótt og kostur er á. Allt það fé, sem það greiðir úr eigin vasa í þessu skyni, endurgreiðir gerðarþoli að svo miklu leyti, sem hann telur útgjöldin vera nauðsynleg. Ennfremur greiðir gerðarþoli uppskipun á olíum, hafnargjöld, útskipun á tómtunnum, símskeyti og símakostnað, aðkeypta keyrslu, svo og allar nótubækur, skrifstofubækur og ritföng. Fisksölufélaginu er óheimilt að lána vörur gerðarþola, nema með sérstöku samþykki hans, enda ber Fisksölufélagið ábyrgð á útistandandi skuldum, sem kynnu að myndast við verzlunina. Sérstakt bókhald skal haldið yfir allt, sem selt er fyrir gerðarþola, og allir peningar, sem inn koma fyrir vörur hans, skal láta í sérstakan kassa og leggja þá daglega inn á banka á nafn h. f. Shell á Íslandi. Ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði skal gefa skilagrein um söluna. Þá skal Fisksölufélagið halda aðgreindum öllum vörum gerðarþola og gæta þess, að þær blandist á engan hátt saman við eignir Fisksölufélagsins. Tryggingu, að fjárhæð kr. 5000.00, er gerðarþoli tekur gilda, skal Fisksölufélagið setja honum. Laun Fisksölufélagsins eru ákveðin í samningnum viss krónutala af hverju tonni af hreinolíu og hráolíu, sem selst, viss auratala af hverjum benzínlítra og tiltekið hundraðsgjald af andvirði seldrar smurningsolíu.

Ekki er upplýst, að sölustarfsemi gerðarþola hafi verið með öðrum hætti en að framan er lýst samkvæmt samningum, réttarskjali nr. 4.

Það verður nú að líta svo á, að verzlunarrekstur gerðarþola á Seyðisfirði, er rekinn hefir verið með þeim hætti, er hér hefir verið lýst, sé útsvarsskyldur hér samkvæmt lögum nr. 106 frá 1936, 8. gr. 2. mgr. a-lið, sbr. og hér við dóm hæstaréttar í hliðstæðu tilviki, sjá Dómasafn 1929, bls. 1099.

Á því hið umbeðna lögtak að ná fram að ganga samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Umbeðið lögtak á fram að fara.

Föstudaginn 29. nóvember 1940.

Nr. 35/1940. **Jón Þorsteinsson**
gegn
Verzlunarfélaginu Borg h/f.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Þorsteinsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 29. nóvember 1940.

Kærumál nr. 8/1940. **Björn Gottskálksson**
gegn
Kristjáni Kjartanssyni.

Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 22. okt. þ. á., hingað komnu 18. f. m., barst hæsttarétti kæra sóknaraðilja, Björns Gottskálssonar, um úrskurð Guðmundar bæjarfógeta Hannessonar, uppkveðinn 17. okt. þ. á. í bæjarþingsmálinu nr. 20/1940: Kristján Kjartansson gegn Birni Gottskálkssyni. Krefst sóknaraðili þess, *að* úrskurður þessi verði felldur úr gildi, *að* málinu verði vísað frá héraðsdómi, og *að* varnaraðilja, Kristjáni Kjartanssyni, verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili hefir enga greinargerð sent og engar kröfur gert fyrir hæstarétti.

Samkvæmt skýrslu varnaraðilja í héraðsdóms-

stefnu og sáttakæru leigði hann snurpunótabáta til tveggja vélbáta frá Norðfirði yfir síldarvertíðina síðastliðið sumar. Samkvæmt yfirlýsingu sinni, gefinni út þann 14. júlí síðastl. á Siglufirði, gerðist sóknaraðili sjálfskuldarábyrgðarmaður að greiðslu leigu eftir snurpunótabáta þessa, og lét varnaraðili gefa út dómstefnu á hendur sóknaraðilja þann 30. sept. síðastl. til dóms á hendur honum um greiðslu leigu þessarar. Eftir öllum atvikum virðist leigan hafa átt að gjaldast á Siglufirði í lok síldarvertíðar 1940. Sóknaraðili, sem tjáir sig fást við atvinnurekstur á síldarvertíð á Siglufirði, en eiga nú heimili á Seltjarnarnesi, var enn á Siglufirði, er sáttakæra og stefna var birt. Samkvæmt þessu var heimilt að höfða mál þetta á hendur sóknaraðilja fyrir dómi á Siglufirði eftir ákvæðum 80. gr. laga nr. 85/1936. Málshöfðunin er að vísu í sókn og vörn fyrir héraðsdómi byggð á því einu, að sóknaraðili eigi þá heimili á Siglufirði, sem þó var ósannað gegn mótmælum hans, en í skjölum málsins var nægilegt efni til þess, að héraðsdómarinn benti varnaraðilja, sem er ólöglærður maður og fór sjálfur með mál sitt, á ákvæði téðrar 80. gr. laga nr. 85/1936 og leiðbeindi honum um vörn við frávísunarkröfu sóknaraðilja að því leyti samkvæmt fyrirmælum 114. gr. nefndra laga, enda var ekki ástæða til þess að ætla, að varnaraðili mundi vilja firra sig rétti til málshöfðunar samkvæmt 80. gr. téðra laga, þó að hann, ólöglærður maðurinn, skírskotaði ekki til hennar í málflutningi sínum, sbr. 113. gr. sömu laga. Þögn varnaraðilja um 80. gr. laga nr. 85/1936 er þess vegna ekki því til fyrirstöðu, að kæruatriði þessa máls verði leyst samkvæmt henni hér fyrir dómi.

Samkvæmt þessu verður að telja mál þetta löglega höfðað fyrir dómi á Siglufirði samkvæmt heimild í 80. gr. laga nr. 85/1936, og ber því að hrinda frávísunarkröfu sóknaraðilja, eins og héraðsdómari hefir gert.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Frávísunarkrafa sóknaraðilja, Björns Gottskálkssonar, verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 17. október 1940.

Það er viðurkennt af stefndum, að hann hafi haft lögheimili á Siglufirði 1939, en þar sem því er mótmælt, að hann hafi flutt sig í Seltjarnarneshrepp og hins vegar viðurkennt, að hann hafi raunverulega dvalið hér mikinn hluta yfirstandandi árs, verður að telja, að hann hafi haft raunverulegt heimili hér, er sáttakæra og stefna var birt, og hafi því verið rétt að stefna málinu fyrir rétt í Siglufirði. Ber því eigi að frávísa málinu.

Fyrir því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnds skal eigi tekin til greina.

Miðvikudaginn 4. desember 1940.

Nr. 57/1940. **Pétur Magnússon f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Dixie og farms þess** (Pétur Magnússon)

gegn

Skipaútgerð ríkisins og gagnsök (Garðar Þorsteinsson).

Björgunarlaun.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. júní þ. á., hefir krafizt

þess *aðallega*, að gagnáfrýjanda verði dæmd þóknun fyrir aðstoð veitta e/s Dixie, en *til vara*, að björgunarlaunin verði færði niður. Svo krefst hann þess, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi hefir áfrýjað máli þessu með stefnu 10. sept. þ. á., hefir krafizt þess, að björgunarlaunin verði hækkuð upp í kr. 500000.00 með 5% ársvöxtum frá 27. janúar 1940 til greiðsludags, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er í héraðsdóminum greinir, þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að björgunarlaunin þykja hæfilega ákveðin kr. 280000.00 með vöxtum svo sem í héraðsdóminum segir. Svo þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti samtals kr. 8500.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Pétur Magnússon f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Dixie og farms þess, greiði gagnáfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 280000.00 með 5% ársvöxtum frá 27. janúar 1940 til greiðsludags. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 8500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. apríl 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 27. jan. s. l. af Pálma Loftssyni forstjóra f. h. Skipaútgerðar ríkisins, hér í bæ, gegn hrm. Pétri Magnússyni, hér í bænum, f. h. eigenda og vátryggjenda s/s Dixie (kennimerki: L. J. M. Z.) frá Porsgrunn í Noregi til greiðslu björgunarlauna, allt að kr. 500000,00, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, kostnaðar við sjóferðarpróf og mat skipsins, kr. 2223,20, auk málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Stefndur krefst þess *aðallega*, að stefnanda verði aðeins tildæmd þóknun eftir mati réttarins fyrir aðstoð veitta s/s Dixie, en *til vara* krefst hann þess, að björgunarlaun verði ákveðin samkvæmt mati dómsins og þá stórlega lækkuð. Hvernig sem málið fer, krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að hinn 22. nóv. f. á. hélt s/s Dixie af stað frá Porsgrunn í Noregi. Var skipið hlaðið 1970 tonnum af trjákvoðu („dry chemical woodpulp"), og var ferðinni heitið norður um Færeyjar áleiðis til Bandaríkja Norður-Ameríku. Fyrstu dagana fékk skipið mjög slæmt veður, og varð þá þegar vart við, að farmurinn hafði losnað, og varð ekki úr bætt, þótt tilraunir væru gerðar í þá átt. Að morgni hins 1. des., er skipið var statt um 100 sjómílur í suðlæga stefnu frá Vestmannaeyjum, var samkvæmt dagbók skipsins, „SW kuling med höi sjö". Kl. 10.15 f. h. varð vart við, að eitthvað rakst á aftanvert skipið, og strax á eftir hætti skipið að vinna áfram, enda kom það síðar í ljós, að skipið hafði misst skrúfuna. Skipið lá nú þvert fyrir sjóum, valt það mikið og braut yfir það, en skipverjar reyndu að lægja sjóinn með olíu. Haldið var „skipsráð" og þar ákveðið að kalla á hjálp, og var fyrst sent skeyti til útgerðarinnar, þar sem staður skipsins var tilgreindur og skýrt frá því, að líklega hefði skipið misst skrúfuna, en ekki væri þó bráð hætta á ferðum. Síðan herti vindinn og hafrótið, og var þá sent út „QST"-skeyti „som et varsko til skibsfarten og desuten for at etablere radioforbindelse med skib i nær-

heten for alle eventualiteters skyld", eins og það er orðað í dagbókinni. Þegar á daginn leið, lægði vindinn nokkuð og snerist í V. N. V. Kl. 6 e. h. hafði enn ekki borizt neitt svar frá útgerðinni, og sendi skipið þá frá sér skeyti, þar sem sagt var, að hjálp væri nauðsynleg hið bráðasta, og eftir nokkur frekari skeytaskipti við útgerðina, varð það úr, eftir beiðni vátryggjenda skipsins, að Skipaútgerð ríkisins bauð skipinu hjálp og kvaðst mundu senda björgunar- og varðskipið Ægi af stað tafarlaust, ef þess væri óskað. Í skeyti frá Dixie var staðfest, að svo væri, jafnframt því sem staður skipsins var tilgreindur. Hélt Ægir síðan af stað frá Reykjavík þann 2. des. kl. 2.50 og hafði loftskeytasamband við Dixie öðru hvoru (sic.), og var þá m. a. af hálfu Ægis sagt fyrir um, hvernig fest skyldi dráttarvírum (sic) og um aðra tilhögun við dráttinn. Samkvæmt dagbók Dixie og skýrslu Ægis var veður heldur batnandi þennan dag, vindur vestlægur, lægði úr 7 í 3—4, og sjó einnig. Um kl. 20 kom Ægir að Dixie, var skotið línu yfir skipið, fest við hana „tóg" og síðan vírar. Kl. 21.40 var lokið við að ganga frá dráttartaugum og haldið af stað áleiðis til Reykjavíkur með Dixie í eftirdragi. Samkvæmt skýrslu Ægis var breytileg átt þann 3. des. fyrir hádegi, SA til ANA 2—3, sjór 3; síðan A 4 og enn síðar ANA 4—6, og sjór svipaður, en þó þótti Ægi ráðlegast, að Dixie gæfi út 15 faðma af keðju sinni í viðbót, svo að akkerið kipptist síður upp úr sjó. Samkvæmt dagbók Dixie var þann 4. des. NA 5—7 (skýrsla Ægis segir 4—5), sjór 4, og var komið á Reykjavíkurhöfn heilu og höldnu um kl. 9.45 þann dag, en lokið var við að koma skipinu að hafnargarði um kl. 15 sama dag.

Stefnandi heldur því fram, að s/s Dixie hafi verið statt í slíkri neyð, er Ægir kom því til hjálpar, að um tvímælalausa björgun af hans hálfu hafi verið að ræða, og því beri sér björgunarlaun, allt að hinni umstefndu upphæð, auk vaxta og kostnaðar, eins og áður greinir.

Aðalkröfur sínar byggir stefndur hins vegar á því, að s/s Dixie hafi alls ekki verið statt í slíkri hættu, að hjálp Ægis geti talizt björgun samkvæmt siglingalögunum, heldur hafi þar aðeins verið um minniháttar aðstoð að ræða, sem stefnanda beri þóknun fyrir í samræmi við

það. Er því haldið fram, að þar sem skipið hafi að öllu leyti verið traust, vel búið að vistum og haffært að öllu leyti og veður ekki mjög slæmt næstu daga á eftir, þá verði að telja yfirgnæfandi líkur til þess, að skipið hefði náð höfn af eigin ramleik, enda hafi verið nægilega mikið af segldúk innanborðs til þess, að unnt væri að koma upp seglabúnaði, og vanir siglingamenn um borð.

Á þetta verður ekki fallizt. Eins og áður er tekið fram, er það upplýst, að skipið hafði misst skrúfu sína, rak stjórnlaust fyrir sjó og vindi, veður var allslæmt, enda allra veðra von á þessum árstíma, skipið var úr alfaraleið og ekki upplýst, að skip þau, er það hafði skeytasamband við, væru í námunda við það eða hefðu haft tök á að aðstoða það. Farmur skipsins var a. m. k. að nokkru leyti laus og gat því verið hættulegur fyrir skipið í þeim sjó, sem þarna var, auk þess sem upplýst er, að farmurinn var þess eðlis, að hann hefði drukkið í sig allt vatn, sem í hann hefði komizt, og jafnframt bólgnað mjög út, þannig að hann var hættulegur, einnig af þeim sökum, en á því var talsverð hætta, að sjór kæmist þar að, ef skipið hefði velkzt stjórnlaust í hafinu að nokkru ráði, og þá sérstaklega, ef unnt hefði verið að grípa til þess ráðs, sem umtalsmál var, sem sé að taka eina „presenningu" af hverri „lúgu" skipsins, en þær eru fjórar, og nota sem seglabúnað. Að áliti réttarins mundi sú ráðstöfun, þótt framkvæmanleg hefði verið (sem vafasamt má teljast), þó ekki hafa verið líkleg til þess að leiða skipið úr háskanum, þegar tekið er tillit til þess, hversu umræddar „presenningar" voru litlar, um 30 × 26 fet, skipið stórt (1571 brúttó tonn) og veðrið slæmt, enda virðist það, sem upplýst er um vindstöðu næstu daga, ekki benda í þá átt, að skipið hefði fengið hagstæðan byr til að komast að austan- eða sunnanverðu Íslandi, eins og stefndur hefir talið vera helzta bjargarúrræðið. Auk þess var skipstjórinn á Dixie ókunnur staðháttum hér, þar sem hann hafði aldrei komið fyrr hingað til lands. Og þótt legufæri skipsins væru í góðu lagi, verður það ekki, eins og á stóð, talið hafa neina þýðingu í þessu efni. Að þessu öllu athuguðu verður að líta svo á, að s/s Dixie hafi verið statt í slíkri neyð, að hjálp sú, er Ægir veitti því, verði að teljast vera björgun í

skilningi siglingalaganna, og stefnanda beri því björgunarlaun.

Við ákvörðun á upphæð björgunarlaunanna kemur fyrst og fremst til álita, *annarsvegar*, að björgunin tókst vel og var unnin af verklagni og atorku, að s/s Dixie var, eins og nánar er rakið að framan, i hættu, og v/s Ægir er ætlað til björgunarstarfsemi, enda búið verðmætum björgunartækjum. *Hinsvegar* tók björgunin tiltölulega stuttan tíma (um 2¼ sólarhring), var frekar fyrirhafnarlitil, að því er séð verður, og ekki sérstaklega áhættusöm fyrir Ægi, enda ekki upplýst um neinar skemmdir á skipi eða björgunartækjum. Í annan stað er verðmæti hins bjargaða (skip, kol, vistir, farmur, farmgjöld) samkvæmt óvéfengdu mati talið nema kr. 2226293.00. Að þessu og öðru athuguðu þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 300000.00, sem stefndum verður gert að greiða stefnanda með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Kostnaður sá við sjóferðapróf, mat og skoðun á s/s Dixie og köfun, sem annars er óvéfengdur, verður eftir atvikum talinn með málskostnaði og bætist við hann. Samkvæmt því og að öðru leyti með tilliti til málavaxta þykir málskostnaður til handa stefnanda hæfilega ákveðinn kr. 12500.00.

Réttinn skipuðu: Hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Geir Sigurðsson skipstjóri og Hafsteinn Bergþórsson framkvæmdarstjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, hrm. Pétur Magnússon f. h. eigenda og vátryggjenda s/s Dixie, greiði stefnandanum, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins, kr. 300000.00, með 5% ársvöxtum frá 27. jan. 1940 til greiðsludags, og kr. 12500.00 í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. desember 1940.

Nr. 69/1940. **Sigurjón Jónsson** (sjálfur)
gegn
bæjarstjóra Akureyrar f. h. bæjarsjóðs (Pétur Magnússon).

Skylda sonar til framfærslu móður.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefir upp kveðið Kristján Kristjánsson, fulltrúi lögmanns í Reykjavík.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. júní þ. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framkvæmd lögtaksgerðarinnar. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Að vísu verður ekki litið svo á, að móður áfrýjanda hafi stafað bein hætta af flutningi til Reykjavíkur sumarið 1939. En þegar litið er til aldurs hennar og heilsufars og langrar undanfarinnar dvalar á Akureyri, þá er nokkur ástæða til að ætla, að flutningur hennar til Reykjavíkur á heimili áfrýjanda, sem hún hafði haft sama og engin samskipti við frá fæðingu hans, hefði haft óheppileg áhrif á líðan hennar.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, að því er varðar framkvæmd lögtaks fyrir meðlagskröfunni, kr. 814.14.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður, að því er varðar framkvæmd lögtaks fyrir kr. 814.14.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 13. júní 1940.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 3. þ. m., hefir Akureyrarbær krafizt lögtaks hjá Sigurjóni Jónssyni bankagjaldkera, til heimilis í Hraunborg við Engjaveg hér í bænum, til tryggingar meðlagi með móður hans, að upphæð kr. 814.14, ásamt málskostnaði, kr. 173.35.

Gerðarþoli hefir mótmælt framgangi lögtaksins og krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Með úrskurði, uppkveðnum af lögreglustjóranum í Reykjavík 6. október 1936, var gerðarþoli úrskurðaður til að greiða gerðarbeiðanda meðlag með móður sinni, Guðrúnu Sæmundsdóttur, allt að kr. 80.00 á mánuði frá 1. ágúst 1936 að telja, og var úrskurður þessi staðfestur af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 6. janúar f. á. Var þann sama dag kveðinn upp lögtaksúrskurður fyrir hinu áfallna meðlagi, og lögtak hafið þann 24. s. m. 22. febrúar 1939 var því næst kveðinn upp úrskurður í málinu, þar sem ákveðið var, að lögtakið skyldi fara fram, og hefir gerðarþoli, að því er hann ómótmælt heldur fram, gert full skil á allri meðlagsgreiðslu með móður sinni fram til 1. janúar 1939, enda er meðlagskrafa sú, sem hér er beiðzt lögtaks fyrir, tímabilið frá 1. jan. til 30. nóvember 1939 (sic).

Í sambandi við þessa meðlagskröfu, sem hér liggur fyrir, hefir gerðarþoli haldið því fram, að móðir sín hafi neitað að flytja til sín, og sé hann því ekki lengur skyldur til að greiða meðlag með henni og hefir hann vitnað því til stuðnings í 7. gr. framfærslulaganna nr. 135 frá 1935.

Gerðarbeiðandi heldur því aftur á móti fram, að gerðarþoli virðist aldrei hafa farið fram á það við móður

sína, að hún flyttist til hans. Auk þess telur hann, að hún sé ekki ferðafær, og hafi ekki verið, og hefðu því legið næg rök til undanfærslu hennar á flutningnum.

Af hinum framlögðu skjölum verður ekki annað séð, en að styrkþeginn Guðrún Sæmundsdóttir hafi hafnað þeirri málaleitan gerðarþola, að hún flyttist til hans. Hins vegar verður að telja, að sú undanfærsla hennar hafi við nægileg rök að styðjast með tilliti til þess, að hún er orðin 82 ára að aldri og hefir dvalið, að því er séð verður, samfleytt á Akureyri 38 ár og er haldin sjúkdómi samkvæmt læknisvottorðum, sem gerir það að verkum, að lífi hennar getur verið hætta búin vegna flutningsins, ef ekki er gætt sérstakrar varúðar.

Með tilliti til þessa, sbr. 7. gr. 3. lið framfærslulaga frá 1935, þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Föstudaginn 13. desember 1940.

Nr. 29/1940. **Guðmundur Ögmundsson**
(Ólafur Þorgrímsson)
gegn
bæjarstjóra Hafnarfjarðar f. h. bæjarsjóðs
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Maður talinn hafa eignast bifreið fyrir traustnám.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefir uppkveðið Kristján Kristjánsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Áfrýjandi, sem hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1940, krefst þess, að hinn

áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir því sem fram hefir komið hér fyrir dómi, má telja víst, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi vitað um og látið viðgangast, að bíllinn var í bifreiðaskránni skráður á nafn Kristins Helgasonar, meðan Kristinn hafði hann undir höndum. Samkvæmt þessu og þar sem því hefir ekki verið hnekkt, að áfrýjandi hafi verið grandlaus um eignarheimild Kristins að bílnum, þegar kaupin urðu milli þeirra, þá verður að telja, að áfrýjandi hafi eignazt bílinn fyrir traustnám. Ber því að neita um framgang innsetningargerðarinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hin umbeðna innsetningargerð á ekki að fara fram.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 6. apríl 1940.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 16. f. m., hefir bæjarsjóður Hafnarfjarðar farið þess á leit, að hann yrði settur inn í umráðarétt yfir bifreiðinni R. 146, sem nú er í vörzlum Guðmundar Ögmundssonar, Vífilsgötu 10 hér í bænum. Gerðarþoli hefir mótmælt framgangi gerðarinnar, og lögðu aðiljar atriðið því undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að því er fram kemur í skjölum málsins, að samkvæmt fundargerð framfærslunefndar Hafnarfjarðar 25. júlí 1933 hafði Kristinn nokkur Helgason, Lækjargötu 24 Hafnarfirði, leitað til framfærslunefndarinnar og tjáð henni, að hann sökum vanheilsu væri ekki fær um að vinna erfiðisvinnu, en mundi hins vegar samkvæmt áliti héraðslæknis geta stundað bílaakstur, ef hann hefði bíl til afnota. Í sambandi við þetta leggur nefndin til, að athugaðir verði möguleikar fyrir útvegun á slíkum bíl, og að bæjarsjóður síðan kaupi hann, ef greiðsluskilmálar og annað reynist hagkvæmt, og láni svo Kristni bílinn til afnota eða þá aðstoði hann til að eignast bílinn. Sama dag voru síðan í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þessar tillögur fátækranefndar samþykktar. Þann 24. nóvember sama ár keypti bæjarsjóður Hafnarfjarðar því næst bifreið af Jóhanni Ólafssyni & Co með áskildum eignarrétti. Þann 19. desember sama ár var bifreið þessi því næst skráð á nafn Kristins Helgasonar sem H. F. 76 (síðar G. 17), en samkvæmt tilkynningu til bifreiðaskrárinnar í Hafnarfirði 9. júní 1939 selur nefndur Kristinn gerðarþola Guðmundi Ögmundssyni bifreið þessa, og var hún þann dag strikuð út af skrá í Hafnarfirði, en mun hafa verið skráð hér í Reykjavík sem R. 146.

Gerðarbeiðandi hefir nú haldið því fram, að hann hafi keypt bifreiðina og átt hana alla tíð, en aðeins lánað Kristni Helgasyni hana til afnota, en hann hafi verið styrkþegi Hafnarfjarðarkaupstaðar. Sé bifreið þessi eign sín bæði samkv. kaupsamningnum og svo 48. gr. framfærslulaganna.

Gerðarþoli hefir aftur á móti haldið því fram, að gerðarbeiðandi hafi keypt umrædda bifreið til þess að styrkja Kristinn Helgason, sem hafi átt við atvinnu- og heilsuleysi að stríða og átti sveit í Hafnarfirði. Fullyrðir hann, að bifreiðin hafi verið keypt inn á nafn bæjarins vegna þess, að þann veg hafi verið hægara að fá innflutningsleyfi fyrir henni. Hafi bifreiðin síðan verið leyst út af Hafnarfjarðarbæ og að mestu leyti greidd af honum, svo og yfirbygging hennar, en að því búnu afhent Kristni til fullrar eignar og umráða, enda hafi hann síðan haft allan

veg og vanda af bifreiðinni, notið tekna af henni og staðið straum af reksturskostnaði hennar og einnig greitt lítilsháttar upp í kaupverð hennar. Þann tíma, er Kristinn hafði bifreiðina, kveður gerðarþoli, að hann hafi farið með hana sem sína eign og þar á meðal veðsett hana óátalið af Hafnarfjarðarkaupstað. Telur hann, að hvorki eignarréttarsamningurinn né framfærslulögin geti heimilað gerðarbeiðanda töku bifreiðarinnar af sér, sem með samningi við Kristin hafi eignazt hana.

Samkvæmt vottorðinu á rskj. nr. 14 er upplýst, að Kristinn Helgason hefir verið á framfæri Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 22. september 1931 til ársloka 1935, og samkvæmt vottorðunum á rskj. nr. 9, 10 og 12 og kaupsamningnum á rskj. nr. 2 er það einnig upplýst, að bæjarsjóður Hafnarfjarðar hefir á því tímabili, eða 24. nóv. 1933, keypt umrædda bifreið og afhent Kristni Helgasyni hana. Verður ekki annað séð, en að þessi ráðstöfun hafi verið gerð með það fyrir augum að veita Kristni Helgasyni styrk, og bifreiðin sé því afhent honum sem framfærslustyrkur, sem hann ekki megi notfæra sér nema í þeim eina tilgangi, að hafa framfærslu af, enda verður það með öllu að teljast ósannað, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi nokkru sinni afhennt honum eignarrétt að bifreiðinni, og skiptir hér engu máli, þótt bifreiðin hafi verið skráð á nafn Kristins, því það staðfestir ekki annað en það, að Hafnarfjarðarkaupstaður hefir ekki viljað bera ábyrgð á því tjóni, er ökumaðurinn kynni að valda með bifreiðinni.

Samkvæmt þessu verður að telja, að Kristinn Helgason hafi verið óheimildarmaður að því að selja bifreið þessa, og verður því ekki séð, að gerðarþoli hafi öðlazt eignarrétt að henni. Verður því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 16. desember 1940.

Nr. 98/1940. **Sigurður Jónsson og Björn Gunnlaugsson** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Pétur Magnússon).

Bætur fyrir lögnumið erfðafestuland.

Setudómari Jónatan Hallvarðsson sakadómari, í stað Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir kveðið upp Björn Þórðarson lögmaður í Reykjavík.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. okt. þ. á., hafa krafizt þess *aðallega*, að stefnda verði dæmt að greiða þeim, gegn afhendingu afsals að Norðurmýrarbletti XII í Reykjavík, kr. 39440.00, en *til vara* einhverja þeirra fjárhæða, er í varakröfu þeirra í héraðsdómi greinir, samkvæmt mati hæstaréttar, og *til þrautavara* kr. 22848.00. Krefjast áfrýjendur 5% ársvaxta frá 12. okt. 1939 til greiðsludags af hverri þeirri fjárhæð, sem þeim yrði dæmd. Loks krefjast þeir málskostnaðar fyrir báðum dómum að skaðlausu eða eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Yfirmatsmenn hafa hagað svo matsgerð sinni, að þeir telja verð hvers fermetra í Norðurmýrarbletti XII kr. 6.00, ef landið væri selt smátt og smátt í einstökum lóðum undir hús, en að nú, er andvirði landsins verði greitt þegar allt í einu, sé hæfilegt að á-

ætla verðið 20% lægra, eða kr. 58560.00. Þessi er niðurstaða þeirra um verðmæti landsins. Dómstólar eiga að vísu almennt úrlausnarvald um aðferðir matsmanna í starfi sínu, enda verður að telja, að þeim hafi verið heimilt að miða verð landsins að nokkru við sölu — og greiðsluháttu, en úr því þarf ekki að skera í máli þessu, hvort matsmenn hafi farið óhæfilega langt í því efni, með því að ómerkingar á landmati þeirra er ekki krafizt. Verður því að leggja til grundvallar það verð, kr. 58560.00, er yfirmatsmenn hafa ákveðið fyrir landið.

Yfirmatsmenn hafa reiknað greiðslur þær, sem stefndi mundi eiga að inna af hendi til áfrýjenda fyrir téð land. Hafa þeir fyrst dregið 20% af matsverðinu, eða kr. 11712.00, frá því og síðan gjald til gatnagerðar, kr. 2.00 af hverjum fermetra, eða kr. 24400.00, og fá þannig kr. 22448.00, er stefndi eigi að lokum að svara áfrýjendum út fyrir landið. Þótt áfrýjendur séu í máli þessu bundnir við ákvörðun yfirmatsmanna á *landverðinu*, þá eru þeir ekki bundnir við athugasemdir þeirra á *greiðsluháttum* þess. Geta áfrýjendur því fengið úrlausn dómstóla um ágreining sinn við stefnda um heimild hans til frádráttar tiltekinna fjárhæða og í hvaða röð þær verði dregnar frá landverðinu, áður en það greiðist.

Áfrýjendur telja, að gatnagerðargjaldið eigi að draga frá matsverði landsins fyrst, og að síðan eigi að draga 20% gjaldið til Reykjavíkurbæjar frá því, sem þá komi út. Í málinu er ekkert komið fram um það, hvernig þessum frádráttum hafi verið hagað, eða hvort erfðafestuhöfum hafi nokkur skilyrði verið um það efni sett almennt eða einstaklega. Og verður þegar af þessari ástæðu að leysa þenna ágreining aðilja eðli málsins samkvæmt. Virðist þá

einsætt, að 20% gjaldið verði að eins talið af þeirri fjárhæð, sem áfrýjendur fá raunverulega fyrir landið, eða eftir að gjald til gatnagerðar til bæjarins hefir verið dregið frá matsverði þess, því að eigi þykir mega gera ráð fyrir því, að bæjarsjóður eigi einnig að fá fimmtung af þessu gjaldi reiknaðan af af því, sem hann á raunverulega að greiða.

Samkvæmt þessu þykir stefndi eiga að greiða áfrýjendum:

Andvirði landsins samkvæmt yfirmati	kr.	58560.00
Að frádregnu gjaldi til gatnagerðar	—	24400.00
	kr.	34160.00
Að frádregnum 20% af kr. 34160.00 ..	—	6832.00
	kr.	27328.00
Að viðbættu matsverði mannvirkja ..	—	400.00
Eða alls	kr.	27728.00

með 5% ársvöxtum frá 12. okt. 1939 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum samtals kr. 700.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Það skal athugað, að héraðsdómarinn hefir ekki látið koma fram í dómi sínum hugleiðingar eða nægilegar röksemdir um sóknarástæður áfrýjenda í málflutningi þeirra í héraði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjendum, Sigurði Jónssyni og Birni Guðlaugssyni, gegn afhendingu afsals að Norðurmýrarbletti XII í Reykjavík, kr. 27728.00 með 5% ársvöxtum frá 12. okt. 1939 til greiðslu-

dags, og í málskostnað fyrir báðum dómum samtals kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Gizurar Bergsteinssonar um formhlið ofangreinds máls.

Héraðsdómarinn, sem hefir tjáð sig fallast á grundvöll og framkvæmd yfirmatsins og þannig hafnað kröfum og málsástæðum áfrýjenda, hefir ekkert látið uppskátt um það, á hvaða rökum hann reisir niðurstöðu sína. Þessi málsmeðferð fer í bága við 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. okt. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 7. maí 1940 af Sigurði Jónssyni múrarameistara, Fjölnisvegi 18, og Birni Gunnlaugssyni innheimtumanni, Bergþórugötu 33, báðum hér í bæ, gegn bæjarsjóði Reykjavíkur til greiðslu andvirðis fyrir erfðafestulandið Norðurmýrarblett 12, og eru réttarkröfur stefnanda þessar: *Aðallega,* að stefndur verði dæmdur til að greiða þeim kr. 39440.00, *til vara* kr. 34560.00,kr. 31632.00 eða kr. 27728.00, og *til þrautavara* kr. 22848.00. Hver upphæðin, sem tekin yrði til greina, krefjast stefnendur 5%

ársvaxta af henni frá 12. október 1939 til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu af kröfum stefnanda að öðru leyti en því, að hann samþykkir að greiða kr. 22848.00, án vaxta og málskostnaðar, gegn því, að stefnendur gefi út til handa Reykjavíkurbæ afsal fyrir ofangreindu erfðafestulandi. Ennfremur krefst stefndur málskostnaðar sér til handa. Í munnlegum flutningi málsins gerði stefndur þá kröfu til vara, að því er snertir vexti af væntanlega tildæmdri fjárhæð, að þeir yrðu aðeins reiknaðir frá sáttakærudegi, 3. maí 1940, til 15. júní 1940.

Ákvæði erfðafestubréfsins, sem er frá 9. marz 1901, eru í aðalatriðum þau, að erfðafestuhafa er seld og afsöluð umrædd spilda á erfðafestu til „fullkominnar erfðafestueignar" og til ræktunar gegn árlegu ákveðnu gjaldi til bæjarsjóðs. Bæjarsjóði er áskilinn forkaupsréttur við væntanlega sölu erfðafestuhafa til þriðja manns. Í 8. gr. erfðafestubréfsins er ákvæði um, að eigandi, þ. e. erfðafestuhafi, skuli „skyldur að láta af hendi lóð á hinu afsalaða svæði til gatna og annara afnota í bæjarins þarfir, svo og til hússtæða, ef og að svo miklu leyti sem bæjarstjórn og byggingarnefnd álíta þess þörf. Lóðarmissirinn skal endurgoldinn eftir óvilhallra manna mati og með tilliti til þeirrar verðhækkunar á erfðafestulandinu, sem leiðir af vegarlagningu eða öðrum afnotum í bæjarins þarfir."

Þann 17. nóvember 1904 var samþykkt sú ályktun í bæjarstjórn Reykjavíkur, að leyfi hennar til að breyta erfðafestulandi eða einhverjum hluta þess í byggingarlóðir skyldi frá 1. janúar 1905 vera bundið því skilyrði, að greitt væri í bæjarsjóð 20% af verði lóðarinnar, og ef lóðin væri öðrum seld, skyldi gjaldið miðast við söluverðið. Þann 18. desember 1919 samþykkti bæjarstjórn það skilyrði fyrir því, að erfðafestulandi væri breytt í byggingarlóð, að erfðafestuhafi léti götustæði ókeypis af hendi. Sama dag samþykkti bæjarstjórn að ákveða vegagjald í bæjarsjóð, kr. 2.00 af hverjum fermetra lóðar, sem breytt væri í byggingarlóð.

Á fundi sínum 3. september 1937 samþykkti bæjarráð Reykjavíkur að taka erfðafestulandið Norðurmýrarblett 12 úr erfðafestuleigu undir götur og byggingar og greiða

endurkaupverðið eftir mati, svo sem erfðafestusamningurinn um landið segði til um. Með bréfi dags. 4. s. m. beiddist borgarstjóri þess, að lögmaður í Reykjavík dómkveddi 2 menn til þess að ákveða, hversu hátt endurgjald bæjarsjóður skyldi greiða erfðafestuhöfum (stefnendum) fyrir landmissir (sic). Dómkvaðningu hlutu þeir Ísleifur Árnason prófessor og Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarmálflutningsmaður. Er matsgerð þeirra dagsett 20. júní 1938. Meta þeir endurgjald til stefnenda kr. 11340,00 fyrir landið og kr. 400.00 fyrir mannvirki á því, eða samtals kr. 11740.00. Þessu mati vildu stefnendur ekki una og kröfðust yfirmats. Þann 19. ágúst 1938 voru yfirmatsmennirnir, þeir Ólafur Lárusson prófessor, Gunnlaugur E. Briem fulltrúi og Þorlákur Ófeigsson byggingameistari, dómkvaddir til matsins í bæjarþingi Reykjavíkur. Er matsgerð þeirra dagsett 12. október 1939. Fyrir yfirmatinu kröfðust báðir aðiljar breytinga á verði því, er undirmatsmennirnir ákváðu fyrir landið, stefnendur hækkunar, en stefndur lækkunar, en sættu sig hins vegar báðir við matið á mannvirkjunum. Töldu stefnendur endurgjaldið til sín eiga að miðast við verð landsins sem byggingarlóða, en það væri mun hærra en undirmatsverðið. Af bæjarins hálfu var því þar á móti haldið fram, að stefnendur ættu aðeins rétt á að fá landið endurgoldið sem túnvöll, og bæri því að lækka undirmatið til muna.

Yfirmatsmennirnir litu svo á í samræmi við genginn hæstaréttardóm út af álíka réttarsambandi, að meta bæri stefnendum það endurgjald, er ætla mætti, að þeir fengju fyrir landið, ef þeir, að fengnu samþykki bæjarstjórnar, seldu það sem byggingarlóðir, þó þannig, að tekið væri tillit til þeirra skilyrða, sem bæjarstjórn hefði ákveðið að setja fyrir leyfi sínu til breytingar erfðafestulands í byggingarlóð. Er niðurstaða matsins í fáum dráttum þessi: Landið er að flatarmáli 16200 m^2. Samkvæmt skipulagsuppdrætti fara 4000 m^2 undir götur, en þær (sic) verða stefnendur að láta af hendi ókeypis. Verða þá 12200 m^2 byggingarlóð. Með tilliti til aðstæðna og lögun landsins þykir hæfilegt að reikna landið á fasteignamatsverði byggingarlóða við götur þær í Norðurmýrarhverfi, er að landinu liggja, en það er kr. 6.00 hvern fermetra, eða

landverðið samtals kr. 73200.00. Miðist þetta við, að landið sé selt smátt og smátt, en þar sem bærinn kaupir landið í heild og greiðir andvirðið í einu út í hönd, þykir rétt að áætla verðið 20% lægra. Verð landsins við slíka sölu og hér um ræðir er því hæfilegt kr. 58560.00. Til frádráttar koma ennfremur 20% samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar 17. nóvember 1904, eða kr. 11712.00 og vegargjald, kr. 2.00 af hverjum m^2, eða kr. 24400.00. Varð mat yfirmatsmanna því netto kr. 22448.00 fyrir landið, eða að viðbættum kr. 400.00 fyrir mannvirkin, kr. 22848.00.

Mati þessu vilja stefnendur ekki una. Telja þeir frádráttinn að ýmsu leyti rangan og álíta, að með honum hafi yfirmatsmennirnir farið út fyrir verksvið sitt, þar sem þeim hafi aðeins borið að verðleggja landið eins og það hafi verið fyrir töku bæjarins. Hvað draga megi frá grundvallarmatinu, sé hlutverk dómstólanna að meta. Þá telja stefnendur matsverðið of lágt, kr. 6.00 hver m^2, sem söluverð, en krefjast þó ekki ógildingar á matinu af þeirri ástæðu. Vilja þeir sætta sig við það verð, en krefjast að fá „leiðréttingu“ á frádrætti yfirmatsmannanna á þann hátt er nú greinir: Þeir segja, að yfirmatsmennirnir telji verð landsins við venjulega sölu myndi nema kr. 6.00 hver m^2, en draga þó síðan frá kr. 2.00 á hvern m^2 í götugjald. Annað tveggja sé þá, að með þessu móti sé söluverð landsins ekki kr. 6.00 hver m^2, eða að götugjaldið sé tvíreiknað. Sé um síðara tilvikið að ræða, eigi götugjaldið að falla niður úr frádrætti yfirmatsmannanna, en sé um fyrra tilvikið að ræða, sé raunverulegt söluverð landsins aðeins kr. 4.00 hver m^2, eða samtals kr. 48400.00 fyrir allt landið. Samkvæmt þessu telja stefnendur, að skilja verði matsgerðina á þann veg, að raunverulegt matsverð landsins, í því ástandi, er það var við tökuna, hafi verið kr. 4.00 hver m^2, eða samtals kr. 48800.00. Frá þeirri upphæð megi draga 20% samkvæmt samþykktinni frá 17. nóvember 1904. Verði þá eftir kr. 39040.00, enda sé ljóst, að eigi stefndur rétt á þessum frádrætti, beri aðeins að reikna það af raunverulegu sölu- eða matsverði eignarinnar, en ekki af væntanlegri götugerð í landinu, svo sem gert sé í matinu. Við þessa fjárhæð bætist svo fyrrgreindar kr. 400.00 fyrir mannvirki á landinu, en þá komi út aðalkraf-

an í málinu kr. 39440.00, og komi ekki til mála, að stefndur eigi að fá afslátt af henni, þar sem hann hafi sjálfur talið nauðsynlegt að taka landið, en þeir (stefnendur) ekki óskað eftir því. En jafnvel þótt svo mætti líta á, að stefndum bæri einhver afsláttur fyrir að taka og greiða allt landið í einu, þá ætti þó að sjálfsögðu að draga hann frá þeirri upphæð, er endanlega kæmi til útborgunar, þegar götugjaldið og fyrrgreind 20%, sem bærinn tekur fyrir að breyta erfðafestulandi í byggingarlóð, hefði verið dregið frá.

Stefndur byggir kröfur sínar á því, að yfirmatið sé í alla staði rétt framkvæmt og hugsað, og verði báðir aðiljar að sætta sig við það, enda þótt sér þyki það til muna of hátt.

Rétturinn lítur svo á, að framangreint yfirmat sé byggt á réttum grundvelli, framkvæmd þess óaðfinnanleg, og að yfirmatsmönnunum hafi verið rétt og heimilt að beita þeirri aðferð, er þeir gerðu og lýst er hér að framan, við útreikning hinnar endanlegu matsupphæðar. Ber því að leggja matið til grundvallar og tildæma stefnendum matsupphæðina.

Stefnendur halda því fram, að stefndur hafi aldrei viljað greiða þeim bætur fyrir landið, ekki einu sinni matsupphæðina, og hafi þeir því verið knúðir til málshöfðunar. Stefndur telur stefnendur hins vegar aldrei hafa krafizt greiðslu, enda muni þeir stöðugt hafa haft í huga að fá matinu hrundið með dómi. Svo sem að framan greinir, var það bæjarráðið, er hófst handa um að taka umrætt land úr erfðafestu. Það virðist því, að eðlilegast hefði verið, að stefndur hefði, að gengnu yfirmatinu, boðið stefnendum greiðslu og krafið þá um afsal fyrir landinu. Þetta gerði stefndur ekki og býður jafnvel ekki greiðslu matsupphæðarinnar, fyrr en í greinargerð sinni, dagsettri 20. júní 1940, en mál þetta er höfðað 3. maí 1940. Málið virðist því ekki að ófyrirsynju höfðað.

Stefnendur virðast þegar hafa misst öll afnot landsins eða a. m. k. ekki síðar en frá dagsetningu yfirmatsgerðarinnar, 12. október 1939, en frá þeim degi krefjast þeir vaxta.

Verða lok máls þessa því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 22848.00 með 5%

ársvöxtum frá 12. október 1939 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað, allt gegn afhendingu afsals fyrir umræddu erfðafestulandi.

Því dæmist rétt vera:

Gegn afhendingu afsals fyrir erfðafestulandinu Norðurmýrarblettur 12 greiði stefndur, bæjarsjóður Reykjavíkur, stefnendunum, Sigurði Jónssyni og Birni Gunnlaugssyni, kr. 22848.00 með 5% ársvöxtum frá 12. október 1939 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. desember 1940.

Nr. 107/1940. **Bergsveinn Guðmundsson**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Axel Cortes (sjálfur).

Útburður úr húsi vegna leiguvanskila.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af Kristjáni Kristjánssyni, fulltrúa lögmannsins í Reykjavík.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. nóv. þ. á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi að því leyti sem með honum er synjað um framkvæmd útburðargerðar, og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma útburðargerðina. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úr-

skurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar stefndi átti að fá afnot leiguíbúðar sinnar í húsi áfrýjanda þann 14. maí þ. á., var sá galli á öðru herbergi íbúðarinnar, að þakleki hafði að því komizt. Eru aðiljar sammála um, að herbergið hafi ekki verið leigufært, eftir því sem áskilið var í leigusamningnum um ástand íbúðarinnar. Stefndi riftaði þó ekki samningnum af þessum sökum, heldur tók íbúðina til afnota, að undanskildu herbergi því, sem gallað var. Eftir því sem fram er komið í málinu, virðast aðiljar hafa orðið á það sáttir þegar í júnímánuði, að húsaleigan skyldi lækka af þessum sökum niður í 70 krónur um mánuð hvern, unz áfrýjandi hefði bætt úr göllunum og fengið stefnda afnot allrar íbúðarinnar leigufærrar. Og víst er það, að í skiptum aðilja síðar var jafan miðað við 70 króna mánaðarleigu. Þótt vanefndir áfrýjanda hefðu þessa breytingu á leigusamningnum í för með sér, verður samt að telja, að leigan hafi átt að greiðast fyrirfram, eins og áskilið var í leigusamningnum.

Það er komið fram í málinu, að stefndi greiddi enga húsaleigu fyrr en 17. júlí þ. á. Greiddi hann þá 70 krónur af þeim 175 krónum, er í gjalddaga voru fallnar. Þann 29. júlí greiddi hann 50 krónur og þann 14. ágúst 35 krónur. Voru þá ógreiddar 20 krónur af húsaleigu þeirri, er féll í gjalddaga 1. júlí, og ennfremur öll leigan fyrir ágústmánuð. Í bréfi til stefnda, dags. 21. ágúst, sagði áfrýjandi honum upp húsnæðinu frá 1. október þ. á. að telja vegna vanskila á leigugreiðslum. Greiddi stefndi 10 dögum síðar, eða þann 31. ágúst, alla áfallna húsaleigu, og þann 4. september greiddi hann húsaleigu fyrir þann mánuð. Kvittaði áfrýjandi tvær síðast-

nefndar greiðslur með þeim fyrirvara, að hann héldi fast við uppsögn sína frá 21. ágúst þ. á.

Þótt áfrýjandi hafi vanefnt leigusamninginn í upphafi, eins og að framan segir, og þótt líklegt sé, að hann hafi dregið um skör fram að bæta úr göllum þeim, er á íbúðinni voru, þá bar stefnda samt að greiða á réttum gjalddögum húsaleigu þá, er samkomulag hafði orðið um, að hann gyldi fyrir þann hluta íbúðarinnar, er hann hafði til afnota. Framangreinda vanrækslu hans á leigugreiðslum verður að telja það verulega, að áfrýjanda hafi verið heimilt þann 21. ágúst að segja sig lausan frá leigusamningnum. Ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda um, að stefndi verði borinn út úr leiguíbúðinni.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður er úr gildi felldur að því er útburðarsökina varðar, og ber fógetanum að framkvæma hina umbeðnu útburðargerð.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 25. okt. 1940.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 18. þ. m., hefir gerðarbeiðandi, Bergsveinn Guðmundsson Ránargötu 2 hér í bænum, krafizt þess, að Axel Cortes, sem hefir íbúð í húsi hans nr. 2 við Ránargötu, verði borinn út úr íbúð þeirri vegna vanskila á húsaleigu. Gerðarþoli hefir mótmælt framgangi þessarar gerðar, og lögðu aðiljar því atriðið undir úrskurð fógetaréttarins. Gerðarþoli hefir krafizt málskostnaðar.

Með húsaleigusamningi dags. 11. maí leigir gerðarbeið-

andi gerðarþola íbúð þessa frá 14. maí 1940 til 1. október 1941, og er leigan ákveðin kr. 100.00 á mánuði hverjum, sem greiðist fyrirfram fyrir hvern mánuð. Í samningi þessum er einnig það fram tekið, að leigutaki eigi rétt til skaðabóta, meðal annars, ef húsnæði er ekki leigufært á réttum degi.

Þegar eftir að gerðarþoli kom í húsnæðið, mun hann hafa komizt að raun um, að íbúðinni hafi verið ábótavant, þar sem hann telur, að annað herbergið hafi verið ónothæft til íbúðar vegna leka og myglu, og einnig, að íbúðin hafi verið samkv. kröfu fyrri leigutaka metin til leigu af dómkvöddum matsmönnum á kr. 80.00 á mánuði. Samkv. vottorði húsaleigunefndar í rskj. nr. 11 mun leigutaki hafa snúið sér til hennar með umkvörtun yfir húsnæðinu. Kvaddi nefndin gerðarbeiðanda til viðtals 10. júní þ. á., og skyldi hann mæta á fundi nefndarinnar 19. s. m. Kveður húsaleigunefndin, að gerðarbeiðandi hafi þá upplýst, að ágreiningurinn væri leystur á þeim grundvelli, að leigutaki greiddi aðeins kr. 70.00 á mánuði í húsaleigu fyrir annað af 2 herbergjum íbúðarinnar, ásamt eldhúsi og baði, þar til búið væri að gera nauðsynlegar endurbætur á hinu herbergi íbúðarinnar, og hafi gerðarbeiðandi gefið í skyn, að þær endurbætur myndu fara fram bráðlega.

Með umræddum upplýsingum kveður gerðarþoli, að gerðarbeiðandi hafi blekkt húsaleigunefnd, með því að skýra henni rangt frá og þykjast hafa náð samkomulagi við sig um leigugreiðsluna, á meðan verið væri að lagfæra herbergið, og með því að gefa það í skyn, að hann þá þegar myndi gera það.

Í málinu liggja fyrir kvittanir fyrir húsaleigugreiðslum gerðarþola, og sýna þær, að hann hefir greitt húsaleiguna all löngu síðar en tiltekið er í húsaleigusamningnum, að hún eigi að greiðast, nema greiðslu fyrir septembermánuð, sem hann greiðir samkv. kvittuninni á réttarskj. nr. 8 4. þess mánaðar. Þenna greiðsludrátt réttlætir gerðarþoli með því, að hann hafi á þann hátt ætlað að neyða gerðarbeiðanda til þess að efna loforð sín um viðgerð á húsnæðinu.

Gerðarbeiðandi heldur hins vegar fast við það, að samningar sínir við gerðarþola um 70 króna leigugreiðslu

á mánuði yfir sumartímann, sem til hafi komið vegna undanfarandi langvinns atvinnuleysis gerðarþola, hafi verið bundnir því skýlausa skilyrði, að gerðarþoli stæði nákvæmlega í skilum með leigugjaldið og greiddi þá þegar tafarlaust þá leigu, sem þá var fallin í gjalddaga.

Af því, sem fyrir liggur í máli þessu, verður að telja sannað, að mikið hafi vantað á, að umrædd íbúð hafi verið í svo góðu ástandi sem ætla má, að hún hafi átt að vera eftir húsaleigusamningnum, og jafnframt, að gerðarbeiðanda hafi verið kunnugt um gallana, þegar er hann leigði gerðarþola húsnæðið, og með tilliti til þessa, svo og hins, að ekki er upplýst, að gerðarbeiðandi hafi á nokkurn hátt reynt að bæta úr ágöllunum, enda ekki sannað að gerðarþoli hafi sætt sig við þá, þá verður dráttur sá á húsaleigugreiðslu gerðarþola ekki talinn svo verulegur, að valdið geti útburði.

Ummæli um gerðarbeiðanda „narra" „blekkt" og „vísvitandi rangt" í vörn gerðarþola í réttarskj. nr. 10 þykir verða að ómerkja samkv. kröfu hins fyrrnefnda, þar sem þau verða ekki talin nægilega réttlætt.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Framangreind ummæli gerðarþola um gerðarbeiðanda eru ómerkt.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 20. desember 1940.

Nr. 100/1940. **Réttvísin** (Ólafur Þorgrímsson)

gegn

Þóroddi Guðmundssyni

(Kristján Guðlaugsson).

Meiðyrðamál. Sýknað af kæru eftir 102. gr. hgnl. 1869.

Dómur hæstaréttar.

Halldór Kr. Júlíusson fyrrverandi sýslumaður hefir farið með mál þetta að öllu leyti.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi ber að staðfesta sýknuákvæði hans og málskostnaðar.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Það athugast, að rannsókn máls þessa hefir beinzt að ýmsum atriðum, sem sýnilega gátu ekki skipt máli, og óþarfi var fyrir dómarann að fara tvær ferðir til Siglufjarðar vegna málsins.

Því dæmist rétt vera:

Sýknu og málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms eiga að vera óröskuð.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 80.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Siglufjarðarkaupstaðar 20. júní 1940.

Tildrög þessa máls eru þau, að í 15. tölublaði blaðsins „Mjölnir", útgefnu af Socialistafélagi Siglufjarðar, dagsett 10. júlí 1939, birtist grein með fyrirsögninni: „Yfirskattnefndin lækkar sín eigin útsvör", og í 16. tölublaði sama blaðs, dagsettu 18. júlí 1939, birtist önnur grein með yfirskriftinni: „Útsvarslækkanir" — með ýmsum ummælum um yfirskattnefnd Siglufjarðarkaupstaðar, sem nefndin áleit mjög móðgandi fyrir sig, og ritar því dómsmálaráðuneytinu tvö bréf, dagsett 12. júlí og 29. júlí 1939, þar sem hún kærir blaðið og ábyrgðarmann þess, Þórodd Guðmundsson Siglufirði, fyrir brot á 102. gr. refsilag-

anna, fyrir það, að hann í nefndum greinum, eins og segir í bréfum nefndarinnar 12 júlí 1939, „veður upp á yfirskattanefndina með smánum, skammaryrðum eða öðrum meiðandi orðum út af yfirskattanefndarstörfum vorum“, og biður um, að setudómari verði skipaður til þess að fara með málið, þar sem hinn reglulegi dómari, Guðmundur Hannesson bæjarfógeti, sem formaður yfirskattanefndar Siglufjarðarkaupstaðar, er einn af kærendum málsins.

Báðar tilfærðar greinar telur yfirskattanefndin móðgandi fyrir sig, en þessi ummæli í greininni í 15. tölublaði „Mjölnis“, auk fyrirsagnar hennar, sérstaklega móðgandi: „Málið er eitt reginhneyksli, er gefur jafnframt nokkra hugmynd um, hvernig þessir herrar hafa hagað sér og mundu gera óáreittir, ef þeir væru við óskoruð völd. En það er með þetta hneyksli eins og annað, að það hefir fleiri hliðar. Það er ekki aðeins ósvífið, heldur hefir líka sína skoplegu hlið, því að óneitanlega er það nokkuð hlálegt, að vera að gera sjálfan sig, embætti sitt og flokk, að opinberu athlægi fyrir ekki stærri peninga. Það getur orðið pólitískt kostnaðarsamur skandali og lítið í aðra hönd.“

Dómsmálaráðuneytið varð við beiðni yfirskattanefndarinnar um skipun setudómara og með bréfi, dags. 12. ágúst 1939, skipaði það undirritaðan til þess, sem setudómara á Siglufirði, að rannsaka mál út af kærum yfirskattanefndar Siglufjarðarkaupstaðar, dags. 12. og 29. júlí 1939, yfir greinunum: „Yfirskattanefdin lækkar sín eigin útsvör“ og „Útsvarslækkanir“, í 15. og 16. tölublaði blaðsins „Mjölnir“ á Siglufirði, og að höfða mál og kveða upp dóm gegn þeim, sem sekir kunna að reynast, fyrir brot gegn 12. kapitula hegningarlaganna.

Í prófum þeim, sem fram hafa farið í málinu, hefir kærði, Þóroddur Guðmundsson, starfsmaður Socialistaflokks Siglufjarðar, játað að vera höfundur að nefndum blaðagreinum, og að hann einn beri alla ábyrgð á þeim, og hefir setudómari því, samkvæmt erindisbréfi sínu, höfðað mál þetta af réttvísinnar hálfu á hendur honum.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 21. júlí 1903, og hefir sætt eftirtöldum refsingum:

1. Með dómi hæstaréttar 22. febr. 1935 verið dæmdur

í þriggja mánaða einfalt fangelsi fyrir brot á 83. gr. 4. mlgr. sbr. 48. gr. refsilaganna.

2. Með dómi hæstaréttar 24. nóv. 1937 verið dæmdur í 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 1. mlgr. 99. gr. refsilaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðarkaupstaðar.

Í prófunum hefir ákærði jafnan haldið því fram, að öll ummæli sín um yfirskattanefnd Siglufjarðarkaupstaðar og störf hennar í téðum blaðagreinum séu réttmæt og telur það álit sitt jafnvel fullkomlega rökstutt í skjölum, sem lögð hafa verið fram í málinu, en um þetta skal hér ekkert dæmt, því þó að svo hafi ekki verið og margvísleg móðgandi og óvirðandi ummæli felist í téðum blaðagreinum, verður þó ekki litið svo á, að hann með þeim hafi vaðið upp á yfirskattanefnd Siglufjarðarkaupstaðar með smánum, skammaryrðum eða öðrum meiðandi orðum, þegar yfirskattanefndin var að gegna embætti sínu, eða út af því, þannig, að atferli ákærða geti heimfærzt undir ákvæðið í 102. grein hegningarlaganna, og þá því síður undir nokkra aðra grein í 12. kapitula þeirra.

Þar sem rétturinn verður nú að líta svo á, eins og sagt hefir verið, að hið opinbera eigi ekki sókn á tilverknaði hins ákærða, verður að sýkna hann í þessu máli, bæði að því er refsingu og málskostnað snertir. Eftir þessum úrslitum skal ríkissjóður greiða allan málskostnað.

Um rekstur málsins skal það tekið fram, að málið var ekki leitt til lykta í haust, meðal annars vegna þess, að þá var úrskurður ríkisskattanefndar um þær gerðir yfirskattanefndar Siglufjarðarkaupstaðar, sem ollu blaðaskrifum þeim, er mál þetta er risið út af, ekki fallinn, en dómaranum þótti hlýða, að öll gögn, sem varpað gæti ljósi á málið, væru á einum stað, en síðan hafa bæði erfiðar samgöngur og persónulegar ástæður dómarans hindrað, að málið yrði fyrr tekið fyrir. Að öðru hefir rekstur málsins verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Þóroddur Guðmundsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði.